1. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árið 1931.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1931 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlazt til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	260000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1200000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1500000
4.	Aukatekjur	475000	
5.	Erfðafjárskattur	30000	
6.	Vitagjald	350000	
7.	Leyfisbréfagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	360000	
9.	Skólagjöld	20000	
10.	Bifreiðaskattur	70000	
			1315000
11.	Útflutningsgjald		1100000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	375000	
13.	Tóbakstollur	950000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	850000	
	Flyt ...	2175000	3915000

	kr.	kr.
Flutt ...	2175000	3915000
15. Annað aðflutningsgjald	200000	
16. Vörutollur	1400000	
17. Verðtollur	1500000	
		5275000
18. Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		50000
19. Pósttekjur	500000	
20. Símatekjur	1600000	
		2100000
21. Útvarpstekjur		100000
22. Víneinkasala		550000
Samtals ...	... ...	11990000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2. Tekjur af kirkjum		100
3. Tekjur af silfurbergi		1000
4. Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		10000
2. Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	20000	
3. Væntanlega útdregið af þeim bréfum	24000	
		44000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Aðrir vextir...		50000
Samtals ...	... ...	112000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
Samtals ...	... ...	80000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1931 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.— 20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	140622	
2. Dönsk lán, danskar kr. 162164,82 á 121.70	197354	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8046 - 3 - 6 á 22.00	177015	
		514991
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	167127	
2. Dönsk lán, danskar kr. 357319,14 á 121,70	434857	
3. Enska lánið 1921, £ 2552 - 17 - 11 á 22,00	56163	
		658147
III. Framlag til Landsbankans, 18. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1273138

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins...		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		225000
2. Til yfirskoðunar landsreikninga		4200
Samtals ...	... ...	229200

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun...	35400		
b. Til risnu	8000		
		43400	
2. Til utanferða ráðherra..		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		75000	
4. Annar kostnaður		44000	
5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum		27000	
Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.			
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	12000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
		13900	
Flyt ...		209300	

		kr.	kr.
	Flutt ...	209300	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		10000	
			219300
II. Hagstofan:			
1. Laun		13000	
2. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		13000	
3. Prentun eyðublaða.		2000	
4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		5000	
5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		25000	
6. Til að gefa út manntalið 1703...		1000	
			59000
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	20000		
b. Húsaleiga...	5000		
c. Kostnaður við embættið	20000		
d. Til skrifstofuhalds...	17000		
		62000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála		12000	
3. Ríkisráðskostnaður		4000	
4. Kostnaður við sambandslaganefnd		6000	
5. Gengismunur af upphæðunum í 8. gr. 10. gr. III 1—3		25000	
			109000
	Samtals ...	... ...	387300

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn.			
1. Hæstiréttur:			
a. Laun..		31400	
b. Annar kostnaður, alt að		5000	
Þar af 3000 kr. til ritara.			36400
	Flyt ...	... ...	36400

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	36400
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		132500
3. Laun hreppstjóra..		25000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 3 skrifara	22000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
c. Ýms gjöld, allt að..	2400	
		28600
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun 4 skrifara	15120	
b. Laun 6 tollvarða...	30380	
c. Húsaleiga..	4500	
d. Hiti og ljós	2000	
e. Innheimtukostnaður	16000	
f. Ýms gjöld, allt að	18000	
		86000
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 3 skrifara	23700	
b. Húsaleiga	4000	
c. Hiti og ljós	2400	
d. Ýms gjöld	2900	
		33000
Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
7. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		100000
8. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		1000
9. Til landhelgisgæzlu, gegn allt að 300000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		10000
13. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
14. Borgun til sjódómsmanna		2000
15. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A. ...	... ...	806500

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	35000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		80000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		60000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		15000
Samtals B. ...	... ...	186000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		255000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, allt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn		9050
Styrkurinn skiptist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Óræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. —		
Flyt ...	... ...	266050

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	266050
	16. Til Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, 300 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna bygðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. 20. Til Árneshrepps í Strandasýslu 600 kr. — 21. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sjerstakan lækni, 2000 kr.		
4.	Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta héraðslækna		1500
5.	Til augnlækninga:		
	a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
	b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1000	
	c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
	Ferðastyrkurinn skiptist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		
			3000
6.	Til geislalækningastofu ríkisins..		12000
7.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
8.	Styrkur til héraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sér nýrrar læknisþekkingar		2000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
9.	Holdsveikraspítalinn		62940
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis...	7800	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna... 12000		
	2. Viðurværi 40 manna (ca. 130 a. á dag) 18740		
	Flyt ... 30740	7800	349990

		kr.	kr.
Flutt ...	30740	7800	349990
3. Klæðnaður	1500		
4. Lyf og sáraumbúðir	1400		
5. Eldsneyti	7600		
6. Ljósmeti	2000		
7. Húsbúnaður og áhöld	1800		
8. Viðhald á húsum	2500		
9. Þvottur og ræsting	1500		
10. Greftrunarkostnaður	500		
11. Skemmtanir	600		
12. Skattar o. fl.	3500		
13. Ýmisleg gjöld	1500		
		55140	
		62940	
10. Geðveikrahælið á Kleppi:			
I. Gamli spítalinn			27625
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6800	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	13500		
2. Búrekstur	16000		
3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
4. Lyf og sáraumbúðir	500		
5. Ljós og hiti	10000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	3000		
8. Skemmtanir	750		
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		61150	
		67950	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
Mismunur ...		27625	
Flyt ...		... ...	377615

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	377615
II. Nýi spítalinn			43000
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6500	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	32000		
2. Matvæli	36000		
3. Fatnaður sjúklinga	1000		
4. Fatnaður starfsfólks	1000		
5. Lyf og sáraumbúðir	5000		
6. Ljós og hiti	10000		
7. Viðhald og áhöld	5000		
8. Þvottur og ræsting	4000		
9. Skattar og tryggingar	3000		
10. Skemmtanir	1000		
11. Óviss útgjöld	1500		
		99500	
Þar frá dregst:		106000	
Innborgað frá sjúklingum		63000	
Mismunur ...		43000	
11. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			2800
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		6800	
B. Laun aðstoðarlæknis		6000	
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	28000		
2. Viðurværi..	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting..	5500		
6. Viðhald húsa...	4800		
7. Viðhald véla	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		223140	
		235940	
	Flyt ...	235940	423415

		kr.	kr.
	Flutt ...	235940	423415
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
	Mismunur ...	2800	
12. Heilsuhælið í Kristnesi:			
Rekstrarkostnaður			3000
13. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, allt að ...		18000	
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að sjúklingar, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhéraðssjúklingar.			
b. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknabústaði ..		18000	
c. Bólusetningarkostnaður		3500	
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		18000	
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands		2000	
f. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum		7000	
g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		2000	
h. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfélagsins Líknar, gegn a. m. k. jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur ...		3500	
i. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar		500	
j. Til félags íslenzkra hjúkrunarkvenna		700	
k. Til geitnalækninga, gegn að minnsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að		500	
l. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi		4000	
	Flyt ...	77700	426415

	kr.	kr.
Flutt ...	77700	426415
m. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
n. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2000	
		80000
14. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		38000
Samtals ...	... ...	544415

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Póstmál.		
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	109800	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
c. Bréfhirðingamenn...	22000	
		211800
2. Póstflutningur		200000
3. Annar kostnaður:		
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	15000	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
d. Önnur gjöld	60000	
		115500
Samtals A. ...	... ...	527300

		kr.	kr.
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, allt að	6000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, allt að	24000	
	5. Skrifstofukostnaður, allt að	8000	
			51400
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjósarvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 15000		
	2. Stykkishólmsvegur 20000		
	3. Holtavörðuheiðarvegur 60000		
	4. Vesturlandsvegur 40000		
	5. Langadalsvegur 10000		
	6. Vatnsskarðsvegur 20000		
	7. Blönduhlíðarvegur 20000		
	8. Öxnadalsvegur 10000		
	9. Vaðlaheiðarvegur 60000		
	10. Þistilfjarðarvegur 15000		
	11. Jökulsárhlíðarvegur 10000		
	12. Biskupstungnabraut 15000		
	13. Skaftártunguvegur 10000		
	14. Vopnafjarðarvegur 10000		
		315000	
	b. Viðhald og umbætur	200000	
			515000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		150000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		70000
V.	Fjallvegir		25000
VI.	1. Til áhalda, allt að	20000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
			20300
VII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ... ... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annars-	40000	
	Flyt ...	40000	831700

		kr.	kr.
	Flutt ...	40000	831700
	staðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	80000	
			120000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
	1. A Lagarfljóti	300	
	2. - Skjálfandafljóti	300	
	3. - Blöndu	300	
			900
IX.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
X.	Styrkur til Sigurðar Daníelssonar, til byggingar á Kolviðarhóli, síðari greiðsla		6000
	enda hvíli sú kvöð framvegis á húseiganda að halda þar uppi gistingu og greiðasölu fyrir ferðamenn, undir eftirliti og samþykki atvinnumálaráðherra hvað verðlag áhrærir. Jafnframt fellur niður árlegt ríkissjóðstillag til gistihússins.		
XI.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn		3000
	Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum við þjóðbraut.		
XII.	Til byggingar í Bakkaseli		35000
XIII.	Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925		5000
	Samtals B. ...	... ...	1006600
	C. Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	200000	
	b. Eimskipafélags Íslands	60000	
	c. H/f Skaftfellings	24000	
			284000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		90000
	Samtals C. ...	... ..	374000

		kr.	kr.
	D.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl.		45000
II.	Til einkasíma í sveitum		20000
III.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi héruð		150000
IV.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	360000	
	2. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna ...	18000	
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	40000	
	4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	390000	
	6. Áhaldahúsið	3000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	15000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	16000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	11000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	6000	
	11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	7000	
	13. Símastöðin á Siglufirði	7500	
	14. Til aukaritsímaþjónustu	3000	
	15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	115000	
	16. Afborgun og vextir af húsbyggingarláni	48000	
	17. Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, allt að 14100		
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 9500		
	c. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		27200	
	18. Til Steindórs Björnssonar	1200	
	19. Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			1087000
V.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna		55000
	Flyt ...	... ...	1397000

	kr.	kr.
Flutt ..	... ...	1397000
VII. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að		10000
VIII. Viðhald landssímanna		180000
IX. Áframhaldsgjald		25000
X. Til kennslu fyrir símamenn...		3000
XI. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XII. Ýms gjöld		7000
Samtals D. ...	... ...	1623500
E.		
Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra	7800	
Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	5700	
3. Til verkfróðrar aðstoðar	7000	
4. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	5000	
5. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
		28000
II. Laun vitavarða..		28000
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III. Rekstrarkostnaður vitanna		115000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V. Til að reisa nýja vita		50000
VI. Til áhaldakaupa		10000
VII. Ýmislegt		20000
VIII. Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sé það fé fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ...		20000
Samtals E. ...	... ...	281000

	kr.	kr.
F.		
Útvarp.		
I. Stofnkostnaður.		
Afborgun og vextir af láni til Marconifélagsins í London		178000
II. Starfrækslan.		
1. Útvarpsráð, útvarpsstjóri og útvarpsefni	43000	
2. Viðhald, ræsting, ljós hiti, rafmagnsgæzla ...	40000	
3. Yms gjöld	20000	
		103000
Samtals F. ...	... ...	281000

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stéttin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8600	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að	2000	
		10600
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	260000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
		288650
Samtals A. ...	... ...	299250

	kr.	kr.
B.		
Kennslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	93000	
b. Til héraðslæknisins í Reykjavík fyrir kennslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Til kennslu í bókhaldi	400	
e. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hér halda fyrirlestra í háskólanum, allt að	2000	
f. Námsstyrkur	15000	
g. Húsaleigustyrkur	9000	
h. Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans	2500	
i. Til kennsluáhalda læknadeildar...	1000	
j. Fyrir starf við gerlarannsókn og kennslu í efnafræði	2800	
k. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	4000	
l. Önnur gjöld:		
1. Til ritara og dyravarðar ... ... 4000 auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.		
2. Ýms gjöld 5000		
	9000	
m. Ferðastyrkur vegna stúdentaskipta	750	
n. Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, þriðja greiðsla af fjórum	2500	
		143950
II. Námsstyrkur erlendis:		
a. Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b. Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs ... ... Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.	10000	
		34000
Flyt ...	... ...	177950

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	177950
III. Menntaskólinn almenni:			
a. Laun		74200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	1000		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	7000		
3. Til skólahússins utan og innan ...	3000		
4. Til stundakennslu og til prófdómenda, allt að	25000		
5. Húsaleigustyrkur handa 15 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ...	1125		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2800		
7. Læknisþóknun	500		
8. Til kennslutækja	2000		
9. Ýmisleg gjöld	3500		
10. Til verðlaunabóka	200		
11. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
		48125	
			122325
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		29000	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakennslu	12000		
2. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
3. Til bóka og kennsluáhalda	2000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
Flyt ...	23200	29000	300275

		kr.	kr.
Flutt ...	23200	29000	300275
6. Til dyravörzlu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Til viðhalds	2000		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		29100	
			58100
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakennsla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	3000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		15500	
			34500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1500		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		5800	
			19300
VII. Vélstjóraskólinn:			
a. Laun		8800	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	1000		
2. Húsnæði	5400		
Flyt ...	6400	8800	412175

		kr.	kr.
Flutt ...	6400	8800	412175
3. Ljós og hiti	1300		
4. Ræsting	700		
5. Til prófhalda	800		
6. Ýms gjöld	500		
		9700	
			18500

Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minnsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.

VIII. Bændakenzla:

1. Til bændaskólans á Hólum:
   a. Laun 9650
   b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu 1450
   c. Önnur gjöld:
      1. Til verklegs náms, allt að 2500
      2. Til kennsluáhalda ... 800
      3. Til eldiviðar og ljósa ... 3500
      4. Ýmisleg gjöld 3000
      9800
   20900

2. Til bændaskólans á Hvanneyri:
   a. Laun 8550
   b. Til smíða- og leikfimikennslu ... 1300
   c. Önnur gjöld:
      1. Til verklegs náms, allt að 2400
      2. Til kennsluáhalda 500
      3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000
      4. Ýmisleg gjöld 3000
      8900
   18750

Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstím-

Flyt ...		39650	430675

	kr.	kr.
Flutt ...	39650	430675
ann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kennslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sé í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3. Til steinsteypukennslu	4000	
		43650
IX. Iðnfræðsla:		
a. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
b. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	2000	
c. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, til skólahalds	1200	
d. Til Iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds	800	
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
e. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	4000	
		14000
X. Verzlunarskólar:		
a. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	6000	
b. Til Sambands samvinnufélaganna, til þess að halda uppi verzlunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	6000	
		12000
XI. Ljósmæðraskólinn:		
1. Laun forstöðumanns	1000	
Flyt ...	1000	500325

		kr.	kr.
	Flutt ...	1000	500325
2. Til verklegrar kennslu:			
a. Laun þriggja ljósmæðra í Rvík ...	900		
b. Annar kostnaður, allt að	500		
		1400	
3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, allt að		6700	
			9100
XII. Kvennaskólar:			
1. Til kvennaskólans í Reykjavík:			
a. Húsaleigustyrkur	5000		
b. Rekstrarkostnaður, gegn að minnsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	18000		
c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að	4000		
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ...	1000		
		28000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:			
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	12000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að...	2000		
c. Til endurbóta á skólahúsinu ...	4000		
		18000	
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			
			46000
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að...	2000		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, allt að	1000		
		8600	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		300000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		30000	
	Flyt ...	338600	555425

		kr.	kr.
	Flutt ...	338600	555425
4.	Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, allt að... ...	7000	
5.	Til prófdómara við barnapróf	10000	
6.	Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkv. skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, allt að	30000	
7.	Til fræðslumálarits...	800	
8.	Utanfararstyrkur handa barnakennurum	3000	
			389400
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	a. Laun 10500		
	b. Til hannyrða, leikfimi og smíðakennslu 2000		
	1. Til kennsluáhalda ... 800		
	2. Til eldiviðar og ljósa ... 4000		
	3. Ýmisleg gjöld 3000		
	4. Til viðhalds skólahúss og húsgagna... 2000		
	5. Til smíðastofu og smíðatólakaupa 1000		
	10800		
		23300	
2.	Til héraðsskóla samkv. l. 32, 1929	55000	
3.	Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur og Akureyrar, allt að	35000	
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sé minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kennslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
4.	Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, allt að helmingi kostnaðar	30000	
	Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sé ákveðinn, áætlun og teikning samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði		
	Flyt ..	143300	944825

	kr.	kr.
Flutt ...	143300	944825
reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn héraðseign.		
5. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^2/_3$ kostnaðar, allt að	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sé samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.		
6. Til bókasafna við unglingaskóla	2000	
7. Til þess að gefa út kennslubækur handa skólum	3000	
		168300
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerð skólans.		
2. Til þess að reisa húsmæðraskóla, allt að helmingi byggingarkostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sé ákveðinn, áætlun og teikning samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni.		
3. Til kvenfélagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	5000	
Noti félagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
4. Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi...	1500	
		31500
XVI. Til kennslu heyrnar- og málleysingja m. m.		26000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kennslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að		1000
Flyt ...	... ...	1171625

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1171625
XVIII. Sundkennsla o. fl.:		
1. Til sundkennslu í Reykjavík	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennsla þessi fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfé, njóti kennslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkennslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	3000	
3. Til sundkennslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ...	3000	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundknenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda séu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, allt að	20000	
		26300
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kennslu í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		1800
XX. Til íþróttakennslu		4000
Samtals B. ...	... ...	1203725

15. gr.

Til vísinda, bókmennta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. bókavarðar, 500 kr., og til 2. bókavarðar 1000 kr.	1500	
Flyt ...	19800	

	kr.	kr.
Flutt ...	19800	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	15000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	2000	
j. Ýmisleg gjöld	1000	
		47460
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6600	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		13100
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7300	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, allt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, allt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	1500	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
Þjóðminjasafnið sé opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		13850
4. Náttúrufræðifélagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
Flyt ...	... ...	88310

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	88310
7. Aukastyrkur til tveggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
		6000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenzka bókmentafélags . ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenzka fornbréfasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafélagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að félagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ...		6800
12. Til Fornleifafélagsins		800
13. Til Sögufélagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14. Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar að		1200
15. Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái þjóðskjalasafnið afrit af skránni		1000
16. Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, allt að		5000
17. Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
18. Til Leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1500
19. Til Leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		1000
20. Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		2500
Flyt ...	... ...	127410

	kr.	kr.
Flyt ...	... ...	127410
21. Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		6000
22. Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sé safnið eign ríkisins		2400
23. Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum, enda sé handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
24. Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
25. Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
		8000
26. Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
27. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sé nýtt ...		1000
28. Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		1000
29. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
30. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
31. a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sé almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
b. Til sama, til aðstoðar	1200	
		8000
32. Til fréttastofu blaðamannafélagsins		2500
33. Ferðastyrkur til útlanda		6000
34. Þóknun fyrir störf menntamálaráðs Íslands (sbr. 1. gr. laga nr. 7, 12. apríl 1928)		3000
Samtals ...	... ...	176910

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		240000
2.	Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, allt að		10000
	Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfélag Íslands.		
3.	Til sandgræðslu...		30000
4.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		430000
5.	Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
6.	Tillag til Búnaðarbankans:		
	a. Til byggingar- og landnámssjóðs	200000	
	b. Til bústofnslánadeildar	50000	
	c. Til ræktunarsjóðs:		
	1. Afgjöld þjóðjarða 30000		
	2. Kostnaðartillag 7000		
	3. Hluti af útflutningsgjaldi 63000		
		100000	
	d. Til lánadeildar smábýla	50000	
			400000
7.	Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		50000
8.	Til að rannsaka og gera tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, gegn fimmtungs framlagi frá hlutaðeigandi héruðum, allt að		10000
9.	Til Garðyrkjufélags Íslands:		
	Laun garðyrkjustjóra		4000
10.	Til skógræktar:		
	a. Laun	11910	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	10000	
			21910
11.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	900	
			17900
12.	Til rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna		20000
	Flyt ...	... ...	1248810

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1248810
13.	Til fjárkláðalækninga		6000
14.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		500
15.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	4800	
	b. Til aðstoðar	5600	
	c. Húsaleiga	3000	
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
	e. Til áhaldakaupa	800	
			15400
16.	Til veðurstofu Íslands:		
	a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
	b. Til aðstoðar	12350	
	c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	10000	
	d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
	e. Til loftskeytatækja	800	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
	h. Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum	2000	
			55600
17.	Til landmælinga		45000
18.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
19.	Til Fiskifélagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		75000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
20.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	16600	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfé.		
	c. Laun 4 ullarmatsmanna	2200	
	d. — 6 kjötmatsmanna	5000	
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	10000	
			42000
	Flyt ...	... ...	1494310

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1494310
21. Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
22. Til markaðsleitar erlendis		10000
23. Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
24. Til Sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga ... ... Þar af 800 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði á Norður- og Austurlandi.		6000
25. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði		1000
26. Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
27. Til Kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna ...		600
28. Til sambands norðlenzkra kvenna...		450
29. Til sambands austfirzkra kvenna		300
30. Til Bandalags kvenna		450
31. Til kvenréttindafélags Íslands		500
32. Til vörumerkjaskrásetjara		2000
33. Handa Ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Félagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið.		7500
34. Laun húsagerðarmeistara...		7800
35. Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita, á móti byggingar- og landnámssjóði ... ... enda greiðist engin borgun fyrir leiðbeiningarnar.		4000
36. Til Hjálpræðishersins í Reykjavík, byggingarstyrkur til gistihúss, síðari greiðsla		5000
37. Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, síðari greiðsla		6000
38. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
39. Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		8000
40. Til vatnsrennslismælinga		1000
Samtals ...	... ...	1576510

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga		800000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga		7000
Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafélags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		
4. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík		3500
5. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6. Til slysatryggingar		10000
7. Til slysavarna, allt að		10000
8. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9. Til bjargráðasjóðs		24000
10. Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		8000
12. Til Rauðakrossfélags Íslands		1000
13. Til slysatryggingarsjóðs félagsins Dagsbrúnar		500
14. Tillag til Alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
Samtals ...	... ...	971500

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:		
a. Embættismenn	36439,64	
b. Embættismannaekkjur og börn	17457,65	
c. Prestsekkjur	5977,44	
d. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923	2500,00	
e. — — — — 51 1921	1000,00	
		63374,73
Flyt ...	... ...	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	63374,73
II.	Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
a.	Embættismenn:		
1.	Til Sigurðar Magnússonar læknis ... 600,00		
2.	— Sigurðar Kvarans héraðslæknis 405,00		
		1005,00	
b.	Embættismannaekkjur og börn:		
1.	Til Magneu Ásgeirsson 200		
2.	— Ólivu Guðmundsson 175		
3.	— Theodóru Thoroddsen 800		
4.	— Sigríðar Hjaltadóttur 400		
5.	— Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
6.	— Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
7.	— Sigríðar Finnbogadóttur 800		
8.	— Rannveigar Tómasdóttur 600		
9.	— Önnu Gunnlaugsson 900		
10.	— Kristbjargar Marteinsdóttur 1200		
11.	— Kristínar Jacobson 600		
12.	— Guðnýjar Jónsdóttur 400		
13.	— Kirstínar Þ. Blöndal 300		
14.	— Guðlaugar Magnúsdóttur... 2000		
15.	— 2 barna hennar 200		
16.	— Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju 600		
17.	— Jenny Forberg 600		
18.	— Ástu Hallgrímsson 600		
19.	— Ástu Einarson 600		
20.	— Aðalbjargar Sigurðardóttur 1200		
21.	— Dómhildar Jóhannsdóttur 1200		
22.	— Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 1300		
23.	— Soffíu Johnsen læknisekkju 500		
24.	— Kristínar Þórðardóttur læknisekkju 400		
25.	— Sigríðar Blöndal læknisekkju... ... 300		
		16725,00	
c.	Uppgjafaprestar:		
1.	Til Stefáns M. Jónssonar 325,00		
2.	— Guðlaugs Guðmundssonar 500,00		
3.	— Bjarna prófasts Einarssonar ... 780,00		
4.	— Sigurðar prófasts Gunnarssonar 662,25		
	Flyt ... 2267,25	17730,00	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt	2267,25	17730,00	63374,73
5.	Til Guttorms Vigfússonar	600,00		
6.	— Björns Þorlákssonar	208,00		
7.	— Stefáns Jónssonar	370,00		
8.	— Jóns Þorsteinssonar	390,00		
9.	— Jóns Árnasonar	445,00		
10.	— Jens V. Hjaltalín	435,00		
11.	— Einars Jónssonar sjá fjl. 1930	3000,00		
			7715,25	
d.	Prestsekkjur:			
1.	Til Auðar Gísladóttur	300,00		
2.	— Bjargar Einarsdóttur	500,00		
3.	— Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
4.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
5.	— Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
6.	— Guðrúnar Pétursdóttur	300,00		
7.	— Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
8.	— Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
9.	— Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	600,00		
10.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
11.	— Kirstínar Pétursdóttur	300,00		
12.	— Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
13.	— Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
14.	— Steinunnar Pétursdóttur	300,00		
15.	— Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
16.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
17.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
18.	— Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
19.	— Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
20.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
21.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
22.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
23.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
24.	— Önnu Stefánsdóttur	200,00		
25.	— Helgu Skúladóttur	227,06		
26.	— Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
	Flyt ...	7009,79	25445,25	63374,73

		kr.	kr.
Flutt ...	7009,79	25445,25	63374,73
27. Til Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L. L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	432.00		
28. — Arndísar Pétursdóttur	137,90		
29. — Guðnýjar Þorsteinsdóttur	173,56		
30. — Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík	135,37		
31. — Jakobínu Sigurgeirsdóttur frá Borg	157,44		
		8046,06	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3. — Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	300,00		
5. — Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6. — Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7. — Guðmundar Björnssonar	150,00		
8. — Jóns Strandfelds...	150,00		
9. — Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
10. — Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
11. — Páls J. Árdals	800,00		
12. — Jóhannesar Sigfússonar	1800,00		
13. — Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	700,00		
14. — Sigurjóns Rögnvaldssonar... ...	200,00		
		6810,00	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Til Guðm. Kristjánssonar	300		
2. — Böðvars Jónssonar...	300		
3. — Hallgríms Krákssonar	400		
4. — Þóru Matthíasdóttur	300		
5. — Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
6. — Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts... ...	200		
7. — Jens Þórðarsonar	300		
8. — Friðriks Möllers	1200		
9. — Anínu Arinbjarnardóttur	200		
Flyt ...	3500	40301,31	63374,73

			kr.	kr.
	Flutt ...	3500	40301,31	63374,73
10.	Til Eliesers Eiríkssonar	200		
11.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
12.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
13.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
14.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
15.	— Friðriks Klemenssonar	2000		
16.	— Óla P. Blöndals	1800		
17.	— Kristjáns Blöndals	1000		
18.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
19.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
20.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ...	300		
21.	— Ólafs Ólafssonar pósts	200		
22.	— Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
23.	— Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar	1000		
24.	— Friðriks Jónssonar pósts	450		
25.	— Einars Ólasonar fyrrum pósts ...	300		
			12950,00	
g.	Rithöfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar	1200		
7.	— dr. Helga Péturss	4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
9.	— Einars Benediktssonar	4000		
10.	— Stefáns frá Hvítadal	1000		
11.	— Jakobs Thorarensens	1000		
12.	— Sigurjóns Friðjónssonar	1000		
			23400,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1.	Til Jakobínu Pétursdóttur	200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur	300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur	300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
	Flutt ...	1400,00	76651,31	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt ... 1400,00	76651,31	63374,73
6.	Til 1 barns hennar 100,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur 600,00		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson 1200,00		
		3300,00	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu 400		
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með barni hennar, sem er í ómegð 400		
3.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður 500		
4.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður 500		
5.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður 500		
6.	— Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður 500		
7.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ... 500		
8.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður ... 400		
9.	— Kristínar Jónasdóttur ljósmóður ... 300		
10.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ... 300		
11.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður 300		
12.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður 300		
13.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður 200		
14.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm. 200		
15.	— Til Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður 200		
16.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður 300		
17.	— Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður 300		
18.	— Jakobínu Jensdóttur 300		
19.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ... 300		
20.	— Til Sigurveigar Jónatansdóttur ljósmóður 300		
21.	— Til Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður 300		
22.	— Halldóru Metúsalemsdóttur ljósmóður 300		
	Flyt ... 7600	79951,31	63374,73

			kr.	kr.
	Flutt ...	7600	79951,31	63374,73
23.	Til Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ...	200		
24.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
25.	— Páls Erlingssonar	1200		
26.	— Erlends Zakaríassonar	300		
27.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
28.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
29.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
30.	— Jakobs Björnssonar fyrv. síldarmatsmanns	1600		
31.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
32.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
33.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	800		
34.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
35.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
36.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
37.	— Halldóru Pétursdóttur Briem	600		
38.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
39.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
40.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
41.	— Henriette Kjær...	600		
42.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
43.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2400		
44.	— Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
45.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
	Flyt ...	21400	79951,31	63374,73

		kr.	kr.
Flutt ...	21400	79951,31	63374,73
46. Til Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey	300		
47. — Halldóru Þórðardóttur	600		
48. — Vigdísar Bergsteinsdóttir fyrv. spítalaráðskonu	300		
49. — Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu	500		
50. — Guðleifar Erlendsdóttur fyrv. hjúkrunarkonu	300		
51. — Sigurðar Péturssonar fangavarðar	1000		
52. — Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ...	300		
		24700,00	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar		1000,00	
k. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
			108651,31
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			67210,42
Samtals		... ...	239236,46

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Árið 1931 eru tekjur áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	11990000,00	
—	3. —	34600,00	
—	4. —	112000,00	
—	5. —	80000,00	
			kr. 12216600,00
			Flyt kr. 12216600,00

			Fluttar kr.		12216600,00
	En til gjalda er veitt:				
Samkvæmt	7. gr.		1273138,00		
—	8. —		60000,00		
—	9. —		229200,00		
—	10. —		387300,00		
—	11. — A.	806500,00			
—	11. — B.	186000,00			
			992500,00		
—	12. —		544415,00		
—	13. — A.	527300,00			
—	13. — B.	1006600,00			
—	13. — C.	374000,00			
—	13. — D.	1623500,00			
—	13. — E.	281000,00			
—	13. — F.	281000,00			
			4093400,00		
—	14. — A.	299250,00			
—	14. — B.	1203725,00			
			1502975,00		
—	15. —		176910,00		
—	16. —		1576510,00		
—	17. —		971500,00		
—	18. —		239236,46		
—	19. —		100000,00		
—	20. —		10000,00		
				—	12157084,46
			Tekjuafgangur kr.		59515,54

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafélagi Íslands allt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufélaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1930, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sé framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum, sem nemi allt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1931, svo og uppbót á

þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót sem að ofan greinir.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1930 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við frv. til fjárlaga fyrir 1931.

Frumvarp þetta er samið eftir svipuðum reglum og frumvarp stjórnarinnar fyrir 1930. Dýrtíðaruppbót á launum er áætluð 40%. Reynt hefir verið að áætla lögbundin gjöld sem næst þeirri upphæð, sem ætla má að þau verði í reynd.

Af núgildandi tekjulöggjöf falla úr gildi, frá árslokum 1930, lög um verðtoll og lög um gengisviðauka. Ekki varð þó hjá því komizt við samningu þessa frv., að byggja á nokkurnveginn sömu tekjuupphæð eins og 1930. Er til þess ætlast, að fram komi frumvarp um nýtt skipulag á tolllöggjöfinni, sem tryggi ríkissjóði eins háar tekjur eins og hann hefir samkvæmt þeim tekjustofnum, er nú gilda.

Felldar eru niður með þessu frumvarpi heimildirnar um lán úr viðlagasjóði, með því að hann hverfur nú til Búnaðarbankans.

TEKJUBÁLKURINN.

Um 2. gr.

Það segir sig sjálft, að á þessum tíma er ekki hægt að gera neina ábyggilega áætlun um það, hvernig einstakir tekjuliðir munu reynast árið 1931, það veltur á árferði, afkomu atvinnuveganna og af því leiðandi kaupgetu þjóðarinnar. Hér eru liðirnir settir samkvæmt því, sem þeir hafa reynzt síðustu árin.

Einn liður (útvarpstekjur) er hér nýr. og er hann settur lítið eitt lægri en landssímastjóri leggur til.

Um 3. gr.

1.—4. Liðirnir óbreyttir.

Um 4. gr.

Sumir liðirnir lækkaðir, mega þó ekki hærri vera.

Um 5. gr.

1.—3. Liðirnir óbreyttir. Rétt hefir þótt að fella burtu úr þessari gr. skemmtanaskatt og tekjur Menningarsjóðs, með því að upphæðir þær ganga eigi í gegnum ríkissjóð.

GJALDABÁLKURINN.

Um 7. gr.

Vextir og afborganir fastra lána 1931.

	Innlend lán.	Vextir.	Afborganir.
1.	Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916, til 25 ára með bankavöxtum hjá Landsbankanum, 100000 kr.	2640,00	4000,00
2.	Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918, til 25 ára með bankavöxtum, 85000,00	2448,00	3400,00
3.	Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919, með 5% vöxtum, afborgunarlaust	50000,00	
4.	Innlenda lánið, tekið 1. júlí 1920, með 5½% vöxtum, til 20 ára, 3 milj. kr.	82500,00	150000,00
5.	Lán silfurbergsnámanna, tekið í Landsbankanum 1922 til 10 ára, 70000 kr.		7000,00
6.	Veðdeildarlán Staðarfells	334,54	227,50
7.	Lán tekið í Landsbankanum 11. sept. 1928, vegna Vinnuhælisins, til 20 ára, með 6% vöxtum fyrirfram greiddum, 50 þús.	2700,00	2500,00
	Kr.	140622,54	167127,50

	Dönsk lán.		
1.	4½% lán, tekið 1909, hjá dönskum bönkum, 1500000 kr. til 30 ára, til að kaupa III. fl. bankavaxtabréf Landsbankans	18562,50	50000,00
2.	4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. fl. bankavaxtabréf Landsbankans	4493.76	8333,34
3.	4% ritsímalán 1913, endurgreiðsla á 30 árum með föstu árgjaldi, tekið hjá mikla norr. ritsímafélagi 500000 kr.	11493,32	17497,70
4.	5% ritsímalán 1917, til 30 ára, tekið hjá mikla norr. ritsímafél. 500000 kr.	17851,47	14501,87
	Flyt kr.	52401,05	90332,91

	Vextir.	Afborganir
Fluttar kr.	52401,05	90332,91
5. Lán hjá Handelsbanken, tekið 1917 og 1923, 2200000 kr. Vextir $^1/_2$% hærri en forvextir Þjóðbankans danska	3000,00	40000,00
6. Lán hjá dönskum bönkum, tekið 1. júlí 1919 með 5% vöxtum, til 20 ára 4 $^1/_2$ milj. kr.	101250,00	225000,00
7. Lán í Bikuben til heilsuhælisins á Vífilsstöðum... ...	5513.77	1986,23
Kr.	162164,82	357319.14
Enska lánið 1921. Vextir £ 8046 — 3 — 6 á ^{22}/-... ...	177015,85	
Afborgun £ 2552 — 17 — 11 á ^{22}/-... ...		56163,71

Um 8.—9. gr.

Þarf ekki athugasemda.

Um 10. gr.

I. 3—4. Þessir liðir eru hækkaðir. Reynslan hefir sýnt, að þeir hafa verið áætlaðir of lágt.

II. 3. Er lækkaður um 3000 kr., en 1., 2. og 5. l. eru hækkaðir um 6000. Er það gert samkvæmt tillögum hagstofustjóra.

III. 4. Er settur eins og í fjárlögum 1929, þar sem sambandslaganefnd þarf þá að sækja fund til Danmerkur.

Aðrir liðir þessarar greinar óbreyttir frá fjárl. 1930.

Um 11. gr.

A. 6. Þessi liður er hækkaður og þar farið að mestu eftir tillögum lögreglustjóra.

A. 9. Til landhelgisgæzlu eru í fjárlögum 1929 ætlaðar 200 þús. kr. úr ríkissjóði og jafnmikið úr landhelgissjóði. Sama upphæð er á fjárl. 1930.

Reynslan hefir orðið sú, að á þessu ári kostar gæzlan full 600 þús. kr. eftir því sem næst verður komizt.

Búast má við, að rekstrarkostnaður Óðins og Ægis verði ekki undir 530 þús. kr. yfir árið og auk þess útgerðarkostnaður Þórs við Vestmannaeyjar 4—5 mánuði.

Þessi liður er því hækkaður um 100 þús. kr. úr ríkissjóði og allt að sömu upphæð úr landhelgissjóði. Gjaldþol landhelgissjóðs fer mikið eftir því, hversu miklar tekjur hans verða af landhelgissektum. En þar sem ekki virðist nauðsyn bera til að auka sjóðinn sem stendur, nema það sem þarf til fyrningar á skipunum, þá sýnist ekkert því til fyrirstöðu, að notaðar séu allar eða mestallar árstekjur hans.

B. I. a.—b. Þessir liðir hafa reynzt of lágir og eru því hækkaðir lítið eitt.

Um 12. gr.

Reykjarfjarðarhérað er nú læknislaust og er þjónað af nágrannalækni. Árneshreppur, sem fjarst liggur, á því mjög erfiða læknissókn og er honum bætt inn með 600 kr. læknisvitjunarstyrk.

Gjöld til holdsveikraspítalans eru lækkuð, og er fylgt tillögum hlutaðeigandi læknis.

Um gjöldin til gamla og nýja spítalans á Kleppi er í öllum aðalatriðum fylgt tillögum læknanna þar.

Liðunum 16 e.—h. er breytt í þá átt, sem undanfarin reynsla bendir til.

Um 13. gr.

A. Aðalpóstmeistari hefir gert uppástungu um allmiklu víðtækari póstflutninga en nú eru, þannig að póstar eða bréfberar skili pósti á hvert heimili eða því sem næst. Ekki hefir þótt fært að leggja þetta til, vegna þess mikla kostnaðar, er það myndi baka ríkissjóði. Að öðru leyti eru upphæðirnar settar samkv. tillögum aðalpóstmeistara.

B. Upphæð sú, sem ætluð er til vegamála í frumv., er 1006600. Það er lítið eitt hærri upphæð en í fjárlögum 1930. Tillögur vegamálastjóra voru nokkru hærri, en ekki þykir fært að ætla meira í þessu skyni en hér er gert ráð fyrir.

Viðhaldskostnaður veganna vex hröðum skrefum með hverju ári, svo fjárhæð sú, sem til þess er ætluð í fjárlögum síðustu ára, hrekkur hvergi nærri. Sá liður er einnig of lágt áætlaður í þessu frumvarpi. En gert er ráð fyrir, að fyrir þingið verði lagt frumvarp um hækkun á bílaskattinum, og mun sá tekjuauki verða látinn ganga til viðhaldsins.

C. Þessi liður er eins og í fjárl. 1930.

D. II. Þessi liður er nýr og settur vegna laga nr. 11, 1929.

III. Ekki hefir þótt fært að setja þennan lið hærri, vegna hinna stórum auknu útgjalda við starfrækslu landssímanna og bæjarsímans í Reykjavík, sem sérstaklega kemur þungt niður á árinu 1931. Þá þarf að greiða að öllum líkindum vexti og afborganir af láni til húsbyggingar handa landssímanum og til nýrrar bæjarsímamiðstöðvar, sjá IV. 5. og 16. Eru þau gjöld út af fyrir sig áætluð um 190 þús. kr. Hinsvegar verður ekki gert ráð fyrir auknum tekjum á árinu, þar sem sjálfvirka stöðin verður ekki komin upp fyr en í árslok 1931. Það verður því ekki fyrr en á árinu 1932, sem þessi nýja endurbót fer að gefa tekjur.

IV. Hér eru sumir útgjaldaliðir hækkaðir; er það að miklu leyti vegna þess að hin mikla aukning símakerfisins á síðustu árum og fjölgun símastöðva krefst fleira starfsfólks og meiri rekstrarkostnaðar.

Liðirnir 5 og 16 eru áður skýrðir.

V.—XII. Liðirnir settir samkv. till. landssímastjóra.

E. I. Gjöldin til undirbúnings vita- og hafnarmála fara allt af hækkandi með auknum framkvæmdum. Virðist því óhjákvæmilegt að hækka suma liðina. Samkvæmt tillögum vitamálastjóra eru laun aðstoðarverkfræðings sett á sérstakan lið, en gjöldin til verkfróðrar aðstoðar lækkuð.

Að öðru leyti vísast til tillagna vitamálastjóra, sem verða lagðar fyrir þingið. Hefir stjórnin ekki treyst sér til að taka þær tillögur upp nema að nokkru leyti.

F. Gera má ráð fyrir því, að útvarpsstöðin verði að fullu tekin til starfa á árinu 1931. Eru hér því áætluð útgjöld til hennar, og er þar byggt að mestu á tillögum landssímastjóra, sem lagðar verða fyrir þingið.

Um. 14.gr.

A. a.—b. Upphæðirnar óbreyttar að öðru en því, að liðurinn til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslenzku þjóðkirkju er felldur niður. Sú fjárveiting hefir ekki verið notuð undanfarin ár.

B. I.—II. Að miklu leyti óbreytt. Tillögur háskólarektors verða lagðar fyrir fjárveitinganefnd.

B. III. Tillögur rektors lagðar til grundvallar um þær breytingar, sem gerðar hafa verið.

B. IV.—VII. Að mestu óbreytt frá fjárlögum 1930.

B. XI. 2. b. er lækkaður samkv. tillögum landlæknis. Einnig er 4. felldur niður í þeirri von, að ljósmæðraskólinn verði þá fluttur í landsspítalann nýja.

B. XII. Rekstarstyrkur kvennaskólanna á Blönduósi og Rvík er lækkaður lítið eitt, og til þess ætlazt, að meira framlag komi frá hlutaðeigandi héraði og bæ, ef þessi styrkur ekki hrekkur.

B. XIV. 2.—3. Þessir liðir er settir samkvæmt gildandi lögum og tillögum fræðslumálastjóra.

Um 15. gr,

Liðirnir að mestu óbreyttir frá því, sem þeir eru í fjárlögum fyrir 1930.

Um 16. gr.

Fjárveitingin til sandgræðslu er nokkru lægri en í fjárl. 1930.

Útgjöldin til Búnaðarbankans eru sett samkvæmt gildandi lögum.

Nauðsynlegt þykir að hafa sérfróðan mann til að meta og leiðbeina um meðferð á frystu kjöti. Hefir sá maður þegar verið ráðinn. Fjárveitingin til yfirmatsmanna o. fl. er af þessum ástæðum hækkuð lítið eitt.

Um. 17. gr.

Gjöldin til berklavarna hafa alltaf farið fram úr áætlun. Árið 1928 voru þau áætluð 500 þús. kr., en urðu fullar 900 þús. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir 800 þús. kr., og er það sennilega of lágt, ef ekki verður leitað ráða til að draga úr kostnaðinum. En með því að í ráði er, að farið verði að taka smávægilegt gjald af sem flestum sjúklingum, má gera sér vonir um, að þessi upphæð hrökkvi.

Um 18.—24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

SKRÁ

yfir lögmælt eftirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna í árslok 1929.

	kr.	kr.
A. Embættismenn.		
1. Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsúrskurður $^{9}/_{4}$ 1927)	641,91	
2. Marínó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{11}$ 1908)...	1008,00	
3. Helgi Guðmundsson, héraðslæknir í Siglufjarðarhéraði (konungsúrskurður $^{1}/_{11}$ 1910)...	1000,00	
4. Axel Valdimar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður $^{1}/_{7}$ 1911)..	1876,62	
5. Bjarni Jensson, héraðslæknir í Síðuhéraði (konungsúrskurður $^{17}/_{2}$ 1914)...	1000,00	
6. Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (konungsúrskurður $^{7}/_{10}$ 1914)	2276,70	
7. Davíð Scheving, héraðslæknir í Ísafjarðarhéraði (konungsúrskurður $^{2}/_{8}$ 1914)	1266,67	
8. Guðmundur Eggerz, sýslumaður í Árnessýslu	1558,52	
9. Skúli Árnason, héraðslæknir í Grímsneshéraði	800,00	
10. Jón Jónsson, læknir	991,67	
11. Sigurður Magnússon, læknir	963,33	
12. Kl. Jónsson, fv. landritari	4000,00	
13. Stefán Gíslason, héraðslæknir	1000,00	
14. Magnús Guðmundsson, fv. ráðherra	1060,00	
15. Guðm. Guðmundsson, fv. héraðslæknir	1000,00	
16. Jóhannes Sigfússon, fv. kennari	1040,00	
17. Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	1461,22	
18. Ólafur Thorlacius, fv. héraðslæknir	700,00	
19. Sig. H. Kvaran, fv. héraðslæknir	595,00	
20. Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfógeti...	8000,00	
21. Magnús Helgason, fv. skólastjóri	4200,00	
Flyt ...	... ...	36439,64

	kr.	kr.
Flutt ...		36439,64
B. Embættismannaekkjur og börn:		
1. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassens amtmanns, frá 10/1 1891	750,00	
2. Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja Einars Guðjohnsen héraðslæknis, frá 1/6 1891	187,50	
3. Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1/1 1894	350,00	
4. Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar héraðslæknis í 4. læknishéraði, frá 1/6 1894	305,00	
5. Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá 1/11 1895	430,80	
6. Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briems amtmanns, frá 1/1 1905	625,00	
7. Elín G. Blöndal, ekkja P. Blöndals héraðslæknis ...	187,50	
8. Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar héraðslæknis	189,37	
9. Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving héraðslæknis, frá 1/3 1909	187,50	
10. Elina Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1/1 1910	875,00	
11. Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar héraðslæknis í Hróarstunguhéraði, frá 1/9 1910	150,00	
12. Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar héraðslæknis í Sauðárkrókshéraði, frá 1/11 1910	212,50	
13. Oliva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar, frá 1/9 1913	560,83	
14. Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtmanns Havsteen, frá 1/6 1915	750,00	
15. Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfidómara, frá 1/7 1915...	500,00	
16. Theódóra Thóroddsen, ekkja Skúla Thóroddsens sýslumanns, frá 1/6 1916	535,17	
17. Elín Stephensen, ekkja Magnúsar landshöfðingja Stephensens, frá 1/6 1917	1166,67	
18. Sofía Johnsen, ekkja fyrv. héraðslæknis Þorgríms Johnsens, frá 1/9 1917	321,53	
19. Þórunn Stefánsdóttir, ekkja fyrv. kennara síra Jónasar Jónassonar, frá 1/10 1917	200,00	
Flyt ...	8484,37	36439,64

			kr.	kr.
	Flutt ...		8484,37	36439,64
20.	Guðný Bjarnarson, ekkja fyrv. sýslumanns Björns Bjarnarson, frá 1/1 1919		350,00	
21.	Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndals héraðslæknis í Borgarfjarðarhéraði		187,50	
22.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá 1/8 1920		340,00	
23.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara		450,00	
24.	Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar héraðslæknis í Reykhólahéraði		187,50	
25.	Steinunn Frímannsdóttir, ekkja Stefáns Stefánssonar skólameistara á Akureyri...		715,82	
26.	Anna Daníelsson, ekkja hæstar.d. Halldórs Daníelss....		859,37	
27.	Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þórðar Pálssonar læknis...		187,50	
28.	Ingibjörg Magnúsdóttir, ekkja Júlíusar Halldórssonar héraðslæknis, frá 1/6 1924		212,50	
29.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðm. Þorsteinssonar héraðslæknis, frá 1/4 1924		150,00	
30.	Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar héraðslæknis, frá 1/1 1924	kr. 187,40		
	Samkvæmt konungsúrskurði 20/8 1924, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs, 80 kr. árlega:			
	1. Karl Jóhann, f. 7/9 1916.			
	2. Guðríður Erla, f. 8/1 1918.			
	3. Axel Valgarður, f. 30/9 1922	kr. 240,00		
			427,40	
31.	Katrín Skúladóttir, ekkja Guðm. Magnússonar prófessors, frá 1/12 1924		425,00	
32.	Anna Gunnlaugsson, ekkja Halldórs Gunnlaugssonar héraðslæknis, frá 1/1 1925	kr. 150,00		
	Samkvæmt konungsúrskurði 10/8 1925, með syni hennar til 16 ára aldurs, 100 kr. árlega:			
	Gunnar Þór, f. 10/6 1919	— 100,00		
			250,00	
33.	Kirstín Þ. Blöndal, ekkja Ásgeirs Blöndals héraðslæknis, frá 1/3 1926	kr. 187,50		
	Flyt ...	187,50	13226,96	36439,64

			kr.	kr.
	Flutt ...	187,50	13226,96	36439,64
	Samkvæmt konungsbréfi $^{15}/_{8}$ 1927, með kjördóttur hennar Esther, f. $^{24}/_{12}$ 1915, til 16 ára aldurs ... ... kr.	100,00		
			287,50	
34.	Þórunn Siemsen, ekkja Frans Siemsens sýslumanns, frá $^{1}/_{1}$ 1926		391,90	
35.	Þóra Magnússon, ekkja Jóns Magnússonar ráðherra, frá $^{1}/_{7}$ 1926		1200,00	
36.	Jenny Forberg, ekkja Oluf Forberg, landssímastjóra, frá $^{1}/_{4}$ 1925		500,00	
37.	Ragna Gunnarsdóttir, ekkja Ólafs Gunnarssonar, héraðslæknis, frá $^{1}/_{2}$ 1927 ... ... kr.	150,00		
	Samkv. konungsúrskurði $^{18}/_{8}$ 1927, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs:			
	1. Nanna, f. $^{28}/_{1}$ 1915 ... ... kr.	8,33		
	2. Sigrún, f. $^{3}/_{8}$ 1916 ... ... —	100,00		
	3. Kristín, f. $^{30}/_{8}$ 1918 . ... —	100,00		
	4. Björn, f. $^{1}/_{12}$ 1920 ... ... —	100,00		
	5. Gunnar, f. $^{6}/_{1}$ 1922 . ... —	100,00		
	6. Ólafur, $^{18}/_{1}$ 1924 ... ... —	100,00		
			658,33	
38.	Sigríður Blöndal, ekkja Björns Blöndal, héraðslæknis, frá $^{1}/_{10}$ 1927		150,00	
39.	Kristín Þórarinsdóttir, ekkja Kr. Kristjánssonar, héraðslæknis, frá $^{1}/_{12}$ 1927		237,50	
40.	Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja Har. Níelssonar, próf.		340,00	
41.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Sigurðar Ólafssonar sýslumanns		465,46	
				17457,65
	C. Prestsekkjur:			
1.	Anna Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað		100,52	
2.	Ástríður Petersen frá Svalbarði		100,00	
3.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði		100,00	
4.	Camilla S. Briem frá Hruna		129,43	
5.	Elín Scheving frá Vogsósum		100,00	
6.	Guðríður Pétursdóttir frá Höfða		114,63	
7.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli		100,00	
		Flyt ...	744,58	53897,29

		kr.	kr.
	Flutt ...	744,58	53897,29
8.	Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergstöðum	107,54	
9.	Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183,78	
10.	Guðrún Ólafsdóttir frá Otrardal	100,00	
11.	Guðrún Pétursdóttir frá Görðum	314,81	
12.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
13.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað	158,95	
14.	Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri	101,55	
15.	Jóhanna S. Jónsdóttir frá Viðvík	150,00	
16.	Kristín Sveinbjarnardóttir frá Holti	181,40	
17.	Lilja Ólafsdóttir frá Breiðabólsstað	118,40	
18.	Margrét Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	139,86	
19.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131 36	
20.	Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi	118,60	
21.	Ragnhildur Gísladóttir frá Eyvindarhólum	101,81	
22.	Sigríður Jónsdóttir frá Melstað	188,06	
23.	Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka...	131,26	
24.	Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík...	104,16	
25.	Þórey Kolbeins frá Staðarbakka	115,53	
26.	Helga Ketilsdóttir frá Grindavík	100,00	
27.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147,50	
28.	Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka	102,65	
29.	Sigríður Halldórsdóttir frá Holti í Önundarfirði	184,36	
30.	Guðlaug Vigfúsdóttir frá Stafafelli...	90,80	
31.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási	142,10	
32.	Guðfinna Jensdóttir frá Miklabæ	116,96	
33.	Guðrún Sigurðardóttir frá Flatey	118,93	
34.	Guðbjörg Hermannsdóttir frá Þingvöllum	118,30	
35.	Þórunn Bjarnadóttir frá Vigur	144 44	
36.	Anna Stefánsdóttir frá Stað í Súgandafirði	100,00	
37.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	72,94	
38.	Valgerður Karólína Guðmundsdóttir frá Grenivík ...	164,63	
39.	Guðrún Hermannsdóttir frá Breiðabólsstað...	212,94	
40.	Arndís Pétursdóttir frá Vatnsfirði	162,10	
41.	Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	135,74	
42.	Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka	100,00	
43.	Guðríður Helgadóttir frá Kvennabrekku	168,00	
44.	Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi í Norðfirði	126,44	
45.	Jakobína Sigurgeirsdóttir frá Borg	142,56	
			5977,44
	Flyt ...		59874,73

		kr.	kr.
	Flutt ...		59874,73
D. Lög nr. 49, 1923:			
Einar Þorkelsson fyrv. skrifstofustjóri Alþingis			2500,00
E. Lög nr. 51, 1921, 8. gr.:			
1. Ásta Einarson, ekkja Magnúsar Einarson, dýralæknis		250,00	
2. Anna Þorgrímsdóttir, læknisekkja		300,00	
3. Hrefna Einarsdóttir, læknisekkja	kr. 350,00		
Sonur hennar Sigurður, f. $^{23}/_{7}$ 1920, til 16 ára aldurs	— 100,00		
		450,00	
			1000,00
	Samtals ...		63374,73

2. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1928.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr,

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögum 1928, eru veittar kr. 1822089,15 til útgjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Ráðuneytið o. fl.

			kr.
Við	1. b.	Til risnu	4000,00
—	2.	Til utanferða ráðherra	4290,51
—	4.	Annar kostnaður	21485,08
		Flyt ...	29775,59

			kr.	kr.	kr.
		Flutt ...	29775,59		
Við	5.	Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum.	1386,70		
—	6. b.	Til pappírs og prentunar...	3808,90		
	c.	Til kostnaðar við sendingar	1910,48		
—	7.	Til viðhalds og umbóta á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum..	8786,50		
				45668,17	
		II. Hagstofan.			
Við	2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	5833,89		
—	4.	Húsaleiga, hiti, ljós m. m.	325,85		
—	5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður ...	3431,72		
—	6.	Til að gefa út manntalið 1703. ...	199,48		
				9790,94	
		III. Utanríkismál o. fl.			
—	1. d.	Til skrifstofuhalds	1796,54		
—	4.	Kostnaður við sambandslaganefnd...	1163,78		
				2960,32	
					58419,43

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

		A. Dómgæzla og lögreglustjórn:			
Við	4. a.	Laun	1133,88		
—	5. a.	Laun fulltrúa og skrifara..	11437,00		
—	b.	Laun tollvarða	2671,67		
—	d.	Hiti og ljós...	985,76		
—	e.	Innheimtukostnaður	9343,00		
—	6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta...	4050,00		
—	8.	Landhelgisgæzla...	38786,55		
—	10.	Til hegningarhúsa	299,28		
—	11.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála	65087,22		
				133794,36	
		B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:			
—	1. a.	Burðareyrir	8679,31		
—	b.	Embættisskeyti	19978,82		
		Flyt ...	28658,13	133794,36	58419,43

			kr.	kr.	kr.
		Flutt ...	28658,13	133794,36	58419,43
Við	2.	Brunaábyrgðargjöld o. fl....	11548,55		
—	3.	Til embættiseftirlitsferða	4312,57		
—	4.	Til skattanefndakostnaðar..	8343,98		
—	5.	Eyðublöð o. fl.	24387,94		
				77251,17	
					211045,53

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaskipunar og heilbrigðismála:

—	8.	Til geislalækningastofu ríkisins ...	1347,65		
—	11.	Til nuddlækningastofu Jóns Kristjánssonar	1000,00		
Við	17.	Geðveikrahælið á Kleppi...	14000,20		
—	18.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	5321,10		
—	20. a.	Landsspítalinn	45000,00		
—	b.	Viðbótarbygging á Kleppi	40000,00		
—	f.	Bólusetningarkostnaður	1012,50		
—	g.	Varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	2508,56		
—	i.	Varnir gegn kynsjúkdómum	3472,80		
—	j.	Heilbrigðiseftirlit alþýðuskóla... ...	945,10		
				... ...	
					114607,91

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

Til samgöngumála.

A. Póstmál.

Við	2.	Póstflutningur	15048,34		
—	3. a.	Skrifstofukostnaður	2135,03		
				17183,37	

B. Vegabætur.

—	I. 3.	Ferðakostnaður o. fl....	5611,91		
—	4.	Aðstoðarmenn og mælingar	9444,09		
—	5.	Skrifstofukostnaður	1335,59		
—	II. a. 1.	Kjalarnesvegur	6969,98		
—	4.	Norðurárdalsvegur	7745,11		
		Flyt ...	31106,68	17183,37	384072,87

			kr.	kr.	kr.
		Flutt ...	31106,68	17183,37	384072,87
Við	6.	Húnavatnssýsluvegur	2925,86		
—	7.	Vallhólmsvegur	12953,01		
—	8.	Þelamerkurvegur	5669,58		
—	10.	Vopnafjarðarvegur	1739,54		
—	13.	Biskupstungnabraut	6881,42		
— b.		Viðhald og umbætur	99691,82		
— III.		Brúargerðir	129784,35		
— IV.		Slitlag akvega...	20000,00		
— V.		Fjallvegir	5978,39		
— VI.	1.	Til áhalda	3077,10		
— VII.	1.	Til akfærra sýsluvega	9294,60		
—	2.	Til sýsluvegasjóða	38427,43		
— XI.		Gistingarstyrkur	175,68		
				367705,46	

C. Samgöngur á sjó.

— 1. a.		Til strandferða	9254,28		
— 2.		Til bátaferða	6800,00		
				16054,28	

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

— I.		Til viðauka símakerfa o. fl.... ...	3261,30		
— II.		Til nýrra símalagninga	20983,71		
— III.	2.	Kostnaður af aðalskrifstofu	596,34		
—	3.	Ritsímastöðin í Reykjavík	12945,53		
—	4.	Þráðlausa stöðin í Reykjavík ...	3601,89		
—	5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	11363,70		
—	6.	Áhaldahúsið	230,92		
—	7.	Ritsímastöðin á Akureyri	2063,51		
— 8.		Ritsímastöðin á Seyðisfirði	2752,58		
— 9.		— - Ísafirði...	2893,94		
— 10.		— - Borðeyri	2046,03		
— 11.		— - Hafnarfirði	1610,09		
— 13.		— - Siglufirði	3881,49		
— 15.		Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	5200,12		
— IV.		Eyðublöð o. fl.	5174,31		
— V.		Viðbót og viðhald stöðvanna	18595,93		
— VII.		Viðhald landssímanna	35395,60		
		Slysatrygging	871,20		
				133468,19	
		Flyt		534411,30	384072,87

			kr.	kr.
		Flutt ...	534411,30	384072,87
		E. Vitamál.		
Við	I. 3. Til skrifstofuhalds		1471,11	
—	4. Ferðakostnaður m. m.		763,60	
—	II. Laun vitavarða...		667,83	
—	III. Rekstrarkostnaður vitanna		6519,30	
—	V. a. Til vitabygginga		15820,90	
—	b. Til leiðarljósa		5850,63	
				31093,37
				565504,67

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

Til kirkju- og kennslumála.

A. Andlega stéttin.

Við	b. 7. Til húsabóta á prestssetrum		1805,11	
		B. Kennslumál.		
Við	I. í. Ljós, hiti, ræsting		1500,00	
—	j. 3. Ýms gjöld		3100,00	
—	II. b. Nám á sængurkvennastofnun ...		1193,75	
—	III. b. 2. Eldiviður og ljós		1335,53	
—	3. Til skólahússins		1197,76	
—	4. Stundakennsla o. fl.		1302,00	
—	10. Ýmisleg gjöld		487,28	
—	11. Verðlaunabækur...		37,95	
—	IV. b. 1. Auka- og stundakennsla		2585,00	
—	2. Framhaldsnám		4200,00	
—	3. Bækur og kennsluáhöld		345,92	
—	4. Eldiviður og ljós		880,58	
—	6. a. og b. Dyravarzla		350,00	
—	8. Til skólahússins...		591,98	
—	9. Ýmisleg gjöld		2563,99	
—	V. b. 7. Ýmisleg gjöld		420,29	
—	VI. b. 4. Ýmisleg gjöld		265,60	
—	VII. b. 1. Stundakennsla		360,00	
—	2. Húsnæði		750,00	
—	VIII. 2c. 1. Verklegt nám		1529,90	
—	3. Eldiviður og ljós		815,58	
		Flyt ...	25813,11	1805,11	949577,54

			kr.	kr.	kr.
		Flutt ...	25813,11	1805,11	949577,54
Við		4. Ýmisleg gjöld	81094,67		
—	XI.	1. Laun	400,00		
—	XIII.	4. Farkennsla og eftirlit með heimafræðslu	782,50		
—		5. Til prófdómara við barnapróf .	9392,56		
—	XIV.	1. b. Aðstoðarkennsla	700,00		
—		c. 1. Til búnaðarnáms	50,00		
—		4. Ýmisleg gjöld	1190,45		
—		3. Til nýrra héraðsskóla	5000,00		
—	XV.	1. Til húsmæðraskóla á Staðarfelli	3300,00		
—	XVI.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja	11391,19		
				139114,48	
					140919,59

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmennta og lista.

Við	1.	c.	Til aðstoðar	200,00	
—	2.	c.	Yms gjöld	501,80	
—	3.	b.	Til aðstoðar	230,00	
—		d.	Til áhalda og aðgerða	500,00	
—	5.	b.	Viðhald og áhöld	300,00	
—	6.		Til kaupstaðarbókasafna...	80,00	
—	32.		Til landskjálftarannsókna	23,75	
—	42.		Ferðastyrkur til útlanda...	7734,00	
				... ...	9569,55

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja.

Við	5.		Gjöld eftir II. kafla jarðræktarlaganna	112069,43	
—	11.		Fjárkláðalækningar	475,95	
—	14.	c.	Til veðurathugana utan Reykjavíkur	1652,74	
—		d.	Til veðurskeyta o. fl.	300,00	
—		f.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	5028,20	
—	18.		Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra...	5504,75	
—	23.		Til markaðsleitar erlendis	2735,00	
				... ...	127766,07
			Flyt		1227832,75

		kr.
	Flutt	1227832,75

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

Til almennrar styrktarstarfsemi.

Við	1.	Styrkur til berklasjúklinga...	411651,94	
—	3.	Styrkur til sjúkrasamlaga...	2004,45	
—	7.	Til slysatryggingar	3070,24	
Við	8.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis	682,21	
			... ...	417408,84

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. er veitt:

Óviss útgjöld		143501,46

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 25. gr. er veitt:

Væntanleg fjáraukalög	1800,00		
Þingsályktanir...	31546,10		
		... ...	33346,10
	Samtals ...		1822089,15

Athugasemdir

fyrir frumvarpi þessu eru í landsreikningnum 1928, athugasemdum yfirskoðunarmanna við þann reikning og svörum ráðherra gegn þeim athugasemdum.

3. Frumvarp

til laga um samþykkt á landsreikningnum 1928.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
I. Tekjur:		
1. Fasteignaskattur	240000.00	259744.32
2. Tekju- og eignarskattur	950000.00	1107172.44
3. Lestagjöld af skipum	40000.00	44215.70
4. Aukatekjur	350000.00	574230.92
5. Erfðafjárskattur	40000.00	38022.76
6. Vitagjöld	300000.00	449340.18
7. Leyfisbréfagjöld	10000.00	15336.35
8. Stimpilgjöld	300000.00	419454.61
9. Skólagjöld	15000.00	29281.62
10. Bifreiðaskattur	30000.00	58117.09
11. Útflutningsgjöld	850000.00	1338387.68
12. Áfengistollur	650000 00	441312.74
13. Tóbakstollur	800000.00	1083429.24
14. Kaffi- og sykurtollur	1000000.00	1218585.34
15. Annað aðflutningsgjald	150000 00	255373 00
16. Vörutollur	1000000.00	1650769.26
17. Verðtollur	850000.00	1667140.22
18. Gjald af brjóstsykur- og konfektgerð	20000.00	106207.47
19. Pósttekjur	475000.00	561093.16
20. Símatekjur	1500000.00	1656259.21
21. Vínein kasalan	450000.00	529553.11
22. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	34600 00	50662.90
23. Tekjur af bönkum og vaxtatekjur	315000.00	166006.13
24. Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld	82000.00	517763.14
25. Tekjur samkv. sérstökum lögum	»	56211.61
26. Eytt af innstæðu	»	116053.25
Samtals	10451600.00	14409723.45

		Fjárveiting	Reikningur
		kr.	kr.
	II. Gjöld:		
1.	Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	1385676.00	1536632.13
2.	Borðfé Hans Hátignar konungsins	60000.00	60000.00
3.	Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	219350.00	226787.57
4.	Til ríkisstjórnarinnar:		
	A. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.	185760.00	237934.83
	B. Hagstofan	47500.00	57106.17
	C. Utanríkismál o. fl	80500.00	83460.31
5.	A. Dómgæzla og lögreglustjórn	696026.00	825388 95
	B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	144000.00	221251.17
6.	Læknaskipun og heilbrigðismál	876905.00	960996.65
7.	Til samgöngumála:		
	A. Póstmál	471960.00	477506.88
	B. Vegabætur	834450.00	1191133.96
	C. Samgöngur á sjó	340000.00	356054.28
	D. Hraðskeyta- og talsímasamband	1350900.00	1489469.67
	E. Vitamál	228620.00	246649.39
8.	Til kirkju- og kennslumála:		
	A. Andlega stéttin	324181.00	297090.80
	B. Kennslumál	1079895.00	1205505.07
9.	Til vísinda, bókmennta og lista	198030.00	204826.88
10.	Til verklegra fyrirtækja	965055.00	1036323.74
11.	Til almennrar styrktarstarfsemi	665800.00	1086816.92
12.	Eftirlaun og styrktarfé	189269.97	181812.55
13.	Óviss útgjöld	100000.00	243501.46
14.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000.00	43533.42
15.	Eimskipafélag Íslands o. fl.	»	98500.00
16.	Greiðslur samkv. lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	»	955827.33
17.	Lækkun lausra skulda	»	14831.22
18.	Aukinn sjóður	»	1070777.90
19.	Sjóðmismunur	»	4.20
	Samtals ...	10453877.97	14409723.45

Athugasemd við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykkt. Landsreikningurinn fyrir árið 1928 verður lagður samhliða þessu frv. fyrir Alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð og fjárlögin, og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

4. Frumvarp

til laga um breyting á siglingalögum, nr. 56, 30. nóvember 1914.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

32. gr. laganna orðist þannig:

Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og sjómannalögunum og þeim reglugerðum og fyrirskipunum, sem gerðar hafa verið samkvæmt þeim.

2. gr.

Tilvitnanirnar til 52., 108. og 50. gr. í 4. málsgr. 42. gr. laganna falli niður.

3. gr.

176. grein laganna orðist þannig:

Skyldir eru farþegar að fara að öllu eftir fyrirmælum þeim, sem gerð eru um góða háttsemi og reglu á skipinu.

Ákvæði 54. og 61. gr. sjómannalaganna taka og til þeirra.

4. gr.

Fyrri málsgrein 254. gr. laganna orðist þannig:

Ef skipstjóri hefir ekki á skipinu eitt eintak af lögum þeim, reglugerðum og fyrirskipunum, sem getur í 32. gr., sætir hann allt að 100 króna sektum.

5. gr.

255. gr. laganna orðist þannig:

Vanræki skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri það, sem þeim er boðið í 41.—44. gr. og 48. gr. laga þessara, sbr. 45.—48. gr. sjómannalaganna, um skráning í leiðarbók, dagbók eða vélarbók, geymslu þeirra og sýningu, varðar það 10—500 króna sektum.

Hafi skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri með vilja ritað rangt leiðarbók, dagbók eða vélarbók, eða ónýtt hana með öllu af ásettu ráði, dregið hana undan eða gert ólæsilega, og varðar það fangelsi við vatn og brauð eða

betrunarhúsvinnu allt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

264. gr. laganna orðist þannig:

Hafi skipstjóri orðið sekur um brot gegn síðari málsgr. 255. gr., eða gegn niðurlagsákvæði 259. gr., eða 1. málsgr. 260. gr. eða gegn 261. gr. og má þá ákveða í refsidóminum, að dómfelldi ennfremur skuli sviftur rétti til skipstjórnar, um ákveðinn tíma eða ævilangt. Skal þá jafnframt taka fram í dóminum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviftur rétti til skipstjórnar.

Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal, svo fljótt sem unnt er, senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftirrit af dóminum, svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi.

Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn, og sérstakar ástæður mæla með því, getur konungur, eftir tillögum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar, enda þótt sá tími, sem til er greindur í dóminum, eigi sé liðinn.

7. gr.

279. gr. laganna orðist þannig:

Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 258. gr. og í upphafsákvæði 259. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn nema sá krefjist þess, er misgert var við.

Mál út af brotum gegn niðurlagsákvæði 259. gr. eða gegn 260., 261. eða 262. gr. skulu lögð fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin. Sé um algerðan skiptapa að ræða, hafi skip steytt grunni og orðið að leita hjálpar annara, eða hafi annað sjóslys orðið, er manntjón hlauzt af eða annað verulegt tjón, má eigi fella niður málssókn fyr en leitað hefir verið umsagnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi 1929. Nú er frumvarpið lagt fyrir þingið á ný óbreytt, og vísast til athugasemda þeirra, er fylgdu frumvarpinu á þinginu 1929, eins og þær eru prentaðar hér á eftir:

Frumvarp þetta er komið frá nefnd þeirri, er skipuð var til að endurskoða siglingalögin, og fylgdi því svofelld

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu felast nokkrar breytingar á siglingalögunum, sem nauðsynlega leiða af setningu sjómannalaganna. Um einstakar gr. þess skal þetta tekið fram.

Um 1. gr.

Breytingin er hér sú ein, að sjómannalögunum er bætt við í tölu þeirra laga, er skipstjóri á að hafa á skipi.

Um 2. gr.

52., 108. og 50. gr. sigll. eru felldar úr gildi með sjómannalögunum. Því er rétt að fella tilvísunina til þeirra niður hér, en ekki breytir það efni gr.

Um 3. gr.

52. gr. sigll. tekur einnig til farþega. Hún er felld niður með sjómannalögunum. Sama er að segja um 86. gr., sem vísað er til í 176. gr. sigll. Er gr. hér breytt í samræmi við þetta.

Um 4. gr.

Sjá aths. við 1. gr.

Um 5. gr.

84. og 85. gr. sigll., sem vitnað er til í 1. mgr. 255. gr. sigll., eru felldar niður með sjómannalögunum og 45.—48. gr. þeirra komnar í staðinn. Hér er tilvitnuninni breytt skv. þessu.

Í 2. mgr. 255. gr. sigll. er vélarbók eigi nefnd. Hér er henni bætt við, enda eiga að gilda um hana sömu reglur að þessu leyti sem um leiðarbók og dagbók.

Um 6. gr.

Breytingin er gerð til samræmis við 74. gr. sjómannalaganna.

Um 7. gr.

Breytingin er gerð til samræmis við 88. gr. sjómannalaganna.

5. Frumvarp

til laga um sveitabanka.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands veitir rekstrarlán til bænda og annara, er landbúnaðarframleiðslu stunda, eftir reglum þeim, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbankans veitir lán til sparisjóða, samvinnukaupfélaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að féð sé eingöngu notað til þess að lána það út aftur til sveitabanka, sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt lögum þessum.

Vexti af lánum þessum ákveður stjórn Búnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra.

3. gr.

Samvinnukaupfélög, er gerast milliliðir um rekstrarlán skv. 2. gr., skulu halda þeirri starfsemi algerlega aðgreindri frá kaupfélagsstarfrækslu sinni, með sérstakri bókfærslu og aðskildum fjárhag.

4. gr.

Sveitabankar eru rekstrarlánafélög með skyldum og réttindum samvinnufélaga. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með þeim afbrigðum, er hér segir:

a. Félagsmenn skulu allir stunda einhverja tegund landbúnaðarframleiðslu og allir vera búsettir í sama byggðarlagi. Þeir mega ekki færri vera en 10 og ekki fleiri en 30. Þó mega félagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
b. Kjörtími stjórnenda skal eigi lengri vera en 2 ár, og er löglegt að meiri hluti stjórnar gangi úr á sama ári.

   Annar endurskoðandi félagsins skal kosinn af félaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiftir við um rekstrarlán samkvæmt lögum þessum.
c. Félagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.
d. Árgjald í varasjóð félagsins og aðra óskiptilega tryggingarsjóði, skal ákveða í samþykktum, eigi minna samtals en svarar $^1/_2$% ársvöxtum af öllum útlánum félagsins. Allur tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð.
e. Sveitabanki tekur við innlögum með sparisjóðskjörum, frá utanfélagsmönnum sem félagsmönnum, til útlána handa félagsmönnum eða ávöxtunar í tryggum peningastofnunum.
f. Félagsmaður getur jafnan sagt sig úr félagi með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en um ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins fer eftir lögum um samvinnufélög.
g. Undirskrift formanns og minnst helmings meðstjórnenda hans skuldbindur félagið.

5. gr.

Stjórn sveitabanka ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern félagsmann, í samráði við endurskoðendur, fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við búrekstur félagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks félagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr.

Utanfélagsmönnum má ekki lána.

6. gr.

Hver félagsmaður setur félaginu veð eða aðra tryggingu, er félagsstjórn telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma.

7. gr.

Útlán sveitabanka skulu eigi veitt til lengri tíma en 6 mánaða í einu eða með 6 mánaða uppsagnarfresti og venjulega eigi framlengd lengur en svo, að allur lánstíminn verði eitt ár.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar láni hefir verið varið til að kaupa dýr landbúnaðarverkfæri, er þó heimilt að framlengja lánið lengur, þó aldrei yfir 5 ár samtals.

Lánin skulu veitt gegn víxlum, skuldabréfum eða í reikningslánsviðskiptum.

8. gr.

Heimili og varnarþing sveitabanka má vera í kauptúni, þar sem félagsmenn hafa aðalviðskipti sín, þótt það sé utan félagssvæðis.

Þar getur og sveitabanki haft skrifstofu undir stjórn umboðsmanns, er annast reikningshald, fjárgeymslu og útborganir bankans og tekur við innlögum og greiðslum til hans. En lán má umboðsmaður sveitabanka ekki veita, né takast á hendur ábyrgð fyrir bankans hönd, nema eftir sérstökum fyrirmælum eða umboði bankastjórnar í hvert sinn.

9. gr.

Sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, er veita sveitabönkum lán, geta í þess stað keypt víxla einstakra félagsmanna með framsalsábyrgð félagsins. Slíka víxla getur stofnunin endurselt með framsalsábyrgð sinni til sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands, enda séu víxlarnir vistaðir þar eða á þá rituð yfirlýsing um, að útgefandi og ábekingar fráfalli afsögn vegna greiðslufalls.

Nú verður víxill, sem sveitabanki hefir ábyrgzt fyrir félagsmann sinn, eigi sýndur á greiðslustað til borgunar á gjalddaga, og glatast þá eigi víxilréttur inn, ef útgefandi og ábekingar hafa, með orðunum »án afsagnar« eða annari slíkri áritun á víxilinn, fráfallið afsögn vegna greiðslufalls.

Víxlar þeir, er sveitabanki ábyrgist fyrir félagsmann sinn, skulu jafnan meðtaldir innan takmarka láns hans samkv. 5. gr., og varasjóðsgjald greiðist af þeim eins og öðrum útlánum rekstrarlánafélaga samkv. 4. gr. d., enda skulu allir slíkir víxlar tilfærðir í bókum sveitabanka.

10. gr.

Auk viðskipta sveitabanka við Búnaðarbanka Íslands, með eða án milligöngu sparisjóða og annara peningastofnana, geta sveitabankar selt víxla sína eða tekið lán hvar sem vera skal.

11. gr.

Um sparisjóðsstarfsemi sveitabanka gilda hin almennu löggjafarákvæði um sparisjóði, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

12. gr.

Stjórn sveitabanka skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni nafnaskrá yfir félagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, á skrifstofu sýslumanns.

Samtímis skal og senda nafnaskrá félagsmanna til peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við, og til Búnaðarbanka Íslands.

13. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal stjórn sveitabanka senda peningastofnun þeirri, er félagið skiptir við, og Búnaðarbankanum, afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Ennfremur tilkynning um breytingar á samþykktum félagsins og nafnaskrá yfir stjórnendur þess og starfsmenn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er félagsmanni sveitabanka rétt að veðsetja honum einu nafni tiltekna flokka búpenings síns, framleiðslutækja og jarðarafurða, er hann á á hverjum tíma eða eignast kann, til tryggingar skuldbindingum sínum við bankann.

Lausafjárveð sveitabanka þarf eigi að víkja fyrir forgangskröfum í þrotabúi skuldunauts.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld fyrir slík veðskjöl.

Sveitabankar hafa lögtaksrétt fyrir öllum kröfum á hendur félagsmönnum sínum.

15. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sveitabanka og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþykktum slíkra félaga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi 1929. Nú er frumvarpið lagt fyrir þingið óbreytt á ný og vísast til athugasemda þeirra, er fylgdu frumvarpinu á þinginu 1929.

6. Frumvarp

til sjómannalaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

I. KAFLI.

Um ráðningarsamning skipstjóra.

1. gr.

Útgerðarmanni ber að sjá um, að gerður sé skriflegur samningur við skipstjóra um ráðningarkjör hans.

2. gr.

Sé eigi annað ákveðið í samningnum um lengd ráðningartímans, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, með þriggja mánaða fyrirvara, og sé ráðningu þá slitið í íslenzkri höfn, er skipið kemur í til fermingar eða affermingar. Þó er skipstjóra rétt, eftir 18 mánaða starfstíma á skipinu, að segja ráðningarsamningi sínum upp, með 3 mánaða fyrirvara, til ráðningarslita í fermingar- eða affermingarhöfn erlendis.

3. gr.

Útgerðarmaður getur vikið skipstjóra úr stöðu hans hvenær sem er.

Sé honum vikið úr stöðu, áður en ráðningartími hans er úti, og án þess, að heimild sé til þess samkv. 4. og 5. gr., þá á hann rétt á bótum fyrir tjón það, er frávikningin bakar honum.

Sé annað eigi sannað um upphæð tjónsins, á hann rétt á þriggja mánaða kaupi, og auk þess ferðakostnað og fæðispeningum til hafnar þeirrar, er ráðningu skyldi slitið í, samkv. samningnum, eða til íslenzkrar hafnar, hafi honum verið vikið úr stöðu erlendis, og komi ákvæði 2. gr., um ráðningarslit í íslenzkri höfn, til greina.

4. gr.

Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni sakir veikinda eða meiðsla, er gera hann óhæfan til skipstjórnar, á hann rétt á þriggja mánaða kaupi frá ráðningarslitum.

Eigi hann sjálfur sök á veikindunum eða meiðslunum, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðist á skipið, á hann eigi rétt á kaupi lengur en hann gegnir starfi sínu.

5. gr.

Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni vegna ódugnaðar, óráðvendni eða vegna stórkostlegra yfirsjóna eða hirðuleysis við starf hans, á hann ekki rétt á kaupi lengur en hann gegnir starfi sínu.

6. gr.

Farist skip, eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi, er ráðningu skipstjóra þar með slitið, sé eigi annað ákveðið í samningi. Skipstjóri er þó skyldur til að dvelja á staðnum, þar til skipverjum, skipi og farmi hefir verið ráðstafað, og á hann rétt á kaupi þann tíma og dvalarkostnaði.

Um rétt skipstjóra til ferðakostnaðar heim til sín, kaups og fæðispeninga á heimleið og bóta fyrir muni, er farizt hafa, fer eftir því, sem ákveðið er um skipverja í 41. gr.

7. gr.

Um kaupgreiðslu, er skipstjóri deyr, um umönnun hans og heimsendingu, er sjúkdóm ber að höndum, um greftrun hans og meðferð eftirlátinna muna hans, fer eftir því, sem ákveðið er um skipverja í 24. og 28.—30. gr.

8. gr.

Sé skipstjóra heitið hluta af farmgjaldi skips eða af öðrum tekjum af ferðinni eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni, og ráðningu er slitið, áður en ferðinni er lokið eða reikningsárið er liðið, og á hann þá rétt á að fá svo mikinn hluta þessarar þóknunar, sem svarar til starfstíma hans, að tiltölu við ferðina alla eða reikningsárið allt.

Eigi skipstjóri samkv. 3., 4. eða 6. grein, rétt á kaupi fyrir lengri tíma en hann gegnir starfi sínu, eða sé kaupgjald reiknað eftir 7. sbr. 24. gr., skal þóknun sú, sem ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar, ef aðila greinir á um upphæð hennar, ákveðin með mati lögskráningarstjóra, þó svo, að hver aðili um sig getur lagt það mat undir úrskurð sjódóms.

II. KAFLI.

Um skiprúmssamning skipverja.

1. Um samningsgerðina.

9. gr.

Skipstjóri ræður fyrir hönd útgerðarmanns, stýrimann, vélstjóra og aðra skipverja.

Skipstjóri skal, ef því verður viðkomið, ráðgast við yfirvélstjóra, um ráðningu þeirra skipverja, er starfa við vélgæzluna.

Skipstjóri má eigi ráða neinn mann á skip, er hann veit, að ráðinn er annars staðar.

10. gr.

Eigi má hafa börn yngri en 14 ára til vinnu á skipi.

Yngri menn enn 18 ára mega eigi vera kyndarar eða kolamokarar, og eigi hjálpardrengir við vélgæzlu, þeir sem yngri eru en 16 ára.

11. gr.

Sérhver skipverji, sem ráðinn er á skip, stærra en 12 smál. brúttó, skal hafa sjóferðabók eða sjóferðavottorð. Skipstjóri geymir sjóferðabækur eða sjóferðavottorð skipverja, meðan skipverji er í skiprúminu.

Sérhver samningur um ráðningu í skiprúm á skipi, sem stærra er en 12 smálestir brúttó, skal gerður skriflega. Skal hann skráður á skipshafnarskrá og báðir aðilar undirrita hann í skipshafnarskránni. Í samningnum skal meðal annars greina,

1. fullt nafn skipverja, fæðingarár og dag, fæðingarstað og heimili,
2. stöðu hans á skipinu,
3. ferð þá eða tímabil, sem skipverji er ráðinn til, hvar ráðningu skuli slitið og uppsagnarfrest, sé um það samið,
4. umsamið kaup, og sé það ákveðið í einu fyrir ferðina, þá hve lengi búizt er við að sú ferð standi yfir,
5. umsamið kaup fyrir aukavinnu eða eftirvinnu,
6. önnur hlunnindi, er skipverji kann að vera ráðinn fyrir.

Þegar skipverji er ráðinn á skip, skal skipstjóri afhenda honum viðskiftabók, skipverja að kostnaðarlausu. Í viðskiftabók skal skiprúmssamningurinn skráður, svo og það, hvenær skipverji kemur í skiprúm eða fer úr því, uppsögn á samningi, og hvenær hún fer fram, greiðslur allar á kaupi, aflahlut eða annari þóknun. Sé vísað til kaupgjaldsskrár í skiprúmssamningi, skal skipstjóri sjá um að eftirrit af skránni sé á skipinu, til afnota fyrir skipverja.

Í viðskiftabók skulu vera prentuð ákvæði laga og reglugerða, er mestu varða fyrir sjómannastéttina.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um gerð viðskiftabóka, svo og sjóferðabóka og sjóferðavottorða.

2. Um ráðningartímann.

12. gr.

Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma, eða með tilteknum uppsagnarfresti, en eigi ákveðið hvar hann fari af skipi, og endi ráðningartíminn meðan skip er í ferð, þá skal samningurinn gilda þar til skipið kemur til hafnar, þar sem ferma skal það eða afferma.

13. gr.

Sé eigi annað ákveðið, um lengd ráðningartímans, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, þannig, að skipverji fari úr skiprúmi í höfn, er ferma skal eða afferma skipið í. Sé skipverji íslenzkur, og ráðinn á skipið í íslenzkri höfn, geta aðilar þó aðeins sagt samningi upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi í íslenzkri fermingar- eða affermingarhöfn.

Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi stýrimanna og vélstjóra skal vera einn mánuður, en 7 dagar á öðrum skiprúmssamningum.

14. gr.

Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma eða til ákveðinnar ferðar, og verði hann kyr á skipinu, eftir að ráðningartíminn er liðinn eða ferðinni lokið, en eigi gerður nýr samningur, og getur þá hvor aðila um sig sagt samningnum upp, samkvæmt 13. gr.

15. gr.

Skipverji, sem verið hefir í skiprúmi í 1½ ár frá því ráðningarsamningur síðast var gerður við hann, getur, enda þótt öðru vísi sé umsamið, og þrátt fyrir ákvæði 13. gr. um brottför úr skiprúmi í íslenzkri höfn, farið úr skiprúmi í fermingar- eða affermingarhöfn skipsins, hafi hann áður sagt skiprúmssamningnum upp, með þeim fyrirvara, sem greinir í 2. málsgr. 13. gr.

16. gr.

Skipverja, sem rétt hefir til að fara úr skiprúmi, samkv. samningi eða samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal þó skylt, að vinna nauðsynleg störf á skipinu, sé þess krafizt, þó eigi lengur en í 2 daga, eða ef skipið er seglskip, í 4 daga, frá því skipið kom til hafnar.

Ef gefa skal sjóferðaskýrslu eða halda sjóferðapróf, er skipverji skyldur til að dvelja þar á staðnum þar til því er lokið, gegn kaupi og dvalarkostnaði þann tíma.

17. gr.

Ef lög eða yfirvöld í erlendri höfn, þar sem skipverji skyldi fara úr skiprúmi, banna honum landsvist eða heimta þær tryggingar fyrir landsvistarleyfi hans, er hann eigi getur sett, skal honum skylt að gegna áfram stöðu sinni á skipinu, þar til það kemur til hafnar, sem hann getur farið úr skiprúmi í.

3. Um kaup skipverja.

18. gr.

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips, tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags, og að honum meðtöldum, er þjónustu hans á skipinu lýkur, eða sé hann skráður úr skiprúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum, enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum.

Skipverji á ekki rétt á kaupi um þann tíma, er hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi.

Þurfi að reikna kaup fyrir mánuð eða brot úr mánuði telst mánuðurinn 30 dagar.

19. gr.

Greiðslu á kaupi getur skipverji einungis krafizt, þegar skipið er í höfn, og að eins einu sinni á viku.

Kaupið greiðist í peningum, hafi skipverji ekki óskað að fá það greitt með ávísun á útgerðina. Greiðslu má krefjast í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, með því gengi, er bankar þar þá greiða fyrir mynt þá, sem kaupið er talið í í samningnum.

Ef íslenzkur skipverji, sem staddur er erlendis, óskar að senda kaup sitt heim til Íslands, eru íslenzkir ræðismenn skyldir til að veita honum aðstoð til þess ókeypis. Ríkissjóður ábyrgist peningasendingar þessar. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um peningasendingar skipverja.

20. gr.

Skipverji getur krafizt þess, að tveir þriðju hlutar af kaupi hans séu greiddir nafngreindum manni hér á landi eftir ávísun, eða lagðir inn í banka eða sparisjóð hér á landi.

Ávísanagreiðslur má eigi stöðva né lækka án samþykkis skipverjans fyr en ráðningu hans er slitið, nema svo sé, að sá hluti kaupsins, er eigi var ávísað, hrökkvi eigi fyrir greiðslum á sektum, er skipstjóri hefir lagt á hann samkv. lögum þessum, skaðabótakröfum, er útgerðin á á hendur honum, og rísa af starfi hans á skipinu, og kröfum yfirvalda á hendur honum, sem útgerðarmanni að lögum er skylt að tryggja, með því að halda eftir kaupi skipverjans.

21. gr.

Skipstjóra er heimilt að halda eftir þriðjungi af þeim hluta kaups, er skipverji sjálfur getur tekið á móti, þar til skipverji fer úr skiprúmi, þó aldrei hærri upphæð en hálfsmánaðarkaupi.

22. gr.

Sé samið um ákveðna upphæð í kaup fyrir ferðina, skal farið eftir áætlun þeirri um lengd ferðarinnar, sem gerð er í viðskiftabókinni, ef reikna þarf kaup eftir tímalengd.

Standi ferðin lengur yfir en áætlað var, er skipverji réðist á skipið, á hann rétt á tiltölulegri viðbót við kaupið, sé eigi öðru vísi umsamið. Standi ferðin skemur yfir, á hann allt að einu rétt á hinu umsamda kaupi að fullu

23. gr.

Fækki skipverjum meðan ferð stendur yfir, skal kaup það, er við það sparast, meðan skipið er í hafi, skiftast milli þeirra, sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda með borgun fyrir yfirvinnu.

24. gr.

Deyi skipverji telst kaup hans til dánardags, og að þeim degi meðtöldum, enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups, vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum.

Sé skipverji íslenzkur, og hafi hann verið í þjónustu útgerðarmannsins í síðustu sex mánuði áður en hann dó, skal útgerðarmaður greiða ekkju hans eða ólögráða börnum viðbótarkaup um einn mánuð.

Hverfi skip, og verði eigi upplýst, hvenær það fórst, skal kaupið reiknast eins og dauða skipverja hefði að höndum borið, er sá tími var liðinn, sem skip slíkt sem þetta, þurfti, á þeim tíma árs, til ferðar sinnar til ákvörðunarstaðar síns, þaðan sem síðast spurðist til þess.

25. gr.

Komi það í ljós, er reikningar eru gerðir upp, að skipverji hafi fengið meira greitt, en honum bar, þá er það fé eigi afturkræft, ef svo er, að ráðningu skipverja sé slitið af þeim ástæðum einhverjum, sem ræðir um í 24. gr., 1. málsgr. 32. gr., 34. eða 38—41. gr.

4. Um umönnun skipverja í veikindum og útför hans.

26. gr.

Skipverji er skyldur til að láta lækni rannsaka heilsufar sitt, ef skipstjóri krefst þess, enda sé það gert skipverja að kostnaðarlausu.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur með reglugerð skipað fyrir um læknisskoðun skipverja.

27. gr.

Veikist skipverji eða slasist, skal skipstjóri sjá um, að hann fái nauðsynlega umönnun á skipinu eða í landi, þar með talið fæði, húsnæði, hjúkrun, læknishjálp og lyf.

Ef ástæða er til að ætla, að skipverji sé haldinn sjúkdómi, sem hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, láta lækni skoða sjúklinginn. Sé eigi örugt, að verjast megi smithættu á skipinu, skal skipstjóri láta flytja sjúklinginn í land.

Geti sjúkur skipverji eigi sjálfur gætt muna sinna, skal skipstjóri annast um þá.

Sé skipverji skilinn sjúkur eftir erlendis, skal skipstjóri fela hann umsjá íslenzks ræðismanns, eða sjá honum sjálfur fyrir góðri umönnun, ef ræðismaður er eigi á þeim stað, og tilkynna þetta þeim ræðismanni, sem næstur er.

28. gr.

Útgerðarmaður greiðir allan kostnað af umönnun sjúkra skipverja, meðan ráðningu þeirra er eigi slitið.

Sé skipverji veikur eða slasaður, er ráðningu hans er slitið, á hann rétt á að útgerðarmaður kosti umönnun hans í veikindunum, í allt að sex vikur, eða í allt að tólf vikur, sé skipverji íslenzkur og njóti umönnunar erlendis. Þetta tímabil telst frá því að skipverji er skráður úr skiprúmi, eða frá því skipið lét úr höfn, hafi hann eigi verið skráður úr skiprúmi. Sé íslenzkur skipverji skilinn eftir erlendis, á hann auk þess rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi. Sé hægt að útvega honum stöðu, eigi lægri en þá, er hann áður hafði, og eigi ver launaða, á skipi, sem fara á hingað til lands, eða til hafnar, sem hægara er að senda hann frá heim til sín, þá er hann skyldur að taka þeirri stöðu, ef heilsa hans leyfir.

Eigi skipverji sjálfur sök á veikindunum eða slysinu, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðist á skipið, skal hann sjálfur bera kostnaðinn við umönnun sína vegna veikindanna, bæði áður en ráðningu var slitið og eftir, og ferð sína heim, og má þá draga kostnað þann, sem útgerðarmaður hefir haft af þessu, frá kaupi skipverjans.

Sé ráðningu skipverja, sem haldinn er smitandi berklaveiki, slitið, greiðir ríkissjóður kostnað þann við umönnun hans og heimferð, sem útgerðarmaður skyldi greiða, samkv. annari málsgr. þessarar greinar.

Sé ráðningu íslenzks skipverja, sem haldinn er smitandi kynsjúkdómi, slitið erlendis, greiðir ríkissjóður kostnaðinn við umönnun hans vegna veikindanna, eftir að ráðningu hans var slitið.

29. gr.

Deyi skipverji, skal skipstjóri gera útför hans sæmilega, og tilkynna vandamönnum hans látið.

Skipstjóri skal í votta viðurvist láta gera skrá yfir muni hins látna, sem á skipinu eru. Deyi skipverji erlendis, skal skipstjóri afhenda næsta ræðismanni íslenzkum skrá þessa. Reynist vandkvæði á að geyma muni þessa á skipinu, skal skipstjóri annaðhvort afhenda ræðismanni þá, eða selja þá með sem heppilegustum hætti.

30. gr.

Deyi skipverji, áður en ráðningu hans er slitið, skal útgerðarmaður greiða útfararkostnað hans. Sama gildir, ef hann deyr eftir að ráðningu hans var slitið, en á þeim tíma, að útgerðarmanni var skylt að greiða kostnaðinn við umönnun hans.

Deyi íslenzkur skipverji á þeim tíma, að ríkissjóði bar að greiða kostnaðinn við umönnun hans, ber ríkissjóði einnig að greiða útfararkostnað hans.

31. gr.

Verði skipstjóri að skilja veikan eða slasaðan skipverja eftir erlendis í umsjá ræðismanns, er honum skylt að setja tryggingu fyrir kostnaði þeim við umönnun skipverjans og annað, sem útgerðarmanni er skylt að greiða, samkv. 28. og 30. gr.

Kaup það, er skipverji kann að eiga inni, skal greitt ræðismanni, og

má skipverji eigi ráðstafa því, án leyfis ræðismanns, meðan hann er í umsjá hans.

Geti skipstjóri eigi fengið aðstoð íslenzks ræðismanns, og verði því að greiða kostnað við umönnun íslenzks skipverja, vegna veikinda, er útgerðarmanni eigi bar að greiða, getur hann krafizt þess, að það fé sé endurgreitt sér úr ríkissjóði.

Ákvæði næstu málsgr. hér að framan, gilda einnig um kostnað vegna erlends skipverja, enda færi skipstjóri sönnur á það með læknisvottorði, að nauðsynlegt hafi verið að flytja skipverjann í land, annaðhvort sjálfs hans vegna eða vegna annara manna á skipinu, og að heilsufari hans hafi í engu verið áfátt, er hann réðist á skipið.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um umönnun, greftrun og heimsendingu skipverja samkv. lögum þessum.

5. Um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi.

32. gr.

Sé skipverji eigi vinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa, eða sé hann haldinn sjúkdómi, er hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, og getur skipstjóri þá vikið honum úr skiprúmi. Á skipverji þá rétt á fullu kaupi sínu þar til ráðningu er slitið, og auk þess í einn mánuð frá ráðningarslitum, sé hann stýrimaður eða vélstjóri, eða í 7 daga, sé hann í annari stöðu á skipinu.

Sé skipverji sjálfur valdur að veikindunum eða slysinu, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðist á skipið, á hann rétt á kaupi að eins fyrir þann tíma, sem hann var vinnufær þeirra vegna, hvort sem honum er vikið úr skiprúmi eða eigi.

33. gr.

Skipstjóri getur ennfremur vikið skipverja úr skiprúmi,

1. ef hann reynist óhæfur til þess starfa, sem hann var ráðinn til,
2. ef hann kemur ekki til skips á ákveðnum tíma, og skipið á að láta úr höfn, eða ráða verður annan mann í hans stað,
3. ef hann verður sekur um mikil afglöp í starfi sínu, svo sem það, að óhlýðnast hvað eftir annað skipunum yfirmanna sinna, að beita ofbeldi við yfirmenn sína, að misþyrma öðrum mönnum á skipinu, eða er hvað eftir annað drukkinn við störf sín,
4. ef hann verður sekur um þjófnað eða annan meiri háttar glæp, ef hann leynir manni á skipsfjöl, eða tollskyldum varningi, eða þeim varningi, sem útflutningsbann er á á fráfararstað skipsins eða innflutningsbann á ákvörðunarstað þess,
5. ef hann ber ágreining, sem rís af starfi hans á skipinu, undir erlend stjórnarvöld.

Skipstjóri skal, ef þess er kostur, halda próf eftir fyrirmælum 64. gr., áður en hann víkur skipverja úr skiprúmi samkv. þessari grein.

Skipverji, sem vikið er úr skiprúmi samkv. þessari grein, á ekki rétt á kaupi lengur en hann gegndi starfi sínu.

34. gr.

Ef skipverja er vikið úr skiprúmi, áður en ráðningartími hans er liðinn, og án þess að heimild sé til þess í 32. eða 33. gr., þá á hann rétt á ferðakostnaði til þeirrar hafnar, er ráðningu skyldi slitið í, samkv. samningnum, eða til íslenzkrar hafnar, ef ákvæði 13. gr. um ráðningarslit í íslenzkri höfn eiga við. Ennfremur á hann rétt á kaupi meðan á ferðinni stendur, þó eigi skemmri tíma en einn mánuð, sé hann stýrimaður eða vélstjóri, eða 7 daga, sé hann í annari stöðu á skipinu.

6. Um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi.

35. gr.

Ef skipverji sannar, að hann eigi kost á að verða skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri, eða að hann eigi kost á æðri stýrimanns- eða vélstjórastöðu, en hann þá er í, eða að ástæður hans hafi breytzt svo frá því hann réðist á skipið, að það sé velferðarmál fyrir hann, að geta losnað úr skiprúminu, og á hann þá rétt á að krefjast lausnar, ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað, og auki það ekki útgerðarmanni kostnað.

Þegar þannig stendur á, á skipverji aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma, sem hann er í skiprúminu.

26. gr.

Ef illkynjuð farsótt geisar á áætlunarstað skipsins, og fái skipverji eigi vitneskju um það, fyr en eftir að hann réðist á skipið, og er honum þá rétt að krefjast lausnar úr skiprúmi þegar í stað, ef ferð er eigi hafin, en ella í fyrstu höfn, er skipið kemur í, eftir að hann fékk vitneskju um þessi atvik. Kaup tekur hann þá aðeins til þess tíma, er hann gengur úr skiprúminu.

Sama gildir, ef það kemur í ljós eftir að skipverji réðist á skipið, að hætta er á að skipið verði hernumið eða verði fyrir tjóni af hernaðarvöldum eða þess háttar hætta eykst til muna, frá því sem áður var.

37. gr.

Ef skipverji er ráðinn til ákveðinnar ferðar, og ferðinni er breytt til muna, og á hann þá rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, þegar í stað, ef ferð er ekki hafin, en ella í fyrstu höfn, er skipið kemur í, eftir að hann fékk vitneskju um breytinguna.

Skipverji, sem fer úr skiprúmi af því að ferð skipsins var breytt, á rétt á kaupi í einn mánuð, frá því hann fer úr skiprúminu, sé hann stýri-

maður eða vélstjóri, en í 7 daga, sé hann í annari stöðu á skipinu, og auk þess ferðakostnaði og fæðispeningum til ráðningarstaðarins, fari hann úr skiprúmi áður en ferð var hafin, en ella til þess staðar, er ráðningu skyldi slitið á, samkvæmt samningnum.

38. gr.

Ef skip er óhaffært eða íbúðir skipverja bersýnilega heilsuspillandi, og skipstjóri bætir eigi úr þessu, eða ef skipstjóri neitar að láta skoða skipið samkvæmt 59. gr., og á þá skipverji rétt á, að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum, svo sem segir í 34. gr.

39. gr.

Ef skipverji sannar, að skipstjóri hafi misþyrmt sér, eða aðrir menn hafi misþyrmt sér á skipinu og skipstjóri eigi veitt sér vernd, þó þess væri beiðst, eða hann sannar, að skipstjóri láti sig eigi fá sæmilegt fæði, og á hann þá rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum, svo sem segir í 34. gr.

40. gr.

Ef skip missir rétt til að sigla undir íslenzkum fána, eiga skipverjar rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr.

Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóraskifti verði á skipinu, eða skifti verði á útgerðarmanni, ef sá er íslenzkur, sem við tekur.

7. Um slit skiprúmssamnings, er skip verður fyrir sjótjóni.

41. gr.

Farist skip, eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi, er skiprúmssamningi slitið, nema öðruvísi sé um samið. Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur, er sjóferðaskýrsla er tekin, og á hann rétt á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma, er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna.

Ef skiprúmssamningi íslenzks skipverja er slitið erlendis af þeim sökum, er segir í fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi, og greiðist kostnaður þessi úr ríkissjóði. Auk kaups þess, er skipverji á rétt á, samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann og rétt á kaupi meðan hann er á heimleið, þó eigi fyrir lengri tíma en tvo mánuði, sé hann stýrimaður eða vélstjóri, og eigi fyrir lengri tíma en einn mánuð, sé hann í lægri í stöðu á skipinu. Skipverja er skylt að ganga í skiprúm á öðru skipi, samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar 28. gr., og á hann þá eigi rétt á kaupi frá útgerðarmanni skips þess, er fórst, fyrir þann tíma, sem hann er í hinu skiprúminu.

Bætur fyrir eignir íslenzkra skipverja, þær er farizt hafa við slysið, er útgerðarmanni skylt að greiða samkvæmt reglum, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur.

Eigi skipverji samkv. 32., 34. eða 37—41. gr. rétt á kaupi fyrir lengri tíma, en hann gegnir starfi sínu, eða sé kaupgjald reiknað samkv. 24. gr. og hafi honum verið heitið einhverri slíkri þóknun, sem ræðir um í fyrri málsgr. 8. gr., skal sú þóknun ákveðin svo sem segir í síðari málsgr., 8. gr. Eigi skal sú þóknun skerða kaupgjald annara skipverja.

8. Um erlenda skipverja.

42. gr.

Konungur getur ákveðið, að erlendir skipverjar á íslenzkum skipum skuli njóta hlunninda þeirra, er íslenzkum skipverjum eru veitt í 28. og 41. grein, enda njóti þá íslenzkir skipverjar sama réttar um þessi efni sem innlendir í heimalandi hinna erlendu skipverja.

9. Um miskliðir út af ráðningunni.

43. gr.

Ef skipverji er óánægður með reikningsgerð skipstjóra, þá á hann rétt á að lögskráningarstjóri rannsaki reikninginn, hvort sem skipverji er skráður úr skiprúmi eða eigi.

Ef skipið er statt erlendis, og ágreiningur rís milli skipstjóra og skipverja út af reikningsgerð skipstjóra eða starfi skipverja, skal leggja þann ágreining undir úrskurð þess ræðismanns íslenzks, er fyrst næst til.

Báðum aðiljum er skylt að hlíta úrskurði ræðismannsins, þar til unnt er að leggja málið fyrir íslenzka dómstóla.

III. KAFLI.

Um skipsstörfin.

1. Um yfirmenn skipsins.

44. gr.

Skipstjóri hefir í öllum efnum hið æðsta vald á skipinu.

45. gr.

Það er skylda stýrimanns einkanlega, að vera skipstjóra til aðstoðar

við siglinguna og mælingar þær og reikninga, er þar að lúta, svo og við bókun í leiðarbók eða dagbók skipsins. Hann skal og líta eftir öðrum skipverjum, eftir skipinu sjálfu, áhöldum þess og útbúnaði, að svo miklu leyti, sem annað eigi leiðir af ákvæðum 47. greinar. Hann skal sjá um nauðsynlega skrásetningu á farmi, sem fer í skip eða úr skipi, líta eftir fermingu og affermingu og búlkun farms og vista.

Riti stýrimaður leiðarbók eða dagbók, ábyrgist hann, að rétt sé ritað.

46. gr.

Ef skipstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi, og beri eitthvað það að höndum, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, skal stýrimaður eða sá þeirra, sem æðstur er, ráða fram úr því, er eigi má fresta.

Deyi skipstjóri eða verði hann óhæfur til skipsstjórnar eða víki hann úr stöðu sinni, kemur stýrimaður, eða sá þeirra, sem æðstur er, í hans stað, þar til nýr skipstjóri tekur við skipstjórn.

47. gr.

Það er skylda vélstjóra einkanlega að stjórna vélgæzlunni. Hann ber ábyrgð á rekstri, meðferð og viðhaldi vélarinnar og leiðslum þeim og útbúnaði, sem til hennar heyra, svo og þess hluta af bol skipsins, sem lykur um katla og vélarúm, ásamt tilheyrandi kolabyrgjum, vatnsgeymum og ásgöngum. Hann lítur eftir eldsneytisforða skipsins og öðrum vélarnauðsynjum, veitir þeim móttöku og athugar magn þeirra og gæði. Hann lítur ennfremur eftir vélgæzlumönnum skipsins og vistarverum þeirra.

Vélstjóri skal tafarlaust tilkynna skipstjóra, ef hann verður var við galla á þeim hlutum skips, eða á áhöldum þeim eða útbúnaði, er nefndur er hér að framan.

Vélstjóri ritar í vélarbók og ábyrgist að rétt sé ritað.

48. gr.

Ef vélstjórar eru fleiri en einn á skipi, ber yfirvélstjóri ábyrgð á vélgæzlunni í heild sinni. Hann skiftir verkum milli hinna vélstjóranna.

Ef yfirvélstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi og beri eitthvað það að höndum, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, skal sá hinna vélstjóranna, sem æðstur er, ráða fram úr því, sem eigi má fresta.

2. Almennar starfsskyldur.

49. gr.

Skipstjóri og aðrir yfirmenn skulu koma sómasamlega fram við undirmenn sína. Líkamlegri refsingu má aldrei beita.

Allir skulu skipsmenn hegða sér sómasamlega, kurteislega og friðsamlega og gæta nákvæmlega þeirra fyrirmæla, sem sett verða um góða siðu og

reglu á skipinu. Þegar skipverji fær skipun frá yfirboðara sínum, skal hann láta á sér skilja með skýrum svörum, að hann hafi skilið skipunina.

50. gr.

Skipverji skal hlýða skipunum yfirboðara sinna, er að starfinu lúta, vera umhyggjusamur um skip og farm og yfirleitt vinna störf sín með áhuga og trúmennsku.

Tjón það, er skipverji veldur, með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, skal honum skylt að bæta. Dómstólarnir geta þó fært skaðabótaupphæðina niður, með hæfilegu tilliti til þess, hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipverja og annara atvika.

3. Um upphaf vistar skipverja, fjarveru hans og farangur.

51. gr.

Skipverji er skyldur að koma á ákveðnum tíma í skiprúmið. Eftir það má hann eigi fara frá skipi leyfislaust.

Eigi má neita skipverja um landgönguleyfi í frístundum hans, nema því aðeins, að nauðsynlegt sé, að hann fari eigi frá skipinu, vegna öryggis skips, farms eða manna, sem á skipinu eru, vegna nauðsynlegra skipstarfa eða vegna þess, að skipið er búið til brottferðar eða flytja á það til innan hafnar.

Geti skipverji eigi komið á skip á réttum tíma, skal hann tafarlaust skýra skipstjóra frá því.

52. gr.

Ef skipverji kemur eigi til skipsrúms síns á ákveðnum tíma, fer frá skipi í leyfisleysi eða kemur eigi á réttum tíma aftur til skips úr landgönguleyfi, getur skipstjóri látið flytja hann á skip með aðstoð lögreglunnar, sé skipið eigi nægilega mannað án hans eða sé skipverji ölvaður.

53. gr.

Ef skipverji strýkur, getur skipstjóri selt með haganlegum hætti muni þá, er hann lét eftir á skipinu.

Nemi söluverð munanna og kaup það, er skipverji á inni, meiru en skaðabótakröfu útgerðarmanns, skal farið með afganginn samkv. ákvæðum 69. gr.

54. gr.

Skipverja er heimilt að hafa með sér á skipinu hæfilega mikið af farangri, er hann þarf til eigin nota, enda sé það eigi til baga fyrir skip eða farm og eigi hætt við, að af því stafi óregla á skipinu. Verzlunarvörur fyrir sig eða aðra má hann eigi hafa á skipinu, nema með leyfi skipstjóra.

Skipverja er skylt að greiða venjulegt farmgjald fyrir varning, sem hann hefir ólöglega með sér á skipinu og bæta skaða þann er af því hlýzt.

Ef skipstjóri hefir grun um, að ólöglegur varningur sé á skipinu, getur hann látið rannsaka hirzlur skipverja. Skipverjar þeir, er rannsakað er hjá, mega vera viðstaddir rannsóknina. Varning, sem skipverji hefir með sér ólöglega getur skipstjóri tekið í sínar vörzlur, látið flytja á land eða varpa útbyrðis, ef nauðsyn krefur.

4. Um vinnu á skipi, viðurværi skipverja og aðbúð.

55. gr.

Þegar verkum er skift, skal taka tillit til stöðu hvers skipverja á skipinu og þess gætt eftir föngum, að hann taki framförum í kunnáttu í starfi sínu.

Þeim manni, er verkum stjórnar, er skylt að gæta þess, að fylgt sé nauðsynlegum varúðarreglum gegn slysum og sjúkdómum.

56. gr.

Á sunnudögum eða öðrum helgidögum, sem lögteknir eru hér á landi, má eigi setja skipverja til vinnu við þau störf, sem fresta má.

Skipverjum skal, ef þess er kostur, gefið tækifæri til að halda guðþjónustu á skipinu á helgidögum þessum.

57. gr.

Skipstjóri skal sjá um, að skipverjar fái nægan mat og góðan og skal hann um það efni hlíta tilskipun, er konungur setur, um viðurværi skipverja á íslenzkum skipum.

Ef nauðsyn ber til að matur sé dreginn af skipverjum á ferð, skal greiða þeim sanngjarnar bætur þess.

58. gr.

Skipstjóri skal hafa eftirlit með heilbrigðismálum og hreinlæti á skipinu. Hann skal gæta þess, að fylgt sé nákvæmlega reglugerð þeirri, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur, um vistarverur skipverja, viðhald á þeim og hreinlæti í þeim.

5. Um haffærisskoðun.

59. gr.

Ef meiri hluti skipshafnar ber sig upp við skipstjóra yfir því, að skipið sé eigi haffært, í ferð þá, sem því er ætluð, eða yfirvélstjóri, og umkvartanirnar lúta að þeim hluta skips, áhalda þess eða útbúnaðar, er hann hefir umsjón með, og er þá skipstjóra skylt að láta fara fram aukaskoðun á skipinu, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum um eftirlit með öryggi skipa og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim lögum. Komi kvörtunin fram í

erlendri höfn, þar sem aukaskoðun eigi getur farið fram samkvæmt áðurnefndum reglum, skal skipstjóri snúa sér til yfirvaldanna þar á staðnum og fara fram á, að skoðunarmenn séu útnefndir til að dæma um haffæri skipsins.

Reynist það við skoðunina, að umkvartanirnar um óhaffæri skipsins höfðu eigi við skynsamleg rök að styðjast, skulu þeir, sem kærðu, greiða kostnaðinn við skoðunina og skaðabætur svo sem segir í annari málsgr. 50. gr.

Ef skoðunargerð fer fram erlendis, samkvæmt grein þessari, skal ræðismaður sá, er málið hefir haft með höndum, en ella skipstjóri, tafarlaust senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skýrslu um skoðunina.

6. Um agavald skipstjóra.

60. gr.

Skipstjóri, eða sá, sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, getur þröngvað skipverjum til hlýðni með valdi, ef það er nauðsynlegt til að halda góðri reglu á skipinu.

Þá er skip er í háska statt, eða skipverjar gera samblástur, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að þrífa til hverskyns nauðsynjaúrræðis til að koma á hlýðni og góðri reglu, og er hver af skipverjum skyldur til að veita yfirmanni sínum aðstoð sína, jafnvel ótilkvaddur.

Biði sá tjón við þetta, er mótþróann sýndi, á enginn ábyrgð á því, ef yfirmaður beitti eigi meira harðræði en atvik kröfðu.

61. gr.

Drýgi skipverji meiri háttar glæp og sé skipið eigi statt í innlendri höfn, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, taka bráðabirgðaskýrslu um málið, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 64. gr. Ef glæpurinn var unninn í landi eða landhelgi annars ríkis, skal rannsókn þessi því aðeins fara fram, að yfirvöld á þeim stað reki eigi málið.

Þar til íslenzkur ræðismaður eða íslenzk yfirvöld geta tekið málið í sínar hendur, skal skipstjóri gæta þess efir föngum, að sakborningur hverfi eigi á burt og er heimilt að byrgja hann inni eða hefta á annan hátt, ef þörf krefur, og ábyrgist skipstjóri, að hann sé ekki harðara leikinn en vera þarf.

IV. KAFLI.

Um refsivald skipstjóra.

62. gr.

Skipstjóri má refsa skipverja með kaupmissi í einn til sjö daga fyrir þessar yfirsjónir:

1. Komi hann eigi í skiprúmið á ákveðnum tíma, fari hann frá skipi í leyfisleysi eða komi eigi á ákveðnum tíma til skips úr landgönguleyfi.
2. Vanræki hann að tilkynna forföll, er valda því, að hann kemur eigi til skips á ákveðnum tíma.
3. Valdi hann hættu eða tjóni með hirðuleysi í starfi sínu.
4. Víki hann af verði, er hann hefir verið settur við stýri eða skipuð útsýn, eða komið er þar að honum sofandi eða ölvuðum, eða sé hann endranær ölvaður við störf sín.
5. Sói hann matvælum eða fari hann ótilhlýðilega með þau á annan hátt.
6. Leyni hann óviðkomandi manni á skipi eða hleypi manni á skip í leyfisleysi.
7. Flytji hann áfengi á skip eða annan varning, sem honum er óheimilt að hafa á skipi samkvæmt ákvæðum 54. gr.
8. Hegði hann sér ósæmilega við yfirmenn sína eða óhlýðnist skipunum þeirra, er að starfi hans lúta.
9. Taki hann þátt í barsmíðum eða gæti hann á annan hátt ekki góðrar háttsemi og reglu á skipinu.

63. gr.

Refsingu þessari má eigi beita á skipum, sem eru í innanlandssiglingum né á öðrum skipum, meðan þau eru stödd í íslenzkri höfn, og eigi fyrir yfirsjónir ,sem drýgðar eru í íslenzkri höfn, og unnt var að kæra áður en skipið lét úr höfninni.

Eigi má úrskurða skipverja refsingu fyr en 12 klukkustundir eru liðnar frá því að yfirsjónin var drýgð, og eigi síðar en vika er liðin, nema sérstök nauðsyn sé til þess, að frá því sé vikið.

64. gr.

Skipstjóri skal í viðurvist tveggja prófvotta, er hann sjálfur kveður til meðal hinna reyndustu manna af skipshöfninni, halda próf, áður en hann beitir refsivaldi sínu. Annar prófvotturinn skal vera stýrimaður eða vélstjóri, ef þess er kostur, en hinn úr flokki undirmanna skipsins. Þó skulu þeir báðir vera úr flokki yfirmanna, ef þess eru föng, þá er stýrimaður eða vélstjóri er hafður fyrir sök.

Við prófið skal yfirheyra skipverja þann, er fyrir sök er hafður, svo og vitni þau, er með þarf til sönnunar í málinu. Prófvottarnir geta látið skipstjóra leggja spurningar fyrir þá, sem yfirheyrðir eru. Framburður hinna yfirheyrðu og úrskurður skipstjóra skal ritaður í leiðarbók skipsins eða dagbók, eða í sérstaka prófbók, og skal lesa það, sem bókað var, upp fyrir þeim, sem hlut eiga að máli. Skipstjóri og prófvottarnir staðfesta með undirskrift sinni, að rétt sé bókað og geta vottarnir látið bóka þær athugasemdir, er þeim þykir prófið gefa tilefni til.

Hafi skipstjóri eigi farið að, svo sem hér var lýst, er úrskurður hans um refsingu ógildur.

65. gr.

Þegar refsing er ákveðin, skal eigi eingöngu tekið tillit til þess, hve mikilvæg yfirsjónin var eða til atvikanna, er hún var framin, heldur einnig til hegðunar hins seka að undanförnu. Refsingu skal eigi beitt, ef yfirsjónin er smávægileg og ætla má, að áminning nægi.

Skipstjóri getur eigi kært skipverja fyrir yfirvöldunum vegna yfirsjónar, er hann hefir refsað honum fyrir, nema fyrirvari hafi verið gerður um það í refsiúrskurðinum.

66. gr.

Ef ástæða þykir til þess, getur skipstjóri gefið eftir, að nokkru eða öllu leyti, sekt sem hann hefir úrskurðað. Úrskurður um eftirgjöf sektar skal ritaður í leiðarbók eða dagbók skipsins, eða í prófbókina, og undirritaður af skipstjóra og tveim vottum, en er ógildur ella.

67. gr.

Ef skipverji vill eigi una við refsingu, er skipstjóri hefir úrskurðað honum og sé hann erlendis, getur hann borið fram kæru sína fyrir ræðismann, en gera verður hann það í síðasta lagi þá er hann fer úr skiprúmi.

Úrskurði ræðismanns skal hlíta fyrst um sinn við samningu lokareiknings skipverjans, en heimilt er hvorum aðila um sig, á ársfresti þaðan frá, að skjóta málinu til sjódóms á heimili útgerðarinnar hér á landi.

Skipverji, sem kæra vill úrskurð skipstjóra, getur krafizt þess að fá eftirrit af prófunum og úrskurðinum, staðfest af skipstjóra.

68. gr.

Hafi skipverji eigi kært úrskurð skipstjóra fyrir ræðismanni, getur hann lagt kæru sína undir úrskurð sjódóms á heimili útgerðar skipsins hér á landi, en gera skal hann það, áður en ár er liðið frá því hann fór úr skiprúmi. Mál samkvæmt 67. og 68. gr. sæta meðferð einkalögreglumála.

69. gr.

Kaup það, sem haldið er eftir samkvæmt 62. gr., skal skipstjóri greiða til lögskráningarstjóra eða ræðismanns, er skipverji er skráður úr skiprúmi, og láta fylgja staðfest eftirrit af prófunum og úrskurðinum, og skal það sent atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu ásamt kaupinu. Sé skipverji eigi skráður úr skiprúmi skal skipstjóri sjálfur senda ráðuneytinu kaupið og eftirritið.

Fé því, er þannig safnast skal varið til hagsmuna sjómönnum eða vandamönnum þeirra, eftir fyrirmælum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

V. KAFLI.

Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip.

70. gr.

Ákvæði laga þessara gilda einnig, eftir því sem við á, um aðra menn, er ráðnir eru á skip af útgerðarmanni eða skipstjóra, en ekki teljast til venjulegra skipverja. Ákvæði 13., 32., 37. og 41. gr., um stýrimenn og vélstjóra, gilda og um bryta.

71. gr.

Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip, gilda 10., 26., 27., 4. og 5. málsgr., 28. gr., 29., 31., 49., 50., 54., 57., 58., 60., 61., 85., og 87. grein þessara laga, eftir því sem við á.

Menn þessir eru skyldir til að vinna þau verk eftir megni, sem skipstjóra þykir nauðsyn til öryggis skipinu.

72. gr.

Ákvæði 71. greinar 1. málsgr. gilda og um sjómenn, sem sendir eru heim að tilhlutun ræðismanns.

Gegn hæfilegri þóknun er þeim skylt að aðstoða eftir megni við vinnu á skipinu, sé þess krafizt, þó svo að jafnan skal tekið tillit til fyrri stöðu þeirra.

VI. KAFLI.

Um refsingar.

73. gr.

Ef skipstjóri misbeitir valdi því, sem honum er veitt í 60. gr. og í 1. málsgr. 61. gr., eða refsivaldi sínu, eða beiti hann ónauðsynlegri harðneskju við skipverja, vanræki skyldur sínar við veika eða slasaða skipverja, eða láti hann skipverja eigi fá lögboðið viðurværi, varðar það sektum, 10—1000 kr., eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

74. gr.

Í refsidómi samkvæmt 73. gr., má ennfremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða að dómfelldi skuli sviftur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma eða æfilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviftur rétti til skipstjórnar.

Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unnt er, senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftirrit af dóminum svo og skipstjóra-

skírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi.

Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn og sérstakar ástæður mæla með því, getur konungur, eftir tillögum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar, enda þótt sá tími, sem til er greindur í dóminum, eigi sé liðinn.

75. gr.

Brjóti útgerðarmaður eða skipstjóri annars á móti skyldum þeim, sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum, þá varðar það 10—1000 króna sektum.

76. gr.

Ákvæði 73.—75. greinar gilda einnig um þann mann, sem gengur í stað skipstjóra í forföllum hans eða fjarveru.

77. gr.

Ef skipverji ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, er hann var skyldur til að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi, þá varðar það 5—500 króna sektum.

78. gr.

Ef skipverji, í þeim tilgangi að koma sér hjá vinnu á skipi, annaðhvort vanrækir að koma til skips á ákveðnum tíma eða hverfur frá skipi, þá skal hann sæta sektum fyrir strok.

Strjúki skipverji er svo er ástatt, að skipi eða mönnum er með því stefnt í voða, eða séu að öðru leyti miklar sakir, getur refsingin orðið fangelsi eða betrunarhúsvinna allt að einu ári.

Strjúki skipverji með kaup, er hann hefir eigi unnið fyrir, skal honum refsað fyrir svik, hvort sem hann er kominn í skiprúmið eða eigi, nema ætla megi, að tilgangur hans hafi eigi verið sá, að draga sér kaup það, sem hann hafði fengið greitt, en hafði enn eigi unnið fyrir.

79. gr.

Hver, sem tælir skipverja til stroks eða hjálpar honum, með ráðum eða í verki, til að strjúka, sæti sektum eða fangelsi.

80. gr.

Ef skipverji ris upp móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því, og sætir hann þá 5—500 króna sektum, eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

81. gr.

Ef skipverji ræðst á skipstjóra eða annan yfirmann sinn með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, varðar það fangelsi eða hegningarvinnu, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru. Séu málsbætur má beita sektum.

82. gr.

Ef skipverjar, eða nokkur hluti þeirra, gerir samblástur, þá varðar það fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru. Þó getur refsing hvatamanna eða foringja samblástursins orðið hegningarvinna allt að 6 árum, svo og refsing annara samblástursmanna, ef þeir hafa beitt líkamlegu ofbeldi eða mikið fjártjón hefir hlotizt af samblæstrinum.

83. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi samkvæmt 59. grein, og það reynist við skoðunargerðina, að engin skynsamleg rök voru til að telja skipið óhaffært, þá varðar það 5—500 króna sektum, eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

84. gr.

Verði skipverji valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, þá varðar það fangelsi eða sektum.

Sé hinn seki stýrimaður eða vélstjóri, má ennfremur ákveða í dóminum, að hann skuli sviftur rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar, um ákveðinn tíma eða æfilangt. Í dóminum má þó heimila honum að gegna lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu, en þeirri, er hann áður hafði, þann tíma, sem tiltekinn er í dóminum. Um eftirrit af dóminum og um atvinnuskírteini dómfellda fari svo sem segir í 74. gr.

Þegar eitt ár að minnsta kosti er liðið frá dómsuppsögn, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, ef ástæða þykir til þess, veitt stýrimanni eða vélstjóra, sem sviftur hefir verið rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar, heimild til að gegn nánara tiltekinni lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu, eða jafnvel, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt honum aftur að fullu atvinnuréttindi þau, er hann var sviftur, hvorttveggja, enda þótt sá tími, sem til var greindur í dóminum eigi sé liðinn.

85. gr.

Hafi skipverji varning með sér á skipi, án leyfis skipstjóra, og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af varningi þessum, þá varðar það 5—500 króna sektum eða fangelsi.

86. gr.

Ef skipverji fer frá skipi, og er skipið í háska statt, og gætir hann eigi þess, sem góðum sjómanni er skylt að gæta, og varðar það hann sektum eða einföldu fangelsi.

87. gr.

Verði skipverji sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum, með öðrum hætti en áður var sagt, eða raski hann góðri háttsemi eða reglu, og varðar það 5—500 króna sektum.

88. gr.

Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 77. gr., 1. málsgr. 78. gr., 79., 80., 85. og 87. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn, nema sá krefjist þess, er misgert var við, skipstjóri eða útgerðarmaður. Krafa um málssókn skal gerð svo fljótt sem unnt er, og í síðasta lagi áður en ár er liðið frá því, að yfirsjónin var drýgð.

Mál út af brotum gegn 84. og 86. gr. skulu lögð fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin. Sé um algerðan skiptapa að ræða, hafi skip steytt á grunni og orðið að leita hjálpar annara, eða hafi annað sjóslys orðið, er manntjón hlauzt af eða annað verulegt tjón, má eigi fella niður málssókn fyr en leitað hefir verið umsagnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Mál út af brotum gegn 2. og 3. málsgr. 78. gr., 81., 82. og 84. gr. skulu sæta almennri meðferð sakamála, en mál út af brotum gegn 73., 75., 77. gr. 1. málsgr. 78. gr., 80., 83., 85., 86. og 87. gr. skulu rekin sem almenn lögreglumál.

89. gr.

Hafi skipverji orðið sekur um yfirsjón og sætt refsingu fyrir hana eftir 62. gr., og verður mál höfðað um það á hendur honum, og skal dómurinn þá kveða á um sekt hans með réttmætri hliðsjón af hinni fyrri refsingu hans, og má þá færa refsinguna niður fyrir það, sem ella er ákveðið fyrir þá yfirsjón, eða fella refsinguna niður með öllu.

90. gr.

Mál þau er ræðir um í þessum kafla skulu rekin í sjódómi.

91. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

VII. KAFLI.

Um gildi laga þessara og afnám eldri lagaákvæða.

92. gr.

Með lögum þessum eru 30. gr., 2. málsgr. 39. gr., 49.—52. gr., upphafsákvæði 1. málsgr. 66. gr., 67.—73., 75.—113. gr., 253. gr., 2. málsgr. 254. gr., 257. og 265.—277. gr. siglingalaga nr. 56, 30. nóvember 1914, úr lögum numdar.

93. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi 1929. Nú er frumvarpið lagt fyrir þingið á ný óbreytt, og vísast til athugasemda þeirra, er fylgdu frumvarpinu á þinginu 1929, Alþt. 1929 A., bls. 240—265.

7. Frumvarp

til laga um eyðing refa og refarækt.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

I. KAFLI.

Um grenjavinnslu.

1. gr.

Sýslunefndir landsins sjá um, að hreppsnefndir hafi umsjón og náið eftirlit með eyðing refa eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Hreppsnefnd skal á hverju vori ákveða grenjaleitir á heppilegum tíma á hverjum stað. Ráða skal skotmann, er sé reiðubúinn að taka að sér vinnslu á greni, hvenær sem gren finnst, ásamt öðrum manni, vökumanni, sem skotmaður ræður.

3. gr.

Þegar gren finnst, hvort heldur er í grenjaleit eða ekki, skal það aldrei yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann gera það, en flýta skal hann sem mest för sinni og þegar í stað fara á grenið aftur og ekki yfirgefa það fyrr en skotmaður kemur. En skyldur er sá, sem vitneskju fær, að aðvara skotmann tafarlaust. Skal sá, er þannig varðveitir gren, fá vökumannskaup og aukaþóknun, ef sérstök óþægindi eru.

4. gr.

Finnist gren í einstakra manna landareign, skal hreppsnefnd eigi að síður hafa umsjón með vinnslu þess, en fá skal landeigandi hálfan hagnað af greninu.

5. gr.

Skotmaður, sem fullvinnur gren, nær báðum dýrum og öllum yrðlingum, skal hafa hálft verð dýra og yrðlinga. Vinni hann annað dýrið og nái

yrðlingum, fær hann þriðjung verðs; en nái hann aðeins yrðlingum, fær hann áttung verðs. Að öðru leyti rennur andvirði dýranna í hlutaðeigandi sveitarsjóð, sbr. þó 4. gr.

6. gr.

Fáist ekki skotmaður með þeim kaupskilyrðum, er 5. gr. ákveður, skal hreppsnefnd gera við hann samning um vinnsluna, sem byggist þó á sömu hlutfallaskiptingu.

7. gr.

Nú vinnast hlaupadýr á öðrum tíma en grenjaleit fer fram, og á þá skotmaður 10 kr. fyrir hvert dýr, er hann sannar, að hann hafi unnið. Greiðist gjaldið úr hlutaðeigandi sýslusjóði.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglugerð samkvæmt lögum þessum um eyðing refa.

II. KAFLI.

Um refarækt.

9. gr.

Bannað er að geyma refi öðruvísi en í fulltryggum girðingum eða annari öruggri vörzlu. Ekki telst eyjavarzla trygg nema girðing sé til að setja refi í, ef samísa verður við land.

10. gr.

Öll refaræktarbú skulu vera háð dýralækniseftirliti, en það skal talið refaræktarbú, þar sem refir eru aldir árlangt, hvort sem færri eru eða fleiri. Sama gildir um dýralækniseftirlit þó yrðlingar eða dýr séu alin skemmri tíma.

11. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um tilhögun refagirðinga, geymslu og flutning refa og rekstur refaræktarbúa. Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum hafa sérstakt eftirlit með því, að geymsla refa sé svo örugg, sem reglugerð ákveður.

12. gr.

Eigi má flytja út refi lifandi nema þeir séu af góðum stofni, fallegir og vel aldir. Heldur ekki má flytja út yrðlinga nema mórauða og í bezta lagi fallega, og fylgi dýralæknisvottorð hverri útflutningssendingu um heilbrigði dýranna.

13. gr.

Hver sá, sem flytur út lifandi refi samkv. 11. gr., er skyldur að fá vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra um, að refirnir séu í því ástandi, er 12. gr. getur.

14. gr.

Hvert refaræktarbú og annað refaeldi er skyldugt að borga allan kostnað, er eftirlit og annað, er búið varðar, hefir í för með sér, eftir reikningi. Verði ágreiningur um reikning, sker sýslunefnd úr.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslusjóð þar sem brotið er framið, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallnar reglugerðir þær um grenjavinnslu, er sýslunefndir hinna einstöku héraða hafa sett. Svo eru og úr gildi numin lög nr. 48, 28. nóv. 1919, að því er snertir eyðing refa, og önnur lagaákvæði, sem koma í bág við þessi lög.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd þeirri í landbúnaðarmálum, er nú situr, og hefir hún látið fylgja því svo hljóðandi

Greinargerð:

Með bréfi dags. 24. sept. s. l. sendi atvinnumálaráðuneytið milliþinganefndinni frv. til laga um refarækt er legið hafði fyrir Alþingi síðasta, ásamt þingskjölum er málinu fylgdu, og lagði fyrir nefndina að taka málið til meðferðar og semja frv., er stjórnin legði fyrir næsta Alþingi.

Mál þetta var flutt í Nd. af landbúnaðarnefnd, tók þar nokkrum breytingum og var afgreitt til Ed. Þar fór málið til landbúnaðarnefndar en náði þar engri afgreiðslu.

Af umræðum um málið sést það, að ágreiningur hefir orðið nokkur, sérstaklega um það, hvort gefa ætti refaræktarbúum einkarétt til útflutnings á refum, en um þörf á lagasetningu í þessa átt virðast menn hafa verið sammála.

Þessi atvinnugrein, refarækt in, er tiltölulega ný og hefir nú hin síðustu ár mjög aukizt að verðmæti, þar sem verð á yrðlingum hefir komizt upp í 300—375 kr. hæst, fyrir mórauða yrðlinga. Er keppni mikil um kaupin og virðast Norðmenn drjúgum hafa hækkað verðið. Þegar þess er gætt, að árlega nást hér á landi 800—1000 yrðlingar og nálægt helmingur af þeim mórauðir, þá er einsætt að hér er um mikið fé að ræða, jafn ljóst er líka hitt, að ef

parið selst aftur héðan fyrir 1000—1200 kr., þá er mikill hagnaður af eldinu. Geri menn nú ráð fyrir að verð þetta haldist framvegis, sem mestar líkur eru til, þá liggur í augum uppi, að hér er um framtíðar-atvinnuveg að ræða, sem nauðsynlegt er að ríkisvaldið tryggi með lagaákvæðum, sem að sjálfsögðu verða aðallega að beinast að því, að koma skipulagi og góðu eftirliti á refaræktarbúin, ekki síst hvað heilbrigði dýranna viðkemur, og setja ákveðin skilyrði um vöruvöndun, svo markaður ytra ekki eyðileggist fyrir afhrök er út væru flutt. Og svo ekki síst að tryggja það, að varzla dýranna sé *alveg* örugg og almenningur geti verið óhultur fyrir skaða af þessum vágestum.

En jafnframt því, sem nefndin athugaði þetta mál og leitaði sér upplýsinga eins og kostur var á, kom það í ljós, sem nefndinni raunar var persónulega kunnugt um áður, að eftir því sem verð á refum hefir hækkað, hefir komið upp ágreiningur og deilur viðsvegar um allt land um ýmiskonar hagsmunaatriði, er sérstaklega lúta að eyðingu refa. Liggur nærri að líta svo á, eftir sögnum, sem nefndinni hafa borizt, að áhugi einstakra skotmanna fyrir *eyðingu* refanna sé ekki eins vakandi og æskilegt væri, og mætti vera þess valdandi hinn mikli hagnaður er yrðlingarnir gefa. Til þess að ráða bót á þessu duldist nefndinni ekki að setja þyrfti almenn lög um eyðingu refa. Fékk hún þá jafnframt tilmæli frá atvinnumálaráðherra um að taka þá hlið þessa refamáls einnig til athugunar og semja frv. um eyðing refa.

Eins og kunnugt er hafa sýslunefndir, hver í sínu héraði sett reglugerðir um grenjavinnslu. Þessar reglugerðir hafa verið nokkuð sundurleitar eins og vænta má. Enda alls ekki við öðru að búast þar til almenn lög verða sett með einum og sömu ákvæðum um land allt. Og þar sem hér veltur á að friða eign almennings, má ekki líta á hagnað einstakra manna eða félaga, til þess að draga úr því öryggi, er alþjóð á heimtingu á.

Nefndin leggur því til, að sett verði almenn lög um eyðingu refa og vill með ákvæðum þeirra ná því takmarki, að ekki verði minni áherzla lögð á það en verið hefir, þegar bezt hefir verið, að eyða refum svo þeim fjölgi ekki í landinu. Hitt mun alltaf verða, að eitthvað af grenjum finnst ekki, og þannig klekst talsvert út árlega í óbyggðum.

Skal svo vikið að hinum einstöku greinum.

Við 1. gr.

Það sýnist ekki rétt að taka yfirumsjón af sýslunefnd yfir hreppsnefndum um grenjavinnslu, þótt ákvæði frv. lúti að hreppsnefndum, þar sem sýslunefnd hefir ávallt haft það, enda er hún bezt sett til þess að vera milliliður landsstjórnar og hreppsnefnda, þar sem menn geta snúið sér að, ef eitthvað þykir ábótavant, að fylgt sé lögum og reglugerð.

Við 2. gr.

Það verður að vera á valdi hreppsnefnda hvenær þær ákveða grenjaleitir. Áríðandi er að það sé á heppilegum tíma, hvorki of snemma né seint. Ræður þar mestu um tíðarfar, þó ekki muni einhlítt að fara eftir því. Áherzlu þarf að leggja á það, að skotmaður leggist tafarlaust á gren, er það finnst.

Við 3. gr.

Það mun ekki ósjaldan hafa valdið baga, að gren hafa verið yfirgefin er þau hafa fundizt, þó ekki hafi verið um langan tíma. En því fremur sem lengri tími hefir liðið. Ber oft við að tófa hefir flutt sig og ekki náðst. Refir eru slægir og fara á stundum kringum nokkra vitsmunamenn. Hér er gerð tilraun til þess að koma í veg fyrir þetta, eins og kostur er, þótt nokkur kostnaður kunni að leiða af. Hitt þykir ekki forsvaranlegt að banna mönnum að yfirgefa nokkru sinni gren, heldur láta stofna til leitar að sér. En dæmi eru til að svo trútt hafa menn rekið þetta skylduverk.

Við 4. gr.

Nú eru tímar svo breyttir að telja má vísan arð af hverju greni. Rétt þykir að hann falli til eiganda lands, þó er það hér takmarkað, þar sem hreppsnefnd hefir alla umsjá og teknar eru skylduleitir af eiganda. Heldur ekki er gert ráð fyrir að landeigandi borgi þó tap verði á vinnslunni.

Við 5. gr.

Sú leið, sem hér er farin með ágóðahluta af grenjum til skotmanns, er byggð á því, að halda uppi áhuga hans að vinna grenin að fullu, en hlífa ekki fullorðnu dýrunum, þó álitleg séu til undaneldis. Nái hann ekki nema yrðlingum má vel svo fara, að hann fái ekki nema fyrir kostnaði.

Lagt er til að allur ágóði af grenjum að undanteknum skotmannshlut renni í sveitarsjóði. Hafa nú sveitarsjóðir víða þegar nokkrar tekjur af þessu og þykir rétt að svo verði.

Við 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, ef lítill hagnaður er af grenjum að þurfi að hækka hlutföllin og er því hreppsnefnd sjálfráð að því.

Við 7. gr.

Hér er skotmannsgjald fyrir hlaupadýr hækkað að mun frá því sem víða hefir verið og fært í samræmi við aðrar verðhækkanir, er orðið hafa síðan ákvæði um það voru gerð. Gert er ráð fyrir, að það greiðist úr sýslusjóði eins og verið hefir, þótt sýslusjóður hafi engar tekjur af grenjum, enda hefir hann ekki áður haft það.

Við 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Er sjálfsagt þar sem lögin eru almenn.

Við 9. gr.

Þar sem refagirðingar hafa verið settar upp, eða refir geymdir á annan hátt, er ekki ólíkt að sloppið hefir úr geymslunni. Alla áherzlu verður því að leggja á að geymslan sé trygg. Er í því efni ekki hægt að telja neina eyjavörzlu fulltrygga, þar sem sjó getur alstaðar lagt í kringum eyjar í aftaka hörkum eða hafís rekið að landinu. Girðingar verða því að vera til svo öruggt sé.

Við 10. gr.

Þýðingarmesta eftirlitið fyrir refaræktarbúin er dýralækniseftirlitið. Er ekkert jafn áríðandi eins og að fyrirbyggja smithættu. Þar standa of miklir fjármunir saman til þess að verða snögglega að engu. Og dæmi eru til að flest dýrin hafa drepizt úr pest (hundapest). Hér er greint á milli refaræktarbúa og styttra eldis eftir tímalengd. Stendur þetta styttra eldi venjulega ekki nema frá vori fram yfir nýár, í febr., að dýrunum er þá annaðhvort lógað eða send út lifandi. En hvortveggja þarf jafn nákvæmt dýralækniseftirlit.

Við 11. gr.

Það leiðir af sjálfu sér, að atvinnumálaráðuneytið setji öll nánari ákvæði um allt, er varðar refaræktarbúin. með reglugerð, þar sem um almenn lög er að ræða. Og eftirlit með öryggi geymslunnar sýnist vera bezt komið hjá lögreglustjóra og hreppstjóra.

Við 12. og 13. gr.

Ekki sýnist rétt að gefa refaræktarbúunum einkarétt til útflutnings á refum, þar sem verð mundi mjög lækka á yrðlingum og ekki nást betur tilgangurinn með vöruvöndun. Hér er því lagt til, að allur útflutningur sé háður sérstöku eftirliti og ekki megi flytja út nema úrval.

Við 14. gr.

Gefur ekki tilefni til skýringa.

Við 15. gr.

Hér er hámark sekta sett svona hátt sökum þess, hve mikið verðmæti stendur í refaræktarbúunum.

8. Frumvarp

til laga um bændaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið skulu vera tveir skólar á landi hér, er veiti bændaefnum nauðsynlega undirbúningsmenntun og sérþekking til undirbúnings stöðu þeirra. Skal annar skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór fyrirmyndarbú, rekin á kostnað ríkissjóðs, og veita skólastjórar þeim forstöðu. Þar skulu fram fara

hagnýtar tilraunir á ýmsum sviðum landbúnaðarins, svo sem í jarðrækt, kynbótum búfjár og öðru, er að búfjárrækt lýtur.

Í landi skólajarðanna má, ef fært þykir, koma upp nýbýlum, er ætluð séu kennurum skólanna til ábúðar.

3. gr.

Við hvorn skóla skulu vera 4 fastir kennarar og er einn þeirra skólastjóri. Hefir hann aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. Kennarar hafa allir leigulausa íbúð í skólanum. Fái kennarar ábúð á nýbýlum í landi skólajarðanna, samkvæmt 2. gr., skulu þeir að eins gjalda leigu fyrir landsnytjar. Að öðru leyti fer um launakjör kennara eftir launalögum.

4. gr.

Í hvorum skóla skulu vera 3 ársdeildir: undirbúningsdeild og 2 (yngri og eldri) búfræðideildir.

Skólaárið er frá 15. október til 30. apríl, þó skal námstími í undirbúningsdeild ekki vera lengri en frá veturnóttum til sumarmála.

5. gr.

Til þess að fá inntöku í undirbúningsdeild hvors bændaskóla þarf nemandinn að vera fullra 16 ára að aldri og hafa tekið fullnaðarpróf samkv. lögum um fræðslu barna. Enginn getur fengið inntöku í yngri búfræðideild (2. bekk), nema hann hafi lokið burtfararprófi undirbúningsdeildar eða öðru prófi, er samsvari því.

Að öðru leyti skal ákveða inntökuskilyrði í skólana og deildir þeirra í reglugerð.

6. gr.

a. Í undirbúningsdeildum skólanna skal kenna: móðurmálið, sögu þjóðarinnar, dönsku, reikning, dýrafræði, grasafræði, landafræði (aðallega lýsingu Íslands og viðskiftalandafræði); dráttlist, handavinnu, söng, leikfimi og íþróttir eftir því sem við verður komið.
b. Kennsla í búfræðideildum skólanna er bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan skal fara fram með fyrirlestrum, eftir því sem við verður komið. Í búfræðideildunum skal vera framhaldskennsla í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í undirbúningsdeild, eftir því sem skólastjóri telur nauðsynlegt eða reglugerð ákveður, nema í dönsku og landafræði.

Stærðfræði skal kenna, bæði talnafræði og rúmmálsfræði, kenna skal og reikningshald, sérstaklega búreikninga. Ennfremur skal kenna: búnaðar- og verzlunarsögu; skal nemendum meðal annars kennt að færa sér í nyt skýrslur um atvinnuvegi vora og þjóðarhag. Kenna skal og eðlisfræði, efnafræði, steina- og jarðfræði, líffæra- og lífeðlisfræði, jarðræktarfræði, búfjárfræði, þar á meðal um búfjársjúkdóma; mjólkurfræði, þar á meðal fitumælingar mjólkur; arfgengisfræði, verkfæralræði, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði og landbúnaðarlöggjöf.

Í verklegum efnum skal kenna: landmælingar og að kortleggja það,

er nemendur mæla, smíðar og steypugerð. Einnig skal veita leiðbeiningar um búfjárhirðingu og meðferð búfjár.

Í öllum deildum skólanna skal leggja áherzlu á leikfimi og íþróttir.

Í reglugerð skal kveða nánar á um fyrirkomulag kennslunnar, bæði í undirbúnings- og búfræðideildum, og má þar meðal annars ákveða, að kenna skuli fleiri námsgreinir í skólunum.

7. gr.

Auk kennslu þeirrar, sem veitt er í ársdeildum skólanna, skal veita nemendum búfræðideildanna verklega kennslu í jarðyrkju, að vorinu, eftir að skóla er lokið; nemendum yngri búfræðideildar (2. bekkjar) 8—10 vikna tíma og nemendum eldri búfræðideildar (3. bekkjar) 4—5 vikna framhaldskennslu.

Veita má utanskólanemendum aðgang að verklegu kennslunni, ef ástæður leyfa.

Við jarðyrkjunámið skal leggja áherzlu á, að nemendur læri alla notkun jarðyrkjuverkfæra, bæði hestaverkfæra, jarðyrkjuvéla og annara verkfæra, og öll handtök er að því lúta, meðal annars alla notkun hesta við jarðyrkju. Sömuleiðis lokræsa- og skurðagerð til framræslu. Veita skal og kennslu í grasfræsáningu og grasfræræktt, garðyrkju, blóma- og trjárækt.

8. gr.

Gjalda skal nemendum, sem taka þátt í jarðyrkjunáminu, kaup fyrir vinnu þeirra, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

9. gr.

Verklega námið skal fara fram á skólajörðunum, eftir því sem hægt er að koma við, en verði verkefni ekki nægilegt á skólastaðnum, skal skólastjóra skylt, í samráði við atvinnumálaráðuneytið, að útvega nemendum verklega kennslu annarsstaðar, á tilraunabúum og búum, er styrks njóta af opinberu fé. Semja má og við einstaka menn, ef þeir eru til þess hæfir, um að veita nemendum kennslu i jarðyrkju.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans.

10. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs, í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Heimilt er að utanskólanemendur gangi undir ársprófin.

Að loknu jarðyrkjunámi hvorrar búfræðideildar skal og fara fram verklegt próf í jarðyrkju. Heimilt er að jarðyrkjupróf yngri búfræðideildar fari fram að haustinu, fyrir þá nemendur, sem notið hafa jarðyrkjukennslu utan skólastaðarins, og utanskólanemendur, er æskja inntöku í eldri búfræðideild (3. bekk).

Ekki má veita neinum inntöku í eldri búfræðideild nema hann hafi

tekið jarðyrkjupróf yngri búfræðideildar og enginn getur fengið burtfararprófsskírteini frá skólunum, fyrr en hann hefir staðizt burtfararpróf í jarðyrkju.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

11. gr.

Halda skal almenn búnaðarnámsskeið við skólana, viku til hálfsmánaðar tíma, til að gefa bændum og bændaefnum kost á að hlýða á fyrirlestra hjá kennurum og öðrum þar til hæfum mönnum og taka þátt í umræðum um búnaðarmál.

12. gr.

Búnaðarráðunautar og dýralæknar í opinberri þjónustu eru skyldir til að aðstoða við kennslu í bændaskólunum og að halda fyrirlestra við búnaðarnámsskeiðin, ef hægt er að koma því við.

13. gr.

Skólastjóri skal sjá um það, að nemendur bændaskólanna eigi kost á ódýrri þjónustu á skólastaðnum og geti haft sameiginlegt mötuneyti.

Heimavist skal vera í skólanum fyrir alla nemendur.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá, er meðal annars kveður nánar á um inntökuskilyrði, námsskeið í sambandi við skólana, fyrirkomulag kennslunnar og um próf.

15. gr.

Kostnaður við að gera skólana úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Svo greiðir hann og öll árleg útgjöld þeirra.

16. gr.

Út af breytingum þeim á rekstri skólabúanna, sem lög þessi hafa í för með sér, skal atvinnumálaráðuneytið leita samninga við núverandi skólastjóra. Ef viðunandi samningar nást ekki, koma ákvæði 2. gr. til framkvæmda þegar næst verða skólastjóraskifti.

Að öðru leyti koma lög þessi til framkvæmda 15. okt. 1930.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla, og lög nr. 25, 7. maí 1928, um viðauka við þau lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd þeirri í landbúnaðarmálum, er nú situr, og hefir hún látið því fylgja greinargerð þá, sem hér fer á eftir.

Greinargerð.

I.

Það er fyrir löngu viðurkennt, að þekking og kunnátta sé aðalundirstaða allra framfara, jafnt í búnaði sem öðru. Jafnvel á mestu niðurlægingarárum þjóðarinnar á 17. og 18. öldinni, þegar einokunarverzlunin og ýmiskonar óáran hafði sorfið svo að, að þjóðin barðist hreint og beint við dauðann, þá er það álit beztu manna þjóðarinnar, að aukin þekking á bjargræðisvegunum og kunnátta í búnaðarstörfum sé eitt líklegasta ráðið til bjargar. Í mörgum þeirra »álitsskjala«, sem helztu embættismenn landsins sendu til stjórnarinnar á 18. öldinni, um »viðreisn Íslands«, eru gerðar tillögur í þá átt, að landsmönnum sé veitt tilsögn í búnaðarstörfum og öðrum verklegum efnum. Þannig leggur Jón biskup Vídalín það til árið 1720, að norskt bændafólk, helzt frá Þrándheimi, sé flutt til Íslands, til að kenna Íslendingum vinnubrögð, »thi det norske folk veed langt beder at omgaaes med fiskerie og en deel landvesen end vore«.[1] Og ennfremur leggur hann til, að ungir Íslendingar séu sendir utan til náms í verklegum efnum. Þá er og alkunnugt, að Skúli Magnússon landfógeti hreyfði þessu sama máli síðar og að nokkrar framkvæmdir urðu í þá átt, fyrir hans tilstilli.

Þegar viðreisnin byrjaði, eða réttara sagt, viðleitnin til að hefja þjóðina úr því ófremdar ástandi, sem hún var sokkin í, þá lögðu brautryðjendurnir ekki hvað sízt áherzlu á það, að fræða landsmenn um búskap og aðra bjargræðisvegi (Skúli fógeti, Jón Eiríksson, Eggert Ólafsson, síra Björn Halldórsson o. fl.), þó það bæri ekki mikinn sýnilegan árangur fyrst í stað.

En ekki er þó farið að vinna að stofnun reglulegs búnaðarskóla á Íslandi fyr en löngu síðar, enda var þess ekki að vænta, eins og þá var ástatt. Slíkir skólar voru þá jafnvel ekki til hjá öðrum stærri og margfalt ríkari þjóðum; fyrsti búnaðarskóli á Þýzkalandi var t. d. ekki stofnaður fyr en 1806, en í Noregi 1825 o. s. frv.

II.

Fyrsti vísir til búnaðarskóla hér á landi mun vera sá, að ungur maður, Jón Espolin að nafni, hélt búnaðarskóla á heimili sínu, Frostastöðum í Skagafirði, veturinn 1852—53. Þessi ungi maður hafði áður dvalið nokkur ár í Svíþjóð, Danmörku og Noregi til að læra jarðyrkju og kynna sér búnað. En hann dó árið 1853 og féll þá skóli hans niður.

En upp frá þessu var búnaðarskólamálinu samt haldið vakandi þar til sigur vannst að lokum.

Á Alþingi 1853 var lögð fram »bænarskrá« úr Suður-Þingeyjarsýslu um stofnun búnaðarskóla á Íslandi. Kaus þingið nefnd í þetta mál og samkv. tillögum hennar sendi það konungi »bænarskrá« um málið, þar sem hann var beðinn um, að láta stofna »einn jarðyrkju og búnaðarskóla fyrir allt Ísland,

1) Bréf frá J. V. til Raben stiftamtmanns.

helzt í suðurumdæminu, þar sem kenndar verði hinar helztu greinir búnaðar og jarðyrkju, og sú bókleg menntun, sem því hlýtur að verða samferða«.

Auðsætt er að þingið vildi, að settur yrði á stofn góður og fullkominn skóli fyrir bændaefni, sem veitti bæði almenna menntun og bóklega og verklega sérmenntun. Var nefnd sú, er um málið fjallaði, töluvert kröfuhörð í þessu efni. Segir hún meðal annars um fyrirkomulag skólans:

»Það er auðvitað, að í skóla þessum þarf að kenna bæði bóklega menntun, og aftur að geta notað þessa menntun í verknaðinum. Til bóklegrar menntunar teljum vér allt það, er tímarnir krefja af þeim bónda, er vel má kalla menntaðan og færan um, að standa vel í stöðu sinni; þar undir teljum vér sér í lagi:

a. jarðvegsfræði, eður þekking á hinu ytra og innra eðli jarðvegsins;
b. grasafræði, ɔ: að þekkja grös, not þeirra og lífseðli;
c. dýrafræði, einkum hvað þau venjulegu húsdýr snertir, þeirra eðli, byggingu og o. fl.;
d. eðlisfræði, að því leyti hún viðkemur jarðyrkju; er það einkum »Mekanisk Fysik«.

Sökum þess, að nú eru Englendingar og Þjóðverjar beztir jarðyrkjumenn taldir, ætlum vér ómissandi, að annaðhvort þessara mála væri kennt í skólanum, auk íslenzku, dönsku og reiknings.

Til verklegrar menntunar teljum vér einkum:

a. að kunna að fara með og hagnýta öll þau verkfæri, sem til þess þarf, að endurbæta jarðveginn;
b. hirðing jarðarinnar og húsa, og viðhald á verkfærum;
c. hirðing fénaðar;
d. hirðing fóðurs og matjurta;
e. bústjórn«.[1])

Þessi kafli nefndarálits búnaðarskólanefndarinnar á þinginu 1853 er hér tilfærður vegna þess, að þegar í honum eru teknar skýrt fram þær kröfur, sem gera verður til góðs búnaðarskóla. Verður víst tæplega sagt, að bændaskólar vorir fullnægi þessum kröfum enn og hafa þær því fullt gildi enn þann dag í dag, þó liðin séu full 76 ár síðan þær voru gerðar.

Ekki verður annað sagt en að undirtektir stjórnarinnar undir »bænarskrá« þingsins 1853, um búnaðarskóla, væru heldur daufar.[2]) Að vísu fór hún vinsamlegum orðum um þá hugmynd, að komið yrði á búfræðiskennslu í landinu. Hinsvegar taldi hún allt of langt gengið í »bænarskrá« þingsins og vildi að byrjað yrði í mikið smærri stíl, heldur en þingið hafði ætlazt til. Ekki gaf hún neina von um, að fé yrði veitt úr ríkissjóði til slíkra framkvæmda, en hvatti hinsvegar landsmenn til frjálsra framlaga í þessu augnamiði og hafði góð orð um, að veita þá kannske einhvern stuðning síðar, t. d. að láta leigulaust jarðnæði til skólaseturs.

Við þetta sat svo í mörg ár og ekkert varð úr framkvæmdum. Búnaðar-

1) Alþt. 1853.
2) Konungsúrskurður $^{19}/_{4}$. 1855.

skólamálinu var að vísu hreyft á flestum hinum ráðgefandi þingum (sjá Alþ.-tíðindi 1855, 1857, 1859, 1863, 1865 og 1869) og stungið var upp á ýmsum leiðum. Stundum voru krófurnar ekki hærri en það, að komið yrði um einu eða fleirum fyrirmyndarbúum með verklegri kennslu, eða þá að búfróðum mönnum yrði veittur lítilsháttar styrkur til að taka pilta til kennslu, og útvegað hentugt jarðnæði í því augnamiði. En allt af strandaði málið á því sama: peningaleysi; framlög fengust engin úr hinum sameiginlega ríkissjóði Danmerkur og Íslands. Ekki varð heldur af því, að landsmenn sjálfir kæmu málinu í framkvæmd, sem tæplega var heldur við að búast, eins og ástatt var.

En þegar svo fjárskilnaður Íslands og Danmerkur var gerður með stöðulögunum 1871, þá var um leið leystur sá hnútur, sem búnaðarskólamálið hafði strandað á, því nú, er ekki var lengur hægt að krefjast fjárframlaga úr ríkissjóði og landið hafði sinn sérstaka fjárhag, urðu landsmenn fúsari til að leggja á sig gjöld til þjóðþrifa. Búnaðarskólamálinu var þá líka ráðið til lykta, að því leyti er til þingsins kasta kom, á sama árinu og fjárskilnaður landanna var gerður, því þingið 1871 samþykkti frv. til tilskipunar um búnaðarskóla á Íslandi, og hlaut það staðfestingu konungs 12. febr. 1872.

Í tilskipun þessari var svo ákveðið, að svo fljótt sem við yrði komið, skyldi stofna einn eða fleiri búnaðarskóla í hverju amti á Íslandi. Til þess að standast kostnaðinn við þessa fyrirhuguðu skóla var heimilað að jafna niður á allar jarðir í hverju amti $1^1/_2$ skildingi á hvert jarðarhundrað (búnaðarskólagjaldið).

III.

Með tilskipuninni frá 1872 og búnaðarskólagjaldinu, sem hún heimilaði að jafna niður, var grundvöllurinn að stofnun búnaðskóla hér á landi lagður. En tilskipun þessi var í eðli sínu aðeins heimildarlög, enda var þess enn nokkuð að bíða, að hún kæmist til fullra framkvæmda.

Árið 1880 stofnaði Torfi í Ólafsdal skólann þar, með stuðningi frá amtinu. Þá var og Hólaskóli stofnaður 1882 fyrir forgöngu Skagfirðinga og tók Norðuramtið síðar við rekstri hans, og að lokum urðu búnaðarskólarnir 4, eins og kunnugt er, sinn í hverjum fjórðungi landsins. Á hver þeirra sína sögu og yrði of langt mál að rekja þær hér. Heldur skal aðeins með fáum orðum drepið á fyrirkomulag þeirra og þýðingu fyrir búnað vorn.

Þessir fyrri búnaðarskólar vorir voru (þó ekki allir í fyrstu) tveggja ára skólar og stóðu bæði vetur og sumar; kennslan var bæði bókleg og verkleg. Eins og gefur að skilja voru skólarnir fátækir, einkum í fyrstu; vantaði jafnvel sæmileg húsakynni og margt fleira, sem nú þykir sjálfsagt við alla skóla. Samt er enginn efi á, að þeir höfðu mikil og góð áhrif á búnað vorn og alla menningu til sveita. Auk þeirrar fræðslu, sem skólarnir veittu í sérgreinum búfræðinnar, veittu þeir nemendum einnig nokkra almenna fræðslu og verkleg kennsla var þar mikil. Þeir sem komu úr skólunum höfðu því öðlazt meiri almenna menntun en almenningur, enda voru margir búfræðingar á þeim árum kennarar að vetrinum; þeir voru yfirleitt víðsýnni og áhugasamari heldur en fjöldinn og urðu því margir þeirra forgöngumenn í sveita- og félagsmálum, í sínum sveitum. En það sem hafði þó hvað mesta

þýðingu var það, að búfræðingarnir kunnu mikið betur til verka, sérstaklega til jarðyrkjustarfa, heldur en allur almenningur, enda ukust jarðabætur mikið eftir að skólarnir tóku til starfa.

Jarðabætur voru að vísu byrjaðar áður, en í smáum stíl og framkvæmdar af vankunnáttu og með næsta ófullkomnum verkfærum. »Torfljáir voru almennt notaðir til ofanafristu, og sneplarnir svo bornir burtu í fanginu; voru flögin síðan stungin upp og pæld með skóflum og pálum, sjaldan fært til, en hæðir og dældir héldu sér sem verða vildi; að bera undir þakningu var víða lítið skeytt um, en aðal áherzlan lögð á að þekja svo, að hvergi yrði glufa, sem áburður gæti sezt í og aukið ræktunina«. En eftir að skólarnir tóku að starfa komu »búfræðingarnir með undirristuspaðann í stað ljásins, góðar skóflur í stað slitinna ræfla heima fyrir, og stungukvísl og gaffal í stað þess að bogra og krafla í öllu með höndunum . . . . . Það var því um tíma, að ekki þótti verk unnið að jarðabótum, væri búfræðingur ekki í og með«.[1])

En smámsaman lærði almenningur vinnubrögð búfræðinganna og tók þau upp, og eru þau víða viðhöfð enn. Gefur að skilja, að þessi nýju vinnubrögð voru til stórbóta á þeim tíma, þó nú séu þau úrelt orðin og þörf á nýjum breytingum og nýrri aðferðum.

Ekki verður annað séð, en að fyrirkomulag þessara fyrri búnaðarskóla vorra hafi verið heppilegt, eins og þá stóð á, og að starf þeirra hafi orðið til mjög mikilla nytsemda fyrir búnað vorn.

Hólaskóli var gerður að fjórðungsskóla árið 1889 og nokkrum árum síðar tók amtsráð Norðuramtsins beinlínis við yfirstjórn hans (áður hafði verið skólanefnd). Páll sál. Briem amtmaður lét sér mjög umhugað um viðgang skólans, og fyrir hans forgöngu var gerð gagngerð breyting á skólanum árið 1902. Skólinn varð þá eingöngu vetrarskóli; skylda nemenda til verklegs náms féll niður, nema í landmælingum, þó var séð um að útvega nemendum þeim, sem *óskuðu þess,* nokkra verklega kennslu; skólastjórinn var losaður við bústjórnina og búið leigt öðrum manni. Fyrirkomulagi kennslunnar var og breytt og sniðið nokkuð eftir lýðháskólafyrirkomulaginu, kennt t. d. meira í fyrirlestrum en áður. Jafnframt því, að þessi skipulagsbreyting var gerð á skólanum, var ráðinn til hans nýr skólastjóri. Var það, eins og kunnugt er, Sigurður Sigurðsson núverandi búnaðarmálastjóri. Er hann fyrir löngu þjóðkunnur maður fyrir áhuga sinn og dugnað. Var hann þá ungur og nýkominn frá námi í Danmörku, þar sem hann mun, meðal annars, hafa kynnzt lýðháskólahreyfingunni. Undir stjórn Sigurðar var skólalífið á Hólum frjálslegt og engu síður lögð áherzla á, að vekja og glæða áhuga nemenda og hvetja þá til framtaks og dáða, en að veita þeim ákveðinn þekkingarforða, enda voru prófin að nokkru leyti afnumin.

Þó fyrirkomulag það, sem upp var tekið við Hólaskóla árið 1902 og síðar haft til fyrirmyndar við báða bændaskólana, hafi ekki reynzt eins vel hin síðari ár og í fyrstu var búizt við, sem síðar skal nánar vikið að, þá er það samt staðreynd, að Hólaskóli efldist mjög fyrstu árin eftir að þessi breyt-

1) Minningarrit Hólaskóla bls. 32 og 34.

ing var gerð; aðsókn að skólanum jókst stórum og skólavistin hafði á margan hátt hin beztu áhrif á nemendurna.

Ekki kemur það þó til neinna mála, að þakka hinu breytta fyrirkomulagi eingöngu hina miklu blómgun skólans á árunum eftir 1902, og jafnvel óliklegt, að það hafi verið aðal ástæðan. Orsakirnar hafa verið margar t. d. nýr, ungur og ötull skólastjóri, góðir kennslukraftar, vaxandi menntunarlöngun almennings o. m. fl.

En í fyrstu varð mönnum samt einna starsýnast á skipulagsbreytinguna sjálfa og þótti hún í byrjun gefast svo vel, að milliþinganefnd sú í landbúnaðarmálum, sem skipuð var árið 1904, tók fyrirkomulag Hólaskóla til fyrirmyndar, þegar hún samdi frv. til laga um bændaskóla. Varð frv. þetta að lögum 1905, og samkv. þeim tók landið við búnaðarskólunum á Hólum og Hvanneyri (í fard. 1907) og nefnast þeir síðan bændaskólar. Fyrirkomulag þeirra varð að mestu óbreytt frá því, sem verið hafði á Hólum síðan 1902, þó var nú svo til ætlast, að skólastjórarnir yrðu jafnframt bústjórar. Með þessu sniði hafa svo bændaskólarnir verið síðan, nema hvað lýðskóladeild hefir nú verið stofnuð við Hólaskóla, samkv. heimildarlögunum frá 1928. Verður hér á eftir lítillega vikið að þeirri reynslu, sem fengizt hefir um starfsemi skólanna á þessu tímabili, jafnframt því, að grein verður gerð fyrir þeim breytingum, sem frumvarp þetta gerir á núverandi fyrirkomulagi þeirra.

IV.

Eins og kunnugt er, var milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum, meðal annars, ætlað að gera tillögur um bændaskólana. Eitt hið fyrsta, sem nefndin gerði til undirbúnings því máli, var að skrifa skólastjórum beggja skólanna og beiðast umsagnar þeirra um málið. Barzt nefndinni mjög ítarlegt svar frá Halldóri Vilhjálmssyni skólastjóra á Hvanneyri og er frv. þetta í mörgum atriðum sniðið eftir tillögum hans. Einnig gaf Steingrímur Steinþórsson skólastjóri á Hólum ýmsar bendingar um málið, með bréfi til eins af nefndarmönnum (Bernh. Stefánssonar).

Nefndin hefir reynt að afla sér sem beztra upplýsinga um það, hvernig núverandi fyrirkomulag bændaskólanna hefir gefizt á liðnum árum og hvað helzt mundi þurfa lagfæringar við, í starfi þeirra.

Hin bóklega kennsla í sérgreinum búfræðinnar virðist vera og hafa verið í góðu lagi í bændaskólunum og að m. k. eins mikil og góð, eins og veitt er í búnaðarskólum annarsstaðar á Norðurlöndum. En aftur á móti hefir þótt verða misbrestur á því, að þessi bóklega þekking kæmi nemendunum að fullum notum, þegar þeir koma út í lífið og eiga að fara að notfæra sér hana í verkinu.

Aðsókn að bændaskólunum hefir á seinni árum ekki verið eins góð og æskilegt hefði verið, sérstaklega að því er Hólaskóla snertir. Var komið svo fyrir fáum árum, að Hólaskóli stóð næstum tómur, svo að gera varð sérstakar ráðstafanir til þess að húsrúm og kennslukraftar kæmu að einhverjum verulegum notum. Var þá lýðskóladeildin, eins og kunnugt er, stofnuð við skólann og virðist það hafa gefizt vel, að minnsta kosti hefir aðsóknin mjög auk-

izt síðan. Hin daufa aðsókn að bændaskólunum, á undanförnum árum, virðist þó engan veginn bera vott um minkandi menntalöngun æskulýðsins yfirleitt. Það sýnir hin mikla aðsókn að öðrum skólum, sérstaklega að hinum nýju héraðsskólum. Orsökin til hinnar daufu aðsóknar hlýtur því að vera sú, að hinum ungu mönnum hafa fundizt aðrir skólar fýsilegri. Verður ekki hjá því komizt, að taka nokkurt tillit til þess, hvaða kröfur æskulýðurinn sjálfur gerir til skólanna, því ekki koma bændaskólarnir að tilætluðum notum, nema þeir séu vel sóttir.

Ungir menn þrá að afla sér almennrar menntunar, og þó ungur sveitamaður ætli að verða bóndi og vilji sérstaklega búa sig undir þá stöðu, þá vill hann afla sér þekkingar og kunnáttu í fleiru en því, sem beinlínis tilheyrir búfræði. Þetta er og mjög eðlileg ósk, því enginn er eingöngu bóndi, heldur fyrst og fremst maður, sem á að lifa í mannlegu félagi og þarf því að vita deili á fleiru en því, sem beinlínis kemur við hans afmarkaða verkahring, í þrengri merkingu.

Eins og hér að framan er vikið að, veittu hinir fyrri búnaðarskólar vorir töluverða kennslu í almennum fræðigreinum, jafnframt búfræðinni, og einnig mikla verklega kennslu í jarðrækt o. fl. Takmark þeirra var, að nemendur gætu lært þar allt það helzta, sem bónda er nauðsynlegt að kunna, til þess að geta staðið vel í stöðu sinni sem bóndi og borgari í þjóðfélaginu. Lítur milliþinganefndin svo á, að það orki að minsta kosti mjög tvímælis, hvort breyting sú, sem síðar var gerð á skólunum, þegar þeim var breytt í vetrarskóla og dregið til muna úr kennslu í almennum fræðigreinum, hafi verið til bóta að öllu leyti.

Það er viðurkennt af skólamönnum, að sérfræðinám komi því aðeins að notum, að það byggist á nokkurri almennri menntun. Halldór Vilhjálmsson skólastjóri getur þess t. d. í áðurgreindu bréfi til nefndarinnar, að lélegur undirbúningur nemenda í skólann hafi oft valdið hinum mestu örðugleikum við námið. Til þess að starf bændaskólanna beri tilætlaðan árangur, þurfa þeir því annaðhvort, að krefjast nokkurrar undirbúningsmenntunar, sem skilyrði fyrir inntöku í skólana, eða þá að veita hana sjálfir.

Það hefði nú verið einna eðlilegast í þessu efni, að samband og samvinna kæmist á, á milli bændaskólanna og héraðsskólanna, þannig t. d., að eins vetrar nám í héraðsskóla yrði sett sem skilyrði fyrir inntöku í bændaskóla, en héraðsskólarnir sniðu aftur á móti kennsluna nokkuð eftir því. Er mjög líklegt að þessi tilhögun verði upptekin í framtíðinni. En eins og nú er ástatt sá nefndin sér ekki fært að leggja þetta til. Fyrst og fremst vegna þess, að hún hefir hvorki vald né neina aðstöðu til að gera neinar tillögur viðvíkjandi breytingum á héraðsskólunum. Í öðru lagi mundu margir unglingar verða útilokaðir frá að geta sótt bændaskóla, ef nám í héraðsskóla yrði sett sem inntökuskilyrði, því aðsókn að héraðsskólunum er svo mikil, að erfitt hefir reynst fyrir unglinga lengra að, að fá inntöku í þá. Er því hætt við að unglingar úr þeim héruðum, sem ekki hafa komið upp héraðsskóla, kæmust ekki að. Fyrst um sinn virðist því ekki annað vera fyrir hendi, en að bændaskólarnir sjálfir veiti hina nauðsynlegustu undirbúningsmenntun, eins og hinir

eldri búnaðarskólar vorir gerðu. Er sú tilhögun nú þegar upptekin í Hólaskóla og hefir gefizt vel.

Til mála gat komið, að hafa skólana aðeins tveggja ára skóla, eins og þeir eru nú, þó þar yrði tekin upp meiri kennsla í almennum fræðigreinum; yrði þá sú kennsla fyrri námsveturinn, eins og var í búnaðarskólunum gömlu, en sérnámið stundað hinn síðari vetur. En með því móti hefði auðvitað orðið að draga töluvert úr þeirri búnaðarkennslu, sem skólarnir veita nú. Má í þessu sambandi benda á, að annarsstaðar á Norðurlöndum, sérstaklega í Danmörku, eru eins árs búnaðarskólar algengir. Milliþinganefndin hefir þó ekki viljað hverfa að því ráði, að leggja til að draga úr búnaðarkennslunni á nokkurn hátt. Heldur þvert á móti, að auka hana og bæta, eins og frv. þetta sýnir.

Í áður nefndu bréfi Halldórs Vilhjálmssonar skólastjóra á Hvanneyri er það lagt til, að stofnaðar verði eins vetrar undirbúningsdeildir við bændaskólana, er veiti almenna undirbúningsmenntun, en búnaðarnámið standi yfir í tvö ár eftir sem áður, þannig að ársdeildirnar verði þrjár í hvorum skóla, að undirbúningsdeildunum meðtöldum. Hefir milliþinganefndin fallizt á þessa tilhögun, enda er frv. þetta sniðið beinlínis eftir tillögum Halldórs, að því er snertir skipulag skólanna.

V.

Hér að framan hefir, meðal annars, nokkuð verið vikið að því, hvaða þýðingu það hafði fyrir búnað vorn, þegar búnaðarskólarnir tóku til starfa og búfræðingarnir komu út um sveitirnar með ný og betri verkfæri og nýjar og betri vinnuaðferðir. Síðan eru tímarnir orðnir breyttir og nú eru þau verkfæri orðin úrelt og nýjar og enn betri aðferðir fundnar til að rækta jörðina. Er hin mesta nauðsyn, að í bændaskólum vorum sé öllum nemendum kennd vinnubrögð og notkun verkfæra og véla á þann hátt, sem tímarnir nú krefja.

Með hverju árinu sem líður verður erfiðara og erfiðara að fá verkafólk til sveita; vinnukrafturinn er líka orðinn svo dýr, að landbúnaðurinn, í þeirri mynd, sem hann nú er rekinn víðast í landinu, getur með engu móti staðizt í samkeppninni við aðra atvinnuvegi um vinnuafl. Það virðist og nú vera viðurkennt af öllum hugsandi mönnum, að viðreisn landbúnaðarins verði að koma með sama hætti og annara atvinnuvega, að því leyti, að hann verði að fylgjast með tímanum og taka vélarnar í þjónustu sína. En slíkt getur þó ekki orðið án staðgóðrar þekkingar og verklegrar kunnáttu. Það er því auðsætt hversu áríðandi það er fyrir bændaefnin, að læra þau vinnubrögð við jarðrækt og annað, sem nútíminn krefur og notkun hinna beztu vinnutækja. Ætti það að vera hið allra sjálfsagðasta nám í bændaskólum vorum. Eru í frv. þessu gerðar tillögur um, að verklegt jarðyrkjunám verði aukið við skólana og gert að skyldunámi fyrir alla nemendur.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal tekið fram eftirfylgjandi:

Um 1. gr.

Skólastaðirnir eru ákveðnir hinir sömu og verið hafa og þarf það engrar skýringar við.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að fyrirmyndarbú séu rekin á skólajörðunum. Er ekki hvað minnst um það vert, að nemendur bændaskólanna kynnist fyrirmyndarbúskap. Hefir það hina mestu þýðingu, að búnaður og allir heimilishættir séu þannig á skólaheimilinu, að eftirbreytnisvert sé; hefir dvöl á hinum beztu heimilum jafnan þótt ágætur skóli fyrir unglinga.

Ætlast er til, að á skólabúunum séu gerðar ýmsar tilraunir í jarðrækt, kynbótum búfjár o. s. frv. Er þess ekki að vænta að einstakir menn leggi út í slíkar tilraunir, á sinn kostnað. Verklegu kennslunni við skólabúin þarf og að haga þannig, að nemendurnir hafi sem allra mest gagn af henni, án tillits til þess, á hvern hátt vinna þeirra kemur búinu sjálfu að mestum notum. Af þessum ástæðum virðist bæði eðlilegast og öruggast, að búin séu rekin á kostnað ríkissjóðs. Gæti annars viljað til, að hagsmunir bústjórans sætu í fyrirrúmi fyrir þörf nemendanna, eða að minnsta kosti komið upp grunur um það, sem þá gæti spillt samkomulagi og góðum árangri námsins, jafnvel þó hann væri ástæðulaus.

Heppilegast virðist, að ekki sé nema einn húsbóndi á heimilinu, og er því lagt til, að skólastjórarnir séu jafnframt bústjórar, eins og undanfarið hefir átt sér stað.

Mjög er það óheppilegt fyrir hvern skóla, ef sífellt verða skifti á kennurum. Þó kennurum bændaskólanna sé ætlaður leigulaus bústaður í skólunum og þó launakjör þeirra verði þolanleg að öðru leyti, þá er mjög hætt við, að þeir verði ekki stöðugir í þjónustu skólanna, nema þeim sé tryggð aðstaða til að geta átt sjálfstæð heimili. Er því lagt til, að í landi skólajarðanna megi, ef fært þykir, koma upp nýbýlum, er ætluð séu kennurum til ábúðar. Ef þetta ákvæði kæmist í framkvæmd, ætti það að stuðla að því, að tryggja skólunum góða kennslukrafta. Auk þess mundi með þessu móti fást mjög heppilegt verkefni fyrir nemendur, við verklegt nám.

Um 3. gr.

Verði ársdeildirnar í skólunum 3, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, virðist ekki veita af 4 föstum kennurum við hvorn skóla.

Um 4. gr.

Hér er ætlast til að ársdeildir skólanna verði 3, þannig að undirbúningsdeildum verði bætt neðan við þá. Hefir verið vikið að þessu efni hér að framan og nægir að vísa til þess.

Um 5. gr.

Lágmark aldurs við inntöku í undirbúningsdeildirnar er hér sett 16 ár. Að sjálfsögðu yrði og tilsvarandi aldurstakmark í búfræðideildunum; gætu

nemendur með því móti, í fyrsta lagi, útskrifast frá skólunum 19 ára gamlir. Er ekki fært að setja lægra aldurstakmark, því tæplega hafa nemendur full not kennslunnar, sérstaklega í verklegum efnum, ef þeir eru svo að segja á barnsaldri.

Sjálfsagt er að krefjast þess, að nemandi hafi lokið námi í undirbúningsdeild, eða sýni með prófi að hann hafi fengið jafn mikla undirbúningsmenntun annarsstaðar, áður en hann byrjar á búfræðinámi. Líklegt er að nám í yngri deild héraðsskóla reynist nokkurn veginn fullnægjandi undirbúningur undir búfræðinámið; væri a. m. k. æskilegt, að bændaskólarnir og héraðsskólarnir samræmdu starf sitt að því leyti.

Um 6. gr.

Ætlazt er til að undirbúningsdeildirnar veiti almenna undirbúningsmenntun, þó með sérstöku tilliti til þess, að námið sé undirbúningur undir búfræðinám. Í raun og veru er hér ekki bætt við öðru en dönsku og landafræði fram yfir þær námsgreinir, sem nú eru kenndar í bændaskólunum. En þar sem námstíminn lengist um einn vetur, ætti að mega kenna hinar almennu fræðigreinir ítarlegar heldur en nú er gert. Þannig ætti að sjálfsögðu að leggja mikið meiri áherzlu á móðurmálið og sögu þjóðarinnar heldur en nú er hægt að koma við í skólunum.

Rétt virðist að taka upp kennslu í einu Norðurlandamáli í undirbúningsdeildunum, því eins og eðlilegt er vegna fólksfæðarinnar hér, eru bókmenntir vorar svo fáskrúðugar, að því er kemur til almennra fræðigreina, að öldungis er nauðsynlegt fyrir þann, sem vill afla sér verulegrar þekkingar í fleiru en þjóðlegum fræðum, að geta lesið eitthvert útlent tungumál, og sýnast þá Norðurlandamálin vera hendi næst, enda auðveldust; virðist rétt að láta dönskuna sitja í fyrirrúmi fyrst um sinn, þó það skuli játað, að sænska gæti ekki síður komið til greina.

Telja verður sjálfsagt, að landafræði sé kennd í undirbúningsdeildunum.

Í búfræðideildunum er ætlast til að kenndar verði allar sömu námsgreinir eins og nú eru kenndar í bændaskólunum, en þar sem nemendurnir verða betur undirbúnir, verður hægt að kenna þessar námsgreinir ítarlegar heldur en nú er gert.

Um 7. gr.

Að áliti milliþinganefndarinnar hefði það verið allra æskilegast, ef hægt hefði verið að ætla nemendum bændaskólanna að vera við verklegt jarðyrkjunám heilt sumar, á milli námsvetranna í búfræðideildunum. En nefndin sá þó ekki fært að ganga svo langt í tillögum sínum af ótta um, að það mundi draga úr aðsókn að skólunum. Hér er því lagt til, að nemendur verði við verklegt jarðyrkjunám í 2 vor; fyrra vorið 8—10 vikna tíma og síðara vorið 4—5 vikna framhaldsnám, fyrir burtfararprófið. Með góðri tilsögn ættu nemendur með þessu móti að geta fengið sæmilega kunnáttu og nokkra æfingu í öllum helztu jarðyrkjustörfum. Leggja verður sérstaka áherzlu á, að nemendur læri alla notkun jarðyrkjuverkfæra og véla, og verður því að sjá um, að öll þau tæki séu til á skólabúunum.

Rétt er að leyfa einnig utanskólamönnum að taka þátt í jarðyrkjunáminu við skólana, ef ástæður leyfa, því æskilegt er, að sem allra flestir kunni til þeirra starfa.

Um 8. gr.

Fátækir nemendur, sem kosta sig í skóla að vetrinum og hafa ef til vill ekki annað en vinnu sína við að styðjast, geta ekki misst vorkaup sitt. Verður því að ætla þeim kaup, á meðan þeir eru við jarðyrkjunámið, jafnvel þótt skólabúið skaðist vegna þess, því annars er hætt við, að jarðyrkjunámsskyldan yrði til þess að draga úr aðsókn að skólunum. Er þess og að vænta, að þjóðfélagið auðgist í framtíðinni, vegna bættra vinnubragða þessara manna, margfalt meira en tilkostnaðinum nemur.

Um 9. gr.

Sjálfsagt er að verklega kennslan fari fram á skólastöðunum, eftir því sem hægt er að koma því við. En hugsanlegt er að verkefni þrjóti þar, að minnsta kosti að nokkru leyti, og er þá ekki annað fyrir hendi en að útvega nemendum kennslu annarsstaðar. Virðist þá sjálfsagt, að tilraunabú og önnur slík bú, sem njóta styrks af opinberu fé, komi fyrst til greina.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að próf (árspróf og burtfararpróf) verði við bændskólana, bæði í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildum þeirra, og eins verkleg próf í jarðyrkju.

Það skal að vísu viðurkennt, að prófin eru langt frá því að vera neinn óskeikull dómur um kunnáttu nemendanna og þaðan af síður um hæfileika þeirra. En aftur á móti er það samt víst, að þau eru til nokkurrar tryggingar og aðhalds við námið.

Verði frv. þetta samþykkt, ætti að mega vænta þess, að nemendur frá bændaskólunum verði töluvert betur að sér hér eftir en hingað til, einkum í verklegum efnum. Búast má því við, að þeir verði öðrum fremur fengnir til að standa fyrir ýmsum meiri háttar búnaðarframkvæmdum, eins og átti sér stað um hina eldri búfræðinga, og eru þá prófin, einkum þau verklegu, til nokkurrar tryggingar einnig fyrir almenning.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi lagafyrirmælum og þarf ekki nánari skýringa við.

Um 12. gr.

Það er mjög æskilegt, að sem mest og bezt samvinna eigi sér stað milli bændaskólanna og annara þeirra, sem hafa forgöngu í búnaðarmálum vorum.

Virðist og sanngjarnt, að skólarnir fái að einhverju leyti að njóta starfsemi búnaðarráðunauta og dýralækna, sem eru í opinberri þjónustu, ef hægt er að koma því við. Mundi það á margan hátt hafa hina mestu þýðingu að sameina þannig skólana og beint framkvæmdastarf í þjónustu landbúnaðarins.

Um 13. gr.

Grein þessi er svo til samhljóða núgildandi lagafyrirmælum. Þarf því ekki nánari skýringa við.

Um 14. og 15. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Um 16. gr.

Ekki er rétt að rifta gerðum samningum við núverandi skólastjóra. Verði frumv. þetta að lögum, er hinsvegar æskilegt, að nýir samningar komist á, í samræmi við þau.

Um 17. gr.

Þarf ekki skýringa við.

9. Frumvarp

til laga um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Meðan flugvélar eru notaðar til síldarleitar, skal aukagjald lagt á hvert síldarmál og hverja tunnu saltaðrar síldar, og skal með aukagjöldum þessum stofnaður flugmálasjóður Íslands.

2. gr.

Tekjum sjóðsins skal fyrst og fremst varið til þess að standast kostnað af notkun flugvéla til síldarleitar og til þess að koma skipulagi á samvinnu milli flugvéla og síldarskipa. Að öðru leyti skal tekjum sjóðsins varið til flugferða á Íslandi innan þeirra takmarka, sem segir í 5. gr.

3. gr.

Hvert skip, er veiðir síld með herpinót, skal gjalda í sjóð þennan 10 aura af hverju máli bræðslusíldar og af hverri tunnu saltaðrar síldar eða annarrar verkaðrar síldar eða beitusíldar. Eitt mál bræðslusíldar skal talið 150 kg. og skal jafngilda einni tunnu saltaðrar síldar.

4. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar fyrir með reglugerð um, hversu innheimta skuli gjöld þessi og um tilhögun á starfsemi sjóðsins.

5. gr.

Sjóður þessi tekur til starfa 1930, og má verja allt að $^{9}/_{10}$ af tekjum hvers árs í ofannefndu markmiði.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn sjóðsins og skal það ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðastliðin tvö sumur hefir flugvél verið notuð til síldarleitar hér við land, og mun það almennt talið hafa orðið að nokkru liði. En kostnaður við að halda flugvélinni úti hefir orðið mjög mikill, vegna þess að slík farartæki eru afardýr í rekstri. Eigi að verða framhald á þessari nýung, sem sjálfsagt má telja sjávarútveginum til nokkurra hagsbóta, verður því á einhvern hátt að sjá fyrir fé til þess að greiða með kostnaðinn af úthaldi flugvélarinnar að meira eða minna leyti. Verður ekki séð annað en að sanngjarnt sé að kostnaðurinn sé að meira eða minna leyti greiddur af síldarútgerðarmönnum, sem einir hafa flugvélarinnar not, en það virðist bezt verða með því, að leggja ákveðið lágt gjald á hverja tunnu saltaðrar síldar og annarrar síldar, sem verkuð er til manneldis eða beitu, og á hvert mál bræðslusíldar, ef síldin er veidd með herpinót. Reknetaskip og landnótaveiðimenn hafa flugvélarinnar lítil eða engin not, og er því rétt, að sú síld, sem veidd er þannig, sé undanþegin gjaldi. Rétt þykir að ekki sé varið öllum árstekjum sjóðsins til flugvélaúthalds, því æskilegt er að sjóðurinn vaxi smám saman, svo að unnt yrði, ef til vill síðar, að færa gjaldið niður, eða auka við flugvélakostinn, ef það þætti æskilegt.

Ýmsir af helztu síldarútvegsmönnum hafa tjáð sig frumvarpi þessu meðmælta.

Einstakar greinar frumvarpsins virðast ekki þurfa skýringa.

10. Frumvarp

til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 16, 7. maí 1928. [Laun embættismanna].

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

Fyrir orðin »til ársloka 1930« komi: til ársloka 1932.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í árslok 1930 falla úr gildi ákvæðin um dýrtíðaruppbót starfsmanna

ríkisins. En með því að nauðsynlegt verður að teljast að einhver tilsvarandi ákvæði komi í þeirra stað, er þetta frv. fram borið.

Stjórnin hefir ekki séð sér fært, að þessu sinni, þar sem festing krónunnar er enn ekki fengin með lögum, að gera tillögur um gagngerða breyting á launum embættismanna, enda myndi heppilegra að milliþinganefnd væri falið að gera tillögur um úrlausn launamálsins.

11. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. október 1912.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919 komi:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Utan kaupstaða skulu launin greidd á manntalsþingi, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Launin skal miða við manntal umdæmisins við síðustu áramót þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 300 krónur.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaunin vera 300 krónur, að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í kaupstöðum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr. í byrjunarlaun.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka eftir 5 ár um 50 krónur, og eftir önnur 5 ár um 50 krónur. Þó mega launin án dýrtíðaruppbótar aldrei fara fram úr 1500 krónum.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðluðust gildi, taka launabót eftir þjónustualdri.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1931.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 76, 28. nóv. 1919, inn í meginmál laga nr. 14, 22. okt. 1912, og gefa þau út svo breytt sem yfirsetukvennalög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með lögum nr. 27, 17. des. 1875, var fyrst komið föstu skipulagi á yfirsetukvennaskipun hér á landi. Allt þangað til hafði ríkt fullkomið skipulagsleysi í því efni. Þá voru 2 yfirsetukonur í Reykjavík, er höfðu laun úr landssjóði, 100 kr. hvor um sig, 1 í Vestmannaeyjum, er hafði laun af læknasjóðnum íslenzka, og 65 (þar af 37 í Suðuramtinu) aðrar yfirsetukonur, er allar höfðu 200 kr. til launa, eða að meðaltali um 3 kr. árlega hver þeirra. Með nefndum lögum var svo ákveðið að hverri sýslu skyldi skipt í yfirsetukvennaumdæmi eftir ákvæðum amtsráðsins, og að í hverjum kaupstað skyldu vera ein eða fleiri yfirsetukonur eftir ákvörðun bæjarstjórnar. Í Reykjavík voru yfirsetukvennalaunin 100 kr. árlega, í Vestmannaeyjum 60 krónur, en í sveitum og hinum kaupstöðunum 40 krónur. Eftir 10 ára góða þjónustu í *sveit* mátti sýslunefndin að auki veita allt að 20 kr. viðbót á ári. Hún gat og veitt hæfileg eftirlaun, ef henni þótti ástæða til, yfirsetukonu, er varð að láta af starfanum vegna elli eða sjúkleika. Öll laun og eftirlaun átti að greiða úr hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóði, en kostnað við kennslu yfirsetukvenna að meðtöldum ferðakostnaði og kostnað til nauðsynlegra áhalda skyldi greiða úr landssjóði.

Þótt hér væru eigi veitt rífleg laun, var þó um verulegar umbætur á kjörum yfirsetukvenna að ræða frá því sem verið hafði, enda hélzt þessi launaskipun óbreytt þangað til 1894. Þá var með lögum 9. apríl gerð sú breyting, að launin voru ákveðin 100 kr. í *öllum* kaupstöðum landsins, en 60 kr. í sveitum, árlega. Um viðbót og eftirlaun voru fyrri ákvæði óbreytt. Það gekk þó ekki greiðlega að fá þessa litlu launahækkun samþykkta. Á næstu þingum, 1897, 1899 og 1902 var gerð tilraun til þess að koma launabyrðinni af sveitar- og bæjarsjóðunum yfir á landssjóð, en það náði ekki fram að ganga.

Yfirsetukonur landsins voru alltaf mjög óánægðar með þessi launakjör sín, og sendu því kvartanir yfir þeim til þingsins. Þannig lá fyrir Alþingi 1911 beiðni frá 92 yfirsetukonum víðsvegar af landinu. Varð það til þess, að neðri deild samþykkti ályktun um að skora á stjórnina að sjá um að launakjör yfirsetukvenna yrðu tekin til íhugunar og undirbúa sem fyrst nýja löggjöf um það efni. Stjórnin lagði því fyrir Alþingi 1912 frumvarp til yfirsetukvennalaga, er landlæknir hafði samið. Taldi nefndin í Ed. málið óvanalega vel undirbúið. Eftir frumvarpinu átti að miða launin við fólkstal í umdæminu við síðustu áramót, þannig: 1. Í umdæmum, þar sem fólkstal var 200 eða minna, áttu árslaun yfirsetukonu að vera 60 kr. 2. Þar sem fólkstal var yfir 200 áttu launin að vera 60 kr. að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla fimm tugi manna, fram yfir 200, þó svo að launin fari aldrei fram úr 500 kr. 3. Í kaupstaðaumdæmum átti að deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og reikna því næst laun þeirra á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó svo, að launin færu aldrei fram úr 500 krónum. »Þessi regla«, segir í athugasemdunum, »um laun yfirsetukvenna bætir að miklum mun launakjör yfirsetukvenna, þar sem þess

er frekast þörf, en getur þó hinsvegar ekki talizt að íþyngja um skör fram hlutaðeigandi héruðum, sem launin eiga að greiða«.

Þessar tillögur náðu þó ekki að öllu leyti samþykki þingsins; það breytti íbúatölunni úr 200, upp í 300, en hækkaði jafnframt launin úr 60 kr. upp í 70 kr., lækkuðu launin fyrir hverja fulla fimm tugi mann úr 10 kr. ofan í 5 kr. Voru þetta allríflegar launaviðbætur, einkum í hinum fjölmennari héruðum. Þessi ákveðnu laun mátti sýslunefnd eða bæjarstjórn hækka, ef sérstakar ástæður þóttu til, án þess launahækkuninni væru nokkur takmörk sett. Um eftirlaunin gilda sömu ákvæði og áður. Þessi yfirsetukvennalög voru síðan staðfest af konungi 22. okt. 1912.

Þessi skipun hélzt þangað til 1919. Þá var með lögum nr. 76, 28. nóv., gerð mikil breyting á launum yfirsetukvenna. Þau voru eftir þessum lögum miðuð við fólkstal eins og áður, en þau voru hækkuð úr 70 kr. upp í 200 kr., þar sem fólkstal var 300 eða minna. Launaviðaukinn fyrir hverja fulla fimm tugi manna var hækkaður úr 5 kr. upp í 10 kr., þó svo, að launin fari aldrei fram úr 1000 kr. (í stað 500 áður). Í kaupstöðum gilti hið sama og áður, en þó svo, að launin þar mættu heldur ekki fara fram úr 1000 kr. Loks var svo ákveðið, að laun allra yfirsetukvenna skuli hækka fimmta hvert ár um 25 kr., unz launabótin næmi 75 kr., og hafi þær þá náð hámarki launa sinna. Með þessum lögum var ennfremur gerð sú breyting á hinni eldri löggjöf, að laun yfirsetukvenna utan kaupstaða skyldu goldin að hálfu úr sýslusjóði og að hálfu úr ríkissjóði; var með þessu allmikilli byrði velt yfir á ríkissjóð. Í núgildandi fjárlögum er hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna talinn 36000 kr.; frá sýslufélögunum eru þá greiddar aðrar 36000 kr., eða alls 72000 kr. Í Reykjavík eru launin liðugar 5000 kr.; sé sama upphæð talin hjá hinum kaupstöðunum, sem mun ekki vera fjarri lagi, er alls greitt á landinu til yfirsetukvenna um 82000 kr. úr almennum sjóðum. Fram að árinu 1875 voru launin alls 460 kr., nú eru þau 82000 kr.; mun erfitt að benda á aðrar eins launabætur hjá nokkurri annarri stétt hér á landi.

Það þykir mega fullyrða, að með lögunum frá 1919 hafi yfirsetukonum verið veitt fullt eins rífleg launabót og öðrum embættis- og sýslunarmönnum landsins var veitt um líkt leyti, er þeir hafa orðið að una við síðan. Þetta hafa og yfirsetukonurnar sjálfar viðurkennt, því að í umsókn þeirra til Alþingis 1926 játa þær þetta beint. »Þessi lög frá 1919 voru, eins og gefur að skilja, mjög mikil réttarbót frá því sem verið hafði síðan 1912«. Samt sem áður hafa yfirsetukonur landsins verið óánægðar með launakjör sín. 1926 sendu þær beiðni um launaviðbót til Alþingis. Var þá í Ed. borið upp af þingmanna hálfu frumvarp um allríflega launahækkun til þeirra, er var samþykkt í deildinni, en varð óútrætt í Nd. Þó fengu yfirsetukonur það ár, eftir rökstuddri dagskrá í Nd., dýrtíðaruppbót af ríkissjóðshlutanum. (Er sú uppbót ekki fólgin í fyrnefndri upphæð, 36000 kr.). Þær voru þó ekki ánægðar með þetta. Voru því enn að þeirra tilhlutun borin fram frumvörp um launahækkun á þingunum 1927, 1928 og 1929, en náðu ekki fram að ganga.

Stjórnin verður nú að álíta, að yfirsetukonur hafi sambærileg laun við aðra starfsmenn ríkisins, og að því sé í rauninni ekki ástæða til þess að veita

þeim út af fyrir sig svo mikla launahækkun, sem í frumvörpum síðustu þinga hefir falizt, enda viðbúið, að aðrir komi á eftir með líkar kröfur, svo sem hreppstjórar, barnakennarar o. fl., eins og tekið hefir verið fram í umræðum um þetta mál á Alþingi. En þar sem yfirsetukonum virðist heldur hafa aukizt fylgi á síðustu þingum, hefir stjórninni þótt réttast að leggja fyrir Alþingi frumvarp um launakjör yfirsetukvenna, og er það samið á grundvelli málsins eins og það lá fyrir síðasta þingi. Þó vill stjórnin ekki taka óbreytt upp frumvarpið eins og það var samþykkt í Nd. (þingskj. 305), því að það mundi auka útgjöld landsins óhæfilega mikið til þessarar einu stéttar og auk þess valda verulegu ósamræmi gagnvart launum annarra opinberra starfsmanna. Hækkunin mundi nema um 48800 kr., og laun margra yfirsetukvenna hækka um allt að 100%. Stjórnin hefir því talið réttast að bera fram frumvarp, sem er í öllum aðalatriðum samhljóða þeim breytingum, er fjármálaráðherra bar fram í Ed. (þskj. 498). Veitir það yfirsetukonum ríflegar launabætur án þess þó að ganga allt of nærri ríkissjóði, eins og nú skal sýnt.

Í fyrra var í fjármálaráðuneytinu gert yfirlit um laun allra yfirsetukvenna utan kaupstaðanna; var í þeim tilgreint manntal í hverju umdæmi um sig, nema úr Snæfellsnes- og Barðastrandarsýslum; umdæmi voru þar 11+12 = 23, er manntal þá vantaði úr. Sé gert ráð fyrir, að íbúatal í þeim öllum sé undir 300 manns, og munu þó til vera í þeim sýslum fólksfleiri umdæmi, þá eru á landinu alls 133 umdæmi með undir 300 manns, 15 með fólkstal undir 350, 13 undir 400, 12 undir 450, 8 undir 500, 3 undir 550, 5 undir 600, 1 undir 650, 1 undir 700, 2 undir 750, 2 undir 800, 2 undir 850, 3 undir 900, 1 undir 1050, 1 undir 1300 og 1 undir 1400. Alls eru því 203 umdæmi. — Laun til allra yfirsetukvenna yrðu eftir frumvarpi þessu kr. 63470,00. Sé gert ráð fyrir að helmingur yfirsetukvenna hafi náð fullum embættisaldri, sem er alveg vafalaust, bætast 10000 kr. við þessa upphæð. Sé reiknuð dýrtíðaruppbót á þessar upphæðir með 40%, verða öll laun yfirsetukvenna um 103000 kr. Hlutur ríkissjóðs verður því um 68600 kr., en var eftir gildandi lögum með dýrtíðaruppbót 1928 45400 kr. Hækkunin nemur því um 23000 kr. Þetta er sú hliðin, sem að ríkissjóði veit.

Gagnvart yfirsetukonunum horfir málið þannig við: Eftir núgildandi lögum eru laun yfirsetukonu, sem náð hefir fullum aldri í 300 manna umdæmi, 385 kr. að viðbættri dýrtíðaruppbót, en eftir þessu frumvarpi eru þau 560 kr., í 400 manna umdæmum eru launin nú, reiknuð á sama hátt, 413 kr., en eftir þessu frumvarpi 588 kr.; í 500 manna umdæmum eru launin nú 441 kr., en eftir frumvarpinu 616 kr., o. s. frv. Virðist þessi launahækkun í alla staði viðunandi.

12. Frumvarp

til laga um lántöku fyrir ríkissjóð.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að 12 miljónum króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lán það, er ríkisstjórnin tók með lánssamningi við Barclays Bank, Limited í London, dags. 27. september 1929, að upphæð 250000 sterlingspund, skal teljast hluti af láni því, sem heimilað er með, 1. gr. og staðfestist umræddur lánssamningur með lögum þessum.

3. gr.

Lög nr. 39, 14. júní 1929, um lánsheimild fyrir ríkissjóð, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við lánaumleitanir í útlöndum hefir það komið í ljós, að bankamenn þar hafa talið nauðsynlegt, að í lántökuheimild fyrir ríkissjóð væri það sérstaklega tekið fram, að lánið mætti taka í erlendri mynt. Liggja til þess, meðal annars, þær ástæður, að gengi íslenzkrar krónu hefir enn ekki verið ákveðið með lögum.

Í öðru lagi telja þeir það óheppilegt, að í lántökuheimildinni sjálfri séu nokkur ákvæði um það, til hvers láninu skuli varið. Hafa útlendir bankar látið það í ljós, að þá teldu þeir sér bera skyldu til að sjá um það, að því láni, er þeir kynnu að veita, yrði á hverjum tíma varið til þess eins, sem í lögunum getur; en það eftirlit teljast þeir enga aðstöðu hafa til að framkvæma, enda sér með öllu óviðkomandi.

Verði frumvarp þetta að lögum, má vitanlega ganga út frá því sem sjálfsögðu, að lánið verði notað samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 39, 14. júní 1929.

13. Frumvarp

til laga um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem til er tekið í lögum þessum, að láta ríkissjóð taka að sér greiðslu lána þeirra úr veðdeild Landsbankans og Viðlagasjóði, sem hvíla á eigendum jarða í Skeiðahreppi í Árnessýslu vegna Skeiðaáveitunnar.

2. gr.

Jarðir þær, sem átt er við í 1. gr., eru þessar: Fjall (tvö býli), Framnes, Birnustaðir, Reykir, Húsatóftir (tvö býli), Hlemmiskeið (tvö býli), Brjámsstaðir, Votamýri, Blesastaðir, Skeiðháholt, Kálfhóll, Kílhraun, Borgarkot, Langamýri, Arakot, Brúnavallakot, Syðri-Brúnavellir, Útverk, Miðbýli, Vorsabær, Efri-Brúnavellir og Árhraun.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra má því aðeins nota heimild þá, sem felst í 1. gr., að fullnægt sé eftirfarandi skilyrðum:

1. Að allir eigendur jarðanna, sem nefndar eru í 2. gr., skuldbindi sig til þess að hlíta lögum þessum.
2. Að þeir eigendur jarðanna, sem að áliti þriggja manna nefndar, er atvinnumálaráðherra skipar, þurfa þess, vegna skuldbindinga, er ekki koma áveitunni við, leiti nauðasamninga við lánardrottna sína, og nái þeim, með kjörum, sem nefndin telur ekki ofvaxið fjárhag þeirra.
3. Að hreppsnefnd Skeiðahrepps, með samþykki lögmæts hreppsfundar, ábyrgist gagnvart ríkissjóði, að eigendur jarða þeirra, sem í 2. gr. getur, greiði á árunum 1930—1980, í gjalddaga 20. október ár hvert, 2% af höfuðstóli lánanna, sem tekin hafa verið til áveitunnar og hvíla á eigendum jarðanna, eins og hann verður þegar lög þessi öðlast gildi.

4. gr.

Til þess að bæta ríkissjóði gjöld, sem hann hefir af lögum þessum, ef heimild 1. gr. verður notuð, er lagður verðhækkunarskattur á jarðirnar, sem taldar eru í 2. gr., og er hann tvennskonar, verðhækkunarskattur eftir fasteignamati og verðhækkunarskattur við sölu.

5. gr.

Til grundvallar verðhækkunarskatti eftir fasteignamati skal leggja landverð jarðanna eins og það er talið í jarðamatsbókinni frá 1921, og kemur hann fyrst til framkvæmda við mat það, sem á fram að fara árið 1940. Skattur þessi nemur 10% af hækkun landverðsins og greiðist með jöfnum af-

borgunum og 6% ársvöxtum á næstu 10 árum eftir hvert almennt fasteignamat. Heimilt er þó jarðeiganda að greiða hann fyrr, ef hann óskar.

Skattur þessi greiðist í síðasta sinni af verðhækkun, sem verða kann við fasteignamatið 1980, og skal því falla burtu í síðasta lagi 1990.

Skatturinn telst aðeins af þeirri hækkun landverðsins, sem orðið hefir á síðustu 10 árum, nema í fyrsta skipti telst hann af hækkun þess á síðustu 20 árum.

Sýslumaður innheimtir skattinn á manntalsþingum og gerir ríkissjóði skil fyrir honum á sama hátt og öðrum tekjum hans. Fjármálaráðherra ákveður, hvernig reikningshaldi skuli háttað.

6. gr.

Söluskatturinn miðast við fasteignamat (landverð og húsaverð) eins og það er á þeim tíma, sem sala fer fram. Skatturinn nemur 20% af því, sem söluverðið er hærra en fasteignamatið, og greiðist hann sýslumanni áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því, er fullsamið var um söluna. Bæði kaupandi og seljandi eru ábyrgir fyrir greiðslu skattsins.

Nú hefir seljandi gert húsabætur eða túnbætur síðan síðasta jarðamat fór fram, og skal þá sýslumaður, ef þess er óskað, láta fram fara mat á, hversu mikið jörðin muni hafa hækkað í verði við umbæturnar, eftir þeim reglum, sem fasteignamatsnefndir fylgja. Þegar svo stendur á sem hér segir, greiðist skatturinn af mismun söluverðs og samanlögðu fasteignamatsverði og verði umbótanna.

Skattur samkvæmt þessari grein greiðist ekki, þegar jörð fellur í arf til maka, afkomenda eða fósturbarna. Annars greiðist hann jafnan, er sala fer fram, frá því er lög þessi öðlast gildi og til ársloka 1980.

Sýslumaður gerir árleg skil fyrir skattinum á sama hátt og segir í 5. gr.

7. gr.

Nú greiðir jarðeigandi að fullu hluta jarðar sinnar af stofnkostnaði áveitunnar áður en 10 ár eru liðin frá því lög þessi öðlast gildi, og er þá jörð hans undanþegin öllum skatti samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Jarðirnar, sem taldar eru í 2. gr., eru að lögveði fyrir greiðslum öllum, er ræðir um í 3.—6. gr. laga þessara, næst á eftir því, sem nú hvílir á þeim. Lögveð þetta hefir uppfærslurétt, þannig, að þegar það er greitt, sem nú hvílir á, kemur lögveðið næst á eftir almennum opinberum sköttum.

9. gr.

Lög þessi ná ekki til þeirra jarða á áveitusvæðinu, sem eru utan Skeiðahrepps.

10. gr.

Ríkissjóður hefir lögtaksrétt fyrir greiðslum samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um viðhald og starfrækslu Skeiðaáveitunnar. Þar skal taka til, hvernig áveitumálum skuli stjórnað, skylda ábúendur til að halda áveitunni við, kveða á um framlög til hennar og annað, sem með þarf, til þess að hún komi að sem fyllstum notum. Reglugerð þessi gildir sem lög fyrir áveitufélagið og má ákveða sektir fyrir brot gegn henni. Þegar reglugerðin verður gefin út, fellur úr gildi samþykkt um félagsáveitu í Skeiðahreppi, 24. september 1917.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 13. sept. 1929 skipaði atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið þá Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra, Jón Ólafsson alþingismann og Guðmund bónda Þorbjarnarson á Stóra-Hofi til þess, samkvæmt 23. gr. fjárlaga fyrir árið 1930, IV. lið, að athuga ástand Skeiðaáveitunnar og fjárhagsafkomu bænda á áveitusvæðinu til að standa straum af áveitukostnaðinum. Hefir nefndin lokið störfum og samið uppkast að lagafrumvarpi þessu, og hefir hún látið því fylgja greinargerð þá, sem felst í eftirfarandi áliti, sem nefndin hefir sent ráðuneytinu með frumvarpsuppkastinu.

Athuganir og tillögur um Skeiðaáveituna.

Með bréfi dags. 13. sept. s. l. vorum vér undirritaðir af atvinnumálaráðuneytinu skipaðir í nefnd til þess — samkvæmt 23. gr. fjárlaganna fyrir árið 1930, IV. lið — að athuga ástand Skeiðaáveitunnar og fjárhagsafkomu bænda á áveitusvæðinu, til að standa straum af áveitukostnaðinum. Ber nefndinni að meta, hversu mikið hún telur bændum fært að greiða af áveitukostnaðinum, og gefa ráðuneytinu skýrslu um það.

Vér höfum nú rætt mál þetta á allmörgum fundum, safnað ítarlegum skýrslum um búnaðarástæður bænda á Skeiðum síðan um 1900 og fjárhagsafkomu þeirra síðari árin. Ennfremur höfum vér ferðazt um áveitusvæðið á Skeiðum og reynt að kynna oss hag bænda og ástæður sem ítarlegast. Frá aðalárangrinum af starfi voru skal nú skýrt í stuttum dráttum.

I. Framkvæmd Skeiðaáveitunnar.

Í 39. árg. Búnaðarritsins er ítarleg ritgerð um Skeiðaáveituna, eftir Pálma Einarsson og Sigurð Sigurðsson. Vér ætlum oss eigi að rekja efni þessarar ritgerðar, en vísum þeim, er um þessi efni vilja fræðast, til hennar. En þessi rit-

gerð myndar að nokkru grundvöll undir athugunum vorum, en síðan efni var safnað til hennar eru liðin 5 ár. Á þeim árum hefir unnizt nokkur reynsla og nýjar upplýsingar komið í ljós. Þetta höfum vér allt athugað og tengt við það, sem á undan er gengið.

Um jarðveg, gróðurfar og veðráttu á Skeiðum þarf eigi að fjölyrða, um það má lesa í ritgerð P. E. og S. S.

Áveitufélag Skeiðahrepps er stofnað á fundi í febrúar 1917. Samþykkt um félagsáveitu í Skeiðahreppi er staðfest af stjórnarráðinu 24. sept. 1917. Í henni eru meðal annars þessi ákvæði:

»Öllum árlegum kostnaði við áveituna, svo sem afborgunum og vöxtum af stofnláni, viðhaldskostnaði og kostnaði við eftirlit og stjórn, skiptir stjórn félagsins í nóvembermánuði ár hvert á allar jarðir á áveitusvæðinu eftir flatarmálsstærð þess lands, sem vatni má ná yfir á hverri jörð. Við þá skiptingu kostnaðarins skal þó á engri jörð telja áveitusvæði meira en $^{3}/_{4}$ — þrjá fjórðu — af flatarmáli allrar jarðarinnar, þó vatni megi ná yfir meira. Kostnaðinn samkvæmt þeirri niðurjöfnun greiðir eigandi hverrar jarðar til gjaldkera félagsins fyrir næstu árslok«.

Mikill misbrestur er á, að þessi ákvæði hafi verið haldin af Skeiðamönnum, sem síðar mun að vikið.

Í júní 1917 var verkið hafið með skurðgrefti, en um vorið 1923 voru þau mannvirki fullgerð, er áætlun hafði verið gerð um. Hin upprunalega kostnaðaráætlun um framkvæmd verksins var gerð 21. marz 1916, og nam hún *103600 krónum*. Síðar voru gerðar nokkrar breytingar á áætluninni og námu þær um 22000 kr. En kostnaðurinn við framkvæmd verksins varð *422845 kr.*

Af þessum kostnaði greiddi ríkið $^{1}/_{4}$ hluta, og síðan að fullu kostnaðinn fyrir Ólafsvelli, sem er eign Kirkjujarðasjóðs, og varð sú upphæð 34851 kr.

Síðan þessi reikningur var gerður hafa fallið vextir á skuldina, svo að nú er sú upphæð, sem hvílir á áveitufélaginu, *287175,83 kr.* En þessar skuldbindingar hvíla aðeins á 24 jörðum.

Ástæðurnar til hins mikla kostnaðarauka eru margar, en aðallega kemur hér til greina:

Afföll af veðskuldabréfum, er mest af lánunum var útborgað með. Kostnaður við lántökur og vextir af skyndilánum. Lækkun á verðgildi ísl. gjaldeyris og þar af leiðandi hækkun á vöruverði og kaupgjaldi. »Óbilgjarna klöppin«.

Í ritgerð P. E. og S. S. er ítarleg greinargerð um þessi atriði. Samkvæmt henni og við nánari athugun má sundurliða kostnaðinn þannig:

Samkvæmt áætlun...	kr.	103600,00
Breytingar og viðauki	—	22000,00
Ófyrirséð:		
Afföll af veðbréfum	—	38660,00
Annar kostnaður við lántökur	—	4225,00
Forvextir af víxlum	—	7560,78
Vextir frá lánad. til júní 1923	—	31128,89

Afborganir af lánum á sama tíma	Kr.	7015,91
Annar kostnaður við afborganir og lánagreiðslur... ...	—	3859,75
Kostnaðarauki við handgrafna skurði	—	46472,00
Verðhækkun á efnivið	—	14000,00
Kostnaðarauki við klöppina	—	78000,00
Verðauki vélavinnunnar	—	56600,00
Fram yfir upphafsáætlun	—	9722,97
Samtals	kr.	422845,00

Við athugun á ofangreindum tölum sést, að nær helmingur kostnaðarins er af ófyrirsjáanlegum atvikum, sem vart urðu fyrir séð. Kostnaðaraukinn við klöppina stafar af ónógri undirbúningsrannsókn. Hinsvegar hefir ríkissjóður tekið þátt í öllum þessum óhöppum, með því að greiða hinn lofaða styrk — 1/4 hluta kostnaðarins — og að fullu fyrir Ólafsvelli.

Greiðsla hinnar ofannefndu upphæðar skiptist þannig:

Styrkur ríkissjóðs (greiddur)	kr.	100227,00
Vegna Ólafsvalla (greitt)	—	34851,00
— Borgarkots og Birnustaða (greitt)	—	808,00
Skuld áveitufélagsins	—	286959,00
Samtals	kr.	422845,00

Þær tölur, er nú hafa verið nefndar, eru gerðar 1924, þá talið var að stofnkostnaði áveitunnar væri lokið.

Hver not hafa orðið að áveitunni.

Vorið 1923 var vatni úr Þjórsá fyrst veitt yfir Skeiðin, og síðan öll árin. Reynsla þessara ára sýnir, að sá hefir verið galli á gjöf Njarðar, að ekki hefir verið hægt að hafa vald á því, hvenær eða hve miklu vatni er veitt á Skeiðin, sem er þó framtíðarskilyrði þess, að áveitan komi að fullum notum. Afstaðan við upptöku vatnsins er þannig, að þá áin er lítil rennur ekkert eða lítið vatn inn í skurðinn. Vald á ánni er því eigi hægt að hafa, og þar af leiðandi hefir áveitan verið misfellasöm þessi árin. Á þessu er nú verið að ráða bót, með því að taka kvísl úr Þjórsá töluvert ofar með bakkanum og veita henni að flóðgáttinni. Er með því móti mögulegt að hafa ætíð nægilegt vatnsmagn í skurðinum, og er þá meiri von um betri árangur af áveitunni. Kostnaðurinn við þessa endurbót greiðist þannig, að ríkið hefir lagt til allt efni, sem nema mun um 9000 krónum, en Skeiðamenn alla vinnu, sem áætluð er um 6000 kr. Þessar upphæðir verða eigi taldar með í áveitukostnaðinum.

Sem sagt, hefir enn sem komið er eigi verið hægt að hafa fullt vald á því vatni, er þarf til Skeiðaáveitunnar. Þar af leiðir, að hinn raunverulegi árangur af áveitunni er eigi enn kominn í ljós. Aðrar ástæður hafa einnig stutt að þessu. Þannig er fyrst nú búið að hlaða 7/8 hluta af görðum þeim, er ráðgert hefir verið að þyrfti á áveitusvæðið. Framræslu vantar víða og hagnýting vatnsins eigi verið á þann hátt, sem haganlegast má verða. Til þessa hefir vantað reynslu og nákvæmt eftirlit.

Til að komast að heyaukningu vegna áveitunnar, er hægt að fara tvær leiðir:

a. Rannsaka mismuninn á áveittu og óáveittu engi.

b. Bera saman mismun á heyafla bænda um visst árabil, fyrir og eftir áveituna.

Þetta skal nú athugað.

Í ritgerð P. E. og S. S. er skýrt frá athugunum um heyaukning vegna áveitunnar. Þessar athuganir eru gerðar af Pálma Einarssyni sumarið 1924. Þá var grasspretta í tæpu meðallagi, eftir því sem hún hefir verið síðari árin. Eftir þessum athugunum nemur heyaukinn á ha. 490 kg. að meðaltali, mest 606 kg., minnst 330 kg. pr. ha. Nú er áveitusvæðið talið 2890 ha. Ætti því heyaukinn á öllu svæðinu að nema 14161 hestum (100 kg.), og samsvarar það þeim heyafla, sem tíðkast hefir á Skeiðum á undanförnum árum. Áveitan ætti því að auka heyaflann um nær helming, ef rétt er á haldið.

Athuganirnar eru gerðar á afgirtu landi.

Hvers virði þessi heyauki gæti verið bændum, látum vér ósagt, en ef hann væri metinn á 50 aura hver 100 kg., gerir það kr.7080,50.

Séu aftur á móti heyaflaskýrslur athugaðar, verður útkoman önnur. Hér fer á eftir skýrsla um jarðargróður í Skeiðahreppi frá 1901—1929. Heyaflinn er reiknaður að meðaltali árlega um fimm ára skeið, nema árin 1921—24 eru aðeins 4 ár, þar af 2 fyrstu áveituárin. Síðustu 5 árin er áveitan notuð. Með því að bera þær tölur saman við fyrri árin sést mismunurinn á heyaukanum.

Skýrsla um jarðargróður á Skeiðum 1901—1929.

Meðaltal ára	Taða hestar	Úthey hestar	Jarðepli tn.	Rófur tn.
1901—05	3424	13420	113	175
1906—10	4078	15161	180	182
1911—15	4096	15363	178	137
1916—20	3254	15463	215	115
1921—24	4081	17297	157	61
1925—29	4927	17719		

Af þessari skýrslu sést, að útheysaflinn tvö síðustu fjögra og fimm ára tímabilin hefir verið um 2000 hestum meiri árlega en 15 árin næstu á undan sýna. Þessa heyaukningu mun mega þakka áveitunni, þótt eigi verði með vissu um þetta sagt, t. d. vantar skýrslur um hve margt fólk hafi gengið til heyskapar fyrr og síðar, sem þó hefði verið mjög fróðlegt til samanburðar. En það hyggjum vér, að síðari árin hafi frekar færra en fleira fólk gengið að heyvinnu en áður.

Af skýrslunni sést ljóslega, að heyaukningin er eigi eins mikil og ætla hefði mátt. En hér koma fyrrtaldar ástæður til greina, og enginn vafi leikur á, að mikið má auka heyaflann enn, sé vel á haldið.

Í sambandi við útheysaflann sést einnig, að töðufengurinn á Skeiðum síðasta fimm ára tímabilið er nær 900 hestum meiri en áður. Garðræktin hefir aftur á móti eigi tekið framförum.

Sé athugað um útheysaflann á hinum einstöku jörðum, er heyaukningin

næsta mismunandi. Hér fer á eftir skýrsla um útheysaflann árlega að meðaltali á þrem 5 ára tímabilum. Síðustu árin eru áveituár.

Skýrsla um útheysafla á Skeiðum.

Bæjarnöfn:	1901—05	1911—15	1925—29
Fjall (2 býli)	1110	1086	1058
Framnes	292	420	298
Birnustaðir	480	604	406
Reykir	716	688	706
Húsatóftir (2 b.)	577	879	818
Hlemmiskeið (2 b.)	548	964	1306
Brjámsstaðir	220	260	640
Votamýri	393	571	642
Blesastaðir	504	680	832
Skeiðháholt	911	853	884
Kálfhóll	196	300	384
Kílhraun	408	500	703
Borgarkot	182	170	154
Arakot	232	344	438
Langamýri	404	618	753
Árhraun	450	470	518
Brúnavallakot...	248	276	520
Syðri-Brúnavellir	444	464	563
Efri-Brúnavellir	526	520	634
Vorsabær	650	642	583
Útverk	820	966	890
Miðbýli	273	400	
Samtals	10584	12675	13730
Meðaltal á býli:	423	507	550

Auk þessa eru 2 býli í Villingaholtshreppi, sem hafa not af áveitunni — Skálholtshraun og Þjótandi — og er áveituland þeirra 202 ha. og áveituskuldin, sem á þeim hvílir, kr. 22450,84.

Heyafli í Ólafsvallahverfi:

	1901—05	1911—15	1925—29	Aveitul. ha.
Ólafsvellir ...	674	504	674	140
Vesturkot ...	154	229	400	37
M.-Ólafsvellir...	104	106	502	26
Björnskot ...	176	242	239	19
Norðurgarður...	238	258	530	43
Andrésfjós ...	424	282	552	36
Samtals	1770	1621	2897	301
Meðaltal á býli:	295	270	483	50

Framanritaðar skýrslur telja fyrst allar jarðir, er áveituskuldir hvíla nú á. Heyfengnum á tveim jörðum í Villingaholtshreppi er sleppt.

Mismunurinn á heyafla tímabilanna 1901—5 og 1925—29 er rúmir 1000 hestar.

Síðast eru taldir Ólafsvellir og býli þau, er þeim til heyra. Ríkið hefir greitt allan áveitukostnað fyrir jarðir þessar og auk þess látið girða tún og engjar.

Heyaukningin á þessum býlum á árunum 1925—29, miðað við 1911—15, er 1270 hestar, eða meiri en á öllum hinum jörðunum. Þetta mun að nokkru að þakka girðingunni.

Af skýrslunni sést að mjög eru misjafnar verkanir áveitunnar, eða útheysaukningin á hinum einstöku jörðum. Á nokkrum nemur hann alls engu, á öðrum meiru en helmingi. Ástæður þessa geta verið margar. Þar kemur til greina áveitulandið, framræslan, flóðgarðarnir, hagnýting vatnsins, girðingar o. fl. o. fl.

Þegar talað er um gagn það eða gróðuraukning, er áveitan gerir, verður að taka til greina fjölgun búfjár, sem í högum gengur og á áveitulandinu. Eftirfarandi skýrslur sýna, að í högum ganga nú um 150 stórgripir fleira en áður. Nú er meginhluti af áveitulandinu á Skeiðum ógirt, og er þá vitanlegt, að búpeningur gerir þar mikinn usla, svo eigi er að vænta eftirtekju af engjum, sem annars mætti ætla.

Búnaðarástæður.

Vér höfum þegar sýnt grundvöll þann, er búnaðurinn hvílir á, skýrt frá hvers jarðargróðurs hefir verið aflað á Skeiðum síðan um aldamót. Nú er að sýna hvern búpening Skeiðamenn fæða á heyfeng sínum, en samkvæmt hagskýrslunum hefir hann verið þessi:

Ár	Nautpeningur	Sauðfé	Hestar	Hænsn
1901—05	218	2444	298	
1906—10	217	3044	304	
1911—15	246	3163	356	
1916—20	236	3327	383	61
1921—24	246	3667	363	129
1925—29	334	3627	423	195

Af skýrslu þessari sést, að nautpeningi hefir fjölgað um nær $^1/_3$, eða um 90 gripi, síðan áveitan kom til sögunnar. Sauðfé hefir lítið fjölgað, en hestum um 60 síðustu 5 ár. Spursmál er, hvort þessi hagnýting landsins til hestagöngu er réttmæt.

Manntal. Í sambandi við búpeningsáhöfn og jarðargróður er rétt að geta um mannfjölda þann, er fæðist á þessu. En hann hefir verið í Skeiðahreppi:

1801 256
1901 276
1916 290
1928 292

Eftir síðasta manntali voru börn innan 15 ára 102, en fullorðnir 190.

Jarðabætur. Auk áveitunnar munu hafa verið unnar allmiklar jarðabætur á Skeiðum. Einkum eru þetta túnbætur og flóðgarðar.

Í dagsverkum telst að unnið hafi verið.

1892—97	... ...	2433 dagsv.
1898—1902	... ...	2196 —
1903—07	... ...	1935 —
1908—12	... ...	7925 —
1913—17	... ...	9789 —
1918—22	... .	13529 —
1923—27	... ...	11117 —
	Samtals	48924 dagsv.

Sé dagsverkið metið á 3 krónur, gerir þetta kr. 146772.

Byggingar. Samkvæmt jarðamati á Skeiðum 1922 eru öll hús í hreppnum metin á kr. 84000. Það verður á býli kr. 2545. Síðan hefir töluvert verið gert að húsabótum, t. d. er talið, að Skeiðamenn hafi keypt efni til bygginga:

1928 ... ... fyrir kr. 16475
1929 ... ... -- — 12555

Húsakynni á Skeiðum munu vera viðlíka og gerist og gengur sunnanlands. Óvíða fullnægja þau nútímakröfum, allvíða mega þau teljast sæmileg, en sumstaðar alls ófullnægjandi.

Á næstunni er því brýn nauðsyn að húsakynnin verði endurbætt eða endurreist að miklum mun. Gildir þetta eigi aðeins um íbúðarhúsin, heldur engu síður um peningshúsin, því með auknum bústofni þurfa þau að stækka og batna.

Fjárhagsástæður Skeiðamanna.

Vér höfum haft með höndum skýrslur um tekjur og gjöld, svo og framtal til tekju- og eignarskatts árin 1923—28. Vér höfum athugað þessar skýrslur og á þeim eru aðallega byggðar eftirfarandi upplýsingar:

Vér höfum haft til athugunar skýrslur um eignir og skuldir búenda í Skeiðahreppi árin 1923, 24, 26, 27 og 28. Af þessum skýrslum sést, að eignir, skuldir og skuldlaus eign er talið, og er skuldlausa eignin einnig reiknuð um eftir gullgengi.

Ár	Eignir samtals kr.	Skuldir samtals kr.	Skuldlaus eign kr.	Skuldlaus eign kr. gullgengi
1923	383595	177350	206245	119993
1924	397698	182900	214798	113643
1926	399205	170254	216751	177085
1927	367573	183554	184019	150343
1928	341159	192805	148354	121205

Hér er eigi áveitan tekin til greina, hvorki sem eignir né skuldir. Af þessu yfirliti sést, að hér er eigi um stórfelldar breytingar að ræða, nema lítið sé til skuldlausra eigna reiknaðra í gullkrónum, þá fer hin raunverulega eign mjög minnkandi hin síðari árin.

Jón Jónsson bóndi á Hlemmiskeiði hefir gert skrá yfir skuldir bænda á áveitusvæðinu í október 1929, og er hann nákunnugur öllum hag bænda þar í sveit.

Eftir þeirri skýrslu skiptast skuldakröfurnar þannig:

Útibú Landsbankans á Selfossi	kr.	81970
Sparisjóður Skeiðahrepps	—	28936
Einstaklingar	—	71898
Ræktunarsjóður	—	7724
Landsbanki Íslands í Reykjavík	—	12640
Sparisjóður Árnessýslu	—	5095
Byggingar- og landnámssjóður	—	12500
Íslandsbanki	—	200
Sparisjóðurinn Gullfoss	—	150
Ríkissjóður	—	100
Samtals	kr.	221213

Þetta er nokkru hærri upphæð en talin er á skattskránum 1929. Þess ber og að gæta, að hér með eru taldir tveir bændur í Villingaholtshreppi, sem eigi eru með á skattskrám Skeiðahrepps. Skuldir búenda þar eru taldar kr. 12128.

Til þess að gera oss nokkra grein fyrir hinum raunverulegu tekjum og gjöldum bænda, hefir skýrsla verið samin, sem er byggð á skýrslum um tekjur og gjöld og framtali 1928.

Í þessari skýrslu eru taldir 29 bændur, sem allir njóta áveitunnar. Eftir framtali þeirra er meðalútkoman þessi:

Tekjur	kr.	5603
Gjöld	—	2517
Tekjuafgangur	kr.	3086

Á tekjuafganginum eru framfærðir að meðaltali hjá hverjum bónda 5,5 einstaklingar. Hér til teljum vér húsráðendur — hjónin — og börn þeirra innan 15 ára.

Tekjuafgangurinn þarf að fæða og klæða þetta fólk og gefa húsráðendum einhver laun, ef vel á að vera.

Skeiðahreppur.

Samkvæmt reikningi hreppsins 1927 eru eignir hans

bókfærðar	kr.	6877
en skuldir	—	1480
Skuldlaus eign	kr.	5397

Auk þessa eru taldar afturkræfar skuldir hjá þurfamönnum kr. 31548. Útsvar bænda 1928 var kr. 5640.

Þá hefir, eftir því sem gögn finnast til, verið skýrt frá fjárhag Skeiðamanna. Um það ætlum vér ekki að fjölyrða meir að sinni.

Áveituskuldir Skeiðamanna.

Í ritgerð P. E. og S. S. er ítarleg greinargerð um áveitukostnaðinn. Eftir því sem næst verður komizt hafa skuldirnar síðan verið þessar:

Árið	kr. au.	kr. au.
1925: Skuld við Landsbankann	258665.47	
— — Viðlagasjóð	16000.00	274665.47
1926: Skuld við Landsbankann	257203.99	
— — Viðlagasjóð	16880.00	274083.99
1927: Skuld við Landsbankann	261063.24	
— — Viðlagasjóð	17760.00	278823.24
1928: Skuld við Landsbankann	262164.62	
— — Viðlagasjóð	18640.00	280804.62
1929: Skuld við Landsbankann	267655.83	
20/10.: — — Viðlagasjóð	19520.00	287175.83

Þess ber að geta, að Ríkissjóður hefir greitt $^1/_4$ af áveitukostnaðinum og lánað skurðgröfuna ókeypis. Auk þess hefir hann greitt allan áveitukostnað fyrir Ólafsvelli og hjáleigur.

Skuld sú, er nú hvílir á áveitufélaginu, jafnast því aðeins niður á eftirtaldar jarðir. Sé miðað við skuld áveitufélagsins 1929, reiknast áveituskatturinn að vera kr. 110.92 á hvern ha. Til samanburðar er sett mat á landverði jarðanna samkvæmt fasteignamatsbókinni frá 1922.

Skuldbindingar, sem hvíla á hinum einstöku býlum Skeiðaáveitunnar 20. okt. 1929, vegna áveitunnar:

Býli	Áveituland gjaldsk. ha.	Áveituskuld kr.	Landverð 1922 kr.
Fjall (2 býli)	63	6988.07	7300
Framnes	55	6100.69	2400
Birnustaðir	33	3660.42	3700
Reykir	63	6988.00	5300
Húsatóftir (2 býli)	207	22960.75	5200
Hlemmiskeið (2 býli)	204	22628.00	5100
Brjámsstaðir	111	12312.28	2200
Votamýri	103	11424 90	2300
Blesastaðir	134	14863.49	3700
Skeiðháholt	177	19633.11	6300
Kálfhóll	155	17192 83	3200
Kílhraun	36	3993.18	3100

Býli	Áveituland gjaldsk. ha.	Áveitu-skuld kr.	Landverð 1922 kr.
Borgarkot	4	443.68	1200
Langamýri	127	14087.02	4300
Arakot	60	6655.30	1700
Brúnavallakot	81	8984.64	3000
Syðri-Brúnavellir	108	11979.51	3200
Útverk	89	9872.02	4400
Miðbýli	206	22849,83	4000
Vorsabær	188	20853.25	4000
Efri-Brúnavellir	143	15861.77	3300
Árhraun	40	4436.86	3300
Þjótandaítak	27	2994.88	2000
Skálmholtshraun	175	19411.88	4000
Samtals	2589	287175.83	88200

Flóðgarðahleðsla.

Samkvæmt mælingum og skýrslu P. E. eru áætlaðir flóðgarðar á Skeiðum 40913 m³. Gert hefir verið:

1918	3078 m³
1919	1825 —
1920	1859 —
1921	4902 —
1922	2987 —
1923	1978 —
1924	792 —
1925	4528 —
1926	10488 —
1927	3507 —
Samtals	35944 m³

Óunnið er því í árslok 1927 4969 m³.

Hagur Skeiðamanna.

Vér höfum nú skýrt frá hinum raunverulegu ástæðum á Skeiðum. Ástæður bænda eru eigi glæsilegar, skuldabyrðin hvílir þungt á þeim, en svo mun vera víðar um land.

Af framangreindu sést, að samkvæmt skattaframtali 1928 voru skuldir bænda á Skeiðum ... ... kr. 192805,00
Áveituskuldir eru nú ... ... — 287175 83
Samtals kr. 479980,83
Eignir samkvæmt skattskrá 1928 ... ... kr. 341159,00
Eignir minni en skuldir ... ... kr. 138821,83

Þetta er samkvæmt framtali 29 bænda. Hver þeirra skuldar því sem sakir standa að meðaltali kr. 4786,00 meira en hann á eignir fyrir.

Vér sjáum engar líkur til að bændur geti risið undir þessari skuldabyrði, og það því fremur sem mörg verkefni kalla að, ef lífvænlegt á að vera á jörðunum, með þeirri menningu, er nú er krafizt. Það þarf víða að endurreisa bæina, byggja ný peningshús, einkum fjós og hlöður. Stækka, slétta og rækta túnin, girða og slétta engjarnar, og síðast en ekki sízt, að viðhalda áveitunni, svo að það verk, sem þegar er unnið, komi að tilætluðum notum. Þetta og fleira hyggjum vér að vart geti komið til framkvæmda, nema að skuldabyrðinni sé að nokkru létt af bændum og þeim betur fyrir komið en nú er. En til þess þurfa bændur að semja við alla sína skuldunauta.

Skuldir bænda á Skeiðum, þá áveitan er eigi tekin til greina, nema að meðaltali kr. 6648.00 á hvern. Þetta hvílir á búum, sem samkvæmt fimm ára meðaltali (1925—29) hafa 11 nautgripi hvert, 125 sauðfjár og 14 hesta.

Áveituskuldir hvíla nú á 25 búendum (á 3 jörðum er tvíbýli), þá sleppt er tveim jörðum í Villingaholtshreppi. Skuldin er samtals kr. 264770,00, eða á býli kr. 10579,00. Þar sem áveituskuldin hvílir á, verður því samanlögð skuldabyrði á býli kr. 17243,00. Landverð þeirra jarða, sem áveituskuldirnar hvíla á, er kr. 88200,00, eða kr. 3342,00 á býli.

Sem sakir standa eru litlir möguleikar til, að sá búskapur, sem bændur hafa nú, geti borið þá skuldabyrði, er á þeim hvílir. Þetta verður fyrst mögulegt með auknum bústofni og meiri framleiðslu. Framanritaðar skýrslur sýna, að smátt og smátt þokast í þá átt. En betur má, ef duga skal. Vér höfum áður bent á, að vegna áveitunnar myndi útheysaflinn aukast um helming, ef allt ásigkomulag væri með felldu. Komi nú þetta til framkvæmda á næstunni, má auka búpeningsstofninn um helming.

En þessar umbætur kosta starf og fé. Það eiga bændur erfitt með að útvega sér, ef skuldabyrðin hvílir þungt á þeim. Vér álítum því happasælast til frambúðar, bæði fyrir einstaklinga og þjóðfélag, að nú sé þannig gengið frá skuldum Skeiðamanna, að þær í náinni framtíð íþyngi þeim eigi svo, að það hindri framtakssemi þeirra og umbætur á jörðum sínum.

Orsakir kreppunnar. Áður en vér bendum á leiðir til að leysa úr þeim vandræðum, sem Skeiðamenn eru komnir í, er rétt að gera nokkra grein fyrir orsökum kreppunnar.

Skuldir bænda munu að miklu hafa myndazt að loknu stríðstímabilinu, á hinum sömu árum og áveitan er framkvæmd. Að nokkru orsakast þær af harðindum (veturinn 1919—20) og miklum fóðurbætiskaupum, en slíkt hefir átt sér stað um land allt. Nokkrir réðust í dýr jarðakaup á þeim árum. En aðalorsökin liggur í mjög greiðum aðgangi að lánum, bæði hjá Sparisjóði Árnessýslu og útibúi Landsbankans á Selfossi. Á þessum árum myndast og margþætt ábyrgðaflækja, og því miður sést eigi nema á örfáum stöðum, til hvers lánin hafa verið notuð. Síðan 1923 hafa skuldir Skeiðamanna smátt og smátt aukizt, þótt eigi sé í stórum mælikvarða. Þessar greiðslur virðast því Skeiðamenn hafa átt fullt í fangi með. Hinsvegar hefir búpeningseign þeirra aukizt að nokkru.

Þessi skuldavefur hefir lamað allar framkvæmdir og verið aðalorsök

þess, að Skeiðamönnum hefir veitzt erfitt með greiðslu til áveitunnar, er til átti að taka, og svo mun framvegis verða, ef eigi er hægt að ráða bót hér á. Enda er auðsætt, að 200000 kr. á litla sveit með 29 búendum er ærinn skuldabaggi, sem gerir mönnum erfitt að ganga uppréttir.

Áveituskuldirnar.

Um þær er áður rætt allítarlega. Þar eru samtvinnuð óhöpp, sem stuðla að því að gera áveitukostnaðinn jafn gífurlegan. Því veldur dýrtíðin, meðan framkvæmdir standa yfir, óhagstæð lánskjör, ekki nægilega víðtækur og gagnrýninn undirbúningur, og það, að Skeiðamenn ekki sjálfir lögðu fram þegar í upphafi nokkurt fé í vinnu eða á annan hátt, á meðan á verkinu stóð, ekki einu sinni til vaxtagreiðslu né afborgana af lánum þeim, sem tekin voru. Allt þetta o. fl. o. fl., sem eigi verður hér nánar skýrt, er orsök til hins mikla kostnaðar við Skeiðaáveituna. Margir eiga hér hlut að máli, bæði landsstjórn og bændur. En út í þau atriði verður heldur eigi farið.

Skuldakröfurnar.

Að lítil sveit sem Skeiðin geti staðið straum af nær ½ millj. kr. skuld, álítum vér eigi vonlegt. Samkvæmt skattskránni 1928 eru eignir sveitarinnar 138821 krónum minna virði en skuldin. Að vísu eru ástæður bænda nokkuð mismunandi. Nokkrir myndu geta séð sér farborða, um aðra er það vonlaust, og svo kemur ábyrgðaflækjan einnig til greina, sem gerir hinum efnaðri bændum búsifjar.

Vér sjáum því eigi aðra leið færa en að hlaupið verði undir bagga með Skeiðamönnum og þeim hjálpað til að komast úr kreppunni. Þetta því fremur sem bændur á Skeiðum eru starfsamir og duglegir menn, Þar alast nú upp um 100 börn og unglingar. Bændur mega ekki vera svo aðþrengdir, að þeir ekki geti veitt þessu unga fólki sæmilegt uppeldi, og þeir þurfa að geta framkvæmt ýmsar nauðsynlegar umbætur á jörðum sínum, svo þær verði lífvænlegar fyrir eftirkomendurna. Þá mun hið unga fólk eigi flytja úr sveitinni, heldur starfa þar áfram að ræktun og umbótum á býlunum. Þetta hefir óneitanlega þýðingu fyrir þjóðfélagið.

Af framangreindum ástæðum teljum vér nauðsyn á, að ráðið verði fram úr fjárhagsvandræðum Skeiðamanna, og færi bezt á að skuldheimtumenn og ríkið ættu þar hlut að máli.

Ályktanir og tillögur.

Af framangreindum athugunum er, sem þegar er sagt, ljóst, að greiðslumöguleikar Skeiðamanna eru mjög takmarkaðir, og telur því nefndin óumflýjanlegt, að greiðsluskilyrði verði gerð sem auðveldust. Þar kemur til greina langur greiðslutími og eftirgjöf á nokkrum hluta skuldarinnar.

Nefndin hefir athugað ýmsar leiðir, er fara mætti í þessu efni. Það, sem oss hefir hugkvæmzt, er einkum:

1. Að bændur láti land upp í áveitukostnað.
2. Ríkisrekstur áveitunnar.

3. Eftirgjöf á nokkrum hluta áveitukostnaðarins.
4. Greiðsla stofnkostnaðar og verðhækkunarskattur á landverði.

Skulu nú þessar leiðir skýrðar nánar.

I. Að bændur láti land upp í áveitukostnað.

Til að gera oss grein fyrir landverði á Skeiðum höfum vér reiknað út landverð nokkurra jarða þar. Er hér lagt til grundvallar landverð jarðanna samkvæmt fasteignamati 1921, sömuleiðis stærð landsins, og eftir þessu reiknað út, hvert meðalverð sé á ha.

Útkoman er þessi:

	Tún ha.	Áveituland ha.	Bithagi ha.	Landstærð	Landverð kr.	Meðalverð ha. kr.
E.-Brúnavellir	3,4	143	82,6	229	3800	17
Vorsabær	6,5	188	108,5	303	4600	15
Húsatóftir	4,9	207	391,1	603	6500	11
Hlemmiskeið	5,7	204	178,3	388	5900	15
S-Brúnavellir	2,5	108	33,5	144	3400	24
Brjámsstaðir	2,4	111	105,6	219	2200	10
Arakot	2,4	60	23,6	86	2300	27
Miðbýli	3,0	206	65,0	274	4000	15
Útverk	3,9	89	36,1	129	5500	43
Skeiðháholt..	6,7	177	209,3	393	7100	18
Samtals:	41,4	1493	1233,6	2765	45300	
Meðaltal:	4,14	149,3	123,36	276,5	4530	16

Skýrsla þessi sýnir, að meðalverð pr. ha. er 16 krónur á öllu landi jarðanna, túnin reiknuð með. Nú er áveituskattur á hvern ha. af áveituland kr. 110,92. Frumverð landsins er því lítill hluti af áveituskattinum.

Nú má gera ráð fyrir, að söluverð landsins yrði nokkuð hærra en fasteignamat sýnir, gerum ráð fyrir helmingi hærra. Segjum, að frá einni jörð yrði tekið land til nýbýlastofnunar. Til þess þarf um 40 ha. stóra spildu, þar af helmingur áveituland. Útkoman yrði þessi:

40 ha. lands á kr. 32,00 pr. ha.	kr. 1280
Áveitukostnaður á 20 ha.	— 2218
Samtals	kr. 3498

Mestu skiptir hér um áveituskattinn, sem hlutaðeigandi jörð losnar við.

Það virðist í fljótu bragði geta verið mjög æskilegt, að bændur gætu látið land upp í áveitukostnað, en við nánari athugun eru ýmsir annmarkar á því, að þetta geti komið að verulegum eða hagfelldum notum. Sem ástæður eru nú, eru not áveitunnar eigi svo mikil sem ætla mætti. Þetta stafar af orsökum, sem áður hafa verið greindar, vatnsskorti, ónógri framræslu, vöntun á girðingum o. fl. Flestar jarðir hafa því nú þörf fyrir það land, sem þær nú ráða yfir. Þó virðist, að á nokkrum jörðum geti komið til greina, að land yrði látið upp í áveitukostnað.

Bændur munu yfirleitt vera því mótfallnir, að láta land af hendi, eigi þeir annars úrkosta. Hið æskilegasta væri, virðist oss, að jarðirnar fengju að halda sínum löndum. Með því yrði bændum léttara að auka bústofn sinn. Þá túnin stækka, ræktunin eykst og áveitan kemst í betra lag, er tími til kominn að skipta jörðunum. Færi þá bezt á, að það yrði milli erfingja, þannig að á einni jörð yrðu byggð 2 eða fleiri býli, eftir því sem ástæður eru til.

2. Ríkisrekstur áveitanna.

Ríkið hefir séð um allan undirbúning og framkvæmdir, sem gerðar hafa verið við stofnun áveitunnar. Hvernig þetta verk er af hendi leyst, má deila um. Um það dæmum vér eigi. En þess var að gæta, að hlutfallslega lítill vandi er að leggja skurði, gera flóðhlið, brýr, flóðgarða o. fl., eftir fastsettum almennum reglum, móts við það að starfrækja áveitu svo vel sé, og það því fremur, sem alla reynslu um starfrækslu áveitusvæða svo stórra sem þessara vantar algerlega hér á landi.

Fyrst um sinn mun því notkun og starfræksla áveitunnar verða á tilraunastigi. En til þess að þetta komist sem fyrst í viðunandi horf, þarf að taka áveitustarfræksluna föstum tökum. Vart er að ætlast til, að menn, sem aldrei hafa átt við þessi mál og enga sérþekkingu hafa í þessum efnum, séu færir um að leysa það starf af hendi. Sjálfsagt virðist því, að ríkið fæli þetta kunnáttumanni, fæli og honum jafnframt að athuga um allt, er að áveitunni lýtur, láta gera tilraunir þar að lútandi og segja fyrir um alla starfrækslu og viðhald áveitunnar. Á þennan hátt myndi fást reynsla, er verðmæt myndi reynast á komandi tímum, og þá allt væri komið í fastar skorður, myndu menn sjálfir færir um að taka í sínar hendur stjórn áveitanna.

Ef um ríkisrekstur væri að ræða, þyrfti ríkið að taka að sér allar skuldbindingar áveitunnar og sjá um viðhald og starfrækslu hennar. Gegn þessu hefði svo ríkið heimild til að leggja áveituskatt á jarðir þær, er áveitunnar njóta. Þennan skatt mætti ákveða á 10 ára fresti.

Meiri hluti nefndarinnar sér sér eigi fært að leggja til, að þessi leið verði farin.

Þá mun nefndin gera tillögur um fullkomin afskipti ríkisins um viðhald og starkrækslu áveitunnar framvegis.

3. Eftirgjöf á nokkrum hluta áveituskuldanna.

Eftir að hafa athugað allan hag Skeiðamanna, álítum vér — svo sem áður er að vikið — vonlaust um, að þeir geti staðið straum af öllum sínum skuldbindingum. Þetta stafar fyrst og fremst af þeim skuldabyrðum, sem á þeim hvíla auk áveitunnar, og að framan er getið. Af þessu öllu sést, að enda þótt ríkissjóður létti af bændum allri áveituskuldinni, þá mundi það auðsjáanlega vart geta bjargað sumum þeirra frá beinu gjaldþroti, og eftirgjöfin því verða til þess, að aðrir skuldheimtumenn fengju því meira af kröfum sínum.

Þar sem þannig er ástatt, virðist eigi ástæða til, að ríkið fari að borga áveitulán þessara bænda, nema jafnframt yrði leitað nauðasamninga um allar þeirra skuldbindingar.

Hér erum vér þá komnir að aðalverkefni voru — samkvæmt skipun — sem sé því, að meta hve mikið vér teljum bændum á áveitusvæðinu fært að greiða af áveitukostnaði sínum, með þeim greiðsluskilmálum, sem þeir eiga nú við að búa um áveitulán sín, þar sem árleg greiðsla afborgana og vaxta er nú fyrst um sinn til 1943 kr. 19256.85.

Af þessari fjárupphæð teljum vér bændum á áveitusvæðinu ekki fært að greiða meira árlega en kr. 5000—6000, og mundi þá ríkissjóður verða að greiða það, sem á vantar árlega greiðslu vaxta og afborgana, og skuldinni þar með lokið árið 1962, án þess að ríkissjóði sé ætluð frekari von í endurgreiðslu þess fjár, er hann hefir þá lagt út fyrir Skeiðamenn. Þótt vér teljum bændur á áveitusvæðinu ekki færa um að greiða hærra árlegt gjald en hér er nefnt, viljum vér þó ekki mæla með þeirri tilhögun, að öllum þeirra greiðslum sé lokið 1962, því bæði er það, að miklar framtíðarvonir virðist mega byggja á áveitunni, um aukna velmegun viðkomandi bænda, ef þeim er ekki bundinn of þungur baggi þegar í upphafi. Því réttmætt að leggja nokkrar kvaðir á þá um lengra árabil, og skal nú að því snúið.

4. Greiðsla á öllum stofnkostnaði með verðhækkunarsköttum.

Vér álítum heppilegast að farin verði sú leið, að láta áveitufélag Skeiðamanna greiða höfuðstól þann, er nú hvílir á áveitunni, að upphæð kr. 287175,83. Innan áveitusvæðisins eru tvær jarðir, Skálmholtshraun og Þjótandi, í Villingaholtshreppi. Þessar jarðir eru eign útlends hlutafélags. Meðan svo er getum vér ekki séð ástæðu til annars en að þeim verði gert að skyldu að greiða að fullu áveitukostnað sinn, sem er að upphæð kr. 22405,84, Eftir stendur þá skuld Skeiðamanna, að upphæð kr. 264878,84. Þessa fjárhæð ættu þá Skeiðamenn að greiða með 2% árlegri greiðslu á næstu 50 árum, og yrði því samkvæmt þessu árleg greiðsla þeirra kr. 5297,58.

Til frekari skýringar viljum vér taka fram, að hinar árlegu greiðslur eru nú:

Til veðdeildar	kr.	15976 85
— Viðlagasjóðs	—	3280.00
Alls	kr.	19256,85

Viðlagasjóðslánið er tekið 23. okt. 1923. Því skal vera lokið 1943. Af því eru engar afborganir eða vextir greiddir til þessa dags. Veðdeildarlánin eru 7. Þeim skal lokið á árunum 1948—1962.

Samkvæmt þessu yrði hið árlega gjald ríkissjóðs vegna Skeiðaáveitunnar fram til 1943 kr. 13959,28. Eftir það fellur gjaldið til Viðlagasjóðs úr sögunni, og verður þá árlegt gjald til veðdeildarinnar kr. 10679,28 og fer minkandi eftir 1948, unz það fellur úr sögunni 1962. Árgjald Skeiðamanna helzt hinsvegar til 1980.

Til þess ennfremur að afla ríkinu tekna, fyrir þær ívilnanir, er það gefur Skeiðamönnum, leggjum vér til, að verðhækkunarskattur verði lagður á jarðirnar og ríkisstjórninni gefinn íhlutunarréttur um viðhald og starfrækslu áveitunnar.

Verðhækkunarskattinn hugsum vér oss tvennskonar, við fasteignamat og við sölu.

Verðhækkunarskattur eftir fasteignamati kemur fyrst til greina 1940, og skal hann þá greiddur af þeirri upphæð, sem landverð jarðanna er hærra en það var eftir fasteignamati 1921. Vér leggjum til, að skattur þessi sé 10% af verðhækkuninni og greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum með 6% ársvöxtum. Á líkan hátt verður verðhækkunarskattur reiknaður við hvert fasteignamat þar til 1980.

Verðhækkunarskatt við sölu hugsum vér oss reiknaðan af mismun á söluverði og fasteignamatsverði jarðanna (með húsum). Þar frá dregst þó verð umbóta, sem gerðar hafa verið á tímabilinu. Söluskattur sé 20%. Sala telst ekki þá jarðirnar falla í arf til afkomenda eða fósturbarna.

Til þess að tryggja viðhald og starfrækslu áveitunnar, leggjum vér til, að stjórnarráðið setji ákveðnar reglur um það og sjái um, að þeim sé fylgt.

Viðvíkjandi þessum tillögum vorum höfum vér samið sérstakt lagafrumvarp, sem fylgir hér með. Þar eru nánari ákvæði um það, hvernig vér hugsum oss þetta fyrirkomulag, og væntum vér, að það þurfi eigi nánari skýringa við.

Vér höfum þá lokið áliti voru. Væntum vér þess, ef það nær fram að ganga, að allir megi vel við una. Skeiðamönnum er ílétt í bráð, en þó lagðar á þá byrðar, sem vér væntum að verði drjúg tekjulind fyrir ríkissjóð, því vér efumst eigi um, að Skeiðaáveitan, með tíð og tíma, bregðist eigi þeim vonum, er menn hafa gert sér um hana, og mun þá búsæld verða á jörðunum og þær hækka í verði.

Reykjavík, 2. janúar 1930.

S. Sigurðsson. *Jón Ólafsson.*

Guðmundur Þorbjarnarson.

14. Frumvarp

til laga um Menntaskóla á Akureyri.

(Lagt fyrir Alþingi 1930.)

1. gr.

Á Akureyri skal vera skóli, með fjórum óskiptum bekkjum, er nefnist Menntaskólinn á Akureyri. Heimilt er honum, þar til öðruvísi er ákveðið með lögum, að starfrækja gagnfræðadeild með þrem óskiptum bekkjum.

2. gr.

Takmark skólans er að búa nemendur undir athafnalíf bæði í andlegum og verklegum efnum.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

4. gr.

Í menntaskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, norðurlandamál, ensku, þýzku, frönsku, sagnfræði, trúarbragðafræði, félagsfræði, bókmenntafræði og listasögu, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og hagnýt vinnubrögð.

5. gr.

Íslenzk tunga og náttúruvísindi skulu vera höfuðnámsgreinar í skólanum. Lesskrá skal haga svo, að auðvelt sé að halda nemendum til sjálfstæðra námsiðkana, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

6. gr.

Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokapróf menntadeildar er stúdentspróf. Ljúka má námi í einstökum námsgreinum í öðrum og þriðja bekk menntadeildar, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófsskírteinum.

Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kennslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því.

Heimilt er skólameistara að sleppa nemanda við árspróf, enda hafi hann lofsamlega einkunn eftir veturinn.

7. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð. Þá skal og í reglugerð setja nánari ákvæði um inntökupróf, bekkjarpróf og stúdentspróf.

8. gr.

Heimilt er utanskólamönnum að taka próf úr öllum bekkjum menntaskólans. Þeir, sem standast prófin í fyrstu þrem bekkjum deildarinnar, hafa leyfi til að setjast í skólann eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum. Skólameistari má þó bregða út af þessari reglu, ef úrlausn nemanda í einhverri grein sannar, að hann sé gæddur frábærlega góðum gáfum.

9. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í menntaskólans: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, verði a. m. k. 16 ára það ár, sem þeir stunda nám í bekknum. Aldurstakmark þeirra, sem setjast í aðra bekki, svarar til inntökualdurs; 2) að þeir séu ekki haldnir neinum næmum sjúkdómi; 3) að siðferði þeirra sé óspillt.

10. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrsta bekk menntaskólans verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í íslenzku: Geta ritað venjulegt

mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenzkrar málfræði og höfuðdrætti í íslenzkum bókmenntum, bæði á þjóðveldistímanum og síðan um 1800; 2) Í norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rétt venjulegt bókmál á dönsku og sænsku og geta ritað villulítinn stíl almenns efnis á öðruhvoru því máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið létt mál og gert villulítinn stíl um auðvelt efni. 4) Vera leikinn í að reikna brot og tugabrot, vaxtareikning og almennustu þætti flatarmáls- og rúmmálsfræði. 5) Í sögu: Hafa glöggt yfirlit um æfi frægra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslands og almennri veraldarsögu. 6) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og dýrafræði. Ennfremur aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 7) Í landafræði: Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabréf.

11. gr.

Kennslustundir í hverjum bekk skulu vera 30—33 á viku. Á laugardögum skal kennsla eigi standa lengur en til hádegis.

12. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. Kennslu og prófum ár hvert skal lokið 30. maí, nema í þriðja og fjórða bekk skólans enda prófin í júní. Um skólaleyfi skal ákveðið í reglugerð.

13. gr.

Fastir kennarar skulu vera 7 og er einn þeirra jafnframt skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kennslu allri, húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, ljóss og hita. Fyrir umsjón með heimavist nemenda og risnu vegna skólans fær skólameistari 2000 kr.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Skólameistari og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar eftir launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Svo skal og leita álits skólameistara um skipun fastra kennara.

14. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26 stundir. Heimilt er kennslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukennslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir, eða önnur sérstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

15. gr.

Til þess að geta orðið skipaður fastur kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kennslugreinum sínum, hafa kynnt sér allítarlega kennsluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar

skólum og hafa sýnt með að minnsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem með afburðum í kennslu hafa sýnt, að þeir séu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

16. gr.

Kennarafundi skulu allir kennarar skólans sækja. Skólameistari boðar til funda og stjórnar þeim. Fastir kennarar og aukakennarar hafa atkvæðisrétt. Í reglugerð skal ákveða um valdsvið kennarafunda.

17. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn og skal hann líta eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

18. gr.

Kennslugjöld skal greiða í skólasjóð Menntaskólans og ákveður kennslumálastjórnin í samráði við fræðslumálastjóra og skólameistara hæð þeirra. Um skólagjöld í gagnfræðadeild fer samkvæmt lögum um gagnfræðaskóla. Aldrei skulu færri en fjórða hluti nemenda undanþegnir skólagjaldi.

Skólasjóði þessum má verja til námsstyrks, til fræðandi ferðalaga nemendanna og að öðru leyti til hvers þess, er verða má til að bæta og prýða skólann og efla heilbrigt skólalíf. Nánari fyrirmæli um meðferð skólasjóðs verða ákveðin í reglugerð. Um skólagjöld í gagnfræðadeild fer samkvæmt lögum um gagnfræðaskóla.

19. gr.

Í heimavist skólans skulu þeir nemendur, er þar búa, njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, og ganga utanbæjarnemendur þar fyrir. Nemendur úr Menntaskólanum skulu hafa rétt til $^2/_3$ hluta heimavistanna, en nemendur úr gagnfræðadeild til $^1/_3$ hluta. — Skylt er kennurum skólans að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

20. gr.

Um nám í gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri fer eftir almennum lögum um gagnfræðaskóla.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bág við þessi lög.

Greinargerð.

Næsta vor, 1930, hefir Gagnfræðaskólinn norðlenzki starfað í hálfa öld, og hafa gamlir og nýir lærisveinar skólans mikinn viðbúnað að halda þann

atburð hátíðlegan, bæði á Möðruvöllum og Akureyri. Mundi þykja vel farið, ef stofnskrá hins nýja Menntaskóla Norðlendinga og Austfirðinga yrði þá samþykkt og að lögum orðin. Væri með þeim hætti bundinn endir á hina löngu baráttu um að fá hinn forna Hólaskóla endurreistan á Norðurlandi.

Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir, að í hinni núverandi byggingu skólans á Akureyri verði fyrst og fremst menntaskóli með fjórum ársdeildum, alveg hliðstæður skólanum í Reykjavík, og auk þess fyrst um sinn alþýðuskóli, fyrst og fremst fyrir Akureyri, Eyjafjörð og þær sýslur norðanlands, sem ekki hafa héraðsskóla. Möðruvallaskólinn og síðar Gagnfræðaskólinn á Akureyri voru fyrr á árum nálega eina hjálp Norðlendinga og Austfirðinga um almenna skólamenntun heima fyrir. Á síðari árum hafa risið upp myndarlegir skólar á Eiðum og Laugum, og sækir þangað allur þorri þeirra manna úr Múla- og Þingeyjarsýslum, sem fyrr á árum myndu hafa leitað til hins eina norðlenzka gagnfræðaskóla. Í Skagafirði er nú byrjun að héraðsskóla á Hólum í sambandi við búnaðarskólann, og í Húnaþingi er töluverður áhugi að efna til héraðsskóla í þeirri sýslu. Ef að líkindum lætur, líða ekki nema fá ár, þar til héraðsskólar verða komnir í öllum sýslum norðanlands, nema Eyjafirði, af því að æskulýður þess héraðs leitar að sjálfsögðu til þeirrar stofnunar í sýslunni, sem um hálfrar aldar skeið hefir verið aflstaug skólamenningarinnar norðan- og austanlands.

Sumir menn kynnu að segja: Hvers vegna eiga Akureyrarbúar og Eyfirðingar að hafa alþýðuskóla, sem landið kostar, þar sem önnur héruð þurfa í þeim efnum nokkuð fram að leggja?

Því er fljótsvarað. Á Möðruvöllum og á Akureyri er í 50 ár búið að reka alþýðuskóla, fyrst með tveim og síðar með þrem bekkjum. Þessi skóli hefir verið landsskóli, en jafnframt héraðsskóli. Héraðið hefir hlúð að þessum skóla. Hann hefir dafnað vel og haft mikil áhrif til góðs í öðrum héruðum og landshlutum. Það er ekki hægt að launa Eyfirðingum gott fóstur þessarar menntastofnunar með því að taka allt í einu af þeim hlunnindi hálfrar aldar gömul, og það án alls tilefnis frá þeirra hálfu.

Menntaskólinn á Akureyri verður stofnun fyrir Norður- og Austurland sérstaklega, en fyrir landið allt að nokkru leyti. Hann verður griðastaður þeim námsmönnum, sem byrja seint, vegna erfiðrar aðstöðu, og vinna fyrir sér meðan á námi stendur. Og slíkir menn munu þangað leita úr hinum fjarlægustu byggðum landsins.

En Menntaskólinn á Akureyri þarf ekki fyrst um sinn nema nokkurn hluta hins rúmgóða skólahúss. Þess vegna væri með öllu óviðeigandi að hrekja þaðan, fyrr en landsnauðsyn krefur, sem áreiðanlega verður ekki fyrst um sinn, hinn upprunalega notanda hússins, alþýðuskóla við Eyjafjörð.

Síðar meir eru líkur til að á þessu verði breyting. Menntaskólinn getur vaxið, eða einkum þurft meira húsrúm vegna fjölbreyttari kennslu. Gagnfræðaskólinn getur vaxið, svo að hann þurfi meira um sig að hafa heldur en sem svarar þrem óskiptum bekkjum. Akureyringar vilja ef til vill hafa gagnfræðaskóla fyrir sig. Og Eyfirðingar héraðsskóla við einhverja af sínum góðu heitu lindum. Framþróun uppeldismálanna í Eyjafirði getur vel orðið

sú, að héraðsbúum nægi ekki til lengdar sá stakkur í þessum efnum, sem þeim var skorinn um 1900, og þá afsala Eyfirðingar sér þeim hlunnindum, sem ekki verða af þeim tekin, nema samkvæmt óskum þeirra sjálfra.

Hinsvegar á gagnfræðadeildin á Akureyri að vera almennur skóli, nákvæmlega hliðstæður samskonar stofnunum í hinum stærri kaupstöðunum, og fyrir eyfirzka bændur áframhald af hinum gamla Möðruvallaskóla. Gagnfræðadeildin á Akureyri verður þess vegna á engan hátt sérstök brú yfir í Menntaskólann, fremur en skólinn á Ísafirði, í Flensborg og Reykjavík.

Um menntaskólafrv. þarf litlu við að bæta hinar ítarlegu skýringar, sem fram komu á þingi 1929 í sambandi við meðferð málsins í Ed. Skólameistarinn á Akureyri lagði eindregið á móti því að hafa skólaráð fyrir þessa stofnun, og er þess vegna fallið frá þeirri hugmynd fyrst um sinn. Skólinn er lengdur lítið eitt fram í júní tvö síðari námsárin, með því að í vor, sem leið, reyndist erfitt að safna þáverandi fimmtubekkingum til æskilegrar náttúrufræðslu og landafræðiferðar í miðjum júní, þegar skólanám þeirra hætti síðast í maí. Auk þess er júnímánuður sérstaklega vel fallinn til útiveru, ferða og íþrótta, ekki sízt í Eyjafirði. Var því það ráð tekið, að skólinn gæti, að því er snerti nemendur í tveim síðari ársdeildunum, starfað fram í júní. Nokkur kostnaður fylgir því að vísu. En þegar þess er gætt, að skólinn myndi tapa miklu við það, að nemendur hyrfu jafnan áður en vorar og grös gróa, þykir einsætt að gera námstímann að öllu eins og í Reykjavíkurskólanum.

Ein veruleg breyting er hér gerð frá frv. eins og það var samþykkt í Ed. 1929. Það er að fella alveg niður latínu í skólanum. Í stað þess yrði að sama skapi lögð meiri áherzla á frönsku og nýju málin yfirleitt. Með þessu móti vex verkaskiftingin milli skólanna. Í Reykjavík yrðu tvær deildir. Önnur með stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði sem höfuðnámsgreinar. Hin með nýju málin þrjú og latínu sem meginbálk í kennslunni. Á Akureyri væri aftur sú tilbreytni, að latína væri engin, en því meiri kennsla í ensku, þýzku og frönsku. Erlendis er meira og meira gert að slíkri skiptingu, og fjöldi menntaskóla, sem enga latínu kenna, og þykja þær stofnanir sízt standa að baki hinum, sem leggja enn nokkra eða mikla áherzlu á gömlu málin. Reynslan er sú, að úr hinum latínulausu skólum koma lærisveinar, sem í öllum greinum háskólanáms standa jafnfætis nemendum úr skólum, þar sem latína er enn töluverður þáttur kennslunnar.

Ekki þykir rétt að láta þess hér ógetið, að Akureyrarbær gaf skólanum í fyrravetur mikið landsvæði, svo að um ófyrirsjáanlegan tíma skortir skólann hvorki land fyrir leikvelli, skemmtigarða, né staði fyrir allar þær byggingar, sem skólanum kunna að verða nauðsynlegar á komandi árum. Skólinn hefir alla aðstöðu til mikils þroska, og vantar aðeins þá löggjöf, sem Alþingi telur sér væntanlega bæði ljúft og skylt að veita á hálfrar aldar afmæli þessarar merkilegu stofnunar.

15. Frumvarp

til laga um Menntaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1930.)

1. gr.

Í Reykjavík skal vera menntaskóli með fjórum ársdeildum.

2. gr.

Takmark skólans er að efla sálar- og líkamsþroska nemenda, veita þeim almenna menntun og gera þá hæfa til að stunda nám við háskóla og aðrar æðri menntastofnanir.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

4. gr.

Skipta skal bekkjum Menntaskólans í tvær deildir, máladeild og stærðfræðideild.

5. gr.

Í Menntaskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, ensku, norðurlandamál, þýzku, frönsku, latínu, sagnfræði, trúarbragðafræði, félagsfræði, bókmenntafræði og listasögu, náttúrufræði, eðlis- og efnafræði, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og vinnubrögð.

Heimilt skal kennslumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum, ef skólameistari mælir með breytingunni.

6. gr.

Íslenzk tunga og íslenzk fræði skulu vera höfuðnámsgrein í skólanum. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

7. gr.

Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokaprófið er stúdentspróf. Öðrum prófum ræður skólameistari.

Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kennslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því. Heimilt skal vera að stytta próf milli bekkja. Ræður skólameistari, ef svo er gert, hvernig stytt skal í hvert sinn, en birtir það eigi fyrr en komið er fast að prófi.

Þá er og skólameistara heimilt að sleppa nemendum við árspróf, enda hafi þeir lofsamlega einkunn eftir veturinn.

8. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð, svo og nánar um inntökupróf, kröfur til flutnings milli bekkja og um stúdentspróf.

9. gr.

Ljúka má námi í einstökum námsgreinum við árspróf í öðrum og þriðja bekk skólans, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara eins og um stúdentspróf, enda skulu og þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskírteinum.

10. gr.

Heimilt er nýsveinum og utanskólamönnum að taka árspróf í öllum bekkjum. Þeir, sem prófin standast, hafa leyfi til að setjast í skólann, eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum.

11. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, séu eigi yngri en 15 ára. Þó getur kennslumálaráðuneytið veitt sérlega þroskuðum nemendum undanþágu, ef þeir eru orðnir 14 ára. Aldurstakmark þeirra, er setjast í aðra bekki, skal svara til inntökualdurs; 2) Að þeir séu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi; 3) Að siðferði þeirra sé óspillt.

12. gr.

Til þess að verða tekinn í fyrsta bekk verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í íslenzku: Geta ritað venjulegt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenzkrar málfræði og höfuðdrætti í íslenzkum bókmenntum bæði á þjóðveldistímanum og síðan um 1800. 2) Í norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rétt venjulegt bókmál á dönsku eða sænsku og geta ritað villulítinn stíl almenns efnis á öðruhvoru því máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið létt mál og gera villulítinn stíl um auðvelt efni. 4) Í reikningi: Vera leikinn í að reikna brot og tugabrot, vaxtareikning, félagsreikning, einfaldasta jöfnureikning og almennustu þætti í flatarmáls- og rúmmálsfræði. 5) Í sögu: Hafa glöggt yfirlit um æfi frægra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslands og almennri veraldarsögu. 6) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og dýrafræði, og þekkja aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 7) Í landafræði: Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabréf.

13. gr.

Kennslustundir í hverjum bekk skulu vera 30–33 á viku. Á laugardögum skal kennsla eigi standa lengur en til hádegis.

14. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. Í fyrsta og öðrum bekk skal bekkjarprófum lokið síðast í maí, en prófum í þriðja og fjórða bekk í júní.

15. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi: 1) Jólaleyfi frá Þorláksmessu til

þrettánda, að báðum þeim dögum meðtöldum; 2) Öskudagur; 3) Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum; 4) Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu; 5) Sumardagurinn fyrsti; 6) Afmælisdagur konungs, 17. júní, 1. desember og setningardagur Alþingis; 7) Sumarleyfi frá því prófum er lokið og til 30. september. Öðrum leyfum ræður skólameistari, og skulu þau einkum notuð til íþróttaiðkana og náttúrufræðirannsókna.

16. gr.

Fastir kennarar skólans skulu eigi vera færri en 8 og eigi fleiri en 10, og er einn þeirra jafnframt skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kennslu allri, húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, ljóss og hita. Hafi skólameistarinn aðalumsjón með heimavist, fær hann þess vegna 2000 kr. í risnufé.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir af kennurum skólans, sem gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar. Skólameistari og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar samkvæmt launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Svo skal og leitað umsagnar skólameistara um skipun fastra kennara.

17. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26 stundir. Heimilt er kennslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukennslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir eða önnur sérstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

18. gr.

Til þess að geta orðið skipaður fastur kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kennslugreinum sínum, hafa kynnt sér allitarlega kennsluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar skólum, og hafa sýnt með að minnsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem hafa með afburðum í kennslu sýnt, að þeir séu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

19. gr.

Kennarafundi skulu allir kennarar skólans sækja. Skólameistari boðar til funda og stýrir þeim. Fastir kennarar og aukakennarar hafa atkvæðisrétt.

20. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn, og skal hann líta eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

21. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans.

22. gr.

Kennslugjöld skal greiða í skólasjóð. Ákveður stjórnarráðið hæð þeirra í samráði við fræðslumálastjóra og skólameistara. Aldrei skulu færri en fjórði hluti nemenda undanþegnir skólagjaldi.

Skólasjóði má verja til námsstyrks, til fræðandi ferðalaga nemendanna og að öðru leyti til hvers þess, er verða má til að bæta og prýða skólann og efla heilbrigt skólalíf. Nánari fyrirmæli um meðferð skólasjóðs verða ákveðin í reglugerð.

23. gr.

Svo fljótt sem ástæður ríkissjóðs leyfa skal koma upp heimavistum fyrir 40 til 50 nemendur skólans og búa þær nauðsynlegum húsgögnum á kostnað ríkissjóðs. Í heimavistahúsinu skal vera íbúð fyrir kennara til umsjónar og samkomusalur. Svo skal og heimilt að ætla húsrúm og nauðsynleg áhöld sameiginlegu mötuneyti heimavistanemenda. Utanbæjarnemendur ganga fyrir heimavistum, og skulu heimavistanemendur njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Skylt er kennurum að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

24. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, er kveður nánar á um einstök atriði, er hann varða, svo sem verksvið skólameistarans og kennarafunda, umsjón með skólahúsi, skyldur kennara til umsjónar með nemendum og annað, er þurfa þykir.

25. gr.

Meðan skólinn er haldinn í núverandi skólahúsi tekur hann eigi á móti fleiri nemendum en svo, að í hverri ársdeild séu 2 bekkir, fullskipaðir við kennslu í sameiginlegum námsgreinum máladeildar og stærðfræðideildar. Nú verður nemendatala deildanna svo misjöfn, að eigi rúmast allir nemendur annarar deildarinnar í einum bekk við kennsluna í sérfræðum þeirrar deildar, og skal þá aukreitis halda uppi sérkennslu fyrir þá nemendur, er umfram verða.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var borin fram í Ed. að tilhlutun stjórnarinnar allmikill frumvarpsbálkur um Menntaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavík og Akureyri. Var þar leitazt við að koma nýju skipulagi á Menntaskólann í Reykjavík og hið nýja menntaskólanám á Akureyri. Jafnframt var gagnfræðadeildin tekin burt úr Menntaskólanum í Reykjavík og ætlazt til, að sú fræðsla fyrir

bæinn færi framvegis fram í gagnfræða- eða ungmennaskóla þeim, sem stofnaður hafði verið í Reykjavík með lögum frá Alþingi 1928.

Frv. þetta náði samþykki Ed. þannig, að öll aðalatriði voru óbreytt, en gerðar ýmsar smábreytingar. Í nefnd þeirri, sem um málið fjallaði, var einn maður úr hverjum af hinum þrem flokkum Alþingis. Mátti það heita nálega dæmalaust í sögu stórmála, að svo gott samkomulag fengist um þýðingarmikil nýmæli eins og raun varð á í það sinn.

Frv. gekk í gegnum þrjár umræður í Ed. og var samþykkt þar undir þinglok. Var því óhugsandi að það gæti í það sinn náð samþykki beggja deilda. Eitt hið þýðingarmesta atriði, sem samkomulag varð um milli þingflokkanna við meðferð málsins í Ed., var um fyrirkomulag alþýðufræðslunnar í hinum stærri kaupstöðum, og um framlög ríkissjóðs og bæjarsjóða, bæði í stofnkostnað og til hins árlega rekstrar. Ennfremur kom í ljós við meðferð skólamálanna á Alþingi í fyrra, að mikil þörf var að leysa í einu þörf hinna stærri kaupstaða til skipulagsbundinnar ungmennafræðslu. Þar sem Alþingi 1929 hafði tekizt að koma föstu og heppilegu skipulagi á unglingafræðslu sveitanna, með lögum um héraðsskóla, var bersýnilegt að hin mesta nauðsyn var að freista að koma í fast horf alþýðumenntun kaupstaðanna. En þar sem bæði í Reykjavík og Akureyri voru eldri fræðslustofnanir, sem taldar voru að vera fyrir alþýðumenntun á þessum stöðum, en voru í raun réttri ekki annað en fordyri Menntaskólanna, var augljóst, að í einu varð að leysa bæði málin, tilhögun Menntaskólanna tveggja og gagnfræðanámið í kaupstöðunum yfirleitt.

Þegar málið var nú að nýju búið undir fyrir Alþingi 1930, þótti heppilegast að skipta því í þrjú frumvörp, eftir efni. Eitt um Menntaskólann í Reykjavík, annað um Menntaskólann á Akureyri og hið þriðja um gagnfræðanám í helztu kaupstöðunum.

Frumvarpið um Menntaskólann í Reykjavík er nálega óbreytt eins og það var samþykkt í Ed. 1929, nema að felld eru niður ákvæðin um skólaráð, sem kennarar skólans óskuðu fastlega eftir að ekki yrði haldið til streitu.

Með því að mjög ítarleg greinargerð fylgdi frv. 1929 og málið fékk hina nákvæmustu athugun á Alþingi það ár, þykir óþarfi að þessu sinni að fara nákvæmlega út í efni einstakra greina. Aðeins vikið að höfuðdráttum málsins.

Með þeirri breytingu, sem gerð var á Menntaskólanum laust eftir aldamótin, þegar felld var niður gríska og kennsla í latínu minnkuð til stórra muna, var skólanum skipt í tvær þriggja vetra deildir. Hin fyrri átti að vera alþýðuskóli fyrir Reykjavík og Suðurland, en hin efri sérundirbúningur fyrir háskólanám.

En þessi tviskifting náði aldrei tilgangi sínum. Gagnfræðadeildin óx að vísu, svo að hún flóði að síðustu út úr skólanum sjálfum, en hún varð aldrei sjálfstæður alþýðuskóli, sízt fyrir Suðurland. Nemendur voru nálega allir úr Reykjavík, og langmestur hluti þeirra hélt námi áfram inn í lærdómsdeildina og átti þátt í að yfirfylla hana líka. Var svo loks komið, að skólinn var orðinn stórlega óheilnæmur vegna ofþrengsla, eins og bezt sést á því, að sum árin komu fyrir yfir 20 meira og minna hættuleg brjóstveikitilfelli meðal

skólafólksins. Tiltölulega fáir notuðu gagnfræðadeildina fyrir sjálfstætt nám, enda svaraði hún að ýmsu leyti miður vel til þeirra hugmynda, sem menn nú á dögum gera til alþýðuskóla. Of mikið af óhagnýtu bóknámi, en of lítið af hagnýtu námi, þar á meðal íþróttum og margskonar vinnubrögðum.

Auk þess var með öllu óhugsandi vegna húsrúms að fullnægja hinni almennu skólaþörf höfuðstaðarins og Suðurlands í Menntaskólanum. Í höfuðstaðnum býr nú 1/4 hluti landsmanna og hefir að undanteknum síðasta og yfirstandandi vetri aldrei átt eiginlega alþýðuskóla. Á hinn bóginn hefir höfuðstaðurinn lagt undir sig Menntaskólann, mjög á kostnað annarra landshluta, þannig að nú munu um 79% af nemendum skólans vera úr Reykjavík og allra næsta nágrenni, 11% úr öðrum kaupstöðum og kauptúnum og 10% úr öllum sveitum landsins. En sé litið á höfuðstaðarbúa út af fyrir sig, kemur í ljós, að sárlitið brot af nemendum eru börn hinna efnaminni og erfiðisvinnandi stétta í bænum, og mun síðar við meðferð málsins sannað með tölum, hversu aðsókn skólans, eins og hann er nú, skiptist á stéttirnar í bænum.

Það er að vísu sennilegt, að jafnan muni verða tiltölulega mest af nemendum Menntaskólans frá heimilum efnameiri foreldra í höfuðstaðnum, og er ekkert við því að segja. En þar sem allar stéttir og allir landsmenn bera með sköttum útgjöldin til skólans, og þar sem vitanlegt er, að hin fátækari heimili ala upp mörg þau ungmenni, sem þjóðinni er mestur ávinningur að búa undir háskólanám, þá leiðir af sjálfu sér, að þjóðfélagið verður að búa svo um hnútana, að allar stéttir og allir landsmenn eigi tiltölulega jafngreiðan aðgang að dýrasta skóla landsins. sem landsmenn allir kosta.

Skipulag Menntaskólans, eins og hér er lagt til að það verði, byggist á því, að unglingar og fullorðnir menn úr gagnfræðaskólum kaupstaðanna, úr héraðsskólunum og úr góðum heimilum keppi um inntöku í Menntaskólann, aðallega í fyrsta bekk. Inntökuskilyrðin eru þau ein, sem kallast mega aðeins venjuleg alþýðumenntun. Þeir, sem keppa um inntöku í skólann, en komast ekki að vegna þrengsla, hafa þó ekki til ónýtis búið sig undir prófið, með því að sú þekking, er þeir hafa þannig fengið, er þess eðlis, að hennar er almennt krafizt af sæmilega menntuðum mönnum, sem ekki ganga háskólaveginn. En á hinn bóginn verður lögð áherzla á, að héraðsskólarnir og gagnfræðaskólarnir allir séu fyrst og fremst almennir skólar og ekkert í kennslu þeirra eða skipulagi sé beint eða óbeint miðað við undirbúning Menntaskólanáms.

Við samkeppnipróf inn í Menntaskólann reynir þess vegna fyrst og fremst á gáfur manna, og með því er, eftir því sem framast er unnt, tryggt að skólinn fái einmitt þá nemendur, sem vísindunum og embættastarfseminni er mestur fengur í að fá.

16. Frumvarp

til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi 1930.)

1. gr.

Öll botnvörpuskip skulu hafa fullkomin loftskeytatæki. Nú hefir botnvörpuskip eigi slík tæki, og skulu þau þá sett í skipið eigi síðar en í árslok 1930.

2. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að hafa eftirlit eins og henni þurfa þykir með því, að loftskeyti séu eigi notuð til stuðnings ólöglegum veiðum í landhelgi á nokkurn hátt.

3. gr.

Hver útgerðarmaður eða forstjóri útgerðarfélags á Íslandi, sem hefir skip með loftskeytatækum við veiðar hér við land, skal skyldur að láta dómsmálaráðuneytinu í té lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skeytasendingum milli útgerðarinnar og veiðiskipa hér við land, eða milli íslenzkra veiðiskipa innbyrðis. Það er talið dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti venjulegt mál í óvenjulegri merkingu.

4. gr.

Hver landssímastöð á Íslandi og hvert íslenzkt veiðiskip með loftskeytatækjum, skulu hafa sérstök eyðublöð frá dómsmálaráðuneytinu undir frumrit allra skeyta til eða frá íslenzkum veiðiskipum.

Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert í efni skeytisins sé ætlað til að stuðla að landhelgisbrotum, forða sökunaut við töku eða gefa veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna.

Á íslenzkum loftskeytastöðvum og á hverju íslenzku veiðiskipi með loftskeytatækjum, skal rita í sérstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum með nákvæmri stund og dagsetningu og í tölurð, svo sem ger verður ákveðið í reglugerð. Ennfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem frekast er fært, öll loftskeytaskipti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskipti þeirra við land. Skulu stöðvarnar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda landssímastjóranum frumrit allra þeirra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, er náðst hafa, en hann sendir þau dómsmálaráðuneytinu að lokinni skoðun. Í lok hvers árs skulu sömu aðiljar senda dómsmálaráðuneytinu bækur þær, sem skeytin eru rituð í fyrir það ár.

Skeytabækur skipa og stöðva, sem og önnur skjöl, er snerta eftirlitið

með loftskeytanotkun veiðiskipanna, skal skylt að láta sjávarútvegsnefndum Alþingis í té til rannsóknar.

5. gr.

Nú verður útgerðarstjóri, skipstjóri eða einhver, sem hagsmuna hefir að gæta við útgerð skipsins, sannur að sök um brot gegn 2. eða 3. málsgr. 4. gr., eða útgerðarstjóri um brot gegn 3. gr., og varðar það 3—15 þús. króna sekt og ábyrgist útgerð skipsins greiðsluna; en auk þess skal skipstjóri, sem sannur verður að því, að hafa notað loftskeyti til að fremja, dylja eða aðstoða við landhelgibrot, í fyrsta sinn missa rétt til skipstjórnar í 1 ár. Brjóti hann aftur, missir hann skipstjórnarréttindi fyrir fullt og allt.

Brjóti einhver gegn 1. málsgr. 4. gr., eða verði að öðru leyti einhver brotlegur gegn 4. gr., annar en þeir, sem nefndir eru í 1. málsgr., sæti hann sektum frá 500—10000 kr.

6. gr.

Nú benda sterkar líkur til þess, að útgerðarstjóri hér á landi eða skipstjórnarmaðar á veiðiskipi hafi notað loftskeyti í þeim tilgangi að fremja landhelgibrot eða stuðla að því, að það gæti orðið framið, eða sá, sem sekur er um slíkt brot, geti sloppið undan lagaaðförum, og skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt að svipta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn, er hlut eiga að máli, rétti til loftskeytaskipta milli lands og veiðiskipa, nema undir eftirliti dómsmálaráðuneytisins eða lögreglustjóra, sem eftirlit hefir verið falið, og ráða þessir aðiljar þá orðalagi og formi slíkra skeyta. Samskonar eftirliti skulu þeir háðir, er sekt hefir fallið á eftir 5. gr.

7. gr.

Ákvæði þessara laga koma ekki til framkvæmda þegar skip er statt í neyð eða þegar um björgunarskeyti er að ræða.

8. gr.

Að öðru leyti en því, sem hér er tekið fram, skal farið með mál út af brotum gegn lögum þessum eins og opinber lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. um þetta efni hefir legið fyrir tveim síðustu þingum og verið ítarlega rætt. Á síðasta Alþingi dagaði það uppi nálega við síðustu umræðu, þegar verið var að ljúka störfum Alþingis. Það er fullkunnugt, svo að ekki verður á móti mælt, að sumir eigendur ísl. veiðiskipanna hafa haft njósnir um ferðir varðskipanna og látið skipstjóra sína fá vitneskju, sem miðuð hefir verið við það, að þeir gætu framið landhelgibrot. Þar sem slíkar njósnir og veiðiþjófnaður Íslendinga í landhelgi er bæði til ómetanlegs skaða fyrir þjóðarheildina,

og til mikillar minnkunar fyrir hið íslenzka þjóðfélag, þykir einsýnt, að frv. þetta verði nú samþykkt í byrjun þings 1930, svo að gagn megi verða að ákvæðum þess þegar á þessum vetri.

17. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 28, frá 1915, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Fyrri málsgrein 23. gr. í lögum nr. 28, frá 1915, skal vera á þessa leið:

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal 1. laugardagur í júlímánuði vera kjördagur alstaðar, nema í kaupstöðunum, en þar skal fyrsti vetrardagur vera kjördagur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Vegna sérkennilegra en mismunandi stað- og atvinnuhátta hefir reynzt erfitt að finna dag, sem heppilegur væri fyrir sameiginlegar almennar kosningar fyrir alla landsmenn. Meðan þjóðin var nálega eingöngu bændaþjóð fóru kosningar venjulega fram á vorin, skömmu fyrir slátt. En þegar kaupstaðir og kauptún tóku að myndast við sjávarsíðuna og verkamenn og sjómenn þaðan að leita sér atvinnu fjarri heimilum sínum allan vor- og sumartímann, varð allmikil óánægja yfir því, að kaupstaðarbúar gætu ekki neytt kosningarréttar síns á vorin. Var þá, vegna áhrifa bæjanna, kjördagurinn færður frá vorinu yfir á fyrsta vetrardag, og stóð svo um nokkra stund. En brátt sannfærðist bændastétt landsins um, að sá kjördagur var með öllu óhafandi fyrir sveitirnar, því að á þeim tíma getur auðveldlega komið fyrir, að alófært sé bæja milli í sveitum á Íslandi fyrir snjó, stórhríðum og ófærum ám. Á Alþingi var hvað eftir annað reynt að færa kjördaginn til hagsbóta fyrir sveitirnar, en þá komu jafnan fram mótmæli frá kaupstöðunum, sem ekki vildu láta ganga á rétt sinn með því að færa allsherjar-kjördaginn yfir á vorið.

Á síðasta Alþingi var málið enn borið fram, og skyldi kjördagur allsstaðar á landinu vera fyrsti laugardagur í júlí. Náði frv. þetta samþykki, þrátt fyrir verulega mótstöðu frá hálfu ýmsra þingmanna kaupstaðanna. Í Ed. kom fram sú miðlunartillaga, að hafa tvo kjördaga, á vorin fyrir sveitir og kauptún, og á haustin fyrir kaupstaði, sem eru sérstök kjördæmi. En eins og á stóð þá, var ekki hægt að halda þeirri tillögu til streitu, skömmu fyrir

þinglausnir, nema með því að setja aðalmálið, og höfuðréttarbótina, þ. e. kjördag fyrir sveitirnar að vorlagi, í hættu. Var því sú tillaga tekin aftur, en nú tekin hér upp að nýju. Með kjördagsfærslu síðasta Alþingis er rétti og hagsmunum sveitanna í þessu efni, fullborgið. En um leið hefir kaupstöðunum verið gert töluvert erfiðara fyrir. Virðist engin leið út úr því vandamáli, til að unna bæði sveitum og kaupstöðum réttlætis í þessu máli, en að hafa kjördaga tvo, fyrir sveitir á vorin, fyrir kaupstaði á haustin.

Hér á landi var það alltítt, fyrst eftir að þjóðin fékk kosningarrétt, að kosningar fóru fram á misjöfnum tíma í einstökum kjördæmum, og varð ekki tjón að. Í Svíþjóð hefir til skamms tíma gengið allt að því mánuður til þingkosninga, og er þó ólíku saman að jafna um þéttbýli og samgöngur í Svíþjóð, heldur en hér á landi.

18. Frumvarp

til laga um sölu lands undan prestssetrinu Borg á Mýrum.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Borgarneshreppi í Mýrasýslu þann hluta úr landi prestssetursins Borgar á Mýrum, sem er innan takmarka hreppsins.

2. gr.

Um mat á landi því, er selt kann að verða samkvæmt lögum þessum, og greiðslu kaupverðs, fer eftir ákvæðum laga nr. 50, frá 16. nóvember 1907, um sölu kirkjujarða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir.

Þá er núverandi prestur að Borg á Mýrum fékk veiting fyrir embættinu, var það áskilið, að hann skyldi sætta sig við, að nokkurt land yrði tekið undan prestssetrinu. Var það haft fyrir augum, að Borgarneshreppur mundi æskja eftir kaupum á kauptúnsstæðinu þar, að minnsta kosti, og að hreppurinn auk þess mundi fara fram á, að fá smámsaman nokkurt leiguland til ræktunar úr landi prestssetursins. Það er þessvegna ekkert því til fyrirstöðu af prestsins hálfu, að landið verði selt.

Hreppsnefndin í Borgarneshreppi hefir nú meðal annars farið þess á leit, að fá keypt Borgarland, að svo miklu leyti, sem það er innan takmarka hreppsins, og virðist ekki nema sjálfsagt, að sinna þeirri beiðni.

Ríkisstjórnin mun sjá um, að hreppsbúum gefist kostur á, að fá nokkurt leiguland til ræktunar, lögum samkvæmt.

19. Frumvarp

til laga um fræðslumálastjórn.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Fræðslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra kennslu- og skólamála.

2. gr.

Fræðslumálastjóri stýrir framkvæmdum í kennslu- og skólamálum. Hann sér um að gildandi lögum og fyrirmælum um fræðslumál sé hlýtt og heimtar allar nauðsynlegar skýrslur um skólahald í landinu.

Álits fræðslumálastjóra skal leitað um öll skólamál, sem undir fræðslumálaráðuneytið falla.

Fræðslumálaráðuneytið getur falið fræðslumálastjóra fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af, enda sendi hann ráðuneytinu ársfjórðungslega skrá um þau mál, er þannig hafa verið afgreidd.

Nánar skal ákveða í reglugerð um skyldur og störf fræðslumálastjóra.

3. gr.

Laun fræðslumálastjóra skulu vera jöfn launum þeirra embættismanna, sem taldir eru í 1. málsgrein 17. gr. laga nr. 71, 1919 um laun embættismanna, en skrifstofukostnaður greiðist eftir reikningi samþykktum af ráðuneytinu.

4. gr.

Fyrir barnaskóla, héraðsskóla og gagnfræðskóla skulu vera skólaráð. Fræðslumálastjóri er formaður og framkvæmdarstjóri þeirra. Í skólaráði sitja auk hans:

1. Fyrir héraðs- og gagnfræðaskóla: Einn maður kosinn af félagi héraðsskólakennara og annar kosinn af föstum kennurum gagnfræðskóla í kaupstöðum.
2. Um skólaráð barnaskóla fer eftir lögum nr. 19, 1928 um fræðslumálanefndir.

Ráðuneytið setur reglugerð um kosningar, skyldur og störf skólaráða.

5. gr.

Skólaráð gera tillögur til fræðslumálaráðuneytisins um námskrár, kennslubækur, kennsluáhöld og tilhögun prófa, hvert á sínu sviði.

Kostnaður við skólaráð telst til skrifstofukostnaðar fræðslumálastjóra. Skólaráðsmenn gegna störfum endurgjaldslaust.

6. gr.

Við barnaskóla skal vera kennslueftirlit. Til eftirlitsins skulu skipaðir hinir hæfustu barnakennarar, einn fyrir hvert eftirlitssvæði til fimm ára í senn. Eftirlitssvæði skulu einkum fara eftir sýslum og kaupstöðum, en þó má víkja frá því, þegar annað þykir hentara.

Eftirlitsmenn skulu a. m. k. einu sinni á ári koma í hvert skólahérað í sínu umdæmi, á þeim tíma, sem kennsla fer fram, og senda skólanefnd og fræðslumálastjóra árlega skýrslu um fræðsluástand síns héraðs.

Eftirlitskennurum skal skylt að halda þau próf, sem fræðslumálastjórnin fyrirskipar og veita leiðbeiningar um kennslu og skólaskipun. Fræðslumálastjórnin setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsvið eftirlitskennara og störf þeirra.

7. gr.

Laun og ferðakostnaður eftirlitskennara barnaskólanna greiðist úr ríkissjóði eftir þeim reglum, sem fræðslumálastjórnin setur. Launa- og ferðakostnaðargreiðslur til þeirra mega ekki fara fram úr 15 þús. kr. á ári, og falla þá niður launagreiðslur úr ríkissjóði til prófdómenda samkv. 18. gr. laga nr. 40, 1926 um fræðslu barna. Kostnaður, sem af prófum leiðir, greiðist hér eftir úr sveitar- eða bæjarsjóði, enda skulu skólanefndir skipa prófdómendur.

8. gr.

Til kennslueftirlits við aðra skóla skulu settir skólafróðir menn um stundarsakir, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

9. gr.

Fræðslumálastjóri hefir yfirstjórn kennslueftirlitsins, og lítur eftir skólum sjálfur, eftir því sem ástæður leyfa.

10. gr.

Fræðslumálastjóri hefir yfirumsjón með þeim skólabókasöfnum og alþýðubókasöfnum, námskeiðum og fyrirlestrum, er styrk fá úr ríkissjóði, og heimtar um allt þetta árlegar skýrslur.

11. gr.

Fræðslumálastjóri skal árlega gefa út yfirlitsskýrslu um allt skólahald í landinu.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin ákvæði, er fara í bág við þessi lög.

Greinargerð.

Um fræðslumálastjórn eru nú engin sérstök lög í gildi. Ákvæðin um yfirstjórn fræðslumála í 33. gr. laga nr. 59, 1907, um fræðslu barna voru felld

úr gildi með lögum nr. 40, 1926, um fræðslu barna, án þess að nokkur lagaákvæði hafi verið sett í staðinn allt til þessa.

Það leiðir af sjálfu sér, þegar lög eru sett um fræðslumálastjórn, að fræðslumálastjóra sé ætlað að vera ráðunautur fræðslumálaráðuneytisins um öll skólamál er undir ráðuneytið falla. Á skólum og fræðslustarfsemi er enginn sá eðlismunur, að tvískiptingar sé þörf um yfirstjórnina. Ákvæði þessi taka þó að sjálfsögðu ekki til háskólans. Fræðslumál vor eru nú orðin allyfirgripsmikil og ber nauðsyn til að auka skrifstofuhald fræðslumálastjóra frá því sem nú er. Hann verður að hafa sérstaka skrifstofu og mannahald, eftir því sem störfin heimta. Fræðslumálastjórninni er rétt að fela fræðslumálastjóra fullnaðarafgreiðslu ýmsra mála, einkum þeirra, sem fara eftir föstum reglum. Við það sparast mörg og óþörf skrif.

Rétt er að tryggja kennurum ýmsra skóla íhlutun um námsskrár og annað sem sjálfu kennslustarfinu við kemur. Því verður bezt við komið með skólaráðum.

Aðalnýmæli þessa frumvarps er um kennslueftirlit með barnaskólum. Um það hefir oft verið rætt á kennarafundum og það fyrirkomulag, sem hér er stungið upp á, hefir fengið mikinn byr. Vegna örðugra samgangna og dýrleika mun ekki tiltækilegt að hafa stór eftirlitshéruð og sérstaka eftirlitsmenn, sem ekki hafa önnur störf með höndum. En sé frá því horfið, er ekki um aðra að velja en hina hæfustu menn úr hópi starfandi kennara. Þeir einir, sem hafa kennslu að aðalstarfi, eru líklegir til að geta orðið til mikils gagns. Þá töf sem verður á starfi kennara, sem gegna kennslueftirlitinu, má bæta upp með stundakennslu eða því að láta kennslu byrja nokkru fyr eða enda seinna en ella. Á það ekki að þurfa að valda teljandi örðugleikum. Fyrir eftirlitskennara má hafa námskeið á nokkurra ára fresti, og fyrir þeirra tilverknað getur ýmisleg nýbreytni, sem horfir til bóta, breiðst út á skömmum tíma, sem annars tæki áratugi að koma í kring. Það kennslueftirlit af hálfu fræðslumálastjórnarinnar, sem í vorprófunum hefir verið fólgið, flytzt að sjálfsögðu yfir á eftirlitskennarana og er því eðlilegt að prófdómendakostnaður sé tekinn til að standast straum af hinni nýju skipun. Hámark launagreiðslna og ferðakostnaðar er í frumvarpinu miðað við prófdómendakostnað undanfarin ár. — Það mun vart vera komin tími til að setja fasta kennslueftirlitsmenn með öðrum skólum en barnaskólum, en rétt er þó að öðru hvoru séu settir skólafróðir menn til að athuga og gefa leiðbeiningar um kennslu í einstökum námsgreinum. Eykur það mjög möguleikana til útbreiðslu þeirra aðferða, sem bezt gefast. Kennslueftirlit skólastjóranna, en á þeim hvílir aðalábyrgðin um árangur skólastarfsins, gerir ekki óþarft eftirlit manna, sem sérfróðir eru í sinni grein og fá tækifæri til að athuga kennslu í mörgum skólum.

Þá er í frumvarpinu mælt svo fyrir, að árlega skuli gefin út yfirlitsskýrsla um allt skólastarf í landinu, og hefir slíka skýrslu lengi vantað.

Að öðru leyti hefir ekki þótt ástæða til að ákveða í frumvarpinu um einstök atriði, enda fer bezt á að geyma reglugerðum allt annað en aðaldrættina.

20. Frumvarp

til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

I.

Leyfi.

1. gr.

Kvikmyndahús má aðeins reka samkvæmt leyfi, sem dómsmálaráðherra veitir, enda sé í öllu gætt þeirra skilyrða, er greinir í leyfisbréfinu.

Leyfi skal veitt ákveðnum manni; þó má einnig veita leyfi félögum, stofnunum og sveitar- eða bæjarfélögum, en þá skal fyrir leikhúsinu vera forstöðumaður, er leyfisveitandi tekur gildan.

Leyfi til að reka kvikmyndahús eða samþykki til að vera forstöðumaður slíks húss má veita þeim mönnum einum, er færa sönnur á, að þeir hafi næga þekkingu á þeim störfum.

2. gr.

Áður en dómsmálaráðherra veitir leyfi til stofnunar nýs kvikmyndahúss, skal leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar.

II.

Leyfistíminn.

3. gr.

Leyfi gildir um 5 ár, enda hafi það ekki verið löglega veitt áður fyrir lengri tíma.

Nú andast leyfishafi áður en leyfistíminn er á enda, og getur þá ekkja hans komið í hans stað sem leyfishafi, enda sé um það leitað umsagnar sveitar- eða bæjarstjórnar. Bresti ekkju næga þekkingu, skal hún hafa forstöðumann, er leyfisveitandi tekur gildan.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn sveitar- eða bæjarstjórnar, þegar leyfistími er á enda, veitt leyfishafa á ný leyfi, enda hafi hann ekki í verulegum atriðum brotið skyldur sínar á leyfistímanum.

4. gr.

Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er tekið aftur leyfi, ef skilyrða leyfisbréfsins þykir eigi hafa verið gætt, eða ef leyfishafi gerir sig sekan um eitthvað það, sem talið er svívirðilegt að almenningsáliti, eða þykir hafa gerzt óverðugur til að hafa leyfið.

5. gr.

Fyrir kvikmyndaleyfi skal greiða 500 kr. á ári.

III.

Rekstur kvikmyndahúss.

6. gr.

Leyfi skal vera bundið við ákveðin húsakynni.

7. gr.

Leyfishafi má ekki leigja öðrum leyfið. hann ber ábyrgð á öllum rekstri kvikmyndahússins og skuldbindingum. Leyfishafi skal, hvort sem er um einstakling eða félag að ræða, eiga heimili í þeirri sveit eða bæ eða í næstu sveit, þar sem kvikmyndahúsið er, þó ekki lengra en 5 kílómetra frá leikhúsinu.

8. gr.

Í leyfisbréfi skal áskilið, að skólum skuli heimil notkun kvikmyndahússins til sýninga í þarfir kennslunnar, á þeim tíma, sem það er ekki notað til almennra sýninga, gegn hæfilegu gjaldi, er dómsmálaráðherra ákveður, ef ágreiningur verður.

9. gr.

Dómsmálaráðuneytið skipar 3ja manna nefnd, búsetta í Reykjavík, til þess að hafa á hendi skoðun kvikmynda, sem sýna á opinberlega. Skal einn þeirra valinn eftir tillögum Kennarafélags Íslands og annar eftir tillögum prestastefnu. Hætti starfsemi þessara stofnana, ákveður ráðuneytið, hverjir séu réttir aðilar í þeirra stað. Geri þær engar tillögur, velur ráðuneytið sjálft alla mennina. Þóknun ákveður ráðuneytið. Skulu þeir skipaðir til 3ja ára í senn.

10. gr.

Enga kvikmynd má sýna opinberlega, nema skoðunarnefnd hafi leyft og sett á hana merki, sem nánar skal ákveðið í reglugerð.

11. gr.

Myndskoðunarnefnd má ekki leyfa opinbera sýningu kvikmynda, sem ætla má að hafi siðspillandi áhrif eða trufli réttarmeðvitund almennings eða veiki tilfinningu fyrir almennu velsæmi — eigi heldur mynda, sem telja mætti móðgandi fyrir útlend ríki. Einkum skal forðast að leyfa sýningu mynda, sem geta leiðbeint mönnum til að brjóta almenn borgaraleg lög eða fremja annað það, sem að almanna dómi er álitið vítavert. Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs má eigi leyfa aðgang að kvikmyndasýningum, sem ætla má, að æsi óhæfilega ímyndunarafl þeirra eða hafi óholl áhrif á andlega þroskun þeirra eða heilsu. Sé börnum og unglingum innan 16 ára bannaður aðgangur, skal

það gefið til kynna sérstaklega og er óheimilt að veita þeim aðgang. Skal forráðamönnum kvikmyndahúss skylt að auglýsa jafnan, hvort börnum og unglingum er bannaður aðgangur eða ekki.

12. gr.

Myndskoðunarnefnd má ekki banna aðgang að öðrum myndum en nefndar eru í 3. gr.

Sýnishorn af kvikmyndum má eigi festa upp á almannafæri nema með leyfi myndskoðunarnefndar.

13. gr.

Sé þess óskað og ástæða sé fyrir hendi, skal nefndin gefa kvikmyndum meðmæli. Skulu meðmæli því aðeins veitt, að myndin hafi fræðslu- eða listagildi meira en venjulegt er um kvikmyndir. Ráðuneytið skipar tvo aukaskoðunarmenn, sem taka sæti í nefndinni, þegar meðmæla er óskað, og hafa jafnan atkvæðisrétt og aðrir nefndarmenn um það, hvort veita skuli meðmælin.

14. gr.

Myndir, sem ætlaðar eru til sýningar í skólum eingöngu, eru undanþegnar eftirliti.

15. gr.

Greiða skal gjald fyrir skoðun kvikmynda, 8 aura fyrir hvern metra frummyndarinnar (film). Þegar meðmæla er óskað skal greiða aukagjald, 1 eyri fyrir metra, hvort sem meðmælin eru veitt eða eigi.

16. gr.

Af kvikmyndasýningu greiðist auk skemmtanaskatts sérstakt gjald 10% af verði seldra aðgöngumiða. Rennur gjald það í höfuð-kirkjusjóð. Af sýningum mynda, sem um ræðir í 13. gr., greiðist 5% auk skemtanaskatts.

17. gr.

Umráðamönnum kvikmyndanna er skylt að sjá fyrir húsrými og tækjum til athugunar á þeim myndum, sem þeir óska eftirlits á, án þess að gjald komi fyrir, enda fari athugunin fram á þeim tíma dags, sem ekki er venjulegt að nota til kvikmyndasýninga. Eigendum kvikmyndahúsa í Reykjavík er skylt að leggja til húsrými og tæki til skoðunar allra kvikmynda sem sýndar eru í landinu. Grein þessi fellur úr gildi, ef ríkið sjálft eignast húsrými og tæki til myndskoðunar.

18. gr.

Leyfi, sem veitt eru áður en lög þessi ganga í gildi, falla niður að 3 árum liðnum.

19. gr.

Bann gegn sýningu kvikmynda hefir gildi, ef 2 af skoðunarmönnum eru sammála. Meðmæli með mynd gilda því aðeins að allir skoðunarmennirnir séu sammála.

20. gr.

Í leyfi skal ákveðið verð aðgöngumiða í hlutfalli við gæði sætanna. Fari verðið fram úr því, sem ákveðið er í leyfinu, hækkar sýningargjaldið upp í 25% (sbr: þó 16. gr.), af þeim miðum sem hækkaðir eru í verði. Fyrir þau kvikmyndahús, sem nú eru í notkun, ákveður ráðuneytið verð aðgöngumiða jafnskjótt, sem lög þessi ganga í gildi og skal þá farið eftir meðalverði síðastliðið ár.

21. gr.

Gjaldi því, sem greitt er af kvikmyndasýningum samkv. lögum þessum og fyrir myndskoðun, að frádreginni þóknun myndskoðunarnefndar, ennfremur leyfisgjaldi, skal skipt í þrjá jafna hluta. Rennur einn hlutinn í þjóðleikhússjóð, annar til væntanlegrar dómkirkjubyggingar í Reykjavík og þriðji til Landsbókasafnsins.

22. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð frekari fyrirmæli um myndskoðun. Skulu skoðunarmönnum þar settar nánari reglur um, hvenær banna skuli sýningu mynda eða veita meðmæli. Jafnframt setur ráðherra reglugerð um meðferð þess fjár, sem rennur til dómkirkjubyggingar og Landsbókasafns samkv. lögum þessum.

Greinargerð.

Frumvarp svipað þessu var borið fram af stjórninni á Alþingi 1929 en náði þá eigi samþykkt. Síðan hefir verið unnið mjög rækilega að frekari undirbúningi málsins. M. a. hefir stjórnin látið rannsaka ítarlega löggjöf um kvikmyndahús og eftirlit með kvikmyndum á Norðurlöndum og víðar erlendis. Hafði sendimaður stjórnarinnar tal af myndskoðunarmönnum í Svíþjóð, Noregi og Danmörku, kynnti sér starfsháttu þeirra og leitaði álits þeirra um helztu atriði, sem til greina koma í sambandi við myndskoðun og árangur hennar. Skulu tilnefndir myndskoðunarmennirnir dr. Berg og dr. Bjurmann í Stokkhólmi, Sigurd Nårgård í Oslo og Niculaisen í Khöfn. Hafa flestir þessara manna haft á hendi myndskoðun, síðan hún fyrst hófst á Norðurlöndum og því aflað sér mjög ítarlegrar reynslu.

Myndskoðun er nú komin á í flestum löndum Norðurálfu og sumstaðar vestan hafs. Á Norðurlöndum og Þýzkalandi annast hið opinbera myndskoðunina. Í Englandi er það aftur á móti félagsskapur umráðanda kvikmyndanna sjálfra, sem hefir hana með höndum. Í Frakklandi er opinbert eftirlit, þó þannig að myndskoðunarmenn hins opinbera fá í hendur lýsingu myndanna, en athuga aðeins nokkurn hluta myndanna sjálfra og þá einkum, ef lýsingin gefur sérstakt tilefni til. Myndskoðunarmenn eins lands taka aldrei gild sýningarleyfi frá myndskoðunarmönnum annara landa, enda eru þess mörg dæmi, að sýning myndar hafi verið bönnuð í einu landi, þótt leyfð hafi verið í öðru.

Myndskoðun Svía er elzt og jafnframt ströngust. Eru myndskoðunarlög þeirra frá 1911. Myndskoðunarlög Norðmanna eru frá 1913 og dönsku lögin frá 1922. Þýzku myndskoðunarlögin eru frá 1920.

Við myndskoðun erlendis er gerður munur á þrennskonar kvikmyndum; myndum, sem alveg eru bannaðar, myndum, sem leyft er að sýna fullorðnu fólki en ekki börnum né unglingum og myndum, sem heimilt er að sýna öllum. Er það álit flestra, sem við þessi efni fást, að þá væri of langt gengið, ef bannað væri með öllu sýning þeirra mynda, sem óholl áhrif geta haft á börn og unglinga. Í Danmörku er 16 ára aldurstakmark, en í Svíþjóð og Noregi 15 ára.

Til marks um árangur myndskoðunarinnar á Norðurlöndum eru eftirfarandi tölur, sem teknar eru eftir dagbókum myndskoðunarmanna í þessum löndum:

Í Svíþjóð voru árið 1928 bannaðar ca. 8% allra þeirra mynda, sem skoðunarmenn höfðu til athugunar.

Myndiruar, sem sænsku skoðunarmennirnir leyfðu að sýna, voru samtals að lengd 4112886 metrar.

Af þeim voru 2475537 metrar bannaðir fyrir börn og unglinga 15 ára og yngri.

Í Noregi voru á sama tíma 4,44% af myndum bannaðar.

Leyfðar voru myndir að lengt samtals 1014459 metrar.

Þar af voru bannaðir fyrir börn og unglinga 606148 metrar.

Í Danmörku er myndskoðunin ekki eins ströng og í Svíþjóð og Noregi. Tíðkast þar meir sú aðferð að »klippa úr« myndunum en banna þær alveg. Árið 1928 bönnuðu dönsku skoðunarmennirnir sýningu 7 mynda. Alls voru leyfðar myndir að lengd 1708646 metrar. Af þeim voru bannaðar ca. 8% bannaðar fyrir börn og unglinga 16 ára og yngri.

Nefndar tölur gefa ekki fullkomlega hugmynd um árangur myndskoðunarinnar. Er hann í raun og veru talsvert meiri en þær sýna. Eigendur myndanna, sem aðallega eru amerísk auðfélög, verða að greiða hátt gjald fyrir skoðunina, hvert sem myndin er leyfð eða eigi. Þessvegna hliðra þau sér hjá að senda slæmar myndir til landa, sem hafa stranga myndskoðun, og sýna þær fremur heima fyrir í Ameríku, þar sem eftirlitið er slælegt. Myndskoðun hvers lands hefir þannig mjög mikil óbein áhrif á gæði þeirra mynda, sem til landsins flytjast.

Reynsla Norðmanna, sem okkur eru skyldust í þessu efni, bendir á, að heppilegast sé að ríkið ráði því, hverjir kvikmyndahús reka og leyfi séu veitt til ákveðins tíma. Svíar hafa lagt aðaláherzlu á myndskoðunina en minna hirt um sjálfan reksturinn. Er í Svíþjóð hverjum þeim heimilt að reka kvikmyndahús, sem fullnægir ákveðnum skilyrðum. Afleiðingin er sú, að rekstur kvikmyndahúsanna er að miklu leyti kominn í hendur ameriskra auðfélaga og mestur hluti ágóðans rennur út úr landinu. Í Noregi reka bæjarfélögin kvikmyndahúsin og hefir gefist vel fjárhagslega. Í Oslo er t. d. nettoarður kvikmyndahúsanna árin 1926–28 nærri 3 milj. króna og er þá frátalinn skemtanaskattur til ríkisins, og verð aðgöngumiða þó lækkað á sama tíma um 25%.

Í Danmörku er sama fyrirkomulag og stungið er upp á í þessu frv. Ríkið veitir leyfi til ákveðins tíma í senn.

Í frv. er stungið upp á því, að myndskoðunarmenn geti gefið einstökum kvikmyndum meðmæli, ef þess er óskað og myndirnar hafa fræðslu eða listagildi meira en venjulegt er um kvikmyndir. Ákvæði þetta er tekið eftir þýzkri löggjöf um »Kulturbilder« svonefndar. Í Berlín og München hafa Þjóðverjar sett á stofn sérstaka myndskoðun, (Bildstelle des Zentralinstituts für Erziehung und Unterricht), sem sker úr um það, hvort kvikmyndir hafi fræðslu- eða listagildi svo mikið, að ástæða sé fyrir þjóðfélagið að greiða götu þeirra. Hljóti mynd viðurkenningu sem slík, er gefinn eftir hluti af sýningargjaldi þeirrar myndar. Ákvæði þetta miðar að því að greiða fyrir góðum myndum og jafnframt að fækka sýningum þeirra mynda, sem í sjálfu eru lítils eða einskis virði en þó ekki tiltækilegt að banna með öllu. Til tryggingar því að ákvæði þetta verði ekki misnotað af tilhliðrunarsemi við kvikmyndaeigendur, er gert ráð fyrir fleiri myndskoðunarmönnum en venjulega, þegar um meðmæli er að ræða. Virðist eðlilegt, að stjórnin skipi aukamennina, þar eð hún er réttur aðili, þegar um eftirgjöf á skatti er að ræða.

Í frv. er farið fram á nokkra hækkun á sýningargjaldi kvikmyndahúsanna. Skemmtanaskattur er hér óeðlilega lágur, þegar um fjárvænleg fyrirtæki er að ræða, eins og kvikmyndahúsin. Þá er og ákveðið sérstakt gjald fyrir myndskoðun og er það álíka hátt og annarstaðar á Norðurlöndum. Þó er hér eigi gert ráð fyrir neinu gjaldi fyrir skoðun kvikmyndaauglýsinga, þótt svo sé annarsstaðar.

Kvikmyndir eru nú svo ríkur þáttur orðinn í menningarlífi þjóðarinnar, einkum kaupstaðanna, að ófært er að láta val þeirra afskiptalaust af hálfu hins opinbera. Eins og í öllum öðrum menningarríkjum Norðurálfunnar, verður hér að sporna móti siðspillandi áhrifum kvikmynda, en jafnframt að gera það sem unnt er til þess að þjóðin njóti þeirrar menntunar og lista — sem í góðum myndum felst.

Um það, hversu verja beri þeim hluta skatts af kvikmyndahúsum, sem lagt er til að renni í höfuðkirkjusjóð, verður nánar fyrir mælt í frv. um höfuðkirkjusjóð.

21. Frumvarp

til laga um byggingar á prestssetrum landsins.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

I. kafli.

Um byggingar íbúðarhúsa.

1. gr.

Ríkissjóður leggur fram, meðan á þarf að halda, kvaðalausan styrk til íbúðarhúsbyggingar, úr varanlegu efni, á prestssetrum landsins.

Skal, þegar ástæður þykja til, veita styrk þennan til allt að 4 íbúðarhúsbygginga á ári, 10 þús. kr. til hverrar byggingar, eftir stærð húsa og kostnaðarverði. Auk þess gengur til húsbyggingarinnar andvirði niðurlagðra bæjarhúsa á prestssetrinu.

2. gr.

Kirkjujarðasjóður veitir lán til íbúðarhúsbygginga samkv. 1. gr. Skal lánveitingin að jafnaði miðast við áætlunarverð hússins, að frádregnu framlagi til byggingarinnar samkv. 1. gr., og má lánið aldrei fara fram úr 5000 kr. á hús.

Lánin ávaxtast og afborgast með 4% á ári. Af því eru $3^1/_2$% vextir og $^1/_2$% afborgun.

3. gr.

Lán samkv. 2. gr. eru embættislán, og hefir því Kirkjujarðasjóður veð fyrir lánsupphæðinni og vöxtum af henni í öllum tekjum embættisins, og má draga vexti og afborgun lánsins frá launum prestsins, enda skal prestur jafnan sitja þar sem hús er byggt samkvæmt lögum þessum, nema leyfi kirkjustjórnar komi til.

4. gr.

Nú sækir prestur um styrk og lán til íbúðarhúsbyggingar á prestssetri. Skal ríkisstjórnin þá láta rannsaka, hvort þörf sé á nýrri byggingu. Reynist beiðni prestsins á rökum byggð, lætur ríkisstjórnin byggingarfróðan mann rannsaka alla aðstöðu, m. a. hvar fá má nothæft steypuefni og hentugast hússtæði. Ríkisstjórnin lætur húsameistara gera uppdrátt að húsinu og kostnaðaráætlun, að frádregnu því, er prestur og söfnuður leggja til samkv. 5. gr., og skal miða stærð húsa við aðstöðu á hverjum stað.

Ríkisstjórnin skal jafnan, er við verður komið, leita samvinnu við stjórn Byggingar- og landnámssjóðs um efniskaup til bygginga á prestsetrum.

5. gr.

Nú er ákveðið að reisa hús á prestsetri. Skal þá söfnuður kosta allan flutning á útlendu efni á byggingarstaðinn, frá næsta eða hentugasta viðkomustað flutningaskipa, sem tök eru á, að dómi ríkisstjórnar. Ennfremur skal söfnuðurinn kosta flutning innlends efnis og greiða gjald fyrir það, ef gjalda þarf. Sóknarnefndir skulu kjósa mann til að sjá um framkvæmd verksins í tæka tíð, og jafna síðan öllum flutningskostnaðinum niður, sem hundraðsgjaldi af sveitarútsvörum. Þar sem 2 eða fleiri hreppar eða hreppshlutar eru í einu prestakalli, skal fyrst skipta kostnaðinum niður á hreppana, að hálfu eftir skuldlausri eign safnaðarmanna samkvæmt síðustu skattaskrám, en að hálfu eftir tölu safnaðarmanna innan hvers hrepps eða hreppshluta. Skulu sóknarnefndir innheimta gjaldið hver í sinni sókn, og fylgir því lögtaksréttur.

Sóknarprestur skal leggja fram gröft allan fyrir grunni eða kjallara og tróð til byggingarinnar. Ennfremur skal presturinn greiða það, er kostnaðarverð hússins kann að fara fram úr áætlunarverði þess.

Ríkisstjórnin felur trúnaðarmanni sínum að hafa eftirlit með byggingunni, að sjá um efniskaup og ráða yfirsmið í samráði við sóknarprestinn.

6. gr.

Nú er presti skylt að sitja í kaupstað eða kauptúni, og er þá því sveitar- eða bæjarfélagi, er hann situr í, skylt að leggja til hentuga lóð undir prestsetrið, án endurgjalds.

Þar sem söfnuður telur yfir 3 þús. fermdra safnaðarmanna, skal söfnuðurinn koma upp íbúðarhúsi handa presti (prestum) sínum, gegn þriðjungsframlagi úr ríkissjóði, þó aldrei yfir 7000 kr., enda hafi ráðuneytið samþykkt byggingaruppdrátt og kostnaðaráætlun. Skal sóknarnefnd (sóknarnefndir) þá jafna byggingarkostnaði niður á safnaðarmenn, eftir sömu reglum sem um flutningskostnað á efni, sbr. 5. gr. Skal hvert hús, sem þannig er byggt, vera eign safnaðar, undir yfirstjórn kirkjustjórnar, svo sem safnaðarkirkjur. Enda hafi prestur leigulausa íbúð, en greiði fyrningargjald og brunabótagjald og annist árlegt viðhald.

7. gr.

Helmingur styrks samkv. 1. gr. greiðist af hendi jafnskjótt og ríkisstjórninni eru sýnd skil fyrir því, að efni, samkv. uppdrætti og áætlun, sé komið á byggingarstaðinn, og skírteini sýn ir að það sé vátryggt. Síðari helmingur styrksins greiðist, þegar húsið er komið undir þak. Og lánsfé greiðist, þegar húsið hefir verið tekið út af trúnaðarmanni ríkisins sem fullbyggt og vandað samkv. uppdrætti.

Úttekt hússins skal fara fram jafnskjótt og smíðinni er lokið.

8. gr.

Umsóknir um styrk og lán samkvæmt lögum þessum, skulu komnar til ríkisstjórnarinnar eigi síðar en í maímánuði árið áður, en ætlast er til að bygging fari fram. Og skal ríkisstjórnin hafa gefið presti svör við beiðni hans, eigi síðar en um miðjan september, sumarið áður en bygging er hafin. Nú sækja fleiri en fengið geta það ár. Skal þá veita styrkinn og lánið þeim, er þess hafa brýnasta þörf, að dómi kirkjustjórnar.

9. gr.

Nú brennur íbúðarhús eða bæjarhús á prestssetri, eða eyðist af náttúruvöldum, eftir að tekin hefir verið ákvörðun um, hvar byggja skuli prestssetrshús það ár eða næsta ár. Er ríkisstjórninni þá heimilt að veita fé, að svo miklu leyti, sem brunabótafé og eign prestakallsins í Fyrningarsjóði hrekkur ekki til að endurbyggja íbúðarhúsið, með sömu skilmálum og segir í lögum þessum.

10. gr.

Nú er hús reist á prestssetri, samkvæmt lögum þessum. Skal prestur þá annast á eigin kostnað allt árlegt viðhald hússins, samkvæmt reglum, er ríkisstjórnin setur. Skal prófastur hafa eftirlit með því, að þeim reglum sé framfylgt, og tilkynna kirkjustjórninni ef misbrestur verður á.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur byggingarfróðan mann skoða hvert hús á 6 ára fresti. Komi það í ljós við skoðun að húsi sé ekki við haldið sem skyldi, getur ríkisstjórnin haldið presti til að bæta úr göllunum, með dagssektum, ef þurfa þykir. Ennfremur getur stjórnin látið bæta úr göllunum á kostnað prestsins, og má draga þann kostnað frá launum hans.

12. gr.

Nú er reist hús á prestsetri samkv. lögum þessum, og skal þá prestur árlega leggja $^1/_2$% af styrk, samkv. 1. og 6. gr., í sjóð, sem skal vera eign prestakallsins og nefnist »Fyrningarsjóður«.

Prestur vátryggir húsið fyrir virðingarverð. Hann greiðir vátryggingargjaldið og tekur ríkisstjórnin bæði fyrningarsjóðsgjaldið og vátryggingargjaldið af launum prestsins.

Prófastur hefir umsjón með vátryggingunni undir yfirumsjón biskupsins.

13. gr.

Tekjur og eignir Fyrningarsjóðs skal ávaxta í Útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands, undir umsjón kirkjustjórnar.

14. gr.

Nú fellur hús, sem greitt er af fyrningargjald, eða verður óhæft til íbúðar fyrir venjulega fyrningu, og skal Fyrningarsjóður þá, innan 6 mánaða frá aðvörunardegi, leggja fram allt það fé, er sjóðnum hefir greiðst fyrir húsið, að viðbættum öllum vöxtum af ársgjöldunum.

Nemi slit eða gallar á húsinu meiru en venjulegri fyrningu, bætir prestur það með álagi á venjulegan hátt.

Nemi eign prestakalls í Fyrningarsjóði einhvern tíma meiru en andvirði nýrrar húsbyggingar á prestsetri, skal leggja það fé, sem afgangs verður, á ný í Fyrningarsjóð.

15. gr.

Íbúðarhús, sem reist eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera skattfrjáls til ríkis, sýslu- og sveitar- eða bæjarfélags, svo sem kirkjur og skólar. Tekur ákvæði þetta og til eldri íbúðarhúsa, í opinberri eign, á prestssetrum landsins.

II. kafli.

Um byggingar peningshúsa.

16. gr.

Ábúendum prestssetra skal heimilt að vinna af sér eftirgjöld á ábýlisjörðum sínum, og því er þeim fylgir, með peningshúsabyggingum, úr varanlegu efni, á prestsetrum, með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

Hlöður teljast peningshús í lögum þessum.

17. gr.

Nú óskar ábúandi á prestssetri að vinna af sér eftirgjald, samkv. 16 gr. Lætur ríkisstjórnin þá rannsaka þörf nýrrar byggingar. Ef ráðuneytið telur bygginguna nauðsynlega, og að öðru leyti fært að sinna málinu eins og á stendur, lætur ríkisstjórnin hæfan mann rannsaka aðstöðu alla og gera uppdrátt og kostnaðaráætlun, svo sem segir í 4. gr., og skal ábúandinn síðan reisa húsið samkvæmt þeim uppdrætti eða öðrum, er ríkisstjórnin samþykkir.

Leggur ríkissjóður þá kvaðalaust fram járn og steinlím til byggingarinnar.

18. gr.

Þegar peningshús hefir verið reist samkvæmt lögum þessum, skal það tekið út af byggingarfróðum trúnaðarmanni ríkisstjórnar. Ef húsið reynist fullbyggt og vandað að dómi trúnaðarmanns, tekur ríkisstjórnin við því fyrir hönd jarðarinnar.

19. gr.

Nú er, að dómi ríkisstjórnarinnar, nauðsynlegt að reisa stærra peningshús úr varanlegu efni á prestssetri, en svo að 3ja ára eftirgjald hrökkvi fyrir byggingarkostnaðinum.

Lánar ríkisstjórnin þá fé úr Kirkjujarðasjóði, ef prestur óskar, fyrir vinnu við steypu og tré, aðkeyptu efni, nema járni og steinlími, svo og fyrir helmingi flutningskostnaðar, ef aðdrættir eru sérstaklega erfiðir að dómi ríkisstjórnar.

Allt annað framlag ábúanda til byggingarinnar telst fyrirframgreiðsla eftirgjaldsins.

20. gr.

Lán samkv. 20. gr. eru embættislán gegn veði í tekjum embættisins, og ávaxtast þau og endurgreiðast með $4^1/_2$% á ári. Af því eru $3^1/_2$% vextir og 1% afborgun.

21. gr.

Ábúandi greiði 1% af framlagi ríkissjóðs til peningshúsa, sem byggð eru samkv. lögum þessum, í »Fyrningarsjóð peningshúsa«.

Um eftirlit og viðhald fer að öðru leyti eftir ákvæðum 10., 11. og 14. greinar.

22. gr.

Fyrningarsjóður peningshúsa skal vera eign prestakallsins. Um stjórn hans og ávöxtun, svo og hvenær til hans skuli taka, fer á sama hátt og segir í 13. og 14. gr. um »Fyrningarsjóð íbúðarhúsa«.

23. gr.

Nú deyr ábúandi á prestssetri, eða flytzt burtu, áður en afgjöld prestsetursins hafa numið fyrirframgreiðslum hans, samkv. 17. og 20. gr. Endurgreiðir ríkisstjórnin þá fráfaranda, eða dánarbúi hans, afgjald prestsetursins á næsta ári eða árum, svo sem nemur því, er á vantar.

Niðurlagsákvæði.

24. gr.

Þyki á einhverjum tíma ekki fært að veita lán úr Kirkjujarðasjóði, samkv. lögum þessum, veitir ríkisstjórnin þá lánsupphæð, er á vantar, úr ríkissjóði með sömu kjörum, ef ríkisstjórnin telur fé fyrir hendi.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög nr. 30 frá 16. nóv. 1907, og lög nr. 25, frá 20. okt. 1913 um breytingu á þeim lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er undirbúið af Kirkjumálanefnd, og lagt fyrir með litlum breytingum frá því sem nefndin lagði til. Byggingarmál prestssetranna, einkum í sveitunum, hefir lent í öngþveiti, síðan byggingarkostnaður varanlegra húsa hækkaði um og eftir heimsstyrjöldina. Síðan þá hafa verið byggð allmörg prestssetur, og hefir verð þeirra verið frá 20—40 þús. kr. Hafa mörg missmíði verið á þeim framkvæmdum, og er varla sýnilegt að landið rísi undir að byggja mikinn fjölda svo dýrra embættisbústaða. Með frv. þessu er leitast við að stilla í hóf með eyðslu í þessum efnum, og koma föstu skipulagi á málið, þannig að ríkissjóður, sóknarbörnin í hverju prestakalli og presturinn sjálfur, vinna saman að því að koma upp vönduðum, varanlegum og ekki of dýrum byggingum á prestssetrum landsins.

22. Frumvarp

til laga um fimmtardóm.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Æðsti dómstóll ríkisins nefnist fimmtardómur. Á ensku heitir dómstóllinn The Supreme Court, og tilsvarandi heiti á öðrum erlendum málum.

2. gr.

Hæstarétt skal leggja niður þegar fimmtardómur tekur til starfa. Til fimmtardóms má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í héraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Synodalréttinn skipa 5 dómendur, forseti fimmtardóms, 2 aðaldómarar og 2 guðfræðingar, er forseti kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastsdóm í héraði, og í málum þeim gegn biskupum út af samsvarandi brotum, og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastsdómur tekur yfir.

2. kafli.

Um skipun fimmtardóms.

4. gr.

Fimmtardóm skipa dómsforseti, 2 aðaldómarar og 2 aukadómarar. Konungur skipar forseta og aðaldómara.

Aukadómarar eru 2 af kennurum lagadeildar háskólans, valdir samkvæmt reglum þeim, er í lögum þessum segir.

5. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómurum en 3.

Í öllum óbrotnum og einföldum málum, hvort sem heldur eru opinber mál eða einkamál, skipa fimmtardóm 3 aðaldómarar, og leggja þeir dóm á þau mál eftir reglum laga þessara.

Ef margbrotin mál eru, umfangsmikil eða vandasöm, þá skipa fimmtar-

dóm 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar, og leggja þeir allir 5 dóm eða úrskurð á þau mál.

Forseti og aðaldómarar fimmtardóms skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort mál séu svo margbrotin, umfangsmikil eða vandasöm, að aukadómarar skuli tilkvaddir.

6. gr.

Nú ákveðið að aukadómarar skulu kvaddir til málsmeðferðar, og snýr forseti dómsins sér þá til forseta lagadeildar háskólans og tilkynnir honum kvaðningu aukadómara. Velja lagadeildarkennarar þá 2 menn úr sínum hópi og eru það aukadómarar fimmtardóms. Frjálst er lagadeildarkennurum að velja aukadómara til eins ákveðins máls í senn eða um tiltekið tímabil.

7. gr.

Et autt verður sæti forseta, skal sá aðaldómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi. Ef autt verður sæti aðaldómara, skipa kennarar lagadeildar háskólans það, sbr. 6. gr.

Nú verður autt sæti dómara eða aukadómara þannig, að enginn af kennurum lagadeildar geti skipað það, og setur dómsmálaráðherra þá varadómara til bráðabirgða.

8. gr.

Forseti og aðaldómarar í fimmtardómi skulu, auk almennra dómara skilyrða, fullnæggja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa tekið lagapróf með 1. einkunn.
2. Hafa verið 3 ár hið skemmsta dómari í hæstarétti, skipaður kennari í lögum við háskólann, málaflutningsmaður við hæstarétt eða fimmtardóm, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, héraðsdómari, hæstaréttar- eða fimmtardómsritari.

   Rétt er að skipa þann dómara í fimmtardómi, sem hefir gegnt samanlagt alls 3 ár fleiri en einni af áðurnefndum stöðum. Þiggja má undan þessum skilyrðum, ef fimmtardómur mælir með því.
3. Sé eigi yngri en 30 ára og eigi eldri en 60.
   Undanþegnir þessu skilyrði eru þó þeir, er skipa hæstarétt þegar fimmtardómur tekur til starfa. Þó má enginn fastur dómari vera eldri en 65 ára.
4. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri eða fósturbörn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar, mega ekki samtímis eiga dómarasæti í fimmtardómi.

Heimilt er að víkja frá því skilyrði, að dómari hafi hlotið 1. einkunn við lögfræðispróf, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og dómurinn mælir með.

9. gr.

Eigi má fimmtardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skipta hann máli.
2. Ef hann er skyldur eða mægður aðila í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða

ef hann er maki aðila eða ákærða, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

3. Ef hann er skyldur eða mægður málaflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Ef hann hefir leiðbeint aðila í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.
5. Ef hann hefir fellt dóm eða úrskurð í málinu í héraði.
6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja megi hætt við að hann líti eigi óhlutdrægt á málavexti.

10. gr.

Bæði aðilar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í fimmtardómi geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki sæti í einstöku máli, af stæðum þeim, er í 9. gr. segir.

Dómendur allir, er um slík mál fjalla, úrskurða þau atriði.

3. kafli.

Um fimmtardómsritara.

11. gr.

Konungur skipar fimmtardómsritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi, og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi.

12. gr.

Fimmtardómsritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til fimmtardóms.
2. Heldur bækur fimmtardóms.
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit úr bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómsgjöldum, og stendur skil á þeim, og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau störf öll af hendi, er lög mæla fyrir, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf vinnur fimmtardómsritari fyrir synodalréttinn.

13. gr.

Fimmtardómur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af öllu því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal í hana skrá dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er

skotið, hvenær stefna hefir verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hefir verið þingfest og hvenær dæmt, hvort ný gögn hafi verið lögð fram, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.

5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald fimmtardóms, og bætt við nýjum bókum ef þurfa þykir, eftir tillögum fimmtardóms.

4. kafli.

Um launakjör.

14. gr.

Fastir dómarar í fimmtardómi hafa að árslaunum kr. 12000,00 hver, auk dýrtíðaruppbótar eftir gildandi launalögum. Forseti hefir að auki kr. 1000,00 á ári.

Aukadómarar í fimmtardómi fá sérstaka borgun fyrir hvert mál, er þeir dæma. Dómurinn ákveður þá þóknun.

Fimmtardómsritari hefir kr. 5000,00 í árslaun, auk dýrtíðaruppbótar.

5. kafli.

Um hvar fimmtardómur skuli haldinn og um þingleyfi.

15. gr.

Fimmtardóm skal halda í Reykjavík. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má fimmtardóm halda utan Reykjavíkur, ef dómendur ákveða svo, og dómsmálaráðherra samþykkir.

16. gr.

Aðalþingleyfi fimmtardóms eru frá 1. júlí til 31. ágúst og frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Auk þess skal þingleyfi vera í dymbilviku og páskaviku.

Eigi skal dóm setja á helgum dögum þjóðkirkjunnar.

Heimilt er dómsmálaráðherra, eftir tillögum fimmtardóms að lengja einstök þingleyfi, ef ástæður þykja til.

Einstök réttarhöld skulu að jafnaði eigi vara lengur en 8 tíma samfleytt.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum fimmtardóms, hvaða daga og á hvaða tíma dómþing skuli halda.

6. kafli.

Um málaflutningsmenn við fimmtardóm.

17. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararétt, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi.
2. Gengt málaflutningsstörfum að afloknu prófi í 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu hæstaréttarmálaflutningsmanns eða málaflutningsmanns við fimmtardóm, sem fulltrúi hans.
3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að áliti fimmtardóms hæfur til þess að vera málaflutningsmaður við dóminn. Öll þau mál skulu vera þess eðlis að bæði aðal- og aukadómarar dæmi þau, enda skal rétturinn fullskipaður með 5 dómendum ákveða, hvort þrautin sé hæfilega af hendi leyst. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að vera málaflutningsmaður við fimmtardóm.

Þeir, er verið hafa málaflutningsmenn við hæstarétt, áður en lög þessi gengu í gildi, eiga rétt til að flytja mál fyrir fimmtardómi.

18. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmennsku og samvizkusemi mál þau, er hann tekur að sér.

19. gr.

Fyrir leyfi til málaflutningsstarfs fyrir fimtardómi skal greiða 500 kr. í ríkissjóð.

20. gr.

Hafa skulu málaflutningsmenn við fimmtardóm skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grend.

Skylt er þeim að inna af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim. Þó er þeim rétt, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum málaflutningsmanni við fimmtardóm. Þegar mál eru skriflega flutt, eða þegar málaflutningsmaður getur ekki sjálfur sótt þing, sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

21. gr.

Skylt er málaflutningsmönnum við fimmtardóm að flytja opinber mál, er forseti dómsins skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim ekki skylt að annast fyrir fimmtardómi.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar sér skipaðan ákveðinn málaflutningsmann við fimmtardóm, og skal honum þá sá maður skipaður, nema ef sérstakar ástæður mæla því í gegn. Sama gildir ef dómsmálaráðherra æskir ákveðins sækjanda í opinberu máli.

22. gr.

Rétt er aðila, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda félags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir fimmtardómi. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema málaflutningsmaður sé við fimmtardóm, eða samband við aðila sé slíkt, sem nú er mælt.

23. gr.

Rétt er málaflutningsmanni við fimmtardóm að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af málsupphæð, og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

24. gr.

Ef málaflutningsmaður við fimmtardóm missir einhvers þeirra skilyrða, sem sett eru í 17. gr., þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu á meðan svo er ástatt. Sama er og ef hann hefir ekki skrifstofu í Reykjavík, flytzt búferlum eða hefir tekið að sér starf, sem ósamrýmanlegt er málaflutningi við fimmtardóm. Þegar þannig er, skal málaflutningsmaður afhenda leyfi sitt til málaflutnings fyrir fimmtardómi dómsmálaráðuneytinu, og skal leyfið þar geymt þar til aðili kann að nýju að uppfylla skilyrði til málaflutnings við fimmtardóm, þá skal honum afhent leyfisbréf sitt aftur endurgjaldslaust.

Dómsmálaráðherra getur, ef fimmtardómur leggur það til, svipt málaflutningsmanni leyfi, ef fimmtardómur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberu máli, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

25. gr.

Allir málaflutningsmenn við fimmtardóm skulu skyldir að bindast félagssamtökum. Stjórn þessa félags, sem kosin skal af öllum málaflutningsmönnum við fimmtardóm til tveggja ára í senn, er skipuð þrem mönnum, formanni, varaformanni og einum meðstjórnanda. Félag þetta skal halda fundi, er velja á nýja stjórn, og eins ef mál koma upp, er snerta einhvern málaflutningsmann í félaginu. Að öðru leyti setur félag þetta sér sjálft reglur, í samræmi við lög þessi, og skulu reglurnar staðfestar af dómsmálaráðherra.

26. gr.

Stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm skal líta eftir að allir málaflutningsmenn, sem í félaginu eru, reki störf sín með samvizkusemi og ráðvendni. Stjórnin hefir og rétt til að ákveða þóknanir málaflutningsmanna eða málskostnað, ef slíkt er undir hana borið af málaflutningsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra.

27. gr.

Virðist stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm einhver félagsmaður vanrækja málaflutningsskyldur sínar eða á annan hátt hegða sér svo ósæmilegt megi teljast, getur stjórnin veitt þeim áminningu, bannað málaflutningsmanni að flytja tiltekið mál, rekið hann úr félaginu um skeið eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru, eða dæmt í sektir allt að 300 kr. Þó á sá, sem fyrir slíkri kæru verður, rétt til þess að skýra mál sitt og koma fram með varnarástæður fyrir stjórnina, annaðhvort skriflega eða munnlega.

Rétt er málaflutningsmanni að áfrýja sektarúrskurði félagsstjórnar eða úrskurði um missi réttinda til dómsmálaráðherra, er þá gefur fullnaðarúrskurð í málinu, að fengnum upplýsingum frá báðum aðilum.

Dómsmálaráðherra hefir eftirlit með starfsemi félags málaflutningsmanna við fimmtardóm, enda gefur stjórn félagsins dómsmálaráðherra árlega skýrslu um störf félagsins, og um það, hverjir félagsmenn hafi sætt viðurlögum eða áminningu.

7. kafli.

Um stefnur og stefnufresti.

28. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til fimmtardóms sem hér segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn fimmtardómsritara.

Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður forseti í samráði við ritara hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það að minnsta kosti 14 dögum fyrir þingfestingardag, á þann hátt er dómsmálaráðherra ákveður. Verði mál ekki flutt á þingfestingardegi, er réttinum heimilt að fresta því, þó ekki lengur en 4 mánuði.

2. Stefnufrest skal miða við fyrsta dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.

Fimmtardómsritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufresti, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

29. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalréttarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, sem gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til hæstaréttar. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar forseta, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unnt er, og skal þeim, sem það varðar,

skýrt sérstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar, að minnsta kosti viku tíma hvorum, fyrir þingfestingu.

8. kafli.

Um hvaða mál megi bera undir fimmtardóm.

30. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til fimmtardóms, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja málum, eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun til hæstaréttar.

31. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til fimmtardóms, ef sakarefnið verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfélagsrétt manns eða þjóðfélagsskyldu, atvinnuréttindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til fimmtardóms ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sérákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til allt að einu.

Hvarvetna þess er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargjörðum og uppboðigjörðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgrein eftir því sem við á.

32. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til fimmtardóms, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en 31. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til hæstaréttar.

33. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til fimmtardóms, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður en 6 almanaksmánuðir séu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sérákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sé frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

34. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 51. gr., en máli hans hefir verið vísað frá rétti í fimmtardómi, og er honum þá rétt að skjóta

því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 33. gr. sé liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

35. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sé liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 33. gr. segir. Ennfremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef alveg sérstaklega stendur á, svo sem ef aðila, án þess að honum verði um kennt, hefir eigi tekizt að koma fram fyrirhugaðri áfrýjun.

Áfrýjunarstefnu skal taka út á 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbréfs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfisbréfi fyrirgert.

Ákvæði 34. gr. skal hér gilda eftir því sem við á.

36. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

37. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum fimmtardóms, leyft að mál, sem þar hefir verið dæmt, eða í hæstarétti áður en lög þessi öðluðust gildi, verði að nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannast, eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan myndi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sér um kenna.

38. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til fimmtardóms, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

39. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem áður hafa gilt fyrir hæstarétti sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir fimmtardómi.

40. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 33. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema að kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

9. kafli.

Um meðferð máls fyrir fimmtardóm.

41. gr.

Skjóta má dómsathöfn til fimmtardóms í því skyni að hún verði stað-

fest eða henni breytt. Krefjast má breytingar á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar, eða að dómsathöfn verði ómerk, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði aðeins breytt að efni til.

42. gr.

Aðilar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrétt sakarefnis, samkvæmt því er tiðkast hefir, og eftir því, sem samrýmist lögum þessum.

43. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur, má eigi bera fram í fimmtardómi, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tíðkazt hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv. með sama hætti og áður gilti um hæstarétt.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sér rétt til þess í áfrýjunarstefnu. Ennfremur skal hann leggja fram ný gögn eða afrit af þeim, og skýrslur um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, á skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður mál verða þingfest, til afnota hinum aðilanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

44. gr.

Málsaðilar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skipta, og leggja það fram á skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður en mál skal sækja og verja, svo mörg eintök, sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðunum, enda þarf ekki fleiri eintök af þeim þótt máli sé gagnáfrýjað.

Stytta má frest þann, er getur um í grein þessari, eftir samkomulagi dómenda og beggja málflytjenda, ef ástæður þykja til.

45. gr.

Sókn hvers máls og vörn fyrir fimmtardómi skal munnleg vera, á íslenzku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir ekki þing, og
2. Ef dómurinn leyfir það og báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess.

46. gr.

Málsmeðferð hefst á því, að stefna er framlögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða, ef annarhvor málflytjandi eða dómurinn æskir þess. Þá svarar stefndur ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja tala oftar en tvisvar. Ef aðili flytur ekki mál sitt sjálfur, er honum þó rétt að tala einu sinni.

Þegar mál eru skriflega flutt, er rétt að sókn og vörn sé tvisvar flutt.

47. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 46. gr. segir.

48. gr.

Fresti skal venjulega enga veita nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður en málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef fimmtardómur frestar máli til þess að nýrra gagna verði aflað. Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður fimmtardómur þá fresti til sóknar og varnar.

49. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar máls frá fimmtardómi, þá skal hann skýra fimmtardómsritara frá því, og greina ástæður, að minnsta kosti viku áður en mál skal þingfesta. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úr skurð að sér.

50. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

10. kafli.

Um dómsuppkvaðningu, atkvæðagreiðslu og dóma.

51. gr.

Dóma og úrskurði skal upp kveða jafnskjótt sem málflutningi er lokið, ef mál er munnlega flutt, og má þá eigi fyrir taka munnlegan flutning annars máls, fyr en dómur er genginn.

52. gr.

Áður en dómur er upp kveðinn, skulu fimmtardómendur þeir, er tekið hafa þátt í meðferð málsins, hafa með sér ráðagerð um efni og ástæður dóms og úrskurðar, og greiða þar atkvæði.

Ráðagerðir og atkvæðagreiðslur fimmtardóms um mál, er munnlega hafa flutt verið, skulu munnleg vera. Sá af dómendum greiðir fyrst atkvæði og gerir grein fyrir því, sem með hlutkesti hefir verið til þess valinn, og þvínæst sá, sem næstur er í röð, eftir hlutkesti. Þó greiðir forseti ætíð atkvæði síðast. Hver dómari gerir í stuttu máli grein fyrir niðurstöðu sinni og ástæð-

um fyrir henni. Vísa má dómari til niðurstöðu og ástæðna dómara, sem greitt hefir atkvæði á undan honum, ef hann er því samþykkur.

53. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur saman atkvæði.

Niðurstöðu dóms ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn sker forseti úr.

Sé ágreiningur um upphæð peningagreiðslu eða annað það, er meta á, og í tölum verður talið, þannig að enginn meiri hluti fáist, skal niðurstaðan verða meðaltalan.

54. gr.

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, er samkvæmt hlutkesti fær málsskjölin afhent, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Um frumvarp þetta ritar sá dómari, er næst fær málsskjölin í sínar hendur, álit sitt og tillögur og þannig koll af kolli eftir hlutkesti, þó þannig, að forseti láti síðast uppi álit sitt.

Þegar skriflegt mál þannig hefir gengið á milli allra dómenda, skal fund halda um dóm eða úrskurð, og forsendur og niðurstöður ákveða eftir reglum þeim, er í 53. gr. segir.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls eða ómerkingu, en orðið hefir í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni dóms, eftir því, sem ástæður eru til, og gildir það jafnt, hvort mál er munnlega eða skriflega flutt.

Allar atkvæðagreiðslur um dóma og úrskurði skal skrá í sérstaka bók, sbr. 13. gr., tölulið 3.

55. gr.

Í dómi skal taka fram:

1. Hvern dag dómur sé upp kveðinn.
2. Nöfn aðilja, heimili og stöðu.
3. Stutt yfirlit yfir kröfur aðilja og málsatvik. Þó má vísa til áfrýjaðs dóms eða úrskurðar, að því leyti, sem þeir eru staðfestir óbreyttir að forsendum og niðurstöðu.
4. Ástæður fyrir dómsniðurstöðu, enda sé þar ákveðið og tæmandi gert grein fyrir rökum þeim, er til grundvallar liggja fyrir niðurstöðu.
5. Dómsniðurstöðu eða úrskurðar.

Forseti sér um samning dóms.

Dómur skal undirritast af dómurum þeim, er tekið hafa þátt í uppkvaðningu hans.

56. gr.

Í dómi skal þess getið, hvort ágreiningur hafi verið um forsendur hans eða niðurstöðu, hvaða dómari hafi gert ágreining, og í hverju sá ágreiningur hafi verið fólginn.

Ágreiningsatkvæði og rökstuðning fyrir þeim, skal rita í dómabók og birta í dómasafni fimmtardóms.

57. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjanda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er fimmtardómur þó eigi bundinn við kröfu málflytjenda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar, og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

58. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í dóma fimmtardóms, nema að maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir fimmtardóms skal gefa út í nafni dómsins, og með innsigli hans, og nafni forseta undir.

Fimmtardómsritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit, sem fengin eru úr bókum dómsins.

11. kafli.

Um réttargjöld, sektir o. fl.

59. gr.

Dómsmálagjöld í fimmtardómi skulu vera sem hér segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—
Fyrir frest	5	—
Fyrir dómkvaðningu hvers manns .	5	—

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 300 krónum greiðist hálft gjald.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

60. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sér fyrir dómi, fer eftir reglum, sem hingað til hafa gilt um hæstarétt. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur.

Nú virðist fimmtardómi aðili augljóslega hafa sagt vísvitandi rangt frá um atvik máls, er máli skipta, og skal þá beita sektum. Fyrir ástæðulausa áfrýjun máls er rétt að dæma áfrýjanda í sektir.

Allar slíkar sektir renna í ríkissjóð.

61. gr.

Ef áfrýjandi sækir ekki, eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 kr. aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

12. kafli.

Um málskostnað fyrir fimmtardómi.

62. gr.

Dæma skal sækjanda og verjanda í opinberum málum hæfilegan málskostnað, miðað við hversu mál er stórt og umfangsmikið, og hversu mikla vinnu þeir hafa lagt fram til sóknar og varnar.

63. gr.

Nú virðist fimmtardómi máli vera áfrýjað að ástæðulausu, og ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 29 frá 26. okt. 1917, um málskosnað einkamála, fyrir fimmtardómi, að svo miklu leyti sem við á.

13. kafli.

Ákvæði um stundarsakir.

64. gr.

Fari svo að ekki náist samkomulag við núverandi kennara lagadeildar háskólans um það, að þeir taki að sér aukadómarastörf í fimmtardómi, koma ákvæðin um aukadómara ekki til framkvæmdar fyr en lagakennaraembættin eru veitt að nýju, enda fylgi þeim aukadómarastörf í fimmtardómi, eftir ákvæðum laga þessara.

Á meðan ekki koma til framkvæmda ákvæðin um aukadómara, telst fimmtardómur fullskipaður með 3 aðaldómurum, og leysir dómurinn þá þannig skipaður af hendi öll þau störf, sem undir hann eru lögð samkvæmt lögum þessum.

65. gr.

Fimmtardómur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til hæstaréttar, þegar lög þessi ganga í gildi, en eigi verið dæmd þar, í því ástandi sem þau voru, er fimmtardómur tekur til starfa. Ef málaflutningur var byrjaður fyrir hæstarétti, þá skal hann leiddur til lykta fyrir fimmtardómi, eftir þeim reglum, sem um málaflutning fyrir hæstarétti giltu. Málum þeim, sem stefnt hefir verið til hæstaréttar, án þess að málaflutningur hafi byrjað þegar lög þessi öðlast gildi, skulu dæmd eftir ákvæðum laga þessara.

14. kafli.

Niðurlagsákvæði.

66. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

67. gr.

Nú er hæstarétti eða einstökum hæstaréttardómara falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gjörðardómi o. s. frv., og kemur þá fimmtardómur í staðinn. Þar sem í lögum er nefnd eða ákveðin áfrýjun til hæstaréttar eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur fimmtardómur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Aðaldómarar fimmtardóms eigi sæti í landsdómi.

68. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. janúar 1931.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi numin:

Lög nr. 22. frá 6. okt. 1919 um hæstarétt, lög nr. 37 frá 4. júní 1924 um breytingu á lögum nr. 22/1919, lög nr. 19. frá 14. júní 1929 um breytingar á sömu lögum, svo og önnur ákvæði, er lög þessi brjóta í bága við.

Greinargerð.

Einn af merkustu þáttunum í stjórnarfari hvers lands eru réttarfarsákvæðin og skipun dómstólanna. Öryggi þjóðfélagsþegnanna er eigi alllítið undir því komin, hversu frá þessum málefnum er gengið.

Allar siðaðar þjóðir leggja mikla rækt við réttarfarslöggjöf sína. Þeim er það ljóst, að mikið er í húfi að þessum málum sé skipað á þann veg, að sem bezt sé borgið hagsmunum almennings, að allir eigi greiðan aðgang að fullkominni réttarvernd, og að úr ágreiningi manna sé skorið rösklega og með fullu réttlæti.

Það er vafalaust engin tilviljun, að allar Norðurlandaþjóðirnar hafa á síðustu árum lagt fram mikla vinnu og ærinn kostnað, til þess að koma nýrri og fullkomnari skipun á réttarfarsmálefni sín. Árangurinn af þessu starfi hefir mikill orðið. Danir og Norðmenn hafa fyrir fáum árum sett sér fullkomið kerfi nýrra réttarfarslaga, byggðu á kenningum ágætra fræðimanna í lagavísindum, reynslu, árangri og forgöngu annara menningarþjóða í álfunni (Þjóðverja, Englendinga, Frakka. Svisslendinga o. fl.) og þeirri lýðræðisþróun, er orðið hefir hin síðari ár, meðal þessara þjóða. Að baki þessarar norsku og dönsku löggjafar liggur geysistarf og rannsóknir. Svíar og Finnar hafa og um mörg undanfarandi ár haft starfandi nefndir, til þess að rannsaka og gera

tillögur um nýja og bætta réttarfarslöggjöf. Þessar nefndir þar í löndum hafa lokið störfum, og að þeirra tilhlutan hafa verið lögð fyrir þjóðþingin frumvörp að nýjum réttarfarslagakerfum, reistum á líkum grundvelli og dönsku og norsku réttarfarslögin. Innan skamms má því búazt við, að Norðurlöndin 4, Danmörk, Noregur. Svíþjóð og Finnland hafi öll fengið nýtt og fullkomið kerfi réttarfarslöggjafar.

En hér, eins og á mörgum öðrum sviðum, hefir Ísland orðið eftirbátur hinna Norðurlandaríkjanna. Enn þá eigum vér við að búa úrelt, ófullkomin og slitrótt réttarfarsákvæði. Öll íslenzk löggjöf um þetta efni er í molum, mikið á eftir tímanum og ófullkomin að flestu leyti. Þannig þurfum vér að leita að molum réttarfarsákvæða vorra, allt frá dögum Dönsku laga Kristjáns V. (1683) til allra síðustu stjórnartíðinda.

Það virðist því sannarlega ekki vonum fyr, að gerð sé gangskör að því, að breyta íslenzkri réttarfarslöggjöf, kerfa hana og færa til nútíma horfs. en slikt verk er meira en svo, að gert verði í skyndi, án verulegs undirbúnings og rannsókna. En hinsvegar er núverandi dómsmálastjórn það ljóst, að byrja þurfi nú þegar á þessum undirbúningi, með það fyrir augum, að hægt verði á næstu árum að ummynda íslenzka réttarfarslöggjöf í líkingu við það, sem gert hefir verið og gera á í nágrannalöndum vorum, þó með þeim hætti, að tekið sé fullt tillit til íslenzkra staðhátta og þjóðarlífs.

En þó ekki sé unnt í einu vetfangi að nýskapa alla réttarfarslöggjöf vora, ætti þó þegar að vera hægt að koma á nokkrum breytingum til bóta og betra öryggis íslenzkra réttarfarsmála. En til þess að sú breyting kæmi að sem mestu liði, sýnist eðlilegast og sjálfsagðast að snúið sé augum að æðsta dómastigi landsins, og lagt allt kapp á að koma því í það horf, að sem bezt sé borgið öryggi landsmanna í réttarfarsefnum. Þó að áfátt sé óæðri dómstólum landsins, réttargangur þar allur þunglamalegur, stirður og ófullkominn, væri þó mikið áunnið, ef takast mætti að búa svo um æðsta dómsstigið, að þar fengjust öruggir, greiðir og réttlátir úrskurðir mála. Gerði þá minna þó enn liði stuttur tími, þar til hægt væri einnig að endurbæta lægri dómstólana og allan gang mála í héraði, og ef til vill stofna fasta, fjölskipaða dómstóla með leikmönnum sem meðdómendum, eða kviðdóma, og koma á föstum millidómsstigum í fjórðungum landsins. Með þetta fyrir augum hefir því þótt rétt að byrja nú þegar á tilraunum til endurbóta og nýskapnaðar á æðsta dómstiginu.

Um stórt hundrað ár, eða frá 1800 til 1920 var yfirdómurinn í Reykjavík æðsti innlendi dómstóll. En æðsta dómstigið var þá samtímis í íslenzkum málum, hæstiréttur Dana í Kaupmannahöfn, og hafði þangað verið skotið íslenzkum málum til loka-úrlausnar, allt frá því að hæstiréttur Dana var stofnaður á síðara helmingi 17. aldar, þó fyrst fram eftir þyrfti til þess konungsleyfi í hvert skifti. Hæstiréttur Dana hafði þannig verið æðsti dómstóll íslenzkra mála í hálfa sjöundu öld, að frádregnum árunum 1805—15, þegar úrslitadómstóll í sakamálum starfaði hér á landi, sökum erfiðra samgangna á milli Íslands og Danmerkur. En þegar sambandslögin gengu í gildi, 1. des. 1918, neyttu Íslendingar þeirrar heimildar, er þar var gefin, og fluttu

æðsta dómstólinn inn í landið. Var honum nafn gefið, og að hætti ýmsra erlendra þjóða, nefndur hæstiréttur. Hann var stofnaður með lögum nr. 22, frá 6. okt. 1919. Um leið var yfirdómurinn lagður niður, þannig að dómstigin urðu aðeins tvö hér á landi, Hinn íslenzki hæstiréttur kom þannig í stað yfirdómsins. En sú breyting var þó um leið gerð, að dómarar voru um skeið 5 í stað 3. er verið höfðu í yfirdómnum, og málaflutningur gerður munnlegur fyrir hæstarétti, en verið hafði hann áður skriflegur við yfirdóminn. En þetta voru í raun og veru þær aðalbreytingar, sem urðu á íslenzku réttarfari við stofnun hæstaréttar. Æðsta dómstigið var flutt inn í landið og málaflutningur gerður munnlegur.

Það var eðlilegt, að sjálfstæðismetnaður íslenzku þjóðarinnar krefðist þess, að æðsti dómstóllinn væri í landinu sjálfu. Hitt var og án efa mikil framför, að tekinn var upp munnlegur málaflutningur, enda hefir sú aðferð, að dómi þeirra, er bezt mega til þekkja, dómara og málaflutningsmanna, yfirleitt reynzt mjög vel, auk þess sem það er spor í þá réttu átt, að almenningur í landinu eigi frekar kost á að fylgjast með málsmeðferðinni, þó enn vanti mikið á, að þess sé nægur kostur.

En ekki leið langur tími frá stofnun hæstaréttar, þar til háværar raddir fóru að heyrast, innan Alþingis og utan, um breytingu á þessum dómstól.

Árið 1921, eða tæpum tveim árum eftir að hæstiréttur tók til starfa, gaf Sigurður Þórðarson, fyrrum sýslumaður, út rit, er hann nefndi »Um hæstarétt«. Í riti þessi réðist höfundurinn allmikið á fyrirkomulag réttarins og lögin um hæstarétt. Komst hann meðal annars svo að orði, að eitt ákvæði laganna »sé aðeins óhugsað flaustursverk, eins og margt annað í lögunum«. Taldi hann einnig munnlegan málaflutning mjög varhugaverðan og sömuleiðis ákvæðin um dómaraskilyrðin og heiti réttarins »fremur danskt en íslenzkt«. Einnig áleit hann dóma hæstaréttar of stuttorða og varla eins fróðlega og vel samda sem dóma yfirréttarins, og nefnir dóma hæstaréttar »athugasemdir« við héraðsdóma. Þá taldi hann það og galla, að dómendur skyldu ekki sjálfir kjósa sér formann eða dómstjóra, í stað þess að dómstjóri var þá eftir hæstaréttarlögunum skipaður af konungi. Loks áleit hann verk dómsins vera of hulin almenningi og vildi jafnvel »lögbjóða að atkvæði hvers einstaks dómara skuli birt með dómunum«. Þannig voru athugasemdir eins hins elzta og reyndasta sýslumanns á landinu, um hæstarétt.

Á Alþingi 1922 komu fram þær breytingar á hæstaréttarlögunum, að dómendur skyldu hafa á hendi kennslu við lagadeild háskólans og koma alveg í stað lagakennaranna. Frumvarp þetta var þó fellt á þinginu, en sýndi þó hins vegar, að sumir þingmenn vildu þá þegar breyta skipulagi hæstaréttar. En á sama Alþingi var samþykkt þingsályktun um að skora á stjórnina að leggja fyrir Alþingi þær breytingar á hæstaréttarlögunum, að fækka dómendum úr 5 niður í 3, afnema hæstaréttarritaraembættið og lögbjóða skriflegan málaflutning fyrir hæstarétti.

Árið 1922 birtist í tímaritinu »Andvara« erindi, flutt af Lárusi H. Bjarnason, hæstaréttardómara, í Lögfræðinga- og hagfræðingafélagi Íslands, hinn 11. marz 1922, um dómaskipunina (»Andvari« XLVII., bls. 166—183).

Í erindi þessu hallaðist hæstaréttardómarinn að því, að heppilegt myndi að fækka dómendum niður í 3, og taka upp skriflegan málaflutning. Taldi hann það geta lækkað málaflutningslaunin, en »mundi gefa dómurunum kost ítarlegra og *vel vandaðra* dómsforsenda«. Einnig áleit hann »dómaskipuninni og réttargæzlu landsmanna yfirleitt ekki komið í öruggt horf, fyr en dómstigin eru orðin þrjú«, en af því taldi hann leiða »mjög aukna von um örugga og í alla staði *vandaða* úrlausn mála á *æðsta* dómstiginu«.

Af þessari ræðu hæstaréttardómarans má berlega sjá það, að hann taldi ekki einungis nauðsynlegt að breyta dómaskipuninni, heldur og skipulagi hæstaréttar.

Á Alþingi 1923 var síðan borið fram frumvarp til breytinga á hæstaréttarlögunum, í líkri mynd og gert var ráð fyrir í þingsályktuninni frá þinginu næst á undan. Frumvarpi þessu var vísað til stjórnarinnar. Nefndarálit allsherjarnefndar Efri deildar segir svo um skipun hæstaréttar: »Eru hugir manna býsna sundurleitir í þessu máli«. Mun þessi athugasemd nefndarinnar hafa verið sönn og að margir munu þá hafa viljað breyta skipulagi réttarins og dómaskipun landsins yfirleitt.

Á Alþingi 1924 bar ríkisstjórnin síðan fram frumvarp til laga um breytingu á hæstaréttarlögunum, um það að fækka dómendum niður í 3 og afnema hæstaréttarritara embættið. Frumvarp þetta var afgreitt frá þinginu sem lög nr. 37 frá 4. júní 1924, og var í þeim lögum um leið ákveðið, að dómendur kysu sér sjálfir forseta úr sínum hópi, rétturinn til að flytja mál skriflega rýmkaður, breyting gerð á almennu dómaraskilyrðunum og einstökum dómurum veittur réttur til þess að fá ágreiningsatriði sín birt í dómasafni réttarins ásamt dómunum.

Um breytingu þá, er gerð var á hæstarétti með lögum nr. 37 1924, ritaði dr. juris Björn Þórðarson, lögmaður í Reykjavík, grein í »Tímarit lögfræðinga og hagfræðinga«, er hann nefndi »Dómendafækkunin« (Tímarit lögfræðinga og hagfræðinga II. ár, II.—III. hefti, bls. 90—115). Taldi hann breytingu þá, er gerð var á réttinum, sérstaklega hvað dómendafækkunina snerti, vera hina háskasamlegustu og miða til þess að rýra réttaröryggið í landinu. Taldi hann nauðsynlegt, að úrslitadómstóllinn verði að vera »fimmtardómur«. En um leið lagði hann til, að yngstu dómendurnir 2 hefðu á hendi kennslu í lagadeildinni.

Eftir 1924 hafa einnig á Alþingi verið gerðar tilraunir til þess að breyta hæstaréttarlögunum að nýju, og þá aðallega til að færa til fyrra horfs um dómendafjölda, eða fjölga þeim upp í 5 að nýju. En þessar tilraunir hafa strandað. Í sambandi við það hafa allir starfandi málaflutningsmenn við hæstarétt sent þinginu áskorun um að fjölga dómendum.

Á síðari árum hefir nokkuð borið á því, bæði í umræðum á Alþingi og í blöðum, að gagnrýndir hafa verið dómar hæstaréttar. Hefir stundum virzt ósamræmis kenna milli einstakra dóma um svipuð sakarefni, og eins að rétturinn hafi skyndilega skift um dómvenju, án þess nokkur sérstök grein væri fyrir því gerð. Aðrir hafa ekki virzt finna neitt athugavert við dóma réttarins, og jafnvel talið það goðgá að gagnrýna þá. En vitanlega er það

fjarri öllum sanni, að óhæfilegt sé að gagnrýna dóma, hvaða réttar sem er. Engir eru óskeikulir og ekki heldur 3 dómarar, er sitja í hæstarétti. Og eðlilegt er, að menn láti í ljósi óánægju sína eða andúð, gegn dómum, er brjóta gegn réttartilfinning þeirra eða lagaskoðunum.

Það er alveg óhætt að fullyrða, að hæstiréttur hefir ekki undanfarin ár notið þess trausts, sem æskilegt væri. Og eins og rakið hefir verið hér að framan, hafa hvað eftir annað verið gerðar tilraunir til að breyta skipulagi réttarins, og margir óánægðir með það skipulag, sem nú gildir. Nægir því til stuðnings, að benda á öll þau frumvörp, sem borin hafa verið fram á Alþingi, til breytinga á hæstaréttarlögunum, gagnrýni Sigurðar sýslumanns Þórðarsonar, áskorun hæstaréttarmálaflutningsmanna til Alþingis, og gagnrýni þá, er berlega hefir komið fram í blöðum landsins og á Alþingi.

Af öllu þessu að dæma, sýnist það sízt að ósekju eða ástæðulausu, að gerð sé tilraun til þess að búa svo um æðsta dómstól landsins, að sem mest og bezt öryggi náist, og reynt sé að gera úrslitadómstigið þannig úr garði, að það geti notið sem óskoraðs trausts allra landsmanna. Og í þeim tilgangi er frumvarp þetta fram flutt.

Áður en vikið er sérstaklega að einstökum köflum og greinum frumvarpsins, þykir réttara að ræða lítið eitt um það atriði, að hér er lagt til að gerð sé alger nýmyndun á æðsta dómstiginu, í stað þess að velja þá leið, að breyta lögum þeim, er fyrir voru um hæstarétt.

Svo virðist, sem nokkuð standi hér líkt á, eins og þegar hæstiréttur var stofnaður. Þá var fyrir í landinu yfirdómur, sem vel hefði mátt ummynda og breyta í æðsta dómstig, með því að breyta lagaákvæðum þeim, sem giltu um yfirdóminn. Hefði þá mátt fjölga í yfirdóminum, breyta um nafn hans, ákveða að hann skyldi þar á eftir verða æðsta dómstig í íslenzkum málum, og fyrirskipa þar munnlegan málaflutning. En sú leið var ekki valin. Í stað þess var ákveðið að leggja yfirdóminn niður og stofna í stað hans nýjan dómstól, er nefnist hæstiréttur.

Svipuð leið hefir hér verið valin. Gert er ráð fyrir, að hæstiréttur leggist niður, en í hans stað komi nýtt æðsta dómstig, er nefnist fimtardómur. Ýms ákvæði eru tekin upp í þessi lög, sem ólík eru núgildandi reglum um hæstarétt, og má með sanni segja, að ekki verði minni breyting gerð á úrslitadómstólnum með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, heldur en breyting sú var, sem fólst í því, þegar hæstiréttur kom í stað yfirdómsins, um leið og dómsvald hæstaréttar Dana var úr lögum numið, hvað íslenzk mál snerti. Hefir því í alla staði þótt réttara og tilhlýðilegra að ákveða með frumvarpi þessu, að hæstarétt skuli leggja niður, er fimmtardómur tekur til starfa.

Skal því næst snúið að einstökum köflum og greinum frumvarps þessa, og þar gerð grein fyrir helztu og merkustu nýmælunum, er í frumvarpinu felast.

Um I. kafla.

Heiti æðsta dómstólsins.

Hér að framan er gerð grein fyrir því, hversvegna horfið var að því ráði að stofna nýjan dómstól, í stað þess að breyta löggjöfinni um hæstarétt. Þarf þá næst að athuga heiti það, er dómstólnum er gefið í frumvarpi þessu.

Eftir því sem íslenzk réttarfarslög ákveða frá því að æðsti dómstóllinn var fluttur inn í landið, eru dómstigin hér á landi aðeins tvö: *undirréttur* og *hæstiréttur*. Með þessu frumvarpi er ekki ætlunin að fjölga dómstigunum. Hér er því, enn sem fyr, aðeins að ræða um tvö dómstig, því vart er hægt að telja sáttanefnd sérstakt dómstig, þó henni séu í lögum nr. 32 frá 11. júlí 1911, gefið mjög takmarkað dómsvald í málum, þar sem sakarefnið fer ekki yfir 50 krónur. Þetta dómsvald sáttanefndanna hefir og verið sáralítið notað. Þegar af þeirri ástæðu stríðir það gegn lögmáli íslenzkrar tungu, að nefna annan dómstólinn af *tveimur hæstarétt*. Í riti Sigurðar sýslumanns Þórðarsonar — þess sem fyr um getur — »Um hæstarétt«, er þessu rangnefni æðsta dómstigsins réttilega lýst þannig:

> »Heitið er í sjálfu sér fremur danskt en íslenzkt, en orðið þó það gamalt í málinu, að enginn hneykslast á því, þegar það er haft þar sem það á við. En menn munu seint hætta að hneykslast á því, ef sagt er *hæstur* um annan af tveimur, í staðinn fyrir *hærri*«. (Um hæstarétt, bls. 40).

Þetta eitt út af fyrir sig réttlætir það fyllilega, að skipt sé um nafn á æðsta dómstiginu, um leið og gerð er á því gagngerð breyting. Í annan stað er það öllum vitanlegt, að á blómatímum hins íslenzka lýðveldis var æðsti dómstóllinn nefndur fimmtardómur. Þykir það því mjög vel við eiga, að á 1000 ára afmæli Alþingis og íslenzka ríkisins, sé tekið upp hið forna nafn á lokadómstiginu, og fornum minningum með því sýnd full ræktarsemi, um leið og íslenzkt lagamál er að þessu leyti hreinsað af hálf útlendu orði, er ekki samrýmist hinni ströngu og rökréttu hugsun íslenzks málfars. Auk þess er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir, að dómendur fimmtardóms séu í raun og veru 5, og að því leyti er einnig fullnægt þeim skilningi, er sumir menn leggja í orðið fimmtardómur, sbr. fyrnefnda ritgerð dr. Björns Þórðarsonar, um dómendafækkunina. Að lokum má búast við því, að síðar verði sett á stofn miðdómstig í fjórðungum landsins, er þá hefðu vel valin heiti, ef nefndir væru *fjórðungsdómar*, og væru þá komin heiti hinna fornu dómstólakerfa frá lýðveldistímunum.

Af þessu öllu athuguðu, þykir bæði rétt og sjálfsagt, að lögfesta heitið fimmtardómur á lokadómstigi Íslands.

Um 1. gr.

Hér að framan er gerð grein fyrir heiti dómsins, og þarf því ekki frekar á það að minnast hér. En sú nýbreytni er upptekin, að lögbjóða erlent

heiti á dómstigi þessu, sem í samræmi eru við heiti æðstu dómstóla yfirleitt á erlendum málum. Er það bæði gert vegna þess, að örðugt yrði að snúa nafninu fimmtardómur á erlend mál, þannig að skiljanlegt væri, og einnig til þess, að heiti dómstólsins beri það með sér erlendis, að um æðsta dómstig landsins sé að ræða.

Um 2. gr.

Hér er sagt, að hæstarétt skuli leggja niður um leið og fimmtardómur sé stofnaður. Er áður, hér í greinargerðinni, skýrt frá hversvegna sú leið var valin. Grein þessi er og hliðstæð 2. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 3. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 3. gr. hæstaréttarlaganna, og þarf ekki frekari skýringa við.

Um II. kafla.

Í kafla þessum eru fyrirmæli um skipun fimmtardóms. Er þar um nokkur nýmæli að ræða og verður gerð grein fyrir þeim, um leið og drepið er á einstakar greinir kaflans.

Um 4. gr.

Um skipun fimmtardóms.

Hér er það lagt til, að fimmtardóm skipi 3 aðaldómendur og 2 aukadómendur. Er þar með ætlast til, að dómstóllinn sé misjafnlega fjölskipaður, og starfi með tvennum hætti. Er það áþekkt þeirri skipan, er víða gildir erlendis um æðstu dómstigin, þar sem þau starfa í deildum, eins og t. d. á öllum Norðurlöndum. Þá er og einnig svipuð fyrirmæli að finna í réttarfarslöggjöf Norðmanna (lov om domstolene, frá 13. ágúst 1915, 5. gr.), þar sem gert er ráð fyrir, að vanalega dæmi 7 dómendur í æðsta dómstólnum, einstök mál, en að forseti réttarins geti ákveðið, að einum dómara sé bætt við málsmeðferðina í margbreyttum málum.

Hér er gert ráð fyrir, að fimmtardómur sé skipaður 5 mönnum. Er þar að mestu leyti fullnægt kröfum margra íslenzkra fræðimanna, um fjölgun í æðsta dómstólnum. Hafa að þeim kröfum staðið bæði dómendur og málaflutningsmenn, og er í almennu greinargerðinni hér að framan nokkuð drepið á þær kröfur. Er og auðsætt, að réttaröryggi landsmanna er betur borgið með þeim hætti, og þykir því ekki mega horfa í þann aukakostnað, er af því leiðir.

Aukadómendurnir eiga að vera 2 af kennurum lagadeildar. Er með því móti nokkuð dregið úr kostnaðinum við dómendafjölgunina. Auk þess er á það að líta, að í litlu þjóðfélagi, eins og voru, gæti orðið örðugt að fá 5 úrvals lagamenn til þess að skipa dómstólinn, ef ekki væri unnt að njóta kennara lagadeildar til þeirra starfa, að nokkru leyti samtímis, en hinsvegar

má gera ráð fyrir, að í þær kennarastöður veljist aðeins góðir og lærðir lögfræðingar, með fullkominni þekkingu á íslenzkum lögum. Það hefir og áður verið bent á svipaða leið, bæði með frumvarpi, sem flutt var á Alþingi 1922 og einnig í áðurnefndri grein dr. Björns Þórðarsonar, um dómendafækkunina.

Þó að aukadómurunum sé ætlað að hafa umboðsstörf með höndum, með dómarastarfinu, er það lítill munur frá því sem nú er, þar sem varadómararnir (lagakennararnir) gegna umboðsstörfum sem aðalstarfi. Það hefir og orðið þannig í reyndinni, að einn af kennurum lagadeildar átti sæti um langt skeið samfelt sem dómari í hæstarétti.

Rétt hefir þótt að æðsta framkvæmdavaldið skipi aðaldómendur réttarins. Þessari reglu um skipun dómenda, er yfirleitt fylgt í flestum löndum Evrópu. Þó eru þar nokkrar undantekningar. Í Eistlandi eru dómendur í æðsta dómstólinn kosnir af þjóðþinginu. Í sumum kantónunum í Sviss eru dómarar einnig kosnir, og sumstaðar þar að eins til 8 ára í senn. Mjög lík ákvæði gilda í Bandaríkjunum. Undirdómarar í Svíþjóð eru einnig kosnir af öllum atkvæðisbærum mönnum. Í Þýzkalandi komu og mjög til umræðu, árið 1919, að lögleiða kosningu dómara. En horfið var frá því ráði. Dómar manna hafa verið talsvert skiftir um ágæti þess skipulags, að kjósa dómara, annaðhvort af þingum eða kjósendum. Og ekki þykir ástæða til að hverfa að því skipulagi, að minnsta kosti hvað dómendur í fimmtardóm snertir. Sjálfstæði dómsins ætti að vera vel borgið með því, að dómendur eru valdir af æðsta umboðsvaldiuu, þegar þess er gætt, að eigi er unnt að víkja dómendum frá embætti, nema að undangengnum dómsúrskurði, og að dómaraembættin eru veitt til ákveðins hámarksaldurs.

Um 5. gr.

Í framhaldi af næstu grein á undan, og samkvæmt þessari grein, er gert ráð fyrir, að þegar að fimmtardómur dæmi mál, sé hann ýmist skipaður 3 eða 5 dómendum, þó aldrei færri en 3.

Eftir reynslu undanfarinna ára, er mörgum smámálum áfrýjað til hæstaréttar. Kemur það vafalaust að nokkru leyti af því, að hér á landi er ekki um neitt miðstig að ræða. Sum þessara mála, bæði opinber mál og einkamál, eru oft næsta óbrotin og hvorki margbreytt né flókin. Má þar af opinberum málum einkum nefna ýms mál út af brotum á áfengislöggjöfinni, bifreiðalögunum o. fl. Sökunautur, sem er óánægður með dómsniðurstöðu undirréttar, getur alltaf krafizt áfrýjunar. Af þessu leiðir, að mörg óbrotin mál og fremur vandalaus til úrlausnar, koma nú til hæstaréttar, og hið sama myndi gilda um fimmtardóm. Sýnist ekki vera nein sérstök ástæða til þess, að 5 menn þurfi að dæma í slíkum málum, en að búast megi við viðunanlegri, réttlátri og öruggri niðurstöðu, þó að ekki sitji æðsta dómstigið nema 3 menn, þegar svo er háttað sakarefninu. Og það virðist ekki fjarri lagi, eftir reynslu undanfarinna ára, að um helmingur allra þeirra mála, sem áfrýjað er, þar með talin bæði opinber- og einkamál, séu svo einföld og óbrotin, að nægileg trygging fyrir réttlátum dómi fáist með því, að 3 menn dæmi í þessum málum í lokadómstiginu.

Með því skipulagi, sem hér er lagt til, ávinnst það, að 5 dómendur dæma í öllum umfangsmiklum og margbrotnum málum, en hins vegar ætti að vera auðið fyrir kennara lagadeildar, að taka þátt í meðferð þeirra mála, þar sem gera má ráð fyrir, að þau yrðu ekki svo ýkjamörg. Aftur á móti verður með þessum hætti komizt hjá því, að hafa 5 fasta dómara (aðaldómara) og þannig hægt að spara nokkuð fé, þó að fullnægt sé kröfum þeirra manna, er telja nauðsynlegt að 5 menn dæmi um öll vandasöm og umfangsmikil mál í lokadómstiginu. Er með þessu gerð tilraun til að bæta og öryggja æðsta dómstigið, þó án þess að lagt sé í nýjan geysikostnað.

Matið á því, hvort um óbrotin eða umfangsmikil mál sé að ræða, er í grein þessari lagt í hendur aðaldómenda. Sýnist það mat hvergi vera betur komið, og mætti ætla, að aðaldómararnir gættu þess vel, að ætíð sætu 5 menn í fimmtardómi, þegar um vandasöm mál væri að ræða.

Að öðru leyti sýnist ekki ástæða til að skýra grein þessa meira né efni hennar.

Um 6. gr.

Hér eru fyrirmæli um það, hvernig velja skuli aukadómara úr hópi lagakennara. Er þar fylgt svipuðum reglum og þeim, sem gilt hafa um kvaðningu varadómara til hæstaréttar. Það er lagt á vald kennara lagadeildarinnar, hvort þeir velji aukadómara til eins ákveðins máls í senn, eða um tiltekið tímabil.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að varadómarar verði valdir úr hópi lagakennara, þegar það er hægt vegna aukadómarastarfs þeirra. Er það í samræmi við núgildandi ákvæði hæstaréttarlaganna. En séu lagakennarar ekki til taks sem varadómarar, annaðhvort vegna þess, að þeir sitji í réttinum sem aukadómarar, eða geti ekki tekið þátt í meðferð máls sem varadómarar, af öðrum ástæðum, t. d. vegna veikinda, eða afstöðu sinnsr til sakarefnis eða aðilja, þá á dómsmálaráðherra að skipa varadómara til bráðabirgða, og er ætlast til þess, að það sé aðeins til eins tiltekins máls í senn. Virðist ekki önnur leið betur fallin til útnefningu varadómara, en tæplega hægt að binda varadómarastarfið við önnur ákveðin lagaembætti, fram yfir það, sem gert er með lagakennarana.

Um 8. gr.

Hér eru ákvæði sett um það, hvaða skilyrðum aðaldómarar í fimmtardómi skuli fullnægja, auk almennra dómaraskilyrða. Eru þessi fyrirmæli samhljóða ákvæðum 6. gr. hæstaréttarlaganna, að öðru leyti en því, er nú skal greina:

a. Hámark aldurs er sett 60 ár:

Er það sett sökum þess, að enn þá vantar heildarákvæði um aldurshámark embættismanna hér á landi, en slík ákvæði er að finna í lögum margra nágrannaríkjanna. En hinsvegar þykir nauðsyn bera til þess að fyrirbyggja, að ekki geti menn setið í réttinum, sem komnir eru að fótum fram vegna aldurs, og þess vegna óhæfir til dómarastarfa. Að vísu gæti leikið vafi á því, hvort setja ætti hámarkið 60 eða 65 ár, en að athuguðum öllum aðstæðum, þótti réttara að velja lægri aldurinn. Er það

einkum gert vegna þess, að í íslenzku þjóðlífi og atvinnuháttum eiga sér stað geysimiklar breytingar, er gera það að verkum, að aldurhnignir menn eiga örðugt að fylgjast með, þar sem þeir í dómarasætum sínum eru tiltölulega fjarri öllu verzlunar- og viðskiftalífi. Einnig ætti með þessu aldurshámarki að fást trygging fyrir því, að enginn dómaranna sé vegna of hás aldurs, lítt hæfur til dómsstarfa. Eins og það er nauðsynlegt, að dómarar í æðsta dómstiginu séu þroskaðir og reyndir menn, eins er það eigi síður nauðsynlegt, að gáfur þeirra og minni sé eigi farið að bila eða bresta, fyrir aldurs sakir. Þeir menn einir eiga, að réttu lagi, að sitja í æðsta dómstólnum, sem eru á bezta aldri, hvorki of ungir né of gamlir. Að vísu er örðugt að setja um þetta algilda reglu, vegna þess, hvað menn eldast misjafnlega, en þó þykir réttara að hafa fyrirmælin á þá lund, að öruggt sé að hvorki of ungir né gamlir menn sitji í réttinum.

Sú undantekning er þó gerð í grein þessari, að þeir dómarar, er nú sitja hæstarétt, séu undanþegnir þessu ákvæði. En þá undantekningu þykir þó ekki fært að láta ná nema til 65 ára aldurs.

b. Fellt er niður ákvæði 4. töluliðs 6. gr. hæstaréttarlaganna, sem fyrirskipar einskonar próf nýrra dómara. Þykir engin ástæða til þess, að halda þessu ákvæði, heldur láta veitingavaldið skilyrðislaust vera í höndum æðsta framkvæmdavaldsins (konungs). Er það einnig í samræmi við skipulag flestra æðstu dómsstiganna í nágrannalöndunum.

c. Heimild er gefin til þess, að víkja frá því skilyrði, að dómarar skuli hafa I. einkunn, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Er ætlast til þess, að það verði yfirleitt aðalreglan, að þeir einir geti orðið aðaldómarar í fimmtardómi, sem fengið hafa I. einkunn við lögfræðispróf. En reynslan sýnir það, að prófið er ekki algildur mælikvarði á þekkingu manna né gáfur. Og til eru þeir lögfræðingar hér á landi, er með miklum sóma hafa setið í virðingar- og trúnaðarstöðum, er lögfræðispróf þarf til, án þess að hafa haft I. einkunn. En gera má ráð fyrir, að ekki þurfi mikið að nota þessa undantekningu, þó réttara þyki að lögleyfa hana.

d. Nokkur breyting er gerð frá hæstaréttarlögunum, á röð þeirra starfa, sem talin eru að undirbúa eigi dómendur til dómstarfanna. Málflutningsstarfinn er settur framar í röðinni en áður var, með það fyrir augum, að það sé einna beztur undirbúningur undir dómarastörf. Er þar farið eftir reynslu Breta, er hiklaust telja málaflutningsstörf einna bezt til þess fallin að ala upp góða og gegna dómara. Er hér hallast að reynslu þessarar öndvegisþjóðar í réttarfarsmálunum, en hinsvegar gert ráð fyrir, að síður verði fylgt fordæmi Þjóðverja, Dana, Svía o. fl., sem telja hyggilegast að velja þá menn í æðstu dómstigin, sem fengist hafa áður við dómarastörf í óæðri réttum. Það má hiklaust ganga út frá því, að þeir menn, sem lengi og vel hafa gegnt málaflutningsstörfum við hæstarétt eða fimmtardóm, séu yfirleitt betur undir það búnir að vera dómarar í æðsta dómstólnum, heldur en þeir menn, sem verið hafa undirdómarar í umdæmum landsins, að Reykjavík undantekinni, eða skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. En vit-

anlega hefir veitingavaldið óbundnar hendur með þetta, þó réttara hafi þótt að benda á þetta atriði hér.

Um 9. og 10. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 7. og 8. gr. hæstaréttarlaganna, og þarfnast ekki skýringa.

Um III. kafla.

Í kafla þessum er svo ákveðið, að fimmtardómsritarastarfið skuli vera sérstakt embætti. Þykir rétt að færa það atriði til þess horfs, er var í lögum 22/1919, áður en þeim var breytt með lögum 37/1924, og hafa um starf þetta sérstakan kafla í lögunum.

Um 11. gr.

Sjálfsagt þykir að fimmtardómsritari sé skipaður af konungi, og fullnægi almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi.

Um 12. og 13. gr.

Greinar þessar eru að mestu leyti samhljóða 10. og 11. gr. hæstaréttarlaganna 22/1919, að öðru leyti en því, sem leiðir af síðari ákvæðum frumvarps þessa um bókun ágreiningsatkvæða. Rétt þótti að setja það ákvæði í niðurlag 13. gr., að dómsmálaráðherra væri heimilt að setja nánari reglur um bókhald fimmtardóms, og fyrirskipa að bætt væri við nýjum bókum, ef þurfa þætti, eftir tillögum fimmtardóms.

Um IV. kafla.

Þessi kafli hefir að geyma ákvæði um launakjör starfsmanna við fimmtardóm, og er hér um nýmæli að ræða.

Um 14. gr.

Sjálfsagt þykir, að launa aðaldómara fimmtardóms þannig, að bæði sé unnt að fá til embættanna hina hæfustu starfskrafta og auk þess séð fyrir því, að dómendurnir geti orðið efnalega sjálfstæðir, enda er þeim ekki ætlað að hafa önnur launuð störf með höndum. Auk þess má gera ráð fyrir, að dómendur fari utan, helzt ekki sjaldnar en þriðja hvert ár, til þess að kynna sér nýjungar í lagavísindum, dómaskipun og málameðferð hjá nágrannaríkjunum, og ætti sumarleyfið að nægja til þess. Rétt þykir að forseti réttarins hafi, auk föstu launanna, sérstaka þóknun.

Með því að ekki verður sagt með vissu um störf aukadómaranna, þykir ekki fært að ákveða þeim föst laun í lögunum, en að aðaldómendur hafi bezt skilyrði til þess að ákveða þóknun þeirra hæfilega.

Þar sem fimmtardómsritarastarfið er gert að sérstöku embætti, virðist

sjálfsagt að launa það sæmilega, miðað við launakjör íslenzkra embættismanna yfirleitt.

Um V. kafla.

Réttara þótti að setja sérstakan kafla um það, í frumvarp þetta, hvar fimmtardóm skuli halda og um þingleyfi. Áður hafa verið sérstök ákvæði um þingleyfi hæstaréttar í auglýsing nr. 4 frá 5. jan. 1920, sem þá verður numin úr gildi.

Um 15. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að fimmtardóm skuli að jafnaði halda í Reykjavík, en þó megi víkja frá því, ef dómendur ákveða svo og dómsmálaráðherra samþykkir.

Þó að gera megi ráð fyrir, að sjaldan verði dómþing haldið utan Reykjavíkur, þótti þó réttara að veita svigrúm til þessarar undanþágu, ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi. Svipuð ákvæði er að finna í réttarfarslöggjöf Norðmanna og víðar.

Um 16. gr.

Aðalþingleyfi fimmtardóms er nokkuð stytt frá því sem áður gilti um hæstarétt. Sýnist nægilegt, að leyfið sé að minnsta kosti 7 vikur, í stað þess að áður hefir það verið 11 vikur eða jafnvel lengra. Eftir réttarfarslöggjöf Norðmanna er aðalþingleyfi æðsta dómstólsins aðeins 6 vikur.

Þó að réttarleyfi séu þannig lögbundin, er þó í grein þessari gefið svigrúm til þess að lengja leyfi, þó sérstaklega með það fyrir augum, ef um utanfarir dómara væri að ræða, og þá því aðeins að eigi biðu mál, er þyrftu skjótrar úrlausnar.

Að öðru leyti þarf grein þessi ekki nánari skýringar.

Um VI. kafla.

Fyrri hluti kafla þessa er að mestu leyti samhljóða samnefndum kafla hæstaráttarlaganna en síðari hluti hans hefir að geyma nýmæli um lögbundin félagsskap málaflutningsmanna við fimmtardóm. Verður nýmæla þessara nánar getið í skýringunum hér á eftir við sérstakar greinar.

Um 17. gr.

Grein þessi er að flestu leyti samhljóða 13. gr. hæstaréttarlaganna. Þó er það ekki sett sem skilyrði fyrir rétti til að flytja mál fyrir fimmtardómi, að málaflutningsmaður hafi lokið lagaprófi með I. einkunn. Vegna þess að hver málaflutningsmaður á að þreyta raun fyrir réttinum, með flutningi 4 mála, áður en hann fái réttindin, þá þykir engin ástæða til að setja þannig skilyrði um ákveðna embættisprófseinkunn. Má óhætt gera ráð fyrir, að þeir einir

standist þessa raun, sem færir séu um að annast málaflutning fyrir fimmtardómi. Auk þess má benda á, að nokkrir þeirra manna, sem nú hafa rétt til málaflutnings fyrir hæstarétti, hafa eigi lokið lögfræðisprófi með I. einkunn.

Aðrar skýringar þykir eigi þurfa að gefa á grein þessari.

Um 18., 19., 20., 21., 22.. 23. og 24. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 14., 15., 16., 17., 18., 19. og 20. gr. hæstaréttarlaganna. Þó er þar nýmæli í 24. gr., að láti málaflutningsmaður við fimmtardóm af starfi sínu við réttinn, þá skuli hann afhenda leyfi sitt til málaflutnings, til dómsmálaráðuneytisins, og að leyfið skuli þar geymt, þar til málaflutningsmaðurinn tekur að nýju upp starfa sinn við réttinn. Einnig er það nýmæli í 21. gr., að fimmtardómur skuli taka tillit til óska dómsmálaráðherra um skipun sækjanda í opinberum málum, ef ekkert sérstakt mælir því gegn. Þykir eðlilegt, að æðsta umboðsvaldinu, á sviði dómsmála, sé veittur þessi réttur til íhlutunar um sækjanda í opinberum málum.

Um aðrar verulegar breytingar og nýmæli er ekki að ræða í greinum þessum, og því ekki ástæða til nánari skýringa.

Um 25. gr.

Lögbundin félagssamtök málaflutningsmanna.

Hér er lagt til, að það nýmæli verði lögfest, að málaflutningsmenn við fimmtardóm skulu skyldir til þess að bindast félagssamtökum, er hafi með höndum eftirlit á framferði og störfum málaflutningsmannanna. En þó hér sé um nýjung að ræða í íslenzkri réttarfarslöggjöf, þá eru samsvarandi eða svipuð ákvæði að finna í löggjöf margra Evrópuríkja. Enskir málaflutningsmenn (barriisters) eru í 4 aðalfélögum, og er skylda hvers málaflutningsmanns að vera í einhverju þessara félaga. Hvert félag hefir stjórn, sem nefnd er benchers. Þessi stjórn hefir eftirlit með framferði málaflutningsmanna og ákveður refsingar fyrir afglöp og skyldubrot. Úrskurði félagsstjórnar má skjóta til dómsmálaráðherra eða yfirdóms (High Court).

Málaflutningsmenn (avocats) á Frakklandi eru skyldir að bindast félagssamtökum (barreaux). Stjórn þessa félags (consæil de discipline) lítur eftir félagsmönnum og hefir vald til refsinga, aðvörunar, starfssviftingar um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Urskurði stjórnanna má skjóta til yfirdóms (court de appel). Enginn maður í Frakkland má fást við málaflutningsatvinnu án þess að taka þátt í þessum félagsskap.

Svipuð ákvæði gilda í Þýzkalandi. Allir málaflutningsmenn eru í félagsskap. Stjórn (Vorstand) félaganna hefir með höndum eftirlit á starfsemi félagsmanna og ákveður viðurlög.

Í réttarfarslöggjöf Dana (Retsplejeloven frá 11. apríl 1916), er sérstakur kafli um félag málaflutningsmanna og stjórn þeirra. Allir málaflutningsmenn verða að vera í félagi (Sagförersamfund). Stjórn þess félags (Sagförerraad) hefir eftirlit og vald til refsinga.

Norðmenn hafa aftur á móti ekki tekið upp þetta skipulag á réttarfarslöggjöf sinni. Í refsilögum Norðmanna eru ákvæði um refsingar fyrir skyldubrot sýslumanna, og falla málaflutningsmenn þar undir, ef þeir gera sig seka um refsiverða verknaði í starfsemi sinni.

Í Svíþjóð og Finnlandi eru félagssamtök málaflutningsmanna í eftirlitsaugnamiði ekki lögboðin. En í frumvörpum þeim til nýrra réttarfarslaga, er nefndir í báðum þessum ríkjum hafa nú skilað, er ráð fyrir gert, að lögbjóða öllum málaflutningsmönnum þar í löndum, að mynda félagsskap sín á meðal, með það fyrir augum, að stjórnir þessara félaga hafi með höndum eftirlit og refsivald.

Af reynslu þeirri, er fengist hefir í þeim ríkjum, sem lögboðið hafa félagssamtök málaflutningsmanna í þessu skyni, má óhætt ráða það, að þetta skipulag hafi leitt af sér mikið gagn fyrir alla starfsemi málaflutningsmanna. Þykir því rétt að hverfa að þessu ráði hér á landi, hvað snertir málaflutningsmenn við fimmtardóm, um leið og sett eru ný ákvæði um æðsta dómstigið. Ef að fljótlega koma heildarlög um íslenzk réttarfarsmálefni, má gera ráð fyrir að félag (eða félög) þetta nái þá einnig til málaflutningsmanna við undirrétti og miðdómstig, ef það verður upptekið. Hinsvegar þykir ekki verða hjá því komist, að setja hér einhver ákvæði um eftirlit með starfsemi málaflutningsmanna, en hingað til hefir það verið lítið eða ekkert hér á landi. Og þótti þá réttast að velja það skipulag, sem góð reynsla er fengin fyrir víða erlendis, því vart er ráð fyrir því gerandi, að aðstaða sé hér svo ólík, að það megi ekki að góðum notum koma.

Gert er ráð fyrir, að stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm, sé skipuð 3 mönnum, og að allir málaflutningsmenn við fimmtardóm séu skyldir að vera í félagi þessu. Félagið setur sér sjálft reglur, í samræmi við fyrirmæli laganna, en reglurnar eru staðfestar af dómsmálaráðherra.

Um 26. gr.

Hér er svo fyrir mælt, að stjórn félagsins skuli hafa eftirlit með starfsemi málaflutningsmanna, og rétt til að ákveða þóknun þeirra, ef það er undir hana borið.

Um 27. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um vald félagsstjórnar til að ákveða refsingar. Er gert ráð fyrir að refsingar geti verið, auk áminninga, sektir alt að 300 kr., bann gegn því að flytja tiltekin mál, brottrekstur úr félaginu (og þar með leyfissvifting til málaflutnings), annaðhvort um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Að sjálfsögðu er þeim málaflutningsmanni, sem fyrir sök er hafður, gefið færi á að verja sig, og einnig veittur réttur til þess að áfrýja refsiúrskurði félagsstjórnar til dómsmálaráðherra. Er áfrýjun þessi með svipuðum hætti og tíðkast í Bretlandi. Ætti það að veita næga tryggingu fyrir því, að einstakir málaflutningsmenn væru ekki órétti beittir.

Loks er gert ráð fyrir því í grein þessari, að félagið sé háð eftirliti dómsmálaráðherra, enda fái hann árlega skýrslu um starfsemi þess. Á einnig

að felast í þessu ákvæði trygging um það, að einstakir meðlimir verði ekki misrétti beittir né að hylmað sé yfir afbrotin í skyldustörfum.

Um VII. kafla, 28. og 29. gr.

Þessi kafli og greinar eru samhljóða 21. og 22. gr. hæstaréttarlaganna og þurfa því eigi skýringar við.

Um VI I. kafla.

Þessi kafli segir til um það, hvaða mál megi bera undir fimmtardóm, og er að efni til næstum eins og V. kafli hæstaréttarlaganna.

Um 30., 31., 32., 33., 34., 35., 36., 37., 38., 39. og 40. gr.

Allar þessar greinar eru samhljóða, eftir því sem við á, 23., 24., 26., 27., 28., 29., 30., 31., 32. og 33. gr. hæstaréttarlaganna. Þótti engin ástæða til, að breyta V. kafla hæstaréttarlaganna, né setja nýjar reglur, þar sem ákvæði þau, er gilt hafa, virðast að flestu leyti heppileg, á meðan að ekki er nema um tvö dómstig að ræða hér á landi. Sérstaklega skal það fram tekið, að ekki sýnast gild rök mæla með því, að breyta áfrýjunarupphæðinni fyrst um sinn. Það myndi vafalaust koma til athugunar, ef sett væri á stofn miðdómsstig, því þá mætti sennilega hækka áfrýjunarupphæðina. Af tilefni 53. gr. skal þess getið, að ætlast er til, að framkvæmdavaldið (dómsmálaráðherra) meti það hverju sinni, hvort ástæða sé til að veita leyfi til áfrýjunar, eftir að eitt ár er liðið frá dómsuppsögu, og að varlega beri að nota þá heimild.

Um IX. kafla.

Kafli þessi er að mestu leyti óbreyttur frá fyrri hluta VI. kafla hæstaréttarlaganna. Þótti þar ekki ástæða til sérstakra nýmæla.

Um 41., 42., 43., 44., 45., 46., 47., 48., 49. og 50. gr.

Þessar greinar eru að efni til samhljóða 34, 35., 36., 38., 39., 40., 41., 42. og 43. gr. hæstaréttarlaganna. Þó er það tekið fram í síðustu málsgrein 31. gr., sem eigi var áður í hæstaréttarlögunum, að fresti þá, sem ræðir um í greininni, megi stytta með samkomulagi dómara og málflytjanda. Þótti réttara að veita þetta svigrúm. Einnig er í 2. lið 32. gr. fyrirmæli, er nokkuð þrengja undanþágurnar um skriflegan málaflutning, frá því sem var í lögum 37/1924, og fært í svipað form eins og það, er gilti að óbreyttum lögum 22/1919.

Að öðru leyti virðast greinar þessar ekki þurfa skýringar við, þar eð hér er um sömu ákvæði að ræða, eða svipuð því, er áður giltu um hæstarétt.

Um X. kafla.

Opinber atkvæðagreiðsla.

Í þessum kafla er að ræða um merkasta nýmæli frumvarps þessa, sem er hin svonefnda *opinbera atkvæðagreiðsla* um dóma og úrskurði.

Eins og kunnugt er, fer ráðagerð og atkvæðagreiðsla um niðurstöðu mála í hæstarétti ekki opinberlega fram. Dómarar gera út um þetta sín á milli, án þess að nokkrir aðrir en dómendur séu viðstaddir. Hvorki málflytjendur, né aðrir utan dómsins, vita annað en það, sem síðar kemur fram í hinum skrifaða dómi í dómabókinni. Að vísu heimiluðu lög 47/1924 hverjum dómara að fá ágreiningsatkvæði sitt birt í dómasafninu ásamt dóminum. En hingað til hefir þessi heimild aðeins verið notuð einu sinni. Það má því svo að orði komast, að allir aðrir en dómarar hæstaréttar séu alls ófróðir um það, hvernig niðurstaða dóms verður í hæstarétti, hvort þar hafi verið um ágreining að ræða, og þá, í hverju hann hafi verið fólginn og með hverju rökstuddur.

En hér er lagt til, að gjörbreyta þessu skipulagi, og ákveða, að ráðagerðir og atkvæðagreiðsla fimmtardóms, um dóma eða úrskurði, skuli munnlegar vera og í heyranda hljóði. Hver dómari á þá með nokkrum orðum að gera grein fyrir niðurstöðu sinni og ástæðum fyrir henni. Öllum á að vera heimilt að hlusta á ráðagerðirnar og atkvæðagreiðslurnar, á sama hátt og munnlegan málaflutning.

Fyr á tímum hvíldi algerð leynd yfir allri meðferð mála fyrir dómstólunum. Af því spratt hin mesta tortryggni, og rýrði álit dómstólanna. Með skriflegum málaflutningi er og öllum almenningi dulin meðferð mála. Menn eiga þá almennt ekki kost á að fylgjast með rökum þeim, sem færð eru með og móti í flutningi málanna. Úr þessu var bætt, hvað lokadómstigið íslenzka snerti, þegar tekinn var munnlegur málaflutningur með stofnun hæstaréttar. Þessi opinberi, munnlegi málaflutningur hefir gefizt vel. En það hefir á vantað, að úrslit málanna væru rædd opinberlega og í heyranda hljóði af dómurunum. En nú er lagt til, að horfið verði að því ráði.

Fyrst og fremst hefir hin opinbera atkvæðagreiðsla það í för með sér, að allur almenningur á kost á því, að vita um rök hvers einstaks dómara og álit hans. Í öðru lagi gefst mönnum tækifæri til þess, að meta þessi rök og gera upp á milli þeirra. Þetta er og aðhald fyrir dómarana, er þeir vita, að rök og atkvæði hvers um sig eru vegin og metin opinberlega. Þetta skipulag ætti því að auka áhuga almennings á dómstörfum, um leið og það væri aðhald fyrir dómarana og yki þannig á réttaráhuga og réttaröryggi. Eru hvorutveggja mikill kostur.

Opinber atkvæðagreiðsla, í æðstu dómstigum ríkjanna, er hvergi nærri almenn. Þó bendir margt til þess, að í þá átt stefni. Í Danmörku hefir því verið hreyft mjög ákveðið, að taka upp opinbera atkvæðagreiðslu í hæstarétti. En af því hefir þó ekki orðið til þessa. Aftur á móti hafa Norðmenn

lögfest þetta skipulag í réttarfarslöggjöf sinni (Lov om rettergangsmaaten for tvistemaal). Þegar tillögur um þetta voru á döfinni í Noregi, voru þær lagðar fyrir dómarafélagið í Oslo, en allir félagsmenn, að einum undanteknum (núverandi hæstaréttardómara K. F. Dahl), lögðu á móti því, að opinber atkvæðagreiðsla væri lögfest. En samt sem áður samþykkti norska Þjóðþingið þetta og lögfesti opinbera atkvæðagreiðslu. En nú er svo komið, eftir að opinber atkvæðagreiðsla hefir verið reynd um skeið í Noregi, að allflestir þar í landi, þar á meðal dómarar og málaflutningsmenn, telja opinberu atkvæðagreiðsluna eitthvert heillavænlegasta sporið, sem stigið hafi verið í norskum réttarfarsmálum. Og um þetta efni hefir ritað einn af merkustu málaflutningsmönnum Norðmanna, *Ferdinant Schelderup,* í »Tidskrift for Retsvidenskap«, og endar hann ritgerð sína með þessum orðum:

»Hæstiréttur Noregs er ekki frekar óskeikull en aðrar mannlegar stofnanir, en vegna frjálslyndis síns, sjálfstæðis og alhliða reynslu, veit hann, af því að hann þekkir hvert mál *til hlítar,* hvar sanngirni á að sitja í fyrirrúmi fyrir strangleika laganna, og getur með því móti aukið og eflt réttarmeðvitundina. Það er einmitt þetta, sem með hinni opinberu atkvæðagreiðslu hefir skapað álit og áhrif hæstaréttar á landi voru, og með þessu gert æðsta dómstól vorn að öruggri vörn hvers norsks borgara, gegn órétti, og er trygging fyrir því, að land vort skuli ætíð með lögum byggjast, hvort heldur það verður með núverandi þjóðskipulagi, eða skipulagi jafnaðarstefnunnar«.

(Norges höjestret er likessaalitt ufeilbar som nogen anden menneskelig institution, men i kraft av sin fordomsfrihet, uavhængighet og alsidige erfaring vet den, fordi den kjender hver sak *tilbunds,* hvor billighet bör gaa foran den strenge jus og kan dermed sikre fremskridtet i retslivet. Det er altsaa dette som — gjennem den offentlige votering — har skapt Höjesterets anseelse og indflydelse i vor land og dermed gjort denne vor förste domstol til hver norsk borgers sikre vern mot uret og en garanti for at vort land altid skal med lov bygges, hvadenten det blir paa det bestaaende eller paa et socialistisk grund«. — Tidskrift for Retsvidenskap, Ny række V 1926, bls. 338).

Hér er því lagt til, að lögfesta hið merkasta nýmæli, sem auka ætti álit og þroska æðsta dómstigsins, og þar með efla réttaröryggið í landinu.

Skal nú vikið að einstökum greinum þessa kafla.

Um 51. gr.

Grein þessi er að mestu leyti samhljóða 44. gr. hæstaréttarlaganna, og þarfnast ekki útskýringa.

Um 52. gr.

Hér eru aðalákvæðin um opinbera ráðagerð og atkvæðagreiðslu í fimmtardómi. Það leiðir af sjálfu sér, að opinber atkvæðagreiðsla er aðeins í þeim málum, sem munnlega eru flutt, og þeir einir dómarar, hvort heldur eru 3 eða 5, er taka þátt í atkvæðagreiðslu, sem setið hafa réttinn við flutn-

ing málsins. Gert er ráð fyrir, að sá dómari greiði fyrst atkvæði, sem til þess hefir verið valinn með hlutkesti og svo hver af öðrum, með sama hætti, þó forseti alltaf síðast. Eitthvert ákvæði þurfti að setja um þessa röð, og var þessi leið valin, og er hún eins og norsku réttarfarslögin ákveða.

Um 53. gr.

Að sjálfsögðu stýrir forseti dómsins ráðagerðum og atkvæðagreiðslu, eins og hann stjórnar réttarhöldum dómsins yfirleitt. Afl atkvæða ræður úrslitum, en atkvæði forseta sker úr, ef atkvæði eru jöfn.

Í niðurlagi greinarinnar eru sett ákvæði um, að meðaltala skuli tekin, ef ágreiningur er um eitthvað, er tölum verði talið. Þannig yrði það til dæmis, ef um skaðabætur væri að ræða, og einn dómari vildi dæma 2000 kr., annar 3000 og þriðji 4000 kr., þá yrði meðaltalan 3000 kr., og yrði það niðurstaða dómsins.

Um 54. gr.

Hér eru sett ákvæði um það, ef mál eru skriflega flutt, og virðast þau ekki þurfa skýringa við. Að lokum er svo fyrir mælt, að allar atkvæðagreiðslur skuli skrá í sérstaka bók, sbr. 13. gr. tölulið 3.

Um 55. gr.

Hér segir um það helsta, sem fram skuli taka í dómi fimmtardóms. Sérstök áhersla er lögð á það, að öll rök, sem til grundvallar liggja, fyrir niðurstöðu, skuli telja tæmandi. Er það harla mikil nauðsyn, að dómar séu að þessu leyti skýrir, svo ekki verði um villzt, og af þeim megi ráða um úrlausn samskonar eða svipaðra sakarefna. Er það hin mesta nauðsýn, að dómar æðsta réttar séu skýrir og veiti fullar upplýsingar. Engin sérstök ákvæði voru til um þetta í hæstaréttarlögunum.

Um 56. gr.

Eftir grein þessari eru fyrirmæli um, að altaf skuli birta í dómasafni réttarins, ágreiningsatkvæði, og hverjir hafi þau fram flutt og rök fyrir þeim. Með þessu móti fá allir að vita um öll rök, sem fram hafa komið í réttinum, og ætti það að vera mikill fengur og sérstaklega lærdómsríkt.

Um 57. gr.

Þessi grein er samhljóða 1. og 2. málsgr. 45. gr. hæstaréttarlaganna og þarfnast ekki skýringar.

Um 58. gr.

Samhljóða og að mestu 46. og 47. gr. hæstaréttarlaganna. Ekki ástæða til skýringa.

XI. kafli.

Kafli þessi hefir að geyma ákvæði um réttargjöld o. fl. við fjárnámsgerð og er um flest í samræmi við VII. kafla hæstaréttarlaganna.

Um 59. gr.

Greinin er samhljóða 48. gr. hæstaréttarlaganna, að því leyti, að hálf réttargjöld ná til mála, sem eru að upphæð allt að 300 kr., í stað 100 kr. áður. Þykir rétt að hækka þessa upphæð vegna þess, að yfirleitt er það fátækara fólk, sem eru aðilar í málum með lágum upphæðum, t. d. kaupkröfur verkafólks o. fl., og þá sanngjarnara að réttargjöld séu lægri.

Um 60. gr.

Sá viðauki er settur í grein þessa frá því, er nú gildir í 49. grein hæstaréttarlaganna, að sett eru ákvæði um það, að ef aðili segi vísvitandi rangt til um málsatvik, skuli beita sektum, og að heimilt sé að sekta fyrir ástæðulausa áfrýjun. Svipuð ákvæði gilda í réttarfarslöggjöf Dana og Norðmanna og þykja hafa gefizt vel.

Um 61. gr.

Samhljóða 50. gr. hæstaréttarlaganna.

Um XII. kafla.

Samsvarandi kafli um málskostnað er ekki í hæstaréttarlögunum, en rétt þótti að hafa þessi ákvæði hér í sérstökum kafla.

Um 62. gr.

Hér eru ákvæði um málskostnað í opinberum málum. Þótti sérstaklega rétt að taka fram um það, að gera greinarmun á málskostnaði eftir umfangi málanna. Það hefir þótt við brenna, að málskostnaður í margbrotnum, umfangsmiklum og flóknum opinberum málum hafi verið of lágur, samanborið við málskostnað í óbrotnum, opinberum málum. En vitanlega er þetta allt komið undir mati dómstólsins.

Um 63. gr.

Í grein þessari er sérstaklega lögð áherzla á að dæma eigi málskostnað að skaðlausu í málum, sem áfrýjað er að ástæðulausu eða ástæðulitlu. Er það oft örðugt fátæku fólki, ef harðsnúnir menn eru á móti, sem hika ekki við að áfrýja máli, þó lítil ástæða sé til, að þurfa að greiða málaflutningsmanni sínum mikið fé, fram yfir það, sem tildæmt er fyrir æðsta dómstiginu.

Um XIII. kafla.

Í kafla þessum eru sett ákvæði þau, er um stundarsakir gilda, vegna breytinga þeirra, er frumvarpið fer fram á.

Um 64. gr.

Hér er talað um frestun á framkvæmd ákvæðanna um aukadómara, ef ekki náist samkomulag við kennara lagadeildar háskólans um þau störf. Að vísu kann að leika nokkur vafi á því, að varadómarastarfið, sem hvílir á kennurum lagadeildar, skv. lögum nr. 31 frá 2. nóv. 1914, sbr. 5. gr. laga 22, 1919, heimili að setja ákvæðin um aukadómarana, án þess sérstaklega þurfi að semja um það við lagadeildarkennara. Varadómarastarfið í hæstarétti hefir stundum orðið þannig í reyndinni, að einhver kennaranna hefir um langt samhangandi skeið þurft að gegna dómarastarfi í hæstarétti. Og fyrst um sinn er óvíst, að aukadómarastarfið verði stórum mun meira en varadómarastarfið hefir verið. En rétt þótti þó að setja þetta ákvæði hér inn, úr því um vafa gat verið að ræða. Hinsvegar má gera ráð fyrir því, að sumir lagakennararnir, t. d. tveir, en ekki einn, vildu taka þetta starf að sér, að þá kæmu þegar til framkvæmda ákvæðin um aukadómara. Og vonandi verður hægt að koma ákvæðunum um aukadómara í framkvæmd tafarlaust, ef frumvarp þetta öðlast lagagildi.

Um 65. gr.

Hér eru gefnar reglur um mál þau, er áfrýjað hefir verið til hæstaréttar áður en frumvarp þetta verður að lögum, og þurfa þær reglur ekki nánari skýringa við.

Um XIV. kafla.

Í kafla þessum eru nokkur niðurlagsákvæði, er ekki þurfa almennra skýringa.

Um 66. og 67. gr.

Greinarnar eru samhljóða 55. og 56. gr. hæstaréttarlaganna, að því leyti, sem við á.

Um 68. gr.

Hér eru ákvæði um það, hvaða lög falli úr gildi, er frumvarp þetta nær fram að ganga, svo og um gildistöku laganna.

Ed. **23. Tillaga**

til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá fjármálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða öllum embættis- og starfsmönnum ríkisins sömu dýrtíðaruppbót árið 1930 og greidd var á laun þeirra árið 1928.

Þessi heimild nær einnig til stofnana ríkisins, er greiða dýrtíðaruppbót á laun eftir sömu reglum og ríkissjóður.

Loks tekur heimildin til þeirra, er dýrtíðaruppbót fá á eftirlaun eða styrki samkv. 18. gr. fjárlaganna.

Ástæður.

Síðasta Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu þess efnis, að heimila ríkisstjórninni að greiða öllum starfsmönnum ríkisins sömu dýrtíðaruppbót árið 1929 og greidd var árið 1928, eða 40% af launum allt að 4500 kr. Nú hefir vísitalan, sem reikna ber eftir dýrtíðaruppbótina árið 1930, hækkað um 2%, eða úr 34% í 36%, og væntir því fjármálaráðuneytið, að hið háa Alþingi, eigi síður nú en síðast, fallist á, að þessi lítilfjörlega viðbót á dýrtíðaruppbótinni verði greidd 1930, þannig að hún verði 40% eins og árin 1928 og 1929.

Nd. **24. Frumvarp**

til laga um samskóla Reykjavíkur.

Flutningsmenn: Magnús Jónsson og Jón Ólafsson.

1. gr.

Í samskólum Reykjavíkur skulu vera fyrst um sinn þessir framhaldsskólar: Ungmennaskóli, iðnskóli, verzlunarskóli og vélstjóraskóli.

2. gr.

Ungmennaskólinn skal annast almenna framhaldsfræðslu, en hinir skólarnir sérfræðslu, hver á sínu sviði.

3. gr.

Í skólum þessum skulu kenndar þessar greinir:

1. *Tungumálagreinir:* íslenzka, danska, enska, þýzka;

2. *Sagnfræðigreinir og atvinnumál:* sagnfræði, þjóðfélagsfræði, atvinnu- og viðskiptafræði, samvinnufræði, verzlunarréttur, iðnlöggjöf, atvinnuskipulag;
3. *Náttúru- og eðlisfræðigreinir:* náttúrusaga og náttúrufræði, mannfræði og heilsufræði, efnafræði, eðlisfræði, landafræði;
4. *Talnagreinir:* reikningur, verzlunar- og iðnreikningur, stærðfræði, bókfærsla;
5. *Verklegar greinir:* teikning, vélfræði, smíðar, skrift og vélritun, efnis- og áhaldafræði, varningsfræði;
6. *Söngur, líkamsæfingar og íþróttir.*

Heimilt er, með samþykki eða eftir fyrirmælum kennslumálaráðuneytisins, að breyta námsgreinaskrá skólanna frá því, sem hér er talið, fjölga eða fækka námsgreinum eftir þörfum.

4. gr.

Samskólarnir halda uppi sameiginlegri eins árs undirbúningsdeild í almennum námsgreinum fyrir nemendur, er vilja búa sig undir inngöngu í einhvern af sérskólunum. Deild þessari stjórnar skólastjóri ungmennaskólans.

5. gr.

Fastanemendur skólanna eru þeir, er stunda nám í öllum þeim námsgreinum, sem ákveðnar eru til fullnaðarprófs í þeim skóla eða undirbúningsdeild. En auk þessa fastanáms skal leyfa þátttöku í einni námsgrein eða fleirum og einnig stofna til námsskeiða um skamman eða langan tíma, þegar ástæður eru til. Undanþágu má skólastjóri ungmennaskólans veita nemendum skólans í einni eða fleirum námsgreinum, eftir því, sem áhugi og hæfileikar benda til.

6. gr.

Kennslumálaráðuneytið setur sérreglugerð fyrir hvern þessara skóla, að fengnum tillögum skólaaðilja, en það eru bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir ungmennaskólann, stjórn Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík fyrir iðnskólann og Verzlunarráð Íslands fyrir verzlunarskólann, enda hafi hver aðili tillögurétt um stjórn og rekstur síns skóla. Í reglugerðunum skulu vera ákvæði um inntökuskilyrði, námsgreinir, stundafjölda námsgreina, námsárafjölda, kennsluna og kröfur til fullnaðarprófs. Kennslumálaráðuneytið skipar prófdómendur, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð.

7. gr.

Nú krefst skóli til fullnaðarprófs þekkingar í öðru en því, sem heyrir undir sérnám skólans, og skulu þá nemendur fá þá fræðslu í þeim skóla eða skólum stofnunarinnar, sem hafa á hendi kennslu í þeim greinum. Þegar nemendur af þessari ástæðu sækja kennslu í annan skóla enn sinn eiginn, skulu þeir, eftir því, sem við verður komið, njóta þar kennslunnar ásamt fastanemendum þess skóla.

Kennslumálaráðuneytið setur reglugerð um þetta og annað samstarf skólanna og öll sameiginleg atriði, að fengnum tillögum skólaráðs.

8. gr.

Hverjum skólanna stýrir skólastjóri, en hinum sameiginlegu málefnum skólanna stjórnar skólaráð, og skulu eiga í því sæti skólastjórar allra skólanna og maður, sem kennslumálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn. Hann er fulltrúi ríkisstjórnarinnar og formaður skólaráðs, enda skal honum greidd þóknun úr ríkissjóði, sem ráðuneytið ákveður.

Skólastjóri ungmennafræðaskólans skal hafa á hendi allar fjárreiður skólanna og reikningshald og sjá um eignir þeirra, allt undir umsjón skólaráðs.

Skólastjóra skipar kennslumálaráðuneytið, að fengnum tillögum aðilja, en kennara að fengnum tillögum skólaráðs.

9. gr.

Fastir kennarar skulu vera svo margir sem þörf er á í tvískipaða undirbúningsdeild og einskipaða fasta námsbekki skólanna, en stundakennsla að auki eftir þörfum. Skólastjórar teljast í þessu sambandi til fastra kennara.

Þegar bekkir einhvers skólans hafa verið tvískipaðir eða meira um þriggja ára skeið, skulu skipaðir fastir kennarar, sem svarar allt að $^3/_4$ þeirrar fastakennslu, sem er umfram það, er segir í 1. málsgr. þessarar greinar.

Fastir kennarar eru skyldir til að kenna 27 stundir í viku, en í reglugerð skal kveða á um kennslustundafjölda hvers skólastjóra.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við samskólana, nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að minnsta kosti eitt ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

10. gr.

Skólastjóri ungmennaskólans hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári auk dýrtíðaruppbótar lögum samkvæmt, en launin hækka á tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4200 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði í skólahúsinu, ljós og hita. Ennfremur má ráðuneytið ákveða honum þóknun fyrir reikningshald og umsjón.

Skólastjórar verzlunarskólans, vélstjóraskólans og iðnskólans hafa að byrjunarlaunum 4400 kr. auk dýrtíðaruppbótar eftir lögum, og hækka þau á tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 5400 kr. Meðan ekki er fastur dagskóli í iðnskólanum auk kveldskóla, er skólastjórinn skyldur til þess að gegna öðrum starfa aukreitis, er kennslumálaráðuneytið kann að fela honum, gegn þóknun, ef ráðuneytið telur það sanngjarnt.

Fastir kennarar skólanna skulu hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári auk dýrtíðaruppbótar, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4200 kr.

11. gr.

Laun þau, er um ræðir í 10. gr., og kostnaður af stundakennslu, er leiðir af fastanámi í skólunum (sbr. 5. gr.) greiðist úr ríkissjóði, en endurgjaldskröfu á hann hjá bæjarsjóði Reykjavíkur á $^1/_4$ hluta þess kennslukostnaðar, sem fastanáminu fylgir í undirbúningsdeild og ungmennaskólanum.

12. gr.

Fyrir alla nemendur skólanna skal greiða skólagjald, er rennur í skólasjóð. Kennslumálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólaráðs, hversu há skólagjöld fastanemenda skuli vera, en skólaráð gjöld aukanemenda. Skólagjöldin skal ákveða svo há, að skólasjóður fái staðizt þau gjöld, er á honum hvíla. Í skólasjóðinn rennur einnig það fé annað, sem stofnuninni kann að áskotnast, nema öðruvísi sé fyrir mælt.

13. gr.

Úr skólasjóði skal greiða allan kostnað við skólahaldið, sem ekki er lagður á aðra eftir lögum þessum, þar á meðal kostnað af viðhaldi skólahússins, aukningu áhalda, kostnað af námsskeiðum, borgun til kennara, sem ekki falla undir 11. gr., o. fl. Fyrir skólahúsið greiðist engin leiga.

14. gr.

Landsstjórnin lætur reisa handa stofnuninni hæfilega stórt skólahús, vélahús og vinnustofur með nauðsynlegum áhöldum og útbúnaði, þegar allir aðiljar, en það eru Alþingi, bæjarstjórn Reykjavíkur, Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík fyrir iðnaðarmenn og Verzlunarráð Íslands fyrir verzlunarmenn, leggja fram nauðsynlegt fé til þess. Stofnkostnaður þessi skiptist þannig milli aðilja, að ríkissjóður leggur fram $^{3}/_{5}$, bæjarsjóður Reykjavíkur $^{3}/_{5}$ og lóð, er kennslumálaráðuneytið tekur gilda, iðnaðarmenn $^{1}/_{10}$ og verzlunarmenn $^{1}/_{10}$.

15. gr.

Stofnunin tekur til starfa 1. október næstan eftir að lokið er undirbúningi þeim öllum, sem um er rætt í 14. gr.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nálega samhljóða frumvarpi því um sama efni, sem lagt var fyrir Alþingi 1927 af ríkisstjórninni (Alþt. 1927, þskj. 8), eins og það var samþykkt af Nd. (Alþt. 1927, þskj. 285). Málið varð ekki útrætt á þinginu sakir annríkis menntamálanefndar Ed., eftir því sem segir í nál. meiri hluta þeirrar nefndar, en ekki af því, að málið þætti ekki tímabært og þarft. Að öðru leyti segir svo í athugasemdum við frumvarpið:

»Meðal þeirra vandamála, sem standa í sambandi við hinn gífurlega örа og mikla vöxt Reykjavíkurbæjar, má telja framar mörgu eða flestu öðru skólamálin. Íbúatala bæjarins hefir tuttugfaldast, eða vel það, síðan aðalframhaldsskólinn, menntaskólinn, var reistur. Af fólksfjöldanum leiðir það, að tala þeirra barna og unglinga, sem eiga og þurfa að fá almenna undirstöðufræðslu, hefir stöðugt farið vaxandi. Aðsókn að öllum skólum hefir vaxið ákaflega, aðallega vegna fólksfjölgunarinnar, en jafnframt að nokkru af aukinni menntaþrá. Barnaskólinn, sem var reistur skömmu fyrir aldamót að nokkru, er fáum árum síðar orðinn að stærð eins og hann er nú. Honum var ætlað að rúma 600 börn, en

nú eru í honum og útibúum um 1800 nemendur. Fyrir aldamót voru sjaldnast 100 nemendur í menntaskólanum, oft miklu færri, en nú eru þeir orðnir hátt á 3. hundrað.

Eins og kunnugt er, hefir bæjarstjórn Reykjavíkur tekið ákvörðun um það fyrir nokkrum árum, að reistur skuli verða stór og rúmgóður barnaskóli. Þótt nokkuð kunni að dragast, að skóli þessi verði reistur að fullu, verða þó fyrirsjáanlega á þessu sviði þær umbætur innan skamms, að barnafræðslan í bænum þarf ekki að búa við jafnþröngan kost og nú.

Um framhaldsfræðsluna í bænum er öðru máli að gegna. Þar hafa engar ráðstafanir verið gerðar til umbóta. Það er þó ekki af því, að menn séu ánægðir með það, sem er; öðru nær. Flestir munu vera sammála um, að öllum þorra manna sé það algerlega ónógt, fá litla eða enga fræðslu, aðra en barnafræðslu. Menn munu líta svo á, hér sem annarsstaðar, að ekki sé öllu minni nauðsyn að fá viðbótarfræðslu á unglingsárunum, bæði af því að bernskunámið fyrnist, ef því er ekki haldið við, og svo verði ekki komizt hjá því að svala eðlilegri menntaþrá ungra manna, auk þess sem líf þeirra, starf og umhverfi, skapar margvíslega nauðsyn á aukinni menntun.

Sé nú á það litið sérstaklega, hvaða vegir séu til framhaldsmenntunar í Reykjavík, þá hlýtur niðurstaðan að verða sú, að svo illa sé fyrir henni séð, að við það sé ekki unandi lengi. Eini almenni framhaldsskólinn er menntaskólinn. Þar er nú svo áskipað, að ekki er nokkur leið að bæta við nemendum. Síðustu árin hefir einn bekkur verið hafður utan skólahússins, af því að ekki hefir verið unnt að koma honum fyrir í skólanum, en slík ráðstöfun er að dómi skólastjórnarinnar mesta óhagræði og getur ekki orðið til frambúðar. Það rekur að því óðara en varir, að neita verður að veita nemendum viðtöku, þótt þeir standist próf. Kvennaskólinn hefir að vísu almennar námsgreinir, en tekur að sjálfsögðu ekki við öðru en stúlkum, og ekki frekar úr Reykjavík en annarsstaðar að. Sérskólarnir eiga margir við erfið kjör að búa, hafa stopult kennaralið og afarlélegan húsakost, og koma því hvergi nærri að fullum notum. Nú orðið fermast í bænum á 4. hundrað börn á ári, og það mun sízt fjarri vegi, að ekki fái nærri helmingur þeirra unglinga framhaldsfræðslu í skólum, þó að allir skólar séu taldir. Nokkurn veginn víst má telja, að ástandið versni samt enn meira. Nú fæðast í bænum 600—700 börn á ári og því er fyrirsjáanlegt, að tala unglinga mun vaxa jafnt og þétt og að líkindum tvöfaldast á næstu 12—15 árum. Meðan ekki er ráðið fram úr skólamálunum, fer mikill meiri hluti unglinga í bænum varhluta af allri annari framhaldsfræðslu en þeirri, sem hver og einn aflar sér hjá stundakennurum, en sú kennsla er dýr og ofvaxin mörgum manni, og algerlega er óverjandi að byggja framhaldsmenntun að miklu leyti á slíkum grundvelli.

Í fyrra vetur flutti Jón Ófeigsson menntaskólakennari erindi í tveim félögum í Reykjavík um þessi mál. Erindi það var prentað í vor í Tímariti Verkfræðingafélags Íslands og um sama efni ritaði hann í Lesbók Morgunblaðsins 21. nóv. 1926. Það, sem hér er sagt á undan, styðst við þessar greinir hans, og skulu enn rakin nokkur atriði úr þeim og getið úrræða þeirra, sem hann benti á.

Í utanför sinni 1924—'25 kynntist hann meðal annars skóla einum í Nürnberg á Þýzkalandi. Það er framhaldsskóli margvíslegur og fjölskrúðugur,

sem tekur við, þegar lögboðinni framhaldsfræðslu er lokið. Í honum eru engir skyldunemendur, allt nám er þar frjálst og óbundið. Skólinn er í 4 deildum, tvær eru iðnfræðilegar, þriðja deildin kaupmannadeild og fjórða deildin almenn deild. Í hverri deild er fjöldi námsefna. Enginn nemandi er skyldur til að taka þátt í öðrum námsgreinum en þeim, er hann vill. Skóli þessi var stofnaður 1910 með 100 nemendum, en 1925 voru þeir orðnir 9374. Nemendur voru flestir 17—20 ára, en annars á öllum aldri; elzti nemandinn árið 1925 hafði verið 64 ára.

Jón Ófeigsson segir, að þessi öri vöxtur skólans stafi aðallega af því, að hann hafi nám við allra hæfi, stutt eða langt, einfalt eða margbrotið, eftir því sem þörf og áhugi nemenda segir til. Hann segir, að skólastarfsemi þessi hafi fært sér heim sanninn um það tvennt aðallega, að hægt sé að hafa margvíslega fræðslu á einum stað eða undir einni stjórn, og að sjálfsagt sé að skapa mönnum fleiri leiðir til framhaldsnáms en margra ára skólagöngu með fjölda óskyldra námsgreina.

Hann bendir svo á, að þessar fjórar deildir skólans samsvari 4 skólum í Reykjavík, iðnskólanum, vélstjóraskólanum, verzlunarskólanum og almennum skóla eða gagnfræðaskóla, sem enn er óstofnaður. Þar sem nú svo sé ástatt, að aðeins einn af þessum skólum (iðnskólinn) hafi viðunandi húsnæði, og þó algerlega ófullnægjandi til lengdar, gerir hann það að tillögu sinni, að þessum fjórum skólum verði reist sameiginlegt skólahús og annað fyrir vélar og vinnustofur. Hann telur þetta framkvæmanlegt, ef aðiljar þeir, sem standa að skólunum, leggi fram hæfilegan hluta hver af stofnkostnaðinum. Stærstu byrðarnar eigi bærinn að bera og ríkið. Bærinn eigi að gera það af því að hans sé hagurinn að koma framhaldsskólamálum þessum í fullt lag. Ríkið eigi að leggja fram ríflegan skerf, vegna þess fyrst og fremst, að einn skólinn (vélstjóraskólinn) sé nú alveg á þess vegum og húsnæðislaus; þar næst af því að í sambandinu séu margir sérskólar, en þesskonar skóla hafi ríkið kostað marga að fullu; og loks beri því að leggja fé til framhaldsfræðslu í Reykjavík eins og annarsstaðar. Hann nefnir enn til tvo aðilja, iðnaðarmenn og verzlunarmenn, er standi að tveimur skólunum, og finnst sanngjarnt, að þeir beri nokkra byrði, þótt eigi hvíli á þeim bein skylda til þess. Hann sýnir fram á með ljósum rökum, að við samsteypuna sparist mikið fé, samanborið við það, að skólarnir yrðu reistir hver í sínu lagi. En höfuðkostinn telur hann vera þann, að fyrir samvinnu svo margbreyttra skóla verði í lófa lagið að hafa framhaldsnám við hæfi allra, í einni grein eða fleirum, um skamman tíma eða langan, líkt og í þýzka skólanum. Gerir hann ráð fyrir, að haft verði í samskólum þessum, auk fastanámsins, allskonar aukanám og námsskeið, fyrir hvern, sem vill, og í hverju sem hver vill«.

Allt það, sem máli skiptir í athugasemdum þessum, er óbreytt síðan. Aðeins má geta þess, að bærinn hefir haldið áfram að vaxa síðan og þörfin því aukizt og dregið nær því, að til úrslita verði að koma um hús yfir ýmsa nauðsynlega skóla hér í bænum. Þar við bætist, að gagnfræðadeild menntaskólans hefir verið lokuð nema fyrir ákveðinni, mjög takmarkaðri tölu nemenda. Með lögum nr. 68, 7. maí 1928, um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík, var sett á fót bráðabirgða-ungmennafræðsla í Reykjavík, en sá skóli er húsnæðislaus og bætir mjög lítið úr þörf bæjarins á góðum gagnfræða- eða ungmennaskóla, og úr þörf annara skóla,

sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, og annara, sem síðar mundu við bætast, hefir ekki verið bætt. Svo fast hafa þarfir bæjarins í þessum efnum sorfið að, að ráðizt hefir verið í það af einstökum mönnum að koma upp skóla, »Gagnfræðaskóla Reykjavíkur«, og hefir hann nú starfað á annað ár með tvísettum bekkjum. Að honum kreppir þó húsnæðisskortur, og nær auðvitað engri átt að láta skólamál Reykjavíkur vera lengur í því öngþveiti, sem þau nú eru.

Um einstakar greinar frumvarpsins segir svo í frv. frá 1927, og getur það átt við það frumvarp, sem hér liggur fyrir:

Um 1. gr.

Í þessari gr. er gert ráð fyrir, að fleiri skólar kunni að bætast við í skólasamsteypuna síðar, og mætti þar til nefna t. d. stýrimannaskólann og kennaraskólann, sem nú hafast við í timburhúsum, sem fara að verða gömul og gisin.

Um 2. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 3. gr.

Hér eru taldar þær greinir, sem kenna á í skólunum, en réttara þykir að heimila kennslumálaráðherra að breyta námsgreinaskrá, en vitaskuld mundi það ekki verða gert nema í samráði við skólaráð.

Um 4. gr.

Í þessari gr. er þeim nemendum, sem ekki telja sig svo vel undirbúna, að þeir geti án frekara náms gengið inn í einhvern samskólanna, gefinn kostur á að sækja 1 árs undirbúningsdeild. Í deild þessari ættu og aðrir, sem ekki ætla sér að halda áfram námi í samskólanum, að geta notið kennslu, sbr. 5. gr.

Um 5. gr.

Eins og vikið er að í aths. við næstu gr. á undan, er ætlazt til, að þeir, sem óska fræðslu í færri greinum en kenndar eru í einhverjum skólanna, geti fengið hana í stofnuninni. Getur oft staðið svo á, að maður óski að læra t. d. eina námsgrein, svo sem ensku, og þá ætti að vera gott og ódýrt að sækja þá kennslu í skóla sem þennan.

Um 6. gr.

Um alla skóla ríkisins er sú aðferð höfð, að hin nánari ákvæði, er þá snerta, eru sett í reglugerðum. Tillögur um slíkar reglugerðir eru jafnan fengnar hjá hlutaðeigandi skólastjóra, en hér er gert ráð fyrir, að skólaaðiljar geri tillögur um reglugerðirnar, hver á sínu sviði, en vitaskuld útilokar þetta ekki, að reglugerðauppköstin séu borin undir hlutaðeigandi skólastjóra, enda er gengið út frá, að svo muni verða gert.

Um 7. gr.

Það ætti að geta orðið nokkur sparnaður að því að láta alla nemendur

stofnunarinnar, er sömu námsgrein læra og eru á sama eða svipuðu þekkingarstigi, læra hjá sömu kennurum, og þá eins marga saman og fært þykir. Og augljóst virðist það, að með þessu muni fást betri kennsla, því að eftir því sem fleiri eru nemendur í einni grein við sama skóla, eftir því eru meiri líkur til, að góðir fagmenn fáist til kennslunnar, því að þeir þurfa þá ekki að kenna nema eina eða fáar greinir, í stað þess, sem nú er oft, að sami maður verður að kenna margar greinir, þótt auðsætt sé, að kennslan verði við það lakari.

Um 8. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að skólaráð hafi á hendi stjórn hinna sameiginlegu mála skólanna. Í skólaráðinu er ráðgert, að formaður sé sá, er ráðherra velur til þess, enda ákveði hann þóknun hans. Erfitt er að segja með vissu, hversu mikið starf þetta verður, og þess vegna sýnist réttast að ákveða ekki þóknunina í lögum.

Um 9. gr.

Talsverð vandkvæði eru á að setja ákveðnar reglur um, hversu mikið skuli vera af fastakennurum. Í gr. hefir verið reynt að sníða þetta eftir aðsókninni að skólanum. Erfiðast er að áætla um aðsóknina að undirbúningsdeildinni.

Um. 10. gr.

Launakjör skólastjóra gagnfræðaskólans eru eins og skólameistarans á Akureyri. Laun hinna skólastjóranna eru í raun og veru lægri, en þó þykir ekki fært að fara hærra, með tilliti til annara embættismannalauna. Núverandi skólastjóri vélstjóraskólans heldur að sjálfsögðu launakjörum sínum óbreyttum, ef hann vill, meðan hann gegnir embættinu.

Launakjör kennaranna eru ráðgerð eins og laun kennaranna við gagnfræðaskólann á Akureyri.

Um 11. gr.

Það virðist sanngjarnt, að Reykjavíkurbær taki þátt í kostnaði af kennslu í undirbúningsdeild og gagnfræðadeild á svipaðan hátt og héruð landsins, sem hafa komið upp unglingaskólum, leggja á sig byrðar þeirra vegna. Hversu mikill hluti á að koma á bæinn, er álitamál, en hér er stungið upp á 1/4.

Um 12. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda að öðru leyti en því, að óhjákvæmilegt virðist að láta nemendur greiða skólagjald.

Um 13. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 14. gr.

Það er vitaskuld álitamál, hversu skipta skal kostnaði af að reisa hús fyrir skólana, og má lengi um það deila. Þó virðist sú skipting, sem hér er ráðgerð, nærri lagi. Þessi gr. ber það greinilega með sér, að landsstjórnin hefir ekki

heimild til þess að leggja fram hluta ríkissjóðs af byggingarkostnaðinum, fyrr en Alþingi hefir veitt fé til þess.

Um 15. gr.

Þessi gr. þarfnast engra skýringa.

Að öðru leyti verður að vísa til nefndarálits og umræðna í meðferð málsins á Alþingi 1927.

Nd. **25. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 73, 22. nóv. 1907, um útflutning hrossa.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. laganna skal orða svo:

Ennfremur er bannað að flytja til sölu á erlendum markaði yngri hross en 3 vetra og eldri en 10 vetra. Hross 2 vetra má þó flytja út, ef þau eru stór og falleg útlits.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hafa allmiklir örðugleikar verið á því á undanförnum árum að selja íslenzka hesta á erlendum markaði, og því ekki almennt svarað kostnaði að ala upp hross til útflutnings. Mest er nú selt til Danmerkur, sökum þess að þeir þekkja þjóða bezt kosti íslenzkra hesta. Danir þekkja það af reynslu, að því yngri sem þeir fá hestana, því meira tápi koma þeir í þá með eldi. Þess vegna er lítill eða enginn verðmunur á 3 vetra hrossum og eldri, enda eru þau mestmegnis send þangað. Flutningsmaður hefir þrásinnis fengið fyrirspurnir og tilboð um tveggja vetra hross frá Danmörku, og verðið verið svipað og á eldri hrossum. Það mundi verða til ótvíræðra hagsmuna fyrir bændur að þurfa ekki að kosta upp á fóður hrossanna nema til 2 vetra aldurs, en alls ekki spilla fyrir framtíðarmarkaði, heldur þvert á móti. Nánar í framsögu.

Nd. **26. Frumvarp**

til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson og Jón Sigurðsson.

1. gr.

Til hafnargerðar á Sauðárkróki veitast úr ríkissjóði $^{2}/_{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — gegn $^{3}/_{5}$ hlutum frá hafnarsjóði Sauðárkróks.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 370000 — þrjú hundruð og sjötíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Sauðárkróks kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Sauðárkróks. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Sauðárkróks.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og upp-

dráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps, en 1 af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Sauðárkrókskauptúni eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig í Sauðárkrókshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.

e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að 1/2 hlut af hverjum vélbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að 1/4 hlutar af smærri vélbátum en 8 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2 a, b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimiladir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Samhljóða frv. þessu var flutt á þinginu í fyrra og var samþykkt óbreytt við 2. umr., eftir að hafa gengið gegnum nefnd. Tími vannst ekki til frekari afgreiðslu þá, því að 2. umr. fór fram degi fyrir þinglausnir. Frv. er því flutt aftur, og vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi því í fyrra.

Nd. **27. Frumvarp**

til laga um heimavistir við Hinn almenna menntaskóla.

Flutningsmenn: Magnús Guðmundsson og Magnús Jónsson.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa heimavistahús fyrir Hinn almenna menntaskóla handa 40—50 nemendum skólans og búa það nauðsynlegustu húsgögnum, hvorttveggja á kostnað ríkissjóðs. Í húsinu skal vera íbúð handa kennara.

2. gr.

Heimavistanemendur fá húsnæðið ókeypis ásamt ljósi og hita. Í húsinu skal ætla rúm og nauðsynleg áhöld sameiginlegu mötuneyti heimavistanemenda, en að öðru leyti tekur ríkissjóður ekki þátt í þeim kostnaði, er af mötuneytinu leiðir.

3. gr.

Skólameistari velur, í samráði við fasta kennara skólans, þá nemendur,

sem heimavistanna eiga að njóta. Ef fleiri sækja en húsrúm leyfir, skulu utanbæjarnemendur ganga fyrir, enda séu þeir efnilegir og stundi nám sitt vel. Ef ekki er húsrúm fyrir þá utanbæjarnemendur, sem heimavista óska, ganga þeir fyrir, sem fátækari eru, ef þeir annars teljast hlunnindanna maklegir.

4. gr.

Kennslumálaráðherra setur reglur um heimavistirnar, að fengnum tillögum skólameistara. Í reglum þessum skulu vera fyrirmæli, er tryggi góða reglu í heimavistahúsinu, um þjónustufólk og annað, er þurfa þykir.

Athugasemdir.

Frumv. um þetta efni var flutt á Alþingi 1927 og var samþykkt í Nd., en fellt í Ed. með 7:7 atkv. Frumv. er hér flutt eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.

Nd. **28. Frumvarp**

til laga um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Magnús Guðmundsson, Ólafur Thors.

1. gr.

Sýslufélög, hreppsfélög og orkuveitufélög samkvæmt XI. kafla vatnalaganna skulu, þá er þau vilja koma upp raforkuveitu til almenningsþarfa í umdæmi sínu, njóta til þess aðstoðar og hlunninda samkvæmt þessum lögum.

2. gr.

Þá er sýslunefnd, hreppsnefnd eða frumkvöðlar félagsstofnunar samkvæmt 101. gr. vatnalaga æskja þess, skal ríkisstjórnin láta hæfan kunnáttumann framkvæma rannsókn á því, á hvern hátt sé hagkvæmast að fullnægja þörf umdæmisins á raforku til almenningsnota, þar á meðal til lýsingar, heimilisiðju, matreiðslu og híbýlahitunar. Lítist kunnáttumanni tiltækilegt að fullnægja þörfinni með vatnsorku eða jarðhitaorku, skal hann gera um það frumdrætti og kostnaðaráætlanir og leiðbeina aðiljum á allan hátt um undirbúning framkvæmda í málinu. Hlutaðeigendur greiða kunnáttumanni ferðakostnað innanhéraðs og dvalarkostnað þar, svo og allan kostnað við aðstoð til mælinga þar á staðnum, en að öðru leyti skal greiða kostnaðinn úr ríkissjóði.

3. gr.

Í kostnaðaráætlun kunnáttumanns um raforkuveitu til almenningsnota skulu fullkomlega aðgreindir þessir 3 liðir stofnkostnaðar:

a. Orkuver með öllu tilheyrandi, þar með spennutæki orkuvers. Nú á aðili

kost á að kaupa raforku frá áður gerðu eða fyrirhuguðu orkuveri, án þess að honum sé ætlað að leggja fram stofnkostnað þess, og skal þá í stað áætlunar um stofnkostnaðinn koma greinargerð og áætlun um kaupverð orkunnar.

b. Veitutaugar um orkuveitusvæðið, frá orkuveri að spennistöðvum notenda í sveitum, en að takmörkum verzlunarlóða, ef verzlunarstaðir eru innan veitusvæðisins.

c. Heimtaugar og innanbæjartaugar. Á sveitabýlum og í smáþorpum með einni spennistöð telst hér undir spennistöðin sjálf og taugar frá henni til notenda, en í verzlunarstöðum og stærri þorpum, þar sem spennistöðvar eru fleiri en ein, teljast hér til spennistöðvarnar sjálfar, allar lágspennutaugar frá þeim til notenda, og þær háspennutaugar, sem liggja milli spennistöðvanna eða innan takmarka verzlunarlóðar.

4. gr.

Fjárútvegun fyrir raforkuveitur til almenningsþarfa, sem gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skal venjulega byggð á því, að orkuver, ef það er eigi fyrir hendi, og veitutaugar, svo sem segir í 3. gr. a- og b-lið, verði eign sýslufélags, hreppsfélags eða orkuveitufélags. Hinsvegar skulu eigendur fasteigna í umdæminu leggja sjálfir fram kostnað við heimtaugar og innanbæjartaugar samkvæmt 3. gr. c, og skulu þeir eiga kost á lánum til þessa á sama hátt og með sömu kjörum og lán verða veitt til að koma upp raforkustöðvum fyrir einstök býli.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, eftir tillögum kunnáttumanns, að leyfa tilbrigði frá ákvæðum þessarar greinar, ef forráðamenn hlutaðeigandi orkuveitu óska þess.

5. gr.

Nú verður ákveðið, eftir undangengna rannsókn samkvæmt 2. gr. og eftir tillögum kunnáttumanns, að ráðast í orkuveitu til almenningsþarfa fyrir svæði, sem tekur yfir heilan hrepp hið minnsta, og leggur ríkissjóður þá sem styrk til fyrirtækisins allt að þeirri upphæð, er aðkeypt efni til veitutauga samkvæmt 3. gr. b. kostar flutt á land hér. Innan þessara takmarka ákveður ráðherra framlagið eftir tillögum kunnáttumanns á þeim grundvelli, að notendur orkuveitunnar í sveitum þess umdæmis fái ekki erfiðari aðstöðu um heildarkostnað fyrir orkunotin en þeir mundu fá, ef hver fyrir sig ætti kost á meðallagi hagkvæmri vatnsorku heima fyrir og virkjuðu hana til heimilisþarfa.

6. gr.

Skilyrði fyrir framlagi ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. skulu vera þessi:

1. Að eigi sé gerður neinn mismunur á verði orkunnar til notenda vegna mismunandi fjarlægðar þeirra frá orkuverinu.
2. Að flutningskostnaður frá næstu höfn á efni til orkuvers og veitutauga (sbr. 3. gr. a. og b.) sé lagður fram af hlutaðeigendum, án þess að hann þurfi að hvíla á fyrirtækinu sem skuld.

3. Að um framkvæmd verksins, viðhald þess og starfrækslu sé farið eftir þeim reglum, sem ráðherra setur, eftir tillögum kunnáttumanns.

7. gr.

Eftir sömu reglum sem segir í 2. gr. leggur ríkisstjórnin til kunnáttumenn til þess að gera fullnaðardrætti, annast útboð og hafa á hendi forstöðu framkvæmda og eftirlit með þeim framkvæmdum, sem unnar verða í samningsvinnu, allt þetta að því er snertir raforkuveitur, sem gerðar verða samkvæmt þessum lögum.

8. gr.

Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til þess að hafa á hendi stjórn raforkumála ríkisins undir atvinnumálaráðuneytinu. Í nefndinni eiga sæti: Einn lögfræðingur, sem ráðherra tilnefnir, forstjóri rafmagnsveitu Reykjavíkur, ef hann vill taka sæti í nefndinni, annars rafmagnsverkfræðingur, sem ráðherra tilnefnir, og vegamálastjóri. Nefnd þessi nefnist orkumálastjórn. Ráðherra ákveður þóknun til nefndarmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði. Orkumálastjórnin tekur við starfi því, sem vegamálastjóra er ætlað samkvæmt 151. gr. vatnalaganna að því er snertir orkunýtingu fallvatna og við tilsvarandi störfum að því er snertir hagnýtingu jarðhita. Hún skal svo fljótt sem við verður komið gera tillögur um heildarskipulag á raforkuveitum til almenningsþarfa fyrir land allt. Hún skal með samþykki ráðherra ráðstafa ríkisfé því, sem veitt verður til þess að koma upp orkuveitum samkvæmt þessum lögum, og hafa gát á því, að ekki njóti aðrar veitur styrks af því fé en þær, sem samrýmst geta hentugu heildarskipulagi þeirra mála. Hún skal hafa eftirlit með byggingu og rekstri raforkuvers.

Kunnáttumenn þeir, er ræðir um í lögum þessum, skulu vera orkumálastjórnin og verkfróðir aðstoðarmenn í þjónustu hennar.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf orkumálastjórnar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi 1929. Nú er frumvarpið lagt fyrir þingið á ný, með þeim breytingum, er minni hluti fjárhagsnefndar Ed. lagði til, að gerðar væru á frv. Um frekari skýringar vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. á síðasta þingi.

Nd. **29. Frumvarp**

til laga um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson, Ólafur Thors, Jón Ólafsson, Hákon Kristófersson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum eru félög bátaútvegsmanna, smærri iðnaðarmanna eða smærri iðjurekenda, sem stofnuð eru og starfrækt með þeim tilgangi að útvega félagsmönnum lán til atvinnurekstrar. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með skyldum og réttindum samvinnufélaga, þó með þeim afbrigðum, er hér segir:

a. Félagsmenn skulu allir vera búsettir í sama byggðarlagi og mega ekki vera færri en 6 og ekki fleiri en 30. Þó mega félagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
b. Stjórn félagsins skal skipuð 3 mönnum, formanni og 2 meðstjórnendum. Kjörtími stjórnenda skal eigi vera lengri en 2 ár, og er löglegt, að meiri hluti stjórnarinnar gangi úr á sama ári. Annar endurskoðandi félagsins skal kosinn af félaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við um rekstrarlán.
c. Félagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins gagnvart lánveitanda.
d. Í varasjóð félagsins skal greiða árlega eigi minna en svarar ½% ársvöxtum af öllum útlánum félagsins. Allur tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð.
e. Félagsmaður getur jafnan sagt sig úr félaginu með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins eins og þær eru eða verða um þau áramót gildir þó aldrei lengur en til næstu áramóta eftir að hann gekk úr félaginu.
f. Við félagsslit má verja varasjóði til lúkningar skuldbindingum félagsins að svo miklu leyti, sem þörf er, til þess að síðustu félagsmenn þurfi ekki hver fyrir sig að standa straum af öðrum skuldbindingum en þeim, sem stafa af viðskiptum hvers þeirra. Að því leyti, sem ekki er þörf á varasjóðnum í þessu skyni, fer um hann við félagsslit eftir ákvæðum laga um samvinnufélög.
g. Undirskrift formanns og annars meðstjórnanda skuldbindur félagið.

2. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal félagsstjórnin senda stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við, afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðendanna, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Ennfremur skal senda nafnaskrá félagsmanna og stjórnenda félagsins og tilkynningar um breytingar á samþykktum félagsins.

3. gr.

Stjórn félagsins ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern félagsmann í samráði við endurskoðendur fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við atvinnurekstur félagsmanna, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks félagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr. Lán má ekki veita utanfélagsmönnum.

4. gr.

Hver félagsmaður setur félaginu fullt veð eða aðra tryggingu, er félagsstjórnin telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma.

5. gr.

Lán þau, er félögin veita félagsmönnum sínum, skulu vera reikningslán. Reikningslán má veita til 1 árs í senn og greiðist þá að fullu, ásamt áföllnum vöxtum, á þeim gjalddaga, sem ákveðinn er í samþykktum félagsins. Hver félagsmaður sé skuldlaus einu sinni á ári, um gjalddaga þess. Félagsmaður, sem ekki stendur í skilum við félagið, skal víkja úr félaginu. Lánsfélag, sem ekki stendur í skilum við lánsstofnunina, má svipta rekstrarláni næsta ár, eða lengur, ef miklar sakir eru til.

6. gr.

Heimili og varnarþing rekstrarlánafjelags má vera í kauptúni, þar sem félagsmenn hafa aðalviðskipti sín, þótt það sé utan félagssvæðisins. Peningastofnun sú, sem veitir rekstrarlánafélagi lán, skal án sérstaks endurgjalds halda reikning yfir reikningslánsviðskiptin við hvern einstakan félagsmann og reikna út fyrir hvern gjalddaga vexti þá, er hverjum félagsmanni ber að greiða, en félagsstjórnin annast greiðslu vaxtanna í einu lagi.

7. gr.

Stjórn rekstrarlánafélagsins skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni, bæjarfógeta eða lögmanni nafnaskrá yfir félagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, í skrifstofu embættisins.

8. gr.

Til þess að tryggja rekstrarlánafélögum, samkvæmt þessum lögum, starfsfé, skal ríkisstjórnin ábyrgjast allt að 2 millj. króna reikningslán frá ári til árs, eða taka allt að þessari upphæð að láni í þessu skyni, til handa rekstrarlánadeild Fiskiveiðasjóðs Íslands, ef sett verða lög, er heimili Fiskiveiðasjóðnum slíka starfsemi, ella annari peningastofnun, er fjármálaráðherra ákveður.

9. gr.

Af fé því, sem ræðir um í 8. gr., veitir Fiskiveiðasjóður Íslands, eða sú peningastofnun, sem hefir það með höndum, lán til sparisjóða, banka og bankaútibúa utan Reykjavíkur, með þessum skilyrðum:

a. Peningastofnanir þessar mega eingöngu nota fé til þess að lána það út til rekstrarlánafélaga samkvæmt þessum lögum.
b. Þær endurgreiða lánin, ásamt vöxtum, á tilsettum gjalddaga.
c. Vextir miðist á hverjum tíma við lánskjörin á láni því, er um ræðir í 8. gr., að viðbættri framfærslu, er fjármálaráðherra ákveður.

10. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstrarlánafélög þau, er hér um ræðir, og gefið út leiðbeinandi fyrirmyndir að samþykktum slíkra félaga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þinginu 1928 báru Sjálfstæðismenn í efri deild fram frv. um atvinnurekstrarlán fyrir atvinnurekendur. Frv. þetta var tafið svo, að það varð ekki útrætt. Á síðasta þingi flutti stjórnin frv. sama efnis, en því var aðeins ætlað að ná til þeirra, er landbúnað stunda. Tillögur komu fram um að frv. næði einnig til bátaútvegsmanna, en þær voru felldar. Það liggur í hlutarins eðli, að þörf bátaútvegsmanna og iðnrekenda fyrir atvinnurekstrarlán er engu minni en sveitabænda, og hvorirtveggja eiga allajafnan mjög erfitt með að afla sér nauðsynlegs rekstrarfjár. Úr þessu viljum vér bæta með ákvæðum frv., og þá jafnframt setja nauðsynleg tryggingarákvæði um sjálfan félagsskapinn. Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir frv. í framsögu.

Nd. **30. Frumvarp**

til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson, Ólafur Thors, Jón Ólafsson, Hákon Kristófersson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen og Jón Auðunn Jónsson.

I. KAFLI.

Tilgangur sjóðsins og deildaskipting.

1. gr.

Tilgangur Fiskiveiðasjóðs Íslands er að styðja bátaútveg landsmanna og smáiðju með hagkvæmum lánum.

2. gr.

Fiskiveiðasjóðurinn skiptist í tvær deildir, með aðgreindum fjárhag: Skipakaupadeild og rekstrarlánadeild.

II. KAFLI.

Skipakaupadeild.

3. gr.

Höfuðstóll skipakaupadeildar er:

1. Eignir sjóðsins í peningum og skuldabréfum eins og þær verða, er lög þessi öðlast gildi.
2. 100 þúsund króna árlegt framlag úr ríkissjóði í 10 ár, en þaðan af 35 þúsund krónur á ári.

4. gr.

Skipakaupadeild skal gefa út vaxtabréf. Skulu það vera skuldabréf, er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum sjóðsins. Stjórn sjóðsins kveður á um útlit bréfanna. Fjármálaráðherra og stjórn sjóðsins undirrita bréfin.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabréfum en nemur ferfaldri upphæð höfuðstóls Fiskiveiðasjóðsins.

Nánari ákvæði um bréf þessi setur fjármálaráðherra í reglugerð.

5. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, er kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins, eftir að $3^1/_2$% ársvextir af höfuðstólnum hafa verið lagðir við hann, þangað til varasjóður er orðinn 15% af upphæð höfuðstóls. Þar eftir er stjórn sjóðsins skylt að leggja í varasjóð svo mikið af tekjuafganginum, sem þarf til þess, að varasjóðurinn haldi áfram að vera 15% af höfuðstólnum, en þann tekjuafgang, sem þar er fram yfir, má leggja við höfuðstólinn.

Fé varasjóðs má ekki nota til útlána, heldur skal það ávaxtað á þann hátt, að handhært sé, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Fiskiveiðasjóðs. Af varasjóði skal greiða tap, er Fiskiveiðasjóður kann að verða fyrir vegna útlána.

6. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum skipakaupadeildar er:

1. Skuldabréf þau, er deildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður deildarinnar.
3. Höfuðstóll deildarinnar.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem hér er talin.

7. gr.

Fé skipakaupadeildar má eingöngu lána til:

1. Skipakaupa, allt að 60 smálesta.
2. Stofnsetningar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar, svo sem til hagnýtingar fiskiúrgangi, lifrarbræðslu, íshúsa og kælihúsa.

Skipakaupalán mega ekki nema meiru en helmingi virðingarverðs skips-

ins, þó ekki yfir 30000 kr., og önnur lán ekki yfir þriðjung stofnkostnaðar fyrirtækisins, þó ekki yfir 50000 kr.

8. gr.

Lán úr deildinni má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn fasteignaveði, með tryggingu innan $^{2}/_{3}$ af virðingarverði veðsins, enda hvíli ekki veðskuldir til annara en opinberra sjóða á eigninni á undan veðrétti deildarinnar.
b. Gegn 1. veðrétti í skipi, allt að helmingi virðingarverðs, enda sé virðingin framkvæmd eftir reglum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Veðréttur deildarinnar gengur fyrir sérhverjum veðrétti í skipinu, að opinberum gjöldum einum undanskildum.

9. gr.

Eignir þær, er skipakaupadeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins.

10. gr.

Lán úr skipakaupadeild má veita:

a. Skipakaupalán til allt að 10 ára.
b. Lán til stofnsetningar iðnaðarfyrirtækja til allt að 20 ára, enda sé fasteignaveð fyrir.

Lánin mega vera afborgunarlaus 1—3 ár, en endurgreiðist að öðru leyti með jöfnum afborgunum.

11. gr.

Lán þau, er skipakaupadeildin veitir, má hún greiða í vaxtabréfum sjóðsins eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rétt til að heimta, að stjórn Fiskiveiðasjóðsins annist endurgjaldslaust um að koma þeim í peninga, svo sem þau ganga bezt, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, svo og afföll. Fiskiveiðasjóðurinn hefir þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir vaxtabréfin, eða þau hafa verið seld fyrir, að frádregnum öllum beinum kostnaði.

Stjórn sjóðsins má semja um sölu vaxtabréfa fyrirfram og bjóða þau opinberlega almenningi til sölu, enda samþykki ráðherra söluverðið og upphæð bréfa þeirra, er selja má fyrirfram.

Nú eru vaxtabréf seld með afföllum, og má þá nafnverð lánanna fara svo mikið fram úr takmörkum þeim, sem sett eru í 8., 9. og 13. gr., sem afföllunum nemur.

12. gr.

Lánum þeim, er skipakaupadeildin veitir, má ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga, eða veðið gengur úr sér, svo að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum eignum, sem að veði eru og taldar eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfum deildarinnar, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, er stjórn Fiskiveiðasjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

13. gr.

Skuldunautar skipakaupadeildar skulu greiða vexti, afborganir og tillag til að borga kostnað við sjóðinn í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæð sinni í varasjóð, um leið og hann tekur lánið.

Árlegt tillag, til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er ½% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjald þetta fellur burtu, ef vextir þess flokks, sem lánið er veitt úr, eru 6% eða hærri; og ef vextirnir eru milli 5½% og 6%, færist gjaldið niður hlutfallslega, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr 6%.

14. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga af lánum þeim, sem veitt hafa verið vegna sölu vaxtabréfa, skal varið til að innleysa vaxtabréf þau, er skipakaupadeildin hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn stjórn sjóðsins. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á vaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð Fiskiveiðasjóðsins. Sjóðurinn má og innleysa vaxtabréf í stærri stíl.

15. gr.

Handhafar eða eigendur vaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

16. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð skipakaupadeildarinnar, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

17. gr.

Nú glatast vaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum skipakaupadeildar, og getur þá stjórn sjóðsins á kostnað eiganda innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur stjórn Fiskiveiðasjóðsins útgefið handa hinum skráða eiganda nýtt vaxtabréf, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur sjóðnum. Um ógilding annara vaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

18. gr.

Vaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð

til afborgana af lánum, má ekki framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu Fiskiveiðasjóðs, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

19. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu Fiskiveiðasjóðs í Reykjavík. Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram annarsstaðar.

20. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir skipakaupadeild heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóm, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja deildinni það út til eignar, ef þörf er á. Fiskiveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar málskoti.

Fiskiveiðasjóðurinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskiveiðasjóðurinn getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

21. gr.

Ríkissjóður kaupir vaxtabréf sjóðsins fyrir allt að hálfri milljón króna, þegar stjórn Fiskiveiðasjóðs óskar þess. Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán handa ríkissjóði í þessu skyni, ef hún telur þess þörf.

III. KAFLI.

Rekstrarlánadeild.

22. gr.

Ríkisstjórnin skal tryggja rekstrarlánadeild Fiskiveiðasjóðsins allt að 2 millj. króna lán frá ári til árs, eða taka allt að þessari upphæð að láni handa sjóðnum í þessu skyni.

Fé þessu skal varið samkvæmt lögum um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju. Ennfremur er rekstrarlánadeild heimilt að veita rekstrarlán einstökum mönnum, er reka bátaútveg eða smáiðju, ef stjórn sjóðsins þykir ástæða til, gegn fullnægjandi tryggingum.

23. gr.

Verði halli á lánsstarfsemi deildarinnar, greiðist hann úr varasjóði skipakaupadeildar.

IV. KAFLI.

Ymisleg ákvæði.

24. gr.

Í stjórn Fiskiveiðasjóðs eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn framkvæmdarstjóri og tveir gæzlustjórar. Forseti Fiskifélags Íslands skal hafa á hendi framkvæmdarstjórn Fiskiveiðasjóðs. Gæzlustjórar skulu skipaðir til 4 ára, og ganga úr annaðhvert ár til skiptis, í fyrsta skipti eftir hlutkesti. Skal að minnsta kosti annar gæzlustjórinn hafa sérþekkingu á sjávarútvegi.

Um þóknun til framkvæmdarstjóra og gæzlustjóra fer eftir ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur vikið stjórnendum sjóðsins frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

25. gr.

Fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins með samþykki ráðherra gerir aðra ákvörðun, hefir Fiskifélag Íslands á hendi alla afgreiðslu Fiskiveiðasjóðs, þar á meðal bókfærslu hans, og leggur honum til trygga skjalavörzlu, fyrir þóknun, er um semur. Verði ágreiningur, úrskurðar ráðherra upphæðina.

26. gr.

Reikningar Fiskiveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar til þess. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins,

Meðan Fiskifélagið hefir afgreiðslu á hendi fyrir sjóðinn, skulu endurskoðendur Fiskifélagsins hafa endurskoðun reikninga Fiskiveiðasjóðs á hendi, gegn þóknun, sem reglugerð sjóðsins ákveður.

Ráðherra getur, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

27. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskiveiðasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

28. gr.

Fiskiveiðasjóðurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi

og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Svo á hann og rétt á að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð fyrir sjálfan sig.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52, 10. nóvember 1905, um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, og lög nr. 29, 16. nóvember 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1930.

Greinargerð.

Á tveim undanförnum þingum hefir verið flutt frv. um Fiskiveiðasjóð Íslands, sem miðað hefir að því að efla mjög sjóðinn frá því, sem nú er. Frv. þetta hefir ekki náð fram að ganga. Nú er frv. þetta enn lagt fyrir þingið með þeim breytingum, að sveigt er inn á þá braut, er Nd. aðhylltist á síðasta þingi, að tvískipta starfsemi sjóðsins, þ. e. skipakaupadeild og rekstrarlánadeild. Að öðru leyti verður nánari grein gerð fyrir frv. í framsögu.

Nd. **31. Frumvarp**

til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Hólma í Reyðarfirði.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Að fengnu samþykki sóknarprests skal ríkisstjórninni heimilt að selja Eskifjarðarhreppi prestssetursjörðina Hólma í Reyðarfirði með húsum og innstæðukúgildum þeim, sem staðnum fylgja, en án ítaka utan heimalands Hólma.

2. gr.

Nú telur prestur eða kirkjustjórn haldkvæmt að undanþiggja sölu einhverjar landsnytjar til handa sóknarprestum í Hólmaprestakalli, og getur ríkisstjórnin þá undanskilið sölunni varphólma staðarins og hæfilega spildu af ræktanlegu landi nærri varplandinu fyrir smábýli eða lítið kúabú.

3. gr.

Um mat á jörðinni eða því, sem selt verður, og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frv. þessu má um flest vísa til þskj. 87 frá 1929. Frv. var þá flutt í líku formi og nú, en afgreitt með rökstuddri dagskrá. Var í því frv. ráðgert að undanskilja sölu varphólma staðarins og svo mikið af heimalandi, sem nægja mundi allstóru búi, ef prestar síðar kynnu að kjósa bústað á Hólmum fremur en á Eskifirði.

Nú hefir Eskifjarðarhreppur falazt eftir kaupum á öllu landi staðarins og sóknarprestur mælt með þeirri ráðstöfun, enda hefir hann tryggt sér bústað á Eskifirði, selt Eskifjarðarhreppi hús þau og mannvirki, sem hann átti á staðnum, en leigt jarðarafnotin. Má nokkurnveginn að vísu ganga um það, að prestar eftirleiðis muni fremur kjósa sér bústað á Eskifirði, þar sem líka er önnur kirkja prestakallsins og bústaðurinn nokkurnveginn miðstæður, en á Hólmum, sem liggja nær öðrum enda þessa víðlenda prestakalls.

Vafalaust er, að Eskifjarðarhreppur hefir fyllstu þörf fyrir allt land Hólma. Hreppsbúar eru um 800, en land það, sem hreppnum telst og þó er í einstakra manna eigu, er aðeins $1^1/_2$—2 km. strandlengja, sæbrött, grýtt og ófrjó. Gripaeign og jarðrækt er því mjög lítil. Alls munu í hreppnum 35 eða 36 kýr, sem að miklu leyti verður að kaupa hagbeit og fóður fyrir frá nágrannahreppunum.

Að dómi sérfróðra manna stafar bein vanheilsuhætta af vöntun landsnytja og mjólkurskorti á slíkum stöðum sem Eskifirði. Mjólkurneyzlan þar, eftir kúafjölda, mun tæpast meiri en $^1/_4$ af því, sem talið er lágmarksþörf fyrir heilbrigða menn, en aðfengin mjólk bæði torgæt og dýr.

Engin opinber landareign liggur svo nærri kauptúninu, að notazt geti íbúunum, nema Hólmar; en reynsla síðari ára hefir sýnt, að þessi forna stórbýlisjörð er háð sömu lögum sem aðrar fólksfrekar sveitajarðir og nýtist aðeins að litlu leyti fámennum búendum. Hinsvegar eru landkostir jarðarinnar svo miklir og ræktunarmöguleikar, að fullnægt geta því fjölmenni, sem í grenndinni býr við landsnytjaskort; en engin von er til þess, að fyrir hverful leiguliðanot af jörðinni, sem Eskfirðingar hafa nú fengið, geti þeir lagt í dýr og stórfelld ræktunarfyrirtæki.

Með umræddri sölu Hólma mundi það tvennt unnið, að bætt væri úr brýnni og aðkallandi þörf fjölmenns hreppsfélags og falið verðmæti þessarar jarðar gert þjóðfélaginu arðbært.

Nd. **32. Frumvarp**

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Magnúsi Torfasyni og Jörundi Brynjólfssyni.

Á eftir A. 4 í 2. gr. laganna komi nýr tölul.:

Skeiðabraut, frá vegamótum Suðurlandsvegar norðan Flatholts upp Skeið og Hrunamannahrepp að Brúarhlöðum.

Greinargerð.

Í frumvörpum þeim, sem undanfarin ár hafa verið borin fram um fjölgun þjóðvega, er Skeiðabrautin sú, sem langsamlega mest umferð er um.

Nú hefir Mjólkurbú Flóamanna verið stofnað, og sendir allmikill hluti hreppsins þangað mjólk sína, þegar ófærð eða snjóar tálma ekki. Hefir því nauðsyn þessa vegar margfaldazt.

Enn má geta þess, að vegur þessi mundi verða einn mest farinn ferðamannavegur.

Nd. **33. Frumvarp**

til laga um verðfestingu pappírsgjaldeyris.

Flutningsm.: Ólafur Thors, Jón A. Jónsson.

1. gr.

Svo fljótt sem við verður komið, og eigi síðar en 1. júlí 1931, skal Landsbanki Íslands gefa út og setja í umferð gullgilda, innleysanlega seðla samkvæmt ákvæðum 3.—12. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands. Seðlar þessir skulu að útliti vera greinilega frábrugðnir þeim seðlum, sem nú eru í umferð.

2. gr.

Meðan núverandi seðlar Landsbankans og ríkissjóðs og seðlar Íslandsbanka eru í umferð, skal gildi þeirra gagnvart gulli og gullgildum seðlum vera þannig, að 100 kr. í þessum seðlum, sem nefnast íslenzkar pappírskrónur, jafngildi 81 kr. og 70 au. í gullgildum seðlum og gullmynt. Eftir 31. des. 1934 skulu þessir seðlar ekki lengur vera löglegur gjaldeyrir manna í milli eða í opinber gjöld, en bankarnir skulu þó enn um 2 ár vera skyldir að innleysa seðla, sem framvísað verður, eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur.

3. gr.

Allar kröfur, skuldir og skuldbindingar, sem taldar eru í krónutali og stofnaðar eru eða stofnaðar verða á tímabilinu 7. ágúst 1914 til 1. jan. 1933, skulu lúkast í íslenzkum pappírskrónum. Eftir að seðlar samkv. 1. gr. eru komnir í umferð, skal greiðanda ávallt heimilt að inna greiðsluna alla eða nokkurn hluta hennar af hendi í gullgildum krónum, eftir því hlutfalli, að hverjar 81.70 gullkrónur jafngildi 100 kr. af þeirri upphæð, sem greiða ber í pappírskrónum.

Á sama hátt skulu allar framhaldandi greiðslur, sem taldar eru í krónum, svo sem landskuldir, húsaleiga, vextir, kaupgjald, iðgjöld og því um líkt, svo og skattar og gjöld til opinberra þarfa, lúkast í íslenzkum pappírskrónum, eða jafngildi þeirra í gullkrónum samkvæmt framansögðu, til ársloka 1932.

4. gr.

Frá ársbyrjun 1933 skulu allar greiðslur þær, sem ræðir um í 3. gr., umreiknaðar í gullgildar krónur með lækkaðri krónutölu eftir hlutfallinu 81.70 : 100. Frá sama tíma skulu allar verzlanir verðleggja vörur sínar í gullgildum krónum og ríkissjóður inna af hendi launagreiðslur í gullgildum krónum, og skulu allar upphæðir þessar lækka að krónutali eftir hlutfallinu 81.70 : 100 frá því, sem vera mundi á sama tíma, ef greitt væri í pappírskrónum.

5. gr.

Með konunglegri tilskipun má kveða nánar á um það, hverjar kröfur og skuldir skuli undanþegnar ákvæðum 3. og 4. gr. af þeirri ástæðu, að þær eru stofnaðar fyrir 7. ágúst 1914.

6. gr.

Meðan núverandi seðlar Landsbankans og seðlar Íslandsbanka eru í umferð og eru löglegur gjaldeyrir, skal báðum bönkunum skylt að innleysa þá með gullmynt eða gullgildum seðlum, ef handhafi óskar, þannig að 81.70 kr. í gullmynt eða gullgildum seðlum séu greiddar fyrir hverjar 100 kr. í núverandi seðlum. Nánari reglur um þessa innlausnarskyldu getur ráðherra sett.

7. gr.

Með konunglegri tilskipun má setja ákvæði um skiptimynt, svo sem þarf vegna framkvæmdar þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frv., er við lögðum fyrir síðasta Alþingi, að öðru en því, að frestur til framkvæmda á ákvæðum frv. er framlengdur um eitt ár.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar, er fylgdi frv. í fyrra.

Ed. **34. Frumvarp**

til laga um aukna landhelgisgæzlu.

Flutningsm.: Halldór Steinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal svo fljótt, sem verða má, láta kaupa eða byggja nýtt skip til landhelgisgæzlu.

2. gr.

Til kaupa eða byggingar skipsins skal verja fé úr landhelgissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ástæður.

Á undanförnum árum hefir landhelgisgæzlunni umhverfis landið verið mjög ábótavant, og öllum þorra landsmanna er orðið það ljóst, að til þess að smábátaútvegurinn geti þrifizt, þarf að koma gæzlunni í sæmilegt horf.

Á Alþingi 1928 var samþykkt, svo að segja í einu hljóði, að láta byggja nýtt strandvarnarskip, en reynslan hefir þegar sýnt, að þótt skipin væru þrjú, var langt frá því, að vörnin væri nægileg. Þegar nú þar við bætist, að eitt þessara skipa, »Þór«, hefir nýlega strandað og er úr sögunni, þá getur engum dulizt, að gæzlan verður algerlega ófullnægjandi með 2 skipum og því brýn nauðsyn á að kaupa eða byggja eitt skip í viðbót.

Það má telja nokkurnveginn víst, að dómi þeirra manna, er þekkingu hafa á þessum málum, að hið nýja skip mætti vera töluvert minna og að mun ódýrara en »Óðinn« og »Ægir« og mundi eigi að síður geta komið að fullum notum.

Það má segja, að fiskigöngur og fiskimið í kringum strendur landsins séu, enn sem komið er, lítt rannsökuð, en hinsvegar mundi ítarleg rannsókn á þessu sviði hafa hina mestu þýðingu fyrir vöxt og viðgang sjávarútvegsins, og væri því

mjög æskilegt, að hún þyrfti ekki að dragast lengur. Ef nú eitt skip yrði fengið í viðbót til landhelgisgæzlu, þá virðist ekki fjarri lagi að ætla, að það jafnhliða gæzlunni gæti annazt fiskirannsóknir umhverfis landið.

Nd. **35. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Bernharði Stefánssyni, Bjarna Ásgeirssyni og Pétri Ottesen.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

a. Við B. 2 í 2. gr. laganna bætist: og frá vegamótum norðan Gljúfurár að Kláffossbrú.
b. Aftan við C. 3 í 2. gr. laganna komi nýr tölul.:
Eyjafjarðarbraut, frá Akureyri að Saurbæ.

Nd. **36. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta leggja járnbraut frá Reykjavík til Ölfusár.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson, Jón Ólafsson, Einar Jónsson, Magnús Torfason, Gunnar Sigurðsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta leggja járnbraut frá Reykjavík um Hellisheiði að endastöð austan eða vestan Ölfusár. Sporvídd brautarinnar skal vera 1.067 metrar, og skal gerð hennar í aðalatriðum sniðin eftir tillögum Sv. Möllers verkfræðings.

2. gr.

Kostnaðinn við járnbrautargerðina skal greiða þannig:

a. Reykjavíkurkaupstaður kostar land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning vestan afréttar eða almennings á Hellisheiði.
b. Árnessýsla kostar á sama hátt land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning austan afréttar eða almennings á Hellisheiði.
c. Ríkissjóður leggur fram kostnaðinn að öðru leyti þannig:
1. Sem beint framlag 2½ millj. kr. Af þessu framlagi skal að minnsta

kosti 1 millj. kr. vera handbær, þegar byrjað er á verkinu, og allt að 1½ millj. kr. lagt fram með árlegum greiðslum, meðan verkið stendur yfir.

2. Sem lán til fyrirtækisins það, er til vantar.

3. gr.

Landsstjórninni er heimilt að taka fé það, er ræðir um í 2. gr. c. 2, að láni handa ríkissjóði. Sömuleiðis er henni heimilt að taka lán til greiðslu á framlagi ríkissjóðs samkvæmt 2. gr. c. 1, að því leyti, sem ekki verður veitt fé til þess í fjárlögum eða það greitt af handbærum tekjuafgangi.

4. gr.

Járnbrautin, ásamt öllum tækjum og mannvirkjum, er henni tilheyra, verður eign ríkissjóðs. Rekstri brautarinnar skal haldið uppi á kostnað ríkissjóðs, nema öðruvísi verði ákveðið með lögum. Ríkisstjórninni er veitt heimild til að ákveða með reglugerðum flutningsgjöld og fargjöld með brautinni, svo og annað það, er ákveða þarf starfrækslunnar vegna, eða til öryggis fyrir starfsfólk brautarinnar, notendur og almenning.

Í reglugerðum, er settar verða samkvæmt þessari lagagrein, má ákveða sektir fyrir brot á þeim.

Laun framkvæmdarstjóra og fastra starfsmanna við rekstur brautarinnar skulu ákveðin með lögum.

5. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefir ákveðið að ráðast í framkvæmd járnbrautarlagningarinnar, eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, láta af hendi land og mannvirki og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu brautarinnar, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917, ef samkomulag næst eigi.

6. gr.

Rekstri brautarinnar skal haga svo, að tekjur hennar svo fljótt sem unnt er nægi til þess að ávaxta og endurgreiða þann hluta stofnkostnaðarins, sem heimilað er að taka að láni samkvæmt 2. gr. c. 2.

7. gr.

Heimild þessi gengur í gildi þegar ríkisstjórnin leggur fram 1 millj. kr. samkvæmt 2. gr. c. 1, og hefir tryggt sér lánsfé það, sem hún telur þurfa til fyrirtækisins. Eigi verður þó byrjað á framkvæmd verksins, annars en undirbúnings, fyrr en á árinu 1932.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi því um þetta efni, er flutt var á Alþingi 1926 og þá var óútrætt. Aðeins er sú ein breyting gerð á frumvarpinu, að hér er gert ráð fyrir að verkið verði hafið 1932.

Ástæðurnar fyrir framkvæmdum þessa máls eru nú hinar sömu og áður, nema hvað nauðsynin á bættum samgöngum austur um Hellisheiði vex nærri með hverjum deginum, sem líður.

Til frekari skýringar er hér prentuð greinargerð sú, er fylgdi frumv. 1926:

»Árið 1894 var borið fram frumvarp á Alþingi um að leggja járnbraut á Íslandi. Var það félag nokkurra manna, sem í þetta vildi ráðast. Var fyrst og fremst til þess ætlazt, að byrjað yrði á lagningu hennar úr Reykjavík og austur í Árnessýslu, alla leið að Þjórsá. En félagið hafði líka í huga að leggja járnbraut héðan eða af Akranesi norður í land, alla leið til Eyjafjarðar. Auk þess ætlaði félagið sér að hafa skip í förum milli Englands og Reykjavíkur og eitt eða tvö skip í strandferðum hér við land. Landið skyldi greiða félaginu 50 þús. kr. á ári í 30 ár til styrktar járnbrautinni, ef hún væri lögð að Þjórsá.

Um þetta mál urðu miklar umræður á þingi, en ekki náði það fram að ganga, vafalaust mest fyrir þá sök, að málið var illa undirbúið. Það varð þá ekki útrætt. En út af umræðunum, sem urðu um málið, skýrðist það mjög mikið. Og þær munu hafa orðið til þess, að meðal nokkurra áhugasamra framfaramanna hefir málið verið vakandi, þótt róðurinn hafi seint sótzt.

Á Alþingi 1907 voru veittar 16500 kr. til þess að gera nákvæmar landmælingar, er gætu orðið lagðar til grundvallar við ákvörðun járnbrautarstæðis frá Reykjavík til Þjórsár. Fyrir þetta fé fengust nákvæmar hæðamælingar á fjallendinu öllu milli Reykjavíkur og Árnessýslu. Þorvaldur Krabbe verkfræðingur framkvæmdi svo hina fyrstu rannsókn á járnbrautarleiðinni austur um fjall eftir landsuppdráttum og með því að ferðast. Hann taldi, að hentugasta leiðin væri frá Reykjavík upp Mosfellssveit og Mosfellsdal, yfir Mosfellsheiði nyrzt, fyrir norðan og austan Þingvallavatn niður með Sogi og vestur yfir það neðan til og svo að Ölfusárbrú. Kostnaðinn við þá braut með 1 metra sporvídd taldi hann $3^1/_2$ milljón kr.

Árið 1911 veitti Alþingi 3000 kr. til framhaldsrannsóknanna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Árnes- og Rangárvallasýslu. Jón Þorláksson ráðherra, er þá var landsverkfræðingur, sá um rannsókn þessa. Þórarinn Kristjánsson verkfræðingur var síðan ráðinn til að gera mælingar og uppdrætti af undirbyggingu brautarinnar frá Reykjavík að Hvítá. Umsjón með þessum starfa hafði Jón Þorláksson. Hann rannsakaði og málið mjög ítarlega bæði hér og erlendis.

Rannsókn Jóns Þorlákssonar og Þórarins Kristjánssonar breytti ekki þeirri niðurstöðu, er Krabbe hafði komizt að um legu brautarinnar úr Reykjavík og austur á móts við Búrfell í Grímsnesi, en Jón Þorláksson telur þó um fleiri leiðir geti verið að velja. En stofnkostnað brautarinnar frá Reykjavík austur að Þjórsá taldi hann 3500000 kr.

Árið 1913 var flutt frumv. á Alþingi um að veita fjelagi heimild til þess að leggja járnbraut frá Reykjavík og austur yfir fjall. Um málið urðu miklar umræður, en ekki náði það enn fram að ganga.

Síðan þetta var hefir málið verið rannsakað mjög ítarlega. Hefir norskur verkfræðingur, Sverre Möller, aðallega haft þá rannsókn á hendi ásamt vegamálastjóra Geir G. Zoëga, og nægir í því efni að vísa til skýrslu þeirrar, er prentuð var 1924, og framhaldsskýrslu um járnbrautarmálið eftir Geir G. Zoëga, dags. 22. f. m.

Stofnkostnaður brautarinnar með vöxtum, miðað við núverandi verðlag og að brautin verði byggð á 3 árum, frá Reykjavík austur að Ölfusá, er áætlaður, samkvæmt framhaldsskýrslu Geirs G. Zoëga, 6250000 kr., en með brú á Ölfusá 6475000 kr.

Þetta er að vísu mikið fé, en þegar á það er litið, hve mikil vissa er fyrir því, að fyrirtækið geti fljótlega borið sig, líklega miklu fyrr en nokkurn varir, er það alls ekki ægilegt.

Foss skrifstofustjóri, aðalráðamaður norsku járnbrautarstjórnarinnar á þessu sviði, hefir ásamt Sverre Möller gert áætlun um rekstur brautarinnar. Er hér sett áætlun þeirra um 2. og 10. rekstrarár, samkv. framhaldsskýrslu G. G. Z

2. rekstrarár.		10. rekstrarár.	
Tekjur	kr. 421000.	Tekjur	kr. 732000
Gjöld	— 358000.	Gjöld	— 424000

Tekjuafgangur upp í vexti verður á 2. ári samkv. áætluninni 630000 kr., en á 10. ári 308000 kr. — eða 5% af stofnkostnaðinum. Er ekki hægt annað að segja en þetta sé glæsileg útkoma.

Á fyrri þingum við umræðurnar um þetta mál hefir því verið haldið fram, að brautin hefði ekki það mikinn flutning, að gerlegt gæti talizt að leggja járnbrautina. En samkvæmt skýrslu vegamálastjóra mun engin ástæða til að óttast, að brautin komi ekki tiltölulega mjög fljótt til þess að bera sig. Og rannsókn þessa máls sýnir, að erlendis hefði ekki verið talið áhorfsmál að leggja járnbraut um það land, er hefði eins mikil gróðrarskilyrði og mikla flutningaþörf eins og þessi héruð. Þó er það öldungis víst, að flutningaþörfin mun reynast miklu meiri en sú rannsókn sýnir, er gerð hefir verið um það atriði. Og fullyrða má, að sú áætlun verkfræðinganna um aukningu flutninga eftir að járnbrautin er lögð er afarvarleg. Svo varleg er sú áætlun, að flutningurinn með brautinni mun reynast miklu meiri. Ber margt til þess. Fyrst það, að ræktun landsins eystra mun aukast og margfaldast, þegar Flóaáveitan er fullgerð og svona öruggar samgöngur eru fengnar, með stofnun nýbýla og á annan hátt. En býlafjölgun er lítt hugsanleg á þessum stöðvum nema svona öruggar samgöngur fáist. Í öðru lagi myndu þessar samgöngubætur gera bændum mögulegt að húsa betur býli sín, og þar er afarmikið verkefni á Suðurlandsundirlendinu. En nú eru flutningaerfiðleikarnir það miklir, að það er að kalla óvinnandi. Þá ber á það að líta, að hingað til hefir allmikil verzlun verið á Stokkseyri og Eyrarbakka. Verzlanir þar hafa fengið allmikið af vörum sínum beint frá útlöndum. Nú eru þessar verzlanir að hætta. Við þá breyting aukast afarmikið flutningarnir austur yfir fjall. Og sú aukning

flutninga, sem af þessari breytingu stafar, hefir alls ekki komið á þær skýrslur, sem um flutningana um Hellisheiði hafa verið gerðar. Enn má benda á það, að griparækt kauptúnabúa bæði hér í Reykjavík og Hafnarfirði myndi aukast mjög mikið. Eins og kunnugt er, sækja nú Reykvíkingar hey upp í Borgarfjörð, og myndu gera miklu meira, ef þar væri engjar nærri sjó að fá. Eystra verða óþrjótandi slægjulönd á Flóaáveitusvæðinu, sem alls ekki verða notuð fyrst í stað nándar nærri til fulls af fólki búsettu eystra, ekki einu sinni þó að býlum fjölgi þar að mun. Þar er af svo afarmiklu að taka. Ættu nú Reykvíkingar og Hafnfirðingar kost á að ná til sín heyi austan yfir fjall á auðveldan hátt, myndu þeir afla sér heyja þaðan í stórum stíl. Með þessu móti myndu kaupstaðirnir hér syðra, ásamt sveitunum í grennd við kauptúnin, hafa það mikla mjólkurframleiðslu, að þeim nægði til neyzlu. Það myndi skapa þessum kauptúnum meiri heilbrigði og hollustu heldur en nú er. Ennfremur er það áreiðanlegt, að kaup á erlendu heyi myndi að mestu hætta að því er þessa kaupstaði snertir, þegar óruggar samgöngur við áveitusvæðin eystra eru fengnar.

Yfir höfuð má segja það, að íbúum héraðanna austan Hellisheiðar sé lífsnauðsyn að fá þessa samgöngubót, og þá einkum þeim, sem búa á áveitusvæðinu, eins og það er líka afarnauðsynlegt bæði fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð. Það er hvorttveggja, að bændum er nauðsynlegt að geta komið þeim afurðum, er þeir framleiða, reglulega frá sér á markað og kauptúnabúunum í þessum fjölmennu kauptúnum að fá þessar neyzluvörur sér til lífsviðurværis. Þeim miklu fjárhæðum, sem varið hefir verið til ræktunar eystra, væri illa varið, ef íbúum héraðsins kæmi það að litlum notum sökum illra samgangna, og kauptúnin hér, Reykjavík og Hafnarfjörður, liðu stóróþægindi fyrir það að ná ekki að sér þessum framleiðsluvörum bændanna. Þetta væri líka því verra, sem allt bendir til þess, að járnbraut austur yfir fjall myndi borga sig innan fárra ára.

Reynsla erlendra þjóða bendir til þess, að þar sem járnbrautir hafa verið lagðar, þá hafa þær skapað margþættar og stórkostlegar framkvæmdir. Þá fyrst hefir komið skriður á jarðræktina í þeim héruðum, er járnbrautirnar hafa legið um, og kauptúnin, sem hafa þannig öðlast samband við sveitirnar, hafa á ýmsa lund tekið stórkostlegum stakkaskiptum til framfara og menningar.

Alls þessa höfum við mikla þörf. Og eina verulega sporið, sem við getum stigið í þessa átt, er, að við leggjum járnbraut austur um Hellisheiði«.

Nd. **37. Tillaga**

til þingsályktunar um björgunar- og eftirlitsskip við Vestmannaeyjar.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá um það, að björgunar- og eftirlitsstarfinu við Vestmannaeyjar verði af hálfu ríkisins haldið áfram framvegis með sömu skilyrðum og ákvæðin voru samkvæmt þingsályktun 1926, og að til þess verði haft skip, sem ekki er verr til þess fallið en »Þór« var.

Nd. **38. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Á eftir frv.greininni komi nýr töluliður:
Kópaskersbraut, frá Kópaskersvogi að vegamótum við Brunnárbrú.

Nd. **39. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Jóni Sigurðssyni, Bernharði Stefánssyni og Magnúsi Guðmundssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
Á eftir C. 3. í 2. gr. komi nýr töluliður:
Siglufjarðarbraut, frá Siglufirði að Fljótaárbrú.

Nd. **40. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Aftan við frv.greinina bætist:
Við B. 1. í 2. gr. laganna bætist: Frá Ísafirði að Gemlufalli við Dýrafjörð, frá Þingeyri að Rafnseyri.

Til vara:
Frá Ísafirði að Gemlufalli við Dýrafjörð.

Ed. **41. Frumvarp**

til laga um sölu jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs úr jörðinni Nesi í Norðfirði.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnu samþykki sóknarprests, að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar þær 840 álnir úr jörðinni Nesi, sem eru eign Nes-

kirkju, að undanskilinni hæfilegri lóð undir íbúðarhús til prestsseturs og 2½ hektara túnstæði, er fylgja skal prestssetrinu.

2. gr.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar 340 álnir úr Nesi, sem eru eign ríkissjóðs.

3. gr.

Jarðarhluta þá, sem seldir verða samkvæmt lögum þessum, má aldrei selja úr eigu bæjarins, nema ríkið sé kaupandi.

4. gr.

Um mat á jarðarhlutum þessum og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, og laga nr. 31, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, þó þannig, að söluverð þeirra 340 álna, er ríkissjóður á, verði eigi lægra en 9500 krónur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis og þetta var borið fram á síðasta Alþingi, en náði þá ekki fram að ganga. Meginástæða til þess, að frv. náði ekki samþykki síðasta þings, var, að ekki var þá hægt að láta fylgja umsögn sóknarprests. Nú hefir málið verið rætt við sóknarprestinn, og fylgir hér með, í eftirriti, yfirlýsing frá honum, þar sem hann mælir með sölunni, ef fullnægt verður þeim skilyrðum, er hann setur.

Skilyrði sóknarprestsins eru:

1. Að undanskilin sölunni verði hæfileg lóð undir íbúðarhús til prestsseturs, ásamt 2½ hektara túnstæði á þeim stað, er núverandi sóknarprestur og bæjarstjórn koma sér saman um.
2. Að ríkissjóður (eða kirkjujarðasjóður) byggi eða kaupi sæmilegt íbúðarhús og afhendi sóknarpresti sem prestssetur með aðgengilegum kjörum, sem gilda skulu fyrir eftirkomandi presta.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi þessu máli á síðasta þingi. (Sjá Alþt. 1929, þskj. 53).

Fylgiskjal I.

(Afrit).

Ég Jakob Jónsson, prestur að Nesi í Norðfirði, gef hér með samþykki mitt til þess, að prestssetursjörðin Nes verði seld Neskaupstað í Norðfirði, ef

samkomulag næst milli mín og kirkjustjórnarinnar um skipun á málum prestakallsins framvegis.

Nesi í Norðfirði, 13. jan. 1930.

Jakob Jónsson.

Fylgiskjal II.

Útskrift úr gerðabók bæjarstjórnarinnar í Neskaupstað, Norðfirði.

Ár 1930, miðvikudaginn 8. janúar, kl. 8 e. h. var aukafundur haldinn í bæjarstjórn Neskaupstaðar, í samkomusal bæjarstjórnar.

Mættir voru, auk bæjarstjóra, bæjarfulltrúarnir Ingvar Pálmason, Páll G. Þormar, Jón Sveinsson, Pétur Waldorff, Jónas Guðmundsson, Stefán Guðmundsson, Sigdór V. Brekkan, Jón Sigurjónsson.

Fundurinn hafði verið auglýstur á venjulegan hátt og bæjarfulltrúunum send dagskráin.

Fyrir var tekið:

.....

III. Þriðja mál á dagskrá. Kaup á jarðarhluta kirkjunnar og ríkissjóðs í landi kaupstaðarins. Kom fram svofelld tillaga:

1. Bæjarstjórnin samþykkir að fela þingmönnum kjördæmisins að fara fram á, þegar á næsta Alþingi, kaup á eignarhlutum ríkissjóðs og kirkju í landi kaupstaðarins.

Borin upp og samþykkt í einu hljóði.

.....

Fleira ekki fyrir tekið.

Gerðabókin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið $12^1/_2$.

Kristinn Ólafsson.

Jón Sveinsson. Páll G. Þormar. Jónas Guðmundsson.
Stefán J. Guðmundsson. Pétur L. Waldorff. Sigd. V. Brekkan.
Ingvar Pálmason. Jón Sigurjónsson.

Rétta útskrift staðfestir.

Bæjarstjórinn í Neskaupstað, 9. janúar 1930.
Kristinn Ólafsson.

Nd. **42. Frumvarp**

til laga um rafmagnsdeild við vélstjóraskólann í Reykjavík.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Við vélstjóraskólann í Reykjavík skal vera sérstök rafmagnsdeild í tveim ársdeildum.

Er próf tekið að loknu námi í hvorri ársdeild fyrir sig, og nefnast þau árspróf og burtfararpróf.

Stjórnarráðið ræður kennara í samráði við skólastjóra, og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

2. gr.

Við árspróf skal gera þessar kröfur:

1. Í stærðfræði: Kunnátta í almennum talna- og bókstafareikningi, flatar- og rúmmálsfræði.
2. Í eðlisfræði: Kunnátta í aflfræði, hljóðfræði, ljósfræði, hitafræði og raf- og segulfræði.
3. Í vélfræði: Að þekkja frumatriði vélfræðinnar, almenna vélahluti, einkanlega með tilliti til rafvéla; svo og ýmsar algengar aflvélar.
4. Í teikningu: Að geta gert uppdrætti af einföldum vélahlutum eftir ákveðnum mælikvarða.
5. Í íslenzku: að geta gert íslenzkan stíl um almennt efni skýrt og villulítið.
6. Í dönsku: Að geta lesið og þýtt létt mál.

3. gr.

Við burtfararpróf skal gera þessar kröfur:

Í raffræði: Þekking á undirstöðuatriðum raffræðinnar og einföldum rafmælingum, á rafhlöðum og allskonar rafvélum og raftækjum, gerð þeirra, uppsetning og gæzlu; ennfremur kunnátta í allskonar raflagningu. Prófsveinar skulu geta fundið orsakir algengra bilana á tækjum þessum og lögnum; þeir skulu geta áttað sig á tengimyndum. Auk þess skulu þeir kunna að deyfa útvarpstruflanir raftækja og véla. Þeir skulu þekkja lög og reglugerðir um allt, er að þessu lýtur; ennfremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er getur stafað frá rafmagni, og kunna að gera einfaldar lífgunartilraunir.

Auk þess er krafizt í öðrum greinum þess, sem nauðsynlegt er til fulls skilnings á raffræðinni.

4. gr.

Árspróf er skriflegt og munnlegt, en burtfararpróf er auk þess verklegt. Prófin skulu haldin af prófnefnd, sem er skipuð forstjóra vélstjóraskólans og tveim prófdómendum, er fræðslumálastjórnin skipar; skulu þeir báðir hafa próf frá að minnsta kosti jafngildum skóla og þessi er.

Prófdómendur velja prófverkefni, en kennari í hverri grein heldur hið munnlega og hið verklega próf.

Kennarar dæma um kunnáttu nemenda, hver í sinni grein, ásamt prófdómendum.

5. gr.

Sá einn má ganga undir árspróf, sem:

1. hefir unnið við raflagnir og rafvélar í 3 ár eftir 15 ára aldur hjá þeim rafvirkjameisturum, sem stjórnarráðið tekur gilda;
2. sýnir vottorð frá iðnmeistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi;
3. hefir stundað nám í skólanum einn vetur.

6. gr.

Sá einn má ganga undir burtfararpróf, sem hefir setið í báðum ársdeildum.

7. gr.

Undanþágu frá 3. lið 5. gr. og frá 6. gr. má þó veita þeim, sem getur fært sönnur á, að hann hafi hlotið nægilega þekkingu og þroska til þess að geta gengið undir prófið, enda sendist umsókn hans um það til forstjóra vélstjóraskólans mánuði áður en próf hefst. Skulu umsókninni fylgja, auk áðurnefndra vottorða, skírnarvottorð umsækjanda og vottorð frá þeim, er hafa kennt honum.

8. gr.

Stjórnarráðið setur í reglugerð ákvæði um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kennslunnar, próf o. fl.

9. gr.

Sá einn má setjast í eldri deild, sem hefir staðizt árspróf eða vélstjórapróf.

10. gr.

Þeim, sem hefir náð burtfararprófi, skal veitt skírteini um það. Skírteini eru tvennskonar: annað fyrir þá, sem hafa unnið 3 ár hjá rafvirkjameistara og síðan stundað nám í báðum ársdeildum; hitt er fyrir þá, sem hafa tekið vélstjórapróf og aðeins setið í eldri deild. Í skírteininu skal telja þær kennslugreinar, sem nemandinn hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn hans, og jafnframt bæði hina lægstu einkunn, er krafizt er til að standast prófið, og þá hæstu, sem unnt er að ná. Skírteinið skal undirritað af forstjóra vélstjóraskólans og hinum skipuðu prófdómendum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi með svofelldri greinargerð:

Frumvarpið er flutt eftir ósk stjórnar Vélstjórafélags Íslands og fylgja

því meðmæli stjórna Rafvirkjafélags Reykjavíkur og Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur og svo látandi greinargerð frá þeim, sem hafa samið það:

Rafmagnsnotkun hefir á síðustu árum farið mjög í vöxt hér á landi, og hafa menn fundið tilfinnanlega þörfina á ítarlegri kennslu hér fyrir rafvirkja. Þeir, sem hafa viljað afla sér svipaðrar kunnáttu í þessari iðngrein og erlendir starfsbræður þeirra hafa, hafa orðið að sækja hana til annara landa, og hefir það orðið þeim mjög kostnaðarsamt og tímafrekt, bæði sökum ferðakostnaðar og vegna þess, að þeir urðu fyrst að læra hið erlenda tungumál til hlítar, áður en þeir gátu notið kennslunnar þar. Af sömu ástæðu myndu opinberir styrkir til náms í þessari iðngrein notast betur, ef þeim væri varið til náms við innlendan skóla, eða geta verið lægri. Fjölgun við iðn þessa hefir á síðustu 7 árum verið að meðaltali 10—12 manns á ári hverju, en gera má ráð fyrir, að tala þessi muni aukast mjög á næstu árum, sem ekki mun af veita til að fullnægja væntanlegri þörf fyrir slíka menn. Fyrirhuguð er stórkostleg aukning á rafvirkjun og rafmagnsnotkun í þessu landi, og þar á meðal á mikilli útbreiðslu útvarpstækja, á næstu árum. Þetta frumvarp um rafmagnskennslu er fram komið til þess að sjá landinu í tæka tíð fyrir nægilega mörgum hæfum innlendum mönnum, sem eru vaxnir þeim verklegu viðfangsefnum, sem á komandi árum verða lögð fyrir þá á þessu sviði. Á þann hátt á að reyna að koma í veg fyrir þau mistök, slys og önnur vandræði, sem af því gætu hlotizt, að kunnáttulitlir menn yrðu almennt látnir vinna við jafnstórhættulegt náttúruafl og rafmagnið getur verið, sér í lagi ef um stórar virkjanir er að ræða, og þannig á að draga úr húsbrunum, sem stöfuðu frá rafmagni, og yfirleitt að tryggja, að raflagnir yrðu framkvæmdar á nægilega öruggan og endingargóðan hátt.

Rafmagnsnotkun hefir líka aukizt hröðum skrefum, bæði á farþegaskipum okkar og fiskiskipum, þar sem hvert skip, svo að kalla, hefir sína ljósastöð. Þetta útheimtir meiri þekkingu hjá vélstjórunum í rafmagnsfræði heldur en krafizt hefir verið samkvæmt reglugerð vélstjóraskólans. Auk þess má telja það víst, að á næstunni verði farið að nota hér skip með Dieselvélum, en til þess að gæta þeirra, svo að í lagi sé, þarf mun meiri rafmagnskunnáttu en nú er hægt að afla sér hér á landi, vegna hins mikla rafmagnsútbúnaðar slíkra skipa. Jafnbrýn er þörfin á ítarlegri rafmagnskunnáttu þeirra vélstjóra, sem eiga að annast vélgæzlu á stórum rafstöðvum í landi, bæði raforkustöðvum og ýmiskonar iðnaðarverksmiðjum.

Ef kennsla sú í rafmagnsfræði, er þetta frumvarp fjallar um, yrði ekki sett hér á stofn mjög bráðlega, er varla annað sjáanlegt en að annaðhvort yrði að sækja kunnáttumenn í þessari iðngrein til annara landa eða að ríkið yrði að kosta fjölda manna til að afla sér frekari menntunar á þessu sviði erlendis, sem yrði mjög kostnaðarsamt og að ýmsu leyti óheppilegt.

Við höfum talið það einfaldast og fjárhagslega séð hagkvæmast, að hin væntanlega rafmagnskennsla færi fram í vélstjóraskólanum, í sérstakri rafmagnsdeild. Mætti búast við, að fyrstu árin yrðu um 40 menn í deildinni (15 í 1. bekk og 15+10 (vélstjórar o. fl.) í 2. bekk). Kostnaðurinn af deildinni yrði aðallega fólginn í húsaleigu og kennaralaunum fyrir 60 kennslustundir (30 í hvorum bekk)

á viku í 6—7 mánuði, og yrði varla meiri en 10000 kr. árlega, sem er mjög lítið samanborið við það gagn, sem af því fengist og sem hefir verið nefnt hér að framan. Við samningu þessa frv. höfum við stuðst við skýrslur frá viðurkenndum skólum í nágrannalöndunum, en tekið sérstakt tillit til staðhátta hér og þeirra framkvæmda, sem eru væntanlegar hér á næstu árum. Burtfararpróf rafmagnsdeildarinnar, sem frv. fjallar um, á að samsvara því, sem t. d. í Danmörku er nefnt »Den kommunale Elektro-Indstallatörprøve«. Að öðru leyti er frv. samið með hliðsjón af lögum um stofnun vélstjóraskóla í Reykjavík.

Við höfum nefnt deildina rafmagnsdeild, þótt við hefðum frekar kosið, að hún hefði borið heitið rafvirkjadeild og burtfararprófið rafvirkjapróf, en ástæðan til þess er bæði sú, að deildin er ekki aðeins ætluð fyrir rafvirkja, heldur líka til að veita vélstjórum aukna rafmagnskunnáttu, og að þótt orðið »rafvirki« hafi upphaflega átt að vera þýðing á því, sem á hinum Norðurlandamálunum er nefnt »Elektro-Installatör«, þá hefir það á síðustu árum og í nýsaminni iðnaðarlöggjöf líka verið notað um þá, sem á Norðurlöndum eru nefndir »Elektriker«, sem hefði á íslenzku átt að heita raflagningamaður, rafleggjari eða rafsveinn eða þ. l., þ. e. sá maður, sem er orðinn sveinn í þessari iðn (hefir unnið í 4 ár hjá iðnmeistara og gengið jafnhliða á fyrirskipaðan kvöldskóla (iðnskóla)). Til þess að geta orðið »Elektro-Installatör«, þarf sveinninn svo, á Norðurlöndum o. v., að ganga á annan skóla og taka burtfararpróf þaðan, svonefnt »Elektro-Innstallatörprøve«. Vegna þess að hér hefir ekki verið til neinn slíkur skóli eða slíkt próf, hefir nokkrum sveinum, eftir nokkurra ára starf í iðninni, verið veitt sömu réttindi og »Elektro-Installatörum« eru veitt annarsstaðar, þótt sveinarnir hafi hér ekki gengið í neinn framhaldsskóla. Af þessum ástæðum hefir orðið ruglingur á rafvirkjaheitinu. Ekki hefir þótt rétt að nefna »Elektro-Installatör« raffræðing, því það hefir áður verið notað um menn með talsvert meiri menntun, t. d. menn, sem eiga að geta reiknað út rafvélar o. fl. (»Elektro-Konstruktör«), enda liggur það líka í orðinu »fræðingur«, að átt sé við sérstaklega bóklega menntaðan mann, og síður að um handiðnarmann sé að ræða. Til þess að verða ekki til að auka glundroða þann í notkun heita þessara, sem orðinn er, og sem oft er hætt við að leiði til rangrar verkaskiptingar, þá höfum við nefnt deildina hinu almenna nafni: rafmagnsdeild.

Það er óþarfi að ræða ítarlega innihald einstakra greina í frumvarpinu; þó skal þess getið, að orðin raftæki og raflagnir í 3. gr. fela í sér útvarpstæki og loftskeytatæki og útvarpslagnir og lagnir loftskeytatækja á skipum. Það kann að virðast ósamræmi í því, að í 5. gr. er sett 3 ára vinnuskilyrði, en í iðnaðarlöggjöfinni er 4 ára krafizt til þess að geta orðið sveinn. Ástæðan til þess er sú, að við vildum gefa mönnum með 3 ára vinnunámi kost á að geta stundað nám við rafmagnsdeildina og svo unnið eitt ár eftir burtfararpróf frá rafmagnsdeildinni, áður en þeir verða sveinar. Það gæti oft verið mjög gagnlegt. Ákvæðið í 7. gr. á að geta sparað mönnum, sem hafa allmikla menntun á þessu sviði, bæði kostnað og tíma við að sitja á bekkjunum heilan vetur. Það má búast við, að margir þeirra, er þegar hafa fengið full réttindi til að annast raflagnir, muni vilja sitja í 2. bekk deildarinnar eða taka burtfararprófið; fyrir þá myndi þetta ákvæði verða mjög gagnlegt. Það ætti líka að verða notað af ýmsum lagtækum

og framtakssömum mönnum víðsvegar í landinu, sem hafa aflað sér talsverðrar sjálfsmenntunar, til að koma upp einföldum raflögnum í sínu byggðarlagi, þannig að þeir þyrftu ekki að sitja heilan vetur í 1. bekk rafmagnsdeildarinnar. Ákvæðið í 9. gr. heimilar vélstjórum að stunda nám í 2. bekk deildarinnar og taka burtfararpróf, án þess að hafa setið í 1. bekk eða tekið 1. bekkjarpróf, því þeir hafa í vélstjóraprófinu verið reyndir í hinu sama og krafizt er til 1. bekkjarprófs rafmagnsdeildarinnar. Í 10. gr. er ákvæðið um tvennskonar prófskírteini sett til þess að gerður yrði greinarmunur á þeim, sem hafa áður unnið minnst 3 ár hjá rafvirkjameistara, og vélstjórum, sem ekki hafa gert það, og er meiningin sú, að vélstjórum með burtfararprófi rafmagnsdeildar er ekki ætlað að vinna við almenn rafvirkjastörf í landi, heldur aðeins við raflagnir og rafvélar í skipum eða við gæzlu rafvéla á raforkustöðvum eða iðnaðarverksmiðjum.

Reykjavík, 14. marz 1929.

Steingrímur Jónsson. E. M. Jessen. G. Briem. Ágúst Guðmundsson. G. J. Fossberg. G. Þorsteinsson.

Fylgiskjal I.

RAFVIRKJAFÉLAG REYKJAVÍKUR
Reykjavík.

Reykjavík, 15. marz 1929.

Vér höfum meðtekið til umsagnar frumvarp ásamt greinar- og reglugerð um stofnun rafmagnsdeildar við vélstjóraskólann í Reykjavík, og er oss ánægja að láta álit vort í ljósi um þetta.

1. Að stofnun deildarinnar er lausn á knýjandi þörf rafvirkjastéttarinnar, og 2. að stofnun hennar þoli enga bið og að heppilegt sé að bæta deild þessari við vélstjóraskólann öðrum skólum fremur.

Vér vonum því, að hið háa Alþingi sjái sér fært að samþykkja frumvarp þetta eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst

Stjórn Rafvirkjafélags Reykjavíkur.

Jóh. Kristjánsson. Sigurður P. J. Jakobsson. Ögm. Sigurðsson.

Til Vélstjórafélags Íslands, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

IÐNAÐARMANNAFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK.

Reykjavík, 12. marz 1929.

Að gefnu tilefni er það álit vort, að það muni hafa mjög mikla þýðingu, að rafmagnsdeild verði stofnuð í sambandi við Vélstjóraskólann í Reykjavík, og viljum því hér með gefa því okkar beztu meðmæli, að svo mætti verða.

Virðingarfyllst

Í stjórn Iðnaðarmannafél. í Reykjavík.

Jón Halldórsson. Guðm. H. Þorlákssou. Sigurður Halldórsson.

Nd. **43. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Einari Jónssyni og Gunnari Sigurðssyni.

1. Framan við frv.greinina komi:
   Í stað orðsins »Landeyjar« í 2. gr. A. 1. komi: Hvolhrepp inn Fljótshlíð að Teigi, yfir Þverá og Aurana austur yfir Markarfljót, um . . .
2. Aftan við frv.greinina bætast 2 nýir töluliðir:
   a. Landbraut. Af þjóðveginum hjá Meiritungu í Holtum upp Land um Fellsmúla að Galtalæk.
   b. Árbaugsvegur. Frá þjóðveginum hjá Ægissíðu um Bjóluhverfi niður í Þykkvabæ.

Nd. **44. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Sveini Ólafssyni og Halldóri Stefánssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
Á eftir D. 4. í 2. gr. laganna komi nýr töluliður:
Úthéraðsvegur, frá Eyvindarárbrú um Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá að Óshöfn.

Nd. **45. Frumvarp**

til laga um háskólakennara.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson og Magnús Jónsson.

1. gr.

Þegar dócentar við Háskóla Íslands hafa starfað í embætti um 6 ár, verða þeir prófessorar með sömu réttindum og skyldum sem aðrir prófessorar háskólans. Þó skal ekki greiða þeim hærri launaviðbót en svo, að samanlögð laun og aukatekjur embættisins verði jafnt prófessorslaunum.

2. gr.

Nú hefir dócent starfað í embætti sínu lengur en 6 ár, þegar lög þessi öðlast gildi, og skulu þá laun hans vera þau sömu sem þau mundu verið hafa, ef lög þessi hefðu gilt frá því er hann tók við embætti við háskólann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram í neðri deild á síðasta þingi og var samþykkt þar eins og það nú er orðað, en varð ekki útrætt í efri deild.

Vísast til greinargerðar á þskj. 99 1929.

Nd. **46. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Stafliður e. í 9. gr. nefndra laga orðist svo:

Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimafræðslu hafa í árslaun 500 kr., auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur.

2. gr.

Í stað síðari málsliðar fyrri málsgreinar 11. gr. kemur:

Helmingur þeirra launa, sem talin eru í d-lið sömu greinar, greiðist af ríkisfé, en helmingur úr sveitarsjóði. Til farkennaralauna samkvæmt e-lið

greiðast úr ríkissjóði 350 kr., en úr sveitarsjóði 150 kr., auk þeirra hlunninda, sem farkennarar njóta.

3. gr.

Laun farkennara greiðast í fyrsta sinn eftir þessum lögum fyrir skólaárið 1929 til 1930.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og hafði öruggt fylgi í báðum deildum, en varð ekki afgreitt af annarlegum ástæðum, sem verða ekki raktar hér. Um ástæður fyrir frv. vísast til greinargerðar og umræðna á síðasta þingi.

Nd. **47. Frumvarp**

til myntlaga.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson, Halldór Stefánsson, Hannes Jónsson.

1. gr.

Gull er sá verðmælir, sem íslenzkur gjaldeyrir miðast við. Eining gjaldeyrisins nefnist króna. Krónan skiptist í eitt hundrað aura.

2. gr.

Eitt kílógramm af skíru, ómyntuðu gulli skal jafngilda 3037 krónum.

3. gr.

Landsbankanum og Íslandsbanka er skylt að innleysa seðla þá, er bankarnir hvor um sig hafa gefið út, með gulli, ef þess er krafizt, þegar fjármálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum bankaráðs Landsbankans.

4. gr.

Landsbankanum er skylt að kaupa gull með því verði, sem ákveðið er í 2. gr., að frádregnum $^1/_2$%, frá þeim tíma, er gullinnlausn gengur í gildi samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Innflutningur og útflutningur gulls er öllum frjáls.

6. gr.

Um gullmynt, er ríkisstjórnin lætur slá, skal ákveða í reglugerð, er fjármálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum bankaráðs Landsbankans. Þar skal ákveðið um stærð gullmyntar, blöndunarhlutföll og um slitna mynt og

skaddaða. Gullmynt sú, sem ríkisstjórnin lætur slá, skal vera löglegur gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin peningalög frá 23. maí 1873 og lög nr. 9, 27. maí 1925, um framlenging á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverzlun og breyting á þeim og þau önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða frv., sem flutt var á síðasta þingi, og vísast um ástæður til greinargerðar þess frv. (Alþt. 1929 A., þskj. 96) og umræðna um það. En vegna tillagna, sem fram komu á síðasta þingi í sambandi við verðfestingu núgildandi gjaldeyris, um að taka upp myntteiningu, sem svaraði til gömlu Norðurlandakrónunnar, og umreikna allar núgildandi kröfur og skuldbindingar í þá mynt, hefir álits prof. Gustav Cassels verið leitað, og fer umsögn hans hér á eftir.

Fylgiskjal.

Álit um gengismál Íslands

eftir prof. *Gustav Cassel.*

Ég hefi verið beðinn að láta í ljós álit mitt um eftirfarandi atriði:

1. Hvaða kosti hefir það í för með sér, ef íslenzka krónan verður verðfest, að það sé þá gert með því móti að taka upp aftur gömlu Norðurlandakrónuna og umreikna allar núgildandi kröfur og skuldbindingar?
2. Ef sú ákvörðun yrði tekin að umreikna allar núgildandi kröfur og skuldbindingar í því skyni að taka upp aftur gömlu Norðurlandakrónuna sem myntteiningu, — hvað væri þá bezt: *að* framkvæma þennan umreikning samstundis, — *að* láta bæði núgildandi krónu og Norðurlandakrónuna gilda samhliða nokkur ár, — eða *að* fresta umreikningnum þangað til norræna myntsambandið yrði endurnýjað?

Til þess að svara þessum spurningum, er nauðsynlegt að gera sér fyrst ljóst, hvað átt er við með hugtakinu »Norðurlandakrónan«. Í raun og veru er ekki til neinn sameiginlegur gjaldeyrir fyrir Norðurlönd. Norðurlöndin þrjú hafa hvert sinn sjálfstæða gjaldeyri. Hið eina, sem þeim er sameiginlegt, er hið »teoretiska« gulljafngengi. Að öðru leyti hafa gjaldaurarnir hver um sig sjálfstætt gildi, sem venjulega breytist innan þröngra takmarka í nánd við gulljafngengið. Erlendis eru gjaldaurar Norðurlanda líka skráðir hver fyrir sig og með mismunandi gengi. Meðan gildi gjaldauranna er haldið í námunda við gulljafngengið, helzt gengismismunurinn innan ákveðinna, allþröngra takmarka. Þó er

þetta algerlega undir því komið, hvort það tekst að halda gjaldaurunum í gullgildi. En fyrir því er engin trygging. Hver þessara þriggja gjaldaura getur fallið niður fyrir ákvæðisverð svo um munar, ef ófriðarástand, innanlandsóeirðir eða fjárhagsörðugleikar neyða veika gjaldeyrisstjórn til að gefa upp vörnina fyrir gulljafngenginu. Reynslan um, að svo getur farið, er öllum í of fersku minni til þess að nokkur leyfi sér að telja slíkan möguleika of fjarlægan til þess, að það þurfi að taka tillit til hans.

Það, sem menn nefna norrænt myntsamband, getur engu breytt um þessa óvissu. Myntsamband getur hvenær sem er farið út um þúfur, og hlýtur að bresta jafnskjótt og einhverju myntsambandslandi mistekst að varðveita gjaldeyri sinn. Að öðru leyti er það og vafasamt, í hverju myntsamband fyrir Norðurlönd mundi fólgið, þó það kæmist á. Sameiginleg notkun gullmyntar mundi varla koma til greina, því notkun gullmyntar sem gjaldmiðils er nú að mestu lokið, enda vinnur það á móti þeirri stefnu, sem varðar hagsmuni allra þjóða, að takmarka sem mest eftirspurn á gulli til peningaslátta. Þá er og heldur ekki mikið útlit fyrir sameiginlega notkun á skiptimynt, og ekki sýnist reynslan, sem fengin er í þeim efnum, hvetja til eftirbreytni. Eftir er þá seðlaumferðin. Það, hvort þjóðbankaseðlar eins landsins geti verið í umferð í öðru landinu, er mest undir því komið, hvort þjóðbankarnir vilja taka við seðlum hvers annars fyrir ákvæðisverð og selja hver öðrum ávísanir án affalla. Samningar um slíkt mundu jafnan vera gerðir til bráðabirgða og hlytu auðvitað að falla úr gildi, jafnskjótt og gildi einhvers gjaldauranna fjarlægðist jafngengið að mun.

Á þessum grundvelli verður að athuga spurninguna um það, hvort Ísland á að taka upp hina svonefndu Norðurlandakrónu. Það þarf vart að gera ráð fyrir því, að nokkrum komi til hugar, að slík ráðstöfun hefði í för með sér neitt í þá átt, að Ísland hefði þá ekki lengur sjálfstæðan gjaldeyri, sem landið sjálft beri eitt ábyrgð á að varðveita. Sambandið yrði þá ekki í öðru innifalið en því, að Ísland tæki upp mynteiningu, sem hefði sama gullgildi og hinar Norðurlandakrónurnar. Ef myntsambandið nær ekki lengra, þá hefði Ísland sinn eiginn gjaldeyri, sem erlendis yrði skráður sérstaklega og venjulega við verði, sem ekki væri hið sama og á öðrum norrænum gjaldeyri. Þegar menn á Íslandi vildu greiða fé til Norðurlanda, yrðu þeir að kaupa þarlendan gjaldeyri. Hvort gengið er þá einhversstaðar nálægt 100, skiptir engu máli, frá hvaða hagnýtu sjónarmiði sem litið er.

Sé nú þess óskað að stíga feti framar og reyna að halda íslenzkum gjaldeyri í algerðu jafngengi við einhverja Norðurlandamynt, eða þær allar þrjár, ef þeirra á milli væri innbyrðis jafngengi, þá yrði þjóðbankinn íslenzki að baka sér vissan kostnað, ef hann ætlar stöðugt að tryggja þetta jafngengi. En það er lítil ástæða til að taka á sig slíka byrði. Þess má krefjast, að þjoðbanki haldi gjaldeyri sínum nálægt gullgildi innan ákveðinna takmarka. Bankinn getur þá haldið sér skaðlausum með ákveðnum mismun á kaup- og sölugengi, og þótt þessi munur verði að vera lítill, þá verður hann þó að vera nægilegur til þess að standast kostnað af nauðsynlegri gjaldeyrisverzlun. En eigi nú samt, í hvað sem slæst, að reyna að halda uppi algerðu jafngengi, er ekki unnt að fá upp í kostnaðinn og þjóðbankinn verður þá að bera hann.

Fyrir Ísland virðast kostir slíks fyrirkomulags hverfandi litlir. Ferðamannastraumur milli Íslands og Norðurlanda er ekki svo sérstaklega mikill, og Íslendingar, sem til Norðurlanda ferðast, geta alveg eins vel keypt Norðurlandamyntir á sama hátt og þegar þeir vegna annara ferða verða að kaupa annan útlendan gjaldeyri. Fyrir viðskipti Íslands og Norðurlanda sýnist algert jafngengi varla vera mikilsvert. Það eru vissulega allt aðrar aðstæður, sem ráða því, hvað mikil viðskipti Ísland hefir við Norðurlönd.

Höfuðástæðan gegn því, að nokkurt samband sé stofnað milli íslenzks gjaldeyris og Norðurlandamyntanna, er það, sem þegar hefir verið drepið á, að engin trygging er fyrir því, að Norðurlandamyntirnar haldi framvegis núverandi gullgildi sínu. Ástæður, sem Ísland ræður ekki við á neinn hátt, og sem Ísland ætti að geta haldið sér nokkurn veginn fyrir utan, geta orðið til að rýra verðgildi einnar eða annarar Norðurlandamyntarinnar. Það sýnist ekki vera nokkur ástæða til, að Ísland fari að taka á sig þau óþægindi, sem hverskonar myntsamband við framandi land hlýtur að hafa í för með sér, þegar þetta framandi land ekki lengur getur haldið gjaldeyri sínum í fullu gullgildi. Auðvitað eiga þessi ummæli ekki að gefa það í skyn, að Norðurlandagjaldaurar séu ótryggari eða þeim hættara við verðfalli en öðrum gjaldaurum í Norðurálfunni, heldur er ætlunin sú, að benda á, að hvaða ríki sem er hefir yfirleitt meiri skaða en gagn af myntsambandi við annað ríki.

Fyrir Ísland er það því ótvírætt hagkvæmlegast að halda sinni núverandi mynteining óbreyttri. Kostir þess verða enn ljósari, þegar athugað er, hvílíkir feikna erfiðleikar því eru samfara að breyta til um mynteiningu. Þessir erfiðleikar eru í rauninni svo miklir, að ekkert land ætti að leggja það á sig, nema af alveg þvingandi ástæðum.

En ef Ísland nú þrátt fyrir allt þetta skyldi ákveða að taka upp nýja mynteiningu með sama gullgildi og Norðurlandakrónurnar hafa, þá er rétt að framkvæma þá breytingu samstundis. Sú hugmynd, að unnt sé að draga úr erfiðleikunum með því að fresta hinni endanlegu breytingu, styðst ekki við annað en þann almenna mannlega veikleika, að halda, að erfiðleikarnir verði minni við það að slá þeim á frest. Alveg sérstaklega varhugaverð sýnist sú hugmynd vera, að Ísland hafi tvennskonar gjaldeyri í umferð í senn um lengri tíma. Þesskonar »paralellmyntfotsystem« er algerlega óhafandi og ætti ekki undir neinum kringumstæðum að koma til greina.

Djursholm, 4. jan. 1930.

Gustav Cassel.

Nd. **48. Frumvarp**

til laga um breyting á póstlögum, nr. 5, 7. maí 1921.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. í f.-lið 11. greinar kemur ný málsgr., er svo hljóðar:

Í bæjum, þar sem póstur er borinn út, er burðargjaldið allt árið undir hvert ½ kílógramm ... ... 15 aurar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það virðist einsætt að taka ekki sama burðargjald fyrir blöð og tímarit innan bæjar, þar sem póstur er borinn út, eins og tekið er fyrir að flytja þessar póstsendingar út um allt land. Er alveg augljóst, að munur á burðargjaldi eftir árstíðum nær engri átt innan bæja. Þessi munur á burðargjaldi innan bæjar og út um land allt er gerður víða í sömu lögum. — Um rýrnun á tekjum póstsjóðs af þessari lagabreyting er ekki að ræða, því að núverandi burðargjald hefir nálega alveg útilokað það, að póstur sé látinn bera út blöð og tímarit í bæjum. Hér myndi því hefjast að mestu leyti ný starfsemi. Burðargjaldið er miðað við það, sem venjulega mun tekið hér fyrir að bera út tímarit, og ætti þó póstur að geta gert þetta fyrir minna verð en aðrir og því heldur hagnast á þessu.

Nd. **49. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Þorleifi Jónssyni.

Á undan frumvarpsgreininni komi:

Á eftir A. 1. í 2. gr. laganna komi nýr töluliður:

Hafnarvegur, frá Höfn í Hornafirði að mótum vegarins til Almannaskarðs.

Ed. **50. Frumvarp**

til laga um ríkisborgararétt.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

Ríkisborgararéttur veitist:
Harald Elisar Svendsaas, fæddum í Noregi.

Greinargerð.

Harald Elisar Svendsaas vélstjóri er fæddur í Tromsö í Noregi 1. okt. 1891. Flutlist til Neskaupstaðar 1924 og hefir dvalið þar síðan. Giftist 1925 íslenzkri konu; þau eiga 2 börn.

Nd. **51. Frumvarp**

til laga um kosning þingmanns fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson og Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Siglufjarðarkaupstaður skal vera sérstakt kjördæmi og kjósa einn alþingismann. Þegar þannig hefir bætzt við þingmaður, breytist tala þeirra þingmanna, er skipa neðri deild Alþingis.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu almennar óhlutbundnar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Siglfirðingar óska þess eindregið, að Siglufjörður verði gerður að sérstöku kjördæmi og skilinn frá Eyjafjarðarsýslu. Er bærinn miðstöð síldarútvegs og þorskveiða á Norðurlandi og í öðrum vexti. Mannfjöldi var þar í árslok 1928 1760 og fjölgar um nálega 100 manns á ári. Mannfjöldinn er þó miklu meiri yfir sumartímann. Þessi 6 sérstök kjördæmi höfðu í árslok 1928 færri eða hér um bil sömu tölu íbúa: Seyðisfjörður 939, Mýrasýsla 1805, Dalasýsla 1737, Strandasýsla 1815, Austur-Skaftafellssýsla 1139, Vestur-Skaftafellssýsla 1824.

Innfluttar vörur til Siglufjarðar beint frá útlöndum árið 1926 voru 2305 þús. kr. og er þó mikið af erlendum vörum flutt frá Reykjavík, en útfluttar vörur

voru 5739 þús. kr., og sýnir þetta, hversu mikil framleiðslumiðstöð Siglufjörður er, enda er verzlunarveltan álíka mikil og á Akureyri og miklu meiri en í öðrum kaupstöðum landsins, sem eru nú allir sérstök kjördæmi, að Norðfirði undanteknum. Atvinnulíf bæjarins er yfirleitt ólíkt sýslunnar, og eðlilegt, að þá sé sérstakur þingmaður fyrir bæinn.

Nd. **52. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 16, 17. maí 1928 [Laun embættismanna].

Frá fjárhagsnefnd.

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að endurskoðun á launakjörum embættismanna getur ekki farið fram á þessu þingi, telur nefndin sjálfsagt að framlengja ákvæði umræddra laga um dýrtíðaruppbót á launum embættismanna.

Meiri hluti nefndarinnar (HV, ÓTh og SE) vill þó eigi, að sú framlenging nái lengra en til ársloka 1931, og mun koma með brtt. þar að lútandi.

Minni hlutinn (HStef og HJ) vill samþ. frv. óbreytt.

Alþingi, 29. jan. 1930.

Halldór Stefánsson, form.	Hannes Jónsson, fundaskr., frsm.	Ólafur Thors.

Héðinn Valdimarsson. Sig. Eggerz.

Nd. **53 Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 16, 17. maí 1928 [Laun embættismanna].

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Í stað orðanna »til ársloka 1932« komi: til ársloka 1931.

Nd. **54. Frumvarp**

til laga um lögskráningu sjómanna.

Flutningsm.: Sigurjón Ólafsson, Héðinn Valdimarsson,
Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Lögskráning sjómanna er tvennskonar, lögskráning í skiprúm og lögskráning úr skiprúmi.

2. gr.

Skylt er að lögskrá sjómenn á öllum íslenzkum skipum, sem eru 12 smálestir brúttó eða stærri.

3. gr.

Lögreglustjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Utan heimilisþinghár sinnar er þeim heimilt að fela hreppstjórum að framkvæma lögskráningar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur skipað sérstaka lögskráningarstjóra á þeim stöðum, þar sem ástæða þykir til að létta því starfi af lögreglustjóra.

Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum fer lögskráning fram í því umdæmi, sem skipið þá er statt í.

4. gr.

Lögskrá skal í skiprúm:

1. Í hvert sinn, er nýr maður er ráðinn á skipið hér á landi.
2. Í hvert sinn, er nýr maður er ráðinn erlendis á íslenzkt skip. Íslenzkur ræðismaður lögskráir þá á skipið, ef til hans næst, en ella skal lögskráning fara fram í fyrstu höfn hérlendis, er skipið er afgreitt í eða fermir í eða affermir.
3. Í hvert sinn, er sjómenn eru ráðnir hér á landi í skiprúm á íslenzku skipi, sem statt er erlendis, skulu þeir lögskráðir áður en þeir fara af landi burt, og fer lögskráning þá fram þar, sem ráðningarsamningur er gerður við þá.
4. Í hvert sinn er íslenzkur sjómaður er ráðinn á erlent skip hér á landi.
5. Í fyrsta sinn á hverju almanaksári, er skip er afgreitt eða byrjar ferð frá hérlendri höfn, enda þótt engin breyting verði á skipshöfn eða ráðningarkjörum hennar.

Nú er ráðningarkjörum sjómanna, sem fyrir eru á skipinu, breytt með nýjum samningum, og fer þá um lögskráningu sem þeir séu ráðnir að nýju á skipið.

5. gr.

Lögskrá skal úr skiprúmi í hvert sinn, er vist manns lýkur á skipi, hvort sem hann er leystur úr skiprúmi, strýkur af skipi, andast í vistinni eða fer með öðrum hætti af skipi. Fari hann af skipi í hérlendri höfn, fer lögskráning fram þar, en ella í fyrstu höfn hérlendis, er skipið er afgreitt í eða fermt í eða affermt.

6. gr.

Lögskrá skal alla þá menn, sem ráðnir eru til vinnu á skipi og fara eiga með því, hver sem starfi þeirra er. Þó þarf eigi að lögskrá leiðsögumenn, eftirlitsmenn með farmi eða verkamenn, er vinna eiga að fermingu eða affermingu á höfnum innanlands, þó þeir fari með skipinu, enda séu þeim eigi ætluð önnur störf.

7. gr.

Eigi má skipstjóri leggja skipi úr höfn nema allir þeir skipsmenn, er skylt er að lögskrá samkv. 6. gr., hafi áður verið lögskráðir í skiprúm.

Nú ber svo til, að leggja þarf skipi úr höfn, til fiskiveiða hér við land eða annara ferða innanlands, á þeim tíma, er skrifstofa lögskráningarstjóra er lokuð og lögskrá þarf einn mann eða fleiri í skiprúm, og er þá rétt, að þeir fari með skipinu ólögskráðir, enda hafi skipstjóra eigi verið kunnugt um, að lögskrá þyrfti þá, áður en skrifstofu lögskráningarstjóra var lokað. Skipstjóri skal þó, áður en hann lætur úr höfn, tilkynna lögskráningarstjóra bréflega nöfn og heimili hinna ólögskráðu manna, svo skal hann og rita nöfn þeirra og ráðningarkjör á það samrit skipshafnarskrár, er hann hefir á skipinu. Þegar skipið næst kemur til hérlendrar hafnar, skal skipstjóri lögskrá menn þessa í skiprúm. Nú er sú ákvörðun tekin, eftir að skipið lætur úr höfn, að það fari til útlanda, og má þá enginn skipsmanna vera ólögskráður, þeirra er skylt var að lögskrá samkv. 6. gr.

8. gr.

Skipstjóra er skylt að sjá um, að skipsmenn séu lögskráðir í skiprúm og úr skiprúmi. Nú er svo ástatt sem segir í 3. lið 4. gr., og er skipstjóri eigi staddur þar sem lögskráning á að fara fram, og skal þá útgerðarmaður sjá um, að lögskráð sé.

9. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skulu menn þeir, er lögskráðir skulu, mæta sjálfir hjá lögskráningarstjóra ásamt skipstjóra, eða útgerðarmanni eða umboðsmanni hans, er svo stendur á sem segir í niðurlagi 8. gr. Nú er sá maður, er lögskráður skal, ráðinn á skipið af öðrum en skipstjóra eða útgerðarmanni, og skal þá sá maður, er réði hann, mæta við lögskráningu hans og undirrita ráðningarsamninginn í skipshafnarskrá og viðskiptabók.

Þegar lögskráð er úr skiprúmi, skulu þeir menn, er skrá á úr skiprúmi, mæta með sama hætti, ef eigi tálma veikindi eða önnur forföll.

10. gr.

Við lögskráningu skal skipstjóri sýna:

1. Skipstjóraskírteini sitt.
2. Mælingarbréf skipsins og haffærisskírteini.
3. Atvinnuskírteini þeirra manna, er lögskráðir eru og skírteini þurfa að lögum til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu, sem þeir eru ráðnir til.
4. Skipshafnarskrá og aukaskrá, ef hún hefir verið gerð.
5. Viðskiptabækur þeirra manna, er lögskráðir skulu.

11. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri rannsaka, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu, að menn þeir, sem skráðir skulu, megi vera á skipinu eða í þeirri stöðu, sem þeir eru ráðnir til. Reynist einhverju áfátt í þessu efni, skal hann neita að lögskrá þá menn, sem svo er ástatt um.

12. gr.

Þegar skipsmenn allir eru skráðir í skiprúm í senn, samkv. 5. lið 4. gr. eða endranær, skal skipstjóri láta gera skipshafnarskrá í tveimur samhljóða eintökum. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur reglur um gerð skipshafnarskrár. Nú eru nýir menn lögskráðir í skiprúm eftir að skipshafnarskrá er gerð, og skal þeim þá bætt við á skrána meðan hún endist, en á aukaskrá, sé hún fullrituð, og skal þess þá getið á aðalskránni, að aukaskrá hafi gerð verið.

13. gr.

Um viðskiptabækur og sjóferðabækur skipsmanna fer eftir ákvæðum sjómannalaganna og reglugerða þeirra, er settar verða samkvæmt þeim, sbr. og um sjóferðabækur lög nr. 40, 19. júní 1922, 20. gr.

14. gr.

Lögskráningarstjóri skal gæta þess, að skilríki þau öll, sem nefnd eru í 10. gr., séu fyrir hendi, er lögskráð er. Hann skal og gæta þess, að ritað sé í skipshafnarskrá og í viðskiptabók allt það, er þar skal ritað lögum samkvæmt, og að eigi sé ósamræmi milli þeirra. Komist hann að raun um, að misbrestur sé á þessu, skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt, en ella ritar hann vottorð sitt um lögskráninguna á skjöl þessi.

15. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri lesa upp ráðningarsamninginn í viðskiptabókinni eða skipshafnarskránni fyrir þeim, sem lögskráður skal, og spyrja hann að því, hvort hann sé samþykkur samningnum. Nú eru einhver þau ákvæði í samningnum, er lögskráningarstjóra virðast vera sjómanninum í óhag, og skal hann þá leitast við að fá þeim ákvæð-

um breytt. Takist það eigi og vilji báðir aðiljar hlíta samningnum eins og hann er, skal lögskráning fara fram, ef samningurinn brýtur eigi í bág við lög, en lögskráningarstjóri skal þá rita athugasemd í viðskiptabókina og á skipshafnarskrána um það, hvað honum þótti athugavert við samninginn.

16. gr.

Skipstjóra er skylt að hafa gert upp reikning þess manns, er úr skiprúmi skal skráður, áður en lögskráning hans úr skiprúmi fer fram. Nú er maður ráðinn á skip í þjónustu annars en útgerðarmanns, og skal þá skipstjóri sjá um, að sá, er hann vann hjá, geri reikning hans upp, áður en hann er lögskráður úr skiprúmi. Hvor aðili um sig getur krafizt þess, að lögskráningarstjóri geri reikninginn upp eða rannsaki hann. Nú greinir aðila á um reikningsgerðina, og skal lögskráningarstjóri þá leita um sættir með þeim. Takist eigi sættir, getur hvor aðili um sig krafizt þess, að lögskráningarstjóri leggi úrskurð á málið. Úrskurði hans getur hvor aðili um sig skotið til sjódóms, og skal þá fé það, er aðila greinir á um, falið lögskráningarstjóra til geymslu, þar til fullnaðardómur hefir gengið um málið.

17. gr.

Nú er sjómanni heitið hluta af afla skips, farmgjaldi eða öðrum tekjum af ferðinni, eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni, og þetta kaup hans verður eigi ákveðið áður en hann er skráður úr skiprúmi, og þarf þá eigi að gera reikning hans upp, að því er til þess hluta kaupsins tekur, um leið og hann er skráður úr skiprúminu. Útgerðarmaður skal, er þannig stendur á, hafa gert sjómanninum reikningsskil, áður en 3 mánuðir eru liðnir frá því að sjómaðurinn var skráður úr skiprúmi. Vilji sjómaðurinn ekki hlíta reikningsskilunum, getur hann lagt málið undir lögskráningarstjóra samkvæmt því, sem segir í 16. gr.

18. gr.

Geti sjómaður eigi mætt sjálfur, er lögskrá skal hann úr skiprúmi, ber lögskráningarstjóra að gæta hagsmuna hans eða erfingja hans og taka á móti fé því, er hann átti inni, sjóferðabók hans og viðskiptabók og öðrum skilríkjum og koma því til réttra hlutaðeigenda.

19. gr.

Um skil skipstjóra á kaupi, sem haldið er eftir samkv. 62. gr. sjómannalaganna, fer eftir 69. gr. sömu laga.

20. gr.

Þegar lögskráningarstjóri hefir ritað vottorð sitt um lögskráninguna á skipshafnarskrána, afhendir hann skipstjóra annað samrit hennar, en heldur hinu eftir sjálfur.

Nú fer lögskráning síðar fram í öðru umdæmi en þar, sem það samrit skipshafnarskrár, er lögskráningarstjóri hélt eftir, er geymt, og skal þá lög-

skráningarstjóri sá, er síðar lögskráir, halda eftir samriti af því, sem ritað er á samrit skipstjóra, eða á aukaskrá, hafi hún verið gerð, við hina síðari lögskráningu.

Nú skýrir skipstjóri frá því við lögskráningu, að skipshafnarskrá sín sé glötuð, og lögskráningarstjóri hefir eigi samrit hennar, og skal þá lögskráningarstjóri leggja fyrir skipstjóra að láta gera nýja skipshafnarskrá. Skal lögskráningarstjóri þá rannsaka, hvort hin nýja skrá sé rétt, með samanburði á henni við viðskiptabækur skipsmanna og önnur skilríki þeirra og með því að láta þá sjálfa skýra frá ráðningarkjörum sínum. Eigi að skrá alla skipsmenn úr skiprúmi, þarf að gera nýja skrá, en lögskráningarstjóri skal þá rannsaka þau atriði, er lögskráningin gefur tilefni til, með þeim hætti, er áður var sagt.

21. gr.

Nú verða skipstjóraskipti á íslenzku skipi, og skal lögskráningarstjóri þá kveðja báða skipstjórana til sín, ef þess er kostur. Skal þá afhenda hinum nýja skipstjóra öll skjöl þau, er skipinu eiga að fylgja og fyrirrennari hans hafði undir höndum, jafnframt því að hann er lögskráður á skipið.

22. gr.

Lögskráningarstjóri skal jafnan, er lögskráning fer fram, rannsaka, hvort farið hefir verið eftir fyrirmælum laga um lögskráningu. Ef ætla má, að lögbrot hafi verið framið, skal hann gera þær ráðstafanir, sem með þarf til þess að ábyrgð verði komið fram fyrir brotið. Nú er lögskráningarstjóri eigi jafnframt lögreglustjóri, og skal hann þá tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra þessa málavexti.

23. gr.

Lögskráningarstjóra er skylt að hafa jafnan nægar birgðir af viðskiptabókum sjómanna, sjóferðabókum og skipshafnarskrám. Ef skipstjóri óskar þess, er lögskráningarstjóra skylt að fylla skjöl þessi út fyrir hann.

Fyrir störf þau, er lögskráningarstjóri innir af höndum samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir viðskiptabækur, sjóferðabækur og skipshafnarskrár, skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi, og renna þau í ríkissjóð. Gjald fyrir sjóferðabók greiðir hlutaðeigandi sjómaður sjálfur. Gjald fyrir aðstoð við reikningsgerð greiðir sá, er hennar óskar, en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanns.

24. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 50—500 króna sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

25. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

26. gr.

58. gr. laga nr. 27, 27. júní 1921, er úr lögum numin.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Greinargerð.

Samkvæmt þingsályktun 17. febr. 1928 var skorað á ríkisstjórnina að endurskoða siglingalögin frá 1914. Þeir, sem unnu að þessari endurskoðun, voru sammála um, að sérstök lög þyrfti að semja um lögskráningu sjómanna, er á engan hátt yrði fléttað inn í siglingalög eða sjómannalög. Meðal nágrannaþjóða okkar er þetta svo og hefir verið um margra ára skeið. Enda þótt enginn ágreiningur væri um þetta atriði og lögskráningarákvæðin væru felld niður úr gildandi siglingalögum samkv. frumvarpi nefndarinnar, þá náðist ekki samkomulag um frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna. Frumvarp þetta er því fram komið fyrir þá sök og er í aðalatriðum sniðið eftir þeim venjum, sem skapazt hafa um lögskráningu, en sú venja er að mestu byggð á dönsku lögskráningarlögunum. Samkvæmt gildandi lögum eru ákvæði um lögskráningu næsta ófullkomin og því mikil þörf á að setja lög um það efni. Á þinginu 1929 voru borin fram tvö frv., frv. til sjómannalaga og frv. um breyting á siglingalögum. Frumvörp þessi komust aldrei úr nefnd og fyrir þá sök kom frumvarp þetta ekki fram í dagsljósið þá, en nauðsynlegt er, að það geti orðið samferða hinum tveimur frv. í þinginu og fái afgreiðslu samtímis þeim.

Nánar í framsögu.

Nd. **55. Nefndarálit**

um frv. til laga um lántöku fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 30. jan. 1930.

Halldór Stefánsson, form., frsm.	Hannes Jónsson, fundaskr.

Ólafur Thors. Héðinn Valdimarsson. Sig. Eggerz.

Nd. **56. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Ólafi Thors.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
Aftan við A. 6 komi: Vegurinn frá Keflavík um Útskála til Sandgerðis.

Ed. **57. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

Frá allsherjarnefnd.

I. *Um einkarétt á merki hátíðarinnar.*

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á árinu 1930 hafa einkarétt á merki alþingishátíðarinnar 1930, því sem hér er sýnt, og er engum heimilt, verzlunum né einstök-



um mönnum, að nota merkið eða setja á verzlunarvöru, nema leyfi ríkisstjórnarinnar komi til. Er ríkisstjórninni rétt að ákveða gjald fyrir slíkt leyfi samkvæmt tillögum undirbúningsnefndar hátíðarinnar. Þegar um verzlunarvöru er að ræða, skal gjaldið vera hundraðsgjald af verði vörunnar samkvæmt innkaupsreikningi, þó aldrei yfir 15%. Er tollstjóra í Reykjavík og lögreglustjórum annarsstaðar á landinu skylt að innheimta gjald þetta, og fer um innheimtuna og afhending vörunnar eftir sömu reglu og segir í lögum nr. 5, 3. apríl 1928.

2. gr.

Gjaldi því, sem inn kemur fyrir söluleyfi á merkinu, skal varið upp í kostnað við alþingishátíðina.

II. *Um öryggi flutninga á Þingvallavegum.*

3. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að ákveða, að undangenginni skoðun,

hverjar bifreiðar megi vera í notkun á vegunum milli Reykjavíkur og Þingvalla dagana 25.—29. júní 1930, að báðum meðtöldum.

4. gr.

Nú telja eftirlitsmenn bifreiða varhugavert, að einhver bílstjóri fari með bifreið á Þingvallavegunum daga þá, sem ræðir um í 3. gr., sakir skorts á æfingu eða af öðrum líkum ástæðum, þótt bílstjórapróf hafi, og er ríkisstjórninni þá heimilt að banna þeim manni að stýra þar bifreið þessa daga.

III. *Um lokunartíma sölubúða o. fl.*

5. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt, að fengnum tillögum verzlunarmanna- og kaupmannafélaga í Reykjavík, svo og bæjarstjórnar, að kveða á um lokunartíma sölubúða þar dagana 26.—28. júní 1930, að báðum meðtöldum, og einnig að setja ákvæði um, að hafa megi sölubúðir í Reykjavík opnar að einhverju leyti sunnudaginn 29. júní.

IV. *Um viðurlög o. fl.*

6. gr.

Nú notar einhver merki alþingishátíðarinnar í heimildarleysi, eða flytur það inn á vörum án leyfis, og skal hann þá sæta sekt, er nemi allt að tíföldu gjaldi því, er honum bar að greiða fyrir merkið.

Brot gegn ráðstöfunum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr., varða sektum, allt að 2000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sektarfé allt skal renna í ríkissjóð.

7. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilmælum undirbúningsnefndar alþingishátíðar 1930, og telur hún ákvæði þess nauðsynleg vegna hátíðahaldanna. Það, sem fram á er farið í frv., er:

1. Að afla nokkurra réttmætra tekna upp í kostnað við hátíðahöldin.
2. Að gerðar séu ráðstafanir til þess að draga úr slysahættu á Þingvallavegunum um hátíðina þá daga, sem mest verður umferðin.

3. Að koma á reglu um lokun sölubúða í Reykjavík, meðan hátíðin stendur, en heimila jafnframt, að búðir megi hafa opnar einhvern hluta næsta dags eftir hátíðina, þótt sunnudagur sé, til þæginda hátíðargestum, sem skamma viðdvöl hafa í bænum, og öðrum.

Nd. **58. Frumvarp**

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Flutningsmenn: Héðinn Valdimarsson, Jón Ólafsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, svo og verzlunarstaðurinn Skildinganes við Skerjafjörð, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1931.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, sem um ræðir í 1. grein.

3. gr.

Fyrir árslok 1930 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal væntanleg skaðabótagreiðsla til Seltjarnarneshrepps vegna laga þessara.

Náist ekki samkomulag milli nefndra aðila, skal það, sem milli ber, lagt í gerð þriggja manna, sem séu þannig skipaðir, að hvor aðili skipar einn mann í dóm, en oddamann skipar hæstiréttur. Gerð þessara þriggja manna eru báðir aðiljar skyldir að hlíta.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var samkvæmt áskorun bæjarstjórnar Reykjavíkur borið fram frumvarp, sem fór í þá átt, að leggja skyldi allan Seltjarnarneshrepp undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Frv. þetta komst ekki í nefnd, aðallega, að því er virtist, vegna þess, að farið var fram á, að allur hreppurinn átti samkvæmt því skilyrðislaust að leggjast undir kaupstaðinn. Með frumvarpi því, sem hér er borið fram, er aðeins farið fram á, að lítill hluti Seltjarnarneshrepps sé lagður undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, sá hluti hreppsins, sem öllum kemur saman um, að nauðsynlegt sé, að Reykjavíkurbær fai umráð yfir. Einnig er með

þessu frv. gert ráð fyrir, að Seltjarnarneshreppur fái sanngjarnar skaðabætur, samkvæmt mati gerðardóms, sem sé skipaður þrem mönnum.

Löndum þeim, sem hér um ræðir, er svo í sveit komið, að þau liggja sem fleygur inn í land Reykjavíkur. Beggjamegin við lönd þessi á bærinn land að Skerjafirði, og slíta því lönd þessi í sundur allar þær ráðstafanir, sem bærinn þyrfti að gera um skipulag bygginga og gatnagerð, svo úr því yrði heildarskipulag í samræmi við þá nauðsyn, að bærinn byggist suður á bóginn, allt að og meðfram Skerjafirði. Íbúar Reykjavíkur og búendur á nefndum löndum eru í svo nánu sambandi um margar nauðsynjar, svo sem rafmagn, vatn, vegi o. fl., að ekki verður um það deilt, að sameining sé heppilegasta lausnin fyrir báða parta, bæði í bráð og lengd. Með lögum nr. 67, 7. maí 1928, um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, er verzlunarstaðurinn Skildinganes að öllu leyti lagður undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn, og er það enn ein ástæðan fyrir því, að sameina beri þessi lönd að öllu leyti við Reykjavík.

Ennfremur má geta þess, að flestir búendur á Skildinganes- og Þormóðsstaðalöndum vinna fyrir lífsframfæri sínu við ýmsa starfsemi í Reykjavík, en hafa lítla eða enga atvinnu í hreppnum, þótt útsvör þeirra falli til hreppsins.

Nd. **59. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
Við B. 1. í 2. gr. laganna bætist:
Frá Hnífsdal að Gemlufalli við Dýrafjörð.

Ed. **60. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaða.

Flutningsm.: Páll Hermannsson.

1. gr.

Á Hánefsstaðaeyrum við Seyðisfjörð og í Gunnólfsvík við Finnafjörð, hvorutveggja í N.-Múlasýslu, skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

2. gr.

Takmörk verzlunarlóðarinnar á Hánefsstaðaeyrum skulu vera Sörla-

staðaá að vestan og Gullsteinseyri að austan, 300 metrar á land upp frá flóðmáli.

3. gr.

Löggilding verzlunarstaðarins í Gunnólfsvík kemur til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hefir óskað eftir löggildingu verzlunarstaðar á Hanefsstaðaeyrum og hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps eftir löggildingu verzlunarstaðar í Gunnólfsvík. Frv. er borið fram samkvæmt þeim óskum. Ef nefnd sú, er væntanlega fær frv. til athugunar, óskar, er flutningsm. reiðubúinn að gefa nánari upplýsingar eftir föngum.

Nd. **61. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sölu lands undan prestssetrinu Borg á Mýrum.

Frá Héðni Valdimarssyni og Magnúsi Torfasyni.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verður 3. gr., svo hljóðandi:
   Hreppnum er ekki heimilt að endurselja landið eða hluta þess.
2. Þriðja grein verður 4. gr.

Nd. **62. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu lands undan prestssetrinu Borg á Mýrum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er á einu máli um það, að rétt sé að selja Borgarneshreppi lóðir þær og land, sem frv. ræðir um, en 2 nefndarmanna (HV og MT) áskilja sér rétt til að koma með brtt.

Alþingi, 1. febr. 1930.

Gunnar Sigurðsson, form.	Héðinn Valdimarsson, fundaskritari.	Magnús Torfason.
Magnús Guðmundsson, frsm.	H. J. Kristófersson, með fyrirvara.	

Nd. **63. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 16, 7. maí 1928 [Laun embættismanna].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Fyrir orðin »til ársloka 1930« komi: til ársloka 1931.

Ed. **64. Frumvarp**

til laga um vigt á síld.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Öll síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin.

Við vigt á síld skulu notaðar þar til hæfar vogir, er taki í einu að minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem síldin er vegin í.

Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af síld, og telst það verðeining.

2. gr.

Þar sem síld er vegin samkvæmt 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga vigtarmenn, sem annist vigt á síldinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Vigtarmenn sjá um, að vogir þær, sem notaðar eru, séu löggiltar og skoðaðar árlega, áður en byrjað er að nota þær.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, frá 50 kr. til 5000 kr.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 11. gr. tilskipunar um mælitæki og vogaráhöld, frá 13. marz 1925, að því leyti, er þau samrýmast ekki lögum þessum. Svo falla einnig úr gildi önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Ástæðan fyrir því, að það var flutt í fyrra og það er á ný fram komið, er meðal annars sú, að mjög erfitt er fyrir síldarseljendur að gera sér grein fyrir því, hvort þau mæli-

tæki, sem notuð eru við móttöku síldar, eru samkvæmt því, sem fyrir er mælt í tilskipun um mælitæki og vogaráhöld frá 13. marz 1925, en vogir eru þau áhöld, sem allir menn bera kennsl á. Enda er í frv. gert ráð fyrir svo miklu eftirliti með því, að vogirnar séu réttar, að full trygging ætti að vera fyrir því, að þær reyndust það.

Í tilskipun um mælitæki og vogaráhöld er fram tekið í 11. gr., að mæliker þau, sem notuð séu við mælingu síldar, eigi að vera jafnvíð í op og botn. Þessu ákvæði tilskipunarinnar mun mjög óvíða eða jafnvel hvergi vera fylgt þar, sem síld er mæld, því reglan mun vera sú, að nota sem mæliker olíuföt, sem sagaður hefir verið af annar botninn og lítið eitt af lengd fatsins, og reynast þessi mæliker, sem eðlilegt er, misjöfn að stærð og ónákvæm. Kom það í ljós fyrir nokkrum árum, að ein síldarbræðslustöð, sem búin var að starfa um tíu ára skeið, hafði notað mæliker, sem tóku allt að 170 lítra, án þess að eftir því væri tekið fyrr en rannsókn var gerð á mælikerunum, þó mælikerin eigi ekki að taka yfir 150 lítra. Til þess að byggja fyrir, að slík ónákvæmni geti átt sér stað, til skaða fyrir síldareigendur, er tryggasta leiðin að vigta síldina.

Vísast að öðru leyti til greinargerðarinnar með frumvarpinu frá í fyrra.

Nd. **65. Frumvarp**

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Halldór Stefánsson, Magnús Guðmundsson.

I. KAFLI.

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum, enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér eignir og hefir tekjur af þeim, eða af atvinnu, eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi

skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hér á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða öðrum fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Með konunglegri tilskipun má undanþiggja þá menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, tekjuskatti að nokkru eða öllu leyti.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samning við stjórn Danmerkur um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitagjöldum þeirra íslenzkra og danskra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum og eignum í báðum ríkjum.

3. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

a. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
b. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög.
c. Önnur félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 4 félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan félaga, ef ósk kemur fram um það frá félaginu, um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks félaga.

Slík félög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hér á landi, en eiga hér eignir og hafa tekjur af þeim, eða af starfsemi, sem hér eða héðan er rekin, skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

4. gr.

Undanþegið öllum tekjuskatti er konungur og borðfé hans og ættmanna hans, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög, kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og ennfremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar og sendikonsúlar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða alþjóðlegri stofnun innlendri, eigi hér fasteignir eða hafi tekjur af þeim, reki atvinnu eða eigi hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hér á landi.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem ræðir um í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 500 kr., greiðist af honum 0,6%.

Af	500	til	1000	kr.	greiðist	3	kr.	af	500	kr.	og	0,8%	af	afgangi
—	1000	—	2000	—	—	7	—	—	1000	—	—	0,5	—	—	—
—	2000	—	3000	—	—	22	—	—	2000	—	—	2	—	—	—
—	3000	—	4000	—	—	42	—	—	3000	—	—	3	—	—	—
—	4000	—	5000	—	—	72	—	—	4000	—	—	4	—	—	—
—	5000	—	6000	—	—	112	—	—	5000	—	—	5	—	—	—
—	6000	—	7000	—	—	162	—	—	6000	—	—	6	—	—	—
—	7000	—	8000	—	—	222	—	—	7000	—	—	7	—	—	—
—	8000	—	9000	—	—	292	—	—	8000	—	—	8	—	—	—
—	9000	—	10000	—	—	372	—	—	9000	—	—	9	—	—	—
—	10000	—	11000	—	—	462	—	—	10000	—	—	10	—	—	—
—	11000	—	12000	—	—	562	—	—	11000	—	—	11	—	—	—
—	12000	—	13000	—	—	672	—	—	12000	—	—	12	—	—	—
—	13000	—	14000	—	—	792	—	—	13000	—	—	13	—	—	—
—	14000	—	15000	—	—	922	—	—	14000	—	—	14	—	—	—
—	15000	—	16000	—	—	1062	—	—	15000	—	—	15	—	—	—
—	16000	—	17000	—	—	1212	—	—	16000	—	—	16	—	—	—
—	17000	—	18000	—	—	1372	—	—	17000	—	—	17	—	—	—
—	18000	—	19000	—	—	1542	—	—	18000	—	—	18	—	—	—
—	19000	—	20000	—	—	1722	—	—	19000	—	—	19	—	—	—
—	20000	—	25000	—	—	1912	—	—	20000	—	—	19,5	—	—	—
—	25000	—	30000	—	—	2887	—	—	25000	—	—	20	—	—	—
—	30000	—	35000	—	—	3887	—	—	30000	—	—	21	—	—	—
—	35000	—	40000	—	—	4937	—	—	35000	—	—	22	—	—	—
—	40000	—	50000	—	—	6037	—	—	40000	—	—	23	—	—	—
—	50000	—	70000	—	—	8337	—	—	50000	—	—	24	—	—	—
—	70000	—	100000	—	—	13137	—	—	70000	—	—	25	—	—	—
—	100000	og	þar	yfir	—	20637	—	—	100000	—	—	26	—	—	—

Skattgjald samkvæmt 2. gr. reiknast þó aldrei lægra en 5% af tekjum.

7. gr.

Skattgjald innlendra félaga og stofnana, er um ræðir í 3. gr., reiknast þannig:

Þegar skattskyldar tekjur í hlutfalli við innborgað hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé, nema undir 2%, greiðist 5% af þeim.

2—	5%	greiðist	5	%	af	fyrstu	2%	og	10%	af	afgangi
5—	10—	—	8	—	—	—	5—	—	15—	—	—
10—	20—	—	11½	—	—	—	10—	—	20—	—	—
20—	50—	—	15¾	—	—	—	20—	—	25—	—	—
50%	og	þar	yfir	$21^{8}/_{10}$	—	—	50—	—	30—	—	—

Með innborguðu hlutafé eða stofnfé skal telja varasjóð þann, sem félaginu kann að hafa safnazt af arði, sem lagður hefir verið til hliðar í því skyni, eins og sá sjóður var í byrjun næsta reikningsárs á undan niðurjöfnuninni.

Skattgjald innlendra félaga og stofnana án innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, svo og skattgjöld útlendra félaga, reiknast eftir reglunum í 6. gr., þó aldrei lægra en 5% af hinum skattskyldu tekjum.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 6%.

8. gr.

Tekjuskattinn eftir 6. og 7. gr. má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn.

9. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennta, eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.
b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 12. gr. d.); ennfremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og allskonar styrktarfé.
c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur; ennfremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.
d. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt bréf sé eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annari arðberandi innstæðu.
e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlazt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku.

10. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem í 3. gr. segir, teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til að greiða hluthöfum og félagsmönnum í vexti eða arð af innborguðu fé, heldur einnig þær tekjur, sem varið er til afborgana af skuldum á árinu, óvenjulegra fyrninga og yfirfærslu á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða svo á, að skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, skuli talinn sá hluti heildarágóðans, er svarar til hlutfallsins milli allra iðgjaldatekna félagsins hér á landi og allra iðgjaldatekna af allri starfsemi þess.

Fjármálaráðherra getur og sett fyrirmæli um heimild vátryggingarfélaga til að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vátryggðum.

Loks getur fjármálaráðherra sett ákvæði um það, hvenær félög þessi skuli hafa skilað framtölum sínum og reikningum.

Samvinnufélögum ber ekki að telja með skattskyldum tekjum sínum verðlagsuppbót þá, er þau úthluta félagsmönnum sínum af eigin vöruskiptum þeirra af innlendum og erlendum vörum, hvort heldur sem verðlagsuppbótin er færð þeim til tekna á viðskiptareikningi eða stofnsjóðsreikningi, en það telst til skatts hjá hinum einstöku félagsmönnum sem afrakstur á atvinnu þeirra. Þar á móti er allur ágóði af viðskiptum við utanfélagsmenn skattskyldar tekjur. Ef félag getur ekki gert skýra grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, skal telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur hjá félaginu.

Nánari ákvæði má setja með reglugerð.

11. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, — hinsvegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði, — ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbréfum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða hún falli undir ákvæði í 9. gr. e. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
b. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, eftirgjöf skulda eða þess háttar.
c. Tekjuliðir, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða af lántöku.
d. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, er skattgreiðandi fær í endurgjaldsskyni fyrir tilkostnað sinn, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

12. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald til frádráttar, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann sjálfur hefir lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé.

b. Tap á atvinnurekstri, er á skattárinu verður eða þá fyrst kemur í ljós. Tapi á atvinnurekstri frá sama ári má aldrei skipta á fleiri ár, og skal þegar tekið til frádráttar, er það er fullreynt.

c. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og séu færðar fullnægjandi sönnur fyrir tapinu. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er sannreynt þykir, að hún er töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.

d. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefir haft í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættum hvíla.

e. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur skal draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald en 300 krónur.

f. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem ræðir um í staflið a.

g. Af framlagi af ársarði hlutafélaga og samvinnufélaga til varasjóðs má draga ⅓ hluta, er skal vera undanþeginn tekjuskatti og koma til frádráttar skattskyldum tekjum. Ef nokkur upphæð úr varasjóði síðar er notuð til úthlutunar til félagsmanna, eða á annan hátt notuð í einhverjum þeim tilgangi, sem ekki var tilætlunin þegar varasjóðurinn myndaðist, þá skal telja helming þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna á því ári. Sem varasjóð samkvæmt þessari gr. og 3. málslið 7. greinar má ekki telja eftirlaunasjóði, arðjöfnunarsjóði eða aðra slíka sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja fjárhag fyrirtækisins sjálfs.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi (sbr. 2. gr. og síðari málsgr. 3.

gr.), má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

13. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign hennar eða sératvinnu.

Tekjur barna, sem í foreldrahúsum eru (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn), skal telja sérstaklega til skattgjalds.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

14. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 12. gr., skal draga sem hér segir:

1. Fyrir einstakling: Í Reykjavík 900 kr., í öðrum kaupstöðum 800 kr., annarsstaðar á landinu 700 kr.
2. Fyrir hjón, sem samvistum eru: Í Reykjavík 1800 kr., í öðrum kaupstöðum 1600 kr., annarsstaðar á landinu 1400 kr.
3. Framfærslueyrir fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem eru ekki fullra 14 ára í byrjun þess almanaksárs, er skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt: Í Reykjavík 600 kr., í öðrum kaupstöðum 500 kr., annarsstaðar á landinu 400 kr. fyrir hvert barn. — Sama er um aðra skyldufram færlinga.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri, eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar.

Frá hreinum tekjum innlendra félaga og stofnana, eins og þær eru ákveðnar samkv. 12. gr., skal draga 4% af innborguðu stofnfé eða hlutafé, innborguðum hlutum af tryggingarsjóði og þess háttar.

Að loknum frádrætti samkv. þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn og við hann miðast skattgjaldið samkv. 6. og 7. gr.

Ef tekjurnar eftir allan löglegan frádrátt nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

15. gr.

Skattinn skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila, eða hann sýni, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattanefnd þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

II. KAFLI.

Um eignarskatt.

16. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða í skatt í ríkissjóð sem hér segir:
Af fyrstu 5000 kr. greiðist enginn skattur.

Af	5000	til	15000	kr.	greiðist	1%	af	því,	sem	er	umfram	5000	kr.	
—	15000	—	20000	—	—	10	kr.	af	15000	kr.	og	1,2%	af	afgangi
—	20000	—	30000	—	—	16	—	—	20000	—	—	1,5	—	—
—	30000	—	50000	—	—	31	—	—	30000	—	—	2	—	—
—	50000	—	100000	—	—	71	—	—	50000	—	—	3	—	—
—	100000	—	200000	—	—	221	—	—	100000	—	—	4	—	—
—	200000	—	500000	—	—	621	—	—	200000	—	—	5	—	—
—	500000	—	1000000	—	—	2121	—	—	500000	—	—	6	—	—
—	1000000	og	þar yfir		—	5121	—	—	1000000	—	—	7	—	—

Nemi skatturinn samkvæmt þessu ekki 1 krónu, skal honum sleppt.

17. gr.

Eignarskattinn eftir 16. gr. má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn.

18. gr.

Eignarskatt greiði allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign og eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en skattur er á lagður.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða aðeins eignarskatt af eignum sínum hér á landi, og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 16. gr., þó aldrei lægri en 2% af hinum skattskyldu eignum.

19. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

20. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 16. og 18. gr., allar fasteignir og allt lausafé skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar og verðbréf, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi, húsgögn og aðrir innanstokksmunir og skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgrein 16. gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. — Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

21. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
b. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
c. Réttur til leigulauss bústaðar, eða önnur afnotaréttindi.
d. Bækur og fatnaður til einkaafnota.

22. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati.
b. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með gildandi verðlagsskrárverði.
c. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátryggðar.
d. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað.
e. Hlutabréf, skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema þau hafi annað gangverð eða áætlað söluverð.
f. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema færðar séu sönnur á, að þær séu minna virði.
g. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

23. gr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu.

24. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

III. KAFLI.

Um skattanefndir o. fl.

25. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur samkvæmt lögum þessum er ákveðinn af skattanefndum í hreppum og skattanefndum eða skattstjóra í kaupstöðum. Í skattanefnd sitja 3 menn. Í hreppum: Hreppstjóri eða sá, er að lögum gegnir starfi hans, einn maður tilnefndur af sýslumanni og einn kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum: Bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn kosinn af bæjarstjórn. Sé bæjarfógeti jafnframt bæjarstjóri kaupstaðarins, tilnefnir hann tvo menn í nefndina.

Skipa skal tvo varamenn, er taka sæti í skattanefndum í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn kýs bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, er bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefnd sjálf formann um stundarsakir.

26. gr.

Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra skattstjóra og varaskattstjóra. Hefir skattstjóri Reykjavíkur sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan Reykjavíkur.

Heimilt er fjármálaráðherra að gera sömu tilhögun um ákvörðun skatts í hinum öðrum kaupstöðum og sett er fyrir Reykjavík.

27. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og tveir menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður.

28. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í ríkisskattanefnd og jafnmarga varamenn. Formaður nefndarinnar heitir ríkisskattstjóri. Annar nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði, en hinn á sjávarútvegi og viðskiptum. Ríkisskattanefnd hefir skrifstofu í Reykjavík.

29. gr.

Enginn má sitja í skattanefnd, yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð,
2. sé fjárráður,
3. eigi heimili í skattumdæminu,
4. hafi náð lögaldri.

Í skattanefnd mega ekki sitja saman skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, hvorki sem aðalmenn né varamenn.

30. gr.

Sami maður má ekki eiga sæti nema í einni skattanefnd. Skattanefndarmenn, aðrir en bæjarstjórar, hreppstjórar og skattstjórar, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar meðnefndarmaður fer frá 3. hvert ár, eftir hlutkesti í fyrsta sinn. Ef nefndarmaður fer frá eða deyr áður en tími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja í nefndinni.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa svo oft sem vill. Nefndarstarfið er borgaraskylda, sem enginn löghæfur maður getur skorazt undan að gegna, nema hann hafi verið í skattanefnd í 6 ár samfleytt eða sé orðinn 60 ára gamall.

Skattstjórar í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (sbr. 26. gr.) og ríkisskattstjóri skulu skipaðir til 6 ára.

31. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar, er eigi hafa áður unnið heit embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, er þeir sitja, undirrita í gerðabók nefndarinnar drengskaparheit um það, að þeir skuli gegna starfinu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu um allt, er þeir fá vitneskju um í starfinu og varðar eignir og tekjur gjaldþegna.

32. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun eða kæru, ef það mál varðar sjálfan hann, konu, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini eða fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali, eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann

geti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í nefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

33. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar fá laun fyrir störf sín sem hér segir:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annarsstaðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 8 krónum og ekki vera minni en 4 krónur fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
b. Yfirskattanefndarmenn fá 8 krónur á dag og ferðakostnað. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
c. Borgun til skattstjóra, ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar fer eftir samningi við fjármálaráðherra.

Þóknun til skattanefnda og skattstjóra greiðist úr ríkissjóði. Formenn yfirskattanefnda úrskurða reikninga skattanefnda og greiða þá á manntalsþingum. Fjármálaráðuneytið úrskurðar reikninga yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

IV. KAFLI.

Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtur o. fl.

34. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir þegar skattanefnd tekur til starfa. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu sett í skatt þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda beri téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiði skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ráðuneytið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

35. gr.

Allir þeir, er hafa skattskyldar tekjur, skulu í Reykjavík fyrir 31. janúar, en annarsstaðar á landinu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert — eða ef þeir reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, í síðasta lagi 20. marz — afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastl. ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, er veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og á þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráða.

Nú þykist framteljandi ekki sjálfur vera fær um að gefa fullnægjandi

skýrslu um tekjur sínar og eignir, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess, en hann er skyldur að láta skattanefnd í té allar upplýsingar, er hún þarf, til þess að gera framtal hans sem réttast.

Hvenær sem skattanefnd þykir þörf á, getur hún krafizt þess, að skattframteljendur leggi bækur sínar fyrir hana, eða einstaka nefndarmenn, eða einn eða tvo reikningsfróða menn utan nefndarinnar, er ekki séu keppinautar framteljanda.

36. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka, sparisjóða, hlutafélaga og annara félaga og stofnana, eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um starfslaun, um skuldabréf, vaxtabréf og hlutabréf, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafé í bönkum og sparisjóðum, og annað því um líkt. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni.

37. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð og eign hvers eins. Þyki nefndinni skýrsla einhvers tortryggileg, skal hún skora á hann að láta nefndinni í té frekari skýringar og sannanir. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir til tekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir beztu vitund. Dvelji hann utanlands, eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum aðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri, enda skal hún vera að minnsta kosti 10% hærri heldur en skattmat næst á undan, og ef vanræksla er ítrekuð, skal hækkunin vera minnst tvöföld á við hækkunina árið á undan.

38. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, má skattanefnd taka við umsókn hans um lækkun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og af eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar.

39. gr.

Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignarskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal lögð fram 1. dag aprílmánaðar á þingstað hrepps eða öðrum hentugum stað, er skattanefnd hefir fyrirfram auglýst, og í kaupstöðum á bæjarþingstofunni eða skattstofunni, eða skrifstofu lögreglustjóra, og liggur skráin til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sérhver gjaldþegn getur krafizt munnlega upplýsinga um það hjá skattanefnd, eftir hverju hún hafi farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

40. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína bréflega fyrir formanni skattanefndar, eða skattstjóra, fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og bera upp aðfinningar um hvert það atriði á skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðréttir skrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem felldir eru, og sendir hana síðan, ásamt framtalsskýrslum, tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

41. gr.

Úrskurði skattanefndar, eða skattstjóra, má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert bréflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sé kæra ekki komin til formanns yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sinnt. Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur fyrir 30. maí og birtir aðilum úrslitin tafarlaust.

Yfirskattanefnd úrskurðar einnig, hvort og að hve miklu leyti skuli taka til greina umsóknir þær, sem henni hafa borizt frá skattanefndum um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, er getið er í 38. gr.

42. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldum sínum. Ef nefndinni virðast framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, svo sem að einhver sé vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan leiðrétta skrána eftir því, sem henni þykir rétt vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal hún tafarlaust tilkynna það skattanefnd og sömuleiðis þeim aðilum, er breyting varðar.

Yfirskattanefnd skal hafa lokið störfum sínum fyrir maímánaðarlok.

43. gr.

Úrskurði yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, enda sé

það gert bréflega og kæran, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum, komin til formanns fyrir júlílok — annarskostar verður henni ekki sinnt. — Ríkisskattanefnd skal leggja úrskurð á kærur fyrir septemberlok og tilkynna lögreglustjóra úrslitin tafarlaust til birtingar aðilum.

44. gr.

Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er framkvæmd laga þessara varðar. Í því skyni getur hún krafizt allra upplýsinga hjá skattanefndum og yfirskattanefndum. Svo getur og ríkisskattstjóri ferðazt um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda, ef ástæða þykir til, til þess að samræma skattframtal og skattákvörðun í hinum einstöku skattumdæmum, og yfir höfuð til að leiðbeina um allt það, er að skattframtali og skattákvörðun lýtur. Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en gera skal hún aðila aðvart áður en hún breytir skattgjaldi hans án þess að yfir því hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla.

45. gr.

Skattanefndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

Í gerðabækur skattanefnda og skattstjóra skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir.

46. gr.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té ókeypis endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar gefa Hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

47. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir eftirlit með því, að skattanefndir allar og skattstjórar ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefir það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa skattanefnda og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

48. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekjuskatt og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð til lögreglustjóra, eða tollstjóra,

fyrir manntalsþing, og skal hann þá innheimta, eða endurgreiða, þann skatt síðar á árinu.

V. KAFLI.

Refsiákvæði.

49. gr.

Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur, eða gerir það ekki fyrr en framtalsfrestur er liðinn, eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattanefnd eða skattstjóra, þá skal ekki færa niður skatt hans, þótt hann kæri, nema hann sanni, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlað meira en fjórðungi hærra en í raun og veru var. Sé mismunurinn ¼ eða meiri, skal hann greiða skatt af hinum réttu upphæðum, að viðbættum ¼.

Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef gjaldþegn hefir fært gildar ástæður sér til afsökunar.

50. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við meira en 10 ár alls. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meiru en 10000 kr.

51. gr.

Sá, sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsgr. 50. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera bar, og því greitt minni skatt en honum bar skylda til.

52. gr.

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en 3 ár, enda sé skattálagn-

ingin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

53. gr.

Skattanefndarmönnum og skattstjórum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er að segja um þá, er veita nefndunum eða skattstjórum aðstoð við starf þeirra, eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

54. gr.

Nú gegnir ekki einhver skyldu sinni samkvæmt 36. gr., eða skorast undan að láta þar nefndar skýrslur af hendi, og sker fjármálaráðherra þá úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

55. gr.

Nú hefir skattanefnd eða skattstjóri ekki framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum, áður lögmæltur frestur er liðinn, og varðar það þá sektum, allt að 200 kr., og getur fjármálaráðuneytið auk þess skyldað hina brotlegu til þess að ljúka störfunum, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann, sem ekki hefir lögmæta afsökun.

56. gr.

Mál út af brotum þeim, er ræðir um í 50. gr., 1 málsgr., og 53. gr. laga þessara, skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 49. gr., 50. gr., 3. málsgr., 54. gr. og 55. gr. segir, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, en ekki skal slíkt mál höfða, nema skattþegn sjálfur, skattanefnd, skattstjóri eða fjármálaráðherra krefjist þess.

57. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför.

VI. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

58. gr.

Fjármálaráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd og skilning laga þessara, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattanefnda og skattstjóra. Ennfremur lætur hann gera fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

59. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinn lagður á árið 1931. Um leið og þau koma til framkvæmda eru úr gildi numin:

Lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Tilskipun nr. 84, 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Tilskipun nr. 41, 1. apríl 1922, um breyting á og viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Lög nr. 2, 26. marz 1923, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 39, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 7, 16. maí 1925, um breytingar og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 23, 14. des. 1877, var tekjuskattur fyrst lögleiddur hér á landi, en þó var hann ekki þá talinn ná til aðalatvinnuvega landsins, landbúnaðar og sjávarútvegs. Á þá atvinnuvegi voru lagðir aðrir skattar, sem áttu að vega á móti tekjuskattinum. Á landbúnaðinum hvíldi ábúðarskattur og lausafjárskattur, en á sjávarútveginum útflutningsgjald og lausafjárskattur að nokkru.

Árið 1907 var skipuð 5 manna nefnd til þess að athuga skattalöggjöf landsins. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að lögleiða almennan tekjuskatt og eignarskatt, og samdi frv. um það efni. Þetta frv. var lagt fyrir Alþingi 1913, eftir að stjórnin hafði breytt því nokkuð og meðal annars fellt burtu eignarskattinn. Málið kom til umræðu í neðri deild, en stjórnin tók frv. aftur, eftir að frv. um fasteignaskatt hafði verið fellt þar í deildinni.

Árið 1917 voru sett lög um breyting á og viðauka við tekjuskattslögin frá 1877. Aðalbreytingarnar, sem gerðar voru með þessum lögum, voru þær, að skatturinn var gerður stighækkandi og látinn ná bæði til landbúnaðar og sjávarútvegs, sem áður höfðu verið undanþegnir.

Á þinginu 1919 var landsstjórninni falið að endurskoða skattalöggjöfina, og árangurinn af þessu varð sá, að fyrir þingið 1921 var lagt, auk margra annara skattafrumvarpa, allítarlegt frumvarp um tekjuskatt og eignarskatt. Frumvarp þetta var samþykkt á því þingi með nokkrum breytingum. Eru það lög nr. 74, 27. júní 1921, og eru þau enn í gildi, en talsverðar breytingar hafa verið á þeim gerðar með lögum, er samþykkt voru á þingunum 1923, 1924 og 1925.

Á þinginu 1928 var enn kosin milliþinganefnd til þess að athuga skattalöggjöfina. Sú nefnd hefir tekið meðal annars tekju- og eignarskatts-

lögin til allrækilegrar meðferðar og komið sér saman um ýmsar breytingar, sem felast í frv. hér á undan. Það varð að samkomulagi milli nefndarmanna að byggja á grundvelli laganna frá 1921 með síðari breytingum, vegna þess, að þau eru orðin kunn almenningi og skattanefndum og betra að átta sig á hinu nýja, ef niðurskipun efnis er sem líkust því, sem nú er. Þess er þó að geta, að einn nefndarmanna (HG) vill gera breytingar á skattstiganum og ýmsar frekari breytingar, sem sumpart leiða af því, enda hefir hann ekki átt kost á — vegna fjarveru — að eiga þátt í samningi athugasemda þessara. Mun hann bera fram sérstaklega umgetnar breytingartillögur sínar.

Tekju- og eignarskattur samkvæmt lögunum frá 1921 var fyrst heimtur inn árið 1922. Skattur þessi hefir árlega orðið eins og hér segir:

1922	kr.	1358984.76
1923	—	823347.63
1924	—	800847.98
1925	—	2464017.54
1926	—	1264484.66
1927	—	827783.89
1928	—	1056671.83

Af þessu yfirliti sést, að skattur þessi hefir þann ókost fyrir ríkissjóðinn, að hann er misjafn, eftir því hvernig árferði er, og getur þetta munað geysimiklu. Aftur á móti er það kostur fyrir gjaldþegnana að losna við nokkuð af sköttum í slæmum árum, jafnvel þótt nokkru minna beri á þessu vegna þess, að skattur þessi greiðist ekki fyrr en ári síðar. Þetta raskar þó ekki réttmæti þessa skatts, en sýnir hinsvegar, að tekju- og eignarskattur eingöngu væri ríkissjóðnum harla ófullnægjandi.

Tekju- og eignarskatt þykir verða að telja meðal hinna réttlátustu skatta, enda mun hann hvarvetna tekinn í skattakerfi í hinum menntaða heimi, en engu að síður fylgja honum þó nokkrir gallar. Hann er allfyrirhafnarsamur og dýr í innheimtu og það er talsvert erfitt að hafa eftirlit með því, að hann komi í raun og veru niður á þann hátt, sem til er ætlazt, með því að hann verður að miklu leyti að byggjast á framtali gjaldþegnanna sjálfra. Aftur á móti hefir þessi skattur þann mikla kost, að hann lætur hina efnaðri eða tekjuhærri ríkisborgara greiða stighækkandi skatt, sem ætlazt er til, að fari sem næst réttlátri niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum.

En þótt allt þetta sé viðurkennt, getur samt orðið ærinn skoðanamunur um skatt þennan, sérstaklega um hversu hár hann megi vera og hversu stighækkuninni skuli varið, því að vitaskuld eru í þessu efni engar fastar reglur til, enda sýnir reynslan, að skattstig hinna ýmsu landa eru mjög mismunandi. Skoðanamunur í þessum efnum hefir og komið greinilega fram í nefnd þeirri, sem frv. þetta hefir undirbúið, en hann snertir sérstaklega 6., 7. og 16. gr., eins og fyrr segir.

Þegar ákveða á tekju- og eignarskatt til ríkissjóðs, má ekki gleyma því, að sveitar- og bæjarfélög verða að taka mest af tekjum sínum með nið-

urjöfnun eftir efnum og ástæðum, og er sú skattheimta náskyld tekju- og eignarskattinum, svo að telja má, að sama tegund sé, þótt aðferðin sé nokkuð önnur og gefi meira svigrúm fyrir mat. Útsvör landsmanna eru að meðaltali nálægt 4 millj. kr. á ári, nærfellt fjórföld á móts við tekju- og eignarskattinn, og sýnir þetta ljóst, að mjög mikill hluti skatta þegnanna er greiddur eftir tekju- og eignarskattsfyrirkomulaginu eða öðru fyrirkomulagi, sem því er náskylt.

Í athugasemdunum hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingum á gildandi löggjöf, sem frv. þetta ráðgerir:

Um 1. gr.

Þessi grein er samhljóða 1. gr. laga 1921, að því undanskildu, að það er beinlínis gert að skilyrði fyrir skattskyldu sökum heimilisfangs, að skattþegn hafi verið heimilisfastur hér hálft skattárið. Þetta er gert til þess að vernda þá, er flytja milli Íslands og annara landa, fyrir tvísköttun, sbr. niðurlag 5. gr. l. 1921.

Um 2. gr.

Tvær fyrri málsgr. eru samhljóða 2. gr. l. 1921, nema í stað orðsins „annarsstaðar" kemur: í öðru ríki, — og er það aðeins orðabreyting. Tvær síðari málsgr. eru að efni samhljóða 2. og 3. gr. laga nr. 7, 16. maí 1925.

Um 3. gr.

Engin breyting frá gildandi lögum, nema að í stað „3" í upphafi 5. málsgr. kemur: 4, og þarfnast sú breyting ekki skýringa.

Um 4. gr.

Til skýringar er í gr. skotið inn orðunum: Ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir. Ennfremur er felld burtu 2. málsgr. 4. gr. laganna frá 1921, með því að réttast þykir, að þau ágreiningsefni, sem þar ræðir um, séu eingöngu dómstólamál.

Um 5. gr.

Þessi grein er að efni til samhljóða 5. gr. l. 1921, eftir því sem hún hefir verið skilin. Niðurlag greinarinnar, eins og það er í lögunum frá 1921, er tekið upp í 1. gr. frv.

Um 6. gr.

Er samhljóða 1. gr. laga nr. 2, 26. marz 1923.

Um 7. gr.

Er samhljóða 7. gr. l. 1921 og 1. gr. l. nr. 7, 16. maí 1925, staflið a.

Um 8. gr.

Þessi grein er ný og hefir ekki verið hér í lögum, en svipuð ákvæði hafa lengi gilt í Englandi. Ákvæðið má skoða sem nokkurskonar mælikvarða

á sparsemi þings og stjórnar og afkomu ríkissjóðs. Sama ákvæði að innihaldi var tekið upp í frv. til l. 1921, þó þannig, að ekki var sett ákveðið mark fyrir hækkun eða lækkun, en þingið felldi ákvæðið burtu.

Um 9. gr.

Aðeins örlitlar orðabreytingar eru hér gerðar á 8. gr. l. 1921.

Um 10. gr.

Hún er að innihaldi í samræmi við 9. gr. laganna frá 1921 og 1. gr. l. nr. 39, 4. júní 1924.

Um 11. gr.

Þessi gr. er mjög í samræmi við 10. gr. l. 1921. Í b.-liðnum er þó bætt inn því ákvæði, að eftirgjöf skulda teljist ekki tekjur, og d-liður er orðaður nokkru skýrar en í gildandi lögum.

Um 12. gr.

Því nær allt innihald 11. gr. l. 1921 er tekið upp í þessa grein, en auk þess er bætt við 2 nýjum liðum, b og c, og munu þeir vera í samræmi við framkvæmd laganna hingað til. E-liðurinn er lítið eitt breyttur, en ekki þarfnast sú breyting skýringa. Ennfr. er hér fellt inn efni 1. gr. l. nr. 7, 16. maí 1925, staflið b og c, með þeirri breytingu, að samvinnufél. eru sett á bekk með hlutafél. um skattfrjálsan hluta af varasjóði.

Með lögum nr. 2, 26. marz 1923, var ákveðið, að draga skyldi frá skattskyldum tekjum aukaútsvar, tekjuskatt og eignarskatt. Það hefir orðið ofan á að fella þetta ákvæði burtu. Mun það meir en vega á móti skattlækkun þeirri, sem leiðir af hækkun persónufrádráttarins, sbr. aths. um 14. gr.

Um 13. gr.

Hér er gerð sú breyting, sem virðist sjálfsögð, að bæði hjónin ábyrgist skattgreiðslur, því ella getur svo farið, ef t. d. konan aflar mestra eða allra teknanna og ræður yfir þeim, að skattur tapist.

Að öðru leyti er greinin í samræmi við gildandi lög.

Um 14. gr.

Hér eru gerðar þær breytingar, að persónufrádrátturinn er hækkaður og gerður nokkuð mismunandi, eftir dýrtíðum í landinu, en nú er hann jafn alstaðar, og getur það tæpast talizt sanngjarnt. Ennfremur er frádrætti fyrir börn og aðra framfærlinga breytt, sumstaðar hækkað og sumstaðar lækkað, og styðst það við svipaða sanngirni. Frádráttur sá, sem hér er stungið upp á, er að sönnu tæpast nægur til að standast kostnað við framfæri, nema hagsýni og sparnaðar sé gætt, en lengra hefir ekki þótt fært að fara, til þess að rýra ekki skattinn, sbr. einnig aths. við 12. gr. síðari málsgr. Þá er og lagt til, að félög megi draga 4½% af hlutafé sínu eða stofnfé frá hreinum tekjum sínum, í stað 4%.

Um 15. gr.

Er samhljóða 14. gr. laganna frá 1921.

Um 16. gr.

Hún er samhljóða 15. gr. laganna frá 1921.

Um 17. gr.

Þetta er ný gr. og svarar til 8. gr., og vísast til athugasemdanna um hana.

Um 18. gr.

Hún er samhljóða 16. gr. laganna.

Um 19. gr.

Er samhljóða 17. gr. l. 1921.

Um 20. gr.

Hún er samhljóða 18. gr. l. 1921.

Um 21. gr.

Hér er stungið upp á þeirri breytingu, sem mun vera í samræmi við framkvæmd gildandi laga, að bækur og fatnaður til einkaafnota sé undanskilið eignarskatti. Að öðru leyti eru aðeins gerðar orðabreytingar á 19. gr. l. 1921.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru mjög svipuð ákvæðum 20. gr. laganna frá 1921. Þó er sú breyting gerð, að búpeningur skal metinn til eignarskatts, framgenginn í næstu fardögum, eftir verðlagsskrárverði, sem gildir þegar skattur er lagður á. Aðrar breytingar má telja orðabreytingar.

Um 23. gr.

Þessi gr. svarar til 13. gr., og vísast til athugasemdanna um hana um sameiginlega ábyrgð hjóna á skattgreiðslum.

Um 24. gr.

Þessi gr. svarar til 22. gr. laga 1921, og er aðeins lítilfjörleg orðabreyting gerð.

Um 25. gr.

Þessi gr. er með sama innihaldi og 24. gr. laga 1921 og breytingarnar eru mestpart orðabreytingar.

Um 26. gr.

Þessi gr. er að innihaldi svipuð 1. gr. tilskipunar nr. 84, 30. nóv. 1921, og þarfnast því ekki skýringa, en að öðru leyti er sú breyting gerð að heim-

ila fjármálaráðherra að taka upp í öðrum kaupstöðum sama fyrirkomulag í þessu efni og nú gildir í Reykjavík, ef eða þegar það þykir hentara, þ. e. að skipa þar skattstjóra í stað skattanefnda.

Um 27. gr.

Er samhljóða 25. gr. l. 1921.

Um 28. gr.

Það hefir oft verið fundið að því, að ósamræmi mundi vera í gerðum hinna ýmsu skattanefnda landsins, og ræður af líkum, að ekki er unnt að komast hjá því meðan engin allsherjarnefnd er, sem fylgist með og athugar, hverjum reglum er fylgt í hverjum stað. Þegar tekjuskattslögin voru sett 1921, kom það til orða, að nauðsynlegt mundi vera að hafa landsskattanefnd til þess að tryggja samræmi í skattaálagningunni. En þetta var þó ekki lögleitt þá, en nú þykir rétt að stinga upp á, að þetta verði gert, því að mikils er um vert, að skatturinn komi sem jafnast niður, og það er skýlaus sanngirniskrafa skattgreiðenda, að þeir séu skattaðir eftir sömu reglum, hvar sem þeir eru á landinu. Bezta tryggingin fyrir þessu virðist vera yfirskattanefnd alls landsins, er rannsaki gerðir annara skattanefnda.

Um 29. gr.

Þessi gr. er að mestu ný og telur skilyrði þau, sem skattanefndarmenn verða að fylla, og hversu skyldir og mægðir þeir menn mega vera, sem sitja saman í nefnd.

Um 30. gr.

Þessi gr. svarar til 26. gr. l. 1921, og eru aðeins gerðar orðabreytingar á henni, til samræmis öðrum breytingum, er frumvarp þetta ráðgerir.

Um 31. gr.

Er að undanteknum fáeinum orðabreytingum samhljóða 27. gr. l. 1921.

Um 32. gr.

Hún svarar til 28. gr. l. 1921, en er hér gerð talsvert ítarlegri, til þess að fyrirbyggja, að hlutdrægni komist að við skattákvörðun.

Um 33. gr.

Í þessari gr. er ekki gert ráð fyrir annari breytingu frá gildandi lögum en að tryggja undirskattanefndum 4 kr. borgun minnst hverjum manni á dag, og má það sannarlega ekki minna vera. Borgun til ríkisskattanefndar þykir verða að fela fjármálaráðherra að ákveða.

Um 34. gr.

Þessi gr. er að innihaldi eins og 30. gr. l. 1921.

Um 35. gr.

Þessi gr. svarar til 31. gr. l. 1921, en hún er stytt lítilsháttar, án þess þó að efni sé breytt að neinu leyti.

Um 36. gr.

Er samhljóða 32. gr. l. 1921.

Um 37. gr.

Er samhljóða 33. gr. l. 1921.

Um 38. gr.

Hér er stungið upp á lítilfjörlegum orðabreytingum á 34. gr. l. 1921.

Um 39. gr.

Breytingar þær, sem hér eru ráðgerðar á 35. gr. l. 1921, eru svo smávægilegar, að þær þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Er samhljóða 36. gr. l. 1921.

Um 41. gr.

Hér eru tekin upp aðalákvæði 37. gr. l. 1921 og ekki efni breytt að öðru leyti en því, að yfirskattanefndum er fyrirskipað að hafa lokið úrskurðum um kærur fyrir 30. maí.

Um 42. gr.

Hér eru aðeins orðabreytingar gerðar á 38. gr. l. 1921.

Um 43. gr.

Þessi gr. er ný og mælir fyrir um áfrýjun til ríkisskattanefndar, hversu fljótt skuli vera og hvenær nefndin skuli hafa lagt úrskurð sinn á.

Um 44. gr.

Þessi gr. er einnig ný og mælir fyrir um starfssvið ríkisskattanefndar. Virðast ákvæði gr. ekki þurfa skýringa.

Um 45. gr.

Þessi gr. svarar til 39. gr. l. 1921, og eru ekki gerðar á henni aðrar breytingar en þær, sem leiða af því, sem áður hefir verið gerð grein fyrir.

Um 46. gr.

Þessi gr. er að efni samhlj. 40. gr. l. 1921.

Um 47. gr.

Innihald þessarar gr. er í samræmi við 41. gr. l. 1921.

Um 48. gr.

Til viðbótar því, sem fyrir er mælt í 42. gr. l. 1921, er hér sagt fyrir um, hvernig fara skuli um innheimtu eða endurgreiðslu þess skatts, sem greiða ber samkvæmt ákvörðun ríkisskattanefndar.

Hér er og rétt að geta þess, að nefndinni hefir þótt nauðsynlegt að fella niður 43. gr. l. 1921, um að hver heimilisfaðir skuli inna skattinn af hendi fyrir þá menn, sem eru heimilisfastir hjá honum á gjalddaga, því að sú regla virðist ekki sanngjörn.

Um 49. gr.

Þessi gr. svarar til 44. gr. l. 1921, en nokkrar orðabreytingar eru á henni gerðar, en ekki þarfnast þær skýringa.

Um 50. gr.

Hér er stungið upp á nokkrum orðabreytingum á 45. gr. l. 1921, en ekki eru þær breytingar þess eðlis, að þær þarfnist skýringa.

Um 51. gr.

Er samhljóða 46. gr. l. 1921.

Um 52. gr.

Í lögunum frá 1921 eru engin ákvæði um þá gjaldþegna, sem eiga að greiða skatt, en af einhverjum ástæðum hafa fallið af skrá, en réttara er, að einnig séu fyrirmæli um, að slíkir gjaldþegnar skuli greiða skattinn, þegar uppvíst verður, að þeir hafa undan fallið. Þó hefir ekki þótt rétt að heimta skatt fyrir lengri tíma en 3 ár, meðal annars af því, að þegar skattþegn er ekki tekinn á skrá, má venjulega telja það sök skattanefndar að einhverju leyti.

Um 53. gr.

Er eins og 47. gr. l. 1921.

Um 54. gr.

Þessi gr. er að innihaldi eins og 1. málsgr. 48. gr. l. 1921.

Um 55. gr.

Grein þessi svarar til 2. málsgr. 48. gr. l. 1921. Hefir þótt fara betur á vegna niðurröðunar efnisins að skipta þeirri gr. í tvennt. Breytingar þær, sem gerðar hafa verið, þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Er að innihaldi eins og 49. gr. l. 1921.

Um 57. gr.

Er með sama innihaldi og 50. gr. l. 1921.

Um 58. gr.

Það er næsta mikilsvert, að reglugerð sú, sem fjármálaráðherra er falið í grein þessari að gefa út, verði sem gleggst og ítarlegust, því að í lögum er ekki heppilegt að gefa svo nákvæmar skýringar, sem búast má við, að þörf sé á, til þess að ná fullum árangri af lögum um þetta efni. Reglugerðarfyrirkomulagið hefir þann mikla kost, að útskýringar og viðauka er miklu auðveldara að gefa en ef sækja þarf til þingsins.

Um 59. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Frumvarp þetta með athugasemdum er óbreytt eins og það var afgreitt til ríkisstjórnarinnar af milliþinganefndinni í tolla- og skattamálum. Í athugasemdunum er gerð grein fyrir mismunandi afstöðu hinna einstöku nefndarmanna, er væntanlega kemur þó skýrar fram við umræður í þinginu.

Frumvarpið er flutt eftir ósk fjármálaráðherra.

Nd. **66. Frumvarp**

til laga um verðtoll.

Flm.: Halldór Stefánsson, Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Verðtoll skal greiða í ríkissjóð af vörum, sem fluttar eru til landsins, eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Verðtollinn innheimta sýslumenn og bæjarfógetar, en í Reykjavík tollstjóri. Póstmenn innheimta verðtoll af þeim vörum, sem til landsins flytjast í pósti.

3. gr.

Gjaldheimtumenn greiða verðtollinn í ríkissjóð eftir þeim reglum, sem gilda um opinber reikningsskil, og fjármálaráðherra er heimilt að setja allar nauðsynlegar reglur til þess að tryggja ríkissjóð.

4. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi gjaldheimtumanni, eða umboðsmanni hans, reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, og er verðtollurinn innheimtur eftir þeim reikningum.

5. gr.

Gjaldheimtumaður, eða umboðsmaður hans, kvittar fyrir greiðslu verðtollsins með því að stimpla reikninga þá, er í 4. gr. getur, með merkjum þeim og á þann hátt, sem ræðir um í lögum nr. 75, 27. júní 1921. Önnur kvittun er ógild gagnvart ríkissjóði. Póstmenn kvitta þó fyrir verðtolli með frímerkjum.

6. gr.

Verðtollurinn er tvennskonar:

a. Allsherjar verðtollur, sem greiðist með sama hundraðshluta af öllum vörum, hvort sem þær að öðru leyti eru tollaðar eða ekki, nema sérstakar undantekningar séu gerðar.
b. Sérstakur verðtollur, sem greiðist með mismunandi hundraðshluta af verði vöru, eftir flokkum þeim, sem taldir eru í lögum þessum.

7. gr.

Verðtollur sá, er ræðir um í a-lið 6. gr., er 1½%. Hann greiðist af öllum vörum, þar með talin skip og bátar, er til landsins flytjast, nema íslenzkum vörum, sem endursendar eru frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum og þær voru sendar héðan, enda sé gjaldheimtumanni, þar sem þær eru settar í land, afhent vottorð frá tollgæzlustöð, þar sem varan er flutt í skip erlendis, um að hún sé íslenzk vara.

Venjulegur farangur ferðamanna telst ekki vara í lögum þessum, og ekki heldur heimilismunir manna, sem flytja vistferlum til landsins.

8. gr.

Undanþegnar verðtolli þeim, er getur í b-lið 6. gr., eru þær vörur, sem hér segir:

a. Aflvélar, aðrar en í mótorhjól og mótorvagna, til kökugerðar og brjóstsykurgerðar og kvikmyndasýninga.
b. Áburðarolía í tunnum og í dunkum.
c. Áburður, tilbúinn.
d. Benzín.
e. Brunavarnatæki.
f. Girðingavír og girðinganet.
g. Hurðir, gluggar og húsalistar.
h. Jarðyrkjuáhöld.
i. Járnpípur, dregnar og steyptar.
j. Korntegundir.

k. Leður og skinn, sútað, nema loðskinn.
l. Lyf og lyfjavörur.
m. Ofnar, eldavélar og miðstöðvartæki.
n. Pappi, pappír, umslög, bækur, tímarit og blöð.
o. Rúðugler.
p. Saumur, allskonar.
q. Símavír og efni til símalagningar.
r. Skip og bátar.
s. Smíðajárn, gjarðajárn, þakjárn og stál.
t. Steinlím og kalk.
u. Steinolía.
v. Trjáviður.
x. Veggfóður og veggplötur til bygginga.
y. Veiðarfæri og veiðarfæraefni, nema til stangarveiði.
z. Vörur, sem tollaðar eru í sérstökum tolllögum.

9. gr.

Verðtollur sá, sem í 6. gr. b. getur, er eins og hér segir:

A. Með 30% tollast eftirtaldar vörur:
Ávextir, syltaðir, og ávaxtamauk. Blómlaukar og blómfræ. Bréfspjöld og myndabækur. Flugeldar og flugeldaefni. Gimsteinar og demantar. Glysvarningur hverskonar. Gull-, silfur-, platínu- og plettvörur. Ilmsmyrsl. Ísaumsvörur og knipplingar. Jólatré og jólatrésskraut. Kaffibætisefni. Lakkrís. Lakkskór og flosskór. Leikföng allskonar. Loðskinn og loðskinnsfatnaður. Plöntur og blóm, lifandi, þurkuð og tilbúin. Silkivefnaður, silkigarn, silkifatnaður, silkihattar og silkiskór. Skrautvarningur hverskonar. Spil, Sólhlífar. Veggmyndir og málverk.

B. Með 20% tollast eftirtaldar vörur:
Ávextir og grænmeti, þurkað, saltað og niðursoðið. Egg, ný, niðursoðin, og eggjaduft. Eldspýtur. Fiður, dúnn og dýnur úr því. Fiskur, nýr, ísvarinn, niðursoðinn, hertur og saltur. Ger, gerduft og gerefni allskonar. Grammófónar og grammófónplötur. Göngustafir. Hanzkar, nema úr silki. Harmónikur. Hár allskonar. Hattar (aðrir en silkihattar) og húfur. Humar, krabbar, ostrur og aðrir skelfiskar. Kjöt og kjötmeti, nýtt, ísvarið, niðursoðið, saltað og hert. Krydd og kryddolíur allskonar. Legsteinar. Ljósmyndir, ljósmyndaáhöld og efni til ljósmyndagerðar. Mótorhjól og reiðhjól. Myndarammar (úr öðru en gulli, silfri og pletti). Postulíns-, leir-, gler-, alumin- og steinungsvörur. Rakhnífar, rakvélar og rakvélablöð. Regnhlífar. Speglar og spegilgler. Sætt kex og kökur. Tóbakspípur og tóbaksmunnstykki. Úr, úrfestar (úr öðru en gulli og silfri) og klukkur. Veiðistengur. Veggteppi, gólfteppi, teppadreglar og dyratjöld (úr öðru en silki og flosi).

C. Með 10% tollast eftirtaldar vörur:
Fatnaður, annar en olíufatnaður og fatnaður, sem fellur undir hærri verðtoll. Fægiduft, fægilögur, fægisápur og fægismyrsl. Gljávax. Handsápur og

raksápur. Hárgreiður og höfuðkambar. Hnífar og hnífapör. Húsgögn allskonar, heil og í hlutum. Kerti. Línsterkja. Mjólk og rjómi, gerilsneytt og niðursoðið. Mjólkurduft. Ostar. Reiðtýgi. Rótarávextir, aðrir en til kaffibætisgerðar. Skotfæri, skotvopn. Skófatnaður (annar en lakk-, flos- og silkiskór). Skóáburður og stígvélaáburður. Smjör og smjörlíki. Tólg. Töskur allskonar. Ullargarn. Vefnaðarvörur, aðrar en segldúkur, fiskábreiður, umbúðastrigi, segl og strigaborðar og vefnaðarvörur, sem falla undir hærri verðtoll. Veski allskonar.

D. Með 5% tollast:

Allar vörur, sem ekki eru undanþegnar þessum tolli, né taldar í A.—C.-lið.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

10. gr.

Af vörum þeim, sem til landsins flytjast í póstbögglum, greiðist verðtollur eftir reglum 9. gr. Ef reikningur fylgir ekki póstböggli, skal um verðmætið fara eftir skýrslu viðtakanda, ef póstþjónn telur hana ekki tortryggilega, en að öðrum kosti skal hann meta verðið.

Heimilt er póstmönnum að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti frá útlöndum, að viðtakanda ásjáandi eða umboðsmanni hans, um leið og þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að ekki sé rétt frá skýrt um innihald þeirra.

Verðtollinn greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir hann, líma þau á hann eða fylgibréfið og stimpla þau á venjulegan hátt. Póstmaður skal gæta þess, að viðtakandi taki frímerkin. Af póstbögglum, sem endursendir eru til útlanda, skal ekkert gjald greiða.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um innheimtu verðtolls af póstbögglum, ef þurfa þykir.

11. gr.

Verðtollinn skal greiða gjaldheimtumanni í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún eigi samkvæmt farmskrá skipsins að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum.

12. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má ekki byrja að flytja úr skipi fyrr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra, að viðlögðum drengskap, um það, að ekki séu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, sem tilfærðar eru á farmskránni.

Sé afferming byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um allt að 1000 kr.

13. gr.

Ekki má án samþykkis gjaldheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyrr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, allt að 1000 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skips, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda án samþykkis gjaldheimtumanns eða áður en hann hefir fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sé greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan þriggja daga frá því er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er ekki þegar greitt. Verðtollurinn fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, sem gjaldið á að greiðast.

14. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) hafa vald til, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæður þykja til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, skriflegt vottorð, að viðlögðum drengskap, um hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, þá hverjar og hve mikið af þeim og hvað þær hafi kostað.

Ef nokkur tregðast við að gefa þau vottorð, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 20 kr. á dag, og má ákveða sektirnar í bréfi til viðtakanda.

15. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í minnst 2 samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Eitt eintak af aðalfarmskránni afhendist gjaldheimtumanni í þeirri höfn, þar sem skipið hafnar sig fyrst, en hann sendir það síðan fjármálaráðuneytinu með fyrstu ferð. Útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans á þeirri höfn, þar sem vörurnar eiga að affermast.

Það varðar skipstjóra sektum, allt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja ekki skipi, samdar eins og hér er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans.

16. gr.

Nú verður maður uppvís að því að hafa vanrækt að skýra gjaldheimtumanni, áður lögmæltur frestur er liðinn, frá verðtollsskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða hafa sagt rangt til um slíkar vörur eða verð þeirra, án þess þó að yfirlýsingin sé gefin á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga, 25. júní 1869, segir, og skal hann þá sæta frá 50—3000 kr. sektum.

Nú hefir maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann þá sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er

ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 200 kr.

Sömu refsingu og til er tekið í 2. málsgrein þessarar gr. skal sá sæta, sem afhendir til stimplunar reikninga, sem hann veit, að ekki sýna hið rétta verð vörunnar.

Ennfremur skal jafnan auk refsingar þrefaldur verðtollur af vörum, þegar rangt hefir verið sagt til um magn þeirra eða verð.

Auk þeirrar refsingar, er í 1., 2. og 3. málsgr. segir, skal sá, er þrisvar hefir gerzt sekur um þar nefnd brot, við 3. brot, ef miklar sakir eru, dæmdur til að hafa fyrirgert leyfi til verzlunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja getur hann þó fengið slíkt leyfi aftur, enda hafi hann ekki á þeim tíma orðið sekur að nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá, er eigi hefir slík leyfi, er hann verður brotlegur, getur ekki fengið þau fyrr en að sama tíma liðnum.

17. gr.

Hinar aðfluttu verðtollsskyldu vörur skulu vera að veði fyrir tollinum og sektum, og hefir viðtakandi ekki rétt til að ráðstafa þeim fyrr en tollurinn er greiddur. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu ekki skil gerð samkvæmt lögum þessum, hefir gjaldheimtumaður vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar tolli og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst ekki til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir verðtolli og sektum í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina tollskyldu vöru.

18. gr.

Nú vill svo til, að verðtollsskyld vara ónýtist á leið hingað til lands, eða í uppskipun, og greiðist þá enginn tollur af henni. Ef vara rýrnar í verði vegna skemmda á leiðinni, greiðist tollurinn eftir því verðmæti, sem hún hefir þannig skemmd, eftir óvilhallra manna mati.

Þegar sjóskemmdar vörur eru seldar á uppboði, telst söluverðið sannvirði, og greiðist verðtollurinn af uppboðsandvirðinu með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði.

19. gr.

Nú er vara, sem verðtollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá gjaldheimtumanni skírteini þar að lútandi. Ef hann síðan skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skírteininu, sé þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn.

20. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn 2. og 3. málsgr. 16. gr. sakamálsmeðferð.

21. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í ríkissjóð.

22. gr.

Um leið og lög þessi öðlast gildi eru úr gildi numin þau lög, sem hér segir:

Lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum.

Lög nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Lög nr. 16, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Lög nr. 4, 3. apríl 1928, um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll, og

Lög nr. 5, 3. apríl 1928, um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1931.

Athugasemdir.

Eftir að aðflutningsbannlögin voru samþykkt (1909) var lögleiddur almennur þyngdartollur (vörutollur) á innfluttar vörur (að frátöldum sértolluðum vörum), til þess að afla tekna í ríkissjóð í stað vínfangatollsins. Kom vörutollurinn fyrst til innheimtu 1913 og nam þá 300—400 þús. kr. Þegar vörutollslögin voru samþykkt, var um það deilt, hvort lögleiða skyldi heldur þungatoll (vörutollinn) eða verðtoll, en þyngdartollstefnan varð í meiri hluta á þinginu. Ágreiningurinn var ekki svo mjög um það, hvor aðferðin væri eðlilegri og réttlátari, — því hefir aldrei verið verulega mótmælt, að verðtollurinn væri það — en aðalástæðan — og sú ástæða, sem mun hafa valdið úrslitunum —, sem á móti verðtollinum var færð, var sú, að brotin væri sú leynd, sem kaupmenn ættu rétt á og væri nauðsynlegt að hafa um viðskiptasambönd sín og verðlag, ef þeir þyrftu að leggja innkaupsreikninga fyrir tollheimtumenn ríkissjóðs.

Fram til ársins 1924 stóð svo vörutollurinn einn í lögum, þó með ýmsum breytingum. Frá $^5/_6$ 1918 var hann tvöfaldaður. Í ágúst 1919 var salttollurinn hækkaður upp í 8 krónur á tonn og 1919 var kolatollurinn hækkaður upp í 10 krónur á tonn, en 1923 var salttollurinn felldur ofan í 3 krónur og kolatollurinn í 5 krónur á tonn.

Árið 1924 var lögleiddur verðtollur á ýmsum vörum ofan á þungatollinn og hefir staðið svo síðan, með ýmsum breytingum að því er snertir einstakar vörutegundir.

Það mun mega til sanns vegar færa, að þungatollur og verðtollur hvor um sig hafa ýmsa galla, þótt skiptar séu skoðanir um, hverjir séu mestir. En án tillits til þess, hverjir agnúarnir séu stærstir, þá er auðsætt, að með því að hafa bæði þungatoll og verðtoll, þá er haldið í galla hvorstveggja þessa skipulags. Auk

þess er tollákvörðun og tollheimta með þessu fyrirkomulagi óþarflega fyrirhafnarsöm, og ærið óskýrt, hversu hár tollurinn er á hinum ýmsu vörum, því frekar, sem tollar þessir hafa verið, síðan þeir voru upp teknir, sífelldum breytingum undirorpnir.

Ef á það er fallizt, að óskipulegast og óhagfelldast að öllu leyti sé að hafa almennan þungatoll og verðtoll á sömu vörutegundum og þess vegna beri að halda sér til annarshvors eingöngu, þá vefst ekki í villu, að það muni vera verðtollur — m. a. af því, að svo háa upphæð, sem nú er heimt með þessum tollum báðum, myndi ókleift að heimta með viðunandi sanngirni um það, hvernig tollurinn legðist á, með þungatolli einum. Það orkar lítt tvímælis, að verðtollurinn er eðlilegri og réttlátari, og þar sem aðalmótbáran gegn honum — leyndin á viðskiptasamböndum og verðlagi — hefir nú verið að engu höfð með ákvörðun þingsins 1924, án þess að komið hafi að þeirri sök, sem andmælendur hans hafa óttazt, þá þykir nefndinni einsætt, að hverfa beri til verðtolls eingöngu.

Þótt að því verði horfið að heimta vörutollinn og verðtollinn samanlagða með verðtolli einum saman, þá má haga álagningu tollsins á ýmsa vegu. Má búast við, að allir geti ekki orðið á eitt mál sáttir um, hvernig álagningu tollsins skuli hagað.

Vörutollurinn nam nál. 333000 króna að meðaltali fyrstu fimm árin, frá 1913—1917. Svo lágri upphæð væri auðvelt að ná — sennilega ágreiningslítið — með verðtolli, og án þess að það þyrfti að snerta nokkuð verulega allan þorra almennings, með því að leggja hann á hinar óþarfari vörur aðeins.

Síðan verðtollurinn var lögleiddur, hafa vörutollurinn og verðtollurinn samanlagðir numið nálega 3000000 króna að meðaltali. Og í fjárlögum næsta árs (1930) eru þeir áætlaðir 2850000 króna. Svo hárri upphæð er ekki hægt að ná nema með því móti, að tollurinn komi að allmiklu leyti niður á allan almenning, og vex þar með vandinn um það, hvar og hvernig hann verði á lagður.

Síðastliðin 4 ár — 1925—1928 — hefir meðalinnflutningur erlendra vara verið rétt um 57 millj. króna að meðtöldu flutningsgjaldi til landsins. Af því eru sértollaðar vörur nál. 6 millj. krónur, og flutningsgjöld til landsins mun mega telja nál. 5 millj. Eru þá eftir 46 millj., sem þyrfti að jafna verðtollinum á. Svarar það til 6—7% álagningar á þær vörur, en 5—6% á allar innfluttar vörur, til að ná áætluðum tolli 1930. Ganga má út frá því sem vísu, að hvorug þessi leið þyki fær.

Má þá enn benda á tvær leiðir sem einna líklegastar:

1. Að undanskilja verðtolli — auk sértollaðra vara — hinar brýnustu nauðsynjavörur, sem ekki er hægt að afla í landinu sjálfu (korntegundir, helztu vörur til framleiðslu til lands og sjávar og iðnaðar, byggingarefni, girðingarefni, vörur til símalagningar, bækur o. fl.) og leggja svo verðtoll á það, sem þá er eftir, annaðhvort jafnt álag eða mismunandi, eftir nytsemi vörunnar. Þær vörur — að meðtöldum sértolluðum vörum og frádrætti á flutningsgjaldi —, sem samkvæmt framangreindu væru undanþegnar verðtolli, munu nema 33—34 millj. kr. Eru þá eftir 13—14 millj., sem þyrfti að jafna verðtollinum niður á, og næmi það sem jafnt hundraðsgjald 21—22% á innkaupsverð varanna.

2. Að leggja lágt hundraðsgjald, t. d. 1½% á allar innfluttar vörur, að meðtöldum sértollunum vörum. Næmi það tæpum 800 þús. kr. Jafna svo viðbótinni, nál. 2200 þús. kr., á þær fyrrtöldu 13—14 millj., annaðhvort sem jöfnu eða mismunandi álagi. Næmi það sem jafnt álag nál. 15%.

Af þessum tveim leiðum virðist sönnu nær að velja þá síðari. Aðalástæður fyrir því eru þessar:

1. Að þá væri skylt að koma með alla innkaups- og farmgjaldsreikninga til stimplunar, en með því móti væri nokkur trygging fyrir því, að ekki væri hægt að draga undan tolli tollskyldar vörur.
2. Tollurinn dreifðist þá á sem flestar hendur. En það verður að teljast réttmætt og eðlilegt, þegar um svo háan toll er að ræða, að sem flestir leggi þar fram nokkurn skerf.
3. Að þá verður auðveldara að koma niður eftirstöðvunum á þann tiltölulega litla hluta innflutningsins, sem aukatollurinn væri lagður á.
4. Það gæfi nokkra festu um upphæð tollsins, að hafa lágt innflutningsgjald á allar innfluttar vörur, fram yfir það, sem ella væri.

Þetta lága innflutningsgjald væri mjög sambærilegt við útflutningsgjaldið, en kæmi þó niður bæði á framleiðendum og neytendum, þar sem útflutningsgjaldið hvílir eingöngu á framleiðendum.

Eftir er þá að álíta, hvort heldur skyldi hafa viðbótartollinn jafnt hundraðsálag eða mishátt.

Með því að hafa jafnt hundraðsálag mælir einkum það, að tollákvörðun væri þannig langeinföldust og fyrirhafnarminnst.

Með hinu aftur, að flokka vörurnar og hafa mishátt álag, mælir það, að þær vörur, sem viðbótartollurinn féllí á, eru mjög misþarfar; sumar nær eins nauðsynlegar og þær vörur, sem kæmu undir innflutningsgjaldið aðeins, aðrar miður þarfar, eða hægt að afla þeirra innanlands, og sumar lítt þarfar eða með öllu óþarfar. — Munu þessar ástæður vega meira.

Tillögur frumv. eru byggðar á þessari síðastnefndu tilhögun, þannig, að tollurinn fellur eðlilegar og sanngjarnar á eftir nytsemi og nauðsyn varanna og einnig, að því er ætla má, eftir gjaldþoli kaupenda en nú er.

Eftir flokkun þeirri, sem gerð er á innflutningsvörunum í frv. (8. og 9. gr.), miðað við vörumagn og verðlag eftir innflutningsskýrslunum 1926 og með áætluðum frádrætti fyrir flutningsgjaldi, myndu vörurnar skiptast að verði sem næst því, sem hér segir:

Vörur taldar í 8. gr. ...	29	millj.	kr.	
A. fl. 9. gr.	1	—	—	
B. — — —	3	—	—	
C. — — —	8	—	—	
D. — — —	11	—	—	52 milj. kr.

Samkvæmt þessu myndu þá tollákvarðanir frv. gefa tekjur sem hér segir:

1½	%	af	kr.	52	millj.	...	...	kr. 780	þús.
30	—	—	—	1	—	...	...	— 300	—
20	—	—	—	3	—	...	...	— 600	—
10	—	—	—	8	—	...	...	— 800	—
5	—	—	—	11	—	...	...	— 550	—
							Samtals	kr. 3030	þús.

Flokkunin og tollálagið er miðað við það, að verðtollurinn gefi álíka tekjur og vörutollurinn og verðtollurinn gefa nú. Með vaxandi innflutningi vegna fólksfjölgunar vex hann af sjálfu sér. Nefndin ætlar, að tekjur ríkissjóðs eftir frumv. muni reynast jafnari og ekki minni en eftir gildandi lögum um vörutoll og verðtoll. — Þyki fært að leggjast léttara eða þyngra á þennan tekjustofn, þá er það auðvelt eftir formi frumvarpsins.

Um einstakar gr. frumv. þykir rétt að taka það fram, sem hér segir:

Um 1.—3. gr.

Þessar gr. þykja ekki gefa tilefni til athugasemda.

Um 4. gr.

Þessi gr. er í samræmi við upphaf hinna gildandi verðtollslaga, og er því engin ástæða til að skýra hana.

Um 5. gr.

Hér er sagt fyrir um, hvernig greiðslu verðtollsins er háttað og hvernig fyrir hann er kvittað. Með því að afhending stimpilmerkja fyrir tollinum er aðaltryggingin fyrir því, að tollurinn komi í ríkissjóð, þykir rétt, að aðrar kvittanir séu ógildar. Með því er tollgreiðendum skapað svo mikið aðhald um að krefjast stimpilmerkja, er límd séu á reikninginn, að ekki sýnist það betur gert á annan hátt.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir tvennskonar vörutolli. Af ákvæðum þessarar gr. leiðir, að reikningar yfir allar vörur, svo að segja, eiga að afhendast til verðtollsstimplunar. Í þessu er fólgin nokkur trygging fyrir, að vörur sleppi ekki við lögákveðið gjald.

Um 7. gr.

Vegna hinnar miklu tekjuþarfar ríkissjóðs hefir ekki þótt fært að undanskilja þessu lága innflutningsgjaldi neina útlenda vöru, sem til landsins flyzt. Gjald þetta er jafnhátt útflutningsgjaldinu af íslenzkum afurðum, og er tæpast að undra, þótt vér gerum ekki útlendum vörum hærra undir höfði en eigin framleiðsluvörum vorum, sem eru hyrningarsteinn framfara og menningar í landinu.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru taldar þær vörur, sem tilætlunin er að undanskilja öðrum verðtolli en 1½%, en auðvitað er að ýmsu leyti álitamál, hverjar vörur

skuli taka hér með og hverjum sleppa. Mun þar og sitt sýnast hverjum og ekki ástæða til að ræða frekar um það hér.

Um 9. gr.

Hér eru taldir tollflokkar hins hærra verðtolls, og þótti ekki fært að hafa þá færri en 4. Þessi gr. er vitanlega þungamiðja frv., og má ganga út frá því sem gefnu, að mikill ágreiningur verði um hana, enda ekki ósennilegt, að engir 2 menn mundu flokka nákvæmlega á sama hátt. En þegar gera á slíka flokkun sem hér er um að ræða, verður að hafa tekjuþörf ríkisins í huga. Ríkissjóður þarf í stað núverandi verðtolls og vörutolls að fá tekjustofn, sem gefur sem næst 3 millj. kr. á ári, og við það er flokkunin miðuð sérstaklega. Ennfremur verður að taka tillit til, að tolleftirlitið hér á landi hlýtur að vera lítið á ýmsum stöðum. Þess vegna er ekki unnt að fylgja í flokkuninni ítrasta réttlæti, og kennir þess nokkuð í flokkuninni, og er ómögulegt eins og nú er að komast hjá þessu með kleifum kostnaði. Þá má og um það deila, hvort nöfn varanna og framsetning flokkunarinnar sé heppilega og greinilega framsett, eða sundurliðun nóg.

Einn nefndarmanna (HG) er óbundinn um flokkunina og tollinn eftir 8. og 9. gr., og mun hann gera grein fyrir tillögum sínum sérstaklega. Um hina nefndarmennina er þess að geta, að hvorugur þeirra mun gera smærri breytingar að ágreiningsefni, enda eru þeir og óbundnir um einstaka liði.

Um 10. gr.

Innihald þessarar greinar er að mestu tekið úr 7. gr. gildandi verðtollslaga og 2. gr. gildandi vörutollslaga. Að öðru leyti er tæpast ástæða til skýringa.

Um 11. gr.

Þessi gr. er að efni til eins og fyrri hluti 4. gr. vörutollslaganna, en síðari hluta greinarinnar þykir ekki ástæða til að taka hér upp, því að um greiðslu tollsins hlýtur að fara eftir venjulegum viðskiptareglum.

Um 12. gr.

Hér er að miklu leyti tekin upp 5. gr. vörutollslaganna, en breytingar þær, sem á eru gerðar, sýnast ekki þarfnast skýringa.

Um 13. gr.

Þessi gr. er mjög í samræmi við 6. gr. vörutollslaganna, og hefir þótt rétt að taka hana upp sem öryggisráðstöfun, jafnvel þótt vitað sé, að óvíðast sé bókstaflega eftir henni farið.

Um 14. gr.

Er að innihaldi mjög svipuð 7. gr. vörutollslaganna, og þær breytingar, sem á eru gerðar, þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Það er álitamál, hvort ekki mætti hætta að krefja um farmskrár, þegar vörutollurinn fellur niður, en þó þykir ekki rétt að hverfa að því ráði, því að

ekki er unnt að neita því, að skrár þessar gefa gjaldheimtumönnum ýmsar upplýsingar, sem geta verið þeim til leiðbeiningar um innheimtu verðtollsins. 8. gr. vörutollslaganna er því tekin hér upp, en með allmiklum breytingum, sem ekki er ástæða til að ræða frekar.

Um 16. gr.

Þessi gr. er mjög í samræmi við 8. gr. vörutollslaganna, en 3. málsgr. er þó ný, en hún virðist svo sjálfsögð, að um hana þarf tæpast að ræða.

Um 17. gr.

Hún svarar til 10. gr. vörutollslaganna, og eru skýringar óþarfar.

Um 18. gr.

Til hliðsjónar við samning þessarar gr. hefir 11. gr. vörutollslaganna verið höfð, en ákvæði þessarar gr. eru svo skýr, að tæpast þarf að útlista hana nánar.

Um 19. gr.

Hún er í samræmi við innihald 12. gr. vörutollslaganna.

Um 20. gr.

Er að efni til eins og 13. gr. vörutollslaganna, þó með þeirri breytingu, sem leiðir af hinni nýju málsgr. í 16. gr.

Um 21. gr.

Það þykir sjálfsagt, að allar sektir eftir lögum þessum renni í ríkissjóð.

Um 22. gr.

Hér eru talin lög þau, sem ætlazt er til, að falli úr gildi, ef frv. þetta verður að lögum.

Um 23. gr.

Þarfnast engra skýringa.

Frv. þetta með aths. er óbreytt eins og það var afgreitt til ríkisstjórnarinnar af milliþinganefndinni í tolla- og skattamálum. Í athugasemdunum er gerð grein fyrir mismunandi afstöðu hinna einstöku nefndarmanna, er væntanlega kemur þó skýrar fram við umræður í þinginu. Frv. er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra.

Nd. **67. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson og Ólafur Thors.

1. gr.

5. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921, orðist svo:

Að því tilskildu, að aðgengilegir samningar náist við Privatbanken og Hambros Bank um framhald viðskiptalána handa Íslandsbanka, leggur ríkissjóður bankanum til nú þegar forgangshlutafé að upphæð 3 millj. kr.

Takmarkanir á atkvæðum eftir hlutafjármagni skulu engar vera að því er hlutaeign ríkissjóðs snertir.

Ennfremur ábyrgist ríkissjóður innlánsfé og annað innstæðufé bankans í hlaupandi viðskiptum til loka leyfistímans, 31. des. 1933.

Verð hinna eldri hlutabréfa skal ákveðið með mati og nafnverð þeirra fært niður í samræmi við það á næsta aðalfundi bankans. Matið skal framkvæmt af bankaeftirlitsmanni og 4 öðrum mönnum, sem kosnir eru með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt í þeim tilgangi að afstýra því þjóðartjóni, sem stöðvun á starfsemi Íslandsbanka, er nú virðist yfirvofandi, mundi hafa í för með sér.

Nánar í framsögu.

Nd. **68. Frumvarp**

til laga um skiptameðferð á búi Íslandsbanka.

Flutningsm.: Hannes Jónsson, Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Bú Íslandsbanka skal tekið til skiptameðferðar.

Skiptin framkvæmir skilanefnd þriggja manna, er fjármálaráðherra skipar.

2. gr.

Meðan skiptin standa yfir, má hvorki taka til greina neina kröfu um gjaldþrotaskipti í búi bankans né leggja löghald eða löggeymslu á eignir hans, eða gera í þeim fjárnám eða aðra fullnustugerð.

3. gr.

Við skiptin skal farið eftir reglum þeim, er gilda við gjaldþrotaskipti um skuldajöfnuð, um ógildingu gerninga, fjárnáms eða löggeymslu og um skuldaröð. Öðrum ákvæðum skiptalaganna og laganna um gjaldþrotaskipti, þeim er eigi lúta að sjálfri skiptaaðferðinni, skal og beitt, eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skilanefnd skal heimilt að taka lán til að greiða með afborganir til skuldheimtumanna bankans, enda verði þeir, er lán þessi veita, forgangskröfuhafar í búinu, samkv. 82. gr. skiptalaganna.

5. gr.

Ríkissjóður tekur ábyrgð á seðlum bankans, þeim er í umferð eru við upphaf skiptameðferðarinnar. Frá þeim tíma má bankinn eigi gefa út nýja seðla. Ákvæði þetta haggar í engu ábyrgð bankans á seðlunum gagnvart handhöfum þeirra og ríkissjóði.

6. gr.

Fjármálaráðherra skal heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptameðferðina, m. a. um reikningsskil, endurskoðun, innlausn seðla og hluthafafundi. Endurskoðunina framkvæma tveir endurskoðendur, er fjármálaráðherra skipar.

Í reglugerð þessari er fjármálaráðherra heimilt að víkja frá lagafyrirmælum um bankann, sem eldri eru en lög þessi, að svo miklu leyti, sem þörf krefur.

Reglugerð bankans gildir eigi meðan á skiptunum stendur.

7. gr.

Kostnaður allur við skiptin, þar á meðal laun skilanefndarmanna og endurskoðenda, greiðist sem forgangsskuld, samkv. 82. gr. skiptalaganna, af eignum búsins.

8. gr.

Fjármálaráðherra getur leyft, að skjöl, sem gefin eru út um lán gegn tryggingu í kröfum á hendur bankanum, séu stimpilfrjáls að meira eða minna leyti.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Með því að Íslandsbanki, vegna fjárhagsörðugleika, hefir eigi getað haldið starfsemi sinni áfram og því neyðst til að loka, er óhjákvæmilegt, að ríkisvaldið geri einhverjar ráðstafanir, til þess að draga úr því tjóni, sem stöðvun bankans hefir í för með sér fyrir þjóðfélagið. Þess vegna er þetta frumvarp komið fram.

Lokun bankans hlyti óhjákvæmilega að hafa í för með sér, að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta innan mjög skamms tíma. Er það auðsætt, að hinar almennu reglur um gjaldþrotaskipti eiga illa við, þegar um er að ræða skipti á búi slíku sem bú Íslandsbanka er. Til þess að koma eignum bankans í verð og innheimta skuldir hans, þarf langan tíma, lengri en ætlaður er til venjulegra gjaldþrotaskipta, og aðra starfstilhögun en venjuleg er við gjaldþrotaskipti. Því er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir, að sérstakri skilanefnd verði falin meðferð skiptanna. Eru ákvæði í frumvarpinu, er heimila að beita við skiptin sömu eða svipuðum reglum og gilda um gjaldþrotaskipti, að svo miklu leyti sem þeim verður við komið, svo sem reglunum um skuldajöfnuð (17. gr. gjaldþrotal.), ógildingu (19.—25. og 28. gr. gjaldþrotal.) og um skuldaröð (82.—89. gr. skiptalaganna) og öðrum reglum, er eigi lúta að sjálfri skiptaaðferðinni. Eru lögin að því er til skiptanna og skilanefndarinnar tekur sniðin eftir lögum þeim, er Danir settu um skipti á búum Köbenhavns Diskontobank og Revisionsbanken og den danske Andelsbank. Munurinn er aðallega sá, að skilanefndin skal hér skipuð 3 mönnum aðeins, en þar 7, og að þar völdu innstæðueigendur 2 af skilanefndarmönnunum, en hér skipar fjármálaráðherra þá alla. Verður að telja nefndina nægilega fjölmenna skipaða 3 mönnum, og í annan stað eru mjög mikil vandhæfi á því að ná til innstæðueigenda til kosninga á fulltrúa þeirra í nefndinni.

Íslandsbanki er enn seðlabanki og eru um 4 millj. kr. í seðlum hans nú í umferð. Ríkið hefir löggilt seðla þessa sem gjaldeyri, og sýnist það því vera tvímælalaus skylda þess að tryggja handhafa þeirra gegn tapi af fjárþrotum bankans. Er því tekin ábyrgð ríkissjóðs á seðlunum í frumvarpinu. En vitanlega haggar sú ábyrgð í engu ábyrgð bankans sjálfs á seðlunum, og stendur gullforði bankans og aðrar eignir jafnt til tryggingar seðlunum gagnvart ríkissjóði sem gagnvart handhöfum þeirra.

Það skal tekið fram, að samkv. 44. gr. reglug. fyrir Íslandsbanka, nr. 52, 6/6 1923, eru ráðstafanir, slíkar sem þær, er frumvarp þetta ræðir um, heimilar án samþykkis hluthafa bankans.

Ed. **69. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir orðið »verzlunarvöru« í 1. málslið kemur: muni til sölu.

b. Fyrir orðin »Þegar um verzlunarvöru er að ræða, skal gjaldið vera hundraðsgjald af verði vörunnar« í 3. málslið kemur: Þegar um verzlunarmuni er að ræða, sem inn eru fluttir, skal gjaldið vera hundraðsgjald af verði þeirra.

c. Fyrir »afhending vörunnar« í 4. málsl. kemur: afhending munanna.

2. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:
Ríkisstjórninni skal heimilt, að fengnum tillögum bæjarstjórnanna í Reykjavík og Hafnarfirði og stéttafélaga þar, að kveða á um, að lokað skuli, að einhverju leyti eða öllu, sölubúðum, skrifstofum, afgreiðslustofum og vinnustofum og útivinna látin niður falla á báðum stöðum dagana 26.—28. júní 1930, og einnig að setja ákvæði um, að hafa megi sölubúðir þar opnar að einhverju leyti sunnudaginn 29. júní.

3. Við 6. gr.
Fyrir »á vörum« í 1. málsgr. kemur: á verzlunarmunum.

Nd. 70. Tillaga

til þingsályktunar um að skipa nefnd samkv. 35. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka hag Íslandsbanka og stjórn hans á undanförnum árum.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka hag Íslandsbanka og stjórn hans á undanförnum árum. Nefndin hefir vald til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar.

Greinargerð.

Tvö frumvörp eru fram komin viðvíkjandi Íslandsbanka, annað um að ríkið taki á sig stórfellda fjárhagslega ábyrgð og leggi ríkið fé fram honum til viðreisnar, hitt um að bú bankans verði tekið til skipta, og þó ábyrgist ríkissjóður seðla bankans.

Hvor leiðin sem farin yrði leiðir af sér kröfuna um, að þingi, ríkisstjórn og almenningi verði kunnugt um allan hag bankans og hvaða ábyrgð stjórnendur bankans hafa á því, hvernig komið er. Virðist heppilegasta leiðin til að ná því takmarki, að kosin verði rannsóknarnefnd í neðri deild Alþingis samkv. 35. gr. stjórnarskrárinnar.

Ed. **71. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. *Um einkarétt á merki hátíðarinnar.*

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á árinu 1930 hafa einkarétt á merki alþingishátíðarinnar 1930, því sem hér er sýnt, og er engum heimilt, verzlunum né einstök-



um mönnum, að nota merkið eða setja á muni til sölu, nema leyfi ríkisstjórnarinnar komi til. Er ríkisstjórninni rétt að ákveða gjald fyrir slíkt leyfi samkvæmt tillögum undirbúningsnefndar hátíðarinnar. Þegar um verzlunarmuni er að ræða, sem inn eru fluttir, skal gjaldið vera hundraðsgjald af verði þeirra samkvæmt innkaupsreikningi, þó aldrei yfir 15%. Er tollstjóra í Reykjavík og lögreglustjórum annarsstaðar á landinu skylt að innheimta gjald þetta, og fer um innheimtuna og afhending munanna eftir sömu reglu og segir í lögum nr. 5, 3. apríl 1928.

2. gr.

Gjaldi því, sem inn kemur fyrir söluleyfi á merkinu, skal varið upp í kostnað við alþingishátíðina.

II. *Um örggi flutninga á Þingvallavegum.*

3. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að ákveða, að undangenginni skoðun, hverjar bifreiðar megi vera í notkun á vegunum milli Reykjavíkur og Þingvalla dagana 25.—29. júní 1930, að báðum meðtöldum.

4. gr.

Nú telja eftirlitsmenn bifreiða varhugavert, að einhver bílstjóri fari með bifreið á Þingvallavegunum daga þá, sem ræðir um í 3. gr., sakir skorts á æfingu eða af öðrum líkum ástæðum, þótt bílstjórapróf hafi, og er ríkisstjórninni þá heimilt að banna þeim manni að stýra þar bifreið þessa daga.

III. *Um lokunartíma sölubúða o. fl.*

5. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt, að fengnum tillögum bæjarstjórnanna í Reykjavík og Hafnarfirði og stéttafélaga þar, að kveða á um, að lokað skuli, að einhverju leyti eða öllu, sölubúðum, skrifstofum, afgreiðslustofum og vinnustofum og útivinna látin niður falla á báðum stöðum dagana 26.—28. júní 1930, og einnig að setja ákvæði um, að hafa megi sölubúðir þar opnar að einhverju leyti sunnudaginn 29. júní.

IV. *Um viðurlög o. fl.*

6. gr.

Nú notar einhver merki alþingishátíðarinnar í heimildarleysi, eða flytur það inn á verzlunarmunum án leyfis, og skal hann þá sæta sekt, er nemi allt að tíföldu gjaldi því, er honum bar að greiða fyrir merkið.

Brot gegn ráðstöfunum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr., varða sektum, allt að 2000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sektarfé allt skal renna í ríkissjóð.

7. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **72. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Jón Ólafsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík, skal orða þannig:

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 7. Þegar sú skipun er á komin, skulu sæti eiga í efri deild Alþingis 16 menn og í neðri deild 29.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við næstu almennar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Misrétti það, sem leiðir af úreltri kjördæmaskipun, kemur langskýrast fram í því, að fjórði hluti allra landsmanna, eða vel það, sem býr í Reykjavík, fær ekki að kjósa til Alþingis nema eina 4 þingmenn af 36 kjördæmakosnum þingmönnum, eða 1/9 hluta kjördæmakjörinna þingmanna. Úr þessu verður að bæta fyrst af öllu, ef byrjað er á annað borð á leiðréttingum á kjördæmaskipuninni.

Þingmannatala sú, sem stungið er upp á, er að vísu ekki eins há og vera ætti eftir fólksfjölda, því að þá ætti Reykjavík að senda 10 menn á þing, en þó væri við unandi, ef þessi réttarbót fengist.

Hingað til hefir þingmannafjölgun jafnan verið látin lenda á Nd. Alþingis. En til þess er engin gild ástæða, og er réttara að skipta viðbótarþingsætum milli deildanna.

Ed. **73. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vigt á síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er á einu máli um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. febrúar 1930.

Erlingur Friðjónsson, form. og frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	H. Steinsson.

Ed. **74. Nefndarálit**

um frv. til laga um Menntaskólann í Reykjavík.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. nái fram að ganga með lítilsháttar breytingum, sem fremur má telja orðabreytingar en efnisbreytingar. Um ástæður fyrir þessu vísar nefndin til þess, er fram kom í þingdeildinni síðastliðið ár við meðferð frv. um menntaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavík og á Akureyri.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 4. gr. Á eftir »bekkjum Menntaskólans« komi: svo mörgum, sem þörf þykir.
2. Við 5. gr. Fyrir »trúarbragðafræði« komi: trúarbrögð.
3. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Skólameistari boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Kennarafundi skulu fastir kennarar og aukakennarar skólans sækja, og hafa þeir atkvæðisrétt. Ennfremur sækja þeir stundakennarar fundi, er þess óska, eða skólameistari kveður til sérstaklega, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt.

Alþingi, 7. febr. 1930.

Páll Hermannsson, form.	Erl. Friðjónsson, fundaskr.	Jón Þorláksson, frsm.

Nd. **75. Frumvarp**

til laga um sölu lands undan prestssetrinu Borg á Mýrum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Borgarneshreppi í Mýrasýslu þann hluta úr landi prestssetursins Borgar á Mýrum, sem er innan takmarka hreppsins.

2. gr.

Um mat á landi því, er selt kann að verða samkvæmt lögum þessum, og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, frá 16. nóvember 1907, um sölu kirkjujarða.

3. gr.

Hreppnum er ekki heimilt að endurselja landið eða hluta þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **76. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþykkt með þeim breytingum, sem hér fara á eftir og gerð verður nánari grein fyrir í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Tekjum sjóðsins skal fyrst og fremst varið til þess að standast kostnað af notkun flugvéla til síldarleitar og til þess að koma skipulagi á samvinnu milli flugvéla og síldarskipa, enda sé þá haldið uppi stöðugri síldarleit með þar til hæfri flugvél frá 1. júní til 15. sept. ár hvert, meðan sjóðurinn starfar. Að öðru leyti skal tekjum sjóðsins varið til flugferða á Íslandi innan þeirra takmarka, sem segir í 5. gr.
2. Við 3. gr.
   a. Orðin »eða beitusíldar« falli burt.
   b. Í stað »150 kg« komi: 135 kg.
3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: en $^1/_{10}$ skal lagður í sjóð til eflingar flugferðum.

Alþingi, 7. febrúar 1930.

Erlingur Friðjónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Halldór Steinsson.

Ed. **77. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs úr jörðinni Nesi í Norðfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sömu skoðunar og áður um nauðsyn kaupstaða og kauptúna að eignast land það, sem þeir standa á, sem og land til nauðsynlegrar ræktunar fyrir íbúana. Leggur því nefndin til, að frv. þetta verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 7. febrúar 1930.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jóh. Jóhannesson.

Ed. **78. Frumvarp**

til laga um breyting á áfengislögum, nr. 64, 7. maí 1928.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

a. Síðari málsliður 3. gr. laganna orðist svo:
Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa né skemmtiferðaskipa, enda flytji þau ekki farþega hingað aðra en þá, sem búa í skipinu, meðan það stendur hér við land, og fara með því aftur, og ekki aðra farþega héðan. En ekki mega skemmtiferðaskip veita gestum úr landi áfengi á höfnum inni eða í landhelgi.

b. Fjórði málsliður færist aftur fyrir alla greinina og verði 5. málsliður hennar.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist:
Heimilt er að ákveða í reglum þessum, að brot gegn þeim varði sektum, frá 200 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir lögum þessum.

3. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:
Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld o. s. frv.

4. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist þriðji málsliður, svo hljóðandi:
Hver, sem aflar sér áfengis undir því yfirskini, að hann þurfi á því að halda í lögleyfðum tilgangi, en notar það til nautnar, skal sæta sektum.

5. gr.

a. Fyrsti málsliður 21. gr. laganna orðist svo:
Láti læknir af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, hvort heldur er handa mönnum eða dýrum, án þess að hafa gengið úr skugga um það með rannsókn, að áfengi sé nauðsynlegt til lækninga, eða hann misbeitir á annan veg lækningaleyfi sínu, til að útvega mönnum áfengi til neyzlu, eða hann brýtur reglur þær, er settar eru eða settar verða til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til nautna, heldur aðeins til lækninga, skal hann sæta refsingu samkvæmt 38. gr. þessara laga.

b. Síðasti málsliður 21. gr. falli burt.

6. gr.

Seinustu orðin í 2. málslið 24. gr. laganna, »nema leyfi lögreglustjóra komi til« falli burt.

7. gr.

Fyrir orðin í 27. gr. laganna »auk sektar skal greiða 40 krónur á hvern lítra þess áfengis, er innflutt er« komi: Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, er innflutt er.

8. gr.

Fyrri málsliður 32. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn fyrri málslið 11. gr., eða gegn þeim reglum, er settar eru eða settar verða samkvæmt öðrum málslið sömu greinar, eða gegn þeim öðrum ákvæðum þessara laga, sem banna að veita, gefa, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna, varða sektum, frá 500 til 5000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1000 til 10000 krónum.

9. gr.

Síðasti málsliður 38. gr. laganna falli burt.

10. gr.

Fjórði málsliður 45. gr. laganna orðist svo:

Brot á þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um meðferð vínanna, varða sektum samkvæmt þessum lögum, og má í reglunum kveða svo á, að refsa skuli fyrir hlutdeild í brotum á reglugerðarákvæðunum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutun framkvæmdanefndar Stórstúku Íslands og flutt eftir tilmælum hennar.

Fylgdu frv. svo hljóðandi athugasemdir:

Breytingartillögur, sem hér eru fram bornar, eru 12 að tölu. Fjórar (3., 6., 10. og 12.) miða til þess að leggja nægilega traustan grundvöll undir nauðsynlegar reglugerðir. Enda er það aðaltilgangurinn með því að flytja áfengislögin einu sinni enn inn í þingið, að fá þær samþykktar. Við þessar 4 tillögur er svo bætt 4., 5., 8. og 9. tillögu, sem allar verða að teljast ýmist nauðsynlegar eða til mikilla bóta. Hinar (1., 2., 7. og 11.) eru smærri.

Skal svo farið nokkrum orðum um hverja einstaka tillögu.

1. Reynsla Reykjavíkur, einkum síðastliðið sumar, er sú, að drykkjuskaparóregla stafar frá útlendum skemmtiferðaskipum, er liggja á Reykjavíkurhöfn. Því virðist viðauki við 3. gr. nauðsynlegur.
2. Fyrir þessari tillögu þarf ekki að gera grein.
3. Af því að refsiákvæði við 7. grein eru ekki ákveðin, virðist viðaukinn vera nauðsynlegur, svo og ómissandi til þess að reglugerðarákvæði um þetta efni verði bindandi.

4. Þess eru fleiri dæmi, er áfengisbruggun hefir komizt upp og dómur fallið í málinu, að bruggunaráhöld hafa verið seld á uppboði fyrir lítið verð, og kaupandi hefir komið áhöldunum aftur til hins dæmda, sem þá hefir getað byrjað bruggun af nýju. Því er nauðsynlegt að ónýta áhöldin.
5. Ef læknir (sbr. 21. grein) lætur án rannsóknar mann fá áfengi eða áfengisseðil, en áfengisbeiðandi notar ekki áfengið til neyzlu, virðist vera rangt að refsa honum fyrir að taka við áfenginu. Þar á móti er rétt að refsa honum, ef hann notar áfengið ranglega. Meðfram sakir þessa er tekin hér upp ný gr., sem áður hefir staðið í bannlögunum, og er henni bætt aftan við 14. gr.
6. Samkvæmt þessari tillögu er breytingin eða viðaukinn þetta: »eða hann brýtur reglur þær, er settar eru eða settar verða til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til nautnar, heldur aðeins til lækninga«. Þessi breyting er nauðsynleg til þess að reglugerðarákvæði um þetta efni verði bindandi. Annars verða þau dauð og marklaus.
7. Tillagan er eðlileg afleiðing af greinargerð við 5. tillögu.
8. Síðan lögákveðið var að láta það velta á leyfi lögreglustjóra, hvort félag manna megi hafa vínveitingar í félagsskap eða hvort áfengisnautn megi fara fram í félagsherbergjum, hefir almenningur lýst óánægju yfir, er slíkt leyfi var veitt. Afstaða lögreglustjóra til þessa máls hefir verið og er mjög mismunandi. Einn lögreglustjóri hefir hvorki viljað veita leyfið né talið sér skylt að gera það. Annar hefir talið sér skylt að veita leyfið, sakir ordalagsins í lögunum, en þó óskað eftir, að ákvæðið væri fellt burtu. Þriðji hefir verið fús til að veita leyfið og veitt það, er um það hefir verið sótt. Afstaða lögreglustjóranna fer eftir því, hvaða augum þeir líta á bindindi og bann. Gamall vínnautnarmaður í lögreglustjórasæti er hættulegur, meðan þetta leyfi er í hans höndum. Hann hefir samúð með vínnautnarmönnunum. Því er réttast að taka leyfisréttinn af öllum lögreglustjórum.
9. Eins og ákvæðið er nú í lögunum, greiða þeir einir 40 kr. fyrir lítra þess áfengis, er inn er flutt, sem hafa fé til. Félausir menn borga ekki og sleppa. Komist breytingin á, verða félausir menn að sitja inni, til að afplána sektirnar. Því er breytingin nauðsynleg og til gagns.
10. Breytingin eða viðbótin, sem hér er um að ræða, er sú, »að brot gegn reglum, er settar eru eða settar verða samkvæmt heimild í 11. gr., varði sektum«. Annars verður gagnslaust og þýðingarlaust að semja reglugerð og byggja hana á 11. gr.
11. Er eðlileg afleiðing af 7. tillögu.
12. Hér er að ræða um samskonar breytingu, sem fram á er farið í 3., 6. og 10. breytingartillögu, þá, að kveða skýrt á um það í lögunum, að brot á reglugerðarákvæðum um tiltekin efni varði refsingu. Áfengislögin verða að litlu meira en hálfu gagni, meðan það er ekki tekið fram í þeim með berum og skýrum orðum, að brot á reglum, sem settar eru eða settar verða um það efni, er á hverjum stað um ræðir, varði refsingu. Að því má ganga vísu, að flutningsmenn áfengislaganna á Alþingi 1928 hafa ætlazt til þess, að refsa mætti fyrir brot á reglugerðum, er lögin á fleiri stöðum taka fram, að setja skuli. En þeim hefir láðst að taka það skýrt fram, eða nægilega

skýrt fram, svo að dómarar geti reist dóm á því. Þetta hefir komið í ljós að sumu leyti í dómum í áfengismálum nýlega. Flutningsmönnum áfengislaganna 1928 þarf ekki að ámæla fyrir þetta. En öllum getur yfirsézt. Og samskonar yfirsjón hefir áður orðið þeim þingmönnum, er endurskoðuðu og settu bannlögin 1922.

Nd. **79. Frumvarp**

til laga um Útvegsbanka.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson og Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Banka skal stofna, er nefnist Útvegsbankinn, en á öðrum málum er heiti hans tilsvarandi.

2. gr.

Tilgangur bankans er að styðja útgerð og iðnað og greiða fyrir fjármálaviðskiptum samvinnufélaga, annara félaga og einstaklinga, er stunda þessa atvinnuvegi eða verzlun í sambandi við þá.

3. gr.

Útvegsbankinn er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins undir sérstakri stjórn samkvæmt 15. og 19. gr. Bankinn er fyrst um sinn greindur í tvær deildir, lánadeild og innheimtudeild, með aðgreindum fjárhag, en atvinnumálaráðherra getur með reglugerð greint bankann í fleiri deildir.

4. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaklega lagaheimild í hvert sinn, að undanteknu láni samkv. 10. gr. laganna.

5. gr.

Útvegsbankinn hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. En auk þess getur bankinn haft útibú eða umboðsskrifstofur þar, sem bankastjórn telur þörf á, að fengnu samþykki ráðherra.

6. gr.

Lánadeild bankans tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum og á hlaupareikning, og er henni heimilt í samræmi við tilgang bankans (sbr. 2. gr.):

1. Að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir.
2. Að veita lán gegn tryggingum, er nægar þykja.
3. Að annast að öðru leyti venjuleg bankastörf.

7. gr.

Bankinn skal eiga ávallt að minnsta kosti 25% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, er bankastjórn og ráðherra telja gild. Í stað verðbréfa má koma innieign í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands.

8. gr.

Allur tekjuafgangur lánadeildar rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar.

9. gr.

Ríkissjóður leggur bankanum til sem stofnfé 2 millj. kr. af láni ríkissjóðs til Íslandsbanka, og greiðist það eftir því, sem það lán greiðist af Íslandsbanka, og séu sett næg veð fyrir því til handa Útvegsbankanum, af veðum þeim, er ríkissjóður hefir fyrir láninu. Ennfremur leggur ríkissjóður bankanum til árlegt framlag, 100 þús. kr.

10. gr.

Fiskiveiðasjóður Íslands skal lagður bankanum til sem stofnfé.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir erlendu láni til rekstrar, allt að 2 millj. kr.

12. gr.

Landsbankinn endurkaupir af Útvegsbankanum góða viðskiptavíxla, eftir því sem þörf krefur og bankastjórn Landsbankans telur fært.

13. gr.

Innheimtudeild Útvegsbankans tekur að sér skiptameðferð Íslandsbanka eftir lögum, sem um það eru sett, og kemur í stað skilanefndar í þeim lögum. Skal lánadeild Útvegsbankans síðan taka að sér það af viðskiptum Íslandsbanka, er bankastjórn þykir óhætt.

14. gr.

Bankinn er undanþeginn tekjuskatti, útsvari og öðrum opinberum gjöldum, hverju nafni sem nefnast, til ríkissjóðs eða sveitarsjóðs, eða til annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir og skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í hans nafni, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

Sparisjóðsviðskipti bankans njóta allra hlunninda og lúta öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði.

Fé það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetning eða löghaldi meðan það stendur þar.

Bankinn er undanþeginn almennum ákvæðum laga um hámarksvexti af útlánum gegn fasteignaveði.

15. gr.

Bankastjórar eru tveir. Skipar atvinnumálaráðherra þá og hefir yfirumsjón bankans. Ráðherra getur sagt bankastjóra upp með 6 mánaða uppsagnarfresti, eða án uppsagnarfrests, en greiði honum þá 6 mánaða laun, ef ekki er um slík afbrot að ræða af hálfu bankastjórans, sem heimili frávikning hans án nokkurrar launagreiðslu. Ástæður skulu færðar fyrir frávikningu og hlutaðeigandi bankastjóra skýrt frá þeim. Í forföllum bankastjóra getur ráðherra sett annan mann til að gegna starfi hans um stundarsakir. Bankastjórar hafa að árslaunum 10000 kr. og auk þess sömu dýrtíðaruppbót sem starfsmenn ríkisins fá á hverjum tíma.

16. gr.

Ráðherra skipar bókara og féhirði bankans, ákveður laun þeirra og vikur þeim frá, allt að fengnum tillögum bankastjórnar.

Aðra starfsmenn velur bankastjórn og ákveður laun þeirra.

17. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans, og þarf undirskrift tveggja bankastjóra til að skuldbinda bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, verðbréf eða aðrar skuldbindingar. Greini bankastjóra á um úrskurð þessara mála, skal bankaráð skera úr, og skuldbindur þá bankann undirskrift eins bankastjóra og tveggja bankaráðsmanna.

Bankastjórum er þó heimilt að veita tilteknum starfsmönnum umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt öðrum bankastjóranum, svo og í tilteknum málefnum að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda hann með undirskrift sinni.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um að þær séu athugaðar. Féhirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki beggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og tveggja bankaráðsmanna, eða eins bankastjóra og þess starfsmanns, sem hefir umboð samkvæmt annari málsgrein þessarar greinar.

18. gr.

Bankastjórar mega eigi hafa embættisstörf á hendi né reka sjálfir atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja. Eigi mega þeir né starfsmenn bankans vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annara.

Bundnir eru bankastjórar og starfsmenn bankans þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

19. gr.

Í bankaráði séu 3 menn, skipaðir til 4 ára í senn. Skal einn þeirra

skipaður af ráðherra og vera formaður bankaráðs, annar af Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda og Fiskifélagi Íslands, en ef ekki verður samkomulag um tilnefningu þess manns, þá skeri ráðherra úr, en þriðja manninn tilnefni Alþýðusamband Íslands. Skipa þessir 3 menn, ásamt bankastjórunum, yfirstjórn bankans. Laun bankaráðsmanna skulu vera 1000 kr. handa hverjum, auk dýrtíðaruppbótar þeirrar, er starfsmenn ríkisins fá á hverjum tíma. Þó skal kaup formanns bankaráðs vera 2000 kr. auk dýrtíðaruppbótar.

20. gr.

Tveir skulu vera endurskoðunarmenn bankans, skipaðir af ráðherra til eins árs í senn, eftir tillögum sameinaðra sjávarútvegsnefnda beggja deilda Alþingis með hlutfallskosningu. Skal ráðherra setja þeim erindisbréf.

21. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um stjórn bankans, verkaskiptingu milli bankaráðs og bankastjórnar, endurskoðun og reikningsskil, um starfrækslu yfirleitt og annað, er nauðsynlegt þykir, en ekki er gert sérstaklega ráð fyrir í lögum þessum.

22. gr.

Lög þessi skal ríkisstjórn endurskoða og leggja fyrir næsta þing nýtt frumvarp, er ákveði nánar starfsemi bankans.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eina rétta og varanlega lausn þess vanda, er stöðvun Íslandsbanka hefir leitt af sér fyrir atvinnuvegina og þjóðina í heild, er sú, að bú Íslandsbanka verði tekið til skiptameðferðar og gert upp, en ný peningastofnun komi í hans stað, er geti með fullkominni ríkisábyrgð og framlagi úr ríkissjóði tekið að sér heilbrigða starfsemi bankans. Virðist þá og réttast, að þessi nýi banki taki að sér að skipta búi Íslandsbanka í sérstakri innheimtudeild og komi í stað skilanefndar í frv. á þskj. 68, þegar bankinn er stofnaður. En gera má ráð fyrir, að frv. um stofnun bankans verði nokkuð lengur á leiðinni gegnum þingið heldur en frumvarp um skiptameðferð bankans, og nokkurn tíma taki síðan að koma bankanum á fót, og er því engin brtt. gerð á frv. á þskj. 68.

Banki þessi, Útvegsbankinn, væri fyrir þá atvinnuvegi, útgerð, iðnað og verzlun í sambandi við þá, sem nú eru mest þurfandi nýrrar peningastofnunar, og þótt í byrjun tæki hann aðallega að sér heilbrigð viðskipti Íslandsbanka, yrði hann vísir nýs banka, er hefði umfangsmeiri starfsemi, bæði til lána gegn veði í skipum og bátum og fasteignum útgerðar- og iðnaðarfyrirtækja, og til meiri

rekstrarlána við þessa atvinnuvegi, og deildaskiptingu í samræmi við þetta. Er gert ráð fyrir því í frv., að lögin verði endurskoðuð fyrir næsta þing, og auk þess hafi ráðherra í bili allvíðtæka heimild til að kveða á um starfsemi bankans og fyrirkomulag.

Frumvarpið er að mestu sniðið eftir lögum um búnaðarbanka frá síðasta Alþingi, og þykir þá ekki þurfa frekari greinargerðar um einstakar greinar frumvarpsins, enda má vænta, að ýmislegt, er ábótavant þætti, yrði leiðrétt í nefnd, er fjallaði um málið. En ef þessi leið er farin, verður að hrinda málinu skjótt í framkvæmd.

Nd. **80. Frumvarp**

til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Héðinn Valdimarsson og Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykkt um það, að áskilja bæjarfélagi forkaupsrétt á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfélaginu forkaupsrétt á.

Kauptún, sem er sérstakt hreppsfélag, getur einnig gert samþykkt um forkaupsrétt kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan hreppsins, svo og öðrum fasteignum, er hreppsstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfélagi forkaupsrétt á.

2. gr.

Samþykktir samkvæmt 1. gr. skulu gerðar til 5 ára í senn, og skulu í þeim taldar fasteignir þær, er kaupstaður eða kauptún áskilur sér forkaupsrétt á. Samþykkt öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðherra hefir staðfest hana, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Eigendur fasteigna þeirra, er samþykktir taka til, skulu skyldir að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrétt að eignum fyrir það verð, er í raun og veru stendur til boða hjá öðrum, enda séu borgunarkjör og aðrir skilmálar eigi gerðir erfiðari.

Innan tveggja vikna frá því, er forkaupsréttur var boðinn, skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skylt að segja til, hvort hún ætlar að nota forkaupsrétt eða eigi.

Yfirlýsing bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um það, að hún afsali sér

forkaupsrétti, gildir eigi lengur en eitt ár. Nú svarar bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi boði um að neyta forkaupsréttar innan ákveðins tíma, og skal þá líta svo á, sem hún hafi hafnað boðinu.

4. gr.

Nú er eigi gætt fyrirmæla laga þessara um að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrétt, og getur þá aðili, er forgangsréttur hans er fyrir borð borinn, krafizt þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fékk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rétthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið flutt á undanfarandi þingum. Á síðasta þingi var það samþykkt óbreytt frá efri deild og með lítilli breytingu frá allsherjarnefnd neðri deildar, en varð svo ekki útrætt. Á þinginu 1927, er málið var fyrst borið fram, fylgdi því ítarleg greinargerð, og vísast til hennar (Alþt. 1927, þskj. 97).

Nd. **81. Nefndarálit**

um frv. til laga um skiptameðferð á búi Íslandsbanka.

Frá minni hl. Íslandsbankanefndar.

Við, sem erum í minni hlutanum í nefndinni, höfum borið fram sérstakt frv. (þskj. 67), sem miðar að því að endurreisa Íslandsbanka, og eins og nærri má geta, er það því fjarri okkur að mæla með frv., sem stefnir í þveröfuga átt. Aftur á móti er það auðsætt, að ef öllum sundum er lokað til endurreisnar bankanum, verður að setja sérstök lög um skiptameðferð bankans, og má þá eflaust leggja frv. þetta til grundvallar, en óhjákvæmilegt verður þá að bæta við það ýmsum ákvæðum.

Eins og málið nú horfir við, leggjum við því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 9. febr. 1930.

Ólafur Thors, frsm. Magnús Guðmundsson.

Nd. **82. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Frá minni hluta Íslandsbankanefndar.

Að lokinni fyrstu umræðu um mál þetta í neðri deild Alþingis, síðastl. mánudag, var kosin sérstök 5 manna nefnd til þess að fjalla um það. Nefnd þessi fékk einnig til meðferðar frv. til laga um skiptameðferð á búi Íslandsbanka.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn á þriðjudagsmorgun, en eins og af líkum ræður, náðist ekki á þeim fundi samkomulag í málinu. Daginn eftir kom forsætisráðherra á fund nefndarinnar og las upp skeyti, er honum hafði borizt frá Sveini Björnssyni sendiherra út af lokun bankans. Þykir ekki rétt að skýra frá efni skeytisins hér, að öðru leyti en því, að sendiherrann hvatti eindregið til, að gerðar yrðu ítrustu tilraunir til þess að opna bankann að nýju og að ella mundu af hljótast hin mestu spjöll á lánstrausti Íslands erlendis. Varpaði sendiherra fram uppástungum um ákveðnar leiðir í málinu.

Með því nú að forsætisráðherra höfðu borizt fleiri aðvörunarskeyti um ískyggilegar afleiðingar af fullnaðarlokun bankans, og þar eð rétt þótti að athuga nánar uppástungur sendiherra um viðreisn bankans, taldi nefndin rétt að bíða enn átekta og sjá, hverju fram yndi, en forsætisráðherra kvað ríkisstjórnina hafa í hyggju að fara þegar í stað á fund bankastjórnar Landsbankans til þess að ræða um, og ef til vill taka ákvarðanir um uppástungur sendiherra, eða aðrar leiðir, er færar þættu í málinu.

Daginn eftir, fimmtudag, boðaði form. nefndarinnar ekki til fundar í nefndinni. Undirritaðir, sem frá upphafi hefir verið ljóst, að allur óþarfur dráttur á afgreiðslu málsins var ótækur, sneru sér þá til form. og spurðust fyrir um ástæður fyrir drætti hans. Skýrði form. okkur þá frá því, að símað hefði verið til sendiherra, og mundu gagnslaus frekari afskipti nefndarinnar af málinu, þar til svör sendiherra lægju fyrir. Tjáði þar náttúrlega ekki um að fást, enda töldum við skyldu okkar að freista til hins ítrasta, hvort einhver brú gæti sameinað þá þingmenn, sem ekkert virtust vilja aðhafast til að endurreisa bankann, og okkur hina, sem frá upphafi höfum skilið, hver þjóðarnauðsyn það er, að bankanum verði bjargað.

Rétt er að geta þess, að ekki vorum við aðspurðir um, hvernig svara skyldi uppástungum sendiherrans, og fengum við jafnvel ekki svo mikið sem vitneskju um efni eða orðalag þess svars, sem ríkisstjórnin eða forsætisráðh. sendi sendiherra. Mun það vera frekar ótítt, að meðferð slíks stórmáls sé dregin úr höndum þingnefndar og gerð að sérmáli einstaks flokks eða einstakra flokka.

Næsti dagur, föstudagur, leið svo, að ekki boðaði form. til fundar, og færði fram sömu rök og daginn áður, að enn stæði á svari frá sendiherra. Og eigi var það fyrr en á laugardag kl. 5 e. h., að kallaður var saman nefndarfundur,

enda hafði þá forsætisráðh. fengið svar sendiherra þann dag að morgni og stjórnarflokkarnir haldið flokksfundi um málið.

Þegar á nefndarfundinn kom, var okkur ljóst, að ekki næðist samkomulag um málið. Bárum við þá fram tvær óskir: að við fengjum til afnota afrit af skeytum þeim, er farið hefðu milli forsætisráðherra annarsvegar og sendiherra eða erlendra aðila hinsvegar og mál þetta snertu, og að bankastjórar Landsbankans yrðu boðaðir til viðtals við nefndina, svo að hún gæti lagt fyrir þá nauðsynlegar spurningar um málið, en þessa ósk bárum við upphaflega fram á miðvikudag.

Um skeytin er það að segja, að form. las þau upp fyrir nefndinni, en taldi sig ekki geta látið þau til afnota, nema leyfi forsætisráðherra kæmi til, og er það enn ókomið og höfum við því ekki fengið skeytin, en að því er snertir samtal við bankastjóra Landsbankans, stóð í nokkru þófi um, hvort þess skyldi æskt, þar til formaður þó lét til leiðast að beiðast þess. Mun form. hafa aðhyllzt þau rök okkar, að ekki væri vansalaust, að þingnefnd, er hefði til meðferðar slík flókin og vandmeðfarin fjármál, gengi með öllu fram hjá upplýsingum og ráðleggingum þess aðila, bankastjóra þjóðbankans, sem nú almennt og alstaðar annarstaðar væri talinn bær og skyldur að láta í té upplýsingar og umsögn um málið.

Komu nú bankastjórar Landsbankans á fund nefndarinnar.

Form. tilkynnti bankastjórunum, að nefndin hefði kvatt þá til fundar til þess að leggja fyrir þá ákveðnar fyrirspurnir, en mæltist síðan til, að við bærum fram fyrirspurnir okkar. Gerðum við það. Voru þær í þrem liðum og hnigu að því, hvort bankastjórarnir teldu kleift að endurreisa bankann með vissum skilyrðum, eða hvort ekki þætti fært að opna bankann að nýju.

Að gefnu tilefni spurðu bankastjórarnir að því, hvort svo bæri að líta á, sem fyrirspurnir þessar kæmu frá nefndinni eða aðeins frá einstökum nefndarmönnum. Taldi form., að einstakir nefndarmenn bæru þær fram. Kröfðust þá bankastj. þess, að fá að vita, hvort nefndin eða meiri hluti hennar óskaði þess, að fyrirspurnunum yrði svarað, og tjáðu sig ella eigi mundu svara þeim. Lét þá form., samkv. ósk okkar, ganga til atkvæða um þetta, og fór sú atkvæðagreiðsla þannig, að aðeins við tveir undirritaðir greiddum atkvæði með því, að nefndin óskaði þess, að bankastjórarnir svöruðu, en hinir 3 nefndarm., og þeirra á meðal form., sem þó hafði kvatt bankastjórana til fundar í þeim tilgangi að afla upplýsinga í málinu, greiddu ekki atkvæði. Létu þá bankastjórarnir svo um mælt, að úr því meiri hluti nefndarinnar bæri ekki fram ósk um svör, teldist ekki ástæða til að svara fyrirspurnunum. Viku þeir síðan af fundi.

Þar sem nú að meiri hluti nefndarinnar hefir meinað okkur að fá vitneskju um aðstöðu þess aðila, bankastjóra þjóðbankans, sem alstaðar er þó talinn sjálfkjörinn ráðgjafi í slíkum málum, beiddumst við þess, að fá að tala við ríkisstjórnina, ef ske kynni, að hún léti okkur í té upplýsingar um tillögur bankastjóranna. Kom fjármálaráðherra þá á fund nefndarinnar. Staðfesti hann, að ríkisstjórnin hefði átt fund með bankastjórninni, en taldi, að svo hefði verið um talað, að fundur sá yrði ekki gerður að umtalsefni, enda hefðu bankastjórarnir ekki látið ákveðnar skoðanir í ljós um málið sem heild, og aðeins um eitt einstakt atriði þess.

Þegar hér var komið málum, þótti okkur sýnt, að við ættum þess engan kost að fá nokkra vitneskju um skoðun þess aðila, sem við þó töldum öðrum fremur skyldan til að hafa a. m. k. hönd í bagga um alla meðferð málsins, og þar sem sýnilegt var, að meðnefndarmenn okkar vildu hvorki aðhyllast uppástungur okkar um viðreisn bankans né bera fram nokkrar uppástungur, er að því marki leiddu, kröfðumst við þess, að málið kæmi til atkvæða. Fór sú atkvæðagreiðsla fram og klofnaði þá nefndin um málið, og greiddu ekki aðrir atkvæði með frv. en við undirritaðir, en hinir 3 voru á móti því.

Um aðstöðu okkar til málsins viljum við í fáum dráttum taka þetta fram:

Það hefir ekki verið vefengt, og verður heldur ekki með réttu gert, að stórtjón leiðir af fullnaðarlokun bankans. En um hitt er ágreiningur, hvort það tjón sé meira en sá skaði, er ríkissjóður gæti beðið vegna þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegar verða að teljast til þess að bankinn geti haldið áfram að reka starfsemi sína. Við teljum á því engin tvímæli, að bezta lausn málsins sé sú, að bankinn opni að nýju, en ýmsir innanþingsandstæðingar okkar, þar á meðal meðnefndarmenn okkar, halda því fram, að áhætta ríkissjóðs vegna ábyrgðar á skuldbindingum bankans sé svo geigvænleg, að ekki komi til mála að tefla ríkissjóði í þann voða.

Við þessu er nú það að segja, að í fyrsta lagi fer frv. okkar ekki fram á að leggja á ríkissjóð aðra eða meiri áhættu en af hinu nýja innskotsfé og innistæðum bankans á hlaupandi viðskiptum, en jafnvel þótt svo væri litið á, sem einu gilti, hvort slík ábyrgð yrði tekin eða þá ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans, þá renna menn þó ekki blint í sjó um áhættuna. Mat það, sem framkvæmt var á bankanum, telur, að hann eigi fyrir skuldum, eða sem næst því. Ef stjórnin og flokkur hennar treystu ekki því mati, var auðvelt að nota síðustu viku til að láta nýtt mat fram fara. Þetta hefir þó ekki verið gert, og á því eru aðeins tvær skýringar, *að* stjórnin vilji ekki bjarga bankanum, hversu álitlegur sem hagur hans að fullrannsökuðu máli teldist að vera, eða *að* stjórnin treysti því mati, sem þegar hefir verið gert, og telji bankann eiga fyrir skuldum. Að órannsökuðu máli þykir skylt að gera ráð fyrir hinu síðara, en af því leiðir, að áhætta ríkissjóðs af ábyrgð á skuldbindingum bankans takmarkast við áhættuna af rekstri bankans, þ. e. a. s. áhættuna af fjárhagslegri afkomu viðskiptamanna bankans.

Nú er því haldið fram af andstæðingum okkar í nefndinni, að atvinnurekstur sá, er fengið hefir rekstrarfé frá Íslandsbanka, muni að mestu flytjast til Landsbankans. En verði svo, er áhættan af afkomu þessa atvinnurekstrar þar með lögð á ríkissjóð, vegna þess að samkv. bankalögunum frá 1928 ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbankans.

Öll rök virðast því hníga að því, að þær kvaðir, sem frv. okkar leggur á ríkissjóð, verði ekki umflúnar, og það þótt ekki fleiri stoðir en nú eru taldar rynnu undir tillögur okkar.

En nú er það einmitt svo, að aðrar alveg eindæma knýjandi ástæður styðja mál okkar. Skal hér drepið á þrjár þær helztu: Hagsmuni sparifjáreigenda, nauðsyn atvinnulífs landsmanna og lánstraust landsins erlendis.

Frv. gerir ráð fyrir, að ábyrgð sé af hálfu ríkisins tekin á innlánsfé í bankanum. Þetta hefir verið gert um innstæður í Landsbankanum, og þótt við að vísu viðurkennum, að sú aðferð sé að ýmsu leyti varhugaverð, þá hefir okkur þó ekki sýnzt annað hallkvæmara, meðfram af því, að áhætta eða tjón þessara sparifjáreigenda stafar sennilega að nokkru leyti af því, að ríkið hefir tekið ábyrgð á sparisjóðsfé Landsbankans. Það mun láta nærri, að 10. hver maður á landi hér eigi sparifé sitt eða hluta af því í bankanum, sem nú er lokað. Sparifé manna er vinnandi afl í atvinnulífi þjóðarinnar. Það er því ein af skyldum þjóðfélagsins að gera það, sem fært þykir, til þess að þeir, sem á þennan hátt hjálpa viðskiptalífinu, beri ekki skarðan hlut frá borði. Fjöldi sparifjáreigenda þarf vitaskuld á fé sínu að halda til brýnna nauðsynja, og hlýzt vitaskuld mikið tjón af, ef þeir geta ekki um óákveðinn tíma fengið umráð þessa fjár að meira eða minna leyti.

Annað atriði er ekki síður alvarlegt í þessu máli, en það er atvinnurekstur landsmanna. Bankinn hefir margháttuð og fjölbreytt viðskipti við fjölda atvinnurekenda, stærri og smærri. Á sumum stöðum landsins eru útibú hans eina lánsstofnunin. Að þannig vöxnu máli sýnist það auðsætt, að ef bankinn tekur ekki mjög bráðlega til starfa aftur, er óhjákvæmilegt, að atvinnurekstur landsmanna bíði hinn mesta skaða. Það stoðar ekki nema að litlu leyti að vísa til hins bankans, af ýmsum ástæðum. Sá tími, sem fer til samningaumleitana, er nægur til að valda alvarlegri truflun og lömun atvinnulífsins. Viðskiptamenn Íslandsbanka hafa að sjálfsögðu veðsett eignir sínar bankanum til tryggingar viðskiptunum. Þessar eignir eru bundnar þar, þangað til bankanum er greitt að fullu. Fjöldi atvinnurekenda hefir því engar tryggingar að bjóða nýju bankasambandi, og auðvitað hlýtur að líða lengri tími en svo, að atvinnureksturinn þoli það lömunarlaust, áður hið nýja bankasamband leysi út skuldir við Íslandsbanka og fái þær tryggingar, sem hann hafði. Það þarf ekki að skýra hér, að atvinnureksturinn er lífæð landsmanna. Allt, sem truflar eðlilega rás viðskiptalífsins, er stórhættulegt. Atvinnurekstur hér á landi er þannig, að hann má einskis í missa, til þess að auðið sé að halda uppi áframhaldandi þróun og viðgangi í svipaða átt og verið hefir. Tillitið til atvinnurekstrarins hlýtur því að vega mjög þungt í þessu máli.

Um lánstraust landsins erlendis er það að segja, að þegar í upphafi þessa máls sáum við fram á, að ef Íslandsbanki stæði ekki við skuldbindingar sínar gegn erlendum skuldheimtumönnum, mundu af því hljótast alvarleg lánstrausts-spjöll fyrir landið. Í meðvitund annara ríkja er hætt við, að ríkissjóður verði talinn bera ábyrgð á bankanum, og þótt svo sé að vísu ekki að lögum, þá ber þó margt til, að slíkt álit verður tæplega talið óeðlilegt.

Forsætisráðherra Íslands er formaður í bankaráði bankans. Helmingur hinna bankaráðsmannanna er skipaður af Alþingi Íslendinga. Og tveir af þrem bankastjórum bankans eru skipaðir af ríkisstjórn Íslands, en sá 3. ráðinn af bankaráðinu, sem aftur er að meiri hluta skipað að opinberri tilhlutun.

Skuldbindingar þess banka, sem á slíkum stoðum stendur, verða af mörgum útlendingum af alveg skiljanlegum ástæðum taldar skuldbindingar íslenzka

ríkisins, og hrun slíks banka verður þá einnig óumflýjanlega talið hrun íslenzkrar gjaldgetu.

Það er óþarft að fjölyrða um, hver lífsnauðsyn Íslendingum er að varpa engum skugga á það traust, er þeir njóta í nágrannalöndunum. Dýrmætasta eign hvers einstaklings er það traust, sem hann nýtur, og alveg að sama skapi er það um þjóðirnar. Og því nauðsynlegra er oss Íslendingum að glata ekki trausti okkar, sem við erum öðrum þjóðum fátækari. Og svo hættulegt sem það er að glata traustinu vegna getuleysis, er hitt þó miklum mun verra, ef skorta þætti á viljann til skilvísi. En í þessu máli er einmitt ekki hættulaust, að svo verði litið á.

Bankinn er talinn eiga fyrir skuldum. Nauðsynleg afskipti löggjafans sýnast því ríkissjóði áhættulaus. En verði synjað um þau, neyðist bankinn til þess að stöðva rekstur sinn. Þarf þá ekki um það að deila, að úr því að bankinn á aðeins fyrir skuldum, *ef* hann fær að halda áfram, hlýtur að skorta stórfé á, að hann geti uppfyllt skuldbindingar sínar ef hann stöðvar. Þetta leiðir af því, að ýms atvinnufyrirtæki, er starfað hafa með lánsfé bankans, munu leggjast í rústir með hruni bankans. Á þeim verður tap, sem ekki hefði þurft að verða, ef þau hefðu fengið að halda áfram starfrækslu sinni, stórtap, sem þá skellur á bankanum, en síðan á skuldheimtumönnum hans, þar á meðal hinum erlendu.

Undir slíkum kringumstæðum verður á það knúð, að íslenzkir valdhafar taki á ríkissjóð ábyrgð á erlendum skuldbindingum bankans. Neyðin getur rekið til þessa fyrr eða síðar. En það, sem allt veltur á, er, að ákvörðunin verði tekin sem fyrst. Því ef við verðum uppvísir að því, að neyðin, en ekki metnaður og skilvísi, ráði aðgerðum okkar, munum við framvegis verða metnir eftir því. En auk þess liggur málið þannig fyrir, að verði tekin ábyrgð á bankanum, meðan enn er tími til að hann haldi áfram starfrækslu, er ólíklegt, að ríkissjóður hljóti tjón af, en verði bankinn fyrst lagður á höggstokkinn, en síðan tekin ábyrgð á skuldbindingum hans, er fullvíst, að ríkissjóður bíður stórtjón.

Mál þetta liggur því í rauninni óvenju ljóst fyrir. Ef nú þegar er tekin ábyrgð á skuldbindingum bankans, er a. m. k. mjög líklegt, að lítið eða ekkert tjón hljótist af. Verði bankinn hinsvegar ekki opnaður að nýju, mun fyrst af því leiða stórfelldan hnekki fyrir atvinnulíf þjóðarinnar, en þar á eftir mun ríkissjóður annaðhvort taka ábyrgð á skuldbindingum hans, ábyrgð, sem þá óumflýjlega, af áður greindum ástæðum, hlýtur að baka ríkinu margra milljóna tjón, eða að lánstraust landsins fer forgörðum og hagsmunir sparifjáreigenda eru fyrir borð bornir.

Í framsögu þessa máls í hv. d. var þess getið, að flm. frv. væru reiðubúnir til samvinnu við aðra, sem væru því fylgjandi, að bankinn yrði opnaður á ný, en gætu þó ekki aðhyllzt þá leið, sem stungið var upp á í frv. Þessu er svo varið enn. Við erum reiðubúnir til samvinnu, ef hún getur leitt til opnunar bankans, og við teljum leiðina færa að því marki. Okkur er ljóst, að um ýmsar leiðir getur verið að velja, en við höfum ekki fundið ástæðu til að koma með aðrar tillögur, eða gera brtt. eða varatill. við frv. okkar, bæði af því, að við teljum þá leið, sem frv. bendir á, vel færa, og af því, að í nefndinni fengum við

alls engar undirtektir undir né neina von um samvinnu til endurreisnar bankans. Meiri hl. n. virtist alveg ósveigjanlegur í þessu, og sést það bezt á, að hann óskaði ekki upplýsinga eða álits bankastjóranna.

Að því athuguðu, sem að framan er sagt, leggjum við til, að frv. verði samþ.

Alþingi, 9. febr. 1930.

Ólafur Thors, frsm. Magnús Guðmundsson.

Nd. **83. Nefndarálit**

um frv. til laga um skiptameðferð á búi Íslandsbanka.

Frá meiri hluta Íslandsbankanefndar.

Nefndin hefir rætt frv. þetta á 7 fundum, frá 4.—8. þ. m., og ætíð í sambandi við frv. á þskj. 67 um breytingar á lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl. Nefndin hefir klofnað um bæði þessi frv. á þá leið, að meiri hlutinn (SvÓ, HJ og HV) leggur til, að frv. til laga um skiptameðferð á búi Íslandsbanka verði samþykkt, en frv. á þskj. 67 fellt. Minni hlutinn heldur hinsvegar fram, að samþykkja skuli frv. á þskj. 67, en fella hitt frv.

Í máli þessu hefir nefndin leitað álits og umsagnar manna þeirra, Jakobs Möllers og Péturs Magnússonar, er eftir ósk bankaráðs Íslandsbanka framkvæmdu skyndiskoðun á bankanum um það leyti, er bankinn hætti útborgunum og lokaði 3. þ. m. Sömuleiðis hefir forsætisráðherra borið málið undir bankastjóra og formann bankaráðs Landsbankans, en bankastjórarnir auk þess mætt á nefndarfundi til viðtals og svarað ýmsum fyrirspurnum nefndarmanna. Skeytaviðskipti ýms hafa gerzt, meðan nefndin starfaði og áður, milli erlendra lánardrottna Íslandsbanka og forsætisráðherra, svo og milli sendiherra Íslands í Danmörku og sama ráðherra. Hafa þau beint og óbeint lotið að möguleikum fyrir endurreisn bankans og tryggingum á rétti erlendra kröfuhafa, og hafa þessi atriði öll komið til yfirvegunar í nefndinni. Frá stjórn Íslandsbanka hafa nefndinni engar skýrslur borizt um hag bankans, né tillögur um viðreisnarhorfur, né heldur hefir nefndinni borizt yfirlit það yfir reikning bankans síðasta ár, sem formaður nefndarinnar hafði óskað eftir.

Lokun Íslandsbanka varð á óvæntan og tortryggilegan hátt, er bankastjórnin með næturfresti tilkynnti fjármálaráðherra, að hún sæi sig til knúða að loka bankanum, nema tekin yrði viðtæk eða jafnvel algerð ábyrgð á öllum fjárreiðum hans af ríkissjóði og bankanum lögð til $1^1/_2$ milljón kr. handbært fé til

rekstrar. Eftir forsögu bankans hefði mátt við því búast, að nægilegan fyrirvara hefði verið hægt að gefa þingi og stjórn.

Bankinn hefir verið í hnignun um langt skeið. Ríkissjóður hefir hvað eftir annað veitt honum mikinn stuðning, 1921 hluta brezka lánsins, 300 þús. sterlingspund, 1927 aftur 1 milljón kr. úr ameríska láninu, á ábyrgð Landsbankans, þótt það væri sjáanlega eingöngu tekið vegna Íslandsbanka, og loks þrisvar undanþágur frá lögskipuðum seðlainndrætti, svo að bankinn hefir enn í umferð 4 millj. kr., í stað þess, að ef bankalögunum frá 1921 hefði verið fylgt, væri ekki nema rúm milljón kr. Íslandsbankaseðla í umferð. Hlunnindi þau, sem eru af seðlaútgáfu þessari, hafa þennan tíma fallið í skaut Íslandsbanka í stað Landsbankans, en auk þess hefir Landsbankinn lánað Íslandsbanka miklu meira fé en honum var skylt. Þrátt fyrir þennan mikla stuðning af hálfu ríkisins og Landsbankans, hefir Íslandsbanka hnignað ár frá ári, traust hans rénað í útlöndum, skuldheimtumenn hans þar krafizt greiðslna á lánum, eftir því sem frekast var hægt að fá, en ný lán ekki fengizt erlendis í staðinn. Innanlands hefir sparisjóðsfé fjarað út úr bankanum og innlánsfé einnig rénað. Ofan á þetta hafa bætzt ný stórtöp á síðustu árum, austanlands og vestan, ef ekki víðar, enda gat bankinn ekki síðastliðið haust staðið í skilum við Landsbankann um síðari helming dollaralánsins, er það féll í gjalddaga. Vitanlegt er, að töp bankans eru miklu meiri en reikningar hans sýna, og ofan á allt þetta bætist, að Privatbankinn danski sagði upp í janúar síðastl. 2,2 millj. danskra króna láni, og var þá ekki óeðlilegt, að hlutabréf bankans féllu mikið í verði á kauphöllinni í Kaupm.höfn.

Í þessu máli, eins og því nú er komið, getur aðeins um það tvennt verið að ræða, að endurreisa bankann með ríkisábyrgð, eins og frv. á þskj. 67 stefnir að, eða að taka bú bankans til skiptameðferðar, eins og frv. á þskj. 68 ráðgerir. Þriðji möguleikinn, að einstakir menn og stofnanir hlaupi hér undir bagga og leggi bankanum til nauðsynlegt fé, virðist alls ekki geta komið til greina.

Ef velja skal um tvær fyrrnefndar leiðir, verður að sjálfsögðu að líta á það, hvor færari sé og ríkinu og þjóðfélaginu áhættuminni. Með því að ríkið taki að sér rekstur bankans og ábyrgð á fjárreiðum hans, — jafnvel þótt sú ábyrgð ætti í upphafi að vera takmörkuð, — mundi alveg óútreiknanlegum vanda velt yfir á ríkissjóð og dregin yfir hann áhætta af viðsjálum, gömlum og nýjum ótryggum viðskiptum og ábyrgðum, sem á bankanum hvíla, áhætta, sem ógerlegt er að meta enn sem komið er. Verði hinsvegar horfið að skiptameðferð bankabúsins, þá kemur að sjálfsögðu til kasta Landsbankans og ríkissjóðs að endurreisa þau heilbrigð bankaviðskipti, sem Íslandsbanki enn hefir haft á hendi. Þungann af þeim ráðstöfunum, að viðbættum þeim kvöðum, sem á ríkissjóð geta fallið bankans vegna, svo sem af ábyrgðinni á seðlum bankans, af brezka láninu frá 1921 og innstæðu Landsbankans í Íslandsbanka, er þó hægt að meta, og er viðráðanlegt.

Skyndimat það á Íslandsbanka, er nefnt hefir verið og sumir hafa viljað byggja á þá trú, að ábyrgð væri hægt að taka á fjárreiðum hans og leggja honum til rekstrarfé, getur meiri hluti nefndarinnar ekki talið ábyggilegan grundvöll. Sjálfir skoðunarmennirnir hafa aðeins með óákveðnum orðum látið uppi það álit, að bankinn mundi að líkum eiga nálægt því fyrir skuldum, að frátöldu

hlutafé, enda hafa þeir kannazt við það sjálfir, að þeir hafi ekki getað kynnt sér hag skuldunauta bankans nema að nokkru leyti. Þetta skyndimat hefir nefndin heldur ekki fengið tækifæri til að kynna sér sjálf.

Hættan við lánstraustsspjöll erlendis, sem hrun bankans geti bakað íslenzku þjóðinni og ríkinu, ef ekki verði tekin ábyrgð á öllum skuldbindingum hans, álítur meiri hluti nefndarinnar ótímabæran hugarburð. Enda þótt bankinn sé einkabanki, sem ríkið hefir hvorki lagalega né siðferðislega skyldu til þess að ábyrgjast, hefir hann að vísu með stjórn sinni og hastarlegri ráðstöfun til lokunar að sjálfsögðu varpað skugga á íslenzk viðskipti, og það mundi ekki að fullu afmást, þótt ríkið tæki að sér ábyrgð á bankanum, en gæti einmitt með þeim hætti orðið stærri og langvinnari, er ábyrgðin smámsaman ykist og þyngdist. En rétt skil um fjárreiður bankans eftir lögfullri skiptameðferð mundi öllu líklegri til að endurreisa viðskiptatraustið út á við.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Aftan við 2. málsgrein 1. gr. komi: og taka þau til meðferðar á bankabúinu frá lokunardegi bankans 3. febr. 1930.

Alþingi, 9. febr. 1930.

Sveinn Ólafsson, form.	Héðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr.

Hannes Jónsson.

Nd. **84. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á l. nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Frá meiri hluta Íslandsbankanefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu, og leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði felllt. Vísast að öðru leyti til nefndarálits sama meiri hluta nefndarinnar um frv. til laga um skiptameðferð á búi Íslandsbanka.

Alþingi, 9. febrúar 1930.

Sveinn Ólafsson, form.	Héðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr.	Hannes Jónsson.

Sþ. **85. Tillaga**

til þingsályktunar um að Landsbanki Íslands setji á stofn útibú í Vestmannaeyjum.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um við Landsbanka Íslands, að bankinn setji á stofn útibú í Vestmannaeyjum hið allra fyrsta, og ekki síðar en í ársbyrjun 1931.

Ástæður.

Á þingmálafundi, er haldinn var í Vestmannaeyjum 3. jan. þ. á., var samþykkt áskorun til þingsins um, að stofnsett væri Landsbanka-útibú í Vestmannaeyjum, sem ætlazt var til, að starfaði þar ásamt útibúi Íslandsbanka eins og gerist annarsstaðar í kaupstöðum. Var þess talin full þörf af ýmsum ástæðum. Síðan hafa þeir atburðir gerzt, sem gera það mjög mikla nauðsyn, að nú sem fyrst sé stofnað útibú frá Landsbankanum á þessum stað, þar sem vegna þess ástands, sem nú er, steðja hin mestu vandræði að Vestmannaeyingum, og full þörf þess, að úr þeim sé hið bráðasta greitt.

Er tilgangurinn með þessari þáltill., að stigið sé skref í þá átt.

Ed. **86. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. gr.

Kjördagur við kosning landskjörinna þingmanna árið 1930 skal vera í júnímánuði, þó ekki fyrir 10. dag mánaðarins. Skulu kjörskrár á þessu ári samdar þannig, að í gildi komi 10. júní, og gildi frá þeim degi til 30. júní 1931.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni ríkisstjórnarinnar og fylgdu því svolátandi aths.:

»Vegna alþingishátíðarinnar virðist ekki gerlegt að hafa landskosningar alþingismanna á venjulegum tíma að þessu sinni. En þegar kemur fram í júlímánuð, eru annir miklar og eiga menn þá ekki heimangengt. Það virðist því eigi verða hjá því komizt að hafa kosningarnar fyrir alþingishátíðina«.

Nd. **87. Breytingartillaga**

við frv. til laga um lántöku fyrir ríkissjóð.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 1. gr.

Aftan við greinina bætist: Raunverulegir vextir fari ekki fram úr 5½ % á ári.

Ed. **88. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. október 1912.

Frá fjárhagsnefnd.

Þeir menn, er nú skipa fjárhagsnefnd efri deildar, hafa á tveim undanförnum þingum fylgt fram tillögum um ríflegri bætur á launakjörum ljósmæðra en stjórnarfrv. fer fram á.

Telur nefndin ekkert það hafa fram komið í málinu, er hnekki fyrri tillögum hennar, heldur þvert á móti hefir nefndin styrkzt í því, að halda fast við tillögur sínar á síðustu þingum. Er sá votturinn einna óljúgfróðastur um það, að bæta þurfi kjörin til mikilla muna, að ljósmæður vantar nú í allmörg umdæmi landsins, og reynist ómögulegt að fá þær fyrir þau laun, sem nú eru í boði.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin það til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

1. gr. frv. skal orða svo:

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur. Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæmum, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 krónur.

Þær yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, skulu njóta launahækkunar eftir þjónustualdri.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni millum þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

Alþingi, 10. febr. 1930.

Ingvar Pálmason, form.	Björn Kristjánsson.	Jón Baldvinsson, fundaskr. og frsm.

Ed. **89. Frumvarp**

til laga um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Meðan flugvélar eru notaðar til síldarleitar, skal aukagjald lagt á hvert síldarmál og hverja tunnu saltaðrar síldar, og skal með aukagjöldum þessum stofnaður flugmálasjóður Íslands.

2. gr.

Tekjum sjóðsins skal fyrst og fremst varið til þess að standast kostnað af notkun flugvéla til síldarleitar og til þess að koma skipulagi á samvinnu milli flugvéla og síldarskipa, enda sé þá haldið uppi stöðugri síldarleit með þar til hæfri flugvél frá 1. júní til 15. sept. ár hvert, meðan sjóðurinn starfar. Að öðru leyti skal tekjum sjóðsins varið til flugferða á Íslandi innan þeirra takmarka, sem segir í 5. gr.

3. gr.

Hvert skip, er veiðir síld með herpinót, skal gjalda í sjóð þennan 10 aura af hverju máli bræðslusíldar og af hverri tunnu saltaðrar síldar eða annarar verkaðrar síldar. Eitt mál bræðslusíldar skal talið 135 kg. og skal jafngilda einni tunnu saltaðrar síldar.

4. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar fyrir með reglugerð um, hversu innheimta skuli gjöld þessi og um tilhögun á starfsemi sjóðsins.

5. gr.

Sjóður þessi tekur til starfa 1930, og má verja allt að $^9/_{10}$ af tekjum hvers árs í ofannefndu markmiði, en $^1/_{10}$ skal lagður í sjóð til eflingar flugferðum.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn sjóðsins og skal það ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **90. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 73, 22. nóv. 1907, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Síðasti málsliður 1. gr. orðist þannig:
Hross 2 vetra má þó flytja út, ef þau eru falleg útlits og ekki lægri en 126 cm. eða 48 þuml. (bandmál).

Alþingi, 1. febrúar 1930.

Lárus Helgason, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr. og frsm.	Þorleifur Jónsson.
Einar Jónsson.	Bernh. Stefánsson.	

Ed. **91. Frumvarp**

til laga um gagnfræðaskóla.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason, Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Reykjavík, Ísafirði og Akureyri skulu vera gagnfræðaskólar. Heimilt er ennfremur fyrir landsstjórnina að láta efna til gagnfræðaskóla á Siglufirði og Norðfirði, þegar kaupstaðir þessir óska þess og uppfylla skilyrði þessara laga.

2. gr.

Markmið gagnfræðaskólanna er að veita ungmennum, sem lokið hafa fullnaðarprófi barnafræðslunnar, kost á að afla sér frekari hagnýtrar fræðslu, bóklegrar og verklegrar, gera þá nýtari þegna þjóðfélagsins og hæfa til að stunda nám í ýmsum sérskólum.

3. gr.

Stofnkostnaður gagnfræðaskólanna greiðist að þrem fimmtu hlutum af hlutaðeigandi bæjarfélagi, en að tveim fimmtu hlutum úr ríkissjóði, enda samþykki kennslumálastjórnin skólastað, uppdrætti og lýsingu af skólahúsinu. Bæjarfélög þau, sem nefnd eru í 1. gr., skulu leggja til hæfilega skólalóð og leikvöll endurgjaldslaust, en kennslumálastjórnin teikningu, ef þess er óskað.

4. gr.

Gagnfræðaskólar skulu vera samskólar fyrir pilta og stúlkur. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær. Auk þess má gagnfræðaskóli, með leyfi kennslumálastjórnar, hafa framhaldsnám hinn þriðja vetur í hagnýtum fræðum, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Kennsla í hverri ársdeild má ekki standa skemur en sex mánuði (sbr. þó 17. gr.), og ekki lengur en sjö og hálfan mánuð.

5. gr.

Inntökuskilyrði í 1. bekk gagnfræðaskólanna eru þessi: 1. Að hafa lokið fullnaðarprófi barnafræðslunnar. 2. Að vera ekki haldinn af næmum sjúkdómi. 3. Að vera 14 ára að aldri. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá síðast talda skilyrðinu, ef honum virðist ástæða til, enda sé umsækjandi fullra 13 ára. Ef fleiri sækja um inntöku í einhvern bekk gagnfræðaskóla en húsrúm leyfir, ræður prófeinkunn skólavist, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

6. gr.

Kennslan skal miða að því að glæða námfýsi nemenda og koma þeim til að starfa á eigin hönd, og skal um námsefni jafnan höfð hliðsjón af því, hvað ætla má að komi nemendum að gagni í lífinu. Sérstakt tillit skal taka til atvinnuhátta landsins og skólahéraðsins, einkum að loknu fyrsta árs námi.

Þessar námsgreinar skal kenna í gagnfræðaskólum: Íslenzku og íslenzkar bókmenntir, dönsku eða sænsku, ensku, landafræði, náttúrufræði, almennan reikning, ásamt undirstöðu í flatarmáli og rúmmálsfræði. Þau atriði félags- og lögfræði, sem mest koma við daglegu lífi. Ennfremur dráttlist, söng, íþróttir og hagnýt vinnubrögð.

Heimilt er skólastjórum að veita nemendum undanþágu frá einstökum námsgreinum, einkum erlendum tungumálum, enda leggi þeir þá því meiri stund á önnur námsefni skólans, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

7. gr.

Eftir nám í fyrsta bekk skal ljúka ársprófi; eftir nám í öðrum bekk

gagnfræðaprófi. Eftir nám í framhaldsbekk prófi því, sem reglugerð ákveður. Skólastjóri ræður skyndiprófum. Þau skulu vera skrifleg og fyrirvaralaus.

8. gr.

Kennarar gagnfræðaskólanna prófa hver í sinni kennslugrein og eru prófdómendur hver hjá öðrum við árspróf. Kennslumálaráðuneytið skipar prófdómendur við burtfararpróf, og velja þeir verkefnin við prófin.

9. gr.

Fimm manna skólanefnd hefir yfirumsjón hvers gagnfræðaskóla. Kýs bæjarstjórn með hlutfallskosningu fjóra menn til þriggja ára, en kennslumálaráðuneytið skipar hinn fimmta, sem jafnframt er formaður, til jafnlangs tíma. Þó getur kennslumálaráðuneytið falið skólanefnd barnaskólanna umsjón gagnfræðaskóla, þegar bæjarstjórn óskar þess.

10. gr.

Hver skólanefnd semur reglugerð fyrir sinn skóla um kennslu, próf og annað, er lýtur að starfi skólans, en kennslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd skal vera í ráðum með skólastjóra um bóka- og áhaldakaup, annast fjárstjórn skólans og gera til kennslumálastjórnarinnar tillögur um skipun skólastjóra og ráðningu kennara.

11. gr.

Skólastjórar við gagnfræðaskólana skulu skipaðir af kennslumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefndar, og fastir kennarar ráðnir í samráði við skólastjóra og skólanefnd. Heimilt er skólanefnd að segja kennara upp starfi með eins árs fyrirvara. Auk skólastjóra er heimilt að ráða einn fastan kennara fyrir fyrstu 30 nemendurna og úr því einn kennara fyrir hverja 30 nemendur eftir meðaltali síðustu 3 ára. Í nýjum gagnfræðaskóla skal tala fastráðinna kennara ákveðin þrjú fyrstu árin af skólanefnd í samráði við kennslumálastjórnina.

Kennarar, sem ráðnir eru með föstum samningi, skulu kenna 27 stundir á viku, en skólanefnd ákveður kennsluskyldu skólastjóra, með samþykki kennslumálastjórnarinnar.

Skólastjóri setur stundakennara fyrir hvert skólaár, með samþykki skólanefndar.

12. gr.

Úr ríkissjóði skal greiða 100 kr. í skólasjóð fyrir hvern reglulegan nemanda í gagnfræðaskóla yfir skólaárið, gegn 150 kr. lágmarksframlagi úr hlutaðeigandi bæjarsjóði fyrir hvern reglulegan nemanda.

13. gr.

Innanbæjarnemendur skulu ganga fyrir öðrum um skólavist og að jafnaði njóta ókeypis kennslu. Þó má skólanefnd, þegar sérstök ástæða þykir til, með samþykki kennslumálastjórnarinnar ákveða skólagjöld, sem nemi 20

kr. um skólaárið fyrir stúlku, en 40 kr. fyrir pilt. Aldrei má þó leggja skólagjald á meira en helming innanbæjarnemenda. Utanbæjarstúlkur greiði 40 kr. í skólagjald, en utanbæjarpiltar 80 kr. yfir skólaárið.

14. gr.

Nú eru haldin námsskeið við gagnfræðaskóla í bóklegum eða verklegum fræðum, eigi skemur en 2 mánuði og kennsla hvers nemanda 12 stundir á viku eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 6 kr. fyrir mánaðarkennslu hvers nemanda, gegn 9 kr. lágmarksframlagi úr bæjarsjóði. Nemendur greiði kennslugjald í hlutfalli við námstímann eftir ákvörðun skólanefndar. Nánari fyrirmæli um námsskeið þessi skulu sett í reglugerð hvers gagnfræðaskóla.

15. gr.

Ríkissjóðstillög og hið lögmælta framlag bæjarsjóðs, svo og kennslugjöld renna í skólasjóð, og stendur hann straum af rekstri skólans. Nú nægja ekki þessar tekjur til rekstrar gagnfræðaskóla, og greiðist þá úr hlutaðeigandi bæjarsjóði það, sem á vantar rekstrarkostnaðinn.

16. gr.

Í reglugerð fyrir gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum má ákveða, að námstíminn sé skemmri en 6 mánuðir árlega, en þó skulu próf þaðan vera hin sömu og við aðra gagnfræðaskóla, enda sé samanlagður kennslutími til prófs þar jafnlangur og í öðrum hliðstæðum skólum.

17. gr.

Við gagnfræðaskólann í Reykjavík skipar kennslumálastjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri njóta sömu launakjara og forstöðumaður Kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara og fastir starfsmenn við þann skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði, enda greiðist enginn ríkissjóðsstyrkur fyrir hina fyrstu 30 nemendur þessa skóla. Þessi sérstöku hlunnindi gagnfræðaskólans í Reykjavík falla niður um leið og þeir menn láta þar af störfum, sem nú gegna þessum embættum.

18. gr.

Ríkissjóður lætur á árunum 1930, 1931 og 1932 reisa hús handa gagnfræðaskólanum í Reykjavík. Leggur bærinn til ókeypis lóð, sem kennslumálaráðuneytið tekur gilda, þar sem séð er fyrir eðlilegri vaxtarþörf skólans og annara skóla og skyldra stofnana, sem síðar kynni að þykja heppilegt að reisa við hlið hans. Ennfremur skal Reykjavíkurbær leggja til vatn með kostnaðarverði úr hitaveitu bæjarins til að hita skólabygginguna. Ríkissjóður leggur fram $^{2}/_{5}$ byggingarkostnaðar, allt að 90 þús. kr., en Reykjavíkurbær $^{3}/_{5}$ hluta.

Meðan ekki er komin til afnota fyrir gagnfræðaskóla Reykjavíkur (núverandi ungmennaskóla) bygging sú, er hér um ræðir, skal Reykjavíkurbæ skylt að sjá skólanum fyrir húsrúmi, sem kennslumálastjórnin tekur gilt, en landsstjórnin greiðir $^{2}/_{5}$ húsaleigunnar.

19. gr.

Meðan gagnfræðanámi samkvæmt lögum um Menntaskóla á Akureyri er haldið áfram í húsi þess skóla, mega þar vera tveir gagnfræðabekkir og einn framhaldsbekkur, allir óskiptir. Allt skipulag kennslunnar og próf skulu vera hin sömu og í öðrum gagnfræðaskólum. Skólameistari Menntaskólans á Akureyri er jafnframt forstöðumaður gagnfræðadeildarinnar og ákvæði þessara laga um sérstaka skólanefnd við gagnfræðaskóla koma þar ekki til greina. Ríkissjóður ber eins og að undanförnu allan kostnað við rekstur þessarar gagnfræðadeildar. Allir nemendur í gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri skulu greiða skólagjöld samkvæmt lögum um héraðsskóla (lög nr. 37 1929), og rennur það fé í ríkissjóð.

20. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að taka lán til stofnfjárgreiðslu að sínum hluta, samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 37 1929, um héraðsskóla, að því leyti sem þörf krefur og árlegar fjárveitingar ekki hrökkva til.

21. gr.

Ungmennafræðsla í kauptúnum og sveitum, sem hvorki þessi lög né lög nr. 37 1929, um héraðsskóla, taka til, skal styrkt samkvæmt reglum, er kennslumálastjórnin setur, af því fé, sem árlega er til þess veitt í fjárlögum.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi að því er snertir ákvæði 18. og 20. gr. þegar í stað, en að öðru leyti 1. okt. 1930.

Greinargerð.

Meginatriði þessa frv. voru að því er Reykjavík snertir samþykkt af fulltrúum allra flokka í Ed. 1929. Hér eru hin almennu ákvæði látin ná til allra kaupstaðanna í landinu nema Seyðisfjarðar, sem eins og nú stendur á er ekki svo mannmargur, að líkur séu til að hann beri uppi sjálfstæðan gagnfræðaskóla.

Gagnfræðakennsla er nú í fjórum af kaupstöðum landsins, Hafnarfirði, Reykjavík, Ísafirði og Akureyri. Í Vestmannaeyjum er mikil þörf slíks skóla og er þar hafinn undirbúningur í þá átt. Um Siglufjörð og Norðfjörð má fullyrða, að þeir tveir kaupstaðir muni innan skamms nota sér heimild þessara laga.

Nokkuð ólíkt stendur á um hina fjóra starfandi gagnfræðaskóla. Flensborgarskólinn heldur brátt hálfrar aldar afmæli sitt. Sá skóli á talsverðar landeignir, og er lóð sú, er Flensborg stendur á, líkleg til að verða mjög verðmæt við hafnargerð þá, sem ráðgerð er þar í kaupstaðnum. Hinsvegar er skólahúsið og heimavistin í svo lélegu og fornfálegu húsi, að varla má telja viðunandi, og staðurinn í dæld móti norðri, rétt við höfnina, alls ófær fyrir skólasetur til frambúðar. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og skólanefnd Flensborgarskólans hafa tjáð sig

fúsar til samvinnu innbyrðis og við landsstjórnina um að endurreisa Flensborg á klettahæð rétt við kauptúnið. Er staðurinn hinn fegursti, í væntanlegum skemmtigarði Hafnarfjarðar og þó alveg við kaupstaðinn.

Í Reykjavík hefir aldrei verið neinn eiginlegur alþýðuskóli, fyrr en Alþingi stofnsetti ungmennaskóla þann, sem starfað hefir nú í tvo vetur. Var það ástand orðið beinlínis þjóðhættulegt, þar sem í höfuðstaðnum býr um fjórði hluti allra landsmanna. Víðast hvar annarsstaðar á landinu hafa hin helztu byggðarlög og kaupstaðir haft mikla viðleitni til að koma upp skólum til að fræða og manna hina uppvaxandi kynslóð. Í Reykjavík hafa ráðandi menn bæjarins sýnt svo átakanlegt hirðuleysi um málið, að ekki varð viðunandi vegna alþjóðlegra hagsmuna. Bar og enn til, að nú í vetur fyrir jól felldi bæjarstjórn Reykjavíkur með 10 atkvæðum gegn 6 tillögu um að veita nokkurt framlag til byggingar þessa gagnfræðaskóla, þó að þingið hefði í fyrra rétt fram hönd til samvinnu við bæinn um framkvæmdir í þessu máli.

Venjulega er áhuginn svo mikill hjá kaupstöðum og stórbyggðum um að hrinda menntastofnunum áleiðis, að oftast stendur á ríkissjóði að geta innt af hendi sitt framlag móti framlagi byggðanna og kaupstaðanna. Er skemmst að minnast hinnar stórrausnarlegu landgjafar Akureyrarbæjar í fyrra vetur til skóla síns. En þrátt fyrir það, að í höfuðstaðnum fermast árlega um 400 ungmenni, hafa forráðamenn bæjarfélagsins enga verklega framkvæmd hafið til að bæta úr eðlilegri námsþörf þessa mikla fjölda af ungmennum. Hefir raunin orðið sú, að langfæst af þessum ungmennum hafa getað veitt sér nokkra framhaldsmenntun. Þess vegna er í frv. þessu, eins og því, sem Ed. samþykkti í fyrra vetur, gert ráð fyrir að byggt verði á næstu þrem sumrum yfir hinn núverandi ungmennaskóla Reykjavíkur, og hann stækkaður um leið og hann er gerður að gagnfræðaskóla fyrir bæinn. Ef sú aðferð þykir óvenjuleg, að skipa fyrir um byggingu gagnfræðaskóla í Reykjavík, þá veldur því hið óvenjulega ástand, að forráðamenn bæjarins hafa látið dragast úr hömlu aðgerðir í þessu máli svo lengi, að hagsmunir þjóðfélagsins krefjast þeirra framkvæmda, sem hér er gert ráð fyrir.

Í frv. þessu er mjög stillt í hóf með stofnkostnað þessarar byggingar. Framlag ríkissjóðs er fyrst um sinn ákveðið 90 þúsund kr. Til samanburðar má geta þess, að hús það, sem átti að reisa hinum svokallaða samskóla, mundi varla hafa kostað minna en eina milljón króna.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að byggja mjög hóflega fyrir mestu þörf líðandi stundar, en búa svo um hnútana, að síðar megi stækka byggingunа, eftir því sem bærinn stækkar og kröfur borgaranna til almennrar og sérstakrar ungmennafræðslu vaxa.

Á Ísafirði hefir bæjarstjórnin um allmörg undanfarin ár starfrækt í húsakynnum barnaskólans mjög myndarlegan ungmennaskóla. Munu nemendur alloft hafa orðið um 50. Ríkisstyrkur hefir verið sáralítill til þessa skóla, svo að hann mun hafa verið ódýrastur allra samskonar skóla á landinu. Hinsvegar hafa Ísfirðingar mikinn hug á að bæta þennan skóla og hlúa sem bezt að honum. Mun þangað sækja mikið af ungmennum úr kauptúnum á Vestfjörðum, en sveitamenn fremur í héraðsskólann á Núpi. Mun mega vænta þess, að skólar þessir

fullnægi Vestfirðingafjórðungi um langa stund að því er snertir almenna ungmennafræðslu.

Gagnfræðaskólinn á Akureyri er elztur allra alþýðuskóla á Íslandi, og verður 50 ára nú í ár. Í fyrstu var hann tveggja ára skóli á Möðruvöllum með óskiptum bekkjum, en eftir að hann kom til Akureyrar og fékk hið mikla hús sitt og komst í beint samband við lærdómsdeild Menntaskólans, tók hann mjög að stækka og bekkir sumir að gerast tvískiptir. Að lokum kom svo þar, að Norðlendingar fengu þar endurreistan hinn forna Hólaskóla Jóns Ögmundssonar.

Skólinn á Akureyri gegnir nú þrennskonar hlutverki. Hann er ungmennaskóli Akureyrarkaupstaðar. Hann er héraðsskóli Eyfirðinga, og hann er menntaskóli Norðlendinga sér í lagi, og allra landsmanna að nokkru leyti.

Þegar Möðruvallaskóli var stofnaður 1880, var hann alþýðuskóli alls landsins, en þó sérstaklega skóli Austfirðinga og Norðlendinga. Nú er aðstaðan breytt. Austfirðingar hafa Eiðaskóla, Þingeyingar Laugaskóla, Skagfirðingar ungmennadeild á Hólum, og margir Húnvetningar hyggja á að efna til héraðsskóla þar í sýslunni við einhverja heita uppsprettu. Er þess vegna nú svo komið, að gagnfræðaskóli á Akureyri þarf ekki beinlínis að sinna öðrum en Eyfirðingum og Akureyrarbúum. Þykir einsætt, að ekki verði tekinn af þeim frumréttindi, er þeir hafa haft um hæfilegan alþýðuskóla, nema með þeirra samþykki. Má að vísu búast við því, að Akureyrarbær muni síðar meir óska að taka skólann undir sín yfirráð, ef verkefni verða fjölþættari en þau eru nú, og falla þá niður hlunnindi hins gamla Möðruvallaskóla. Til samræmis við aðra landshluta er gert ráð fyrir skólagjaldi eins og í héraðsskólum og að það renni í ríkissjóð, meðan hann kostar gagnfræðadeildina.

Svo er ráð fyrir gert, að gagnfræðadeildin á Akureyri verði alveg hliðstæð öðrum gagnfræðaskólum, verði algerlega miðuð við þarfir þeirra, sem að loknu stuttu námi ganga út í lífsbaráttuna, og verði á engan hátt fremur stigaþrep upp í menntaskólann á Akureyri heldur en aðrir gagnfræða- og héraðsskólar, enda er með því einu tryggt jafnrétti héraðanna og kaupstaðanna til menntaskólanáms, eftir því sem frekast er unnt.

Að því er snertir Siglfirðinga og Norðfirðinga má fullyrða, að þeir muni brátt nota heimild þá, er ræðir um í þessu frv. Eru það hvorutveggja mannmargir og vaxandi kaupstaðir. Eins og skólarnir að Núpi og á Ísafirði geta væntanlega fullnægt Vestfirðingum, mun mega vænta þess, að Eiðaskóli og gagnfræðaskóli á Norðfirði bæti úr þörf ungmenna á Austurlandi um almenna ungmennafræðslu. Er svo til ætlazt, að með lögunum um héraðsskóla og með tillögum þessum um sex gagnfræðaskóla í helztu kaupstöðum landsins sé lagður grundvöllur að nauðsynlegri fræðslu ungmenna í landinu, að því leyti, sem skólar geta úr bætt.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun fræðslumálaráðherra.

Ed. **92. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald af síld.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Af verði þeirrar verkaðrar síldar, sem seld er til útlanda, skal greiða $1^1/_2$ % gjald, er greiðist í ríkissjóð.

2. gr.

Um innheimtu þess gjalds, sem ræðir um í 1. gr., og skyldur útflytjanda fer eftir lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald, 2.—10. gr., að því er við á.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numið orðið »síld« í 1. gr. laga nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald. Svo og orðin: »af hverri síldartunnu 108—120 lítra skal greiða í ríkissjóð kr. 1,50« í 1. gr. laga nr. 15, 14. júní 1929, um breyting á lögum nr, 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, ber nú að greiða í ríkissjóð kr. 1,50 af hverri tunnu verkaðrar síldar, sem flutt er úr landi. Er þetta útflutningsgjald meira en þrefalt hærra en af fiski, kjöti og öðrum framleiðsluvörum landsmanna. Hafa síldarútflytjendur nálega á hverju þingi farið þess á leit, að þetta ósanngjarna útflutningsgjald yrði lækkað í samræmi við útflutningsgjald af öðrum afurðum, en venjuleg mótbára gegn lækkun á þessu útflutningsgjaldi hefir verið sú, að útlendingar fengust svo mikið við síldarútveg hér á landi, að þeir greiddu útflutningsgjaldið af síldinni að mestu, og til þess væru þeir ekki of góðir. Þó þessi rök hafi ef til vill getað átt við meðan síldveiðin var að mestu í höndum útlendinga, geta þau alls ekki gilt nú orðið, eftir að síldveiði, síldarverkun og sala síldarinnar er algerlega komin í hendur innlendra manna. Það virðist því fyllilega kominn tími til að létta af hinum rangláta skatti, sem nú hvílir á síldarútvegi landsmanna, og samræma hann við útflutningsgjald af öðrum útfluttum afurðum.

Nd. **93. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um skiptameðferð á búi Íslandsbanka.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr.
   Aftan við greinina bætist: Fjármálaráðherra er heimilt að fresta upphafi skiptameðferðar til 1. marz 1930.

2. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um Íslandsbanka.

Nd. **94. Frumvarp**

til laga um Íslandsbanka.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bú Íslandsbanka skal tekið til skiptameðferðar.

Skiptin framkvæmir skilanefnd þriggja manna, er fjármálaráðherra skipar, og taka þau til meðferðar á bankabúinu frá lokunardegi bankans 3. febr. 1930.

Fjármálaráðherra er heimilt að fresta upphafi skiptameðferðar til 1. marz 1930.

2. gr.

Meðan skiptin standa yfir, má hvorki taka til greina neina kröfu um gjaldþrotaskipti í búi bankans né leggja lögbald eða löggeymslu á eignir hans, eða gera í þeim fjárnám eða aðra fullnustugerð.

3. gr.

Við skiptin skal farið eftir reglum þeim, er gilda við gjaldþrotaskipti um skuldajöfnuð, um ógildingu gerninga, fjárnáms eða löggeymslu og um skuldaröð. Öðrum ákvæðum skiptalaganna og laganna um gjaldþrotaskipti, þeim er eigi lúta að sjálfri skiptaaðferðinni, skal og beitt, eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skilanefnd skal heimilt að taka lán til að greiða með afborganir til skuldheimtumanna bankans, enda verði þeir, er lán þessi veita, forgangskröfuhafar í búinu, samkv. 82. gr. skiptalaganna.

5. gr.

Ríkissjóður tekur ábyrgð á seðlum bankans, þeim er í umferð eru við

upphaf skiptameðferðarinnar. Frá þeim tíma má bankinn eigi gefa út nýja seðla. Ákvæði þetta haggar í engu ábyrgð bankans á seðlunum gagnvart handhöfum þeirra og ríkissjóði.

6. gr.

Fjármálaráðherra skal heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptameðferðina, m. a. um reikningsskil, endurskoðun, innlausn seðla og hluthafafundi. Endurskoðunina framkvæma tveir endurskoðendur, er fjármálaráðherra skipar.

Í reglugerð þessari er fjármálaráðherra heimilt að víkja frá lagafyrirmælum um bankann, sem eldri eru en lög þessi, að svo miklu leyti, sem þörf krefur.

Reglugerð bankans gildir eigi meðan á skiptunum stendur.

7. gr.

Kostnaður allur við skiptin, þar á meðal laun skilanefndarmanna og endurskoðenda, greiðist sem forgangsskuld, samkv. 82. gr. skiptalaganna, af eignum búsins.

8. gr.

Fjármálaráðherra getur leyft, að skjöl, sem gefin eru út um lán gegn tryggingu í kröfum á hendur bankanum, séu stimpilfrjáls að meira eða minna leyti.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **95. Nefndarálit**

um frv. til laga um löggilding verzlunarstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 11. febrúar 1930.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari og frsm.	Jóh. Jóhannesson.

Ed. **96. Nefndarálit**

um frv. til laga um ríkisborgararétt.

Frá allsherjarnefnd.

Auk frumvarps þessa hafa allsherjarnefnd borizt frá dómsmálaráðuneytinu fjórar umsóknir um veitingu íslenzks ríkisborgararéttar: frá Peter Jakob

Andreassen Steffensen, verkamanni í Reykjavík, Frantz Adolph Håkanson, fyrv. veitingamanni Reykjavík, Almar Viktor Normann, lýsismatsmanni Reykjavík, og Jóhanni Severin Sjursen, sjómanni í Hafnarfirði. Nefndin hefir athugað umsóknir þessar, ásamt fylgiskjölum, og mælir með, að umsækjendum öllum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Leggur því nefndin til, að frv. verði samþ. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Frumvarpsgreinina skal orða svo:
   Ríkisborgararétt skulu öðlast:
   1. Peter Jakob Andreassen Steffensen, verkam. í Reykjavík, fæddur í Noregi.
   2. Frantz Adolph Håkanson, fyrv. veitingam. í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
   3. Almar Viktor Normann, lýsismatsm. í Reykjavík, fæddur í Noregi.
   4. Harald Elisar Svendsaas, vélstjóri í Neskaupstað, fæddur í Noregi.
   5. Jóhann Severin Sjursen, sjóm. í Hafnarfirði, fæddur í Noregi.
2. Fyrirsögn frumvarpsins skal orða svo:
   Frumvarp til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Alþingi, 10. febrúar 1930.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jóh. Jóhannesson.

Nd. **97. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Íslandsbanka.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin »er fjármálaráðherra skipar« komi: er sameinað Alþingi kýs.
2. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Þeir, sem vegna stöðvunar á starfsemi bankans geta ekki staðið í skilum við skuldheimtumenn sína, skulu hafa greiðslufrest til 1. maí 1930, gegn vaxtagreiðslu fyrir það tímabil, sem frestur er notaður, og telst slíkur frestur á greiðslu ekki vanskil.

Ed. **98. Frumvarp**

til laga um Menntaskólann í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Reykjavík skal vera menntaskóli með fjórum ársdeildum.

2. gr.

Takmark skólans er að efla sálar- og líkamsþroska nemenda, veita þeim almenna menntun og gera þá hæfa til að stunda nám við háskóla og aðrar æðri menntastofnanir.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

4. gr.

Skipta skal bekkjum Menntaskólans, svo mörgum sem þörf þykir, í tvær deildir, máladeild og stærðfræðideild.

5. gr.

Í Menntaskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, ensku, norðurlandamál, þýzku, frönsku, latínu, sagnfræði, trúarbrögð, félagsfræði, bókmenntafræði og listasögu, náttúrufræði, eðlis- og efnafræði, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og vinnubrögð.

Heimilt skal kennslumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum, ef skólameistari mælir með breytingunni.

6. gr.

Íslenzk tunga og íslenzk fræði skulu vera höfuðnámsgrein í skólanum. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

7. gr.

Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokaprófið er stúdentspróf. Öðrum prófum ræður skólameistari.

Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kennslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því. Heimilt skal vera að stytta próf milli bekkja. Ræður skólameistari, ef svo er gert, hvernig stytt skal í hvert sinn, en birtir það eigi fyrr en komið er fast að prófi.

Þá er og skólameistara heimilt að sleppa nemendum við árspróf, enda hafi þeir lofsamlega einkunn eftir veturinn.

8. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð, svo og nánar um inntökupróf, kröfur til flutnings milli bekkja og um stúdentspróf.

9. gr.

Ljúka má námi í einstökum námsgreinum við árspróf í öðrum og þriðja bekk skólans, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskírteinum.

10. gr.

Heimilt er nýsveinum og utanskólamönnum að taka árspróf í öllum bekkjum. Þeir, sem prófin standast, hafa leyfi til að setjast í skólann, eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum.

11. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, séu eigi yngri en 15 ára. Þó getur kennslumálaráðuneytið veitt sérlega þroskuðum nemendum undanþágu, ef þeir eru orðnir 14 ára. Aldurstakmark þeirra, er setjast í aðra bekki, skal svara til inntökualdurs; 2) Að þeir séu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi; 3) Að siðferði þeirra sé óspillt.

12. gr.

Til þess að verða tekinn í fyrsta bekk verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í íslenzku: Geta ritað venjulegt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenzkrar málfræði og höfuðdrætti í íslenzkum bókmenntum bæði á þjóðveldistímanum og síðan um 1800. 2) Í norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rétt venjulegt bókmál á dönsku eða sænsku og geta ritað villulítinn stíl almenns efnis á öðruhvoru því máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið létt mál og gera villulítinn stíl um auðvelt efni. 4) Í reikningi: Vera leikinn í að reikna brot og tugabrot, vaxtareikning, félagsreikning, einfaldasta jöfnureikning og almennustu þætti í flatarmáls- og rúmmálsfræði. 5) Í sögu: Hafa glöggt yfirlit um æfi frægra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslands og almennri veraldarsögu. 6) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og dýrafræði, og þekkja aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 7) Í landafræði: Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabréf.

13. gr.

Kennslustundir í hverjum bekk skulu vera 30—33 á viku. Á laugardögum skal kennsla eigi standa lengur en til hádegis.

14. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. Í fyrsta og öðrum

bekk skal bekkjarprófum lokið síðast í maí, en prófum í þriðja og fjórða bekk í júní.

15. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi: 1) Jólaleyfi frá Þorláksmessu til þrettánda, að báðum þeim dögum meðtöldum; 2) Öskudagur; 3) Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum; 4) Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu; 5) Sumardagurinn fyrsti; 6) Afmælisdagur konungs, 17. júní, 1. desember og setningardagur Alþingis; 7) Sumarleyfi frá því prófum er lokið og til 30. september. Öðrum leyfum ræður skólameistari, og skulu þau einkum notuð til íþróttaiðkana og náttúrufræðirannsókna.

16. gr.

Fastir kennarar skólans skulu eigi vera færri en 8 og eigi fleiri en 10, og er einn þeirra jafnframt skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kennslu allri, húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, ljóss og hita. Hafi skólameistarinn aðalumsjón með heimavist, fær hann þess vegna 2000 kr. í risnufé.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir af kennurum skólans, sem gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar. Skólameistari og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar samkvæmt launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Svo skal og leitað umsagnar skólameistara um skipun fastra kennara.

17. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26 stundir. Heimilt er kennslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukennslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir eða önnur sérstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

18. gr.

Til þess að geta orðið skipaður fastur kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kennslugreinum sínum, hafa kynnt sér allítarlega kennsluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar skólum og hafa sýnt með að minnsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem hafa með afburðum í kennslu sýnt, að þeir séu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

19. gr.

Skólameistari boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Kennarafundi skulu fastir kennarar og aukakennarar skólans sækja, og hafa þeir atkvæðis-

rétt. Ennfremur sækja þeir stundakennarar fundi, er þess óska, eða skólameistari kveður til sérstaklega, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt.

20. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn, og skal hann líta eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

21. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans.

22. gr.

Kennslugjöld skal greiða í skólasjóð. Ákveður stjórnarráðið hæð þeirra í samráði við fræðslumálastjóra og skólameistara. Aldrei skulu færri en fjórði hluti nemenda undanþegnir skólagjaldi.

Skólasjóði má verja til námsstyrks, til fræðandi ferðalaga nemendanna og að öðru leyti til hvers þess, er verða má til að bæta og prýða skólann og efla heilbrigt skólalíf. Nánari fyrirmæli um meðferð skólasjóðs verða ákveðin í reglugerð.

23. gr.

Svo fljótt sem ástæður ríkissjóðs leyfa skal koma upp heimavistum fyrir 40 til 50 nemendur skólans og búa þær nauðsynlegum húsgögnum á kostnað ríkissjóðs. Í heimavistahúsinu skal vera íbúð fyrir kennara til umsjónar og samkomusalur. Svo skal og heimilt að ætla húsrúm og nauðsynleg áhöld sameiginlegu mötuneyti heimavistanemenda. Utanbæjarnemendur ganga fyrir heimavistum, og skulu heimavistanemendur njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Skylt er kennurum að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

24. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, er kveður nánar á um einstök atriði, er hann varða, svo sem verksvið skólameistarans og kennarafunda, umsjón með skólahúsi, skyldur kennara til umsjónar með nemendum og annað, er þurfa þykir.

25. gr.

Meðan skólinn er haldinn í núverandi skólahúsi, tekur hann eigi á móti fleiri nemendum en svo, að í hverri ársdeild séu 2 bekkir, fullskipaðir við kennslu í sameiginlegum námsgreinum máladeildar og stærðfræðideildar. Nú verður nemendatala deildanna svo misjöfn, að eigi rúmast allir nemendur annarar deildarinnar í einum bekk við kennsluna í sérfræðum þeirrar deildar, og skal þá aukreitis halda uppi sérkennslu fyrir þá nemendur, er umfram verða.

Nd. **99. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Íslandsbanka.

Frá Ólafi Thors.

Við 1. gr.

Aftan við greinina bætist: Fyrir þann tíma skal þriggja manna matsnefnd, skipuð af bankastjórum Landsbanka Íslands, hafa rannsakað hag bankans. Skulu þeir Pétur Magnússon, hæstaréttarmflm. og Jakob Möller bankaeftirlitsm. vera matsnefndinni til aðstoðar.

Ed. **100. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Menntaskólann í Reykjavík.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 12. gr. Á eftir 3) komi nýr liður, sem verður 4), þannig: Í þýzku: Hafa numið undirstöðuatriði málsins, eftir nánari ákvæðum kennslumálastjórnar.
2. Við 14. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Prófum skal að jafnaði lokið síðast í júní, en þó getur ráðherra, að fengnum tillögum skólameistara, ákveðið, að prófum í fyrsta og öðrum bekk skuli lokið síðast í maí.

Nd. **101. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin er ósamþykk um afstöðu til málsins. Meiri hl. mælir með frv. óbreyttu, en minni hl. (HJ) vill fella það.

Um ástæður fyrir afstöðu sinni til málsins vísar meiri hl. til þess, er fram kom við framsögu málsins og við umræðurnar á síðasta þingi.

Alþingi, 12. febrúar 1930.

Halldór Stefánsson, form. og frsm. Héðinn Valdimarsson.

Sig. Eggerz. Ólafur Thors.

Nd. **102. Frumvarp**

til laga um hafnargerð á Dalvík.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson.

Til hafnargerðar á Dalvík veitast úr ríkissjóði $^2/_5$ kostnaðar, allt að kr. 150000, gegn því að frá hafnarsjóði Dalvíkur komi $^2/_5$ kostnaðarins, kr. 150000, og Svarfaðardalshreppi $^1/_5$ kostnaðar, kr. 75000.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast, fyrir hönd ríkissjóðs, allt að kr. 150000 lán, er hafnarsjóður Dalvíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati þriggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Dalvíkur.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá upptökum hafnargarðsins í fjörunni, innan við Brimnestöng, eftir legu garðsins í austur, og úr enda hans bein lína til lands, í takmarkalínu verzlunarlóðarinnar á Böggvisstaðasandi.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því og uppdráttur, ef með þykir þurfa. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 50—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna, undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir, sem liggja að höfninni og nauðsynleg kynnu að vera til hagnýtingar hennar og fyrir kauptúnið.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, en 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefnd hefir ábyrgð á eigum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki, án leyfis ráðuneytisins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnarinnar, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í landi þeirra jarða, er að höfninni liggja, og allt að 1/2 hluta lóðargjalda nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðarnotendur þá greiða í hafnarsjóð allt að 1/2 af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig á Dalvíkurhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna, ef þær eru ekki settar í land.

d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að 1/2 hlut af hverjum vélbáti, 6 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að 1/4 hlutar af smærri vélbátum en 6 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Heimilt er að innheimta hafnargjöld jafnskjótt og byrjað er á hafnarmannvirkjunum.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarsjóðs samkvæmt tölulið 3, a., b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimiladir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Það, sem þá kann að vanta, greiðist úr sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps. Öll gjöld til hafnarsjóðs má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhalla.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, og við þykir þurfa. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram samkv. ósk hreppsnefndarinnar í Svarfaðardalshreppi. Er mál þetta hreppsbúum hið mesta áhugamál og eru þeir reiðubúnir til að leggja mikið á sig til að koma því í framkvæmd, enda er þetta hið mesta nauðsynjamál fyrir þá og nærliggjandi sveitir. Á Dalvík er nú þegar allmikil útgerð og mundi að sjálfsögðu aukast stórum, ef höfnin yrði bætt, því önnur skilyrði til útgerðar eru þar góð. En á meðan ekkert er gert til umbóta höfninni, er útgerðin í sífelldri hættu stödd. Í þessu sambandi skal þess getið, að í stórhríðinni fyrir jólin í vetur eyðilögðust að fullu 5 bryggjur á Dalvík. Segja kunnugir menn, að þar þurfi til jafnaðar að endurbyggja hverja bryggju 4.—5. hvert ár, og er þetta byggt á a. m. k. 20 ára reynslu. Það mun láta nærri, að hver bryggja kosti 5—8 þús. kr., og er þá auðsætt, hvílíkur baggi þetta er fyrir bátaútveginn.

Í öðru lagi er á það að líta, að upp af Dalvík liggur ein hin blómlegasta sveit á Norðurlandi, með miklum framtíðarmöguleikum, en samgönguleysi hefir mjög staðið henni fyrir þrifum til þessa. Mundi góð höfn, eins og gefur að skilja, mjög breyta aðstöðunni í því efni til hins betra.

Þetta frv. er að mestu leyti sniðið eftir lögum um hafnargerð á Skagaströnd, sem síðasta Alþingi samþykkti. Þannig er t. d. framlag ríkissjóðs ákveðið hlutfallslega það sama í frv. eins og í þeim lögum, og sömuleiðis ábyrgð ríkisins. Er í alla staði sanngjarnt og eðlilegt, að ríkið, á sínum tíma, veiti hlutfallslega sama stuðning til hafnargerðar á Dalvík eins og á Skagaströnd.

Vitamálaskrifstofan hefir gert teikningu og kostnaðaráætlun af þessu fyrirhugaða mannvirki, og áætlar hún, að verkið muni kosta um 300 þús. kr. Verða gögn þau, er að þessu lúta, fengin nefnd þeirri, er væntanlega fjallar um málið.

Þar eð síðasta Alþingi afgreiddi lög, sem frv. þetta er sniðið eftir, eins og áður er sagt, þykir ekki þörf á að gera sérstaka grein fyrir einstökum greinum frv.

Ed. **103. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 2. gr. Í stað »1. júní« komi: 15. júní.

Nd. **104. Frumvarp**

til laga um hafnargerð á Akranesi.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Til hafnargerðar á Akranesi veitast úr ríkissjóði $^2/_5$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur — gegn $^3/_5$ frá hafnarsjóði Akraness.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Akraness kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð Borgarfjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Akraness. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Akraness.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Vestriflasartá um Syðriflasarenda í Þjótarsker og þaðan sjónhending á vestanverðan Sólmundarhöfða.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, en 1 af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Akraneskauptúni eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Akraneshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölul. 2 a, b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Á almennum hreppsfundi, sem haldinn var á Akranesi í s. l. janúarmánuði, var samþykkt í einu hljóði svo hljóðandi tillaga:

»Almennur hreppsfundur á Akranesi 11. jan. 1930 felur hreppsnefnd og hafnarnefnd að vinna áfram að undirbúningi hafnarbóta á Krossvík á Akranesi, á þeim grundvelli, sem lagður er með hafnaruppdrætti og kostnaðaráætlun vitamálaskrifstofunnar. Jafnframt þessu felur fundurinn hreppsnefnd og hafnarnefnd að leita stuðnings þings og stjórnar til framkvæmda hafnarbótanna«.

Í tilefni og framhaldi af þessari samþykkt hefir hreppsnefnd og hafnarnefnd Ytri-Akraneshrepps skrifað mér eftirfarandi bréf:

»Með skírskotun til samþykktar, sem gerð var á almennum hreppsfundi, er haldinn var 11. jan. 1930, til að ræða hafnarmál Akraneskauptúns, felum vér yður, herra alþingismaður, að flytja á Alþingi því, er í hönd fer, frum-

varp til laga um hafnargerð á Krossvík á Akranesi, samkvæmt uppdrætti og kostnaðaráætlun, sem vitamálastjórnin hefir gert«.

Akranesi, 16. jan. 1930.

Virðingarfyllst.

Í hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps:

Jón Sigmundsson, oddviti.
Árni Bergþórsson,
Jón Jónsson,
Þorsteinn Briem,
Ólafur B. Björnsson.

Í hafnarnefnd Ytri-Akraneshrepps:

Ólafur B. Björnsson,
Ármann Halldórsson,
Sigurður Hallbjarnarson,
Haraldur Böðvarsson.

Það eru nú liðin fjögur ár síðan byggð var bryggja við bátaleguna Lambhússund á Akranesi. Þessi lendingarbót gerði íbúum kauptúnsins það kleift að stunda fiskveiðar heiman að á vélbátum á vetrarvertíðinni. Áður urðu þeir að sækja sjó frá öðrum veiðistöðvum við sunnanverðan Faxaflóa á þessum tíma árs, einkum Sandgerði.

Reynslan hefir sýnt það, að þau fiskimið, sem sótt er á af Akranesi á þessum tíma, eru fullkomlega jafnfiskisæl og þau mið, sem sótt er á frá veiðistöðvunum sunnanverðu flóans. Það kom og þegar í ljós, að þessi nýju Akurnesingamið tóku hinum stórlega fram um það, að veiðarfæraslit er þar miklu minna, sökum þess, að botninn er þar sléttari og mun minni straumur.

Bátalegunni á Lambhússundi er þannig háttað, að innsigling er þar mjög slæm og hættuleg í brimum, enda oft með öllu ófær. Sjálft er sundið svo grunnt, að stærri vélbátar taka þar niðri um stórstraumsfjöru. Þetta er því hættulegra, þar sem botninn er óhreinn, steinar á víð og dreif og auk þess stórt sker í miðju sundinu, og að töluverður öldugangur getur orðið þar um fjöru, þegar brim er og vindur stendur af útsuðri.

Þegar svo stendur á, verður mjög mikill sjógangur á sundinu, þegar hásjávað er, og er þá bátum þar mjög mikil hætta búin, enda hefir það oft komið fyrir undir þessum kringumstæðum, að bátarnir hafa dregið akkerin úr stað, rekizt hver á annan og stundum slitnað upp með öllu og rekið á land.

Auk þeirra annmarka á Lambhússundi, sem nú hefir verið lýst, þá er það svæði, sem tiltökumál er að nota fyrir bátalegu þarna, tiltölulega mjög lítið.

Það er nú svo komið útgerð á Akranesi, að það er gersamlega ómögulegt að koma fyrir fleiri bátum en nú eru á sundinu.

Og því aðeins þótti tiltökumál að hafa þar þann bátafjölda, sem þar er nú, að á síðastliðnu sumri var lagt í ærinn kostnað við að leggja botnfestar um sundið, svo hægt væri að nota legusvæðið út í yztu æsar.

Auk vélbátanna eru nú gerð út frá Akranesi tvö gufuskip á línuveiðar. Þau fljóta ekki inn á Lambhússund og þess vegna ekki hægt að afgreiða þau þar heima eins og nú er ástatt, nema þegar gott er veður.

Þar sem bátalegan á Akranesi er nú fullskipuð, þá er þar með fyrir það

girt, að hægt sé að færa þar nokkuð út kvíarnar með vélbátaútgerðina frá því sem nú er.

Þá aukningu, sem hér eftir kynni að verða þar á fiskiflotanum, yrði þess vegna að byggja á því, að gera bátana út frá veiðistöðvunum sunnan flóans, ef þess væri þá kostur. En reynslan hefir sýnt Akurnesingum það mjög greinilega, hver geysimunur er á því, að þurfa að stunda fiskiveiðar í öðrum veiðistöðvum, og á hinu, að hafa aðstöðu til þess að leggja aflann á land heima fyrir.

Nú er þegar fengin reynsla fyrir því, að af Akranesi er gott til sóknar á hin aflasælustu og að öðru leyti beztu fiskimið, sem enn eru þekkt við Faxaflóa, og sú framþróun, sem orðið hefir í útgerðinni þar seinustu árin, sýnir ljóslega, að Akurnesingar hafa ekki látið undir höfuð leggjast að færa sér þessa aðstöðu í nyt.

Eins og nú er komið er hafnleysið á Akranesi til hins mesta hnekkis, ekki einungis fyrir það byggðarlag, heldur fyrir alla þá menn víðsvegar af landinu, sem árlega stunda fiskveiðar á Faxaflóa á vetrarvertíðinni, og tvímælalaust mundu kosta kapps um að nota þá góðu aðstöðu, sem þar er til fiskveiða, ef þar væri gerð höfn.

Það er af þessum ástæðum, þessari knýjandi nauðsyn, að vaknaður er almennur áhugi fyrir því á Akranesi að gera þar höfn.

Það hafa verið gerðar ítarlegar athuganir á því, hvar tiltækilegast væri að gera hafnarbætur á Akranesi. Hefir í því efni sérstaklega komið til athugunar endurbætur á bátalegunni á Lambhússundi, sem er vestanverðu við Skagann, og möguleikar á hafnarbótum á Krossvík, sem er að sunnanverðu. Það kom brátt í ljós, að ekki væri tiltækilegt að gera neinar hafnarbætur á Lambhússundi, sem nokkur úrlausn til frambúðar væri fólgin í, þegar af þeirri ástæðu, að ekki er hægt að dýpka sundið, sökum þess hve botninn er harður og að innsiglingin á sundið er grunn og að þar er mjög brimasamt. Á Krossvík aftur á móti er innsiglingin ágæt, mikið dýpi og botninn svo sem bezt verður á kosið í skipalegu. Krossvík er opin fyrir landsynningi og sunnanátt, og er því engum skipum viðvært þar nú, þegar sunnanáttir ganga. Við mjög ítarlega rannsókn, sem gerð hefir verið á því af verkfræðingum, hvar tiltækilegast þætti að byggja höfn við Krossvík, hefir vitamálastjóri komizt að þeirri niðurstöðu, að heppilegast væri að byggja garð fram af svokölluðum Akursklettum um 135 m. frá flóðlínu, en þaðan breyti garðurinn stefnu í austnorður yfir 5—6 m. dýptarlínu, og verður sá hluti garðsins um 91 m. langur. Við garðinn verður nægjanlegt dýpi og rúmgott fyrir afgreiðslu stórra skipa, en innan við landlínuna má afgreiða smærri skip og báta.

Fyrir innan garðinn er höfnin; er það rúmgott svæði og skjól í öllum áttum og sléttur sjór. Samkvæmt áætlun vitamálastjórans kostar hafnargarðurinn með bryggjum til að afgreiða við stærri og smærri skip og umbúnaði í landi 1200000 krónur. Það er óneitanlega mikið í ráðizt að hrinda í framkvæmd svo kostnaðarsömu fyrirtæki sem þessi hafnargerð er, en þegar þess er gætt, hve stórfelldir framfaramöguleikar eru tvímælalaust tengdir við þetta fyrirtæki, þá er það auðsætt, að þessi hafnargerð er hin mesta lyftistöng fyrir sjávarútveginn.

Þá skal loks á það bent, að þó að það hafi svona mikinn kostnað í för með sér að gera góða og trygga höfn á Akranesi, þá sýna þó rannsóknir þær, sem gerðar hafa verið á því, hvað kosta myndi að gera svipaðar hafnarbætur í öðrum veiðistöðvum hér við Faxaflóa — þar sem þess er annars nokkur kostur — að þessar hafnarbætur á Akranesi séu tiltölulega langsamlega ódýrastar.

Þegar nú þar við bætist, hversu hagstætt er að sækja af Akranesi á hin beztu og aflasælustu fiskimið flóans, þá er það auðsætt, að Akranes er fyrir allra hluta sakir kjörið höfuðsetur vélbátaútgerðarinnar við Faxaflóa.

Ed. **105. Frumvarp**

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Peter Jakob Andreassen Steffensen, verkam. í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Frantz Adolph Håkansson, fyrv. veitingam. í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
3. Almar Viktor Normann, lýsismatsm. í Reykjavík, fæddur í Noregi.
4. Harald Elisar Svendsaas, vélstjóri í Neskaupstað, fæddur í Noregi.
5. Jóhann Severin Sjursen, sjóm. í Hafnarfirði. fæddur í Noregi.

Nd. **106. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 73, 22. nóv. 1907, um útflutning hrossa.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. laganna skal orða svo:

Ennfremur er bannað að flytja til sölu á erlendum markaði yngri hross en 3 vetra og eldri en 10 vetra. Hross 2 vetra má þó flytja út, ef þau eru falleg útlits og ekki lægri en 126 cm. eða 48 þuml. (bandmál).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **107. Þingsályktun**

um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 13. febrúar).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða öllum embættis- og starfsmönnum ríkisins sömu dýrtíðaruppbót árið 1930 og greidd var á laun þeirra árið 1928.

Þessi heimild nær einnig til stofnana ríkisins, er greiða dýrtíðaruppbót á laun eftir sömu reglum og ríkissjóður.

Loks tekur heimildin til þeirra, er dýrtíðaruppbót fá á eftirlaun eða styrki samkv. 18. gr. fjárlaganna.

Nd. **108. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta var flutt í Ed. eftir tilmælum alþingishátíðarnefndar í samráði við stjórnina. Telur nefndin rétt að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. febrúar 1930.

H. Stefánsson, form.	Héðinn Valdimarsson, frsm.	Hannes Jónsson, fundaskr.
Sig. Eggerz.	Ólafur Thors, með fyrirvara.	

Nd. **109. Frumvarp**

til laga um ágang búfjár.

Flutningsmenn: Bernharð Stefánsson, Jörundur Brynjólfsson.

I. KAFLI.

Um búfé og friðhelgi lands.

1. gr.

Búfé er talið í lögum þessum allur sá peningur, sem landbúnaður hefir

framleiðslu af, svo sem: Kýr, hross, sauðfénaður, geitur, svín, alifuglar og ef einhverjar nýjar dýrategundir flytjast hingað inn, sem nú eru hér óþekktar.

2. gr.

Gróður lands er friðhelgur, og er því hver búfjáreigandi skyldur að gæta búfjár síns, að það geri ekki öðrum skaða, með þeim nánari ákvörðunum og takmörkunum, sem lög þessi setja.

II. KAFLI.

Um vörzluskyldu.

3. gr.

Þar, sem girðingar greina lönd jarða og settar hafa verið sem varzla af öllum aðilum, skal ávallt skylt að halda þeim við, svo að fullkomin varzla sé, eftir þeim kostnaðarhlutföllum, sem girðingin hefir verið sett upphaflega, nema nýir samningar verði. Sé samgirt fyrir fleiri býli, er skipt lönd eiga, og einn verði fyrir ágangi sökum girðingar, skal bæta ágang eftir mati, ef ekki er í samningi eða samþykkt. Sé vanrækt viðhaldsskylda af einhverjum aðilja og ágangur hlýzt af, ber sá ábyrgð, er vanrækti. Sömuleiðis geta menn í félagi komið á hverskonar vörzlu sem er um lönd jarða eða landshluta eða milli jarða, eða girt af afréttarlönd, en jafnan skal þá greinilega fram tekin í samningi kostnaðarhluttaka hvers í byggingu og viðhaldi. Gildir sama um vanrækslu í þessu efni og áður er tekið fram í þessari grein.

4. gr.

Hvert kauptún, sem hefir sérstaka stjórn eða er sérstakt sveitarfélag, er skylt að gera trygga vörzlu um allt land sitt, án tillags frá þeim, er lönd eiga að, hvort sem að liggur engi eða beitiland. Sömuleiðis þar, sem »hverfi« eða »torfur« eru með fleiri býlum og sami er eigandi að. Skal honum skylt að setja vörzlu um alla eignina, þó ekki nema utan túna eignarinnar, ef stór lönd eru.

5. gr.

Skyldur er eigandi ágangsfénaðar að taka þátt í girðingarkostnaði fyrir engjar eða ræktað land annars manns, ef það liggur undir verulegum ágangi að öðrum kosti.

III. KAFLI.

Um ítök.

6. gr.

Hvarvetna þar, sem jarðir eiga beitarítök í annara lönd, en eiga þar ekki land undir, skal skylt að annast, að landeigandi bíði þar engan ágang fram yfir það, sem ítaksréttindi heimila, og enga vörzlu getur ítakseigandi þar sett,

sem landspjöll eru að, nema með leyfi landeiganda. Sé um skóg að ræða, gilda þar um þau ákvæði í lögum eða reglugerðum, sem á hverjum tíma eru í gildi til friðunar skóginum.

7. gr.

Nú á maður engjaítök í annars manns landi, og má þá landeigandi ekki beita þangað fénaði sínum frá því 6 vikur eru af sumri og þar til búið er að slá ítakið og hirða að öllu. Ítakseigandi skal láta vinna ítakið næst eftir túnaslátt, nema öðruvísi semji með honum og landeiganda. Heimilt er ítakseiganda að veita vatni á landið, ef hann fær því við komið, og má hann taka torf og grjót í landinu í stíflur og girðingar, er með þarf, en bæta skal hann landeiganda jarðspjöll, er verða af vatnsveitingu hans, eftir óvilhallra manna mati.

8. gr.

Heimilt er ítakseiganda, þá er hann flytur hey af landinu, að beita hestum sínum, þó ekki meira en þörf gerist. Setja má hann þar hey saman, ef flutt er næsta vetur, og rista torf á, ef ekki eru landeiganda gerð sérstök landspjöll utan ítaksins.

9. gr.

Nú hefir ítakseigandi girt slægjuítak sitt með lokuðum hliðum, og er honum þá aðeins heimilt að hafa lokuð hlið frá því 6 vikur eru af sumri og þar til ítakið er alhirt, eins og segir í 7. gr., nema þar sé undir vatnsveiting nýrækt til túngræðslu, eða tún; mega þá hlið ávallt vera lokuð. Á þá landeigandi heimtingu á að fá metna beit sína í ítakinu og fulla greiðslu fyrir.

10. gr.

Ef landeiganda og ítakseiganda kemur ekki saman um, hvort landspjöll hafa gerð verið til tjóns landeiganda við notkun eða ræktun ítaks, eða hvað fyrir skuli greiða beit landeiganda, skal eftir ósk hlutaðeiganda dómkveðja 2 menn til gerðarinnar; taka þeir sér oddamann, ef þarf. Greiðir ítakseigandi og landeigandi kostnaðinn, að hálfu hvor. Gildir gerð þessara manna þar um.

IV. KAFLI.

Um fjárrekstur í haga og innsetning búfjár.

11. gr.

Eigi má maður reka pening sinn til beitar nær annars manns landi en 500 m. (tvö hundruð faðma tólfræð), nema varzla sé í milli eða peningurinn hafður í höftum eða setið yfir honum, eða einhverjar aðrar hömlur af staðháttum varni því, að hann fari inn yfir landamerki. Enginn má heldur byggja nær landamerkjum en nú var sagt sel, beitarhús, fjárréttir eða nokkur önnur peningshús, nema áður hafi þar staðið eða sá leyfi, sem land á á móti. Þó

má sá, er vill nota rétt til lands fast að merkjum, ef hann hefir boðið gagnaðilja að taka þátt í ½ girðingarkostnaði og hann ekki tekið því boði, vera undanþeginn þessum byggingarákvörðunum.

12. gr.

Ef maður rekur pening sinn á annars manns land til beitar eða nær landamerkjum en 11. gr. ákveður, og gengur peningurinn þegar yfir landamerki, þá má sá, er fyrir beit verður, í fyrsta skipti taka þann pening og færa eiganda heim. Á þá eigandi að greiða fullt gjald fyrir heimreksturinn. Nú kemur peningurinn aftur inn á land grannans fyrir þessar sakir, og er honum þá heimilt að setja hann inn. Sama er og ef peningur annars manns skemmir girðingar eða garða, sem til vörzlu eru, eða stekkur yfir slíkar girðingar, enda séu þær í gildu standi.

13. gr.

Nú verður maður fyrir ágangi af annars manns fénaði fyrir aðrar sakir en segir í 11. gr., svo sem hirðuleysi fénaðareiganda, þrábeit eða fyrir enn aðrar orsakir, og hefir þá ágangsþolir sama rétt til innsetningar og allrar meðferðar eins og segir í 12.—17. gr.

14. gr.

Þá er ágangsfénaður er þannig settur inn, á eigandi þann kost að leysa hann út aftur, og skal hann þá greiða 30 au. fyrir hverja sauðkind og geit, en 1 kr. fyrir hvern stórgrip. Þess utan greiði hann skaða þann, er peningurinn hefir gert á engjum, heyjum, túni, sáðgörðum og girðingum, eftir því sem 2 óvilhallir næstu grannar meta, er ágangsþolir kveður þar til, verði ekki samkomulag um skaðabætur. Geri ágangsfénaður skaða að öðru leyti, svo sem með því að í honum er graðpeningur, sem gengur laus á þeim tíma, sem ágangsþoli verður að skaða, varðar það sérstökum skaðabótum, er meta skal á sama hátt. Taki maður pening í hagagöngu og gangi hann í annars manns land, skal fyrir hann greiða hálfu meira útlausnargjald.

15. gr.

Tregðist eigandi ágangsfénaðar að greiða útlausnargjald og skaðabætur, ef einhverjar eru, er þeim heimilt, er inn setti, að halda svo miklu af fénaðinum, er útlausnargjaldinu og skaðabótunum nemur, þar til því er að fullu lokið.

16. gr.

Þegar ágangsþolir hefir sett inn ágangsfénað, skal hann samdægurs gera eiganda aðvart um það. Hann skal ætla fénaðinum nóg húsrúm og skal hann ábyrgjast, að hvorki falli hús á hann né hann troðist undir fyrir húsþröng; en eigi varðar honum við lög, þó skepnur stangi hver aðra til bana eða farist af þeim orsökum, er honum verður eigi gefin sök á. Sé málnytupeningur settur inn, skal mjalta hann á hverju máli, og á sá málnytuna, er inn setti. Nú kemur eigandi ekki strax að vitja penings síns, og skal sá, er

inn setti, geyma hann í 2 daga og gefa hey, ef með þarf, en fá skal hann allan þann kostnað endurgoldinn. Hafi eigandi ekki vitjað penings síns á 2 daga fresti, er ágangsþoli heimilt að fá uppboð á svo miklum hluta fénaðarins, að hann fái allan sinn kostnað endurgoldinn, ásamt útlausnargjaldi og skaðabótum, ef eru. Hinn hluta peningsins, er ekki fer fram sala á, skal færa eiganda, og borgar hann hæfilegt gjald fyrir heimreksturinn.

17. gr.

Ef eigandi ágangsfjár tekur pening sinn, sem inn hefir verið settur, úr vörzlum annars manns að honum fornspurðum og án þess að hafa greitt áfallinn kostnað, varðar það sektum, 20—200 kr. Sé peningur kominn inn á annars manns land af þeim orsökum, sem segir í 11. og 13. gr., en hefir þó ekki verið settur inn, má eigandi ekki taka hann þar að hinum fornspurðum, nema hann greiði honum fullt endurgjald, hafi fénaðurinn gert skaða.

Eigi má reka annars pening úr sjálfs hans landi, svo til ógreiða verði eða skaða. Varðar það 5—100 kr. sekt.

18. gr.

Taki nokkur fénað annars manns og setji inn, þegar öðruvísi er ástatt en segir í lögum þessum, skal hann greiða fullt endurgjald fyrir skaða, er af því hlýzt, auk 10—80 kr. sektar.

V. KAFLI.

Um afréttarpening og strokufénað.

19. gr.

Gangi fénaður úr afrétt í lönd manna og geri þannig átroðning eða skaða, er ágangsþoli heimilt að reka hann aftur til afréttar, ekki styttra en í miðjan afrétt. Gerir hann hæfilegan reikning fyrir reksturinn til hlutaðeigandi sveitarstjórnar, er greiðir hann úr sveitarsjóði. Verði ágreiningur um reikninginn, skulu 2 menn meta, er ágangsþolir og sveitarstjórn nefna, sinn hvor. Komi þeim ekki saman, taka þeir sér oddamann. Kostnaður við gerðina greiðist af hálfu af hvorum aðilja.

20. gr.

Geri strokufénaður ágang á land manns og eigandi er svo fjarri, að honum verði ekki gert aðvart samdægurs, skal ágangsþolir taka fénaðinn í vöktun þar til eigandi fær vitneskju um, sé það á þeim tíma, að eigandi bíði skaða af að missa fénaðinn. Ella skal með hann farið sem afréttarpening samkv. 19. gr. Fénaðareigandi greiðir ágangsþoli þóknun fyrir vöktun. En reki hann fénaðinn til afréttar, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, er eigandi er búsettur í, kostnaðinn, og fer um það eins og segir í 19. gr. Vitji fénaðareigandi ekki þess fénaðar,

er ágangsþolir hefir tekið í vöktun, á hæfilegum tíma eftir að hafa fengið vitneskju þar um, skal farið með fénaðinn sem afréttarpening.

VI. KAFLI.

Um ítölu í óskipt lönd.

21. gr.

Þar, sem óskipt eru lönd milli tveggja jarða eða fleiri, er hverjum heimilt, er ofsett þykir í landið eftir afnotahlutföllum, að heimta ítölu frá hverjum notanda. Hreppstjóri og úttektarmaður framkvæma ítöluna, og greiða ábúendur kostnaðinn eftir afnotahlutföllum.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frv. þessu vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. í fyrra, þskj. 230.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun landsstjórnarinnar.

Nd. **110. Frumvarp**

til ábúðarlaga.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson, Bernharð Stefánsson.

I. KAFLI.

Um bygging jarða.

1. gr.

Hver maður, sem á jörð og hefir ekki fasta ábúð á sjálfur, skal selja hana öðrum á leigu og ávallt þannig, að hæfileg áhöfn sé á jörðinni, svo að hún ekki fyrir það gangi úr sér, og sveit sú, sem jörðin liggur í, missi einkis í af sköttum, sem af búinu eru greiddir.

Nú fær landsdrottinn ekki byggt jörð sína fyrir 15. marz, og skal hann þá fyrir 1. apríl bjóða sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar. Ef sveitarstjórn sinnir ekki þeirri málaleitun, skal hann láta bjóða jörðina upp til ábúðar frá næstu fardögum í þeirri þinghá, sem jörðin liggur. Ef enginn vill þá taka jörðina til leigu fyrir neitt eftirgjald, skal landeigandi banna öll afnot hennar

og er honum þá eigi skylt að halda uppi lögskilum af henni, meðan hún er óbyggð. Nú býður landsdrottinn ekki sveitarstjórn jörðina né lætur bjóða hana upp til ábúðar, og skal hann þá skyldur að greiða öll lögboðin gjöld af henni.

2. gr.

Ef sveitarstjórn tekur við jörð til ráðstöfunar, ber hún ábyrgð á öllum jarðargjöldum til landsdrottins. Ef sveitarstjórn telur jörð byggilegri með því að skifta henni, er henni það heimilt. Skal hún þá láta gera nauðsynlegustu hús á jörðinni, sem leiðir af skiftingu, ef úttektarmenn telja, að jörðin muni þannig trygg í ábúð framvegis. Er landsdrottinn skyldur til að kaupa hús þau, er sveitarstjórn lét gera á jörðinni, ef þau svara til þeirra húsa, sem krafizt er á leigujörðum að mati úttektarmanna. Gildir sama um ábúðarrétt þeirra manna, er sveitarstjórn leigir jörðina, sem ákveðið er í lögum þessum.

3. gr.

Hjáleigu má byggja undir heimajörð, ef jörðin að mati úttektarmanna þarfnast þess. Sömuleiðis má sameina hjáleigur í eina jörð, ef það, að mati sömu manna, stuðlar að sjálfstæðari ábúð og tryggir ræktun.

4. gr.

Stofna má nýbýli í landi jarðar eftir því sem lög mæla fyrir.

5. gr.

Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal 2 samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn öðru, en leiguliði hinu.

6. gr.

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annarra manna lönd, svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur hvíla á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju sé goldin. Svo og ef innstæðukúgildi fylgja jörðu, sbr. 22. gr.

Ennfremur skal nákvæmlega taka fram um leiguliðanot samkvæmt lögum þessum, skyldur leiguliða og fyrir hverjar vanrækslur hann missir rétt sinn til ábúðar.

7. gr.

Nú hefir landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörðu, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð fyrir það eftirgjald, sem síðast var á henni, ef það að mati úttektarmanna hefir verið hæfilega sett og hvorugur, landsdrottinn eða leiguliði, getur sannað, að öðruvísi hafi verið

um samið. Ef úttektarmenn telja, að eftirgjald á jörðina hafi áður ekki verið hæfilega sett, ákveða þeir, hvað það skuli vera.

8. gr.

Ef landsdrottinn byggir tveim mönnum sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyr tók, en landsdrottinn fá hinum jafngott jarðnæði sem hitt var, ella bæta honum allan skaða, er hann biður af því að komast ekki að jörð, hvort tveggja eftir mati úttektarmanna.

II. KAFLI.

Um ábúðartíma.

9. gr.

Allar jarðir skulu leigðar til lífstíðar, og hefir ekkja ábúanda rétt manns síns, jafnt fyrir það, þó að hún giftist aftur, ef hún hefir aðskilinn fjárhag. Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð úr ábúð handa sjálfum sér, barni sínu eða fósturbarni, til eignar og ábúðar. En jafnan skal það tekið fram í byggingarbréfi og skal uppsögn ábúðar vera með að minnsta kosti árs fyrirvara.

10. gr.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð samkvæmt 9. gr., en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig, að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né fær hana barni sínu eða fósturbarni til eignar og ábúðar, heldur tryggir hana öðrum manni. Er þá sá ábúðarsamningur ógildur og á leiguliði heimting á að fá jörðina aftur. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum, eftir mati úttektarmanna.

III. KAFLI.

Um hús á jörð og skyldur landsdrottins.

11. gr.

Hverri jörð skulu fylgja öll nauðsynleg hús, sem landsdrottinn á, í góðu og gildu standi, eftir mati úttektarmanna. Skulu bæjarhús miðuð við þann fólksfjölda, er þarf til þess að nytja jörðina, og peningshús við þann skepnufjölda, er jörðin getur framfleytt í meðalári, hvorttveggja þó með nokkurri hliðsjón af því, að jörðinni aukist ræktun, heyfengur og áhöfn. Húsin skulu vera að tilhögun og ásigkomulagi eins og gerist í þeirri sveit í bezta meðallagi, að áliti læknis og hreppstjóra. Þó er ríkissjóður undanskilinn þessari húsaskyldu um þær þjóðjarðir allar og kirkjujarðir, sem liggja við auðn eða ætlaðar eru til almennra afnota.

12. gr.

Aldrei skal metið álag á jarðarhús, og ber landsdrottinn alla fyrningu. En skyldur er leiguliði að halda húsum við, þannig, að ekki fyrnist um skör fram fyrir handvömm og ávallt séu í nothæfu standi.

13. gr.

Skyldir eru úttektarmenn fimmta hvert ár að skoða öll hús á leigujörðum, hverjir í sínum hreppi, og gefa skýrslu um til landsdrottins. Skulu þeir sérstaklega athuga, hvernig gengið hefir verið um húsin og þeim viðhaldið, hvort byggingarskilmálum þar að lútandi er fylgt og hvernig jörð yfirleitt er setin. Eru skýrslur þessar full sönnun fyrir landsdrottin til þess að ná rétti sínum, ef byggingarskilmálar eru brotnir.

14. gr.

Ef úttektarmenn brjóta skyldu sína samkvæmt 13. gr. og það sannast, að landsdrottinn hafi fyrir það beðið tjón, skulu þeir skyldir að bæta honum skaða allan, hvort sem er eftir mati, sem tekið er gilt, eða dómi.

15. gr.

Nú á fráfarandi hús á jörð, er hann hefir byggt, og skal hann þá láta úttektarmenn meta húsin til peningaverðs og jafnframt votta, að húsanna sé full þörf á jörðinni. Er þá landsdrottni skylt að kaupa húsin við því verði, sem metið er, ef þau eru í því ásigkomulagi, að í gildu standi geti talizt samkv. 11. gr. Ef svo er ekki, er fráfaranda skylt að rjúfa húsin og flytja af jörðu eða selja hverjum sem vill til brottflutnings. Skal hús rjúfa fyrir Jónsmessu hina næstu, ef landsdrottinn vill þar hús gera, er hin voru, en flytja burtu viði og húsefni, annað en torf, fyrir veturnætur. Hús skal rjúfa svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að.

16. gr.

Nú hafa jarðnytjar aukizt svo á leigujörð við ræktun, að jarðarhús þau, sem ákveðin eru í 11. gr., eru orðin ónóg peningi þeim, er jörðin framfleytir. Skal þá ábúandi gera landsdrottni viðvart og krefjast þess, að bætt verði við hús á jörðinni. Skal hann láta fylgja vottorð úttektarmanna þar um. Ef landsdrottinn vill ekki bæta við jarðarhús eða stækka, hefir leiguliði heimild til þess að gera hús, eins og þörf krefur og úttektarmenn hafa áður vottað. Skal hann tilkynna landsdrottni, hvað húsagerðin hefir kostað, með nægum sönnunargögnum, og er hann þá skyldur til að greiða kostnaðinn og má þá hækka afgjald jarðarinnar um 5% af kostnaðarupphæðinni.

Sama gildir, ef endurnýja þarf, hvort heldur bæjar- eða peningshús, ef landsdrottinn neitar að gera þau. En þá skal jafnan draga frá kostnaði verð húsa þeirra, sem endurnýjuð eru, og gildir eftirgjaldshækkun aðeins um mismuninn.

17. gr.

Jafnan skal landsdrottinn hafa tryggð hús á leigujörð fyrir eldsvoða, ef tryggingarfélag er til í sveitinni, er tekur slík hús í tryggingu. En ef um dýr hús er að ræða, sem fyrir þá sök verða ekki tekin í sveitartryggingu, er honum skylt að tryggja þau annarsstaðar. Ef landsdrottinn getur ekki vátryggt, en hús brennur, skal farið með endurgerð sem segir í 33. gr.

IV. KAFLI.

Um leiguliðaskifti á jörð og skyldur leiguliða.

18. gr.

Þá er leiguliðaskifti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju þá, er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru þá er 6 vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, né umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefir gert ráðstöfun til að hagnýta hana, hefir leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og lúki landsdrottni eins árs jarðarafgjöld. En landsdrottinn má nýta sér jörð það ár, ef hann getur ekki byggt öðrum.

19. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörð hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. En hvorki má hann beita tún né engjar, heldur verja fyrir öllum ágangi þar til hann yfirgefur jörðina. Heimilt er fráfaranda að skilja eftir það, sem viðtakanda er ekki mein að af búslóð sinni, ef hann má eigi flytja það burt þegar. En það skal hann hafa burt flutt svo fljótt sem hann má og eigi síðar en fyrir næstu veturnætur. Séu húsmunir þá eigi burt fluttir, skal ábúandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðu.

20. gr.

Eigi má fráfarandi af jörð flytja hey, áburð, eldsneyti né byggingarefni, sem jörð gefur af sér. Ef fráfarandi á fyrning heys, eldsneytis eða byggingarefnis, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji.

21. gr.

Flutt skal fráfarandi hafa áburð allan á tún, áður hann fer frá jörðu,

svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu á henni ekki síðar en viku af sumri. Hann skal og hreinsa öll hús, heygarða og heytóftir, sem á jörðu eru. Ef fráfarandi vanrækir þetta, bæti hann viðtakanda það eins og úttektarmenn meta.

Ef eggver fylgir jörð, á viðtakandi öll afnot þess það vor, er hann flytur sig að jörð. Ef reki fylgir leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum.

22. gr.

Eigi er leiguliði skyldur að taka við innstæðukúgildi á jörð, og fer um það eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum á jörð, skal hann greiða í leigu eftir þau 6% af verði þeirra eftir verðlagsskrá.

23. gr.

Ábúandi skal hafa öll leiguliðanot af jörð sinni, en það eru leiguliðanot, að hann hafi til notkunar fyrir sig sjálfan öll hús og mannvirki, öll hlunnindi, sem fylgja jörð, svo sem lax- og silungsveiði, selalátur, eggver o. fl., innstæðukúgildi, ef til eru, og öll réttindi síns leigulands.

Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, ef leiguréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir.

24. gr.

Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni. Ekki má hann heldur ljá öðrum neitt af hlunnindum þeim og landsnytjum, er leigulandi hans fylgir, nema það sé í skiftum fyrir önnur hlunnindi og landsnytjar, er leigujörð hans þarf. Þó er honum heimilt að láta í té nokkrar jarðarnytjar heimilismönnum, sem vinna að búi hans. Hann má og eigi selja áburð af jörð, sem henni má að notum verða, né farga honum á annan hátt. Eigi má hann heldur láta burt hey, er hann hefir aflað á jörðinni, nema því aðeins að hann fái aftur jafngildi í heyi eða beit, eða hann í harðindum hafi látið heyið gegn öðru endurgjaldi eftir áskorun hreppsnefndar. Ef leiguliði brýtur gegn þessu, varðar það útbyggingu, og bæti hann jafnframt landsdrottni skemmdir á jörð.

25. gr.

Ef leiguliði situr illa jörð sína, svo tún og engi fara í órækt eða á annan hátt bíða varanlegar skemmdir af hans völdum, hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, nema hann lofi að bæta úr næsta ár og setji tryggingu fyrir. Getur landsdrottinn hvenær sem er eftir skýrslu úttektarmanna, sbr. 13. gr., látið meta skemmdir, er gerðar hafa verið á leigujörð hans, og er leiguliði skyldur að bæta þær að fullu.

26. gr.

Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, sem á leigujörð hans hvíla,

og halda uppi öllum lögskilum af henni landsdrottni kostnaðarlaust. Eindagi á jarðargjöldum er fyrir hvers árs fardaga. Nú greiðir eigi leiguliði jarðargjöld á næsta missiri eftir eindaga, og hefir hann þá fyrirgert ábúðarrétti sínum í næstu fardögum, þótt honum sé ekki byggt út af jörðinni.

27. gr.

Skyldur er leiguliði, þótt eigi sé tilskilið, að færa jarðargjöld á heimili landsdrottins ef eigi er fjær en 30 km., ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðarafgjöldum.

28. gr.

Þá er landsdrottinn byggir leiguliða út af jörð, sem brotið hefir ábúðarrétt sinn samkvæmt lögum þessum, skal hann það gert hafa fyrir jól, og skal leiguliði fara frá jörð í næstu fardögum.

Útbygging skal vera bréfleg og við votta. Skal þar tekið skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu.

29. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum og getur landsdrottinn byggt honum út, ef hann:

1. Er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 18. gr.
2. Byggir öðrum af jörð eða lánar ólöglega hlunnindi eða landsnytjar, sbr. 24. gr.
3. Situr illa jörð, svo að hún fari í órækt eða valdi skemmdum, sbr. 25. gr.
4. Hefir ekki greitt jarðargjöld missiri frá gjalddaga, sbr. 26. gr.
5. Ef leiguliði ekki kaupir ábýlisjörð sína eftir matsverði, sbr. 44. gr.

30. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af leigujörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörð lausri fyrir jól. Gerir hann það bréflega og við votta til landsdrottins eða umboðsmanns hans.

31. gr.

Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni jarðargjöld næsta ár. Má landsdrottinn nýta sér jörð, ef hann getur eigi byggt samkvæmt 1. gr.

Nú flytur leiguliði sig burt af jörð fyrir fardaga, sem hann hefir þó sagt löglega lausri, og skal hann bæta landsdrottni skaða, sem kann að verða af því, eftir mati úttektarmanna.

32. gr.

Nú hefir landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, sbr. 28. gr., og vill leiguliði ekki flytja af jörð eða beitir þrásetu, og er landsdrottni þá rétt að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það sem lög mæla fyrir.

V. KAFLI.

Um skemmdir á jörðum af völdum náttúrunnar og breyting á jarðargjöldum.

33. gr.

Ef hús á leigujörð verður fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóði, vatnsflóði, skriðum eða jarðskjálfta, sem leiguliða verður engin sök á gefin, skulu landsdrottinn og leiguliði gera hús aftur í sameiningu. Leggur landsdrottinn til við allan til húsagerðar og smíði, en leiguliði vinnur að veggjagerð og þökum, eins og hann getur afkastað með skylduliði sínu fram yfir brýn heimilisstörf. Ef um steinhús eða timburhús er að ræða, gildir sama frá hálfu leiguliða, að hann leggur alla þá vinnu þar í, er hann getur í té látið, hvort tveggja að áliti úttektarmanna. Að öðru leyti kostar landsdrottinn húsagerð.

34. gr.

Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki, eldsumbrotum eða öðru af völdum náttúrunnar, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, þá gerir hann landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans og krefst skoðunar á skemmdunum. Séu skemmdir ekki meiri en svo, að bættar verði á einu ári án mjög mikils kostnaðar, skulu báðir, landsdrottinn og leiguliði, bæta skemmdirnar, þannig að leiguliði leggur þó aldrei meira til en svarar hálfu ársafgjaldi af jörðinni. Verði jörð fyrir meiri skemmdum, svo að hún rýrni til langframa, skulu úttektarmenn meta, hve miklum hluta eftirgjalds nemi árlega um ákveðinn tíma, og er landsdrottni skylt að setja niður eftirgjald, er nemi að minnsta kosti ⅔ af skemmdunum eins og þær eru metnar árlega, hlutfallslega við eftirgjaldið.

VI. KAFLI.

Um breyting á jarðargjöldum fyrir sérstakar ástæður.

35. gr.

Nú verða breytingar á verðlagi eða aðstæða til búskapar á jörð breytist, án þess að það sé af völdum náttúrunnar eða fyrir tilverknað leiguliða eða landsdrottins, og getur þá hvor aðili fyrir sig krafizt endurskoðunar á leigumála jarðarinnar. Náist ekki samkomulag, skal leggja málið í gerð. Gerðarmenn skulu vera: úttektarmenn, tveir menn, er aðiljar tilnefna sinn hvor, og oddamaður, er sýslumaður tilnefnir. Gerðarmenn mega ekki vera í náinni frændsemi við aðilja né mægðir þeim. Gerðarmenn skulu ákveða hæfilegt jarðargjald eftir jörðina, með hliðsjón af fyrri leigumála og þeim breytingum, sem orðið hafa síðan hann var settur. Verða báðir aðiljar að hlíta gerð-

inni. Kostnað við gerðardóminn greiðir sá, er gerðar beiðist, verði engin breyting á eftirgjaldi, en ella að hálfu hvor.

36. gr.

Nú er leigumáli jarðar óhæfilega hár eða hærri en gerist í þeirri sveit eða héraði á líkum jörðum, og getur þá leiguliði krafizt gerðardóms, er ákveði eftirgjöld á jörðinni. Fer um tilnefningu dómsins og gildi hans eins og segir í 35. gr. Sömuleiðis um borgun til gerðarmanna.

VII. KAFLI.

Um reka á leigujörðum.

37. gr.

Engan viðarreka má undanskilja leiguliðanotum, sem fylgt hefir jörðu áður.

38. gr.

Skylt er leiguliða, eigi landsdrottinn sérstakan reka, að hirða hann fyrir landsdrottin, marka viðarmarki hans og bjarga, svo að sjór taki ekki út. Öll álnarlöng kefli eða smærri skulu vera eign leiguliða, eins og að fornu hafa verið.

39. gr.

Eigi er skylt, að hvalreki fylgi leiguliðanotum, og fer um hann eftir ákvæðum byggingarbréfs.

Nú rekur hval, og fylgir hvalreki ekki leiguliðanotum, og skal leiguliði þá festa hvalinn landfestum og bjarga sem lög ákveða. Gera skal hann strax landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans. Komi landsdrottinn eða umboðsmaður hans ekki þegar á vettvang, er leiguliða rétt að skera hvalinn, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer eftir ákvæðum, er fram séu tekin í byggingarbréfi.

40. gr.

Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um í hvert sinn.

Allt, sem áður hefir fylgt leiguliðanotum á sjávarjörð, svo sem sölvatekja, kúfisktekja o. þ. h., má ekki undanskilja leiguliðanotum.

VIII. KAFLI.

Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins.

41. gr.

Þegar leiguliða er með ákvæðum byggingarbréfs gert að skyldu að inna

af höndum jarðarafgjald að einhverju leyti með jarðabótum, en hann vanrækir að framkvæma þær, á landsdrottinn heimtingu á endurgreiðslu eftir því sem úttektarmenn meta. Heimilt er leiguliða þess utan að gera minni háttar jarðabætur á ábýlisjörð sinni, án samþykkis landsdrottins, ef þær eru að mati þeirra manna, sem umsjón hafa með mælingum á jarðabótum, sem styrktar eru af ríkisfé, vel og hyggilega gerðar og stuðla að því að hækka jörðina í verði. Skal leiguliði, þá er hann fer frá jörðinni, fá jarðabætur þessar greiddar, eftir því sem úttektarmenn meta, að hækka megi landskuld á jörðinni, þannig, að hann fái tólffalda landskuldarhækkunina.

42. gr.

Ef leiguliði ætlar að gera jarðabót í stærri stíl, sem kosti yfir 400 krónur, skal hann jafnan leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðabótina á sinn kostnað og hækki fyrir því eftirgjald jarðarinnar um 4% af útlögðum kostnaði við verkið.

Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðabótina á sinn kostnað, en hún að áliti þeirra manna, er mælingar hafa á jarðabótum, er styrktar eru af ríkisfé, er nauðsynleg og álitleg til að gefa góðan arð, er leiguliða heimilt að framkvæma verkið, og á hann þá, er hann fer frá jörðinni, sömu kröfu fyrir þá jarðarbót eins og segir í næstu grein á undan og eftir gerð sömu manna.

43. gr.

Krafa sú, sem leiguliði á á landsdrottin, sbr. 41. og 42. gr., og fyrir jarðarhúsabyggingar á jörðinni, samkvæmt 15. og 16 gr., skal vera forgangskrafa í bú landsdrottins næst eftir þær forgangskröfur, sem nú eru í lögum.

IX. KAFLI.

Um kaupskyldu á leigujörðum.

44. gr.

Ef landsdrottinn býður leiguliða ábýlisjörð sína til kaups með fasteignamatsverði, að viðbættu virðingarverði umbóta á jörðinni, sem landsdrottinn á frá síðasta fasteignamati, með 5 ára greiðslufresti og bankavöxtum og að jörðin liggi ekki undir skemmdum, svo að sýnilegt sé, að hún muni ganga úr sér, og leiguliði neitar að kaupa, skal hann hafa fyrirgert ábúðarrétti sínum.

X. KAFLI.

Um úttektir á leigujörðum.

45. gr.

Þá er leiguliðaskifti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri

skoðunargerð, og kostar fráfarandi og viðtakandi hana að hálfu hvor, sbr. lög nr. 64, 14. nóv. 1917.

Úttektarmenn skulu vera tveir, og framkvæma þeir ávallt úttekt á jörðu fyrir 15. júní.

Gera skal viðtakanda og fráfaranda aðvart, hvenær úttekt fer fram, með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo þeir geti mætt þar og gætt réttar síns.

46. gr.

Hreppstjórar eru úttektarmenn hver í sínum hreppi.

Sýslumaður skipar annan aðalúttektarmann og 2 varamenn, eftir tillögum sveitarstjórnar. Varamaður er við úttektir í forföllum annars hvors aðalmanns, ef annar hvor úttektarmaður er nákominn aðilja eða getur talizt vilhallur, eða ef úttektarmenn greinir á.

47. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu vera skipaðir til 12 ára. Ef þeir deyja eða hætta við starfann á þeim tíma, skal á sama hátt skipa í stað þeirra. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun fyr en 6 ár eru liðin frá því hann hætti starfanum. Allir fullveðja búendur hreppsins yngri en 60 ára eru skyldir að taka við útnefningu.

48. gr.

Úttektarmenn skulu hafa gerðabók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða og skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 13. gr. Þegar úttekt er lokið eða skoðunargerð, skulu úttektarmenn og þeir aðiljar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar.

Ef aðiljar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. — Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit af úttektum gegn endurgjaldi samkv. lögum um laun hreppstjóra, nr. 64, 14. nóv. 1917.

49. gr.

Úttektarmenn skulu fyrst lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa á jörðu, göllum á þeim sem fullgildum jarðarhúsum, skemmdum á þeim af völdum ábúanda og viðhaldi öllu, er snert getur endingu húsanna.

Á sama hátt taka þeir út og lýsa öllum mannvirkjum á jörðinni, svo sem túngirðingum (görðum), vörzlugirðingum (görðum), matjurtagörðum, fjárréttum, túnbótum, áveitum, skóggræðslu og hverju því, er til mannvirkja getur talizt.

Ef innstæðukúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort séu í löggildu standi. Þeir skulu og nákvæmlega kynnast öllum jarðarnytjum og meta, hvort jörð er sæmilega setin. — Ef álagsskylda hvílir á jarðarhúsum samkvæmt 11. kafla, 52. gr., skulu úttektarmenn meta álag á þau, sem og á öll mannvirki eftir því sem byggingarbréf ákveður og fyrirfarandi úttektir.

50. gr.

Ef tvíbýli eða fleiri býli eru á jörð, skulu úttektarmenn, ef landsdrottinn óskar þess, skifta í millum þeirra húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, ef eru og þess eðlis að skift verði. Sömuleiðis túni, engi, skógi, hlunnindum og yfirleitt öllu, sem aðiljar koma sér saman um að æskja skifta á. — Að lokinni úttektargerð greiðir fráfarandi álag til viðtakanda, nema samkomulag verði milli viðtakanda og fráfaranda um greiðslu á því. En ef ekki verður samkomulag og fráfarandi greiðir ekki álagið, getur viðtakandi krafizt þess, að úttektarmenn geri þegar fjárnám til lúkningar álaginu í munum þeim, er fráfarandi á á jörðinni og hann vísar á. Nú fær viðtakandi ekki álag greitt að fullu, þótt hann hafi að lögum krafizt þess, og er þá landsdrottinn skyldur að greiða honum það, sem á vantar, nema á annan hátt hafi verið um samið.

51. gr.

Ef einhver, sem hlut á að máli, vill eigi hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, getur hann krafizt yfirúttektar. Skal þá sýslumaður innan hálfs mánaðar skipa fjóra yfirúttektarmenn, og skulu þeir haga úttekt á sama hátt. Sömu laun eiga þeir fyrir starfa sinn sem úttektarmenn, og greiðir krefjandi yfirúttektar það gjald, ef álagsupphæð er eigi breytt, ella fer um gjaldið sem segir í 45. gr.

XI. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir.

52. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal um fardagaleyti næsta ár eftir fara fram úttekt á öllum leigujörðum landsins. Sérstaklega er úttektin á húsum á jörðinni, en að öðru leyti skoðunargerð samkvæmt 13. gr.

Ef bæjarhús eru svo hrörleg og illa á sig komin, að ekki þyki sæmileg íbúð og ekki fullnægi ákvæðum 11. gr., er landsdrottni skylt að reisa húsin við. Sama er að segja um peningshús. Eigi leiguliði hús á jörð, fer um það eins og segir í 15. gr., að því er skyldur landsdrottins snertir.

Álag greiðir leiguliði á jarðarhús eftir mati úttektarmanna.

53. gr.

Með þeim takmörkunum, er segir í 52. og 54. gr., verða í gildi ákvæði byggingarbréfs þar til ábúðartími sá er á enda, er það tiltekur. Nú er ábúðartími úti, og hefir þá leiguliði rétt til að fá ábúðina framlengda til lífstíðar með sama leigumála, sbr. þó 41. og 42. gr., nema landsdrottinn geti sannað, að hann hafi, áður en lög þessi gengu í gildi, lofað öðrum manni jörðinni,

eða þarf hennar með handa sjálfum sér, barni sínu eða fósturbarni. Fer þá um það eftir ákvæðum 9. og 10. gr.

54. gr.

Við næstu skoðunargerð úttektarmanna, eftir 5 ár, skulu landsdrottnar hafa gert öll jarðarhús upp samkvæmt 11. gr. Ef landsdrottinn vanrækir þessar skyldur sínar, getur leiguliði hvenær sem er fyrirvaralaust flutt af jörðinni án þess að bæta landsdrottni nokkuð fyrir.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 1, 12. jan. 1884, og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Um ástæður að frumvarpi þessu skal vísað í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi milliþinganefndar á síðasta þingi (Alþt. 1929, þskj. 240). Frumvarpið er hér tekið upp óbreytt að efni, nema hvað þinglýsingarskylda á byggingarbréfum er felld niður (5. gr.), hömlur settar við húsagerðarskyldu ríkissjóðs (11. gr.) og takmörk sett að neðan um það, hverjir verða megi úttektarmenn.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun landsstjórnarinnar.

Ed. **111. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

a. Bror Westerlund, forstjóri í Hafnarfirði, fæddur í Svíþjóð.
b. Karl Oscar Hedlund, rennismiður í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.
c. Emanuel Reinfried Heinrich Cortes, prentari í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.

Ed. **112. Breytingartillaga**

við frv. til laga um sveitabanka.

Frá Jóni Baldvinssyni.

2. málsgrein 14. greinar falli niður.

Ed. **113. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sveitabanka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er samhljóða frv. því um sama efni, sem stjórnin lagði fyrir síðasta Alþingi, en þá varð óútrætt.

Nefndin hefir nú tekið frv. til íhugunar á ný á nokkrum fundum og fengið bankastjóra Búnaðarbankans á fund sinn til ráðuneytis. Mæltu þeir allir með því, að frv. næði fram að ganga í aðalatriðum, en töldu heppilegt að gera á því örfáar breytingar.

Niðurstaðan hefir því orðið, að þrátt fyrir að nefndarmenn líta nokkuð misjafnt á einstök atriði og hafa óbundin atkvæði um smábreytingartill., ef fram koma, þá telur öll nefndin frv. ráða eftir atvikum heppilega bót á rekstrarlánaþörf bænda, og mælir því með því, að það verði samþykkt, en leyfir sér þó í samræmi við álit bankastjóranna að flytja eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 4. gr.
   a. Í stað »30« komi: 50.
   b. e-liður orðist svo:
      Sveitabanka er heimilt að taka við innlögum með sparisjóðskjörum frá mönnum, sem búsettir eru á félagssvæðinu, til útlána handa félagsmönnum eða ávöxtunar í tryggum peningastofnunum.
2. Við 14. gr.
   2. málsgrein orðist svo:
      Lausafjárveð sveitabanka víkur aðeins fyrir forgangskröfum samkvæmt 82. gr. skiptalaga, nr. 3, 12. apríl 1878.

Alþingi, 14. febr. 1930.

Jón Jónsson, form., frsm.	Jónas Kristjánsson, fundaskrifari.

Jón Baldvinsson,
með fyrirvara um 2. brtt.

Nd. **114. Frumvarp**

til laga um Brunabótafélag Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

Verksvið félagsins.

1. gr.

Brunabótafélag Íslands, stofnað með lögum 3. nóv. 1915, er gagnkvæmt ábyrgðarfélag með ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 800000 krónum og ábyrgð vátryggjenda eftir því, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Félagið tekur að sér eldsvoðatryggingar á húseignum utan Reykjavíkur, og í Reykjavík ef um semst, og á lausafé, allt eftir þeim nánari ákvæðum, sem lög þessi og reglugerðir setja.

3. gr.

Skylduábyrgð til félagsins hvílir á öllum húseignum í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þær eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis hvílir skyldutrygging til félagsins á öllum íbúðarhúsum utan kaupstaða og kauptúna, úr hverju efni sem þau eru byggð, svo og geymsluhúsum, sem þeim eru áföst þannig, að þau megi teljast vera í sameiginlegri brunahættu við íbúðarhúsin. Ennfremur á kirkjum, skólahúsum og samkomuhúsum.

4. gr.

Heimilt er félaginu að taka eldsvoðaábyrgð á öllum öðrum húsum í sveitum, svo sem gripahúsum og hlöðum; sömuleiðis er félaginu heimilt að taka í ábyrgð, hvar sem er á landinu, hverskonar lausafé, þar með taldar verzlunarvörur, skip eða báta á landi eða í höfn.

5. gr.

Vátryggingarupphæð húsa ákveðst með virðingargerð, og vátryggir félagið alla virðingarupphæðina; þó má tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda. Lausafé skal tekið í ábyrgð eftir skrá, er eigandi semur með áætluðu sanngjörnu verði munanna.

6. gr.

Tryggingar félagsins skiptast í þrjá flokka og myndast af iðgjöldum til félagsins þrír tryggingarsjóðir, hver fyrir sinn flokk:

1. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir hús í skylduábyrgð í kaupstöðum og kauptúnum, 1. flokkur.
2. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir öll hús í sveitum utan kauptúna, hvort sem þau eru í skylduábyrgð eða í frjálsri tryggingu, 2. flokkur.

3. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir lausafé, sem tryggt er í félaginu, 3. flokkur.

7. gr.

Félagið leitar endurtryggingar hjá öðrum brunabótafélögum á því, er vátryggingar, er félagið tekur að sér, eru hærri en hér segir:

A. *Hús og mannvirki.*

1. Steinhús	kr.	20000,00
2. Timburhús eldvarnarklædd	—	15000,00
3. Önnur hús og mannvirki	—	10000,00

B. *Lausafé.*

1. Í steinhúsum	—	12000,00
2. Í timburhúsum eldvarnarklæddum ...	—	9000,00
3. Í öðrum húsum og annað lausafé ...	—	6000,00

Á meðan félagið fær ekki endurtryggingu á lausafé, er því ekki skylt að taka hærri lausafjártryggingar en að framan segir.

8. gr.

Allir þeir, sem vátryggja í Brunabótafélagi Íslands, eru félagsmenn þess. Félagsmenn ábyrgjast hver í sínum flokki hver gagnvart öðrum, að iðgjaldasjóður þess flokks standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi aðeins til eigna þeirra, sem vátryggðar eru í félaginu.

Skaðabóta má krefjast af félagsmönnum aðeins á þann hátt, að heimt sé inn aukagjald, er eigi sé hærra nokkurt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunaskírteininu.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með allt að 800000 kr., að félagið uppfylli skyldur sínar. Geti félagið ekki af eigin rammleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur ríkissjóður til það, er á vantar, þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

Ef félagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er félagið hefir fengið af ríkissjóði, endurgreiðast smátt og smátt, eftir því sem efni félagsins leyfa. Nú nemur það, er lagt hefir verið fram af ríkissjóði, meira en 50000 kr., og skal félagið þá gera vátryggjendum að greiða aukagjöld þannig, að það, sem fram yfir er 50000 kr., endurgreiðist ríkissjóði á 10 árum í seinasta lagi, ef hægt er, en ávallt skal gæta ákvæða 8. greinar um stærð aukaiðgjalda.

10. gr.

Að því er snertir lausafé og húseignir, sem ekki eru tryggingarskyldar, má ganga úr félaginu í lok reikningsárs félagsins, 15. okt., að undangenginni uppsögn með þriggja mánaða fresti, og gegn því að vátryggjandi greiði iðgjald, og aukaiðgjald ef þörf er á, til þess tíma, er hann gengur úr félaginu.

Enga tryggingu má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt.

11. gr.

Félagið tekur ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast af landskjálfta eða ófriði, né heldur á tjóni, sem af því leiðir, að vátryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði, eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Félagið á auk þess rétt á að draga fjórðung af brunabótum, er vátryggjandi hefir út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða ef hann hefir gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

12. gr.

Tjón, sem eigi nemur meira en 30 kr., verður eigi bætt, og sé það 200 kr. eða meira, skal draga 30 kr. frá brunabótum. Ef sérstaklega stendur á, má þó gera undantekningu frá þessum ákvæðum.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um tjón, er stafa af ráðstöfunum til að hindra útbreiðslu eldsvoða, sem þegar er kominn upp.

13. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyrr en haldin hefir verið réttarrannsókn út af brunanum, þó má félagið gera undantekningu frá þessu, ef tjónið nemur eigi meiru en 500 kr.

14. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús, sem skemmst hefir við bruna, eða endurbyggja á sama stað hús, er brunnið hefir, eða þar sem félagið, í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum og kauptúnum og hreppsnefndir í sveitum, ákveður, og er félaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið. Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu, samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar, þó svo, að 15—20% af brunabótaupphæðinni sé þá dregið frá, nema að almannahagur heimti, að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt.

15. gr.

Þegar eignir þær, er tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra, svo sem með þarf, til þess að borga krófuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til.

16. gr.

Tryggingariðgjaldið hvílir á eignum þeim, er tryggðar eru í félaginu, og gengur í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til ríkissjóðs.

Öll iðgjöld til félagsins, virðingargjöld og skírteinagjöld má heimta með lögtaki.

17. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum skal vera 15. október. Nú eru eignir vátryggðar á öðrum tíma, og skal þá ávallt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. okt. þess, er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema vátryggt sé til skemmri tíma. Öll iðgjöld greiðast fyrirfram fyrir vátryggingartímabilið.

18. gr.

Nánari ákvæði um verksvið félagsins, virðingar, iðgjöld, endurtryggingu, brunatjón og brunabætur, ábyrgð félagsmanna og annað fyrirkomulag á málum þess setur ríkisstjórnin með reglugerð.

Stjórn félagsins.

19. gr.

Félagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík og stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar.

20. gr.

Félaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, er skipaður er af ríkisstjórninni. Félagið greiðir laun framkvæmdarstjóra og annan starfrækslukostnað.

21. gr.

Félagið hefir umboðsmenn í hverjum kaupstað og kauptúni. Í sveitarfélögum utan kaupstaða og kauptúna, sem eru sérstakur hreppur, er hreppsnefndum skylt að annast málefni félagsins, hverri fyrir sinn hrepp.

Sérstök ákvæði.

22. gr.

Iðgjaldasjóði kaupstaða og kauptúna, sem félagið varðveitir samkv. 7. gr. laga nr. 54, 3. nóv. 1915, skal varið þannig, að fyrst séu greiddar af sameiginlegum eignum sjóðanna skuldir einstakra sjóða við Brunabótafélag Íslands og það, er hinir einstöku kaupstaðir og kauptún kunna að hafa greitt til að bæta brunatjón umfram iðgjöld, en afgangurinn sé látinn renna í tryggingarsjóð kaupstaða og kauptúna.

Brunabótasjóðir sveitabæja og annara húsa utan kauptúna samkv. 1. gr. laga nr. 35, 27. júní 1921, og hinn sameiginlegi brunabótasjóður samkv. 18. gr. sömu laga, skulu mynda tryggingarsjóði sveitabæja utan kaupstaða og kauptúna, að greiddum skuldum hinna einstöku sjóða.

23. gr.

Af tryggingarsjóði kaupstaða og kauptúna skal taka 10 þúsund krónur og leggja í sérstakan tryggingarsjóð fyrir lausafé, og er það stofnfé lausafjártryggingarsjóðs.

Niðurlagsákvæði.

24. gr.

Brjóti vátryggjandi móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð nánar tiltekur.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 10—500 kr., er renni í sjóð þann, sem brotið er við.

25. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. okt. 1931.

27. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafélags Íslands, og lög nr. 35, 27. júní 1921, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, svo og um lausafjártryggingar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samið af forstjóra Brunabótafélags Íslands og hefir hann látið fylgja því greinargerð þá, sem hér fer á eftir.

Greinargerð
með frumvarpi til laga um Brunabótafélag Íslands.

Breytingar þær, er í frv. þessu felast, snerta bæði form og efni hinna lögskipuðu brunatrygginga, eins og þeim er skipað nú. Skulu hér raktar nokkuð meginbreytingarnar og ástæður fyrir þeim.

Tryggingarskylda. — Útfærsla hennar.

Brunatryggingum (utan Reykjavíkur) er skipað með tvennum lögum; annarsvegar með lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafélags Íslands, hinsvegar með lögum nr. 35, 27. júní 1921, um vátrygging sveitabæja (utan kauptúna). Samkvæmt lögum Brunabótafélagsins er skylduvátrygging til félagsins á öllum húseignum í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri, nema húseignum ríkissjóðs. Lögin um vátrygging sveitabæja eru heimildarlög, og hafa aðeins 51 hreppur (af rúmum 200) notað sér heimildina. Með nefndum tvennum lögum er engin ráðstöfun gerð fyrir brunatryggingum í kauptúnum, sem hafa færri en 300 íbúa. Hafa þau verið »vanrækt« af löggjöfinni. Og í öllum þeim hreppum, sem hafa ekki notað sér heimild hinna síðarnefndu laga, er samskonar

vænræksla að því er framkvæmdir um almennar brunatryggingar áhrærir. Hinsvegar er það vitanlegt, að allmargar húseignir á þessum lóðum munu, mest vegna veðsetningar fyrir lánum, vera vátryggðar, og þá mestpart í erlendum vátryggingarfélögum, en sumar munu vera alls óvátryggðar. Hvorttveggja má teljast óviðunandi frá þjóðhagslegu sjónarmiði, bæði það, að vátryggja hjá erlendum félögum, sem taka miklum mun (10—75%) hærri iðgjöld en Brunabótafélag Íslands eða brunabótasjóðir sveitarfélaga, og beina þar með fé út úr landinu, þegar annars gæti verið kostur með aðstoð löggjafarinnar; og eins má hitt teljast óviðunandi, er brunar verða í sveitum og smærri kauptúnum, að verðmæti húsanna fellur óbætt.

Úr þessu væri bætt með frumvarpinu á þann hátt að leggja tryggingarskyldu samskonar á hús í kauptúnum með færri en 300 íbúa eins og nú hvílir að lögum á kauptúnum með fullum 300 íbúum og kaupstöðum, og með því að leggja tryggingarskyldu á þá hreppa, sem ekki hafa notað heimildina um stofnun brunabótasjóða fyrir hús utan kauptúna samskonar og nú hvílir á hinum hreppunum, sem hafa notað sér heimildina. Hvorugt getur talizt að nokkru leyti athugavert, hvorki út frá hugsun og tilgangi löggjafans (sbr. fyrrnefnd tvenn lög), eða frá sjónarmiði vátryggjenda. Með tilliti til alls þessa má það miklu fremur teljast gagnlegt og sjálfsagt. Fyrir vátryggjendur er það hið sama gagn og nauðsyn og fyrir þá vátryggjendur, er þegar hafa vátryggt. Þá getur það og eigi talizt meira harðræði eða ífræði frá ríkisvaldsins hálfu en það, sem þegar hefir verið gert, þar sem kaupstaðirnir og hin stærri kauptún hafa verið skylduð til að tryggja og þau tekin í ábyrgð, og það án þess (upphaflega) að nokkur tryggingarsjóður væri til (nema ábyrgð ríkissjóðs), og engin vissa fyrir að endurtrygging fengist. Sama ástæða er til að leggja skylduvátrygging á hús í smíðum á skylduvátryggingarsvæðinu sem önnur hús.

Sameining B. Í. og brunabótasjóða sveitarfélaga.

Sú höfuðformbreyting felst í tillögum frumvarpsins, að tekin eru saman í eina heild bæði hin umræddu lög Brunabótafélags Íslands og brunabótasjóða sveitarfélaganna. Fyrir skipting þeirra í tvenn lög, sem nú er, eru ekki gildar ástæður, svo framarlega sem fallizt er á að gera sveitabæjartryggingarnar að almennri tryggingarskyldu. Vitanlega nær sameining þeirra ekki til þess, að sömu iðgjöld verði ákveðin í sveitum, kauptúnum og kaupstöðum. Munur á iðgjöldum yrði eftir sem áður gerður með reglugerð fyrir iðgjaldaflokkun og ákvörðun iðgjalda, eftir því sem eðlilegar ástæður lægju til. Breytingin er í sjálfu sér ekki mikil, þar sem ætlazt er til, að tryggingarnar verði í þrennum aðgreindum deildum, sbr. 6. gr., en við sameininguna yrði framkvæmd öll miklum mun einfaldari og ljósari, en hin gagnkvæma ábyrgð félli alveg eðlilega.

Afnám sjálfsábyrgðar.

Húseigendur, er skylduvátrygging hvílir á, hafa nú sjálfsábyrgð á einum sjötta virðingarverðs eftir hvorumtveggja lögunum, og að því er snertir húseigendur, sem vátryggja hjá Brunabótafélagi Íslands, utan skyldutryggingarsvæðisins á $^1/_3$ hluta, og má þennan hluta hvergi vátryggja (sjá 2. og 10. gr. laganna um stofnun Brunabótafélags Íslands og 2. gr. laga um vátrygging sveitabæja). Upphaflega var

sjálfsábyrgðin fyrir sveitabæjartryggingum 1/8, en var lækkað 1921 niður í 1/6 hluta. Ákvæði þetta mun upphaflega hafa verið sett af tveim ástæðum: 1) til þess að takmarka ábyrgð tryggingarfélaganna og 2) til þess að halda húseigendum til gætni um meðferð elds, er brunahættа gæti stafað af. — Það er skiljanlegt, að nokkur sjálfsábyrgð væri ákveðin í upphafi til varúðar fyrir ábyrgðarfélögin á meðan engin reynsla var fengin, engir sjóðir til og óvíst um hvort endurtrygging fengist. En nú horfir öðruvísi við, er allt þetta er fengið. Sjóðir eru nú orðnir meiri en nemur ábyrgð ríkissjóðs — er upphaflega var eini tryggingarsjóðurinn — nál. 1.140.000 kr. fyrir hvoratveggja þessara trygginga. Þannig hefir reynslan orðið, og það þrátt fyrir það, þótt iðgjöld hinna lögskylduðu trygginga hafi verið stórum lægri en annara tryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, svo sem fyrr er sagt; en að vísu hafa engin veruleg stór-óhöpp komið fyrir, og það þrátt fyrir það, að framkvæmdir til brunavarna hafa verið mjög ófullkomnar. Má vænta, að eigi verði það fremur hér eftir en hingað til, er sett verður betra eftirlit með brunavörnum og brunavarnartæki fullkomnuð smátt og smátt.

En að því er endurtryggingunni viðvíkur, þá hefir Brunabótafélag Íslands þannig samninga nú, að endurtryggt er að helmingi allt brunabótaandvirði einstakra húsa upp að 20 þúsund króna vátryggingarverði, en allt andvirði þess, er fer fram úr 20 þús. króna vátryggingarverði. Þannig hefir Brunabótafélagið ekki hærri áhættu á nokkru einstöku húsi (eða húsaþyrpingu í sameiginlegri brunahættu) en 10 þús. krónur.

Heldur mun mega gera lítið úr þýðingu þeirri, er sjálfsábyrgðin gæti hugsanlega haft fyrir varfærni húseigenda um meðferð elds, er valdið gæti íkveikju. Tvennt gæti komið til greina, er haft gæti þýðingu í þessu tilliti: 1) Áhætta húseiganda vegna sjálfsábyrgðarinnar og 2) Freisting hans til að hagnast af brunanum. Um þessi atriði sameiginlega er það að segja, að það er oft að aðrir, eða fleiri, en húseigendur búa í húsunum, og þá kemur hvorug þessi ástæða til greina, enda verða fæstar íkveikjur í húsum af völdum húseigenda sjálfra, þótt þeir búi í þeim. Um gætni um meðferð elds munu aðrar ástæður valda mestu, og það er ótti manna við eldsvoða, »eldhræðsla« svokölluð, og svo hitt, hvort menn eru (húseigendur eða aðrir) gætnir og athugulir eða ógætnir og athugalitlir að eðlisfari. Og þótt húseigendur eigi ekki á hættu hluta af húsverðinu, þá eiga þeir (og íbúarnir) margt og mikið annað á hættu, en það er fyrst og fremst líf og limir, atvinnuspjöll og óþægindi, er húsbrunanum hlýtur alltaf að verða samfara. Loks mun oft vera í áhættu lausafé, bæði húseigenda og annara íbúa.

Freisting húseigenda til að hagnast af húsbruna, ef fulltryggð væru, gæti hvorki verið mikil eða almenn, þar sem ekki fæst tryggt fyrir hærri upphæð en matsverð — við það yrði að halda fast — og ennfremur með tilliti til áhættu þeirrar, er fyrr er nefnd. Auk þess er full útlausn brunabóta miðuð við það, að byggt sé upp aftur á sama stað, nema annað sé nauðsynlegt, ella er dregið 15—20% frá brunabótum. Sé um að ræða glæpsamlega tilhneigingu og framferði á annað borð, þá eru það öfl, sem eru þess eðlis, að hömlur sem þær, er hér er um að ræða, hafa enga þýðingu, enda engar bætur greiddar, ef uppvíst verður, að húseigandi eða hans nánustu eru á þann hátt valdir að bruna, nema fyrir kröfuskuld eiganda, ef húsið er veðsett (sbr. 15. gr.).

Hinsvegar er að líta á ávinninginn við það að fulltryggja og aðrar ástæður, er að því lúta.

Meginástæða fyrir því að vátryggja hús fyrir eldsvoða er sú, að húsin, þ. e. verðmæti þeirra, falli ekki óbætt, er eldsvoða ber að höndum, enda er það óumflýjanlegt til að gefa húsunum verðgildi, er lán þarf að fá út á þau. Á meðan ekki er tryggt fullt andvirði, er því ekki stigið nema spor í áttina til þess, sem ætlað er, og það verðmæti fellur þá óbætt, sém óvátryggt er, ef eldsvoða ber að höndum. Vitanlega hefir það og verið ætlun löggjafarinnar að stíga sporið fullt þegar fært þætti.

Það er og í mesta máta óviðfeldið af löggjafarvaldinu að skylda menn til að tryggja hjá einu vátryggingarfélagi, en banna mönnum jafnframt að tryggja fyrir fullt verð, en það gætu þó þeir, sem vildu, ef tryggingarnar væru frjálsar. Það er brot bæði á grundvallarástæðunum fyrir tryggingunum og á rétti borgaranna til að tryggja eignir sínar eftir föngum. — Hefir og þetta atriði valdið nokkurri óánægju hjá vátryggjendum, sem vonlegt er.

Loks er að geta þess, að samkv. lögum og reglugerðum Byggingar- og landnámssjóðs er lántakendum úr sjóðnum gert að skyldu að vátryggja fyrir fullt kostnaðarverð þau hús, sem lánað er til. Ef sjálfsábyrgðinni væri haldið, þá væri þeim gert ókleift að tryggja hjá Brunabótafélagi Íslands eða í brunabótasjóðum sveitarfélaganna, heldur væru þeir neyddir til að vátryggja utan þeirra. Kemur það hatramlega í bág við aðalhugsunina með stofnun hinna lögskipuðu trygginga.

Þátttaka sveitarfélaga í tryggingunni.

Samkvæmt lögum Brunabótafélags Íslands er þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem þau ná til, ætlað að taka þátt í áhættunni við tryggingunа að einum sjötta (1/6) hluta virðingarverðs hins tryggða, eða 1/6 hluta þeirrar upphæðar, sem Brunabótafélagið ekki endurtryggir, og fellur tilsvarandi hluti af iðgjöldunum í tryggingarsjóð hvers sveitarfélags. En samkvæmt lögunum um vátryggingu sveitabæja bera hin einstöku sveitarfélög 1/2 áhættunnar, en hinn helmingurinn er vátryggður í hinum sameinaða brunabótasjóði fyrir sveitahíbýli, og skiptast iðgjöldin á milli sjóðanna og hins sameiginlega sjóðs eftir því. Með þessari tilhögun er lögð of mikil áhætta á hin einstöku sveitarfélög (orðið sveitarfélög táknar hér bæði sveitir, kauptún og kaupstaði), enda hefir sú orðið raunin á, þegar miklir brunar hafa komið fyrir, þá hefir áhættan orðið meiri en hinir einstöku sveitarsjóðir hafa getað borið (sbr. Stokkseyri o. fl.).

Þessi tilhögun er gagnstæð frumhugsun allra trygginga, en hún er sú, að dreifa áhættunni sem mest, því eru endurtryggingar. Það er auðskilið, að ef mikill bruni kæmi fyrir í kauptúnum eða kaupstöðum, svo að brynnu heil hverfi, þá yrði sérhluti þeirra í brunatjóninu þeim langt um meiri. Sennilega hefir það vakað fyrir löggjafanum, að þetta ákvæði styddi að því, að sveitarfélögin kæmu á hjá sér sem beztum brunavörnum og hefðu betra eftirlit með því, að einstaklingarnir gættu sem bezt fyrirmæla brunamálalaganna. En reynslan staðfestir það ekki, að þetta hafi orðið. Við athugun á ástandi brunavarnanna og eftirliti með brunamálalögunum í kaupstöðum og kauptúnum, sem gerð var að tilhlutun

Brunabótafélagsins næstl. sumar, kom það í ljós, að eftirliti og framkvæmdum í þessu tilliti er mjög áfátt og vanrækt. Hið líklegasta til að ráða bót á því er yfireftirlit það, sem sett var á síðasta þingi.

Með tilliti til framanritaðra ástæðna er lagt til að afnema algerlega séráhættu hinna einstöku sveitarfélaga, en láta hvert styðja annað með því að gera áhættuna sameiginlega og dreifa henni þar með sem mest, og endurtryggja svo vitanlega líkt og þegar er gert. Ættu þá sérsjóðir sveitarfélaganna, að greiddum skuldum hinna einstöku, og því sem lagt hefir verið fram úr sveitar- eða bæjarsjóðum umfram iðgjöld, að falla til varasjóðs (tryggingarsjóðs) Brunabótafélagsins.

Um trygging á húseignum ríkissjóðs.

Í lögum Brunabótafélagsins (26. gr.) er gert ráð fyrir, að ríkið leggi í sérstakan tryggingarsjóð fyrir húseignir sínar. Þetta ákvæði hefir aldrei komizt til framkvæmda, enda virðist það vera bæði óeðlilegt og fyrir ríkissjóð ótryggilegt. Það virðist óeðlilegt, að ríkið komi sér hjá að hlíta sömu kjörum (sjálfsábyrgð) og það skyldar borgarana til að hlíta. Og það virðist óhyggilegt fyrir ríkissjóð, þar sem hjá honum er mestpart um að ræða stórar áhættur, og ef fyrir kæmi bruni, þá er ólíklegt, að sérsjóður ríkissjóðs væri megnugur að bæta tjónið. Má í því sambandi minna á Hvanneyrarbrunann. Hinsvegar væri hætta Brunabótafélagsins ekki mikil eftir núgildandi endurtryggingarsamningi, þar sem hámark hverrar áhættu er fyrir félagið 10 þús. krónur. Réttast virðist þá að afnema þetta ákvæði og láta húseignir ríkissjóðs (utan Reykjavíkur) sæta sömu fyrirmælum og önnur hús í skyldutryggingu. Húseignir ríkissjóðs munu til þessa hafa verið vátryggðar ýmist hjá Brunabótafélaginu eða hjá erlendum félögum, eða jafnvel ótryggðar sumar hverjar (en nú mun vera ráðin bót á þessu síðasttalda).

Lausafjártryggingar.

Það má segja, að fyrir lausafjártryggingum séu hinar sömu þjóðhagslegu ástæður sem fyrir hústryggingum, einkum þegar um stærri verðmæti er að ræða, sem og einnig hitt, að nauðsyn sé að stuðla að því að gera þær innlendar, að sem mestu leyti að hægt er, svo að hvorki hagnaðurinn af þeim né fjármagn það, sem dregst saman fyrir þær, renni út úr landinu. Jafnframt er og skylt að stuðla að því, að lausafjártryggingar megi verða vátryggjendum hæfilega kostnaðarsamar, en ef miðað er við samanburð á iðgjöldum fyrir húsatryggingar á milli hinna innlendu lögtrygginga og hins erlenda-danska-iðgjaldasambands (Tarifforening), þá er ekki ólíklegt að ætla, að tryggingariðgjöld sambandsins séu nokkuð dýrari en þörf er á. Þó er ekki ástæða til, að svo stöddu, að gera lausafjártryggingar að skyldutryggingu hjá hinum ríkisstofnuðu tryggingarfélögum, né heldur jafnríkar ástæður fyrir því sem um húsatryggingar. En vinna ber að því að gera þær sem almennastar og innlendar að mestu leyti af fyrrnefndum ástæðum. Hefir það og verið ætlun löggjafarinnar, þótt hægt og varlega hafi verið farið. Skal nú vikið nokkuð nánar að öllum ástæðum þessu áhrærandi.

Í gildandi lögum eru ýmsar takmarkanir settar um lausafjártryggingu, sumar ófrávíkjanlegar, sumar skilyrðisbundnar, og eru sumar þeirra eðlilegar, en

aðrar ekki. Hafa þessar takmarkanir valdið því, að lausafjártryggingar hafa lítt (Brunabótafél.) eða ekki (sveitabæjabrunabótasjóðir) komið til framkvæmda. Í lögum Brunabótafélagsins eru settar þessar skilyrðisbundnu takmarkanir:

1. Að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár megi ekki vera meiri en $^1/_3$ af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa (1. gr.).
2. Að engin ein lausafjártrygging megi nema meiru en 6000 kr. (1. gr.).
   Þessar takmarkanir falla niður, ef endurtrygging fæst (4. gr.).
   Aftur á móti er sett sem föst óhreyfanleg takmörkun:
3. Sjálfsábyrgð vátryggjanda:
   a. Í kaupstöðum og kauptúnum með fullum 300 íbúum og í Reykjavík að $^1/_6$ hluta (2. gr.).
   b. Utan skyldu-vátryggingarsvæðis Brunabótafélagsins og Reykjavíkur og ennfremur utan skyldutryggingar, er hreppur hefir stofnað að $^1/_3$ hluta (2. gr.).

Í lögum um tryggingu sveitabæja eru sett hliðstæð skilyrði um tryggingu lausafjár, en að auki það skilyrði, að lausafjártryggingar koma ekki til framkvæmda fyrr en endurtrygging er fengin erlendis. Nú er sú endurtrygging ófengin enn, og hefir þess vegna ekki lausafjártrygging komið til framkvæmda í brunabótasjóðum sveitarfélaganna. Eftir tillögum frv. um lausafjártryggingar er ætlazt til, að sömu reglur gildi um þær hvar sem er á landinu, og þarf því ekki að ræða sérstaklega um lausafjártryggingar eftir lögunum um vátryggingu sveitabæja, þar sem öllum lausafjártryggingum er ætlað að falla undir ein og sömu lagaákvæði.

Að því er snertir hinar skilyrðisbundnu takmarkanir í lögum Brunabótafélags Íslands (1. og 2.) má segja, að þau séu að nokkru eðlileg á meðan endurtrygging er ófengin, en þegar hún er fengin, falla þau niður. Aðeins getur það verið álitamál, hvort takmörkin eru hæfilega sett og hvort þau mættu ekki vera sveigjanleg. Eru tillögur frv. þar nokkur aðrar og mismunandi eftir ástæðum, sem fyrir hendi eru (sjá frv. sjálft). Fyrri takmörkunina má þó telja óþarfa vegna hinnar síðari, því svo lengi sem hennar gætir, þ. e. svo lengi sem endurtrygging fæst eigi og þar af leiðandi ekki verða teknar hærri einstakar áhættur en 6 þús. krónur (eftir frv. 6—12 þús. kr.), þá getur það ekki komið fyrir, að samanlagðar lausafjártryggingar fari fram úr $^1/_3$ húsatrygginga. En af því leiðir þá aftur, að hið fyrra atriði er meinlaust, jafnframt því sem það er gagnslaust.

Aftur á móti, ef endurtrygging fengist og Brunabótafélagið gæti tekið að að sér einstakar áhættur, er gætu numið jafnvel 100 þúsund krónum (vörur), þá gætu lausafjártryggingarnar stigið yfir fyrra takmarkið, og þá væri það komið til baga. Áhætta Brunabótafélagsins yxi ekki til verulegra muna fyrir það, vegna þess að endurtryggt væri það, sem einstakar vátryggingarupphæðir færu fram úr hinu setta hámarki.

Þar sem því fyrra takmarkið ($^1/_3$ af samanlagðri upphæð húsatrygginga) virðist þýðingarlaust á meðan endurtrygging fæst ekki, en getur orðið að baga, er endurtrygging er fengin, þá virðist eiga að afnema það.

Um þriðju takmörkunina, hina óskilyrðisbundnu (þ. e. sjálfsábyrgðina) er nokkru öðru máli að gegna, svo framarlega sem fallizt er á að vinna að því

að færa lausafjártryggingar inn í landið meira en nú er. Þar sem lausafjártryggingunum er ætlað að vera frjálsum og óbundnum (ekki skyldutrygging eins og á húsum), þá er það auðskilið, að menn leita ekki til Brunabótafélagsins með þær, ef það tryggir ekki fullt verðmæti eins og önnur félög. Öll ákvæði um lausafjártryggingar mega því heita óþörf, og öll viðleitni til að færa lausafjártryggingar á hendur Brunabótafélagsins tilgangslaus, á meðan ákvæðin um sjálfsábyrgð eru látin gilda. Fyrir félagið virðist ekki geta stafað af afnámi sjálfsábyrgðarinnar nokkur hætta, fram yfir það, sem hverju öðru félagi, sem tryggir fyrir fullt verðmæti, stendur af lausafjártryggingum, enda sjálfsagt að setja um lausafjártryggingar sem strangastar og ítarlegastar reglur að öðru leyti.

Um skiptingu félagsins í þrjá tryggingarsjóði.

Hin gagnkvæma ábyrgð, er lögin ákveða á milli vátryggjenda í félaginu, mun gera það nauðsynlegt að flokka vátryggingarnar eftir tegundum og eðli þeirra í þrjá tryggingarsjóði. Það væri naumast rétt að láta vátryggjendur í sveitum, þar sem tæpast getur verið um nokkra sambrunahættu að ræða, vera í gagnkvæmri ábyrgð með vátryggjendum í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem þar á móti getur verið að ræða um stóra sambrunahættu. Ekki heldur virðist vera rétt að gera lausafjártryggjendum gagnkvæma ábyrgð með hinum tveimur fyrrnefndu vátryggingarflokkum. Álitamál gæti enda verið, hvort hin gagnkvæma ábyrgð getur átt við um lausafjártryggingar. En þar sem enginn sérstakur varasjóður er myndaður fyrir lausafjártryggingar, en varasjóður Brunabótafélagsins er þó dálitlu leyti myndaður af iðgjöldum lausafjártrygginga, virðist réttmætt að taka einhverja litla upphæð af varasjóði þess og mynda þar með stofn til varasjóðs fyrir lausafjártryggingar. Álitamál getur verið, hvað sú upphæð ætti að vera há. Í frv. er stungið upp á 10 þúsund krónum. Þykir það sennilega áætlað eftir hlutfallinu á milli lausafjártrygginga og húsatrygginga að undanförnu. — Hin lögákveðna ábyrgð ríkissjóðs væri svo sem baktrygging fyrir alla tryggingaflokkana. Má vona, að héðan af þurfi ekki til hennar að taka, þar sem svo verulegir varasjóðir eru þegar myndaðir.

Lögin geta náð til Reykjavíkur.

Eftir lögunum er vátrygging húseigna í Reykjavík utan við verksvið Brunabótafélagsins. Eins og nú stendur er eðlilegt að svo sé, vegna þess, að iðgjöld fyrir húseignir í Reykjavík eru lægri, eftir þeim samningi, sem bærinn hefir nú, en varlegt væri fyrir Brunabótafélagið að taka. En ef ástæður kynnu að breytast þannig, að saman gætu farið hagsmunir vátryggjenda húseigna í Reykjavík og hagsmunir Brunabótafélags Íslands, þá virðist rétt, að lögin séu þannig útbúin, að þau standi því ekki í vegi, að samningar geti tekizt á milli Brunabótafélagsins og Reykjavíkurbæjar.

Auk framangreindra meginbreytinga felast í frv. nokkrar minni háttar breytingar, sem hér eru ekki gerðar að umtalsefni.

Um einstakar greinar frv. þykir ekki ástæða að fjölyrða. Þær eru sniðnar eftir lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafélags Íslands, og lögum nr. 35, 27. júní 1921, um vátrygging sveitabæja (utan kauptúna). Eru ákvæði frv. miklum mun einfaldari en ákvæði nefndra laga, m. a. af því, að sleppt er sjálfsábyrgðinni og hluttöku sveitar- og bæjarfélaga í áhættunni.

Ed. **115. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgr. 19. gr. laga nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þar, sem félag nær yfir tvær eða fleiri sýslur, má haga kosningum til félagsfunda eftir ákvæðunum um kosningar til fulltrúafunda í samvinnusamböndum, þannig, að hver sýsla félagsins kemur í stað félags í samvinnusambandi og kýs sameiginlega fulltrúa til félagsfunda, eftir því sem samþykktir nánar ákveða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram eftir ósk Sláturfélags Suðurlands, og hefir félagið gert grein fyrir þessari ósk sinni í bréfi því, sem hér fer á eftir og prentað er sem fylgiskjal. Forstjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga hefir tjáð sig málinu fylgjandi. Virðist eigi ástæða til frekari athugasemda.

Fylgiskjal.

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS.

Reykjavík, 12. nóvember 1929.

Síðan samvinnulögin gengu í gildi, hefir Sláturfélag Suðurlands leitazt við að samræma samþykktir sínar við þau, og mun það hafa tekizt að undanskildu því, er snertir fulltrúakosningar til aðalfundar.

Samvinnulögin (19. gr.) mæla svo fyrir: »Á fundum í félagi, sem er

óskipt heild, hafa atkvæði allir félagsmenn. En í félagi, sem skiptist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrétt«.

Er það sýnilega andi laganna að gera hverjum einstökum félagsmanni sem auðveldast að neyta atkvæðis síns í stjórn og framkvæmd félagsmálefna, en þó virðist svo, sem löggjafinn hafi ekki haft í huga, að félag gæti náð yfir nema takmarkað svæði, þannig að þó vegalengd yrði um of fyrir einstaka félagsmenn, yrði það ekki tilfinnanlegum erfiðleikum bundið fyrir nokkra fulltrúa að sækja félagsfundi, og væri það spursmál leyst með því að skipta félagi í deildir. En þar sem félag, eins og vort, er telur nærri 1900 félagsmenn, sem dreifðir eru um 5 sýslur — Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu —, verður almenn þátttaka í félagsfundum allerfið, enda þótt deildaskipting sé viðhöfð.

Eftir þeirri venju, sem nú mun algengust í félögum um landið, að einn fulltrúi mæti á félagsfundi fyrir ekki fleiri en 20 félagsmenn, yrði fulltrúatala félags vors nærri 100, og með stjórn og endurskoðendum yrði tala lögskipaðra fundarmanna nokkuð á annað hundrað. Verður eigi séð, hvað mæli með að heimta svo marga fulltrúa, sem flestir yrðu að sjálfsögðu bændur, er illa eiga heimangengt frá búum sínum um langan tíma, — enda all-kostnaðarsamur fundur fyrir ekki stærra fyrirtæki en félag vort er. En þó er hitt verra, hvað hætt er við, að félagsfundir yrðu illa sóttir vegna þess, hvað langur tími færi í ferðalög fulltrúanna auk fundartímans, sem því hættar væri að yrði ónauðsynlega langur, sem fulltrúar væru fleiri. Gæti þetta fyrirkomulag orðið til þess, að það, sem gerist á slíkum fundi, yrði félagsmönnum ókunnara en æskilegt væri.

Að vísu meina landslögin — eins og þau nú eru — oss eigi að hafa deildir stórar, t. d. að hver sýsla sé deild og kjósi hæfilega marga fulltrúa á félagsfundi, en þar er sami annmarkinn, deildarsvæðið væri í flestum tilfellum stærra en svo, að von væri um, að félagsmenn mættu þar almennt og neyttu atkvæðis síns.

Síðan félag vort var stofnað, hefir það skipzt í deildir eftir hreppum, og hefir hver deild kosið sér deildarstjóra, er séð hefir um fundahöld og framkvæmd félagsmálefna innan deildar sinnar, og jafnframt verið einskonar umboðsmaður félagsstjórnarinnar í deildinni. Hafa deildarstjórar innan hverrar sýslu síðan komið saman á fund árlega, þar sem félagsstjórn, endurskoðendur og yfirleitt allir félagsmenn, sem vildu, hafa mætt og haft málfrelsi og tillögurétt, en deildastjórar einir átt atkvæðisrétt.

Á fundum þessum hafa verið lagðir fram og skýrðir reikningar félagsins, og gefin skýrsla um allan rekstur félagsins og hag, og yfirleitt rædd öll félagsmál og gerðar tillögur til aðalfundar. Þar hafa og verið kosnir stjórnarfulltrúar fyrir hverja sýslu, er síðan hafa myndað aðalfund félagsins. En eftir gildandi lögum mun þannig skipaður aðalfundur vart vera lögmætur, enda þó oss hafi reynzt þetta fyrirkomulag vel.

Eftir ítarlega yfirvegun höfum vér komizt að þeirri niðurstöðu, að æskilegast væri fyrir félag vort að þurfa ekki að breyta um fyrra fyrirkomulag fundanna í aðalatriðum. Að sjálfsögðu viljum vér fjölga fulltrúatölu hverrar deildar eftir tölu félagsmanna í henni, t. d. að einn fulltrúi væri fyrir hverja 20 félags-

menn. En í stað þess, að þeir mættu allir á aðalfundi félagsins, kæmu þeir nú saman á fund innan hverrar sýslu og kysu þar hæfilega marga fulltrúa til aðalfundar, eftir félagsmannatölu í sýslunni, — en til þessa þyrftum vér að geta hagað kosningum í félagi voru á sama hátt og gert er í *samvinnusamböndum*.

Vér leyfum oss því að leggja hér með tillögu til breytingar á 19. gr. samvinnulaganna og jafnframt að beina þeirri ósk til hins háa ráðuneytis, að því mætti þóknast að leggja breytingartillögu þessa fyrir næsta Alþingi og fylgja henni fram til samþykktar.

Það skal að síðustu tekið fram, að vér höfum borið það undir forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga, hvort breyting þessi gæti orðið nokkrum öðrum samvinnufélögum til óþæginda, ef samþykkt yrði, og hefir hann fullyrt, að um það gæti ekki verið að ræða.

Virðingarfyllst

F. h. stjórnar Sláturfélags Suðurlands.

H. Bergs.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins,

Reykjavík.

Nd. **116. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán til útgerðar.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast rekstrarlán, sem Landsbanki Íslands veitir á yfirstandandi vetrarvertíð, sem nemi allt að einni milljón króna, einstökum útgerðarmönnum eða félögum, sem viðskipti hafa haft við Íslandsbanka, gegn tryggingum í væntanlegum afla. Hámark lánveitinga má ekki fara fram úr því, sem Landsbanki Íslands hefir lánað undanfarið út á afla, miðað við skippund.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt að ósk atvinnumálaráðherra. Er það samið í sam-

ráði við bankastjóra Landsbankans. Tilgangurinn er að draga úr þeirri röskun, sem lokun Íslandsbanka veldur hjá útgerðinni.

Verði Íslandsbanki opnaður að nýju, er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að viðskipti þessi flytjist aftur yfir til Íslandsbanka.

Ed. **117. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Flutningsm.: Jón Jónsson og Guðmundur Ólafsson.

1. gr.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Nú gerir maður þurrheyshlöðu, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, sem nemi 1 kr. á hvert metið dagsverk.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að hlaðan sé reist eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands og af þeirri stærð, sem samsvarar jörðinni, sem hlaðan er á reist.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930.

Greinargerð.

Jarðræktarlögin frá 1923 hafa, ekki síst eftir að þeim var breytt 1928, orðið til að auka stórkostlega jarðabætur í sveitunum, með því að heita mönnum ríflegum styrk fyrir þær.

Þar sem reynslan hefir orðið svo góð um árangur laganna að því er tekur til þeirra jarðabóta, sem styrks njóta eftir öðrum kafla þeirra, virðist mjög æskilegt að koma fleiri jarðabótaflokkum undir hann.

Með þessu frv. er lagt til að taka hlöður upp í jarðræktarlögin og hvetja menn þann veg til að koma þeim upp, því að á þeim er engu síður þörf í hinum þurrviðrasamari héruðum en á súrheystóftum.

Það er kunnugt, að víða á landinu er mjög lítið um hlöður, en geysileg vinna gengur árlega alla tíma árs í torfverk við tóftirnar, er dregur bæði frá jarðræktarstörfum og heyvinnu, auk þess sem torfristan veldur miklum jarðspjöllum.

Jafnframt því að menn eru hvattir til að koma upp hlöðunum, verður að tryggja það, að þær séu haganlega gerðar og ekki sé verið að hrófa þeim upp við hvern kofa, heldur stefnt að því að færa peningshúsin hæfilega saman.

Vitanlega hefir það nokkuð aukin gjöld í för með sér að styrkja fleiri

jarðabætur en þegar er gert, en þar eð breyting sú, sem fór fram á síðasta ári á því, hvernig jarðabætur eru lagðar í dagsverk, þótt fyllilega réttmæt væri, hefir allmikla gjaldahækkun í för með sér fyrir ríkissjóð, þá virðist ekki áhorfsmál að styrkja í þess stað fleiri jarðabætur, eins og hér er lagt til.

Nd. **118. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá dómsmálaráðherra.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

Aftan við B. 3. komi: Snæfellsnesbraut, frá vegamótum austan Straumfjarðarár, um Staðarsveit og Breiðuvík að Hellissandi.

Ed. **119. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis [Landskjör 1930].

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hefir borizt umsögn próf. Ólafs Lárussonar um frv. þetta. Leggur hann til, að frv. verði gert nokkru fyllra að því er snertir fyrirmæli um samningu kjörskránna, framleggingarfresti og fresti í sambandi við kærur út af kjörskránum. Fellst nefndin á tillögur prófessorsins og leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Síðari hluti greinarinnar »Skulu kjörskrár . . .« til enda greinarinnar falli niður.
   b. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

2. gr.

Kjörskrár og aukakjörskrár við kosningu þessa skulu samdar þannig, að í gildi komi 10. júní þ. á.

3. gr.

Við undirbúning kosningar þessarar breytast tímaákvarðanir og frestir kosningalaganna sem hér segir:

Kjörskrár skulu lagðar fram 1. apríl, en aukakjörskrár 10. maí.

Auglýsingarfrestur samkvæmt 12. gr. kosningalaganna skal vera ein vika.

Kærufrestur samkvæmt 13. gr. laganna skal vera 14 dagar, frá því að kjörskrá var lögð fram.

Úrskurðarfrestur á kærum samkvæmt 14. gr. skal vera ein vika frá lokum kærufrests. Frestur til fundarboðs samkvæmt sömu grein skal vera 3 dagar.

Um kærur við aukakjörskrár og úrskurði þeirra gilda venjulegir frestir.

2. Við 2. gr. Greinin verði 4. gr.

Alþingi, 14. febr. 1930.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari og frsm.

Jóh. Jóhannesson.

Ed. 120. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um sveitabanka.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. Við 4. gr. c. Liðurinn falli burt.
2. — 4. gr. e. Liðurinn falli burt.
3. — 4. gr. f. Liðurinn orðist svo:

Félagsmaður getur jafnan sagt sig úr félaginu með 6 mánaða fyrirvara fyrir næstu áramót, en ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins, ef nokkur er, eins og hún er eða verður um þau áramót, gildir þó aldrei lengur en til næstu áramóta á eftir. Innan sama tíma skal honum greidd innieign hans, ef hann á þá inni hjá félaginu.

Liðatalan breytist samkvæmt því.

4. Við 11. gr. Greinin falli burt.
5. Við 14. gr.

a. Aðaltillaga: Greinin falli burt.

b. Varatillaga: Greinin orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er félagsmanni sveitabanka heimilt að setja honum að sjálfsvörzluveði í allt að einu ári í senn einu nafni tiltekna flokka búpenings síns, framleiðslutækja og jarðarafurða.

Nd. **131. Frumvarp**

til laga um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Meðan flugvélar eru notaðar til síldarleitar, skal aukagjald lagt á hvert síldarmál og hverja tunnu saltaðrar síldar, og skal með aukagjöldum þessum stofnaður flugmálasjóður Íslands.

2. gr.

Tekjum sjóðsins skal fyrst og fremst varið til þess að standast kostnað af notkun flugvéla til síldarleitar og til þess að koma skipulagi á samvinnu milli flugvéla og síldarskipa, enda sé þá haldið uppi stöðugri síldarleit með þar til hæfri flugvél frá 15. júní til 15. sept. ár hvert, meðan sjóðurinn starfar. Að öðru leyti skal tekjum sjóðsins varið til flugferða á Íslandi innan þeirra takmarka, sem segir í 5. gr.

3. gr.

Hvert skip, er veiðir síld með herpinót, skal gjalda í sjóð þennan 10 aura af hverju máli bræðslusíldar og af hverri tunnu saltaðrar síldar eða annarar verkaðrar síldar. Eitt mál bræðslusíldar skal talið 135 kg. og skal jafngilda einni tunnu saltaðrar síldar.

4. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar fyrir með reglugerð um, hversu innheimta skuli gjöld þessi og um tilhögun á starfsemi sjóðsins.

5. gr.

Sjóður þessi tekur til starfa 1930, og má verja allt að $^9/_{10}$ af tekjum hvers árs í ofannefndu markmiði, en $^1/_{10}$ skal lagður í sjóð til eflingar flugferðum.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn sjóðsins og skal það ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **122. Frumvarp**

til laga um Menntaskólann í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Reykjavík skal vera menntaskóli með fjórum ársdeildum.

2. gr.

Takmark skólans er að efla sálar- og líkamsþroska nemenda, veita þeim almenna menntun og gera þá hæfa til að stunda nám við háskóla og aðrar æðri menntastofnanir.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

4. gr.

Skipta skal bekkjum Menntaskólans, svo mörgum sem þörf þykir, í tvær deildir, máladeild og stærðfræðideild.

5. gr.

Í Menntaskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, ensku, norðurlandamál, þýzku, frönsku, latínu, sagnfræði, trúarbrögð, félagsfræði, bókmenntafræði og listasögu, náttúrufræði, eðlis- og efnafræði, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og vinnubrögð.

Heimilt skal kennslumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum, ef skólameistari mælir með breytingunni.

6. gr.

Íslenzk tunga og íslenzk fræði skulu vera höfuðnámsgrein í skólanum. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

7. gr.

Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokaprófið er stúdentspróf. Öðrum prófum ræður skólameistari.

Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kennslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því. Heimilt skal vera að stytta próf milli bekkja. Ræður skólameistari, ef svo er gert, hvernig stytt skal í hvert sinn, en birtir það eigi fyrr en komið er fast að prófi.

Þá er og skólameistara heimilt að sleppa nemendum við árspróf, enda hafi þeir lofsamlega einkunn eftir veturinn.

8. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð, svo og nánar um inntökupróf, kröfur til flutnings milli bekkja og um stúdentspróf.

9. gr.

Ljúka má námi í einstökum námsgreinum við árspróf í öðrum og þriðja bekk skólans, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskírteinum.

10. gr.

Heimilt er nýsveinum og utanskólamönnum að taka árspróf í öllum bekkjum. Þeir, sem prófin standast, hafa leyfi til að setjast í skólann, eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum.

11. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, séu eigi yngri en 15 ára. Þó getur kennslumálaráðuneytið veitt sérlega þroskuðum nemendum undanþágu, ef þeir eru orðnir 14 ára. Aldurstakmark þeirra, er setjast í aðra bekki, skal svara til inntökualdurs; 2) Að þeir séu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi; 3) Að siðferði þeirra sé óspillt.

12. gr.

Til þess að verða tekinn í fyrsta bekk verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í íslenzku: Geta ritað venjulegt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenzkrar málfræði og höfuðdrætti í íslenzkum bókmenntum bæði á þjóðveldistímanum og síðan um 1800. 2) Í norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rétt venjulegt bókmál á dönsku eða sænsku og geta ritað villulítinn stíl almenns efnis á öðruhvoru því máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið létt mál og gert villulítinn stíl um auðvelt efni. 4) Í þýzku: Hafa numið undirstöðuatriði málsins, eftir nánari ákvæðum kennslumálastjórnar. 5) Í reikningi: Vera leikinn í að reikna brot og tugabrot, vaxtareikning, félagsreikning, einfaldasta jöfnureikning og almennustu þætti í flatarmáls- og rúmmálsfræði. 6) Í sögu: Hafa glöggt yfirlit um æfi frægra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslands og almennri veraldarsögu. 7) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og dýrafræði, og þekkja aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 8) Í landafræði: Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabréf.

13. gr.

Kennslustundir í hverjum bekk skulu vera 30—33 á viku. Á laugardögum skal kennsla eigi standa lengur en til hádegis.

14. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. Prófum skal að jafnaði lokið síðast í júní, en þó getur ráðherra, að fengnum tillögum skólameistara, ákveðið, að prófum í fyrsta og öðrum bekk skuli lokið síðast í maí.

15. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi: 1) Jólaleyfi frá Þorláksmessu til þrettánda, að báðum þeim dögum meðtöldum; 2) Öskudagur; 3) Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum; 4) Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu; 5) Sumardagurinn fyrsti; 6) Afmælisdagur konungs, 17. júní, 1. desember og setningardagur Alþingis; 7) Sumarleyfi frá því prófum er lokið og til 30. september. Öðrum leyfum ræður skólameistari, og skulu þau einkum notuð til íþróttaiðkana og náttúrufræðirannsókna.

16. gr.

Fastir kennarar skólans skulu eigi vera færri en 8 og eigi fleiri en 10, og er einn þeirra jafnframt skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kennslu allri, húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, ljóss og hita. Hafi skólameistarinn aðalumsjón með heimavist, fær hann þess vegna 2000 kr. í risnufé.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir af kennurum skólans, sem gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar. Skólameistari og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar samkvæmt launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Svo skal og leitað umsagnar skólameistara um skipun fastra kennara.

17. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26 stundir. Heimilt er kennslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukennslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir eða önnur sérstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

18. gr.

Til þess að geta orðið skipaður fastur kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kennslugreinum sínum, hafa kynnt sér allítarlega kennsluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar skólum og hafa sýnt með að minnsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem hafa með afburðum í kennslu sýnt, að þeir séu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

19. gr.

Skólameistari boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Kennarafundi skulu fastir kennarar og aukakennarar skólans sækja, og hafa þeir atkvæðisrétt. Ennfremur sækja þeir stundakennarar fundi, er þess óska, eða skólameistari kveður til sérstaklega, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt.

20. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn, og skal hann líta eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

21. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans.

22. gr.

Kennslugjöld skal greiða í skólasjóð. Ákveður stjórnarráðið hæð þeirra í samráði við fræðslumálastjóra og skólameistara. Aldrei skulu færri en fjórði hluti nemenda undanþegnir skólagjaldi.

Skólasjóði má verja til námsstyrks, til fræðandi ferðalaga nemendanna og að öðru leyti til hvers þess, er verða má til að bæta og prýða skólann og efla heilbrigt skólalíf. Nánari fyrirmæli um meðferð skólasjóðs verða ákveðin í reglugerð.

23. gr.

Svo fljótt sem ástæður ríkissjóðs leyfa skal koma upp heimavistum fyrir 40 til 50 nemendur skólans og búa þær nauðsynlegum húsgögnum á kostnað ríkissjóðs. Í heimavistahúsinu skal vera íbúð fyrir kennara til umsjónar og samkomusalur. Svo skal og heimilt að ætla húsrúm og nauðsynleg áhöld sameiginlegu mötuneyti heimavistanemenda. Utanbæjarnemendur ganga fyrir heimavistum, og skulu heimavistanemendur njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Skylt er kennurum að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

24. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, er kveður nánar á um einstök atriði, er hann varða, svo sem verksvið skólameistarans og kennarafunda, umsjón með skólahúsi, skyldur kennara til umsjónar með nemendum og annað, er þurfa þykir.

25. gr.

Meðan skólinn er haldinn í núverandi skólahúsi, tekur hann eigi á móti fleiri nemendum en svo, að í hverri ársdeild séu 2 bekkir, fullskipaðir við kennslu í sameiginlegum námsgreinum máladeildar og stærðfræðideildar. Nú verður nemendatala deildanna svo misjöfn, að eigi rúmast allir nemendur annarar deildarinnar í einum bekk við kennsluna í sérfræðum þeirrar deildar, og skal þá aukreitis halda uppi sérkennslu fyrir þá nemendur, er umfram verða.

Nd. **123. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég get ekki fallizt á, að rétt sé að samþykkja frv., og vísa í því efni til álits minni hl. fjárhagsnefndar á Alþingi 1929, sbr. Alþt. 1929, A-deild bls. 1179, þskj. 541.

Alþingi, 14. febr. 1930.

Hannes Jónsson,
fundaskr.

Ed. **124. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán til útgerðar.

(Afgreidd frá Ed. 14. febrúar).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast rekstrarlán, sem Landsbanki Íslands veitir á yfirstandandi vetrarvertíð, sem nemi allt að einni milljón króna, einstökum útgerðarmönnum eða félögum, sem viðskipti hafa haft við Íslandsbanka, gegn tryggingum í væntanlegum afla. Hámark lánveitinga má ekki fara fram úr því, sem Landsbanki Íslands hefir lánað undanfarið út á afla, miðað við skippund.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **125. Frumvarp**

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Emanuel Reinfried Heinrich Cortes, prentari í Reykjavík, fæddur í Sviþjóð.
2. Peter Jakob Andreassen Steffensen, verkam. í Reykjavík, fæddur í Noregi.

3. Frantz Adolph Håkansson, fyrv. veitingam. í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
4. Karl Oscar Hedlund, rennismiður í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.
5. Almar Viktor Normann, lýsismatsm. í Reykjavík, fæddur í Noregi.
6. Harald Elisar Svendsaas, vélstjóri í Neskaupstað, fæddur í Noregi.
7. Jóhann Severin Sjursen, sjóm. í Hafnarfirði, fæddur í Noregi.
8. Bror Westerlund, forstjóri í Hafnarfirði, fæddur í Svíþjóð.

Ed. **126. Nefndarálit**

um frv. til laga um Íslandsbanka.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. febr. 1930.

Ingvar Pálmason,	Jón Baldvinsson,	Jón Jónsson,
form.	fundaskr.	frsm.

Ed. **127. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis (stjfrv. 17).

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin er öll sammála um að fallast á þá breytingu, að við almennar óhlutbundnar kosningar til Alþingis skuli kjördagar vera tveir. Hinsvegar hefir ekki getað orðið samkomulag innan nefndarinnar um, hve víðtæk breyting sú skuli vera. Getur meiri hl. aðeins fallizt á, að breytingin taki til þeirra kaupstaða, sem eru sérstök kjördæmi, svo sem gert er ráð fyrir í athugasemdum frv., en minni hl. (JBald) vill, að breytingin nái til allra kaupstaða og kauptúna, sem eru sérstakt sveitarfélag. Mun því minni hl. nefndarinnar skila sérstöku áliti og breytingartillögum.

Ef hallast verður að því ráði, að kjördagar verði tveir, telur meiri hl. nauðsynlegar nokkrar fleiri breytingar á kosningalögunum en frv. gerir ráð fyrir. Eru þær að mestu afleiðing af aðalbreytingunni, að kjördagar skuli vera tveir. Meiri hl. allsherjarnefndar leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Á undan greininni komi ný gr., er verði 1. gr. og hljóði svo:
   Fjórða málsgrein 18. gr. laga nr. 28 frá 1915 skal vera á þessa leið:

Enginn má gefa kost á sér í fleirum en einu kjördæmi við kosningar, sem fram eiga að fara á sama kjördegi. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

b. 1. gr. verði 2. gr. og hljóði svo:

23. gr. laganna skal vera á þessa leið:

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal 1. laugardagur í júlímánuði vera kjördagur alstaðar, nema í kaupstöðum, sem eru sérstök kjördæmi, en þar skal fyrsti vetrardagur vera kjördagur.

Bæði er þetta á sér stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum lögskipuðu kjördögum, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim dögum.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verði 3. gr. og hljóði svo:

Upphaf 27. gr. laganna skal vera á þessa leið:

Á hádegi skal kjörfund setja annarsstaðar en í kaupstöðum, sem eru sérstök kjördæmi, en þar skal kjörfund setja kl. 10 árdegis.

Skulu þá mæta á kjörstað . . .

3. Við 2. gr. Greinin verði 4. gr.

Alþingi, 15. febr. 1930.

Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm. meiri hl.

Jóh. Jóhannesson.

Ed. 128. Nefndarálit

um frv. til laga um Íslandsbanka.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við getum á engan hátt talið rétt að samþykkja frv. þetta, sem að efni til hljóðar einungis um það, að taka bankann til skiptameðferðar, meðan ekki er útséð um árangur af tilraunum þeim til endurreisnar bankanum, sem bankaráðið hefir með höndum, og meðan ólokið er skoðun þeirri á bankanum, sem nú stendur yfir að tilhlutun fjármálaráðherra.

Alþingi, 17. febr. 1930.

Björn Kristjánsson. Jón Þorláksson, frsm.

Ed. **129. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis [Landskjör 1930].

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Kjördagur við kosning landskjörinna þingmanna árið 1930 skal vera í júnímánuði, þó ekki fyrir 10. dag mánaðarins.

2. gr.

Kjörskrár og aukakjörskrár við kosningu þessa skulu samdar þannig, að í gildi komi 10. júní þ. á.

3. gr.

Við undirbúning kosningar þessarar breytast tímaákvarðanir og frestir kosningalaganna sem hér segir:

Kjörskrár skulu lagðar fram 1. apríl, en aukakjörskrár 10. maí.

Auglýsingarfrestur samkvæmt 12. gr. kosningalaganna skal vera ein vika.

Kærufrestur samkvæmt 13. gr. laganna skal vera 14 dagar, frá því að kjörskrá var lögð fram.

Úrskurðarfrestur á kærum samkvæmt 14. gr. skal vera ein vika frá lokum kærufrests. Frestur til fundarboðs samkvæmt sömu grein skal vera 3 dagar.

Um kærur við aukakjörskrár og úrskurði þeirra gilda venjulegir frestir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **130. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um Menntaskóla á Akureyri.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem hér fara á eftir. Eru breytingar þessar að mestu gerðar til samræmis við frv. það um Menntaskólann í Reykjavík, sem Ed. hefir þegar samþykkt.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Aftan við gr. bætist: og gera þá hæfa til að stunda nám við háskóla og aðrar æðri menntastofnanir.
2. Við 4. gr.
   a. Á eftir orðinu »frönsku« komi: latínu.
   b. Í stað »trúarbragðafræði« komi: trúarbrögð.
3. Við 6. gr. Fyrir orðin »menntadeildar« á tveimur stöðum í greininni komi: Menntaskólans.
4. Við 8. gr. Í stað »deildarinnar« komi: skólans.
5. Við 10. gr.
   a. Í staðinn fyrir »og sænsku« komi: eða sænsku.
   b. Á eftir 3) komi nýr liður, sem verður 4), þannig:
      Í þýzku, hafa numið undirstöðuatriði málsins, eftir nánari ákvæðum kennslumálastjórnarinnar.
      Tala liðanna breytist samkvæmt þessu.
6. Við 16. gr. Greinin orðist þannig:
   Skólameistari boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Kennarafundi skulu fastir kennarar og aukakennarar skólans sækja, og hafa þeir atkvæðisrétt. Ennfremur sækja þeir stundakennarar fundi, er þess óska, eða skólameistari kveður til sérstaklega, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt.
7. Á eftir 17. gr. komi ný grein, er verði 18. grein, þannig:
   Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans.
8. Við 18. gr., sem verði 19. gr. Orðin »Um skólagjöld í gagnfræðadeild fer samkv. lögum um gagnfræðaskóla« falli niður á tveim stöðum í greininni.
9. 19. gr. verði 20. grein.
10. Við 20. gr., sem verði 21. grein. Greinin orðist þannig:
    Um gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri fer eftir lögum um gagnfræðaskóla.
11. Ný grein bætist inn í frumvarpið, er verði 22. gr., þannig:
    Ráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, er kveður nánar á um einstök atriði, er hann varða, svo sem verksvið skólameistara og kennarafunda, umsjón með skólahúsi, skyldur kennara til umsjónar með nemendum skólans, skólaleyfi og annað, er þurfa þykir.
12. 21. gr. verði 23. grein.

Alþingi, 14 febrúar 1930.

Páll Hermannsson, form.	Erlingur Friðjónsson, skrifari og frsm.	Jón Þorláksson.

Ed. **131. Frumvarp**

til laga um bæjarstjóra á Siglufirði.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar lætur fram fara leynilega atkvæðagreiðslu kjósenda um, hvort bæjarstjóri skuli kosinn í stað bæjarfógeta.

Nú fæst ekki meiri hluti greiddra atkvæða fyrir því, að bæjarstjóri sé kosinn, og er þá leyfilegt að láta fram fara atkvæðagreiðslu á ný eftir að ár er liðið.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar auk bæjarstjóra.

Bæjarstjórnin kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans og skrifstofufé, er hvorttveggja greiðist úr bæjarsjóði.

Að öðru leyti fer um störf og kjörtímabil bæjarstjóra samkvæmt lögum nr. 59, 14. júní 1929, um breytingar á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

3. gr.

Meðan bæjarstjóri er ekki kosinn getur bæjarstjórn, með samningi við bæjarfógeta á staðnum, falið honum að annast störf bæjarstjóra fyrir þau laun, er málspartar verða ásáttir um, og hefir þá bæjarfógeti sömu skyldur og réttindi gagnvart bæjarstjórn sem bæjarstjóri.

4. gr.

Lög þessi koma þegar til framkvæmda, og falla þá jafnframt úr gildi ákvæði laga nr. 58, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, þau er hér segir:

a. Orðin í 1. gr. »og málefnum kaupstaðarins«.

b. 2. gr. nefndra laga.

c. Fyrsta málsgrein 3. greinar.

Svo og öll önnur ákvæði í lögum, er koma í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Þetta frumvarp er flutt að tilhlutun bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar. Þann 12. þ. m. barst flutningsmanni frumv. eftirfarandi símskeyti, sem sýnir bezt óskir bæjarstjórnarinnar í þessu máli:

»Í fyrradag var samþykkt svohljóðandi tillaga af bæjarstjórn Siglufjarðar: Komi fram breyting á lögum nr. 30 1918 eða 58 1919 í þá átt, að

Siglufjarðarkaupstað sé heimilt að taka sérstakan bæjarstjóra þegar hann vill og hafi rétt til að semja við bæjarfógetann áfram, þá skorar bæjarstjórnin á Alþingi að samþykkja breytinguna og þingmenn kjördæmisins að fylgja henni vel fram.

Bæjarfógetinn«.

Siglufjarðarkaupstaður hefir hraðvaxið á síðustu árum. Hefir hann nú orðið mikið fleiri íbúa en t. d. Seyðisfjörður, sem fékk rétt til þess fyrir 10 árum síðan að kjósa bæjarstjóra. Stjórn bæjarmálanna er orðin margbrotin og erfið. Lögum samkvæmt hvílir hún á herðum bæjarfógeta kaupstaðarins, sem hefir á hendi öll hin sömu störf í sínu umdæmi sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, svo sem dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á öllum tekjum ríkissjóðs og önnur störf fyrir hið opinbera, sem undir hans embætti heyra. Nú er það kunnugt, að lögreglustjórn mun óvíða vera jafnerfið í kaupstöðum landsins sem á Siglufirði, og stafar það af hinu mikla aðstreymi fólks til kaupstaðarins á vertíðinni. Innheimta á tekjum ríkissjóðs er og engu minni á Siglufirði en í stærstu kaupstöðum landsins, svo full ástæða virðist til þess að létta stjórn bæjarmála Siglufjarðar af fógetanum þar, sem hlaðinn er störfum fyrir ríkið.

Ráð er þó gert fyrir því í þessu frumvarpi, að bæjarfógetanum á Siglufirði verði falin stjórn bæjarmálanna áfram, ef samningar nást um það og bæjarstjórnin telur það hagkvæmara fyrir bæinn en að ráða strax sérstakan bæjarstjóra.

Nd. **132. Frumvarp**

til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson, Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Tilgangur Fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja bátaútveg landsmanna með hagkvæmum lánum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er:

I. Eignir hins gamla Fiskiveiðasjóðs, í peningum og skuldabréfum, eins og þær verða, er lög þessi öðlast gildi.

II. Tillag úr ríkissjóði, 1 milljón króna. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1941.

III. 500000 kr., sem ríkissjóður með lántöku eða á annan hátt leggur sjóðnum til fyrst um sinn, er lög þessi öðlast gildi, og greiðast ríkissjóði árlega 4% vextir af því fé.

IV. Hundraðsgjald af útfluttum fiskiafurðum samkvæmt því, sem ákveðið verður í sérstökum lögum, þar til höfuðstóll sjóðsins nemur 8 milljónum króna.

3. gr.

Fiskveiðasjóður skiptist í 2 deildir með aðgreindum fjárhag: *Skipakaupadeild og rekstrarlánadeild.*

Undir skipakaupadeild fellur fé það, sem talið er í I. og II. lið 2. greinar, en fé eftir III. og IV. fellur undir rekstrarlánadeild, þar til höfuðstóll rekstrarlánadeildar nemur 4 milljónum kr. Úr því skiptist fé samkvæmt IV. lið jafnt milli rekstrarlánadeildar og skipakaupadeildar.

4. gr.

Fé skipakaupadeildar má eingöngu lána til:

a. Skipakaupa, allt að 35 rúmlesta. Þó má veita lán til kaupa á stærri skipum, allt að 50 rúmlesta, ef fé er fyrir hendi.
b. Stofnsetningar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar, svo sem til hagnýtingar fiskiúrgangi, íshúsa og kælihúsa.

5. gr.

Lán til kaupa á nýjum skipum má veita til 12 ára, en þeim mun skemur, sem nemur fyrningu, til kaupa á eldri skipum.

Skipakaupalán mega nema allt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 20000 kr. til eins lánþega. Veita má þó samvinnufélögum fiskimanna lán til skipakaupa allt að 20000 kr. á skip.

Lán til iðjufyrirtækja má veita til 15 ára, og mega þau nema $^1/_3$ stofnkostnaðar fyrirtækjanna. Þó skal lán í einn stað eigi fara fram úr 35000 kr. Vextir lána samkvæmt grein þessari skulu ekki að jafnaði fara fram úr $5^1/_2$% og greiðast þeir fyrirfram. Hver lántakandi skipakaupadeildar greiðir 1% af lánsupphæð í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið.

6. gr.

Lán úr skipakaupadeild má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn fasteignarveði, allt að $^3/_5$ af virðingarverði þess, ef ekki hvíla neinar skuldbindingar á veðinu á undan veðrétti sjóðsins.
b. Gegn fyrsta veðrétti í skipum, er eigi sigla til útlanda, og sú skuldbinding hvílir á, að allir hásetar og aðrir skipsmenn skuli einungis ráðnir gegn hlut í afla. Mega lánin nema allt að $^3/_5$ virðingarverðs þeirra, enda gangi þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum öðrum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.

7. gr.

Lögskráningarstjórar skulu, áður en þeir lögskrá menn á skip, heimta skilríki fyrir því, hvort skuldbinding samkvæmt b-lið 6. greinar hvílir á skipinu, og gæta þess, ef svo er, að skuldbindingunni sé framfylgt.

8. gr.

Lán úr rekstrarlánadeild veitast til útgerðar og rekstrar fiskibáta, allt að 35 rúmlesta, og til fiskimanna, er verka hlut sinn sjálfir og selja. Má veita lán þessi gegn sjálfsvörzluveði í fiskifeng, sem á land er kominn og sem er hæfilega vátryggður, svo og gegn öðru veði, sem stjórn sjóðsins telur tryggt.

Stjórn sjóðsins getur veitt bankaútibúum og tryggum sparisjóðum lán úr rekstrarlánadeild, með þeim skilmálum, að lánunum sé eingöngu varið í þessu skyni, samkvæmt nánari ákvæðum, er ráðherra setur í reglugerð.

Nú er fiskibátur gerður út af samlagsfélagi þeirra, er stunda fiskiveiðar á bátnum, og skulu þeir þá sitja fyrir öðrum um lán úr rekstrarlánadeild. Lán úr deild þessari skulu aldrei veitt eða framlengd lengur en svo, að hverju láni sé lokið á ársfresti, og skulu vextir vera a. m. k. ½% lægri en venjulegir víxilvextir.

9. gr.

Eignir þær, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Fiskveiðasjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

10. gr.

Fiskifélag Íslands og starfsmenn þess skulu láta í té umsögn sína og upplýsingar viðvíkjandi hverri lánsbeiðni, er stjórn Fiskveiðasjóðs óskar.

11. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðstjórninni eigendaskiptin þegar í stað.

Um sjálfsvörzluveð í fiskifeng fyrir láni úr Fiskveiðasjóði skal nánar tiltekið í reglugerð.

12. gr.

Verð húsa á fasteignum, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal því aðeins teljast til virðingaverðs fasteignarinnar, að húsin séu vátryggð í vátryggingarstofnun, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að Fiskveiðasjóður annist vátryggingar þeirra eigna, sem veðsettar eru fyrir láni úr sjóðnum, og innheimti iðgjöldin á gjalddögum lánsins, ef stjórn sjóðsins ákveður svo.

13. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það eigi er svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

14. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það Fiskveiðasjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóðurinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóðurinn ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóðurinn getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

15. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóðnum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

16. gr.

Fiskveiðasjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, er veita sjóðnum handveðsrétt, eru undanþegnar stimpilgjaldi.

17. gr.

Í stjórn Fiskveiðasjóðs eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn framkvæmdarstjóri og tveir gæzlustjórar. Gæzlustjórar skulu skipaðir til 6 ára og ganga úr þriðja hvert ár til skiptis, í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Skal a. m. k. annar gæzlustjórinn hafa sérþekkingu á sjávarútvegi.

Framkvæmdarstjóri hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, er hækka um 500 kr. 3. hvert ár upp í 5000 kr. Gæzlustjórar fá 800 kr. ársþóknun hvor. Dýrtíðaruppbót fá framkvæmdarstjóri og gæzlustjórar eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins almennt.

Ráðherra getur vikið stjórnendum sjóðsins frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri hann þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

18. gr.

Fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins með samþykki ráðherra gerir aðra ákvörðun, hefir Landsbanki Íslands á hendi alla afgreiðslu Fiskveiðasjóðs, þar á meðal bókfærslu hans, og leggur honum til trygga skjalavörzlu.

Lætur bankinn útibú sín annast útlánsstarfsemina í hinum fírnari landshlutum, samkvæmt því, sem stjórn sjóðsins mælir fyrir. Skal útlánsfénu skipt sem jafnast, eftir bátaútgerð í hverjum hluta landsins.

Fyrir störf þessi fær Landsbankinn þóknun, er um semur milli stjórna bankans og sjóðsins. Verði ágreiningur, úrskurðar ráðherra upphæðina.

19. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins, er birta skal í B-deild Stjórnartíðindanna. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn og skal síðan birta hann í B-deild Stjórnartíðindanna.

20. gr.

Deildir sjóðsins taka hver um sig þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn og starfrækslu sjóðsins. Skipting kostnaðar ákveður sjóðstjórnin, með samþykki ráðherra.

21. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögunum.

22. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1931, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 52, 10. nóv. 1905, um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, og lög nr. 29, 16. nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrirmæli í lögum, skipulagsskrá og reglugerð, er fara í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Mál þetta hefir verið rætt á tveim undanförnum þingum, og gerist því eigi þörf að færa rök að nauðsyn lánsstofnunar fyrir bátaútveg landsmanna. Rétt þykir þó að benda á, að það horfir til meira sjálfstæðis innan sjómannastéttarinnar sjálfrar, að stutt sé að því, að sem flestir þeir, er stunda fiski á smáskipum, fái betri aðstöðu til þess að eignast sjálfir í félagi þau skip, er þeir stunda á atvinnu sína. Því fleiri fiskimenn, sem geta staðið á eigin fótum í atvinnugrein sinni og sótt til fiskjar á eigin skipum, þess meir vex allri stéttinni þrek og á-

ræði, og eftir því sem fleiri og fleiri fiskimenn eignast sjálfir skip sín, þess síður er hætt við, að kaupdeilur valdi erfiðleikum í þjóðlífinu, eða fái jafnvel stöðvað útveginn að meira eða minna leyti um tíma.

Þar sem svo mikill hluti þjóðarinnar býr nú í kauptúnum og sjávarþorpum, er að mestu leyti styðjast við útgerð og sjávargagn af smáskipum, þá skiptir eigi litlu, að sú atvinna sé tryggð svo sem bezt má. En meðan sá háttur er á smáskipaútgerðinni, sem algengastur er um land allt, að einn eða nokkrir örfáir menn geri út alla þá báta, er ganga úr þorpinu, þá verður vart sagt, að atvinna almennings sé þar vel tryggð. Ef allur aðalatvinnurekstur þorps eða kauptúns hvílir á herðum eins eða örfárra manna, er sýnt, að eigi þarf annað en aðalatvinnurekandinn verði fyrir óhappi eða falli skyndilega frá, til þess að mikill hluti þorpsbúa verði, a. m. k. um stundarsakir, sviptur atvinnu sinni. Sú hefir raunin á orðið margsinnis í kauptúnum og sjávarþorpum landsins, og þarf eigi að eyða orðum að því, hve þetta skapar fjölda manna mikla óvissu um framtíðarafkomu sína. Þá er enn sýnt, hve þetta öryggisleysi um afkomu mikils hluta þorpsbúanna hefir rýrt verðhæfi allra fasteigna í kauptúnum og sjávarþorpum landsins. Hver lánsstofnun verður að taka tillit til þess, að þar sem svo á stendur, er ekki unnt að miða veðgildi lóða né húseigna eingöngu við sannvirði eða söluverð á þeim tíma, er veita á lán út á eignina, heldur verður lánsstofnunin viðast hvar að gera sér grein fyrir, hve mikið verðfall sé hugsanlegt á öllum fasteignum kauptúnsins, jafnskjótt sem atvinnurekstur eins eða örfárra stærstu atvinnurekenda þess hallast verulega. Þannig eru dæmi þess, að lóðir hafa fallið nálega niður í verðgildi þeirra til ræktunar, og húseignir jafnvel í niðurrifsverð, fyrir það eitt, að aðalatvinnurekandi þorpsins hefir, vegna óhappa eða forsjárleysis, eigi getað rekið atvinnuna áfram.

Á þetta verður að líta, þegar rætt er um lánsstofnun fyrir smáskipaútveg landsmanna, að með því að veita sem flestum fiskimönnum aðstöðu til þess að reka atvinnu sína upp á eigin spýtur, þá verða óhöpp eins atvinnurekanda eigi jafntilfinnanleg fyrir atvinnu alls fjöldans og þá er þess frekar kostur fyrir efnalitla dugnaðarmenn að hlaupa í skörðin og halda atvinnu almennings við, þótt einn atvinnurekandi heltist úr lestinni eða falli frá.

Við það hlýtur atvinnuöryggi almennings að vaxa og jafnframt verður veðgildi allra fasteigna á hverjum stað tryggara og öruggara. En á því byggjast fyrst og fremst möguleikarnir til heilbrigðra framfara, að eignir manna geti talizt svo öruggar, að þær hafi fullt veðgildi, er nota megi til aukins atvinnurekstrar.

Með þetta fyrir augum þykir sjálfsagt að styðja smáskipaútveginn með lánsstofnun honum til styrktar.

En til þess að sérstök lánsstofnun fái komið þessum atvinnuvegi að varanlegum notum, verður einkum að líta á þessi þrjú meginatriði málsins:

1. Að stofnunin fái ódýrt fé til umráða.
2. Að svo sé um búið frá byrjun, að stofnun þessi láni einungis gegn nokkurnveginn öruggum tryggingum, svo vænta megi, að henni haldist á fé sínu og eigi séu fyrirfram vitað stórtöp, og
3. Að eigi sé skertur réttur eða atvinnuöryggi fiskimannanna sjálfra, frá því sem nú er eða tíðkast í alþjóðalöggjöf.

Öll þessi þrjú meginatriði eru erfið úrlausnar, eigi sízt, þegar litið er á hagi þjóðarinnar yfirleitt.

Skal nú vikið að hverju þessara atriða fyrir sig.

I.

Til þess að fá ódýrt fé til umráða í þessu skyni, hefir að undanförnu verið bent á tvær leiðir. Hin fyrri er sú, að ríkissjóður leggi fram, a. m. k. um sinn, nokkra fjárhæð árlega, til viðbótar eignum Fiskveiðasjóðsins, stofnuninni til styrktar. Og þótt ríkissjóðurinn virðist eigi að jafnaði aflögufær, verður að telja það óhjákvæmilegt að fara þessa leið. Hér er því lagt til, að ríkissjóður leggi stofnuninni til $1^1/_2$ milljón kr. sem stofnfé. Er ætlazt til, að $^2/_3$ hlutar þess fjár verði beint framlag, er stofnunin fái vaxtalaust, en $^1/_3$ hluti þess, eða $^1/_2$ milljón, sé fenginn stofnuninni til umráða gegn 4% vöxtum.

Hinsvegar er um framlag einnar milljónar sett það ákvæði, að það verði samningsatriði milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar lánsstofnunarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en henni skuli þó að fullu verða lokið 1. júní 1941. Er þetta ákvæði í fullu samræmi við 2. lið 2. greinar laga nr. 17, 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, er hefir að geyma samskonar ákvæði um $^1/_4$ milljónar króna framlag ríkissjóðs til Ræktunarsjóðsins. Er enn hin sama ástæða sem þá til að miða árlegt framlag ríkissjóðs við afkomu hans og getu hvert ár. En auk þess virðist heppilegt, ef unnt væri að miða árlegt framlag ríkissjóðsins að nokkru við eftirspurnir eftir lánum á hverjum tíma, er jafnan hljóta að vera nokkuð mismunandi frá ári til árs, eftir horfum um útgerð og afurðasölu.

Hin önnur leið, sem bent hefir verið á til lánsfjáröflunar handa stofnun þessari, er, að stofnunin gefi út vaxtabréf. Sú leið mundi vera fær, ef hún væri ekki þegar oftroðin. Veðdeild Landsbankans hefir nú úti átta flokka af vaxtabréfum. Ræktunarsjóðurinn gefur út vaxtabréf. Landbúnaðarbankinn gefur auk þess út vaxtabréf fyrir bústofnslánadeild og sérstaka veðdeild. Og þar sem sala þessara vaxtabréfa verður að allmiklu leyti að miðast við kaupgetu einstaklinga innanlands og kaupgetu ríkissjóðs, með sérstakri lántöku í hvert sinn, þá virðist hér þegar nægilega oft soðin súpan af sama kjötbitanum. Auk þess mun verða að teljast viðurhlutamikið að setja hömlur á sölu vaxtabréfa, sem gefin eru út með ábyrgð bæjar- eða sýslufélaga, og þar sem þegar er farið að gefa út þesskonar bréf með hærri vöxtum en áður hefir tíðkazt, þá er a. m. k. fullkomin tvísýna á, að útgáfa nýrra vaxtabréfa verði svo haldgóð úrræði til lánsfjáröflunar í þessu skyni sem til er ætlazt. Sölu vaxtabréfa, slíkra sem þessara, mun vart að treysta erlendis, einkum þar sem reynsla samskonar lánsstofnana erlendra hefir orðið misjöfn, t. d. fiskveiðabankans norska.

Ný vaxtabréfaútgáfa, fram yfir þá, sem þegar er gert ráð fyrir í lögum, mundi draga úr kaupum vaxtabréfa veðdeildanna og Landbúnaðarbankans. Og ef útgáfa nýrra bréfa á ekki að verða til verulegrar skerðingar á innlögum í bönkum og sparisjóðum, sem eru þó hinar mikilsverðustu lánsstofnanir fyrir atvinnurekstur landsmanna, þá virðist vaxtabréfaleiðin vart geta leitt til annars en að ríkissjóðurinn verði að miklu leyti að sjá þessari nýju lánsstofnun fyrir nauð-

synlegu fé með nýjum lántökum. Er þá hæpið, að náð verði nauðsynlegu takmarki um ódýrt lánsfé, þar sem ennfremur verður að gera ráð fyrir nokkru tapi í lánsstofnun sem þessari.

Við undirbúning frumvarps þessa hefir því verið reynt að finna leið til að afla aukins höfuðstóls, fremur en lánsfjár. Mætti þá fremur síðar, þá er höfuðstóll sjóðsins hefir aukizt að verulegum mun, grípa, ef fært þætti, til útgáfu vaxtabréfa samkv. sérstökum lögum, með því að þá mundi fremur mega vænta nokkurrar bréfasölu erlendis, er stofnunin hefði eignazt nokkurra milljóna höfuðstól og unnið sér álit.

Til aukningar höfuðstóls hefir eigi þótt hjá því verða komizt að leggja ¼ % útflutningsgjald á sjávarafurðir til stuðnings og tryggingar þessari grein útgerðarinnar, smáskipaútveginum. Er þar farin samskonar leið og farin var á Alþingi 1925, með lögum nr. 17, 13. júní 1925, og lögum nr. 11, 29. maí s. á., um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald, til aukningar á höfuðstóli Ræktunarsjóðsins. Segja má að vísu, að enn sé hér vegið í sama knérunn að hækka gjöld á sjávarútveginum. En þetta horfir allmikið öðruvísi við, þegar verja á hinum auknu gjöldum beint til styrktar og atvinnuöryggis sjávarútvegsins sjálfs.

Gjald þetta getur og eigi talizt tilfinnanlega hátt, þótt það komi til viðbótar lögmæltum útflutningsgjöldum. ¼ % útflutningsgjald mun að jafnaði nema 25—30 aurum af skippundi fiskjar. Og þar sem lánsstofnuninni er ætlað að styðja að því jafnframt að auka verðgildi fiskiafurðanna með lánum til iðjufyrirtækja, til betri hagnýtingar þeirra, og til íshúsa og kælihúsa, þá má því fremur vænta þess, að gjald þetta verði eigi sjávarútveginum í heild sinni mjög tilfinnanlegt.

Gera verður ráð fyrir, að útfluttar sjávarafurðir nemi framvegis til jafnaðar eigi minni upphæð en 40 milljónum á ári, og mundi þá ¼ % útflutningsgjald nema 100 þús. kr. árlega til jafnaðar. Vex höfuðstóllinn þá að vísu eigi mjög ört, en öruggt. Og þegar litið er á, hve mjög ör vöxtur í einni atvinnugrein getur truflað eðlilegan þroska þjóðlífsins og m. a. valdið öðrum aðalatvinnuvegi landsmanna, landbúnaðinum, allverulegum erfiðleikum, þá verður og að telja þetta affarasælast.

Með þessu eina móti, að auka höfuðstólinn, en afla eigi viðskiptafjárins að mestu með vaxtabréfaútgáfu eða lántökum, virðist líklegt, að sjóðurinn geti þegar frá líður lánað út nægilegt fé til smáskipakaupa og útgerðar þeirra, með jafnlágum vöxtum og frumvarp þetta gerir ráð fyrir og gegn eigi öruggari tryggingum en fært þykir að heimta fyrir slíkum lánum.

II.

Hversu mikils fjár sem hægt væri að afla sjóðnum í upphafi, þá fær það þó eigi að notum komið til lengdar, ef eigi eru heimtaðar nokkurnveginn öruggar tryggingar fyrir lánunum. Verður því síður gengið framhjá þessu atriði, þar sem »sporin hræða«, eigi aðeins með vorri þjóð, heldur og hjá ýmsum samskonar lánsstofnunum annara þjóða, t. d. fiskveiðabanka Noregs, sbr. nefndarálit þeirra

Georgs bankastjóra Ólafssonar, Kristjáns fiskifélagsforseta Bergssonar og Vigfúsar skrifstofustjóra Einarssonar, dags. 31. jan. 1928.

En með því að þorri hinna smærri útvegsmanna hefir að jafnaði eigi miklar tryggingar fram að bjóða, nema þá, sem felst í atorku og dugnaði þeirra sjálfra, er hér reynt að teygja sig svo langt sem verða má í þessu atriði. Þar sem svo stendur á, að lánbeiðandi hefir eigi að bjóða gild veð fyrir láni sínu, þótt tiltækilegt gæti verið að veita honum eigi að síður lán, vegna persónulegs dugnaðar og hagsýni, þá liggur það í hlutarins eðli, að stjórn sjóðsins, er hefir aðsetur í Reykjavík, hefir ekki aðstöðu til þess að meta þetta mikilvæga atriði meðal viðskiptamanna úti um land. Og verður því að leggja það mat á herðar kunnugum trúnaðarmönnum. Þessu má haga á ýmsa vegu. T. d. með því að veita lánin rekstrarlánafélögum með samvinnusniði og solidariskri ábyrgð. Þar ættu menn að þekkja betur hver annan og hin sameiginlega ábyrgð að gera menn varkárari. En þar sem sú verður einatt reynslan, að þeir menn óttast sízt ábyrgðir, sem sjálfir eru á tæpu vaði efnalega, og þegar meiri hluti félagsmanna stendur nokkurnveginn jafntæpt, þá knýja margvísleg félagsbönd og persónuleg sambönd hina til, að ábyrgjast jafnvel meira en þeir eru menn til, þá þykir viðurhlutamikið og jafnvel varhugavert að *binda* rekstrarlánastarfsemi sjóðsins að mestu við slík félög, meðan samvinnuhugsjónin hefir eigi náð meiri þroska í kauptúnum landsins og sjávarþorpum.

Önnur leið til þess að tryggja hæfilegt mat á þeirri tryggingu, sem felst í hagsýni, dugnaði og öðrum persónulegum eiginleikum einstaklinganna, er sú, að sjóðurinn láni bankaútibúum og tryggum sparisjóðum hæfilegar fjárhæðir, er svara til útgerðarmagns smáskipa á hverjum stað, með þeim skilyrðum, að fénu sé eingöngu varið til rekstrarlána til bátaútgerðar eða til fiskimanna, er verka hlut sinn sjálfir og selja. Við mun þessi leið reynast tryggari fyrir sjóðinn sjálfan og þá um leið fyrir þá, er hans eiga að njóta til frambúðar. Er hér því gert ráð fyrir, að sú leið verði farin, þar sem svo stendur á, að veita verður lán gegn öðrum tryggingum en gildu veði.

Er þetta í samræmi við starfsháttu annara samskonar stofnana, svo sem hinnar þýzku lánsstofnunar, er mun starfa eingöngu á þennan hátt.

III.

Þar sem tilgangur lánsstofnunar þessarar er að styðja bátaútveginn og styrkja fiskimenn til þess að reka sjálfstæðan atvinnurekstur, þá þykir viðurhlutamikið að svipta þá menn, er sérstaklega leggja starfsþol sitt og líf í hættu við þá atvinnugrein, þeim mikilvæga rétti, er þeir hafa haft til tryggingar kaupi sínu. Hefir ráðuneytið látið rannsaka það sérstaklega, hvaða tryggingar erlendum fiskimönnum væru veittar fyrir kaupi sínu á smáskipum. Og hafa eigi fundizt þess nokkur dæmi með öðrum þjóðum, að fiskimenn hafi eigi lögveð í skipinu fyrir skilvísri greiðslu kaupgjalds. Og þar sem öllum öðrum siðmenntum þjóðum hefir þótt þetta ákvæði nauðsynlegt, þykir ekki tiltækilegt eða sanngjarnt að nema þetta ákvæði hér úr lögum. Tilgangur frumvarps þessa er að styðja hina smærri útvegsmenn, en þá virðist eigi viðeigandi, að þeir smærri menn, fiskimennirnir

sjálfir, séu sviptir löghelguðum rétti sínum. Hér er því lagt til, að sjóveðsréttur fiskimanna haldist óbreyttur. En til þess að smáskip, er ganga til fiskiveiða og eigi sigla til útlanda, geti samt sem áður verið nokkurnveginn viðunandi trygging fyrir lánum, er þeim, sem óska láns gegn veði í smáskipi, gert að skyldu að leggja þá skuldbindingu á skipið, að hásetar og aðrir skipsmenn skuli einungis ráðnir gegn hlut í afla, sbr. 6. gr. b-lið og 7. gr. frumvarpsins.

Er sjóveðsréttur fiskimanna þá eigi svo þung kvöð á því skipi, er eigi siglir til útlanda, að það geti eigi talizt viðunandi trygging fyrir láni, er eigi nemur yfir $^2/_3$ virðingarverðs, þegar virðingin er framkvæmd af trúnaðarmönnum sjóðsins, sbr. ákvæði 9. gr. Skip, sem gerð eru út eingöngu til flutninga, fá þá að vísu eigi orðið veðhæf, en setja mætti í reglugerð þau ákvæði, að þar sem fiskiskip ganga til flutninga um stundarsakir, komi hlutur í farmgjöldum, eða trygging í þeim, í stað hlutar í afla. Álitamál er, hvort opinber gjöld og björgunarlaun eiga að ganga fyrir veðrétti sjóðsins. Ef opinber gjöld eru færð aftur fyrir veðrétt sjóðsins, verður að skoða það sem opinberan styrk eða þátttöku í tapi hans. Sama er og um björgunarlaun, því ríkisstjórnin mundi vart geta, vegna sóma landsins, skorazt undan að greiða björgunarlaun, a. m. k. í sumum tilfellum, t. d. til erlendra skipa, er einstakir menn ættu. En þar sem hugsanlegt er, að veita megi á annan hátt fullnægjandi viðurkenningu fyrir björgun, þykir eigi rétt að leggja áherzlu á það atriði.

Við undirbúning frumvarps þessa hefir verið reynt að hafa það í huga, að sjóðurinn gæti fyrst og fremst komið þeim mönnum að gagni, er stunda bátaútveg með skipum af hinni algengustu stærð, allt að 35 rúmlesta, og þeim, sem stofnsetja og reka iðjufyrirtæki til hagnýtingar fiskafurðum, svo sem fiskúrgangi, lifur o. s. frv.

Að teygja verksvið svona sjóðs mikið út yfir þetta, þykir athugavert í byrjun. Því að þá er að óttast, að sjóðurinn fái ekki nema að örlitlu leyti fullnægt lánsþörfum þeirra, sem hann er *sérstaklega* ætlaður, svo þeim verði þar aðeins *sýnd* veiði, en ekki gefin. Þess vegna er lagt til, að lán til útgerðar og rekstrar fiskibáta séu bundin við 35 rúmlesta stærð, og lán til kaupa á fiskibátum allt að 35 rúmlesta gangi fyrir öðrum. Þó er gert ráð fyrir, að veita megi, ef fé er fyrir hendi, lán til kaupa á stærri skipum.

Bæði verður að ætla, að þeir hafi fleiri útvegu, sem ráðast í kaup á stærri skipum en 35 rúmlesta, og svo er það í samræmi við það, sem sagt hefir verið hér að framan um nauðsyn þess, að fiskimennirnir geti sem flestir orðið sjálfstæðir atvinnurekendur í sinni grein. En þeir munu að jafnaði byrja með hin smærri skip.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem orðið »fiski« merkir fiskiveiðar, þykir betur fara, að sjóðurinn nefnist annaðhvort »Fiskisjóður« eða Fiskveiðasjóður.

Um 2. gr.

Þykir nægja að vísa til hinna almennu athugasemda við frumvarpið.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt þykir að efla sem fyrst rekstrarlánadeildina, þar sem hún er svo smávaxin í byrjun. Er því lagt til, að tekjur Fiskveiðasjóðs af útfluttum sjávarafurðum, samkv. sérstöku frumvarpi um fiskveiðasjóðsgjald, renni óskiptar til rekstrarlánadeildar þar til er höfuðstóll hennar nemur 4 milljónum króna, en skiptist síðan að jöfnu milli deilda sjóðsins

Eigi skiptir minnu, að bátaútvegurinn hafi nægilegt fé til útgerðarinnar, heldur en að keypt séu ný skip, og hefði því rekstrarlánadeildin þurft að vera þegar í upphafi a. m. k. jafnstór sem skipakaupadeildin. En þar sem líta verður á hag ríkissjóðs og eins á hitt, að bátaútvegsmenn eiga væntanlega hægra um útvegun rekstrarfjár, er þeir geta fengið lán út á skip sín, þá hefir einnig í þessu efni orðið að sníða stakkinn eftir vexti.

Um 4. gr.

a. Þar sem um mjög takmarkað fé er að ræða fyrstu árin, þykir rétt að taka fram, að hin smærri skip, allt að 35 rúmlesta, skuli sitja fyrir lánveitingum, ef ekki er nægilegt fé fyrir hendi.
b. Svo miklu skiptir, að sem mest verðmæti verði unnið úr sjávarafurðum, svo sem lifur og fiskúrgangi, og svo ómissandi skilyrði eru íshús fyrir útgerðina, að heppilegt virðist, að lán í þessu skyni verði a. m. k. á sumum stöðum látin sitja fyrir skipakaupalánum. En rétt þykir þó, að það sé á valdi sjóðstjórnarinnar í hvert sinn.

Um 5. gr.

Það þykir eigi óvarlegt að veita lán til kaupa á nýjum vel vönduðum bátum til allt að 12 ára, þegar tekið er tillit til ákvæða 9. og 13. greinar. Hinsvegar ber sjóðstjórninni að taka hæfilegt tillit til aldurs eða fyrninga skipanna.

Með hliðsjón af fjármagni þessarar deildar, þykir ekki fært að lána, fyrst um sinn a. m. k., meira en 20 þús. kr. til eins lánþega, ef gera á sem flestum nokkra úrlausn. Hinsvegar þykir ekki rétt að bregða fæti fyrir félagssamtök fiskimanna, er vilja hafa skip sín undir sameiginlegri útgerðarstjórn, með því að telja slíkt félag sem einn lánþega.

Þótt æskilegt væri, að hægt væri að veita lán til iðjufyrirtækja allt að helmingi stofnkostnaðar, þá mun fjármagn sjóðsins vart leyfa riflegri lánveitingar en hér er gert ráð fyrir.

Að fært hefir þótt að gera ráð fyrir svo lágum vöxtum sem hér er gert, það jafnaði eigi yfir $5^1/_2$ %, stafar eingöngu af því, að sjóðnum er ætlað að myndast af beinum og óbeinum framlögum af almannafé. Ef horfið væri að því ráði að afla lánsfjár til viðbótar með útgáfu vaxtabréfa, mundi vart unnt að gera ráð fyrir svo lágum vöxtum, þar sem á boðstólum eru a. m. k. $6^1/_2$ % vaxtabréf.

Um 6. gr.

Þykir mega vísa til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 7. gr.

Vanræksla lögskráningastjóra í þessu efni heyrir undir embættisvanrækslu og varðar því við hegningarlög.

Um 8. gr.

Því aðeins getur sjóðurinn komið að liði til frambúðar, að honum haldist á fé sínu. Er hér því gert ráð fyrir, að lán úr rekstarlánadeild séu fyrst og fremst veðlán, þ. á. m. gegn sjálfsvörzluveði í hæfilega tryggðum fiskifeng, og verður það að teljast viðunandi veðtrygging, ef um þau veðlán eru sett nánari fyrirmæli í reglugerð sjóðsins, sbr. niðurlag 11. greinar.

En eins og tekið er fram í almennu athugasemdunum, þarf svo náin kynni til þess að veita lán gegn sjálfskuldarábyrgðum, víxlum og öðrum persónulegum tryggingum, að rétt þykir að fela stjórnum útibúanna og sparisjóðanna að hafa á hendi þær lánveitingar, þar sem vænta má, að þær stjórnir hafi að jafnaði þau kynni af lánþegum, sem stjórn Fiskveiðasjóðsins hlýtur oft að vanta tilfinnanlega til þess að geta veitt slík lán.

Þegar fiskimenn sjálfir sýna það manndómsbragð að festa kaup í bát, gera hann út í félagi og stunda sjálfir fiski á honum, þá þykir rétt að styðja þá sjálfstæðis- og sjálfsbjargarviðleitni með því að veita þeim forgöngurétt fyrir rekstrarlánum, og má um það efni vísa til þess, sem þegar er fram tekið í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Um 9.—13. gr.

Þykir eigi þurfa sérstakar skýringar.

Um 14. gr.

Ákvæði þessi miða flest að því að spara sjóðnum, og einnig lánþega, kostnað og vafninga við innheimtu, svo sem við málfærslu, fjárnám og við uppboðshald, að svo miklu leyti sem hjá verður komizt.

Um 15. gr.

Þar sem fyrir getur komið, að mönnum sjáist yfir auglýsingar um þessi efni, þykja þetta nauðsynleg ákvæði.

Um 16. gr.

Þykir eigi þurfa skýringa.

Um 17.—18. gr.

Á Alþingi 1929 var gert ráð fyrir því, að Landsbankinn hefði stjórn sjóðsins algerlega á hendi, og mun það hafa verið gert vegna sparnaðar. En þar sem stjórn svona stofnunar mun verða engu vandaminni en stjórn ræktunar-

sjóðsins var, þykir vart verða hjá því komizt að hafa hér svipað fyrirkomulag. Hinsvegar þykir nauðsynlegt að fela útibúum Landsbankans að hafa á hendi útlánsstarfsemina í hinum firnari landshlutum, a. m. k. að því leyti sem sjóðstjórnin notar ekki heimild þá, er getur í 3. lið 8. greinar.

Á síðasta Alþingi kom fram tillaga um að fela Landbúnaðarbankanum stjórn sjóðsins, en af ýmsum ástæðum þykir ekki rétt að ráða til þess, að þeim stofnunum verði blandað saman.

Um 19.—22. gr.

Þykir ekki þurfa skýringar.

Nd. **133. Frumvarp**

til laga um fiskveiðasjóðsgjald.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson, Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Af öllum íslenzkum fiskiafurðum, þar á meðal síld og síldarafurðum, hverju nafni sem nefnast, sem fluttar eru til útlanda, skal umfram lögmælt útflutningsgjald til ríkissjóðs greiða í Fiskveiðasjóð Íslands $^1/_4$ % gjald af verði afurðanna.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra í skip (fob) á þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, að frádregnu útflutningsgjaldi, eða söluverð erlendis (cif), að frádregnu útflutningsgjaldi og flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi. Ef fiskiafurðir eru sendar óseldar, skal lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má að verðar séu með umbúðum, fluttar á skip. Sendandi eða umboðsmaður hans er skyldur til að gefa lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs vottorð, að viðlögðum drengskap, um hvort hið senda er selt eða ekki, og ef selt er, þá söluverð og söluskilmála.

3. gr.

Nú sannar sendandi það, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefir sett á hinar útfluttu óseldu fiskiafurðir, sé hærra en hann hefir selt þær, og er fjármálaráðuneytinu þá heimilt að endurgreiða mismuninn.

4. gr.

Til fiskiafurða þeirra, er getur í 1. gr., telst allskonar fiskur, þar á meðal síld og hverskonar fiskafurðir eða síldarafurðir, sem verkaðar eru eða fluttar milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiðin hafi farið fram utan landhelgi.

5. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skipið er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Gjaldið greiðist lögreglustjóra, þar sem varan er tekin, eða ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar sem skip leggur frá landi.

6. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, er ræðir um í lögum þessum, er skyldur að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit, eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, taka ákvæði þessi einnig til skipstjóra og afgreiðslumanna skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir fiskveiðasjóðsgjaldinu.

8. gr.

Lögreglustjórar eða tollstjóri skulu gera reikningsskil fyrir fiskveiðasjóðsgjaldinu, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem sannur verður að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það fiskveiðasjóðsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefir grun um, að skilríki þau, er í 6. gr. getur, séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða lætur frá landi, eða á annan veg útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni.

Kostnað, er af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931 og gilda þar til er höfuðstóll Fiskveiðasjóðs Íslands nemur 8 milljónum króna.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir ósk ríkisstjórnarinnar og fylgdu því þessar athugasemdir:

Ástæður fyrir frv. þessu eru teknar fram í almennri greinargerð fyrir frv. um Fiskveiðasjóð, og þykir nægja að vísa til hennar.

Það er aðallega formsatriði, hvort gjald þetta er lagt á með sérstökum lögum um fiskveiðasjóðsgjald eða með nýrri breytingu á lögum nr. 70, 27. júní 1921, í samræmi við þá breytingu, sem gerð var á þeim lögum með lögum nr. 11, 29. maí 1925.

En þar sem eigi þykir ástæða til þess að síld, fóðurmjöl, fóðurkökur né áburðarefni, unnin úr sjávarafurðum, séu undanþegin gjaldi þessu, hefir verið hallazt að því að flytja um þetta sérstakt frumvarp.

Þar sem frv. þetta er að öðru leyti að mestu samhljóða lögunum um útflutningsgjald, þykir ekki ástæða til að gera athugasemdir um einstakar greinar þess.

Ed. **134. Frumvarp**

til laga um sveitabanka.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands veitir rekstrarlán til bænda og annara, er landbúnaðarframleiðslu stunda, eftir reglum þeim, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbankans veitir lán til sparisjóða, samvinnukaupfélaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að fé sé eingöngu notað til þess að lána það út aftur til sveitabanka, sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt lögum þessum.

Vexti af lánum þessum ákveður stjórn Búnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra.

3. gr.

Samvinnukaupfélög, er gerast milliliðir um rekstrarlán samkv. 2. gr., skulu halda þeirri starfsemi algerlega aðgreindri frá kaupfélagsstarfrækslu sinni, með sérstakri bókfærslu og aðskildum fjárhag.

4. gr.

Sveitabankar eru rekstrarlánafélög með skyldum og réttindum samvinnufélaga. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með þeim afbrigðum, er hér segir:

a. Félagsmenn skulu allir stunda einhverja tegund landbúnaðarframleiðslu og allir vera búsettir í sama byggðarlagi. Þeir mega ekki færri vera en 10 og ekki fleiri en 50. Þó mega félagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.

b. Kjörtími stjórnenda skal eigi lengri vera en 2 ár, og er löglegt, að meiri hluti stjórnar gangi úr á sama ári.

Annar endurskoðandi félagsins skal kosinn af félaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við um rekstrarlán samkvæmt lögum þessum.

c. Félagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.

d. Árgjald í varasjóð félagsins og aðra óskiptilega tryggingarsjóði, skal ákveða í samþykktum, eigi minna samtals en svarar $^1/_2$% ársvöxtum af öllum útlánum félagsins. Allur tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð.

e. Sveitabanka er heimilt að taka við innlögum með sparisjóðskjörum frá mönnum, sem búsettir eru á félagssvæðinu, til útlána handa félagsmönnum eða ávöxtunar í tryggum peningastofnunum.

f. Félagsmaður getur jafnan sagt sig úr félagi með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en um ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins fer eftir lögum um samvinnufélög.

g. Undirskrift formanns og minnst helmings meðstjórnenda hans skuldbindur félagið.

5. gr.

Stjórn sveitabanka ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern félagsmann, í samráði við endurskoðendur, fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við búrekstur félagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks félagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr.

Utanfélagsmönnum má ekki lána.

6. gr.

Hver félagsmaður setur félaginu veð eða aðra tryggingu, er félagsstjórn telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma.

7. gr.

Útlán sveitabanka skulu eigi veitt til lengri tíma en 6 mánaða í einu, eða með 6 mánaða uppsagnarfresti, og venjulega eigi framlengd lengur en svo, að allur lánstíminn verði eitt ár.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar láni hefir verið varið til að kaupa dýr landbúnaðarverkfæri, er þó heimilt að framlengja lánið lengur, þó aldrei yfir 5 ár samtals.

Lánin skulu veitt gegn víxlum, skuldabréfum eða í reikningslánsviðskiptum.

8. gr.

Heimili og varnarþing sveitabanka má vera í kauptúni, þar sem félagsmenn hafa aðalviðskipti sín, þótt það sé utan félagssvæðis.

Þar getur og sveitabanki haft skrifstofu undir stjórn umboðsmanns, er annast reikningshald, fjárgeymslu og útborganir bankans og tekur við innlögum og greiðslum til hans. En lán má umboðsmaður sveitabanka ekki veita, né takast á hendur ábyrgð fyrir bankans hönd, nema eftir sérstökum fyrirmælum eða umboði bankastjórnar í hvert sinn.

9. gr.

Sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, er veita sveitabönkum lán, geta í þess stað keypt víxla einstakra félagsmanna með framsalsábyrgð félagsins. Slíka víxla getur stofnunin endurselt með framsalsábyrgð sinni til sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands, enda séu víxlarnir vistaðir þar eða á þá rituð yfirlýsing um, að útgefandi og ábekingar fráfalli afsögn vegna greiðslufalls.

Nú verður víxill, sem sveitabanki hefir ábyrgzt fyrir félagsmann sinn, eigi sýndur á greiðslustað til borgunar á gjalddaga, og glatast þá eigi víxilrétturinn, ef útgefandi og ábekingar hafa, með orðunum »án afsagnar« eða annari slíkri áritun á víxilinn, fráfallið afsögn vegna greiðslufalls.

Víxlar þeir, er sveitabanki ábyrgist fyrir félagsmann sinn, skulu jafnan meðtaldir innan takmarka láns hans samkv. 5. gr., og varasjóðsgjald greiðist af þeim eins og öðrum útlánum rekstrarlánafélaga samkv. 4. gr. d., enda skulu allir slíkir víxlar tilfærðir í bókum sveitabanka.

10. gr.

Auk viðskipta sveitabanka við Búnaðarbanka Íslands, með eða án milligöngu sparisjóða og annara peningastofnana, geta sveitabankar selt víxla sína eða tekið lán hvar sem vera skal.

11. gr.

Um sparisjóðsstarfsemi sveitabanka gilda hin almennu löggjafarákvæði um sparisjóði, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

12. gr.

Stjórn sveitabanka skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni nafna-

skrá yfir félagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, í skrifstofu sýslumanns.

Samtímis skal og senda nafnaskrá félagsmanna til peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við, og til Búnaðarbanka Íslands.

13. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal stjórn sveitabanka senda peningastofnun þeirri, er félagið skiptir við, og Búnaðarbankanum, afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Ennfremur tilkynning um breytingar á samþykktum félagsins og nafnaskrá yfir stjórnendur þess og starfsmenn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er félagsmanni sveitabanka rétt að veðsetja honum einu nafni tiltekna flokka búpenings síns, framleiðslutækja og jarðarafurða, er hann á á hverjum tíma eða eignast kann, til tryggingar skuldbindingum sínum við bankann.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld fyrir slík veðskjöl.

Sveitabankar hafa lögtaksrétt fyrir öllum kröfum á hendur félagsmönnum sínum.

15. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sveitabanka og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþykktum slíkra félaga.

Ed. **135. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 16, 7. maí 1928 [Laun embættismanna].

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 17. febrúar 1930.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. Björn Kristjánsson.

Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Nd. **136. Frumvarp**

til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Niðurlag 2. greinar, orðin: »meiri hluta í stjórn þess o. s. frv.« falli burt. Í þeirra stað komi: annan endurskoðanda að reikningum félagsins og varamann hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þá er næsta Búnaðarþing hefir valið félaginu stjórn.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk nefndar þeirrar, sem kosin var á síðasta Búnaðarþingi til að endurskoða og koma með tillögur um stjórn og fyrirkomulag Búnaðarfélags Íslands. Nefnd þessi hefir samið ítarlegt álit og í greinargerð sinni hefir hún farið svofelldum orðum um þetta atriði:

»Hér er sú breyting gerð, að gert er ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands hafi framvegis á sér hið sjálfsagða einkenni alls félagsskapar, að það sé sjálfrátt um sína eigin stjórn. Að vísu er hér stór hængur á, þar sem jarðræktarlögin gera ráð fyrir, að meiri hluti stjórnarinnar sé útnefndur af atvinnumálaráðuneytinu, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis. En vér vonum og gerum ráð fyrir því í breytingartillögum vorum, að breyting geti fengizt á því ákvæði, án þess að það þurfi að hafa áhrif á góða samvinnu og hinn gagnkvæma stuðning, er atvinnumálaráðuneytið og Búnaðarfélag Íslands veita hvort öðru«. Og ennfremur: »Ákvæði um endurskoðanda af hálfu ríkisstjórnar teljum vér hið rétta form fyrir eftirliti af hennar hálfu með fjárreiðum félagsins. Með því fyrirkomulagi getur atvinnumálaráðuneytið á hvaða tíma sem er fylgzt með í meðferð þess fjár, sem í hverjum fjárlögum er veitt Búnaðarfélagi Íslands, og þá gert áhrif sín gildandi, ef því sýnist stefnt til óhófs eða fánýtrar eyðslu. Engin slík trygging er sjálfsögð afleiðing núverandi skipulags. Landbúnaðarnefndir Alþingis eiga engu síður en Búnaðarþing á hættu, hvernig mannval tekst í stjórn félagsins, en umfram útnefningarréttinn sjálfan er ekki lögfestur íhlutunarréttur fjárveitingavaldsins, nema ef vera kynni að því leyti, sem svo beri að skilja, að hinir stjórnskipuðu stjórnarnefndarmenn beri ábyrgð fyrir landbúnaðarnefndum Alþingis«.

Nd. **137. Frumvarp**

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

I. KAFLI.

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum, enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér eignir og hefir tekjur af þeim, eða af atvinnu, eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hér á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða öðrum fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, er þeir fá fyrir slík störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti þeirra erlendra og íslenzkra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

3. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

a. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.

b. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög.
c. Önnur félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 4 félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan félaga, ef ósk kemur fram um það frá félaginu, um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks félaga.

Slík félög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hér á landi, en eiga hér eignir og hafa tekjur af þeim, eða af starfsemi, sem hér eða héðan er rekin, skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

4. gr.

Undanþegið öllum tekjuskatti er konungur og borðfé hans og ættmanna hans, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög *og fyrirtæki, er þau reka, og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og ennfremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.*

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar og sendikonsúlar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða alþjóðlegri stofnun innlendri, eigi hér fasteignir eða hafi tekjur af þeim, reki atvinnu eða eigi hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hér á landi.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a-lið og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1,5%,

af	*1000*	*til*	*2000*	*kr.*	*greiðist*	*15*	*kr.*	*af*	*1000*	*kr.*	*og*	*2,5%*	*af*	*afgangi*
—	*2000*	—	*3000*	—	—	*40*	—	—	*2000*	—	—	*5*	—	—
—	*3000*	—	*4000*	—	—	*90*	—	—	*3000*	—	—	*7*	—	—
—	*4000*	—	*5000*	—	—	*160*	—	—	*4000*	—	—	*9*	—	—
—	*5000*	—	*6000*	—	—	*250*	—	—	*5000*	—	—	*11*	—	—
—	*6000*	—	*7000*	—	—	*360*	—	—	*6000*	—	—	*12*	—	—
—	*7000*	—	*8000*	—	—	*480*	—	—	*7000*	—	—	*13*	—	—
—	*8000*	—	*9000*	—	—	*610*	—	—	*8000*	—	—	*14*	—	—
—	*9000*	—	*10000*	—	—	*750*	—	—	*9000*	—	—	*15*	—	—
—	*10000*	—	*12000*	—	—	*900*	—	—	*10000*	—	—	*16*	—	—

af	*12000*	*til*	*14000*	*kr.*	*greiðist*		*1220*	*kr.*	*af*	*12000*	*kr.*	*og*	*17*	*%*	*af*	*afgangi*		
—	*14000*	—	*16000*	—	—		*1560*	—	—	*14000*	—	—	*18*	—	—	—		
—	*16000*	—	*18000*	—	—		*1920*	—	—	*16000*	—	—	*19*	—	—	—		
—	*18000*	—	*20000*	—	—		*2300*	—	—	*18000*	—	—	*20*	—	—	—		
—	*20000*	—	*25000*	—	—		*2700*	—	—	*20000*	—	—	*22*	—	—	—		
—	*25000*	—	*30000*	—	—		*3800*	—	—	*25000*	—	—	*24*	—	—	—		
—	*30000*	—	*35000*	—	—		*5000*	—	—	*30000*	—	—	*26*	—	—	—		
—	*35000*	—	*40000*	—	—		*6300*	—	—	*35000*	—	—	*28*	—	—	—		
—	*40000*	—	*45000*	—	—		*7700*	—	—	*40000*	—	—	*30*	—	—	—		
—	*45000*	—	*50000*	—	—		*9200*	—	—	*45000*	—	—	*32*	—	—	—		
—	*50000*	—	*60000*	—	—		*10800*	—	—	*50000*	—	—	*34*	—	—	—		
—	*60000*	—	*80000*	—	—		*14200*	—	—	*60000*	—	—	*36*	—	—	—		
—	*80000*	—	*100000*	—	—		*21400*	—	—	*80000*	—	—	*38*	—	—	—		
—	*100000*	—	*og þar yfir*		—		*29000*	—	—	*100000*	—	—	*40*	—	—	—		

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr., greiði þó aldrei lægri skatt en 10% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 10%.

7. gr.

Tekjuskattinn eftir *6. gr.* má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn.

8. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennta, eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.

b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 12. gr. d.); ennfremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og allskonar styrktarfé.

c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur; ennfremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.

d. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt bréf sé eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annari arðberandi innstæðu.
e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlazt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku.

9. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem um ræðir í 3. gr., teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til eignaaukningar, yfirfærslu til næsta árs, óvenjulegra fyrninga og safnað er í tryggingarsjóði, aðra en varasjóð, heldur og þær tekjur, sem varið er til þess að greiða hluthöfum og félagsmönnum arð eða vexti af innborguðu fé og til myndunar eða aukningar varasjóða, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir.

Skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og iðgjaldateknanna af allri starfsemi þess.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga til þess að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til þess að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vátryggðum.

Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, samkv. l. nr. 36, 27. júní 1921, í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, og telst það eigi til skattskyldra tekna hjá félaginu. Á sama hátt mega slík félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau þannig úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna. Ennfremur skal draga frá tekjum samvinnufélaga varasjóðstillag það, sem ákveðið er í 24. gr. laga nr. 30, 27. júní 1921.

Ef kaupfélag selur einnig öðrum vörur en félagsmönnum sínum, er allur arðurinn af slíkri sölu skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félagið ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur.

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a. og c., mega draga frá tekjum sínum 4% af innborguðu hlutafé eða stofnfé. Ef nokkuð af ársarðinum er lagt í varasjóð, þá er ⅓ hluti þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins, skal telja helming þeirr-

ar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna félagsins á því ári. Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

10. gr.

Til tekna telst ekki:

a. **Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, — hinsvegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði, — ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbréfum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða hún falli undir ákvæði í 9. gr. e. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.**

b. *Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, slysa- eða örorkubóta eða þess háttar.*

c. *Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda, sem sannast hefir um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir.*

d. **Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, er skattgreiðandi fær í endurgjaldsskyni fyrir tilkostnað sinn, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.**

11. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. **Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald til frádráttar, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur.**

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann sjálfur hefir lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé.

b. **Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og séu færðar fullnægjandi sönnur fyrir tapinu. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er sannreynt þykir, að hún er töpuð, *og aldrei má skipta skuldatapi á fleiri ár.* Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.**

c. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefir haft í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættum hvíla.
d. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur skal draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald en 300 krónur.
e. *Frá tekjum verkamanna, iðnlærðra manna og annara þeirra, sem eru félagar í stéttarfélögum, skal draga félagsiðgjöld þeirra. Einnig skal draga frá iðgjöld til sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, enda hafi iðgjöldin verið greidd að fullu á réttu gjaldári.*
f. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem ræðir um í staflið a.
g. *Aukaútsvör, tekjuskatt og eignarskatt, sem fallið hafa í gjalddaga og verið greidd að fullu á árinu.*

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi (sbr. 2. gr. og síðari málsgr. 3. gr.), má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

12. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign hennar eða sératvinnu.

Tekjur barna, sem í foreldrahúsum eru (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn), skal telja sérstaklega til skattgjalds.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

13. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 11. gr., skal draga sem hér segir:
a. *Fyrir einstakling: Í Reykjavík 1200 kr., í öðrum kaupstöðum 1000 kr., annarsstaðar á landinu 800 kr.*

b. Fyrir hjón: Í Reykjavík 2200 kr., í öðrum kaupstöðum 1800 kr., annarsstaðar á landinu 1400 kr.

c. Framfærslueyri fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt: Í Reykjavík 600 kr., í öðrum kaupstöðum 500 kr., annarsstaðar á landinu 400 kr. fyrir hvert barn. — Sama er um aðra skyldufamfærlinga.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar.

Að loknum frádrætti samkv. þessari grein, skal sleppa því, sem afgangs verður þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og miðast hann við skattgjaldið samkv. 6. gr.

Ef tekjurnar eftir allan löglegan frádrátt nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

14. gr.

Skattinn skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila, eða hann sýni, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattanefnd þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

II. KAFLI.

Um eignarskatt.

15. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir: Ef eignin er yfir 5000 krónur, en undir 10000 krónum, greiðist af henni 1‰,

af	*10000*	*til*	*20000*	*kr.*	*greiðist*		*10*	*kr.*	*af*	*10000*	*og*	*2‰*	*af afgangi*
—	*20000*	—	*30000*	—	—		*30*	—	—	*20000*	—	*3*	— — —
—	*30000*	—	*40000*	—	—		*60*	—	—	*30000*	—	*4*	— — —
—	*40000*	—	*50000*	—	—		*100*	—	—	*40000*	—	*5*	— — —
—	*50000*	—	*75000*	—	—		*150*	—	—	*50000*	—	*6*	— — —
—	*75000*	—	*100000*	—	—		*300*	—	—	*75000*	—	*8*	— — —
—	*100000*	—	*250000*	—	—		*500*	—	—	*100000*	—	*10*	— — —
—	*250000*	—	*500000*	—	—		*2000*	—	—	*250000*	—	*12*	— — —
—	*500000*	—	*1000000*	—	—		*5000*	—	—	*500000*	—	*14*	— — —
—	*1000000*	*og þar yfir*			—		*12000*	—	—	*1000000*	—	*16*	— — —

Af eign, sem ekki nemur yfir 5000 krónum, greiðist enginn skattur.

16. gr.

Eignarskattinn eftir 16. gr. má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn.

17. gr.

Eignarskatt greiði allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign og eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en skattur er á lagður.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða aðeins eignarskatt af eignum sínum hér á landi, og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í *15.* gr., þó aldrei lægri en *4‰* af hinum skattskyldu eignum.

18. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

19. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í *15. og 17. gr.*, allar fasteignir og allt lausafé skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar og verðbréf, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi, húsgögn og aðrir innanstokksmunir og skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgrein *17.* gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. — Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

20. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
b. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
c. Réttur til leigulauss bústaðar, eða önnur afnotaréttindi.
d. Bækur og fatnaður til einkaafnota.

21. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati.
b. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með gildandi verðlagsskrárverði.

c. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátryggðar.
d. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað.
e. *Hlutabréf skulu talin til eignar með gangverði, ef það er skráð opinberlega. Óskráð hlutabréf skulu metin til eignar samkv. efnahagsreikningi félagsins, eins og hann var samþykktur á síðasta aðalfundi þess. Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til þess að telja þau ótrygg.*
f. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema færðar séu sönnur á, að þær séu minna virði.
g. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

22. gr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu.

23. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

III. KAFLI.

Um skattanefndir o. fl.

24. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur samkvæmt lögum þessum er ákveðinn af skattanefndum í hreppum og skattanefndum eða skattstjóra í kaupstöðum. Í skattanefnd sitja 3 menn. Í hreppum: Hreppstjóri eða sá, er að lögum gegnir starfi hans, einn maður tilnefndur af sýslumanni og einn kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum: Bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn kosinn af bæjarstjórn. Sé bæjarfógeti jafnframt bæjarstjóri kaupstaðarins, tilnefnir hann tvo menn í nefndina.

Skipa skal tvo varamenn, er taka sæti í skattanefndum í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn kýs bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, er bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefnd sjálf formann um stundarsakir.

25. gr.

Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra skattstjóra og varaskattstjóra. Hefir skattstjóri Reykjavíkur sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan Reykjavíkur.

Heimilt er fjármálaráðherra að gera sömu tilhögun um ákvörðun skatts í hinum öðrum kaupstöðum og sett er fyrir Reykjavík.

26. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og tveir menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður.

27. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í ríkisskattanefnd og jafnmarga varamenn. Formaður nefndarinnar heitir ríkisskattstjóri. Annar nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði, en hinn á sjávarútvegi og viðskiptum. Ríkisskattanefnd hefir skrifstofu í Reykjavík.

28. gr.

Enginn má sitja í skattanefnd, yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð,
2. sé fjárráður,
3. eigi heimili í skattumdæminu,
4. hafi náð lögaldri.

Í skattanefnd mega ekki sitja saman skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, hvorki sem aðalmenn né varamenn.

29. gr.

Sami maður má ekki eiga sæti nema í einni skattanefnd. Skattanefndarmenn, aðrir en bæjarstjórar, hreppstjórar og skattstjórar, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar meðnefndarmaður fer frá 3. hvert ár, eftir hlutkesti í fyrsta sinn. Ef nefndarmaður fer frá eða deyr áður en tími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja í nefndinni.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa svo oft sem vill. Nefndarstarfið er borgaraskylda, sem enginn löghæfur maður getur skorazt undan að gegna, nema hann hafi verið í skattanefnd í 6 ár samfleytt eða sé orðinn 60 ára gamall.

Skattstjórar í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (sbr. 26. gr.) og ríkisskattstjóri skulu skipaðir til 6 ára.

30. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar, er eigi hafa áður unnið heit embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, er þeir sitja, undirrita í gerðabók nefndarinnar drengskaparheit um það, að þeir skuli gegna starfinu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu um allt, er þeir fá vitneskju um í starfinu og varðar eignir og tekjur gjaldþegna.

31. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun eða kæru, ef það mál varðar sjálfan hann, konu, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini eða fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali, eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í nefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

32. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar fá laun fyrir störf sín sem hér segir:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annarsstaðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 8 krónum og ekki vera minni en 4 krónur fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
b. Yfirskattanefndarmenn fá 8 krónur á dag og ferðakostnað. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
c. Borgun til skattstjóra, ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar fer eftir samningi við fjármálaráðherra.

Þóknun til skattanefnda og skattstjóra greiðist úr ríkissjóði. Formenn yfirskattanefnda úrskurða reikninga skattanefnda og greiða þá á manntalsþingum. Fjármálaráðuneytið úrskurðar reikninga yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

IV. KAFLI.

Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtur o. fl.

33. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir þegar skattanefnd tekur til starfa. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu sett í skatt þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda beri téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiði skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ráðuneytið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

34. gr.

Allir þeir, er hafa tekjur samkv. 8. gr. eða eignir samkv. 19. gr., skulu afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir og á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráður.

Skýrslur þessar skulu komnar í skattstofuna í Reykjavík fyrir lok janúarmánaðar, en í hendur skattanefnd eða skattstjóra annarsstaðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar. Skattstjóri eða skattanefnd getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt mönnum frest til framtals til 15. marz.

Þeir, sem reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, þurfa ekki að hafa skilað framtölum sínum fyrr en 31. marz í Reykjavík og 20. marz annarsstaðar á landinu, og vátryggingarfélög eigi fyrr en 30. júní.

Nú þykist framteljandi ekki sjálfur vera fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar og eignir, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess, en hann er skyldur að láta skattanefnd í té allar upplýsingar, er hún þarf, til þess að gera framtal hans sem réttast.

Hvenær sem skattanefnd þykir þörf á, getur hún krafizt þess, að skattframteljendur leggi bækur sínar fyrir hana, eða einstaka nefndarmenn, eða einn eða tvo reikningsfróða menn utan nefndarinnar, er ekki séu keppinautar framteljanda.

35. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annara félaga og stofnana eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar þær skýrslur, er þær beiðast og unnt er að láta þeim í té, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, vaxtabréf og hlutabréf, um vaxtafé

í bönkum, sparisjóðum og annað því um líkt. Ríkisskattanefnd hefir og ætið aðgang að bókum banka og sparisjóða og annara peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hún felur að rannsaka skuldir, innieignir, verðbréfaeign og annað, er lýtur að efnahag gjaldþegna. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá því, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni.

36. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún ákveða tekjuupphæð og eign hvers eins. Nú er framtalsskýrsla, eða einstakir liðir hennar, ófullnægjandi og óglögg og tortryggileg, eða nefndin telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hún þá skora á framteljanda að láta í té skýringar þær eða sannanir, er hún telur vanta, innan ákveðins tíma, og er hann skyldur að verða við áskorun nefndarinnar. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir til tekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir beztu vitund. Dvelji hann utanlands, eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum aðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri, enda skal hún vera að minnsta kosti 10% hærri heldur en skattmat næst á undan, og ef vanrækslа er ítrekuð, skal hækkunin vera minnst tvöföld á við hækkunina árið á undan.

37. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og af eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar.

38. gr.

Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skrá, er nefnist skattaskrá, um alla þá, er eiga að greiða tekjuskatt eða eignarskatt í umdæmi hennar. Í Reykjavík þarf skattaskrá þó ekki að vera fullgerð fyrr en í lok aprílmánaðar. Á skattskrá skal greina skattskyldar tekjur samkv. 8. og 9. gr., frádrátt samkv. 11. og 13. gr. og tekjuskatt, skattskyldar eignir samkv. 19. gr. og eignarskatt hvers gjaldanda. Jafnframt skal skattanefnd semja aðra skrá um tekjur og eignir framteljenda, er ekki greiða tekju- eða eignarskatt.

Skattskráin skal lögð fram eigi síðar en 1. dag maímánaðar í Reykjavík og annarsstaðar á landinu eigi síðar en 1. dag aprílmánaðar. Skal hún liggja til sýnis 2 vikur, í hreppum á þingstaðnum eða öðrum hentugum stað,

er skattanefnd auglýsir, í kaupstöðum í bæjarþingstofu, skattstofu eða skrifstofu lögreglustjóra, og í Reykjavík í skattstofunni.

Sérhver skattþegn getur krafizt munnlegra upplýsinga um það hjá skattanefnd, eftir hverju hafi verið farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

39. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína bréflega fyrir formanni skattanefndar, eða skattstjóra, *fyrir 15. dag maímánaðar í Reykjavík, en annarsstaðar fyrir 15. dag aprílmánaðar.* Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðréttir skrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem felldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er ekki greiða skatt, tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

40. gr.

Úrskurði skattanefndar eða skattstjóra má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert bréflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sé kæra ekki komin í hendur formanns yfirskattanefndar í Reykjavík fyrir 15. dag júnímánaðar og annarsstaðar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sinnt. Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur fyrir júnílok í Reykjavík og annarsstaðar fyrir maílok og tilkynna aðilum úrslitin tafarlaust.

Yfirskattanefnd úrskurðar einnig, hvort og að hve miklu leyti skuli taka til greina umsóknir þær, sem henni hafa borizt frá skattanefndum um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, er getið er í 38. gr.

41. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldum sínum. Ef nefndinni virðast framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, svo sem að einhver sé vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan leiðrétta skrána eftir því, sem henni þykir rétt vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal hún tafarlaust tilkynna það skattanefnd og sömuleiðis þeim aðilum, er breyting varðar.

Yfirskattanefnd skal hafa lokið störfum sínum fyrir júnílok í Reykjavík og annarsstaðar á landinu fyrir maílok, og sendir hún þá skattskrána ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan

skatt greiða, til ríkisskattanefndar. Þó getur fjármálaráðherra veitt yfirskattanefnd lengri frest, ef um stórfelldar lagfæringar á skattskránni er að ræða.

42. gr.

Úrskurði yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, enda sé það gert bréflega og kæran, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum, komin til formanns fyrir júlílok — annarskostar verður henni ekki sinnt. — Ríkisskattanefnd skal leggja úrskurð á kærur fyrir septemberlok *og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilum úrslitin tafarlaust.*

43. gr.

Ríkisskattanefnd skal hafa eftirlit með störfum skattanefnda, skattstjóra og yfirskattanefnda og samræma skattaframtöl og skattaákvörðun í hinum einstöku skattaumdæmum. Skal ríkisskattstjóri fyrir hönd nefndarinnar ferðast um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda í þessu skyni, þegar ástæða þykir til, og yfir höfuð leiðbeina um allt, er að skattaákvörðun og skattaframtali lýtur. Hann skal og yfirfara skattskrár og framtalsskýrslur. Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er framkvæmd laga þessara varðar, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattþegnum, skattanefndum, skattstjórum og yfirskattanefndum, svo og hjá lánsstofnunum og öðrum þeim, er í 35. gr. greinir. Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en jafnan skal hún þá gera aðilum aðvart áður en hún breytir skattgjaldi þeirra án þess að yfir hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla.

44. gr.

Skattanefndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

Í gerðabækur skattanefnda og skattstjóra skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir.

45. gr.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té ókeypis endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar gefa Hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

46. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir eftirlit með því, að skattanefndir allar og

skattstjórar ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefir það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa skattanefnda og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

47. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

V. KAFLI.

Refsiákvæði.

48. gr.

Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur, eða gerir það ekki fyrr en framtalsfrestur er liðinn, eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattanefnd eða skattstjóra, þá skal ekki færa niður skatt hans, þótt hann kæri, nema hann sanni, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlað meira en fjórðungi hærra en í raun og veru var. Sé mismunurinn ¼ eða meiri, skal hann greiða skatt af hinum réttu upphæðum, að viðbættum ¼.

Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef gjaldþegn hefir fært gildar ástæður sér til afsökunar.

49. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við meira en 10 ár alls. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meiru en 10000 kr.

50. gr.

Sá, sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsgr. 50. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera bar, og því greitt minni skatt en honum bar skylda til.

51. gr.

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en *5 ár*, enda sé skattálagningin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

52. gr.

Skattanefndarmönnum og skattstjórum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er að segja um þá, er veita nefndunum eða skattstjórum aðstoð við starf þeirra, eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

53. gr.

Nú gegnir ekki einhver skyldu sinni samkvæmt *35. gr.*, eða skorast undan að láta þar nefndar skýrslur af hendi, og sker fjármálaráðherra þá úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

54. gr.

Nú hefir skattanefnd eða skattstjóri ekki framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum, áður lögmæltur frestur er liðinn, og varðar það þá sektum, allt að 200 kr., og getur fjármálaráðuneytið auk þess skyldað hina brotlegu til þess að ljúka störfunum, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann, sem ekki hefir lögmæta afsökun.

55. gr.

Mál út af brotum þeim, er ræðir um í 50. gr., 1 málsgr., og 53. gr. laga þessara, skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 49. gr., 50. gr., 3. málsgr., 54. gr. og 55. gr. segir, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, en ekki skal slíkt mál höfða, nema skattþegn sjálfur, skattanefnd, skattstjóri eða fjármálaráðherra krefjist þess.

56. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför.

VI. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir.

57. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarstjórnum, meðan Alþingi ekki hefir sett lög um almannatryggingar eða á annan hátt létt að verulegum mun af héruðunum kostnaði við fátækraframfærslu, að hækka skattgjald það, sem um ræðir í 6. gr., um 50% í umdæmum sínum. Skal innheimta viðbótarskatt þennan samtímis skattgjaldinu til ríkissjóðs og af sömu mönnum, og rennur hann allur til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs. Jafnframt rennur þá og til sömu sjóða ⅓ skattgjaldsins samkvæmt 15. gr. úr hlutaðeigandi héruðum.

VII. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

58. gr.

Fjármálaráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd og skilning laga þessara, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattanefnda og skattstjóra. Ennfremur lætur hann gera fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

59. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinn lagður á árið 1931. Um leið og þau koma til framkvæmda eru úr gildi numin:

Lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Tilskipun nr. 84, 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Tilskipun nr. 41, 1. apríl 1922, um breyting á og viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Lög nr. 2, 26. marz 1923, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 39, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 7, 16. maí 1925, um breytingar og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921.

Greinargerð.

Milliþinganefndin í tolla- og skattamálum hefir látið vinna úr skattskýrslum fyrir árin 1924, 1925 og 1927 og semja nokkrar yfirlitsskýrslur upp úr þeim.

Samkvæmt skýrslum þessum hafa tekjuskattsgreiðendur á öllu landinu til uppjafnaðar verið um 25100, þar af um 170 félög, og skattskyldar tekjur að meðaltali þessi ár 34—35 milljónir króna. Hefir þá verið dregið frá tekjunum, auk alls kostnaðar við öflun þeirra: persónufrádráttur einstaklinga (kr. 500), allir vextir af skuldum, tryggingaiðgjöld, skattar, svo sem: fasteignagjöld, útsvör, tekju- og eignarskattur (um 6 millj. króna hvert ár), þriðjungurinn af framlögum til varasjóða félaga etc.

Af þeim 24930 einstaklingum, sem tekjuskatt greiddu þessi ár, höfðu um 16850, eða nærri 70% gjaldendanna, *undir* 1000 krónum í skattskyldar tekjur. Samtals námu skattskyldar tekjur þessara gjaldenda allra ekki 7,5—8 milljónum króna, eða um 23% af hinum skattskyldu tekjum. En um 30% skattgreiðendanna fengu í sinn hlut full 77% teknanna. Um 190 einstaklingar töldu fram að meðaltali hvert þessara ára um 3½ milljón skattskyldra tekna samtals. Þótt allur tekju- og eignarskattur einstaklinga og félaga hefði verið lagður eingöngu á þessa 190 menn, hefðu þeir samt haft eftir af hinum skattskylda hluta tekna sinna 2,2—2,3 milljónir króna samtals hvert þessara ára til uppjafnaðar. Er þó þess að gæta, að tekjuákvörðun þessara manna er byggð á þeirra eigin framtölum, en um tekjur mikils þorra annara skattgreiðenda liggja fyrir skýrslur frá þeim, sem greiða laun þeirra.

Skattskyldar eignir samkvæmt skattskýrslunum voru tæplega 100 milljónir króna. En aðeins 4600, eða 18% tekjuskattsgjaldenda, áttu svo miklar eignir, 5000 krónur, að þeim bæri að greiða eignarskatt. Um 80% þeirra, er eignarskatt greiddu, áttu samtals aðeins um þriðjung eignanna. En 20%, um 900 menn, áttu 65—70%. Einir 100 menn, eða 1‰ af landsfólkinu, töldu fram samtals um 25 milljónir króna skattskyldra eigna. Þeir áttu fullan fjórðung allra eignanna. Og þó er þess að gæta, að í eignaframtölum eru allar fasteignir taldar með fasteignamatsverði, sem er langt undir sannvirði.

Í samanburði þessum á tekjum og eignum landsmanna er miðað við meðaltal þriggja ára. Í einstökum árum, t. d. 1925, er mismunurinn langtum gífurlegri.

Tekju- og eignarskattur til ríkissjóðs hefir að undanförnu numið um 1200 þús. kr. á ári að meðaltali. Það er tæplega 3,5% af skattskyldum tekjum til uppjafnaðar.

Verður því ekki annað sagt en að Alþingi hafi mjög linlega notað þennan sjálfsagðasta tekjustofn fyrir ríkissjóðinn.

Auðvitað verður að taka fullt tillit til þess, að tekjur manna og eignir eru jafnframt skattstofnar sveitar- og bæjarfélaganna, því að útsvörin eru viðast að miklu leyti lögð á þessa skattstofna. En jafnvel þótt gert væri ráð fyrir því — sem ekki er —, að öll útsvörin, um 4,2 millj. króna, væru lögð beinlínis

á tekjur og eignir, hefðu samanlögð útsvör og tekju- og eignarskattur eigi orðið nema um 15% af skattskyldum tekjum til uppjafnaðar þessi ár.

Þegar þess er gætt, að þorri fátækari stéttanna um land allt greiðir um 10% af launum, sem tæplega eða alls eigi hrökkva fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, í tolla og vegna tollanna, er það augljóst, að mjög er hlíft þeim hluta teknanna, sem kallast að vera umfram þurftarlaun, því að allt bendir til þess, að skatturinn af þeim hluta sé lægri en af þurftartekjunum. Veldur því að nokkru sá ágalli tekjuskattslaganna, að persónufrádrátturinn er allt of lágur, og þó enn fremur hitt, að allverulegur hluti útsvaranna er víða lagður á eignalausa lágtekjumenn.

Sé persónufrádrátturinn hækkaður og færður til samræmis við mismunandi dýrtíð í landinu, stighækkun tekju- og eignarskattsins aukin og tollar á nauðsynjum og framleiðsluvörum lækkaðir allverulega, má auðveldlega hækka þennan skatt til stórra muna, án þess að nokkrir aðrir en vel efnaðir menn með háar tekjur og einhleypingar með miðlungstekjur verði fyrir skatthækkun. Hækkun persónufrádráttarins og lækkun tollanna á nauðsynjavörum gerir meira en að bæta fjölskyldumönnum með miðlungstekjur upp hundraðstöluhækkun skattsins. Og sama er um atvinnufyrirtæki, er berjast í bökkum, tapa annað árið og græða hitt, en nú greiða ár hvert svo þúsundum króna skiptir í tolla af framleiðsluvörum.

Það þykir ekki orka tvímælis, að stighækkandi tekju- og eignarskattur sé hinn réttlátasti skattur. Einstaklingar, sem græða stórfé og safna auði, hafa ekki sjálfir skapað þann auð eða unnið fyrir gróðanum. Þeir hafa neytt þjóðfélagsaðstöðu sinnar, notað sér gróðaskilyrðin, sem þjóðfélagið hefir skapað og heldur við. Þjóðfélagið hefir því í raun réttri hjálpað þeim til þess að græða og safna auði. Þess vegna ber þjóðfélaginu að réttum lögum nokkur hluti gróðans fyrir aðstoð sína, og því stærri hundraðshluti, sem gróðinn er meiri. Sama verður uppi á teningnum, ef litið er á málið frá þeirri hlið, hverja afneitun það kosti gjaldendurna að greiða skattinn. Maður, sem hefir 5000 krónur í tekjur, á erfiðara með að greiða 5% af þeim í skatt en hinn, sem hefir 50000 króna tekjur, á með að greiða 20%. Annar á eftir 4750 krónur fyrir þörfum og til söfnunar starfsfjár eða sparifjár; hinn á eftir 40000 krónur til hins sama og þarf því ekki að neita sér um neitt þrátt fyrir skattinn.

Tekjuskattur, sem leggst aðeins á gróða fyrirtækja og tekjur einstaklinga umfram þurftarlaun, verður aldrei til þess að auka dýrtíð í landinu eða íþyngja atvinnulífinu. Hann greiðist milliliðalaust, og sleppa gjaldendur því við að borga nokkra álagningu á skattinn. Tekju- og eignarskatturinn getur og orðið til þess að hamla nokkuð vaxandi misjöfnun efnahagsins í landinu. Og loks er þess að gæta, að með hækkandi verði fasteigna, vaxandi tekjum og velmegun og fjölgun íbúanna eykst þessi skattur sjálfkrafa.

Það, sem hér að framan hefir verið sagt um tekju- og eignarskatt, gildir og að sjálfsögðu um útsvörin, að svo miklu leyti sem þau eru lögð á eftir sömu reglum og tekju- og eignarskattur. Mælir því ýmislegt með því að leggja þessa skatta á og innheimta í einu lagi og skipta síðan milli hlutaðeigandi sjóða: ríkissjóðs og sveitar- og bæjarsjóða. En þar sem útsvörin hafa til uppjafnaðar verið

meira en þrefalt hærri en tekju- og eignarskatturinn og vitað er, að allmikill hluti útsvaranna er víða lagður á eftir öðrum reglum, eru talsverðir örðugleikar á því að gera svo stórfellda breytingu í einni svipan. Ennfremur myndu margir telja, að freklega væri tekið fram fyrir hendur sveitar- og bæjarfélaga, ef sett væru lög um stórfellda röskun á tekjustofnum þeirra, algerlega að þeim fornspurðum. Liggur og nærri fyrir sveitar- og bæjarfélög að nota meira en gert hefir verið hér yfirleitt þann skattstofn, sem víðast erlendis er þeirra aðalskattstofn, en það eru fasteignirnar, og þá sérstaklega lóðir og lendur. Hinsvegar virðist eðlilegt og sjálfsagt að veita þeim heimild til að taka nú þegar a. m. k. sem svarar nokkrum hluta útsvaranna sem tekju- og eignarskatt. — Annars hlýtur að reka að því mjög bráðlega, að önnur skipun verði gerð á fátækraframfærslunni, sem er aðalútgjaldaliður flestra bæjar- og sveitarfélaga, en nú er. Annaðhvort með því, að alþýðutryggingar verði lögboðnar eða á þann hátt, að ríkið taki á sig fátækraframfærsluna að meira eða minna leyti og komi á meiri jöfnuði milli hinna einstöku héraða um framlög til fátækramála.

Skattstjórinn í Reykjavík hefir reiknað út með mér, hve miklu tekju- og eignarskatturinn samkv. frv. mundi nema, miðað við meðalskatt greiddan ríkissjóði árin 1924—1928 og skattskýrslur áranna 1924, 1925 og 1927.

Samkvæmt þessum útreikningum mun mega áætla tekju- og eignarskattinn, ef frv. verður að lögum, um 2065 þús. krónur. Áætlað er, að tekjuskattsgjaldendum fækki um h. u. b. 9000 vegna aukins persónufrádráttar, og skattskyldar tekjur lækki um nærri $7^1/_2$ milljón af sömu ástæðu.

Með vaxandi festu í framkvæmd tekjuskattslaganna og auknu eftirliti með framtölum, sbr. skipun ríkisskattanefndar, má telja víst, að skatturinn fari fram úr þessari upphæð að meðaltali, ef afkoma landsmanna ekki versnar frá því, sem nú er. Tel ég því, að óhætt sé að áætla tekjuauka ríkissjóðs, ef frv. verður samþykkt, að minnsta kosti

kr. ≈50000,00,

og er þá hægt að létta tollum, er þessari upphæð nema, af nauðsynjavörum almennings.

Skattstjórinn hefir ennfremur gert samanburðarskýrslur um tekjuskatt manns, sem hefir fyrir konu og 3 börnum að sjá. Sýna skýrslurnar skatt af 2500—50000 kr. *hreinum* tekjum (II. skýrsla) og af 1000—50000 kr. *skattskyldum* tekjum í helztu nágrannalöndunum og hér á landi samkv. gildandi lögum, og ennfremur samkv. frv.

I. Skattskyldar tekjur og skattu

	Skatt-einingar	1.000	2.000	3.000	4.000	5.000	6 000	7.000
England	shillings	100	200	300	400	550	750	950
Þýzkaland	ríkism.	100	200	300	400	500	600	700
Danmörk	d.kr.	7	27	57	92	132	177	227
Noregur	n kr.	»	»	60	80	120	160	200
Svíþjóð	s.kr.	51	102	153	204	255	306	357
Ísland	ísl. kr.	7	22	42	72	112	162	222
Skattst. H. G. . . .	ísl. kr.	15	40	90	160	250	360	480

II. Tekjuskattur fjölskyldumanns með þr

	Skatt-einingar	2.500	3 000	3 500	4.000	4.500	5.000	6.000	7.000	8.000
England . .	shill.	»	»	»	»	»	»	»	»	36.7
Þýzkaland. .	ríkism	30.—	60.—	90.—	120.—	150.—	180.—	240.—	340.—	440.-
Noregur . .	n.kr.	»	4.—	14.—	24.—	34 —	44.—	64.—	88.—	128 -
Danmörk . .	d.kr.	»	2 —	7.—	17.—	27.—	42.—	74 50	112.—	154 5
Svíþjóð . .	s kr.	2 55	15,30	28.40	40 80	53 50	71.40	122 40	173.40	285.6
Ísland . . .	ísl.kr.	»	3.—	7.—	14.50	22.—	32.—	57.00	92.—	137.-
Skattst. H. G	ísl.kr	»	»	»	»	7.50	15	40	90	160

Síðari skýrslan sýnir ljóslega, að samkv. frv. lækkar tekjuskattur allra fjölskyldumanna hér í Reykjavík, sem hafa fyrir 3 börnum að sjá og ekki hafa yfir 7000 króna tekjur; þeir fá 4000 kr. af tekjum sínum skattfrjálsar með öllu. Skattur af 5000 króna tekjum lækkar um nærri helming og af 6000 kr. tekjum um tæpan þriðjung. Fyrir þá miðlungstekjumenn, sem hafa fyrir fleirum að sjá, nemur lækkunin miklu meiru. Þar við bætist svo lækkun nauðsynjavörutollanna.

Frv. gerir því ráð fyrir *lækkun* á tekjuskatti alls almennings.

Um 2. gr.

Rétt þykir að hafa ákvæði í lögunum um undanþágu frá skattskyldu fyrir þjónustumenn íslenzka ríkisins erlendis, í stað þess að gefa út um það konunglega tilskipun. Þá virðist og sjálfsagt, að heimild ríkisstjórnarinnar til að semja um gagnkvæmar ívilnanir í skattgjöldum sé ekki bundin við Danmörku eina saman. Hinsvegar virðist ákvæðið um ívilnanir í sveitargjöldum ekki eiga heima í lögum um tekju- og eignarskatt.

af þeim í ýmsum löndum.

8 000	9.000	10.000	12.000	15.000	20 000	25.000	30 000	50.000	Hæsta stig er
1.150	1.350	1.550	1 950	2 550	3.550	4.550	5 550	9.925	50% yfir 600.000
800	925	1.050	1.300	1 750	2.700	3.950	5 300	11.500	40% — 80.000
282	347	412	562	787	1.262	1.812	2.362	4.912	25% — 1.000.000
260	320	380	540	780	1.280	1.880	2 520	5 560	50% — 875 000
408	459	510	591.60	850	1.190	1 615	2 040	3.910	25.5% — 1 000.000
292	372	462	672	1.062	1 912	2.887	3 887	8.337	26% — 100 000
610	750	900	1.220	1.740	2 700	3 800	5 000	10.800	40% yfir 100.000

börn í ýmsum löndum (höfuðborg).

9.000	10.000	12.000	15.000	20.000	30 000	50 000	Frádráttur: Maður	Kona	Börn	Samt.
120.—	203.25	370.—	790.—	1.623.25	3.290.—	7.660.—	2 700	1.800	720	7.480 + 1/5 af tekj.
540.—	640.—	970.—	1.354.—	2.172.—	4.540.—	12.200.—	1.200	10%	10%	2.160
168.—	272.—	332.—	556.—	1.000.—	2.144.—	4.928.—	1.000	500	500—400	2 800
202.—	254 50	379.50	599.50	1.024.50	2.087.—	4 574.50	800	800	300	2 500
336.60	387.60	489.60	686.80	1.026.80	1.836.—	3.665.20	1.200	300	300	2 400
192.—	257.—	417.—	732.—	1 457.—	3.387.—	7.762.—	500	500	500	2 500
250	360	610	1.060	1.920	4.040	9.520	1,200	1.000	600	4 000

Um 4. gr.

Meiri hluti nefndarinnar hefir aukið inn í lögin til skýringar: »Ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir«. Rétt þykir, að skýr ákvæði séu og í lögunum um að fyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga og sjóðir þeirra séu einnig undanþegin tekju- og eignarskatti.

Um 6. gr.

Auk hækkunar skattstigans er hér gert ráð fyrir þeirri breytingu, að sami skattstigi gildi fyrir félög og einstaklinga. Félög með lítið hlutafé greiða nú margfaldan skatt á við félög með mikið hlutafé, þótt skattskyldar tekjur beggja séu jafnar. Virðist eigi sanngjarnt að skattleggja hinn skattskylda hluta tekna smærri félaganna freklegar en hinna stærri, né heldur til að hafa mismunandi skattstiga fyrir félög og einstaklinga. Þann mismun, sem rétt telst að gera á þessum gjaldendum, á að gera með mismunandi frádrætti við ákvörðun hins skattskylda hluta teknanna, en sjálfsagt virðist, að sami skattur greiðist jafnan af

sömu skattskyldum tekjum, hver sem í hlut á. Lágmarksskattgjald hlutafélaga og erlendra manna er lagt til að verði 10%, í stað 5%. Skattgjald samvinnufélaga er hækkað úr 6% upp í 10%.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Samsvarar 10. gr. í frv. meiri hlutans. Hefir meiri hl. tekið upp í hana ákvæðin um, að verðlagsuppbót og stofnsjóðstillög samvinnufélaga skuli eigi teljast til skattskyldra tekna félagsins. Virðist því rétt að hafa í sömu grein tilsvarandi ákvæði um varasjóðstillög félaga og hlutafjárvexti. Lagt er til, að skattfrjálsir hlutafjárvextir séu ákveðnir 4%, eins og nú, og að lögboðið tillag til varasjóða samvinnufélaga sé allt skattfrjalst. Virðist það sjálfsagt, þar sem samvinnulögin mæla svo fyrir, að þótt félagsslit verði, megi varasjóðurinn eigi renna til félagsmanna. Ákvæði um, hve mikill hluti af tekjum vátryggingarfélaga skuli skattskyldur teljast, virðist ástæðulaust að láta ráðherra setja, þar sem skapast hefir föst venja um þau efni, sú, er frv. greinir, og ákvæðin um framtalsfrest slíkra félaga eiga heima í 34. gr.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Tap á atvinnurekstri hlýtur að koma fram þannig, að gjöld og rekstrarkostnaður samkv. a.-lið verði hærri en tekjurnar. Virðist því liðnum ofaukið. Iðgjöld til almennra trygginga og atvinnufélaga virðist jafnsjálfsagt að draga frá og önnur iðgjöld. Efni g.-liðs er tekið upp í 9. gr. Gert er ráð fyrir, að ákvæðin um, að útsvör og tekju- og eignarskattur komi til frádráttar, haldist, ef skattstiginn er hækkaður samkv. 6. gr., en þó því aðeins, að greidd séu á réttu gjaldári. Skapar það nokkurt aðhald um innheimtuna. Sé skattstiginn ekkert hækkaður, verður aftur á móti óumflýjanlegt að fella ákvæðið um frádrátt þessara skatta niður. Með því fæst nokkur hækkun á skatti af hátekjum.

Um 13. gr.

Persónufrádrátturinn er hér hafður mismunandi, eins og í frv. meiri hl., en nokkru hærri. Fyrir 5 manna fjölskyldu verður hann: Í Reykjavík kr. 4000, í kaupstöðum kr. 3300 og annarsstaðar kr. 2600. Eigi frádrátturinn að nálgast þurftarlaun fjölskyldunnar, má hann ekki lægri vera. Er ákvæðið sett hér með hliðsjón af mati Alþingis á þurftarlaunum, er það í fyrra samþykkti lögin um verkamannabústaði og ákvað tekjuhámark þar kr. 4000. Þá er aldurshámark barna, er framfærslueyrir dregst frá fyrir, hækkað úr 14 í 16 ár. Er það gert með tilliti til þess, að flestir unglingar stunda eitthvert nám, bóklegt eða verklegt, að minnsta kosti 2 ár eftir lok skólaskyldualdurs. Ákvæðið um frádrátt hlutabréfavaxta er tekið upp í 9. gr.

Um 15. gr.

Auk hækkunar skattstigans er hér gert ráð fyrir þeirri breytingu, að þeir, sem eiga yfir 5000 króna eignir, greiði skatt af eignunum öllum, en eign, sem ekki er yfir 5000 kr., sé skattfrjáls.

Um 17., 19. og 21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Hér er lagt til, að sú breyting verði gerð, að í stað þess, að þeir einir, sem »hafa skattskyldar tekjur«, skuli afhenda framtöl, sé ákveðið, að allir, er hafa tekjur eða eignir samkv. 8. og 19. gr., hafi þessa skyldu.

Skattanefndir geta eigi gengið úr skugga um, hverjir hafa skattskyldar tekjur eða eignir. nema þeir fái framtölin. Ákvæðið um framtalsfrest vátryggingarfélaga er sett samkv. viðteknum venjum.

Um 35. gr.

Hér er aukið inn í 36. gr. í frv. meiri hl. ákvæði um rétt ríkisskattanefndar til aðgangs að bókum lánsstofnana. Að öðru leyti er greinin að mestu samhljóða 32. gr. gildandi laga.

Um 36. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Það nýmæli er í þessari grein, að á skattskrá skuli greina tekjur, frádrátt og eignir gjaldenda auk skattsins. Ennfremur, að sérstaka skrá skuli semja um tekjur og eignir framteljenda, sem engan skatt greiða. Er þetta ákvæði í samræmi við aukna framtalsskyldu samkv. 34. gr. og til þess að fá fyllri vitneskju um tekjur og eignir landsmanna yfirleitt. Loks eru sett sérstök ákvæði um, hvenær skattskrá skuli lögð fram í Reykjavík. Er það í samræmi við 34. gr.

Um 39.—42. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

Grein þessi er að efni til samsvarandi 44. gr. í frv. meiri hl. Aðeins er orðalagi nokkuð breytt og fyllri ákvæði sett um starfssvið ríkisskattstjóra.

Um 42. gr.

Hér er sett inn ákvæði um dráttarvexti og heimildin fyrir fjármálaráðherra til þess að ákveða, að gjalddagar skuli vera fleiri en einn, og að skattmerki skuli gera, ef henta þykir.

Um 51. og 53. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr.

Hér er lagt til, að sveitar- og bæjarfélögum sé heimilað að hækka tekjuskattinn um 50%. Rennur þá sú hækkun í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð, og að auki 1/3 eignarskattsins. Hækkun þessi ásamt 1/3 eignarskattsins er áætlað að mundi nema um 950 þús. kr. á öllu landinu. Mætti þá lækka útsvörin um þá upphæð, eða ca. 22%, ef heimildin væri notuð. Ætti þá skatturinn til ríkissjóðs að lækka um h. u. b. 150 þús. kr. frá því, sem að framan er áætlað. En ekki er ólíklegt, að talsvert af þeirri upphæð fengist aftur vegna meiri nákvæmni og festu við skattaákvörðun í héruðunum, er þau sjálf fengju þriðjung skattsins til sjóða sinna. Mælir margt með því, að skattgjald til ríkis og héraðssjóða, er hvílir á sömu skattstofnum, sé lagt á í einu lagi og síðan skipt milli hlutaðeigenda. Heimild þessi er sett sem ákvæði um stundarsakir, vegna þess, að þegar létt er af héruðunum kostnaði við fátækraframfærsluna, verður tekjuþörf þeirra ekki jafnbrýn og nú er hún. En þörfin fyrir stórfelldar breytingar á fátækralöggjöfinni eða víðtækar alþýðutryggingar er nú orðin svo aðkallandi, að þess verður varla langt að bíða, að hafizt verði handa til umbóta í þeim efnum.

Athugasemdirnar um einstakar greinar frumvarpsins eru eingöngu miðaðar við það, sem frábrugðið er frv. meiri hl. milliþinganefndarinnar í tolla- og skattamálum (þskj. 65) og prentað er með skáletri í frv. hér að framan. Að öðru leyti vísast til athugasemda meiri hluta nefndarinnar með frv. á þskj. 65.

Fylgiskjal I.

Álit og tillögur

frá minni hluta milliþinganefndar í tolla- og skattamálum.

Verkefnum þeim, sem hinu opinbera er falið að inna af hendi fyrir alla einstaklinga þjóðfélagsheildarinnar sameiginlega, fjölgar æ meir og meir. Má segja, að hina síðari áratugi hafi þróunin öll beinzt í þá átt að auka hina lögboðnu samvinnu einstaklinganna og opna henni ný og ný svið.

Fræðslumál, heilbrigðismál, löggæzla og réttarfar — allt hefir þetta um langt skeið verið talið sjálfsagt verkefni hins opinbera. Og kröfurnar um auknar aðgerðir í þessum efnum aukast með ári hverju. Jafnframt eru bornar fram sívaxandi kröfur um margháttaða opinbera forsjá, t. d. í tryggingarmálum, og um beinar verklegar framkvæmdir til almenningsheilla, auk fjárhagslegs stuðnings til einstaklinga og stétta, er búa við sérstaklega erfiða aðstöðu eða vinna að því að beina atvinnulífi þjóðarinnar inn á nýjar brautir.

Óumflýjanleg afleiðing þessarar þróunar hefir orðið sú, að fjárþörf hins opinbera hefir aukizt mjög. En hinu má heldur ekki gleyma, að margvíslegum kostnaði hefir verið létt af einstaklingunum, aðstaða margra þeirra til fjáröflunar

stórum bætt og verðmæti fasteigna þeirra aukizt ákaflega beinlínis fyrir aðgerðir og fjárframlög hins opinbera.

Sést þetta bezt á því, að þrátt fyrir síhækkandi gjöld til hins opinbera hafa eignir landsmanna og gjaldþol þeirra aukizt stórkostlega síðustu áratugina.

Þjóðfélag, sem ekki á eignir eða arðberandi fyrirtæki, verður að afla sér tekna með sköttum. Hjá því verður ekki komizt.

Svo er um okkur Íslendinga.

Allir skattar, hvort heldur er til ríkissjóðs eða bæjar- og sveitarsjóða, eiga að greiðast af því, sem afgangs er af heildartekjum þjóðarinnar, þegar hún hefir goldið andvirði brýnustu nauðsynja sinna. Hrökkvi tekjurnar eigi fyrir brýnustu þörfum einstaklinga þjóðfélagsins og sköttum til hins opinbera, er aðeins þrennt til: *að* eyða af eignum, *að* auka skuldir eða *að* fara á mis við nauðsynjar. Gildir þetta jafnt um einstaklingana hvern og einn sem um þjóðina í heild.

Ber því að haga skattalöggjöfinni svo, að meginþungi skattanna lendi beint á tekjum, sem eru umfram það lágmark, er nauðsynlegt verður að teljast á hverjum stað og tíma til sæmilegs lífsviðurværis, en nauðsynjar manna og þurftartekjur séu eigi skattlagðar.

Tollar á nauðsynjum almennings, svo sem: fatnaði, matvælum, eldsneyti, byggingarefnum o. þ. h. hljóta jafnan að verða til þess að auka dýrtíðina í landinu, og því meir sem þessir tollar eru hærri. Hækki tekjur manns, verkamanns, bónda eða handiðnarmanns, sem býr við tæpustu þurftarlaun, eigi að sama skapi sem dýrtíðin eykst vegna tollanna, verður hann að fá framfærslustyrk til viðbótar tekjunum, eða safna skuldum, eða fara ýmissa nauðsynja á mis. En það þýðir, að hann verður að sætta sig við lakari klæði, lélegra og fábreyttara fæði og þrengri og óvistlegri húsakynni fyrir sig og sína. En það er til óbætanlegs tjóns fyrir þjóðina, ef einstaklingar hennar neyðast til að sætta sig við óholl húsakynni, ónóga og lélega fæðu og fatnað af skornum skammti. Með því er starfsþreki fólksins stefnt í beinan voða og spillt þroska barna og unglinga, sem vaxa upp við slík kjör.

Sé hinsvegar gert ráð fyrir því, að kaupgjaldið hækki að sama skapi og dýrtíð eykst vegna tollanna, — en það gerir það aldrei fyrr en eftir langan tíma og sjaldnast deilulaust —, þá færast tollarnir yfir á atvinnurekendurna, sem kaupið greiða, alveg án tillits til efnahags þeirra, og verða því oft til þess að íþyngja framleiðslustarfseminni. Sama gildir um tolla af framleiðsluvörum, svo sem salti, kolum, olíu, vélum, veiðarfærum o. þ. h., að svo miklu leyti sem þeir eru greiddir af einstaklingum eða fyrirtækjum, sem berjast í bökkum fjárhagslega.

Auk þess er þess að gæta, að tollarnir eru dýrastir í innheimtu allra skatta. Álagning þeirra, sem vörurnar selja, á tollarnir eru oft 25—50%, eða jafnvel enn meira. Þessa álagningu verða landsmenn að borga umfram tollaupphæðina, sem ríkissjóður fær.

Enn er þess að gæta, að ríkissjóður, sveitar- og bæjarsjóðir greiða sjálfir beinlínis mjög verulegan hluta tollanna, að viðbættri álagningunni, þegar tollaðar eru nauðsynjar sjúkra manna og snauðra, sem hið opinbera leggur framfærslustyrk, og launakjör allra opinberra starfsmanna eru miðuð við dýrtíðina í landinu að talsverðu leyti.

Í orði kveðnu er það og viðurkennt af flestum, að skattana beri að leggja á eftir efnum og ástæðum, mesta á þá, sem mest hafa gjaldþolið og njóta sérstakra fríðinda, en forðast að íþyngja framleiðslustarfseminni í landinu eða auka á fátækt og skort þeirra, sem fátækastir eru og versta hafa aðstöðuna.

En í reyndinni er þessi regla þverbrotin. Meginhluti:nn af tekjum ríkissjóðs er tekinn með tollum, og að mjög miklu leyti með tollum á beinar nauðsynjavörur, sem enginn getur án verið. Hinar gegndarlausu tollaálögur hafa orðið til þess að íþyngja framleiðslustarfseminni, atvinnulífinu í landinu, auka dýrtíð og skapa fjölda fólks lakari lífskjör. Og við Íslendingar getum ekki einu sinni afsakað okkur með því, að við með tollunum höfum reynt að auka innlendan iðnað. Tollarnir hafa hér verið á lagðir með það eitt fyrir augum að afla ríkissjóði tekna án þess að nota nema að mjög litlu leyti þá skattstofna, sem sjálfsagðastir eru taldir í hverju siðuðu þjóðfélagi. En það eru: Skuldlausar eignir landsbúa, tekjur þeirra umfram þurftarlaun og sú verðhækkun fasteigna í landinu, sem verður til fyrir aðgerðir hins opinbera án beins tilverknaðs eigendanna sjálfra. Tekjur umfram þurftarlaun er og hægt að skattleggja með því að leggja tolla á beinar munaðarvörur og óhófsvörur. Slíkir tollar íþyngja ekki atvinnulífinu né auka dýrtíð í landinu. En óneitanlega virðist mjög seilzt um hurð til loku, að hvetja landsbúa til þess að kaupa t. d. áfengi og tóbak frá útlöndum fyrir milljónir króna til þess að fá nokkur hundruð þúsunda í ríkissjóðinn. Og jafnan orkar mjög tvímælis, hvað telja skuli »munaðarvörur«. Sykur er nú t. d. tollaður alveg gífurlega sem munaðarvara, en er fullkomin nauðsynjavara, og mætti svo lengi telja.

Árin 1924 til 1927 hafa tekjur ríkissjóðs, aðrar en tekjur af eignum og starfrækslu, numið liðlega 10 milljónum króna á ári til uppjafnaðar. Hverjir eru aðaltekjuliðirnir, sést á eftirfarandi

Skýrslu um þessar tekjur ríkissjóðs árin 1924—1927, samkv. rekstrarreikningum.

		1924 þús. kr.	1925 þús. kr.	1926 þús. kr.	1927 þús. kr.	Meðaltal allra áranna þús. kr.	Af öllum skatttekjum %
I. Fasteignaskattur		228	235	239	259	240	2,3
Tekju- og eignarskattur		841	2109	1071	737	1190	11,7
Erfðafjárskattur		41	37	72	31	45	0,5
	Samtals	1110	2381	1382	1027	1475	14,5%
II. Aukatekjur, stimpilgjald, vitagjald, lestagjald, bifreiðask. o. fl.		1148	1296	1255	1336	1258	12,5
III. Áfengi, tóbak, súkkulaði, sætmeti o. fl.	Tollur	1246	1755	2184	1632	1704	16,8
	Verzl.hagn.	805	1000	200	325	583	5,7
	Samtals	2151	2755	2384	1957	2287	22,5%

IV. Útflutningsgjald	970	1227	878	1184	1065	10,5%
V. Vörutollur	1573	2176	1415	1167	1583	15,7
Verðtollur	898	2086	1305	957	1312	13,0
Kaffi- og sykurtollur ...	1086	1094	1160	1201	1135	11,3
Samtals	3557	5356	3880	3325	4030	40,0

Tekjuflokkur I., sem ýmsir nefna beina skatta, hefir þannig numið til uppjafnaðar á ári um	kr.	1475	þús. eða um	14,5%
Tekjuflokkur II., sem að nokkru leyti er greiðslugjöld, en að mestu óbeinir skattar	—	1258	— — —	12,5%
Tekjuflokkur III.: Tekjur af munaðarvörum, tollar og verzlunarhagnaður (þess er að gæta, að tóbakseinkasalan var lögð niður í árslok 1925)	—	2287	— — —	22,5%
Tekjuflokkur IV., útflutningsgjaldið	—	1065	— — —	10,5%
og tekjuflokkur V., sem að mjög miklu leyti er tollar af nauðsynlegum varningi	—	4030	— — —	40,0%
Samtals	kr.	10115	þús.	100%

Sést af yfirliti þessu, að beinu skattarnir svo kölluðu eru aðeins 14,5% af skatttekjum ríkissjóðs, ef verzlunarhagnaðurinn á tóbaki og áfengi er talinn sem skattur á þessum vörum, en 85,5% er tekið sem óbeinir skattar. Vörutollur, verðtollur og kaffi- og sykurtollur eru $^3/_5$ af öllum skatttekjunum, eða yfir 4 milljónir króna á ári hverju. Allur tekju- og eignarskatturinn er aðeins örlítið hærri en kaffi- og sykurtollurinn einn saman, 10% lægri en verðtollurinn og 30% lægri en vörutollurinn einn. Fasteignaskattur og tekju- og eignarskattur eru til samans að upphæð aðeins ríflega þriðjungur þessara tolla.

Séu skattgreiðslur landsmanna til sveitarsjóða, bæjarsjóða og ríkissjóðs teknar í heild, raskast þetta hlutfall allverulega, því að aðaltekjur sveitar- og bæjarsjóðanna eru útsvörin og nokkur fasteignagjöld í kaupstöðunum og sumum kauptúnanna.

Útsvör í öllum kaupstöðum landsins árið 1926 og í sveitum fardagaárið 1925—1926 námu samtals um 4199 þús. kr. Fasteignagjöld til sveitar-, bæjar- og sýsluvegasjóða voru sömu ár um 396 þús. krónur. Sé gert ráð fyrir, að þessar tölur séu nærri meðallagi fyrir árin 1924—1927, hafa allar skattgreiðslur landsmanna til sveitar-, bæjar- og ríkissjóðs numið um 14 milljónum og 710 þúsund krónum til uppjafnaðar á ári, og skiptist sú upphæð þannig:

Útsvör, fasteignaskattur, tekju- og eignarskattur og erfðafjárskattur	kr.	6070	þús. eða um	41%
Tollar og aðrir óbeinir skattar	—	8640	— — —	59%
Samtals	kr.	14710	þús. eða um	100%

Skattar til hins opinbera hafa þannig numið til uppjafnaðar á ári því nær 150 krónum á hvert mannsbarn á landinu. Aðeins tæpar 54 krónur, eða

röskur þriðjungur af þeirri upphæð, hefir verið lagt á eftir efnum og ástæðum gjaldenda sem tekju- og eignarskattur eða útsvar. En tollar og aðrir óbeinir skattar hafa numið 86—87 krónum á nef hvert í landinu, eða sem svarar 430 krónum á hverja 5 manna fjölskyldu, auk álagningar verzlana á tollana. Sést á þessu, hversu gífurlega Alþingi hefir magnað dýrtíðina í landinu með álögum tolla og annara óbeinna skatta, íþyngt atvinnulífinu og gert erfiðari kjör fátækasta hluta þjóðarinnar.

Þessir skattar skiptast þó vitaskuld eigi jafnt niður á landsfólkið. Nokkurn hluta þeirra má skoða sem greiðslur fyrir unnin störf, svo sem aukatekjurnar. Áfengis- og tóbakstoll og tolla af öðrum óþörfum vörum greiða þeir einir, sem vörurnar kaupa, og útflutningsgjaldið greiðist eigi af verkamönnunum beinlínis. Enn er þess að gæta, að þeir, sem búa mikið að sínu, geta ef að kreppir sparað nokkuð við sig kaup á tollaðum varningi. En óhætt mun að telja, að 5 manna verkamannafjölskylda hér í Reykjavík með 3000—4000 króna árstekjur greiði um 10% af tekjum sínum í tolla og vegna tollanna. Er þó ekki gert ráð fyrir, að hún kaupi annað af munaðarvörum en lítilsháttar af neftóbaki eða reyktóbaki. Þarf eigi að eyða orðum að því, hversu gífurlegt ranglæti það er að skattleggja svo freklega tekjur, sem trauðla hrökkva fyrir allra brýnustu þörfum, þótt hins ýtrasta sparnaðar sé gætt í hvívetna.

Í Danmörku námu fasteignaskattar og tekju- og eignarskattar til ríkis, sveita og bæja árið 1927 um 431 milljón danskra króna, og var sú upphæð um 56% af heildartekjunum. En hér er hlutfallið milli þessara skatta, að útsvörum meðtöldum, annarsvegar og tolla og annara óbeinna skatta hinsvegar 2 á móti 3, og eru þó ótaldar tekjur af eignum og fyrirtækjum ríkisins, svo sem pósti, síma og eignum og fyrirtækjum bæjarfélaganna og sveitarfélaganna.

Tekju- og eignarskattur og fasteignaskattur námu árið 1927 að meðaltali yfir 150 ísl. krónum á íbúa hvern í Danmörku, eða heldur meiru en allir skattar og tollar samanlagt til ríkis, bæja og sveita hér á landi sama ár.

Ég lít svo á, að einmitt þessa tekjustofna beri okkur Íslendingum að nota miklu meira en við höfum gert undanfarna áratugi. Og ennfremur, að rétt sé og sjálfsagt, að ríkið taki í sínar hendur einkasölu á vissum vörutegundum til tekjuöflunar fyrir ríkissjóðinn.

Samkvæmt framansögðu ber ég fram frv. til laga um tekju- og eignarskatt og fasteignaskatt, þar sem lagt er til, auk tillagna um ýmsar aðrar breytingar á núgildandi lögum um þessi efni, að

tekju- og eignarskattur hækki um	...	ca. kr.	850 þús.
og fasteignaskatturinn — —	...	— —	600 —
eða báðir samtals á ári um		ca. kr.	1450 þús.

Er þá hægt að létta af nauðsynjavörutollum, er nema þessari upphæð árlega.

Hv. meðnefndarmenn mínir hafa því miður eigi getað orðið mér sammála í þessum atriðum, og verð ég því einn að bera fram frv. þessi og tillögur. Hinsvegar hefir annar hv. meðnefndarmanna minna (HStef) verið mér

sammála um það, að leggja til við hæstv. ríkisstjórn, að hún leggi fyrir Alþingi frv. til laga um einkasölu á tóbaki. Svar við þessari tillögu höfum við enn ekki fengið, en frv. um þetta efni mun verða lagt fyrir Alþingi.

Tekjur ríkissjóðs af tóbakseinkasölunni höfum við áætlað um 200 þús. kr. á ári.

Í lok þessa árs falla verðtollslögin úr gildi. Í fjárlögum er hann áætlaður 1500 þús. kr. Ef Alþingi samþ. tekjuaukafrumvörp þau, sem ég hér að framan hefi drepið á, er ríkissjóði að fullu bættur sá tekjumissir eða tilsvarandi lækkun tolla á beinum nauðsynjavörum og framleiðsluvörum. Auk þess er hægt að lækka t. d. sykurtollinn um 150—200 þús. krónur. En 1650 þús. króna tollalækkun til ríkissjóðs samsvarar a. m. k. um 2 milljóna króna skattalækkun á landsmönnum, vegna álagningarinnar á tollana. Af slíkri tollalækkun myndi leiða minnkandi dýrtíð, létti fyrir atvinnulífið og hagsbætur fyrir allan almenning í landinu.

Alþingi, 10. febr. 1929.

Haraldur Guðmundsson.

Fylgiskjal II.

Töflur

þær, er hér fara á eftir, eru gerðar eftir tvennskonar heimildum. Töflurnar úr Reykjavík eru gerðar eftir skrá þeirri, sem gerð er í skattstofu Reykjavíkur vegna Hagstofu Íslands um álagðan tekjuskatt og eignarskatt. Er sú skrá gerð svo, að aurar eru ekki taldir, heldur eru 50 aurar eða meira talin heil króna, en minni upphæð sleppt. Til hægðarauka var því flokkað niður eftir upphæð skattskyldra tekna og eigna.

Töflurnar utan Reykjavíkur eru gerðar upp úr skattskrám þeim, er sýslumenn leggja sem fylgiskjöl með skilagrein þeirri, er þeir gera fjármálaráðuneytinu fyrir innheimtum manntalsgjöldum. Voru skattskrárnar leiðréttar af yfirskattanefnd. Voru þær leiðréttingar venjulega eingöngu gerðar á skattupphæðinni. Er flokka skyldi í tekju- og eignarflokka, varð að láta skattupphæðina ráða, og var því skatturinn flokkaður, en tekju- og eignarupphæðin reiknuð út síðar.

Villur í töflum þessum geta því aðallega komið fyrir þar, sem vikið er út af venjulegum skattstiga, svo sem þegar skattur útlendinga er reiknaður af lágum tekjum eða eignum. Hitt ber einnig alloft við, að skatturinn er rangt reiknaður eftir tekju- og eignarupphæð þeirri, sem skattskyld er talin. Svo sem áður er getið, ræður þá skatturinn utan Reykjavíkur, en tekju- eða eignarupphæðin í Reykjavík.

Tekjuskattur

Nr.		1924			1925		
		Tala gjaldenda	Skattskyldar tekjur	Tekjuskattur	Tala gjaldenda	Skattskyldar tekjur	Tekjuskattur
1	100—500	1334	459 000	2 733	1093	369 950	2 220
2	500— 1 þús.	1780	1 335 000	8 900	1799	1 408 700	9 471
3	1— 2 —	1336	2 007 000	19 396	1482	2 264 000	22 104
4	2— 3 —	830	2 076 000	26 571	990	2 506 000	32 300
5	3— 4 —	415	1 440 000	23 556	542	1 896 500	30 879
6	4— 5 —	223	999 000	20 389	286	1 295 400	26 648
7	5— 6 —	149	820 000	20 413	153	841 500	20 961
8	6— 7 —	83	542 000	15 974	100	652 800	19 368
9	7— 8 —	61	458 000	15 677	75	567 550	19 628
10	8— 9 —	39	331 000	12 900	39	333 300	13 092
11	9— 10 —	23	218 000	9 591	36	350 750	15 800
12	10— 12 —	36	396 000	20 322	45	498 600	24 636
13	12— 15 —	31	417 000	26 393	41	561 450	36 383
14	15— 20 —	29	493 000	40 036	42	723 100	59 555
15	20— 30 —	18	425 000	47 019	35	843 300	95 013
16	30— 50 —	4	133 000	18 218	16	595 950	87 302
17	50—100 —	3	174 000	30 711	7	503 450	95 536
18	100 þús. og yfir	»	»	»	1	142 250	31 622
	Einstaklingar	6394	12 723 000	358 799	6782	16 354 550	642 518
	Félög	43	690 800	90 798	80	4 135 750	867 750
	Alls	6437	13 413 800	449 597	6862	20 490 300	1 510 268

Eignarskattur

		1924			1925		
		Tala gjaldenda	Skattskyld eign	Eignarskattur	Tala gjald-nda	Skattskyld eign	Eignarskattur
1	5— 10 þús.	323	2 425 500	813	332	2 565 000	905
2	10— 15 —	185	2 308 500	1 384	187	2 317 900	1 383
3	15— 20 —	114	1 998 000	1 499	113	1 982 800	1 475
4	20— 25 —	65	1 435 600	1 259	71	1 590 400	1 392
5	25— 30 —	53	1 450 200	1 433	44	1 227 000	1 225
6	30— 40 —	71	2 455 800	2 872	71	2 484 400	2 910
7	40— 50 —	40	1 777 300	2 395	40	1 807 600	2 455
8	50— 75 —	55	3 314 300	5 615	57	3 437 000	5 808
9	75— 100 —	26	2 257 000	4 717	29	2 491 000	5 182
10	100— 150 —	25	3 047 000	7 713	23	2 870 800	7 366
11	150— 200 —	18	3 142 800	9 349	16	2 734 900	8 076
12	200— 300 —	23	5 517 200	18 869	24	5 736 100	19 585
13	300— 500 —	6	2 199 300	8 723	9	3 427 700	13 728
14	500—1000 —	3	2 115 600	10 057	9	5 804 100	26 914
15	1000 þús. og yfir	2	2 269 300	12 127	1	1 200 000	6 521
	Alls	1009	37 713 400	88 825	1026	41 676 700	104 925

f Reykjavík

1926			1927			1928			Nr.
Tala gjaldenda	Skattskyldar tekjur	Tekju-skattur	Tala gjaldenda	Skattskyldar tekjur	Tekju-skattur	Tala gjaldenda	Skattskyldar tekjur	Tekju-skattur	
853	299 650	1 798	1072	351 800	2 111	1386	448 850	2 693	1
1984	1 566 150	10 545	2070	1 603 500	10 758	1922	1 456 850	9 733	2
1620	2 504 650	24 610	1727	2 642 250	25 818	1819	2 803 650	27 503	3
1284	3 295 350	42 795	1172	2 923 300	37 370	1296	3 255 700	41 786	4
853	2 981 950	48 514	645	2 261 700	36 891	689	2 424 950	39 677	5
456	2 056 150	42 118	311	1 401 400	28 688	315	1 433 550	29 622	6
209	1 144 900	28 403	180	1 000 150	25 168	173	957 350	23 994	7
128	839 100	25 002	107	699 450	20 781	120	786 250	23 415	8
89	670 250	23 066	86	649 700	22 431	77	586 050	20 388	9
48	408 650	15 988	56	478 200	18 768	52	442 600	17 312	10
50	476 750	21 008	37	352 950	15 560	33	315 250	13 918	11
68	790 200	41 043	41	449 400	22 972	40	442 750	22 872	12
54	736 350	47 414	28	378 700	24 183	37	501 350	32 042	13
43	741 400	61 136	15	263 100	22 097	33	567 200	46 769	14
39	923 750	102 734	16	381 250	40 961	15	362 750	40 986	15
8	283 250	40 334	3	115 650	17 166	5	193 550	28 928	16
4	229 800	40 500	2	134 350	24 918	»	»	»	17
»	»	»	»	»	»	»	»	»	18
7790	19 948 300	617 008	7568	16 086 850	396 641	8012	16 978 650	421 638	
70	1 038 050	126 371	71	686 100	70 664	79	962 100	117 112	
7860	20 986 350	743 379	7639	16 772 950	467 305	8091	17 940 750	538 750	

í Reykjavík

1926			1927			1928			
Tala gjaldenda	Skattskyld eign	Eignar-skattur	Tala gjaldenda	Skattskyld eign	Eignar-skattur	Tala gjaldenda	Skattskyld eign	Eignar-skattur	
338	2 620 800	931	354	2 740 800	971	347	2 699 100	964	1
203	2 493 100	1 478	178	2 205 300	1 315	199	2 464 100	1 469	2
104	1 826 100	1 359	114	1 992 100	1 469	113	1 945 200	1 430	3
73	1 641 500	1 440	79	1 753 800	1 525	69	1 538 700	1 342	4
41	1 134 800	1 128	46	1 274 400	1 268	39	1 084 000	1 080	5
76	2 683 000	3 062	74	2 619 800	3 094	79	2 768 100	3 245	6
42	1 858 900	2 500	41	1 825 000	2 381	34	1 546 500	2 107	7
63	3 864 900	6 618	56	3 469 600	5 985	57	3 536 000	6 105	8
28	2 583 000	5 537	32	2 778 100	5 806	32	2 877 800	6 105	9
18	2 233 900	5 714	24	2 850 100	7 144	27	3 366 000	8 631	10
15	2 501 600	7 371	12	2 027 100	5 960	12	2 056 600	6 084	11
23	5 378 000	18 173	20	4 735 500	16 098	22	5 265 100	17 988	12
9	3 525 000	14 214	10	3 855 600	15 488	8	3 194 000	12 938	13
8	4 767 900	21 575	2	1 125 900	4 997	5	2 847 200	12 688	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
1041	39 112 500	91 100	1042	35 253 100	73 501	1043	36 871 500	82 176	

Tekju-

Hafnarfjörður

Nr.		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekjuskattur
1	100–500	216	75 450	452.70	264	82 350	494.10
2	500– 1 þús.	158	130 950	889 60	207	149 950	992.60
3	1– 2 –	215	325 850	3 167 75	181	273 200	2 650 00
4	2– 3 –	94	238 200	3 072 00	85	210 950	2 689 00
5	3– 4 –	46	160 900	2 619.00	37	127 550	2 050.50
6	4– 5 –	18	82 600	1 720 00	17	77 050	1 586.00
7	5– 6 –	13	71 750	1 793.50	5	26 850	652.50
8	6– 7 –	5	33 200	1 002 00	2	13 100	390.00
9	7– 8 –	5	37 350	1 274.50	1	7 450	253.50
10	8– 9 –	»	»	»	3	25 500	996.00
11	9– 10 –	1	9 700	435.00	»	»	»
12	10– 12 –	»	»	»	»	»	»
13	12– 15 –	2	28 350	1 894.50	»	»	»
14	15– 20 –	1	17 550	1 465.50	1	15 300	1 107.00
15	20– 30 –	»	»	»	»	»	»
16	30– 50 –	»	»	»	»	»	»
17	50–100 –	1	72 400	13 737.00	»	»	»
18	100 þús. og yfir	1	399 500	98 507 00	»	»	»
	Einstaklingar	776	1 683 750	132 030.05	803	1 009 250	13 861 20
	Félög	10	430 550	96 546.50	4	23 400	2 002 70
	Alls	786	2 114 300	228 576.55	807	1 032 650	15 863.90

Eignar-

Hafnarfjörður

		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur	Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur
1	5– 10 þús.	45	372 900	147 90	42	327 000	117 00
2	10– 15 –	30	364 600	214 60	28	339 600	199 60
3	15– 20 –	7	121 200	89 44	12	216 000	163 20
4	20– 25 –	1	21 500	18 25	3	66 500	57.75
5	25– 30 –	5	137 300	135 95	2	53 200	51.80
6	30– 40 –	3	109 300	131.60	3	102 200	117.40
7	40– 50 –	3	135 900	184 80	1	44 100	59 20
8	50– 75 –	1	71 000	134.00	3	175 900	290.70
9	75– 100 –	»	»	»	1	88 000	185 00
10	100– 150 –	»	»	»	1	116 600	287.40
11	150– 200 –	1	150 100	421.40	»	»	»
12	200– 300 –	2	561 800	2 051 00	1	255 800	900.00
13	300– 500 –	1	350 000	1 371.00	»	»	»
14	500–1000 –	»	»	»	»	»	»
15	1000 þús. og yfir	»	»	»	1	1 454 000	8 299 00
	Alls	99	2 395 600	4 899.94	98	3 238 900	10 728.05

ıskattur

Ísafjörður						Siglufjörður						Nr.
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	
88	33 450	200.70	140	51 300	307.80	66	23 900	143 40	121	47 650	285 90	1
146	112 900	757.20	120	93 150	625.20	112	96 100	656 80	110	87 150	587.20	2
138	202 800	1 938.00	114	163 650	1 542 75	77	111 050	1 049 75	91	134 500	1 289 50	3
84	206 650	2 621.00	79	191 600	2 410.00	23	58 950	765 00	19	47 550	609 00	4
56	194 900	3 159 00	32	113 500	1 869 00	12	42 600	702 00	8	28 000	456 00	5
27	119 250	2 394.00	17	75 600	1 528 00	11	49 500	1 012 00	5	22 500	460 00	6
11	57 500	1 357.00	6	32 300	787 00	4	21 600	528 00	2	10 850	266 50	7
12	78 200	2 316 00	2	12 500	354 00	3	18 900	537 00	2	13 200	396 00	8
3	21 900	729.00	2	14 950	510 50	1	7 800	278 00	3	21 900	731.00	9
4	33 350	1 276 10	1	8 850	360.00	»	»	»	»	»	»	10
3	28 600	1 260.00	1	9 150	385.50	1	9 900	455.00	1	10 000	462.00	11
1	11 850	655 00	1	12.000	672 00	»	»	»	»	»	»	12
1	14.000	922.00	»	»	»	1	14 500	992 00	2	27.150	1 752.00	13
»	»	»	1	15 500	1 137.00	1	19 500	1 817.00	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	16
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	17
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	18
574	1 115 350	19 584 90	516	794 050	12 488 75	312	474 300	8 935 95	364	450 450	7 295 10	
9	45 400	8 253 60	5	24.100	2 524 00	»	»	»	»	»	»	
583	1 160 750	27 838 50	521	818 150	15 012.75	312	474 300	8 935 95	364	450 450	7 295.10	

ıskattur

Ísafjörður						Siglufjörður						
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	
27	207 300	72.30	23	181 200	66 20	20	151 300	51.30	17	132 200	47 20	1
12	152 000	92.00	13	161 300	96 30	13	160 500	95 50	15	183 600	108 60	2
4	69 200	51 04	8	136 900	100 28	7	132 300	102 76	6	109 100	82 92	3
7	154 500	133 75	3	66 400	57 60	2	48 300	44 45	5	110 700	96 05	4
1	29 200	29.80	2	57 900	58 85	3	82 900	82.35	2	51 900	49.85	5
4	138 500	161 00	3	108 400	129 80	4	132 900	149.80	5	179 700	214.40	6
2	80 900	103.80	2	84 600	111 20	3	137 400	187.80	2	93 200	128.40	7
5	337 700	618.10	2	145 400	278.20	2	115 200	187.60	3	166 600	262 80	8
»	»	»	1	78 500	156.50	2	173 100	361.30	1	89 200	188 60	9
»	»	»	»	»	»	»	»	»	2	222 900	533.60	10
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	11
»	»	»	»	»	»	1	262 000	931 00	»	»	»	12
»	»	»	»	»	»	1	400 000	1 621.00	2	717 300	2 828 50	13
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
62	1 169 300	1 261.79	57	1 020 600	1 054 93	58	1 795 900	3 814.86	60	2 056 400	4 540 92	

Tekju-

Akureyri

Nr.		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekjuskattur
1	100—500	249	105 400	632 40	228	92 450	554.70
2	500— 1 þús.	224	176 950	1 191.60	259	209 100	1 413 80
3	1— 2 —	216	316 100	3 013.50	245	369 450	3 581.75
4	2— 3 —	109	276 250	3 563 00	106	271 250	3 517 00
5	3— 4 —	43	154 600	2 574 00	44	153 900	2 505 00
6	4— 5 —	22	101 900	2 140 00	19	87 150	1 814 00
7	5— 6 —	15	85 400	2 200.00	13	73 150	1 863 50
8	6— 7 —	10	65 200	1 932.00	5	32 750	975 00
9	7— 8 —	5	37 550	1 288 50	10	76 150	2 650.50
10	8— 9 —	4	33 950	1 324 00	5	42 850	1 688 00
11	9— 10 —	2	20 000	924 00	1	9 800	444 00
12	10— 12 —	6	70 400	3 856.00	5	56 400	2 974 00
13	12— 15 —	4	58 150	3 992.50	4	53 600	3 375.00
14	15— 20 —	3	55 150	4 874 50	2	35 500	3 049 00
15	20— 30 —	1	27 500	3 387 00	2	43 500	4 506.50
16	30— 50 —	2	81 850	12 499 00	»	»	»
17	50—100 —	1	51 200	8 637.00	»	»	»
18	100 þús. og yfir	»	»	»	»	»	»
	Einstaklingar	916	1 717 550	58 029 00	948	1 607 000	34 911.75
	Félög	7	118 000	21 883 90	10	93 300	7 131 50
	Alls	923	1 835 550	79 912 90	958	1 700 300	42 043.25

Eignar-

Akureyri

		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur	Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur
1	5— 10 þús.	51	402 300	147 30	34	349 000	179 00
2	10— 15 —	29	369 000	224.00	36	447 600	267.60
3	15— 20 —	18	312 000	230.40	19	343 400	260 08
4	20— 25 —	5	115 900	103 85	7	157 400	138 10
5	25— 30 —	9	248 300	246 45	7	203 900	207 85
6	30— 40 —	5	167 000	189 00	7	236 800	270.60
7	40— 50 —	6	263 300	352 60	2	89 500	121 00
8	50— 75 —	7	443.800	778 40	6	371 900	641.70
9	75— 100 —	3	284 300	615.90	5	432 000	901.00
10	100— 150 —	2	231 200	566 80	4	461 000	1 128 00
11	150— 200 —	2	372 800	1 133.20	1	191 900	588 60
12	200— 300 —	2	521 700	1 850 50	2	534 400	1 914.00
13	300— 500 —	»	»	»	»	»	»
14	500—1000 —	1	603 900	2 744.40	2	1 482 900	7 139.40
15	1000 þús. og yfir	1	2 000 000	12 121.00	1	1 000 000	5 121.00
	Alls	141	6 335 500	21 303.80	133	6 301 700	18 877.93

skattur

Seyðisfjörður						Vestmannaeyjar						Nr.
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald	Skattsk. tekjur	Tekju skattur	Tala gjald	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	
80	33 700	202.20	61	22 550	135 30	86	33 300	199 80	167	75 300	451 80	1
76	60 950	411 60	75	57 700	386 60	143	122 400	836 20	149	102 850	673.80	2
106	153 450	1 453.75	86	123 700	1 167 50	161	254 150	2 524 25	143	209 600	2 000.00	3
52	127 650	1 617 00	41	99 650	1 255.00	57	148 300	1 940 00	27	67 200	858.00	4
18	61 900	993 00	15	49 000	750 00	23	79 300	1 275 00	18	63 150	1 030.50	5
6	27 600	578.00	7	30 750	614 00	18	83 400	1 752.00	11	49 300	1 004 00	6
3	16 450	408 50	8	44 450	1 118 50	14	78 850	2 010.50	1	6 000	162 00	7
2	13 000	384.00	3	19 450	573 00	6	39 400	1 179.00	2	12 700	366 00	8
»	»	»	1	7 500	255.00	5	38 250	1 337 50	1	7 300	243 00	9
1	8 550	336.00	»	»	»	4	33 700	1 304.00	1	8 350	320 00	10
»	»	»	»	»	»	2	18 650	802 50	»	»	»	11
1	10 250	487 00	»	»	»	2	22 100	1 144 00	»	»	»	12
1	13 800	902.50	»	»	»	2	26 200	1 612.00	»	»	»	13
»	»	»	»	»	»	1	20 000	1 912.00	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
»	»	»	»	»	»	1	35 000	4 937.00	»	»	»	16
»	»	»	»	»	»	1	58 600	10 401.00	»	»	»	17
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	18
346	527 300	7 773 55	297	454 750	6 254 90	526	1 091 600	35 166 75	520	601 750	7 109.10	
4	11 050	1 047.50	5	9 300	755 60	4	34 050	2 220 00	2	14 100	1 359 25	
350	538 350	8 821.05	302	464 050	7 010 50	530	1 125 650	37 386.75	522	615 850	8 468 35	

skattur

Seyðisfjörður						Vestmannaeyjar						
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	
13	99 200	34.20	17	127 500	42 50	49	404 100	159 10	40	311 900	111.90	1
16	196 700	116.70	8	96 300	56 30	30	387 000	237 00	29	359 500	214 50	2
3	49 800	35 76	7	122 500	91.00	24	430 700	324 84	17	301 300	225.56	3
3	67 000	58.50	1	21 000	17 50	12	278 500	249 75	8	183 600	163 40	4
2	55 000	54 50	3	84 900	85 35	10	282 400	283 60	6	170 000	171.00	5
1	32 000	35.00	3	106 000	125 00	8	277 600	323 20	3	111 200	135 40	6
1	40 500	52.00	2	85 200	112.40	2	97 100	136.20	2	91 000	124 00	7
2	113 600	182.80	1	66 000	119 00	3	179 000	300 00	2	150 300	292.90	8
»	»	»	1	83 200	170 60	1	95 000	206 00	2	176 300	370 90	9
1	123 600	315 40	1	114 200	277.80	3	395 000	1 043 00	3	381 400	988 60	10
1	155 700	443.80	»	»	»	2	340 600	1 044.40	1	180 000	541 00	11
»	»	»	»	»	»	»	»	»	1	215 800	700 00	12
»	»	»	»	»	»	1	325 100	1 271.50	1	310 100	1 171 50	13
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
43	933 100	1 328 66	44	906 800	1 097.45	145	3 492 100	5 578.59	115	2 942 400	5 210.66	

Tekju-

Nr.		Kaupstaðirnir samtals					
		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekju kattur
1	100–500	785	305 200	1 831.20	981	371 600	2 229 60
2	500— 1 þús.	859	700 250	4 743.00	920	699 900	4 679 20
3	1– 2 —	913	1 363 400	13 147 00	860	1 274 100	12 231.50
4	2— 3 —	419	1 056 000	13 578 00	357	888 200	11 338 00
5	3— 4 —	198	694 200	11 322 00	154	535 100	8 661.00
6	4— 5 —	102	464 250	9 968 00	76	342 350	7 006.00
7	5— 6 —	60	331 550	8 297 50	35	193 600	4 850 00
8	6— 7 —	38	247 900	7 350.00	16	103 700	3 054 00
9	7— 8 —	19	142 850	4 907 50	18	135 250	4 643 50
10	8— 9 —	13	109 550	4 240 00	10	85 550	3 364 00
11	9— 10 —	9	86 850	3 876 50	3	28 950	1 291 50
12	10— 12 —	10	114 600	6 142 00	6	68 400	3 646 00
13	12— 15 —	11	155 000	10 315.50	6	80 750	5 127 00
14	15— 20 —	6	112 200	10 069 00	4	66 300	5 293 00
15	20— 30 —	1	27 500	3 387 00	2	43 500	4 506 50
16	30— 50 —	3	116 350	17 436 00	»	»	»
17	50–100 —	3	182 200	32 775 00	»	»	»
18	100 þús. og yfir	1	399 500	98 507 00	»	»	»
	Einstaklingar	3450	6 609 850	261 520 20	3448	4 917 250	81 920.80
	Félög	34	639 050	129 951.50	26	164 200	13 773.05
	Alls	3484	7 248 900	391 471.70	3474	5 081 450	95 693.85

Eignar-

		Kaupstaðirnir samtals					
		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur	Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur
1	5— 10 þús.	205	1 637 100	612.10	173	1 428 800	563 80
2	10— 15 —	130	1 629 800	979.80	129	1 587 900	942.90
3	15— 20 —	63	1 115 200	834.24	69	1 229 200	923.04
4	20— 25 —	30	685 700	608.55	27	605 600	530.40
5	25— 30 —	30	835 100	832 65	22	621 800	624 70
6	30— 40 —	25	857 300	989.60	24	844 300	992 60
7	40— 50 —	17	755 100	1 017.20	11	487 600	656.20
8	50— 75 —	20	1 260 300	2 200 90	17	1 076 100	1 885 30
9	75— 100 —	6	552 400	1 183 20	11	947 200	1 972 60
10	100— 150 —	6	749 800	1 925 20	11	1 296 100	3 215.40
11	150— 200 —	6	1 019 200	3 042 80	2	371 900	1 129.60
12	200— 300 —	5	1 345 500	4 832 50	4	1 006 000	3 514 00
13	300— 500 —	3	1 075 100	4 263 60	3	1 027 400	4 000.00
14	500—1000 —	1	603 900	2 744.40	2	1 482 900	7 139.40
15	1000 þús. og yfir	1	2 000 000	12 121.60	2	2 454 000	13 420 00
	Alls	548	16 121 500	38 187 64	507	16 466 800	41 509.94

ıskattur

Gullbringusýsla						Kjósarsýsla						Nr.
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	
197	61 900	371.40	191	62 800	376.80	140	43 350	260 10	165	51 200	307.20	1
189	147 550	991.40	156	117 500	784 00	143	114 450	772.60	127	95 350	635.80	2
115	167 700	1 595.50	129	174 500	1 585 50	108	153 400	1 437 00	83	113 900	1 044 50	3
29	73 250	913 00	24	62 300	814 00	19	44 550	549 00	25	60 150	753.00	4
8	27 4 0	439.50	4	13 650	217.50	12	42 350	694.50	8	26 950	424 50	5
2	9 000	186 00	1	5 000	112 00	2	8 800	176.00	3	12 400	232 00	6
»	»	»	2	10 950	271.50	1	5 500	137.00	3	16 700	421.00	7
1	6 800	210 00	»	»	»	2	13 100	390.00	3	18 650	525.00	8
»	»	»	»	»	»	»	»	»	1	8 000	292 00	9
»	8 600	340.00	»	»	»	1	8 200	308.00	2	16 700	640 00	10
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	11
»	»	»	»	»	»	1	11 400	606.00	1	11 000	562 00	12
»	»	»	»	»	»	1	14 150	943.00	»	»	»	13
1	17 350	1 431.50	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	1	23 250	2 545.75	15
»	»	»	»	»	»	3	104 000	14 606.00	»	»	»	16
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	17
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	18
543	519 600	6 508 30	507	446 700	4 161 30	433	563 250	20 879 20	422	454 250	8 382.75	
15	55 000	2 945 00	16	26 550	2 340 00	2	252 400	54 702 75	»	»	»	
558	574 600	9 453 30	523	473 250	6 501.30	435	815 650	75 581.95	422	454 250	8 382 75	

ıskattur

Gullbringusýsla						Kjósarsýsla						
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald	Skattskyld eign	Eignar-skattur	Tala gjald	Skattsk eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	
63	488 000	173.00	68	539 400	199.40	53	427 200	162.20	46	360 500	130 50	1
32	390 700	230 70	29	362 200	217.20	26	329 200	199 20	27	334 800	199.80	2
11	192 600	143.12	17	303 600	228 32	4	67 100	48.52	14	236 900	172.28	3
9	203 200	178.80	2	42 000	35.00	7	158 500	139 75	3	70 300	63 45	4
4	113 800	114.70	3	81 300	79 95	1	25 800	24.70	2	55 400	55.10	5
2	77 400	96 80	5	183 000	221.00	6	216 600	259.20	6	234 200	294.40	6
3	128 300	169.60	1	46 500	64 00	1	49 000	69.00	2	109 900	161.80	7
»	»	»	2	118 000	196 00	4	233 700	385.10	1	62 700	109.10	8
1	92 900	199 70	1	84 200	173.60	»	»	»	1	93 000	200.00	9
»	»	»	»	»	»	2	251 200	646.80	1	130 100	341.40	10
»	»	»	»	»	»	1	153 700	435.80	1	162 900	472.60	11
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	12
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	13
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
125	1 686 900	1 366.42	128	1 760 200	1 414 47	105	1 912 000	2 370.27	104	1 850 700	2 200.43	

Tekju-

Nr.		Borgarfjarðarsýsla					
		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekjuskattur	Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekjuskattur
1	100—500	318	92 100	552 60	308	87 250	523 50
2	500— 1 þús.	175	127 900	848 20	142	103 200	683 60
3	1— 2 —	116	160 600	1 481.00	77	104 450	950.75
4	2— 3 —	22	54 100	686 00	21	50 650	635 00
5	3— 4 —	8	26 600	414.00	5	17 600	288.00
6	4— 5 —	1	4 300	86 00	2	9 350	198.00
7	5— 6 —	2	11 400	294 00	»	»	»
8	6— 7 —	4	25 750	753 00	»	»	»
9	7— 8 —	1	7 300	243 00	»	»	»
10	8— 9 —	1	8 000	296.00	»	»	»
11	9— 10 —	»	»	»	1	9 400	408 00
12	10— 12 —	1	10 000	462 00	»	»	»
13	12— 15 —	1	12 300	708.00	»	»	»
14	15— 20 —	»	»	»	»	»	»
15	20— 30 —	»	»	»	»	»	»
16	30— 50 —	»	»	»	»	»	»
17	50—100 —	»	»	»	»	»	»
18	100 þús. og yfir	»	»	»	»	»	»
	Einstaklingar	650	540 350	6 823.80	556	381 900	3 686 85
	Félög	»	»	»	1	2 500	125 00
	Alls	650	540 350	6 823 80	557	384 400	3 811 85

Eignar-

		Borgarfjarðarsýsla					
		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur	Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur
1	5— 10 þús.	81	629 900	224.90	74	568 700	198 70
2	10— 15 —	39	501 100	306.10	33	451 400	286.70
3	15— 20 —	27	474 900	353 88	16	326 900	264 28
4	20— 25 —	13	296 400	262 60	9	196 000	168.00
5	25— 30 —	5	141 300	141 95	6	165 100	163.65
6	30— 40 —	4	141 000	166 00	6	206 900	239 80
7	40— 50 —	3	137 400	187.80	3	129 400	171.80
8	50— 75 —	2	109 100	169 30	3	202 800	371.40
9	75— 100 —	2	161 000	325.00	»	»	»
10	100— 150 —	1	115 700	283.80	1	105 600	243.40
11	150— 200 —	»	»	»	»	»	»
12	200— 300 —	»	»	»	»	»	»
13	300— 500 —	»	»	»	»	»	»
14	500—1000 —	»	»	»	»	»	»
15	1000 þús. og yfir	»	»	»	»	»	»
	Alls	177	2 707 800	2 421.33	151	2 352 800	2 107.73

skattur

Mýrasýsla						Hnappadalssýsla						Nr.
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	
261	83 300	499.80	266	76 350	458 10	73	22 450	134 70	80	22 200	133.20	1
165	123 100	819 80	116	83 900	555.20	28	19 450	127.60	17	13 000	87 00	2
90	125 700	1 165.50	37	52 700	494 50	20	26 750	241 25	2	2 400	20 00	3
16	38 350	479 00	7	17 050	215.00	3	7 250	91.00	1	2 350	29.00	4
5	17 550	286 50	2	7 050	115.50	»	»	»	»	»	»	5
3	14 100	300.00	1	4 800	104 00	»	»	»	»	»	»	6
»	»	»	1	5 150	119.50	»	»	»	»	»	»	7
1	6 200	174.00	»	»	»	»	»	»	»	»	»	8
1	7 550	260.50	»	»	»	»	»	»	»	»	»	9
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	10
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	11
1	11 050	567.50	»	»	»	»	»	»	»	»	»	12
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	13
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	16
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	17
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	18
543	426 900	4 552 60	430	247 000	2 061.80	124	75 900	594 55	100	39 950	269 20	
2	25 500	1 773.00	3	1 000	50 00	6	21 050	1097 00	»	»	»	
545	452 400	6 325 60	433	248 000	2 111.80	130	96 950	1691.55	100	39 950	269.20	

skattur

Mýrasýsla						Hnappadalssýsla						
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	
67	534 300	199 30	68	527 800	187 80	18	137 700	47.70	16	115 200	35.20	1
39	476 300	281.30	39	481 700	286.40	8	92 600	52.60	7	81 500	46.50	2
20	318 600	222 32	12	197 700	141 24	3	51 000	37.20	1	16 900	12 28	3
8	178 500	155.75	6	135 300	118.95	2	46 000	41.00	2	42 700	36.05	4
6	160 500	156.75	7	198 100	199.15	»	»	»	»	»	»	5
12	418 300	488 60	6	200 600	247.20	»	»	»	»	»	»	6
2	85 700	113.40	»	»	»	»	»	»	»	»	»	7
»	»	»	1	54 200	83.60	»	»	»	»	»	»	8
1	80 300	162.00	»	»	»	»	»	»	»	»	»	9
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	10
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	11
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	12
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	13
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
155	2 252 500	1 779.42	139	1 795 400	1 264.34	31	327 300	178.50	26	256 300	130 03	

Tekju-

Snæfellsnessýsla

Nr.		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekjuskattur
1	100—500	190	55 950	335 70	183	53 550	321 30
2	500— 1 þús.	75	53 400	352.20	57	42 050	279 40
3	1— 2 —	41	56 500	519 50	27	39 950	383.25
4	2— 3 —	10	25 150	323 00	10	24 600	312 00
5	3— 4 —	3	10 300	165.00	3	11 050	187 50
6	4— 5 —	»	»	»	2	9 350	198.00
7	5— 6 —	»	»	»	»	»	»
8	6— 7 —	1	7 000	222.00	»	»	»
9	7— 8 —	»	»	»	»	»	»
10	8— 9 —	»	»	»	»	»	»
11	9— 10 —	»	»	»	»	»	»
12	10— 12 —	»	»	»	»	»	»
13	12— 15 —	»	»	»	»	»	»
14	15— 20 —	»	»	»	»	»	»
15	20— 30 —	»	»	»	»	»	»
16	30— 50 —	»	»	»	»	»	»
17	50—100 —	»	»	»	»	»	»
18	100 þús. og yfir	»	»	»	»	»	»
	Einstaklingar	320	208 300	1 917.40	282	180 550	1 681.45
	Félög	»		»	2	4 000	240.00
	Alls	320	208 300	1 917.40	284	184 550	1 921.45

Eignar-

Snæfellsnessýsla

		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur	Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur
1	5— 10 þús.	29	220 900	75.90	34	263 400	93 40
2	10— 15 —	18	214 400	124.40	15	189 100	114 10
3	15— 20 —	5	86 000	63 20	5	76 200	51.44
4	20— 25 —	2	48 500	44.75	»	»	»
5	25— 30 —	2	58 700	60.05	1	26 100	25 15
6	30— 40 —	»	»	»	1	31 600	34 20
7	40— 50 —	»	»	»	1	47 900	66 80
8	50— 75 —	»	»	»	»	»	»
9	75— 100 —	»	»	»	»	»	»
10	100— 150 —	»	»	»	»	»	»
11	150— 200 —	»	»	»	»	»	»
12	200— 300 —	»	»	»	»	»	»
13	300— 500 —	»	»	»	»	»	»
14	500—1000 —	»	»	»	»	»	»
15	1000 þús. og yfir	»	»	»	»	»	»
	Alls	56	628 500	368.30	57	634 300	385.09

skattur

Dalasýsla						Barðastrandarsýsla						Nr.
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	
408	113 500	681.00	367	91 600	549 60	283	82 400	494.40	230	63 500	381.00	1
125	89 550	591 40	60	42 000	276 00	164	119 700	793.60	99	70 200	462 60	2
49	60 450	514.75	15	18 700	160.50	80	115 100	1 086.50	39	53 600	492 00	3
3	7 600	98 00	»	»	»	36	86 000	1 072.00	15	36 700	464 00	4
1	3 450	55 50	1	3 750	64 50	9	29 500	453 00	3	9 850	151.50	5
2	9 150	186.00	1	4 850	106 00	2	8 900	180 00	1	4 500	92.00	6
1	5 850	154.50	»	»	»	2	10 400	244 00	1	5 150	119 50	7
»	»	»	1	6 650	201.00	4	25 400	732 00	2	12 700	3o6.00	8
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	9
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	10
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	11
»	»	»	»	»	»	1	12 000	672 00	»	»	»	12
»	»	»	»	»	»	1	13 150	810.00	1	13 000	792.00	13
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	16
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	17
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	18
589	289 550	2 281.15	445	167 550	1 357 60	582	502 550	6 537 50	391	269 200	3 320 60	
			1	5 600	336.00	4	15 200	1 758 00	3	5 050	303 00	
589	289 550	2 281.15	446	173 150	1 693 60	586	517 750	8 295 50	394	274 250	3 623 60	

kattur

Dalasýsla						Barðastrandarsýsla						
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	
64	500 200	180.20	59	441 700	146 70	53	417 900	152 90	68	536 200	196.20	1
21	245 800	140.80	21	250 700	145.70	13	157 900	92.90	12	149 900	88.90	2
15	254 500	185.40	10	168 900	122.68	12	196 700	140.10	9	153 300	111.96	3
7	161 000	143.50	3	63 100	52 65	6	126 700	106 05	6	127 700	107.55	4
1	27 700	27 55	2	53 900	52 85	5	133 100	129.65	3	80 300	78.45	5
1	32 500	36.00	2	66 900	75.80	1	37 400	45 80	1	33 600	38 20	6
3	138 600	190.20	2	95 500	133.00	»	»	»	2	85 600	113.20	7
»	»	»	»	»	»	»	»	»	1	63 000	110.00	8
»	»	»	»	»	»	»	»	»	1	91 300	194.90	9
»	»	»	»	»	»	1	103 300	234.20	»	»	»	10
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	11
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	12
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	13
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
112	1 360 300	903.65	99	1 140 700	729.38	90	1 173 000	901.60	103	1 320 900	1 039.36	

Tekju-

Ísafjarðarsýsla

Nr.		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekjuskattur
1	100—500	600	178 000	1 068.00	662	177 600	1 065 60
2	500— 1 þús.	303	223 900	1 488.20	201	151 350	1 009 80
3	1— 2 —	176	253 700	2 397.50	98	137 600	1 280.00
4	2— 3 —	45	108 750	1 365 00	27	64 100	796 00
5	3— 4 —	12	41 000	654 00	4	13 500	213 00
6	4— 5 —	7	31 600	648 00	2	8 600	168 00
7	5— 6 —	4	21 600	528 00	1	5 250	124 50
8	6— 7 —	1	6 350	183.00	»	»	»
9	7— 8 —	1	7 350	246.50	1	7 100	229.00
10	8— 9 —	2	17 100	672.00	»	»	»
11	9— 10 —	1	9 650	430 50	»	»	»
12	10— 12 —	»	»	»	»	»	»
13	12— 15 —	»	»	»	»	»	»
14	15— 20 —	1	16 900	1 356.00	»	»	»
15	20— 30 —	»	»	»	»	»	»
16	30— 50 —	»	»	»	»	»	»
17	50—100 —	»	»	»	»	»	»
18	100 þús. og yfir	»	»	»	»	»	»
	Einstaklingar	1153	915 900	11 036.70	996	565 100	4 885.90
	Félög	8	28 100	3 653.50	4	13 700	1 136 50
	Alls	1161	944 000	14 690 20	1000	578 800	6 022.40

Eignar-

Ísafjarðarsýsla

		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur	Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur
1	5— 10 þús.	73	546 400	181 40	61	464 000	159 00
2	10— 15 —	35	421 400	246 40	28	328 100	188 10
3	15— 20 —	16	294 400	225.28	14	238 200	173 84
4	20— 25 —	8	178 500	155 75	9	210 100	189.15
5	25— 30 —	7	189 300	185 95	4	107 100	104 65
6	30— 40 —	4	137 500	159 00	5	182 700	220.40
7	40— 50 —	4	167 100	218 20	2	87 800	117.60
8	50— 75 —	4	215 300	329 90	»	»	»
9	75— 100 —	2	163 200	331.60	1	90 100	191.30
10	100— 150 —	»	»	»	»	»	»
11	150— 200 —	»	»	»	»	»	»
12	200— 300 —	»	»	»	»	»	»
13	300— 500 —	»	»	»	»	»	»
14	500—1000 —	»	»	»	»	»	»
15	1000 þús. og yfir	»	»	»	»	»	»
	Alls	153	2 313 100	2 033 48	124	1 708 100	1 344.04

kattur

Strandasýsla						Húnavatnssýsla						Nr.
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	
221	64 250	385.50	243	64 050	384.30	666	187 100	1 122 60	718	194 100	1 164 60	1
83	59 900	396.20	50	37 350	248 80	344	243 250	1 602 00	256	189 250	1 258.00	2
31	42 500	389 50	16	22 400	208 00	231	325 300	3 031.50	90	122 050	1 110.75	3
10	24 800	316 00	5	13 350	177.00	74	184 200	2 352.00	21	49 600	614.00	4
3	10 350	166.50	4	13 200	204.00	20	69 600	1 128 00	7	24 500	399 00	5
1	4 800	104.00	»	»	»	15	65 950	1 318.00	7	32 050	666 00	6
»	»	»	»	»	»	7	38 450	956.50	3	15 350	353.50	7
1	6 100	168.00	»	»	»	1	6 150	171.00	»	»	»	8
»	»	»	»	»	»	»	»	»	2	15 050	517.50	9
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	10
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	11
»	»	»	»	»	»	1	10 850	547.00	»	»	»	12
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	13
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	16
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	17
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	18
350	212 700	1 925 70	318	150 350	1 222 10	1 359	1 130 850	12 228 60	1 104	641 950	6 083.35	
2	3 850	97.00	1	2 200	110.00	5	54 150	3 237 50	5	36 000	2 151.00	
352	216 550	2 022.70	319	152 550	1 332.10	1 364	1 185 000	15 466.10	1 109	677 950	8 234.35	

skattur

Strandasýsla						Húnavatnssýsla						
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald	Skattskyld eign	Eignar-skattur	Tala gjald	Skattsk eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	
35	264 900	89 90	37	287 800	102 80	150	1 137 000	387 00	138	1 060 200	370 20	1
18	226 900	136 90	16	199 300	119.30	92	1 128 800	668 80	79	971 900	576.90	2
7	115 300	82 36	12	213 500	160 20	39	660 900	481 08	35	592 900	431.68	3
3	70 400	63.60	1	22 100	19 15	19	414 000	355 00	15	331 200	286 80	4
1	27 100	26.65	3	84 000	84 00	11	304 800	303.20	6	165 400	164.10	5
4	133 600	151.20	2	72 000	86.00	12	419 100	490.20	11	385 200	451.40	6
»	»	»	1	42 500	56 00	9	405 500	550.00	7	312 700	422.40	7
»	»	»	»	»	»	6	348 800	572 40	7	400 000	647.00	8
»	»	»	»	»	»	1	91 100	194 00	»	»	»	9
»	»	»	»	»	»	1	124 500	319.00	»	»	»	10
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	11
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	12
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	13
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
68	838 200	550 61	72	921 200	627.45	340	5 034 500	4 320.68	298	4 219 500	3 350.48	

Tekju-

Nr.		Skagafjarðarsýsla					
		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekjuskattur	Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekjuskattur
1	100–500	671	172 250	1 033.50	665	167 750	1 006 50
2	500– 1 þús.	199	142 200	938 60	229	165 400	1 094.20
3	1— 2 —	134	192 900	1 821 50	112	154 800	1 426 00
4	2— 3 —	46	111 200	1 396.00	21	51 950	661 00
5	3— 4 —	19	65 600	1 056.00	10	33 100	513 00
6	4— 5 —	7	32 950	702 00	4	19 750	438.00
7	5— 6 —	6	33 400	842.00	2	10 300	239.00
8	6— 7 —	1	6 350	183 00	1	6 200	174 00
9	7— 8 —	2	15 700	563.00	2	15 200	528 00
10	8— 9 —	»	»	»	1	8 350	320.00
11	9— 10 —	»	»	»	»	»	»
12	10— 12 —	1	11 150	578.50	»	»	»
13	12— 15 —	»	»	»	»	»	»
14	15— 20 —	»	»	»	»	»	»
15	20— 30 —	»	»	»	»	»	»
16	30— 50 —	»	»	»	»	»	»
17	50—100 —	»	»	»	»	»	»
18	100 þús. og yfir	»	»	»	»	»	»
	Einstaklingar	1 086	783 700	9 114.10	1 047	632 300	6 399.70
	Félög	5	12 250	711.00	3	11 600	696 00
	Alls	1 091	795 950	9 825.10	1 050	644 400	7 095.70

Eignar-

		Skagafjarðarsýsla					
		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur	Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur
1	5— 10 þús.	117	910 700	325.70	124	970 600	350.60
2	10— 15 —	55	658 400	383 40	46	573 400	343.40
3	15— 20 —	37	684 500	525 40	33	568 600	418.32
4	20— 25 —	15	334 200	291.30	14	316 100	278.15
5	25— 30 —	5	140 600	140 90	8	223 700	223.55
6	30— 40 —	12	389 800	431.60	6	198 800	223.60
7	40— 50 —	6	254 600	335 20	4	172 500	229.00
8	50— 75 —	3	174 000	285.00	3	178 300	297.90
9	75— 100 —	1	92 300	197.90	1	89 000	188.00
10	100— 150 —	»	»	»	»	»	»
11	150— 200 —	»	»	»	»	»	»
12	200— 300 —	1	245 600	849.00	1	213 800	690.00
13	300— 500 —	»	»	»	»	»	»
14	500—1000 —	»	»	»	»	»	»
15	1000 þús. og yfir	»	»	»	»	»	»
	Alls	252	3 884 700	3 765.40	240	3 504 800	3 242.52

skattur

Eyjafjarðarsýsla						Þingeyjarsýsla						Nr.
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	
664	195 700	1 174 20	683	199 700	1 198.20	777	239 450	1 436.70	815	235 300	1 411.80	1
358	258 700	1 711.60	293	210 500	1 391 00	396	287 900	1 907.20	306	216 500	1 426.00	2
124	171 150	1 575.25	74	102 750	949.25	176	246 350	2 287 25	101	138 100	1 263 50	3
34	83 000	1 048.00	13	32 800	422.00	42	98 150	1 207 00	8	19 250	241 00	4
14	48 250	775.50	5	17 900	297.00	14	48 950	796.50	4	13 700	219 00	5
7	34 000	744.00	»	»	»	4	18 950	406.00	2	9 250	194.00	6
4	21 700	533.00	»	»	»	4	22 000	548.00	2	10 750	261.50	7
»	»	»	1	6 300	180.00	»	»	»	»	»	»	8
3	22 000	736.00	1	7 100	229.00	3	23 300	827.00	1	7 500	267.00	9
»	»	»	»	»	»	2	17 400	696.00	»	»	»	10
2	18 350	775.50	»	»	»	»	»	»	»	»	»	11
1	10 300	492.00	»	»	»	2	21 000	1 024.00	»	»	»	12
»	»	»	»	»	»	1	13 000	792.00	»	»	»	13
»	»	»	»	»	»	1	18 850	1 695.00	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	1	25 700	3 027.00	»	»	»	15
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	16
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	17
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	18
1 211	863 150	9 565.05	1 070	577 050	4 666.45	1 423	1 081 000	16 649 65	1 239	650 350	5 273.80	
3	400 000	40 679.00	»	»	»	5	51 550	2 964 00	3	13 950	837.00	
1 214	1 263 150	50 244.05	1 070	577 050	4 666.45	1 428	1 132 550	19 613.65	1 242	664 300	6 110 80	

skattur

Eyjafjarðarsýsla						Þingeyjarsýsla						
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	
106	865 000	275 00	120	916 500	316 50	137	1 067 500	382.50	146	1 104 300	374.30	1
62	763 600	453 60	66	804 800	474 80	88	1 070 300	630 30	77	943 900	558.90	2
26	446 100	327 32	26	450 200	332 24	34	587 200	432.64	34	585 500	430.60	3
13	287 000	248.50	16	360 100	316.15	11	244 700	213 05	8	167 800	139.70	4
6	162 700	160.05	9	238 500	231.75	5	134 900	132.35	7	189 900	186.85	5
8	269 800	307 60	7	227 200	251.40	5	168 700	192.40	8	278 000	324.00	6
4	175 400	234.80	4	180 400	244.80	2	93 100	128.20	2	91 900	125.80	7
4	229 800	373.40	4	246 900	424.70	»	»	»	»	»	»	8
1	76 900	151.70	2	176 600	371.80	3	250 600	515.00	2	188 000	406.00	9
1	107 300	250.20	»	»	»	1	115 000	281.00	»	»	»	10
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	11
1	250 500	873.50	»	»	»	»	»	»	»	»	»	12
»	»	»	1	428 200	1 762.00	»	»	»	»	»	»	13
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
232	3 574 100	3 655.67	255	4 029 400	4 726 14	286	3 732 000	2 907.44	284	3 549 300	2 546 15	

Tekju

Norður-Múlasýsla

Nr.		1925 Tala gjald.	1925 Skattskyldar tekjur	1925 Tekju-skattur	1927 Tala gjald.	1927 Skattskyldar tekjur	1927 Tekjuskattur
1	100—500	397	131 050	786 30	462	137 900	827.40
2	500— 1 þús.	303	227 450	1 516 60	233	167 700	1 107.80
3	1— 2 —	157	215 800	1 981.00	87	114 750	1 025.25
4	2— 3 —	22	51 700	638 00	7	16 900	212 00
5	3— 4 —	13	47 200	792.00	2	6 500	99.00
6	4— 5 —	»	»	»	»	»	»
7	5— 6 —	2	10 550	251.50	»	»	»
8	6— 7 —	3	19 600	582.00	»	»	»
9	7— 8 —	1	7 250	239.50	»	»	»
10	8— 9 —	»	»	»	»	»	»
11	9— 10 —	1	9 300	399 00	»	»	»
12	10— 12 —	»	»	»	»	»	»
13	12— 15 —	1	13 000	792.00	»	»	»
14	15— 20 —	»	»	»	»	»	»
15	20— 30 —	»	»	»	»	»	»
16	30— 50 —	»	»	»	»	»	»
17	50—100 —	»	»	»	»	»	»
18	100 þús. og yfir	»	»	»	»	»	»
	Einstaklingar	900	732 900	7 977.90	791	443 650	3 271.45
	Félög	3	15 550	1 201.00	3	14 700	849 00
	Alls	903	748 450	9 178 90	794	458 350	4 120.45

Eignar

Norður-Múlasýsla

		1925 Tala gjald.	1925 Skattskyld eign	1925 Eignarskattur	1927 Tala gjald.	1927 Skattskyld eign	1927 Eignarskattur
1	5— 10 þús.	86	676 600	246.60	93	705 900	240 90
2	10— 15 —	35	415 800	240.80	33	393 100	228.10
3	15— 20 —	17	293 400	216.08	17	298 500	222.20
4	20— 25 —	10	220 700	191 05	6	133 600	116.40
5	25— 30 —	8	218 400	215 60	12	335 600	335.40
6	30— 40 —	7	231 400	259.80	7	244 700	286.40
7	40— 50 —	1	48 000	67.00	»	»	»
8	50— 75 —	»	»	»	1	53 300	80.90
9	75— 100 —	2	158 700	318.10	1	86 100	179.30
10	100— 150 —	»	»	»	»	»	»
11	150— 200 —	»	»	»	»	»	»
12	200— 300 —	»	»	»	»	»	»
13	300— 500 —	»	»	»	»	»	»
14	500—1000 —	»	»	»	»	»	»
15	1000 þús. og yfir	»	»	»	»	»	»
	Alls	166	2 263 000	1 755.03	170	2 250 800	1 689.60

skattur

Suður-Múlasýsla						Austur-Skaftafellssýsla						Nr.
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	
475	147 900	887.40	539	159 400	956.40	211	57 150	342.90	128	32 800	196.80	1
349	264 350	1 765.80	285	217 950	1 458.60	68	49 550	328.40	23	16 050	105.40	2
282	418 300	4 018.50	156	227 400	2 163.00	22	30 650	283.75	12	15 700	139.50	3
110	306 750	4 155.00	38	93 050	1 177.00	5	12 700	164.00	1	2 250	27.00	4
32	121 950	2 122.50	10	34 400	552.00	2	6 150	88.50	1	3 300	51.00	5
13	56 800	1 128.00	9	41 900	884.00	»	»	»	»	»	»	6
9	48 500	1 183.00	4	22 400	568.00	»	»	»	»	»	»	7
2	12 300	342.00	3	19 700	588.00	»	»	»	»	»	»	8
3	22 500	771.00	2	14 600	486.00	»	»	»	»	»	»	9
3	25 900	1 024.00	1	8 550	336.00	»	»	»	»	»	»	10
2	19 250	856.50	1	9 500	417.00	»	»	»	»	»	»	11
2	20 800	1 005.00	2	22 900	1 223.00	»	»	»	»	»	»	12
2	26 550	1 660.00	»	»	»	»	»	»	»	»	»	13
2	31 300	2 319.00	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14
2	51 700	6 130.25	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	16
2	121 750	20 934.00	»	»	»	»	»	»	»	»	»	17
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	18
1290	1696 600	50 301.95	1050	871 750	10 809.00	308	156 200	1 207.55	165	70 100	519.70	
7	49 850	3 510.75	3	9 300	556.50	1	7 250	447.00	1	6 600	396 00	
1297	1746 450	53 812.70	1053	881 050	11 365.50	309	163 450	1 654 55	166	76 700	915.70	

skattur

Suður-Málasýsla						Austur-Skaftafellssýsla						
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	
88	678 000	238.00	95	721 900	246.90	37	285 800	100.80	39	290 600	95.60	1
51	619 300	364 30	46	573 700	343.70	13	156 400	91.40	10	117 800	67.80	2
25	448 700	338.44	15	255 300	186.36	4	67 100	48.52	3	49 600	35.52	3
8	167 900	139.85	7	155 000	134.50	»	»	»	»	»	»	4
8	219 300	216.95	9	243 900	239.85	»	»	»	»	»	»	5
4	137 400	158 80	6	202 800	231.60	»	»	»	»	»	»	6
4	176 700	237.40	7	306 100	409.20	1	47 000	65.00	1	47 500	66.00	7
7	389 800	616.40	4	247 600	426.80	»	»	»	»	»	»	8
2	162 000	328.00	1	76 900	151.70	»	»	»	»	»	»	9
1	120 400	302.60	»	»	»	»	»	»	»	»	»	10
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	11
1	269 300	967.50	1	241 900	830.50	»	»	»	»	»	»	12
1	394 300	1 592.50	1	351 500	1 378,50	»	»	»	»	»	»	13
1	549 000	2 415.00	1	551 000	2 427.00	»	»	»	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
201	4 332 100	7 915.74	193	3927 600	7 006.61	55	556 300	305.72	53	505 500	264.92	

Tekju-

Vestur-Skaftafellssýsla

Nr.		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekjuskattur	Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekjuskattur
1	100—200	309	84 800	508.80	269	69 800	418 80
2	500— 1 þús.	142	106 000	706.00	94	68 500	454 00
3	1— 2 —	87	120 900	1 117.50	44	57 500	510 50
4	2— 3 —	27	65 250	819.00	10	24 400	308.00
5	3— 4 —	9	29 950	466 50	3	11 100	189 00
6	4— 5 —	1	4 950	110.00	»	»	»
7	5— 6 —	»	»	»	»	»	»
8	6— 7 —	1	6 100	168.00	»	»	»
9	7— 8 —	»	»	»	»	»	»
10	8— 9 —	»	»	»	»	»	»
11	9— 10 —	»	»	»	»	»	»
12	10— 12 —	»	»	»	»	»	»
13	12— 15 —	»	»	»	»	»	»
14	15— 20 —	»	»	»	»	»	»
15	20— 30 —	»	»	»	»	»	»
16	30— 50 —	»	»	»	»	»	»
17	50—100 —	»	»	»	»	»	»
18	100 þús. og yfir	»	»	»	»	»	»
	Einstaklingar	576	417 950	3 895 80	420	231 300	1 880 30
	Félög	1	6 550	393.00	1	3 750	225 00
	Alls	577	424 500	4 288 80	421	335 050	2 105.30

Eignar-

Vestur-Skaftafellssýsla

		1925			1927		
		Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur	Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur
1	5— 10 þús.	60	458 700	158.70	56	428 100	148.10
2	10— 15 —	37	455 500	270.50	26	308 300	178 30
3	15— 20 —	11	193 300	143.96	13	223 700	164.44
4	20— 25 —	2	41 800	34.70	1	24 300	22.45
5	25— 30 —	3	81 200	79 80	3	83 900	83.85
6	30— 40 —	6	210 100	246.20	4	133 900	151.80
7	40— 50 —	»	»	»	»	»	»
8	50— 75 —	»	»	»	»	»	»
9	75— 100 —	»	»	»	»	»	»
10	100— 150 —	»	»	»	2	205 100	462.40
11	150— 200 —	1	192 100	589.40	»	»	»
12	200— 300 —	»	»	»	»	»	»
13	300— 500 —	»	»	»	»	»	»
14	500—1000 —	»	»	»	»	»	»
15	1000 þús. og yfir	»	»	»	»	»	»
	Alls	120	1 632 700	1 523.26	105	1 407 300	1 211.34

skattur

Rangárvallasýsla						Árnessýsla						Nr.
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekju-skattur	
991	275 450	1 652.70	1013	239 600	1 437.60	673	233 800	1402.80	669	211 200	1267.20	1
342	251 200	1 667 60	230	172 350	1 148.80	438	322 800	2144.40	338	234 850	1540.80	2
140	196 250	1 823.75	49	61 700	533.50	184	250 300	2282.50	136	184 400	1678.00	3
26	62 700	786.00	6	13 650	165 00	34	80 950	1007.00	17	40 850	511.00	4
6	20 850	337.50	1	3 050	43.50	17	55 900	861.00	8	27 550	442.50	5
1	5 000	112.00	1	5 000	112.00	5	21 750	430.00	2	9 350	198.00	6
1	5 350	129.50	»	»	»	3	17 100	441.00	1	5 850	154.50	7
»	»	»	»	»	»	2	12 500	354.00	»	»	»	8
»	»	»	»	»	»	»	»	»	2	12 450	351.00	9
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	10
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	11
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	12
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	13
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	16
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	17
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	18
1507	816 800	6 509.05	1300	495 350	3 440.40	1356	995 100	8922.70	1173	726 500	6143.00	
1	2 200	132.00	»	»	»	»	»	»	»	»	»	
1508	819 000	6 641.05	1300	495 350	3 440.40	1356	995 100	8922 70	1173	726 500	6143.00	

skattur

Rangárvallasýsla						Árnessýsla						
1925			1927			1925			1927			
Tala gjald	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald,	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattsk. eign	Eignar-skattur	
128	973 200	333 20	127	961 900	326.90	157	1198 900	413.90	144	1097 300	377.30	1
63	748 600	433.60	54	663 700	393.70	68	829 800	489 80	76	916 500	536.50	2
30	516 300	379 56	21	365 700	270.84	46	802 500	595.00	41	689 900	499.88	3
10	218 600	187.90	6	135 500	119.25	12	276 700	247.05	11	248 900	219.35	4
5	138 900	138.35	4	110 900	110.35	7	184 500	178.75	4	108 800	107.20	5
10	355 600	421.20	8	268 900	305.80	3	108 500	130 00	5	172 200	199.40	6
1	42 800	56 60	1	44 200	59.40	4	184 300	252 60	2	94 300	130.60	7
1	70 200	131.60	1	67 700	124.10	1	67 000	122.00	2	119 100	199.30	8
»	»	»	»	»	»	1	78 800	157.40	»	»	»	9
»	»	»	»	»	»	1	108 400	254.60	1	104 000	237.00	10
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	11
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	12
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	13
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14
»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	15
248	3064 200	2 082.01	222	2618 500	1 710 34	300	3839 400	2841.10	286	3551 000	2 506.53	

Tekju-

Sýsl-

Nr.		1925 Tala gjaldenda	Skattskyldar tekjur	Tekjuskattur
1	100—500	8 525	2 521 850	15 131.10
2	500— 1 þús.	4 389	3 232 300	21 469.40
3	1— 2 —	2 363	3 330 300	31 050.50
4	2— 3 —	613	1 526 400	19 494.00
5	3— 4 —	207	722 950	11 752.50
6	4— 5 —	73	331 000	6 816 00
7	5— 6 —	46	251 800	6 242.00
8	6— 7 —	25	159 700	4 632.00
9	7— 8 —	15	112 950	3 886 50
10	8— 9 —	10	85 200	3 336.00
11	9— 10 —	7	66 550	2 923.50
12	10— 12 —	10	108 550	5 492.00
13	12— 15 —	7	92 150	5 705.00
14	15— 20 —	5	84 400	6 801.50
15	20— 30 —	3	77 400	9 157.25
16	30— 50 —	3	104 000	14 606.00
17	50—100 —	2	121 750	20 934.00
18	100 þús. og yfir	»	»	»
	Einstaklingar	16 303	12 929 250	189 429.25
	Félög	70	1 000 450	119 301.50
	Alls	16 373	13 929 700	308 730.75

Eignar-

Sýsl-

		1925 Tala gjaldenda	Skattskyld eign	Eignarskattur
1	5— 10 þús.	1 602	12 358 800	4 348.80
2	10— 15 —	813	9 902 800	5 837.80
3	15— 20 —	389	6 751 100	4 989.38
4	20— 25 —	165	3 673 300	3 199.95
5	25— 30 —	90	2 462 600	2 433.90
6	30— 40 —	101	3 484 700	4 040.40
7	40— 50 —	48	2 133 500	2 875.00
8	50— 75 —	32	1 837 700	2 985.10
9	75— 100 —	17	1 407 800	2 880.40
10	100— 150 —	9	1 045 800	2 572.20
11	150— 200 —	2	345 800	1 025.20
12	200— 300 —	3	765 400	2 690.00
13	300— 500 —	1	394 300	1 592.50
14	500—1000 —	1	549 000	2 415.00
15	1000 þús. og yfir	»	»	»
	Alls	3 273	47 112 600	43 885.63

skattur

urnar			Allt landið						Nr.
1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skaltsk. tekjur	Tekju-skattur	Tala gjald.	Skattskyldar tekjur	Tekjuskattur	Tala gjald.	Skattsk. tekjur	Tekjuskattur	
8 656	2 397 650	14 385.90	10 403	3 197 000	19 182.30	10 709	3 121 050	18 726.50	1
3 312	2 414 850	16 006 80	7 047	5 341 250	35 683.40	6 302	4 718 250	31 444 00	2
1 384	1 899 350	17 418.25	4 758	6 957 700	66 301.50	3 971	5 815 700	55 467.75	3
277	675 950	8 533.00	2 022	5 088 400	65 372 00	1 806	4 487 450	57 241.00	4
85	291 700	4 671.00	947	3 313 650	53 953.50	884	3 088 500	50 223.00	5
38	176 150	3 702.00	461	2 090 650	43 432.00	425	1 919 900	39 396.00	6
20	107 850	2 632.50	259	1 424 850	35 500 50	235	1 301 600	32 650.50	7
13	82 650	2 385 00	163	1 060 400	31 350.00	136	885 800	26 220.00	8
10	74 550	2 538 50	109	823 350	28 422 00	114	859 500	29 613.00	9
4	33 600	1 296.00	62	528 050	20 668.00	70	597 350	23 428.00	10
2	18 900	825 00	52	504 150	22 600.00	42	400 800	17 676.50	11
3	33 900	1 785.00	65	721 750	36 270.00	50	551 700	28 403.00	12
1	13 000	792 00	59	808 600	52 403.50	35	472 450	30 102.00	13
»	»	»	33	919 700	76 425 50	19	329 400	27 390.00	14
1	23 250	2 545.75	39	948 200	107 557 25	19	448 000	48 013.25	15
»	»	»	22	816 800	119 344.00	3	115 650	17 166.00	16
»	»	»	12	807 400	149 240.00	2	134 350	24 918.00	17
»	»	»	2	541 750	130 130.00	»	»	»	18
13 806	8 243 350	79 516.70	26 535	35 893 650	1 093 835.45	24 822	29 247 450	558 078.50	
50	156 500	10 351 00	184	5 775 250	1 117 003.00	147	1 006 800	94 788.05	
13 856	8 399 850	89 867.70	26 719	41 668 900	2 210 838.45	24 969	30 254 250	652 866.55	

skattur

urnar			Allt landið						
1927			1925			1927			
Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignar-skattur	Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignarskattur	Tala gjald.	Skattskyld eign	Eignar-skattur	
1 613	12 362 000	4 297.00	2 139	16 560 900	5 865.90	2 124	16 531 600	5 831.80	1
740	9 095 800	5 394 80	1 130	13 850 500	8 200.60	1 072	12 889 000	7 652.70	2
348	6 012 000	4 430 40	565	9 849 100	7 289 62	521	9 233 300	6 822.44	3
125	2 781 800	2 422.70	266	5 949 400	5 200.50	225	5 141 200	4 478.10	4
93	2 551 900	2 525.85	164	4 524 700	4 491.55	156	4 448 100	4 418 55	5
96	3 323 200	3 882.40	197	6 826 400	7 940.00	196	6 787 300	7 969.00	6
42	1 894 700	2 571.40	105	4 696 200	6 347.20	95	4 207 300	5 608.60	7
30	1 813 600	3 070.80	109	6 535 000	10 994.00	110	6 359 300	10 942.10	8
11	975 200	2 056 60	52	4 451 200	9 245.60	50	4 700 500	9 835.20	9
5	544 800	1 284.20	38	4 666 400	11 863.40	34	4 691 000	11 643 60	10
1	162 900	472.60	24	4 099 900	12 144.00	18	2 561 900	7 562.20	11
2	455 700	1 520.50	32	7 847 000	27 107.50	29	6 197 200	21 132.50	12
2	779 700	3 140.50	13	4 897 100	19 584.00	14	5 662 700	22 628.50	13
1	551 000	2 427.00	11	6 957 000	32 073.40	11	3 159 800	14 563 40	14
»	»	»	2	3 200 000	18 642.00	2	2 454 000	13 420.00	15
3 109	43 304 300	39 496.75	4 847	104 910 800	186 998.27	4 657	95 024 200	154 508.69	

Nd. **138. Frumvarp**

til laga um fasteignaskatt.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Af öllum fasteignum á landinu, sem ekki eru sérstaklega undanþegnar, skal greiða árlega skatt af virðingarverði eftir fasteignamatslögum. Nefnist skattur þessi fasteignaskattur.

2. gr.

Fasteignaskattur samkv. 1. gr. skal nema:

a. af óbyggðum byggingarlóðum í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 500 íbúa, 1.5‰.
b. af byggðum byggingarlóðum í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 500 íbúa, 1‰.
c. af öllum öðrum jarðeignum, þurrabúðum, grasbýlum, lóðum og lendum — að frádregnu verði jarðabóta og annara mannvirkja, sem ekki eru orðin fullra 10 ára gömul og talin eru með í fasteignamatsverði landsins —, einnig af jarðarítökum, sem eru fráskilin jörðum, svo sem: námum, varplöndum, rekaréttindum, veiðirétti í ám og vötnum og öðrum vatnsréttindum, 8‰.
d. af húsum, bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem ekki eru talin með í fasteignamatsverði lóða eða jarðeigna, til hvers sem þau eru notuð og úr hvaða efni sem eru, 2.5‰.

3. gr.

Þeir kaupstaðir og hreppsfélög, sem samkvæmt sérstökum lögum leggja árlegan skatt á fasteignir í umdæmi sínu til sveitar- eða bæjarsjóðs eða sýsluvegasjóðs, mega ekki, eftir að lög þessi ganga í gildi, taka árlega hærri fastan skatt af hverri tegund fasteigna en ríkissjóður tekur samkvæmt 2. gr. Þó er þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem húseigendum að kostnaðarlausu annast sorphreinsun, sóthreinsun og salernahreinsun og ráðstafanir til útrýmingar rottum og varnar gegn eldsvoða, heimilt að leggja árlegan viðbótarskatt á húseignirnar til þess að standast þann kostnað. Þó má sá skattur aldrei nema meira en 3‰ af fasteignamatsverði. Akvæði 6. gr. um undanþágu undan fasteignaskatti af húsum ná ekki til þessa viðbótarskatts.

4. gr.

Byggingarlóð samkv. 2. gr. a. og b. telst hver sú lóð, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefir ekki með sérstökum samningi eða samþykkt ætlað til annara afnota en byggingarlóða. Byggð lóð telst, auk þess svæðis, er hús stendur á, sú lóð, sem ákveðið er með skipulagsuppdrætti eða samþykkt bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að fylgja skuli húsinu og ekki sé leyfilegt að reisa

á annað hús. Nánari ákvæði um þessi atriði setur fjármálaráðherra með reglugerð.

5. gr.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða og árleg leiga eða eftirgjald fyrir þau sé undir 6% af fasteignamatsverði. Sé leigan eða eftirgjaldið undir 6%, en yfir 4% af fasteignamatsverði á ári, greiðist skatturinn af eiganda og leigjanda eftir reglum, er fjármálaráðherra setur, en sé leigan eða eftirgjaldið eigi yfir 4%, greiðist skatturinn allur af leigjanda.

6. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru: fasteignir ríkissjóðs, sveitarsjóða, sýslusjóða og bæjarsjóða, nema jarðeignir, lendur og lóðir, sem leigðar eru til ábúðar, á erfðafestu eða á annan hátt fyrir lægri leigu eða eftirgjald en sem svarar 3% af fasteignamatsverði á ári. Ennfremur eru undanþegnar fasteignaskatti íslenzkar kirkjur, sjúkrahús, skólahús og hús annara ríkja með tilheyrandi lóðum, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Verkamannabústaðir, sem ríkissjóður og bæjar- eða sveitarsjóðir leggja fram styrk til að reisa, skulu undanþegnir fasteignaskatti fyrstu 10 árin eftir að þeir hafa verið reistir.

Hús eða lóð, sem eigi er 100 króna virði, eru undanþegin fasteignaskatti, enda telst skatturinn aðeins af heilum hundruðum, en því, sem umfram er, skal sleppt. Hið sama gildir um ítök og hlunnindi.

Ef ágreiningur rís um skattskyldu fasteignar, sker fjármálaráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

7. gr.

Ef fasteign, sem metin hefir verið í einu lagi, er skipt og eigenduæskja þess, að hver hluti sé talinn sérstaklega til skattgjalds, skulu þeir bera það mál undir lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð ráðuneytisins ásamt tillögum sínum.

8. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í því lögsagnarumdæmi, sem eignin er. Ef skattgreiðandi er þar eigi heimilisfastur, skal hann hafa þar umboðsmann, er geri skil fyrir skattinum. Ef engi umboðsmaður er tilnefndur, telst sá umboðsmaður, er eignina hefir til nytja, og ef fleiri eru, þá sá þeirra, er lögreglustjóri — í Reykjavík tollstjóri — velur.

9. gr.

Fasteignaskattur skal í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á.

10. gr.

Ef hús eða önnur mannvirki eru rifin, brenna eða ónýtast á annan hátt á fyrra helmingi almanaksárs, greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar, greiðist fullt gjald.

11. gr.

Gjalddagi skattsins er í kaupstöðum 1. febrúar ár hvert, en annarsstaðar á landinu á manntalsþingum. Í Reykjavík innheimtir tollstjóri skattinn, en lögreglustjórar annarsstaðar á landinu. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal reikna dráttarvexti, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

12. gr.

Heimilt er kaupstöðum og hreppsfélögum að hækka skattgjald það, er um ræðir í 2. gr., um 100 %, og rennur sú hækkun öll í hlutaðeigandi bæjarsjóð eða sveitarsjóð, enda falli þá jafnframt niður fasteignagjöld þau, sem árlega hafa verið greidd í hlutaðeigandi bæjarsjóð eða sveitarsjóð eða sýsluvegasjóð af fasteignum í hreppnum eða kaupstaðnum. Skattgjald samkvæmt þessari grein innheimtist af lögreglustjórum — í Reykjavík tollstjóra — samtímis skattgjaldinu samkvæmt 2. gr. Sama er um viðbótarskatt af húseignum samkv. 3. gr., ef heimild þessarar greinar er notuð.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 66, 27. júní 1921, og öll önnur lög og lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Skattamálanefndin frá 1907, sem í voru Klemenz Jónsson, Pétur Jónsson, Ólafur Briem, Guðlaugur Guðmundsson og Ágúst Flygenring, lagði fyrir Alþingi 1908 frv. til laga um fasteignaskatt. Í greinargerð fyrir þessu frv. þeirra segir svo:

»Frá alda öðli hefir fasteignaskattur verið talinn alveg sjálfsagður, og í ýmsum löndum hefir því jafnvel verið haldið fram, að hann einn ætti að koma í staðinn fyrir alla aðra skatta. En hvað sem þeirri kenningu líður, verður því ekki mótmælt, að fasteignaskattur hefir ýmsa yfirburði fram yfir flestar aðrar skattaálögur. Frá sjónarmiði þjóðfélagsins er einn af aðalkostunum sá, að hann hvílir á hinni verðmætustu og tryggustu eign, og þar af leiðandi veitir vissar og fastar tekjur, en er ekki neinum misbresti eða vanhöldum háður. Gagnvart einstökum gjaldendum er fasteignaskatturinn einnig sanngjarn, að því leyti, sem ganga má að því vísu, að gjaldþol sé þar, sem góð eign er fyrir«.

Þessi rök eru jafngild og góð nú og þau voru fyrir liðlega 20 árum.

Við ákvörðun fasteignaskatts verður þó að taka fullt tillit til þess mikla eðlismunar, sem er á hinum 2 aðaltegundum fasteigna: annarsvegar löndum og

lóðum, hinsvegar húseignum. Meginhluti af verði landa og lóða skapast vegna fólksfjölgunar og opinberra aðgerða, en *án* beins tilverknaðar eigendanna sjálfra. En verð húseigna fer oftast að miklu eða mestu leyti eftir byggingarkostnaði á hverjum stað og tíma. Auk þess er þess að gæta, að húseigandi getur auðveldlega velt húsaskattinum af sér yfir á leigjendurna, en jarðskatturinn hvílir oftast á eigendunum sjálfum. Liggur því í augum uppi, að sjálfsagt er að hafa húsaskattinn miklum mun lægri en skatt af lóðum og jörðum.

Jarðskatturinn verður eigi til þess að auka dýrtíð í landinu eða íþyngja framleiðslunni. Bóndi, sem býr á sjálfseignarjörð, sem metin er t. d. á 5000 krónur, greiðir engu hærri jarðskatt, þótt hann noti jörðina til fulls, framleiði mikið og reki búskapinn af mesta dugnaði, heldur en þótt hann slái slöku við og hagnýti aðeins lítinn hluta jarðarinnar. Jarðskatturinn leggst á undirstöðu framleiðslunnar, en eigi framleiðsluna sjálfa. Hann dregur því ekki úr atvinnulífinu, en verður þvert á móti til þess að hamla nokkuð óheilbrigðri verðhækkun landa og lóða.

Hið opinbera leggur árlega fram svo mörgum milljónum króna skiptir til ýmiskonar verklegra framkvæmda. Til samgöngubóta á landi hefir verið varið mikið á 2. milljón ár hvert nú undanfarið. Heil héruð eru opnuð fyrir hagkvæmari samgöngu- og flutningatækjum og þeim fengin greið leið til kaupstaða og útflutningshafna. Skapast þannig beinlínis fyrir opinberar aðgerðir mikill léttir í samgöngum og viðskiptum og möguleikar til þess að auka framleiðsluna án aukins tilkostnaðar fyrir einstaklingana. Af þessu leiðir aftur hitt, að jarðirnar hækka í verði. Svipað er um styrk til búnaðarframkvæmda og jarðræktarstyrkinn að segja, en slík framlög eru nú mjög tekin að nálgast 1 milljón á ári. — Einnig þessir styrkir koma síðar fram sem verðhækkun jarðanna. Stórfé er árlega lagt fram til hafnargerða, bryggjugerða og lendingarbóta í kaupstöðum og kauptúnum. Kaupstaðirnir verja mörgum hundruðum þúsunda á hverju ári til götugerðar og til þess að leggja leiðslur fyrir skólp, vatn, gas, rafmagn o. fl, o. fl. til íbúanna, auk alls þess, sem varið er til margháttaðra annara opinberra mannvirkja og almennra framkvæmda. Allt verður þetta til að hækka verð lóðanna. Og eftir því sem bæirnir stækka, hækkar og verð lóðanna beinlínis vegna fólksfjölgunarinnar.

Eðlileg og heilbrigð verðhækkun landa og lóða vegna opinberra verklegra framkvæmda og samgöngubóta hlýtur jafnan að verða í samræmi við fjárframlög þau, sem hið opinbera innir af hendi í þessu skyni. Slík verðhækkun íþyngir á engan hátt starfsemi þeirra, sem hagnýta landið, því hún er jafnan minni en sem svarar aukningu framleiðslumöguleikanna og bættum atvinnuskilyrðum. Verðhækkunina hefir hið opinbera, ríki, bæir og sveitarfélög skapað. Hún er til orðin beinlínis fyrir þeirra aðgerðir og vegna fólksfjölgunarinnar. Þess vegna ber hinu opinbera öll sú verðhækkun, sem er umfram verð beinna umbóta á landinu, að réttum lögum.

Réttast væri og í alla staði hagfelldast, að hið opinbera ætti allar lendur og lóðir. Þá rynni öll eðlileg verðhækkun, sem stafar af opinberum aðgerðum og fjölgun íbúanna, beint til þjóðfélagsheildarinnar. Og þá gæti ekki brask og spákaupmennska skapað óheilbrigða verðhækkun og sprengt jarðaverð og lóða

upp úr öllu viti, til stórtjóns fyrir þjóðina og til lömunar á atvinnu og efnahag þeirra, sem landið nota. Og þá væri jafnframt létt af þjóðinni þeim sífelldu afborganagreiðslum, sem hún nú verður að inna af hendi árs árlega af síhækkandi landverði, afborganafúlgu, sem nú þegar nemur 3—4 milljónum króna á ári, ef gert er ráð fyrir, að eigendaskipti að fasteignum verði til uppjafnaðar á hverjum 15—20 árum.

En nú er sem er. Illu heilli hefir hið opinbera látið af hendi, oftast fyrir sáralítið verð, mestan hluta jarðeigna sinna. Landið er nú að langmestu leyti eign einstakra manna. Þessir menn einir hafa fengið verðhækkunina, sem þjóðfélagsheildin hefir skapað. Milljónirnar, sem almenningur hefir greitt til hins opinbera og það síðan varið til þess að byggja vegi, brýr, götur, hafnarmannvirki o. fl. o. fl., hafa í raun réttri runnið til þessara manna. Lönd þeirra og lóðir hafa hækkað í verði, oftast meira en sem þessum milljónum nemur. Þeim greiðir þjóðin verðhækkunarskatt, skatt af verðhækkun, sem hún sjálf hefir lagt fram fé til að skapa, vexti og afborganir af milljónunum, sem hún hefir lagt til opinberra framkvæmda, og oftast til viðbótar skatt af alveg óeðlilegri verðhækkun, sem gróðavonir og brasktilhneigingar hafa myndað og haldið uppi um skemmri eða lengri tíma, eins og mörg dæmi sanna.

Með hverju ári aukast kröfur þær, sem gerðar eru til hins opinbera um verklegar framkvæmdir. Verkefni, sem eru svo stórfelld, að þau eru einstaklingunum um megn, eru fengin félagsheildinni til úrlausnar. Verklegar framfarir í stórum stíl byggjast allar á samvinnu einstaklinganna, oftast á lögboðinni samvinnu. Afleiðing þessa er sú, meðan hið opinbera á litlar eða engar eignir og rekur fá eða engin arðberandi fyrirtæki, að skattarnir hljóta að hækka. Þetta er ekki ástæða til að harma, ef skattarnir eru rétt á lagðir og rétt notaðir. Þá eykst gjaldþol þjóðarinnar vegna opinberra aðgerða hraðar en skattabyrðin. Með starfsemi sinni léttir hið opinbera, ef rétt er á haldið, af einstaklingunum ýmsum kostnaði, sem áður hvíldi á þeim, og gerir þeim jafnframt fært að framleiða meira en áður með minni tilkostnaði og minni vinnu eða taka meiri hagnað af sömu eign. Þeir, sem njóta mests hagnaðar af verklegum framkvæmdum hins opinbera, en það eru fasteignaeigendur, eiga að sjálfsögðu að leggja mest fé til þessara framkvæmda.

Eignarskattur og fasteignaskattur eru sjálfsagðir megintekjustofnar með tekjuskattinum. Þeir mega heita jafnir og vissir frá ári til árs og bæta að því leyti upp tekjuskattinn, sem jafnan hlýtur að verða talsvert misjafn eftir árferði og afkomu. Sjálfsagt er, að bæjar- og sveitarfélög, auk ríkisins, noti fasteignirnar sem skattstofn, enda gera ýms þeirra það nú þegar að nokkru leyti. Kemur þá til athugunar, hvort eigi sé heppilegast að taka skattinn í einu lagi og skipta síðan milli hlutaðeigandi sjóða. Vísast um það efni til greinargerðar með frv. til laga um tekju- og eignarskatt á þskj. 137.

Lóðir og lendur hér á landi hafa til skamms tíma verið mjög lágt metnar til verðs, samanborið við verðlag í fólksfleiri og þéttbýlli löndum. Verður því þjóðareign okkar smá að krónutali, samanborið við margra annara þjóða, því að fasteignirnar eru jafnan stærsti eignaliðurinn. Ennfremur er atvinna okkar tengd mjög við sjó og sjávarafla. En sjórinn hefir enn eigi verið gerður að

einkaeign eða metinn til verðs. Meta margir svo, að af því þjóðareign okkar sé lítil að krónutali, þá hljóti og greiðsluþol landsmanna að vera mjög af skornum skammti og miklu minna en annara þjóða, sem auðugri eru kallaðar. En gjaldþol þjóðarinnar er ekki rétt metið, ef litið er á eignareikninginn einan. Tekjurnar hafa þar langtum meira að segja. Og í því efni stöndum við Íslendingar miklu ofar en eignareikningurinn bendir til. Bújörð, sem framfleytir meðalfjölskyldu hér á landi, er að krónutali metin aðeins brot af því, sem bújörð, er framfleytir jafnstórri fjölskyldu t. d. í Danmörku, er metin til verðs þar. En notagildi hennar til tekjuöflunar og lífsframfærslu er hið sama. Sá, sem notar jörðina, þarf að skila margfalt meiru af afrakstri hennar til eiganda eða lánardrottins í Danmörku en hér. Það er verðhækkunarskatturinn, sem hann verður að gjalda. Því hærra sem jarðarverðið er, því meira fjármagn sem telst bundið í jörðinni, því meiru þarf að skila af afrakstri hennar til eiganda eða lánardrottins, og því minna verður eftir handa þeim, sem yrkir landið eða notar á annan hátt. Það er því tvímælalaust æskilegast, frá sjónarmiði þjóðfélagsins, að landverðið haldist sem lægst og verðhækkunin eti ekki upp það, sem atvinnuskilyrði og framleiðslumöguleikar batna og aukast vegna opinberra aðgerða.

Tvo síðustu áratugina hefir verð landa og lóða hækkað stórkostlega hér á landi. Allar þær milljónir, sem sveitir, bæir og ríki hafa tekið af landsmönnum sem skatta og varið til þess að byggja vegi, brýr, götur, hafnarmannvirki og til annara verklegra framkvæmda, hafa orðið til þess að hækka landverðið, oftast margfalt meira en framlögunum nemur. Þessa verðhækkun landsins alla verða þeir, sem landið nota, nú að greiða eigendum þess, núverandi og fyrrverandi, í hækkuðu eftirgjaldi og auknum vöxtum og afborgunum. Framlögin til opinberra framkvæmda hafa því orðið að gjöf, oft tvöfalt eða þrefalt hærri en fjárframlögin sjálf, til þeirra, sem landið áttu þegar verðhækkunin myndaðist. Af þessum sökum hafa jafnvel sjálfar samgöngubæturnar stundum orðið hefndargjöf fyrir héruðin og til stórgróða fyrir nokkra braskara, því að þess eru dæmi, að verðhækkun hefir orðið svo mikil, að hún hefir gert meira en að eta upp það, sem atvinnu- og framleiðsluskilyrði hafa batnað. Mun ekki ofætlað, að landverð á öllu landinu hafi hækkað, umfram umbætur eigenda, um tvöfalt til þrefalt hærri upphæð en opinberum framlögum til verklegra fyrirtækja og umbóta nemur tvo síðustu áratugina. Er með þessari óeðlilegu verðhækkun stórkostlega dregið úr þeirri hagsbót, sem þessar opinberu framkvæmdir ella hefðu veitt landsmönnum.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um, hversu gífurleg verðhækkunin hefir verið, skulu hér tilfærð nokkur dæmi.

Árið 1908 samdi Indriði Einarsson, að tilhlutun skattamálanefndarinnar, yfirlit yfir verð fasteigna á öllu landinu. Byggði hann það á jarðamatinu í sveitum og virðingarverði húsa og lóða í kaupstöðum og kauptúnum. Samkvæmt útreikningi hans var verð fasteigna á öllu landinu árið 1908:

1.	Jarðeignir utan kaupstaða og jarðarhús öll í sveitum	kr. 12700 þús.
2.	Hús í kaupstöðum og kauptúnum	— 15000 —
3.	Lóðir, erfðafestulönd og mannvirki í kaupstöðum	— 3498 —
		kr. 31198 þús.

Sé gert ráð fyrir, að hús í sveitum hafi þá verið 5 milljóna króna virði, hefir verð húsanna allra verið um 20 milljónir, en *verð landsins talið aðeins 11,2 milljónir.* — Þess ber að gæta, að hér eru allar opinberar fasteignir taldar með.

Í allsherjarfasteignamati, sem framkvæmt var samkvæmt fasteignamatslögunum frá 1915 og prentað 1922, voru fasteignirnar á öllu landinu virtar sem hér segir:

1.	Hús utan kaupstaða	ca. kr.	20400 þús.
2.	Hús í kaupstöðum utan Reykjavíkur..	— —	10800 —
3.	Hús í Reykjavík	— —	19700 —
	Húsaverð á öllu landinu	ca. kr.	50900 þús.
4.	Jarðir í sveitum og lóðir í verzlunarstöðum og kauptúnum	ca. kr.	21800 þús.
5.	Lóðir og jarðeignir í kaupstöðum utan Reykjavíkur	— —	5400 —
6.	Lóðir og jarðeignir í Reykjavík ...	— —	14800 —
	Jarða- og lóðaverð samtals	ca. kr.	42000 —
	Fasteignir samtals	*ca. kr.*	*92900 þús.*

Hér eru ekki talin með mannvirki síðustu 10 ára og opinberar fasteignir, sem hvorttveggja er undanþegið fasteignaskatti. En þetta hvorttveggja var þá metið á ca. 9,3 milljónir króna samtals.

Verð jarða og lóða hefir því h. u. b. fjórfaldast frá 1908 til 1920, hækkað úr ca. 11 milljónum króna upp í ca. 42 milljónir.

Síðan allsherjarfasteignamatið fór fram, hefir fram farið endurmat á nokkrum fasteignum, auk þess sem mjög mikið hefir verið byggt af húsum hin síðari ár. Hefir því fasteignamatið hækkað um ca. 36 milljónir fram til ársloka 1926. Samkvæmt fasteignaskattsgreiðslum og skýrslum til fjármálaráðuneytisins hefir fasteignamat skattskyldra fasteigna á öllu landinu þá verið sem hér segir:

1.	Hús utan kaupstaða	ca. kr.	28,5	milljónir	
2.	Hús í kaupstöðum utan Rvík.	— —	20,5	—	
3.	Hús í Reykjavík	— —	35	—	
	Húsaverð samtals...	ca. kr.	84	millj.	
4.	Jarðeignir í sveitum og lóðir: Í kauptúnum og verzlunarstöðum	ca. kr.	20,4	milljónir	
5.	Lóðir og jarðeignir í kaupstöðum utan Reykjavíkur	— —	7,6	—	
6.	Lóðir og jarðeignir í Rvík ..	— —	17	—	
	Jarða- og lóðaverð samtals	ca. kr.	45	millj.	
	Verð allra fasteigna samtals	ca.	*kr. 129*	*millj.*	

Opinberar fasteignir og mannvirki síðustu 10 ára eru hér ekki talin með.

Á þessum fáu árum hefir þannig verð landa og lóða, sem endurmat hefir verið gert á, hækkað enn um ca. 3 milljónir króna.

Á þessu ári fer fram allsherjarfasteignamat að nýju. Getur ekki hjá því farið, að matið hækki allverulega. Mestur hluti jarða og lóða og flest hús, sem reist voru fyrir 1920, hafa ekki verið metin síðan. Segja fróðir menn, að fasteignamatið muni yfirleitt vera 50—80 % undir algengu söluverði. Sennilega er þó ekki gerandi ráð fyrir, að fasteignamatið hækki upp í sannvirði, þótt það ætti svo að vera. Í samráði við ýmsa menn hefir verið áætlað, að það muni hækka um ca. 50 milljónir, sumpart vegna nýbygginga árin 1927—1930 og sumpart vegna hækkaðs mats. Þrjú síðustu ár hefir meira verið byggt en dæmi eru til áður, líklega fyrir 6—8 milljónir hvert árið, og mikið bætist enn við á þessu ári. Þarf því ekki fasteignamatið að hækka um nema ca. 20 % til þess að verða 180 milljónir í lok þessa árs.

Samkvæmt þessu ætti að vera óhætt að áætla fasteignamatið 1930:

Hús utan kaupstaða	ca. kr. 35 millj.	
Hús í kaupstöðum utan Rvíkur	— — 25 —	
Hús í Reykjavík	— — 60 —	
	Húsaverð samtals	ca. kr. 120 millj.
Jarðeignir í sveitum og lóðir í verzlunarstöðum og kauptúnum	ca. kr. 25 millj.	
Lóðir og jarðeignir í kaupstöðum utan Rv. .	— — 10 —	
Lóðir og jarðeignir í Reykjavík	— — 25 —	
	Jarða- og lóðaverð samtals	ca. kr. 60 millj.
	Verð fasteigna samtals	*ca. kr. 180 millj.*

Hér er enn sleppt opinberum fasteignum og mannvirkjum síðustu 10 ára.

Nemur þá verðhækkun landsins frá 1908 til 1930 um 50 milljónum króna, eða ca. 500 %.

Samkvæmt þessari áætlun myndi fasteignaskattur til ríkissjóðs, ef frv. verður að lögum, nema árið 1930:

Húsaskattur 2.5 ‰ af 120 millj.	kr. 300 þús.
Skattur af jörðum 8 ‰ af 25 millj.	— 200 —
Skattur af lóðum og jarðeignum í kaupst. til uppj. ca. 1 % af 35 millj.	— 350 —
	Samtals kr. 850 þús.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er fasteignaskatturinn áætlaður 250 þús. kr. Má því áætla tekjuauka ríkissjóðs af samþykkt frv.

kr. 600 þús.

Og er þá hægt að lækka tollana um þá upphæð.

Fasteignagjöld eru nú mjög mishá í hinum ýmsu landshlutum og víða engin nema fasteignaskatturinn til ríkissjóðs.

Í Reykjavík er nú húsaskattur 8 ‰ til bæjarsjóðs, auk 1½ ‰ til ríkissjóðs, samtals 9½ af þúsundi. Samkv. frv. myndi hann *lækka* niður í 8 ‰, eða um ca. 16 %, þótt borgin neytti að fullu heimildarinnar til að leggja 100 % á húsaskattinn og taka 3 ‰ hreinsunargjald að auki.

Lóðargjald af byggingarlóðum í Reykjavík er nú 6 °/oo í bæjarsjóð, auk 3 °/oo til ríkissjóðs, eða samtals 9 °/oo. Það myndi því hækka um rúmlega helming af byggðum lóðum, ef frv. yrði að lögum og Reykjavík neytti heimildarinnar að fullu.

Hvernig skatturinn kæmi niður, sýna eftirfarandi dæmi:

Maður, sem á 35 þús. kr. hús á 5 þús. kr. lóð í Reykjavík, greiðir nú í fasteignagjöld af þessum eignum:

Húsaskatt:	9½ °/oo af kr. 35 þús.	=	kr. 332,50
Lóðarskatt:	9 °/oo af — 5 —	=	— 45,00
		Samtals	kr. 377,50

En samkv. frv. myndi hann greiða, ef Rvík notar heimildina að fullu:

Húsaskatt:	8 °/oo af kr. 35 þús.	=	kr. 280,00
Lóðarskatt:	2 °/o af — 5 —	=	— 100,00
		Samtals	kr. 380,00

eða svo að segja sömu upphæð og nú greiðir hann.

Ef húsið er virt á 50 þús kr. og lóðin á 5 þús.,

greiðir hann nú...		kr. 520,00
en myndi samkv. frv. greiða	—	500,00
Skattur hans myndi því lækka um	kr.	20,00

Á Akureyri er enginn húsaskattur, en bærinn hefir heimild til að leggja allt að 2 °/o skatt á byggingarlóðir og 1 °/o á aðrar lóðir, auk 3 °/oo skattgjalds til ríkissjóðs. Þar er því um nokkra lækkun á byggingalóðaskatti að ræða og tilsvarandi hækkun á öðrum lóðum, ef frv. verður samþykkt, þótt heimildin sé notuð. Sama er um Seyðisfjörð og Húsavíkurþorp. Í Vestmannaeyjum og á Siglufirði er jafn skattur af húsum og lóðum, 4 °/oo, auk skattsins til ríkissjóðs. Á Ísafirði er enginn húsaskattur til bæjarsjóðs, en lóðargjald 1—5 aurar af feralin.

Í sveitum er nú heimilt að leggja á fasteignagjöld til sýsluvegasjóða, 1½—6 °/oo af verði allra fasteigna, jafnt af húsum sem jörðum, auk fasteignaskattsins til ríkissjóðs. Getur því húsaskatturinn þar komizt hæst upp í 7,5 °/oo. Samkv. frv. myndi hann *lækka* niður í 5 °/oo, eða um 33⅓ °/o, en skattur af jarðeignum hinsvegar tvöfaldast, ef sveitirnar notuðu sér heimildina.

Eftirfarandi dæmi sýnir, hvernig skatturinn kæmi niður:

Maður, sem á 5 þús. króna jörð með 8 þús. króna húsum, greiðir nú samtals í fasteignagjöld, þar sem fasteignagjöld til sýsluvegasjóða eru í hámarki, 6 °/oo:

Húsaskatt:	7½ °/oo af kr. 8 þús.	=	kr. 60,00
Jarðskatt:	9 °/oo af — 5 —	=	— 45.00
		Samtals	kr. 105,00

Samkv. frv. myndi hann greiða, ef heimildin er notuð:

Húsaskatt:	5 °/oo af kr. 5 þús.	=	kr. 25,00
Jarðaskatt:	1,6 °/o af — 5 —	=	— 80,00
		Samtals	kr. 105,00

Skattgjald hans héldist því óbreytt.

Ef gert væri ráð fyrir, að öll sveitar- og bæjarfélög á landinu notuðu heimild 12. gr. frv. til að leggja 100 % á fasteignaskattinn og allir kaupstaðirnir heimild 3. gr. til að leggja 3 ‰ viðbótarskatt á húsin fyrir hreinsunarkostnaði, má áætla samkv. framansögðu, að tekjur þeirra af skattinum yrðu þessar:

Húsa-, lóða- og jarðskattur, jafn og til ríkissjóðs . ... ca. kr. 850 þús.
Viðbótarskattur skv. 3. gr., hreinsunargjald af húsum í kaupstöðum, 3 ‰ af 85 millj. . ... — — 255 —

Samtals kr. 1105 þús.

Fasteignagjöld til kaupstaða og sýsluvegasjóða námu 1925—1926 ca. kr. 396 þús., mun láta nærri að áætla þau nú . ca. kr. *455 þús.*

Verður þá tekjuauki héraðanna, ef frv. verður að lögum og heimilda 3. og 12. gr. neytt .. .. — — *650 þús.* og væri þá hægt að lækka útsvörin í heild um þá upphæð.

Í frv. til laga um tekju- og eignarskatt á þskj. 137 er gert ráð fyrir samskonar heimild fyrir bæjar- og sveitarfélög til að leggja 50 % ofan á tekjuskattinn til sinna sjóða og taka þá auk þess 1/3 eignarskattsins. Eru tekjur héraðanna af þessu áætlaðar ca. kr. 950 þús. Færi svo, að bæði þessi frv. yrðu samþykkt og nefndra heimilda þeirra beggja neytt um land allt, væri sveitar- og bæjarsjóðum þar með séð fyrir tekjum

kr. 1600 þús.

sem verja mætti til lækkunar útsvörunum. Mundi sú lækkun nema h. u. b. 36—40 % af útsvaraupphæðinni á landinu öllu.

Tekjuauka ríkissjóðs af frv. þessum báðum, ef að lögum verða, má áætla um

kr. 1450 þús.

og mætti þá lækka tollana um þá upphæð.

Um 1. gr.

Fasteignamatið er, sem kunnugt er, langt undir sannvirði. Er þó ekki annars kostur en að miða skattinn við það. Með því að breyta reglugerðum fyrir Brunabótafélag Íslands, veðlánadeildir Búnaðarbankans og veðdeild Landsbanka Íslands og setja inn í þær þau ákvæði, að fasteignamat skuli gilda til lántöku og brunabóta, myndi án efa lánast að fá fasteignamatið hækkað svo, að nærri færi sönnu mati. Er það hin mesta fjarstæða, að hafa sérstakt, allt of lágt mat á fasteignum til skattgjalds, en önnur langtum hærri til lántöku eða bóta, ef skaði verður. Með því að hafa matið aðeins eitt mætti og losna við mikið og óþarft vafstur og talsverðan kostnað, sem nú leiðir af hinum sífelldu virðingargerðum í hvert sinn, sem lán þarf að taka út á eignina.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Fasteignagjöld í hinum einstöku héruðum eru nú mjög misjöfn, eins og að framan er sýnt. Virðist rétt að setja ákveðið hámark, er gildi fyrir landið allt.

Nokkrir kaupstaðanna annast nú allskonar hreinsun etc. fyrir íbúana, og verður ekki hjá því komizt að heimila þeim, eins og verið, að leggja nokkurn viðbótarskatt á húseignirnar í þessu skyni umfram sjálfan fasteignaskattinn. Hreinsunargjaldið er gjald fyrir ákveðið starf, og er því engin ástæða til að veita nokkrum húsum undanþágu frá greiðslu á því.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Hér er um algert nýmæli að ræða. Fasteignaskattar af jörðum greiðast nú yfirleitt af leigjendum. En rétt þykir, ef eigandi tekur háa leigu af jörðinni eða lóðinni, að hann greiði sjálfur skattinn. Sé hinsvegar um mjög ódýra leigu að ræða, er ekki nema sanngjarnt, að skatturinn falli á leigjanda. Auðvitað orkar alltaf nokkuð tvímælis, hvar takmörkin skuli setja í þessum efnum. Hér eru þau sett 6% af matsverði að ofan, en 4% að neðan, og svo ráð fyrir gert, að skatturinn falli á báða, eiganda og leigjanda, eftir hlutföllum, er fjármálaráðherra ákveður, ef leigan er milli þessara marka.

Um 6. gr.

Er að mestu í samræmi við 3. gr. laga nr. 66 1921, um fasteignaskatt að öðru leyti en því, að hér er gert ráð fyrir, að fasteignir bæjar- og sveitarfélaga séu undanþegnar skattgjaldi eins og fasteignir ríkissjóðs. Virðist ekki eðlilegt, úr því að héruðin ekki fá skatta af fasteignum ríkissjóðs til sjóða sinna, að þau greiði honum skatta af sínum fasteignum. Undantekning er þó gerð að því er snertir lóðir eða lendur, sem leigðar eru með sérstökum vildarkjörum, oftast með gömlum samningum og óuppsegjanlegum, t. d. á erfðafestu. Ákvæðið um undanþágu frá skattgjaldi af verkamannabústöðum visst árabil er eðlileg afleiðing þess, að styrkur er veittur til þessara bygginga af opinberu fé. Gildir og um þá nokkuð hið sama og um jarðabætur, sem styrktar eru af almannafé, og önnur slík mannvirki, sem eru undanþegin skattgjaldi í 10 ár.

Um 7.—11. gr.

Greinar þessar eru að mestu samhljóða 4.—8. gr. gildandi laga um fasteignaskatt. Ákvæðið um dráttarvexti er þó nýtt.

Um 12. gr.

Um heimildina til kaupstaða og hreppsfélaga til þess að taka jafnhá fasteignagjöld í sína sjóði og ríkissjóður tekur vísast til þess, sem að framan er sagt. Hér er um sameiginlegan skattstofn að ræða, og er því eðlilegt, að sami maður innheimti skattinn fyrir báða aðila. Er það vafningaminnst og nær enginn kostnaðarauki fyrir innheimtumanninn.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. **139. Breytingartillögur**

við frv. til laga um verðtoll (þskj. 66).

Flutningsm: Haraldur Guðmundsson.

1. Við 7. grein:
   Í stað »1½ %« komi: 1 %.

2. Við 8. grein:
   Greinin falli burt.

3. Við 9. grein:
   a. Greinin verði 8. grein.
   b. C-liður og D-liður falli burt.

4. Greinatala frv. breytist samkv. þessu.

Greinargerð.

Samkvæmt athugasemdum flutningsmanna er svo til ætlazt, að verðtollur sá, er frv. gerir ráð fyrir, komi í stað vörutolls og verðtolls samkv. gildandi lögum. Þessir tollar báðir eru áætlaðir *2850 þús. kr.* í fjárlögum yfirstandandi árs, og mun sú áætlun miðuð við svipaðan innflutning og flutningsmenn gera ráð fyrir í útreikningum sínum. En í athugasemdum þeirra með frv. er gert ráð fyrir, að verðtollurinn samkv. því nemi *3030 þús. krónum*, og virðist sú áætlun fremur varleg.

Samkv. frv., ef að lögum verður, mundu því tollarnir hækka um 180 þús. krónur frá því, sem nú er áætlað í fjárlögum.

Það er án efa hagfelldara og nær sanni að leggja á einn verðtoll en að leggja bæði verðtoll og vörutoll á sömu vörur. En hitt er fjarri allri sanngirni og hagsýni, að auka enn 180 þús. kr. á tollabyrði almennings. Allsherjarverðtollurinn samkv. 7. gr., 1½ %, verður að teljast allt of hátt skattgjald á nauðsynjar almennings og vörur til framleiðslu til sjávar og sveita. En þar sem ekki er líklegt, að aðflutningsgjald af nauðsynjavörum fáist afnumið með öllu, meðan útflutningsgjald er tekið af afurðunum, er í brtt. aðeins lagt til, að allsherjarverðtollurinn, eða aðflutningsgjaldið sé ákveðið hið sama og sá hluti útflutningsgjaldsins, 1%, sem ríkissjóður fær til sinna þarfa og eigi er ráðstafað með sérstökum lögum. Nemur þá allsherjarverðtollurinn um 520 þús. kr., og er það hér um bil sama upphæð og ef vörutollurinn hefði verið lækkaður um ⅔ hluta.

Enn þá fjær sanni en allsherjarverðtollurinn er þó hitt, að ætla að auka

við hann 5 % eða 10 % í ofanálag, þegar um nauðsynjar og framleiðsluvörur er að ræða. En langflestar af vörum þeim, sem taldar eru í C-lið 9. gr. og ætlazt er til að 10 % viðbótarverðtollur hvíli á, eru nauðsynjar, sem ómögulegt er án að vera, svo sem: óbrotinn fatnaður og vefnaðarvörur, niðursoðin mjólk, smjörlíki, kartöflur, skófatnaður, algengar hreinlætisvörur o. fl. o. fl. Og vörur þær, sem falla undir D-lið sömu greinar, eru svo að segja undantekningarlaust nauðsynja- og framleiðsluvörur, t. d. kol og salt.

Nokkrar vörur eru og taldar í A- og B-flokkum, svo sem: egg, algeng búsáhöld og mataráhöld úr leir, gleri og aluminium, reiðhjól o. fl., sem fullnóg virðist að leggja á allsherjarverðtollinn. Aftur á móti eru fáeinar vörutegundir í C- og D-flokkum, t. d. skotvopn, skotfæri o. fl., sem nær sanni væri að leggja viðbótartoll á.

En þar sem telja má víst, að nefnd sú, er fær frv. til meðferðar, geri ýmsar tillögur til breytinga á flokkun vörutegundanna, þykir ekki ástæða til að bera fram breytingartillögur um slík smærri atriði að sinni.

Aðalatriðið er það, að langflestar vörutegundir í C.- og D-flokkum eru fulltollaðar með 1 % allsherjarverðtolli. Er því lagt til, að enginn viðbótarverðtollur sé greiddur af þessum vöruflokkum.

Samkv. áætlun flm. er gert ráð fyrir, að viðbótarverðtollurinn af þessum 2 vöruflokkum nemi 1350 þús. kr. Lækkar því verðtollurinn, ef brtt. verða samþykktar, frá því, sem áætlað er í frv., um þessa upphæð og að auki um 260 þús. kr., sem allsherjarverðtollurinn lækkar um. Nema lækkanir þessar samtals 1610 þús. kr., og er þá eftir samkv. áætlun flutningsmanna kr. *1420 þús.*

Vantar þá um 1430 þús. kr. á, að verðtollurinn nemi sömu upphæð og vörutollurinn og verðtollurinn eru áætlaðir samtals í fjárlögum þessa árs.

Í frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt á þskj. 137 er gert ráð fyrir, að þessi skattur hækki um 850 þús. kr. Og bráðlega mun verða lagt fyrir Alþingi frv. til laga um fasteignaskatt, þar sem lagt er til, að hann hækki um ca. 600 þús. kr. Nema þessir tekjuaukar, ef nefnd frv. verða samþykkt, um 1450 þús. kr., eða 20 þús. kr. meira en tekjumissir ríkissjóðs vegna samþykktar breytingartillagnanna. Ætti ekki að orka tvímælis, hvort réttlátara er gagnvart almenningi og hagfelldara fyrir þjóðarheildina: að tolla freklega nauðsynjar og framleiðsluvörur og auka með því dýrtíð og atvinnuerfiðleika í landinu, eða að taka skatt af arði og eignum og verðhækkun lands og lóða.

Með yfirlitsskýrslu um tollabreytingar á nokkrum vörutegundum má gefa nokkra hugmynd um, hver breyting yrði á tollunum, ef frv. yrði að lögum óbreytt eða með þeim breytingum, er í till. felast.

Eftirfarandi skýrsla sýnir aðflutningsgjald af nokkrum vörutegundum í eitt ár:

1) samkv. núverandi verðtolli og vörutolli,
2) samkv. frv. á þskj. 66, ef það er samþykkt óbreytt, og
3) samkv. frv. breyttu eins og gert er ráð fyrir í breytingartillögunum.

Ennfremur sýnir skýrslan, hversu mikið tollurinn lækkar af hverri þessara vörutegunda, ef breytingartillögurnar eru samþykktar.

4) miðað við gildandi vörutoll og verðtoll.

5) miðað við, að frv. yrði að lögum óbreytt.

Innflutningurinn er talinn samkv. verzlunarskýrslum fyrir árið 1927, en ekki tekið tillit til farmgjalda við útreikning verðtollsins, enda var innflutningur 4—5 milljónum undir meðallagi þetta ár, að eins 53 milljónir kr.

	Tollur			Tollalækkun skv. brtt.	
	Samkv. gild. lögum	Samkv. frv. HStef og MG	Samkv. brtt.	Frá gild. lögum	Frá frv. HStef og MG óbreyttu
1. Salt	65 400	136 200	21 000	44 400	115 200
2. Kol	265 200	296 600	45 600	219 600	251 000
3. Mjólk (niðurs.)	17 000	37 300	3 000	14 000	34 300
4. Egg (ný)	22 900	27 900	1 300	21 600	26 600
5. Jarðepli	12 600	47 800	4 200	8 400	43 600
6. Smjörlíki	7 500	20 900	1 800	5 700	19 100
7. Hrein lætis vörur (nokkrar)	27 600	18 400	1 600	26 000	16 800
8. Tilbúinn fatnaður (óbrotinn) ...	396 800	285 800	24 800	372 000	261 000
9. Vefnaðarvörur (ull og bómull)	273 000	224 000	19 500	253 500	204 500
10. Skófatnaður (leður, gúmmí)	53 400	178 600	15 600	37 800	163 000
Samtals kr.	1 141 400	1 273 500	138 400	1 003 000	1 135 100

Skýrsla þessi sýnir ljóslega, að tollabreytingar þær, er af samþykkt frv. óbreytts myndu leiða, eru mjög af handahófi, t. d. hækkar þá salttollurinn um yfir 100%, kolatollurinn um 12%, skófatnaðartollurinn um yfir 200% og tollur af niðursoðinni mjólk, eggjum, kartöflum og smjörlíki um ca. 125% til uppjafnaðar.

Verði hinsvegar breytingartillögurnar samþykktar, er tollaálagningin færð til samræmis: allar nauðsynja- og framleiðsluvörur felldar undir sama skatt. Lækkun tolls á kolum og salti myndi nema, miðað við árið 1927, um 264 þús. kr. og lækkun fatnaðar- og vefnaðarvörutolls um 625 þús. kr. Og alls myndu tollalækkanirnar á þessum 10 vörutegundum nema yfir 1 milljón kr. í löku meðalári, og enn meiru þegar innflutningur er mikill.

En verði frv. samþykkt óbreytt, *hækka* tollarnir á þessum 10 vörutegundum um 130—140 þús. kr., eða um ca. 12% til uppjafnaðar.

Nd. **140. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tollaga, nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Tölulíðirnir 8.—10. í 1. gr. laganna orðist svo:

8. Af óbrenndu kaffi og kaffibæti allskonar 40 aurar af hverju kg.
9. Af allskonar brenndu kaffi 50 aurar af hverju kg.
10. Af sykri og sýrópi 10 aurar af hverju kg.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931.

Greinargerð.

Með tolllögum árið 1889 var lagður 10 aura tollur á hvert kaffipund og 5 aura tollur á hvert sykurpund, sem til landsins flyzt. Hélzt tollur þessi óbreyttur til 1911; þá var hann hækkaður um 50%, upp í 30 aura af kaffi og kaffibæti og 15 aura af sykri pr. kg. og þá jafnframt ákveðinn 40 aura tollur pr. kg. af brenndu kaffi. Árið 1921 var kaffitollurinn enn hækkaður um 100%, upp í 60 aura af óbrenndu kaffi og kaffibæti og 80 aura af brenndu kaffi pr. kg. Og 1924 var 25% gengisviðaukanum bætt ofan á, og komst þá kaffitollurinn upp í 75 og 100 aura og sykurtollurinn upp í 19 aura pr. kg. Loks nam Alþingi 1928 gengisviðaukann á kaffi- og sykurtolli úr lögum og féll hann niður í ársbyrjun 1929. Er því tollurinn nú: af óbrenndu kaffi 60 aurar pr. kg., af kaffibæti 75 aurar pr. kg. og af sykri 15 aurar pr. kg.

Innkaupsverð á góðum strausykri, en það er sú sykurtegund, sem mest er notað af, var síðastliðið ár í stórsölu f. o. b. Hamborg frá kr. 23,14 til kr. 24,50 pr. 100 kg., eða 23—24½ e. hvert kg. komið í skip. Um miðjan janúar síðastl. var verðið kr. 22,70 pr. 100 kg. f. o. b. Hamborg, eða innan við 23 aura hvert kg., og mun svipað nú.

Sykurtollurinn er því nú um ⅔ hlutar eða 66% af innkaupsverði.

Kaffiverðið lækkaði mikið síðastliðið ár, úr 75 sh. í ágúst niður í 51 sh. í desember pr. 50¾ kg. c. i. f. Reykjavík. Um áramótin síðustu var verðið á heldur góðum tegundum í Hamborg 50¼ sh. pr. 50¾ kg. c. i. f. Reykjavík. Flutningskostnaður etc. er um 4 kr. pr. 50 kg. frá Hamborg til Reykjavíkur. Innkaupsverðið hefir því verið rétt um 1 krónu hvert kg. í skipi í Hamborg og hefir ekki hækkað síðan.

Kaffitollurinn er því um ⅔ hlutar eða 60% af innkaupsverði.

Verð á kaffibæti (Ludvig David) var síðastliðið ár frá 85—90 kr. pr. 100 kg. f. o. b. Kaupmh. og Hamborg. Í október var verðið kr. 88,44 eða um 88½ eyrir hvert kg., og hefir síðan ekki breytzt að ráði.

Kaffibætistollurinn er því nú um $^{17}/_{20}$ *hlutar eða* 85% *af innkaupsverðinu.*

Sykur er nær eingöngu fullkomin nauðsynjavara. Hann er holl, nærandi og auðmelt fæða. Og þótt ekki verði hið sama sagt um kaffi og kaffibæti, er það orðin svo algeng neyzluvara hjá öllum almenningi, að flestum er mjög örðugt að vera án þess. Einmitt þeir, sem minnst geta veitt sér af mjólk og verða að búa við mesta fábreytni í matarhæfi, en það eru fátækir fjölskyldumenn í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum, geta síst án sykurs verið — og reyndar kaffisins líka. Næst verðtollinum af fatnaði og vefnaðarvörum er kaffi- og sykurtollurinn þyngsti skatturinn, sem lagður er á þá, sem hafa fyrir mörgum að sjá og búa við bág kjör og engin efni. Eins og aðrir tollar fellur hann harðast á þá menn, sem eiga stærstan barnahópinn, hafa flesta að fæða og klæða. Meðan kaffi- og sykurtollurinn var hæstur, mun hafa látið nærri, að hann hafi numið 80—100 krónum á ári á meðal-verkamannafjölskyldu hér í Reykjavík.

Humar, skelfiskar og aðrar dýrar kræsingar eru tollaðar með liðlega 30 % af innkaupsverði, demantar, skartgripir, gull- og silfurdjásn svipað. Kampavín er tollað með 25—30 %. En á sykurinn, eina allra algengustu neyzluvöru almennings, er lagður 66 % tollur af innkaupsverði og á kaffi og kaffibæti 60—85 %.

Þarf ekki að eyða orðum að því, hvílíkt ranglæti og fásinna slíkar tollaálögur eru.

Árin 1924—1927 var innflutningur af kaffi og sykri samkv. verzlunarskýrslum sem hér segir:

Ár	Óbrennt kaffi og kaffibætir.	Sykur og sýróp.
1924 . . .	556 þús. kg.	3663 þús. kg.
1925 . . .	558 — —	3487 — —
1926 . . .	611 — —	3910 — —
1927 . . .	597 — —	3960 — —
Að meðaltali ca.	580 þús. kg. og ca.	3750 þús. kg. hvert árið.

Innflutningurinn fer yfirleitt heldur vaxandi, og er því mjög varlegt að áætla samkv. frv.:

Kaffi- og kaffibætistollinn . . .	ca. kr. 232 þús.
sykurtollinn	— — 375 —
og toll af brenndu kaffi . . .	— — 15 —
	Samt. kr. 622 þús.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er kaffi- og sykurtollur áætlaður 850 þús. krónur. Verður því tekjumissir ríkissjóðs, ef frv. verður að lögum, um 230 þús. kr. frá því, sem fjárlögin gera ráð fyrir.

Með því að taka upp einkasölu á tóbaki — frv. um það efni mun bráðlega verða lagt fyrir Alþingi — og t. d. eldspýtum, má auðveldlega bæta ríkissjóði þennan tekjumissi að fullu.

Er það ólíkt réttara og hagfelldara, að ríkið afli sér tekna á þann hátt að taka í sínar hendur einkasölu á einstökum vörutegundum, en með því að tolla algengustu þurftar- og nauðsynjavörur almennings langtum freklegar en fært hefir þótt að tolla dýrustu krásir, djásn og skartgripi.

Með einkasölu getur ríkissjóður aflað sér tekna án þess á nokkurn hátt að auka álögur á þjóðina. Heildsölugróðinn, sem nú fer í vasa örfárra stórsala rennur þá í ríkissjóðinn og að auki sá hagnaður, sem verður vegna skipulegri rekstrar og minni tilkostnaðar, þegar verzlunin er á einni hendi.

Allt of lengi hefir þjóðinni verið íþyngt með gífurlegum tollaálögum á algengustu nauðsynja- og þurftarvörur og framleiðsluvörur. Með þessu hefir löggjafinn skapað og haldið við dýrtíð í landinu og erfiðleika fyrir atvinnuvegina. En sjálfsögðustu skattastofnunum, eins og arði og hátekjum, skuldlausum eignum og fasteignum, sem eingöngu fyrir aðgerðir hins opinbera hafa margfaldazt í verði á skömmum tíma, hefir verið hlíft við réttmætum og eðlilegum álögum. Og verzlunarhagnaði tóbakseinkasölunnar hefir ríkið afsalað sér og látið hann eftir örfáum stórsölum.

Í frv. til laga um tekju- og eignarskatt, þskj. 137, breytingartillögum við frv. til laga um verðtoll, þskj. 139, frv. til laga um fasteignaskatt, þskj. 138, frv. því, er þessi greinargerð fylgir, og frv. til laga um ríkiseinkasölu á tóbaki, sem bráðlega mun verða lagt fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir, að horfið sé að því ráði að létta tollum af nauðsynlegum varningi og nota meira en verið hefir hina síðasttöldu tekjustofna.

Samkv. fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir, að eftirtaldir skattar og tollar nemi:

Fasteignaskattur . . .	kr.	250 þús.
Tekju- og eignarskattur .	—	1200 —
Kaffi- og sykurtollur . .	—	850 —
Vörutollur	—	1350 —
Verðtollur . , . . .	—	1500 —
	Samtals kr.	5150 þús.

En samkv. framangreindum frv. og tillögum, ef að lögum verða, er áætlað, að þessir skattar og tollar til ríkissjóðs nemi næsta ár:

		Hækkun	Lækkun
Fasteignaskattur	kr. 850 þús.	600 þús.	
Tekju- og eignarskattur	— 2050 —	850 —	
Verðtollur (í stað verðt. og vörut.)	— 1420 —		1430 þús.
Kaffi- og sykurtollur	— 620 —		230 —
	Samtals kr. 4940 þús.	1450 þús.	1660 þús.

Þarf því tóbakseinkasalan að veita ríkissjóði um 210 þús. kr. tekjur til þess að tekjur ríkissjóðs verði hinar sömu og gert er ráð fyrir í fjárlögum þessa árs, að öðrum tekjuliðum óbreyttum.

Nd. **141. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Ing. Bjarnarson.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
Í stað orðanna í 2. gr. C. 1. »Um Tunguheiði . . . . að Þórshöfn» komi: Kringum Tjörnes, um Kelduhverfi, Öxarfjörð, Þistilfjörð að Þórshöfn.

Nd. **142. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 73 frá 7. maí 1928, um slysatryggingar.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

a. Í staðinn fyrir orðin »4 vikur« í 4. gr. laganna komi: 1 vika.
b. Aftan við a-lið 4. gr. laganna komi: Um sjúkleika vegna slysa sjómanna, sem stendur skemur en 4 vikur frá því er þeir eru afskráðir úr skipi, fer þó eingöngu eftir siglingalögum, nr. 56, frá 30. nóv. 1914, 95. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930.

Greinargerð.

Allverulegar bætur voru gerðar á lögunum um slysatryggingar 1928, en þá var felld úr frumvarpinu, sem fram var borið, breyting sú, sem er hér að ofan getið. Við framkvæmd laganna sýnir það sig, að biðtíminn í iðntryggingunni, unz dagpeningar fást, er allt of langur, og er því hér, eftir áskorun verkamannafélaga víðsvegar um landið, farið fram á, að sá tími færist niður í 1 viku. Gert er einnig ráð fyrir því, að ákvæði siglingalaganna um hjúkrunarkostnað skipverja fyrstu 4 vikurnar eftir afskráningu gildi jafnt sem áður, og taki dagpeningar slysatryggingarinnar því ekki til þess tíma.

Ed. **143. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lántöku fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt, en vill taka það fram, að hún gengur út frá því sem sjálfsögðu, að lánið verði notað samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 39, 14. júní 1929, svo sem fram er tekið í athugasemdum við frv.

Alþingi, 18. febrúar 1930.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. Björn Kristjánsson.

Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Nd. **144. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. febr. 1930.

Sveinn Ólafsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirvara. Ásg. Ásgeirsson, frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.

Ólafur Thors.

Nd. **145. Tillaga**

til þingsályktunar um samkomustað Alþingis.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Benedikt Sveinsson, Þorleifur Jónsson, Magnús Torfason, Halldór Stefánsson, Hannes Jónsson, Jörundur Brynjólfsson, Bernh. Stefánsson, Bjarni Ásgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þjóðaratkvæðagreiðslu í sambandi við fyrirhugað landskjör á sumri komanda

um það, hvort Alþingi skuli eftirleiðis háð á Þingvöllum eða í Reykjavík. Skal við atkvæðagreiðsluna farið eftir kjörskrám við alþingiskosningar í sérstökum kjördæmum.

Greinargerð.

Tillaga um þetta efni hefir tvisvar áður verið borin fram í neðri deild Alþingis, 1926 og 1929, fyrra sinn af 3 þdm., síðara sinn af 10. 1926 féll tillagan með 14 gegn 12 atkv., en 1929 dagaði hún uppi í þingönnum síðustu daganna og varð eigi útrædd.

Áhugi á þessu máli hefir aukizt mjög á síðari árum í flestum sveitum landsins, og hafa fyrir síðasta þingi um 30 áskoranir, víðsvegar að af landinu, um ráðstafanir til atkvæðagreiðslunnar.

Þjóðinni skilst æ betur og betur, að öryggi Alþingis um samkomustað og aðstöðuþægindi til starfa er ein af meginstoðum menningar hennar og siðmennilegs þroska.

Mikill hluti landsmanna óskar einlæglega eftir flutningi þingsins til Þingvalla og trúir því, að þar farnist því bezt. Sú trú er á skynsamlegum rökum reist og hún er framar öllu öðru vottur einlægrar umhyggju þjóðarinnar fyrir þeirri stofnun, sem hún á og verður jafnan að eiga allt sitt traust undir, — fyrir Alþingi sjálfu.

Vér, sem tillöguna flytjum, teljum einsætt, að virða beri framkomnar óskir og áhuga um atkvæðagreiðsluna og leyfa þjóðinni að láta uppi álit á málinu. Fyrir því er tillagan fram komin.

Nd. 146. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Það mun ekki framhjá því komizt að hækka laun farskólakennara frá því sem nú er. Ein af aðalástæðunum fyrir þessari hækkun er af flm. frv. talin sú, að leiðrétta verði það ósamræmi, sem sé um fjárframlög ríkissjóðs annarsvegar og sveitarsjóða hinsvegar til farskólafræðslu, miðað við fjárframlög til fastaskóla. Meiri hl. nefndarinnar vill ná þessu takmarki með því að hækka laun kennaranna og láta alla hækkunina falla á ríkissjóð. Með þessu móti er sú launahækkun, sem í frv. felst, ekki nægileg til þess að fullkomið samræmi fáist, og er því hætt við, að enn komi fram till. um aukin fjárframlög frá ríkissjóði.

Minni hl. nefndarinnar leggur áherzlu á, að reynt sé að komast sem

næst réttum hlutföllum um fjárframlög til þessarar fræðslustarfsemi, úr því verið er að breyta lögunum á annað borð, og leggur til, að það verði gert á þann hátt að lækka framlög sveitanna um 100 kr. Með því mundu nást mjög svipuð hlutföll og gilda um laun forstöðumanna barnaskóla utan kaupstaða. Til glöggvunar eru hér sýnd laun barnakennara skv. gildandi lögum, skv. frv. Ásg. Ásgeirssonar og skv. brtt. minni hl. fjárhagsn. Að sjálfsögðu getur orðið ágreiningur um verðgildi þeirra hlunninda, sem hér eru útfærð með mati.

	Héruð	Ríkið	
a. Forstöðum. barnask. í kaupst. ...	1333.34	666.66	
ókeypis húsnæði metið...	600.—		
dýrtíðaruppbót.		800.—	
Byrjunarlaun	1933.34	1466.66	= *3400.*—
Aldursuppbót		1400.—	
Hámarkslaun	1933.34	2866.66	= 4800.—
b. Kennarar við kaupstaðarskóla ...	1000.—	500.—	
dýrtíðaruppbót.		600.—	
Byrjunarlaun	1000.—	1100.—	= *2100.*—
Aldursuppbót		1400.—	
Hámarkslaun	1000.—	2500.—	= 3500.—
d. Forstöðum. barnask. u. kaupst. .	800.—	800.—	
ókeypis húsn., ljós og hiti, metið	600.—		
dýrtíðaruppbót.		640.—	
Byrjunarlaun	1400.—	1440.—	= *2840.*—
Aldursuppbót		700.—	
Hámarkslaun	1400.—	2140.—	= 3540.—
Kennarar u. kaupstaða	650.—	650.—	
dýrtíðaruppbót.		520.—	
Byrjunarlaun	650.—	1170.—	= *1820.*—
Aldursuppbót		700.—	
Hámarkslaun	650.—	1870.—	= 2520.—
e. Farskólakennarar	150.—	150.—	
fæði, húsn., ljós, hiti og þjónusta, metið	450.—		
dýrtíðaruppbót		120.—	
Byrjunarlaun	600.—	270.—	= *870.*—
Aldursuppbót		420.—	
Hámarkslaun	600.—	600.—	= 1290.—

Samkv. frv. Ásg. Ásgeirssonar:

	Héruð	Ríkið	
e. Farskólakennarar	150.—	350.—	
fæði, húsn., ljós, hiti og þjónusta, metið	450.—		
dýrtíðaruppbót		200.—	
Byrjunarlaun	600.—	550.—	= *1150.*—
Aldursuppbót		420.—	
Hámarkslaun	600.—	970.—	= 1570.—

Samkv. brtt. minni hl. fjárhagsn.

e. Farskólakennarar	50.—	350.—	
fæði, húsn., ljós, hiti og þjónusta, metið	450.—		
dýrtíðaruppbót		160.—	
Byrjunarlaun	500.—	510.—	= *1010.*—
Aldursuppbót...		420.—	
Hámarkslaun	500.—	930.—	= 1430.—

Samkvæmt lögunum þurfa farskólakennarar 18 ára þjónustu til þess að ná fullri aldursuppbót, en aðrir barnakennarar aðeins 15 ár. Þetta ósamræmi vill minni hl. einnig leiðrétta.

Af framanrituðum ástæðum ber því minni hl. nefndarinnar fram svofelldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. frv.
   Í stað »500 kr.« komi: 400 kr.
2. Við 2. gr. frv.
   Í stað »en úr sveitarsjóði 150 kr.« komi: en úr sveitarsjóði 50 kr.
3. Á eftir 2. gr. frv. komi ný gr., sem verður 3. gr., svo hljóðandi:
   Stafliður d. í 12. gr. orðist svo:
   Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimafræðslu 60 kr. 3. hvert ár upp að 300 kr.
4. 3. gr. frv. verði 4. gr.

Alþingi, 19. febr. 1930.

Hannes Jónsson,
fundaskr.

Nd. **147. Nefndarálit**

um frv. til laga um eyðing refa og refarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með frv. þessu með nokkrum breytingum, og eru sumar þeirra aðeins orðabreytingar eða gerðar til skýringar.

Nefndin lítur svo á, að þar sem vissa þykir vera fyrir, að ekkert gren sé til, sé ekki ástæða til að fyrirskipa grenjaleitir.

Þar, sem fleiri hreppar eiga upprekstrarland saman, virðist sjálfsagt, að þeir hafi sameiginlega framkvæmd þessara mála.

Rétt virðist að óheimila öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir, að vinna gren eða taka yrðlinga. Þó verður að gera undantekningu frá þessu þegar svo stendur á, að ekki næst í hinn ráðna skotmann í tæka tíð.

Ekki virðist rétt að skylda ferðamann, sem ef til vill er í brýnum erindum, að snúa aftur á gren, þó finni af tilviljun.

Nefndinni þykir rétt, að sett séu skýr ákvæði um það, að hlutaðeigandi sveitarfélag eigi alla þá yrðlinga, sem vinnast á greni eða á annan hátt. Auðvitað getur hreppsnefnd engu að síður samið svo um við skotmann, að hann fái yrðlinga upp í kaup sitt. Náist yrðlingar í heimalandi, þykir rétt að tryggja ábúanda þeirrar jarðar, þó ekki sé landeigandi, nokkurn hagnað af því.

Meiri hluti nefndarinnar telur réttara, að um borgun til skotmanns fari eftir samningi milli hans og hreppsnefndar. Einn nefndarmanna (BSt) hefir þó óbundið atkvæði um þetta atriði. Vinni annar en hinn ráðni skotmaður gren, vegna þess að ekki náðist í skotmann, er sjálfsagt, að hann fái borgun fyrir, og er þá rétt, að hún sé miðuð við það, sem skotmaður hefði fengið.

Kostnaður við eyðing refa verður að sjálfsögðu að greiðast úr hlutaðeigandi sveitar- eða sveitasjóðum, sem og aftur á móti fá tekjurnar, ef nokkrar eru. Er rétt, að glögg reikningsskil séu gerð um tekjur og gjöld, er af þessu leiða.

Vegna ólíkra staðhátta virðist ekki heppilegt að fastbinda það, að sömu reglugerðarákvæði gildi um land allt í þessu efni. Er því lagt til, að hver sýslunefnd geti með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara innan sýslunnar.

Þó eftirlit sé haft með refagirðingum af hendi hins opinbera, virðist sjálfsagt, að eigandi beri ábyrgð á því, að refirnir sleppi ekki. Er svo mikið í húfi, ef út af ber í þessu, að sjálfsagt er að ákveða allháa sekt fyrir hvert dýr, sem sleppur að fullu úr vörzlu.

Yrðlingar eru í mun hærra verði að haustinu heldur en nýteknir að vorinu, og munar það meiru en kostnaði af eldi þeirra og geymslu yfir sumarið. Er því lagt til að banna útflutning þeirra fyrr en að haustinu.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

I. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Skylt er sýslunefndum að sjá um, að hreppsnefndir hafi umsjón og eftirlit með eyðing refa, eins og lög þessi mæla fyrir.

II. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort heldur sem lönd þessi liggja innan eða utan sýslufélagsins.

Nú eiga fleiri hreppar afrétt saman, og skal þá upprekstrarfélagið, þegar svo stendur á, velja einn eða fleiri menn, er annist þessar framkvæmdir.

Heimilt er sýslunefndum að veita þeim hreppum undanþágu frá grenjaleitum, er fullvíst þykir, að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum, enda hafi þar ekki fundizt gren í tug ára.

III. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Hreppsnefnd eða þeir, er upprekstrarfélag velur, skulu ráða einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu í þeim löndum, er þeim ber að annast um samkv. 2. gr. Skal hann (þeir) reiðubúinn til grenjavinnslu hvenær sem gren finnst, ásamt með vökumanni, er hreppsnefnd eða trúnaðarmaður upprekstrarfélags ræður og skotmaður tekur gildan.

b. Óheimilt er öðrum en þeim, er til þess eru ráðnir af hreppsnefnd eða trúnaðarmanni upprekstrarfélags, að vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggi svo til, að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð.

IV. Við 3. gr. Á eftir 2. málslið komi:

Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, þó finni.

V. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á víðavangi, eru eign þess sveitarfélags eða upprekstrarfélags, er annast um grenjavinnslu á því svæði samkv. 2. gr.

Nú eru yrðlingar teknir í heimalandi einstakra manna, og skal þá landeigandi og ábúandi fá samanlagt hálfan ágóða af sölu þeirra yrðlinga, er skiptist jafnt á milli þeirra.

VI. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða trúnaðarmann upprekstrarfélags.

Nú er gren unnið að einhverju eða öllu leyti á þann hátt, er segir í niðurlagi 4. greinar, og skal þá sá, er dýrunum náði, fá borgun, sem ekki má vera undir helmingi þess, sem hinn ráðni skotmaður hefði fengið, og aldrei meiri en hann hefði haft.

VII. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Kostnað við eyðing refa í heimalöndum og afréttum skal greiða úr sveitarsjóði, eða sveitarsjóðum, ef fleiri hreppar eiga afrétt saman.

Verði ágóði af grenjavinnslu, skal hann, að svo miklu leyti sem

það kemur ekki í bága við ákvæði 6. greinar, renna í sveitarsjóð eða sveitarsjóði, eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.

VIII. Á eftir þessari grein komi ný grein, svo hljóðandi:

Hreppsnefndir eða þeir, er upprekstrarfélög hafa valið samkvæmt 2. gr., skulu fyrir gangnaniðurjöfnunarfund ár hvert, eða fjallskilafund þar, sem fleiri hreppar eiga afrétt saman, leggja fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við refaeyðing í afréttar- eða heimalöndum þeirra.

IX. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Sýslunefndum er heimilt að setja með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið staðfestir, nánari reglur um framkvæmd laga þessara innan sýslunnar, svo sem um grenjaleitir, grenjavinnslu og kaupgreiðslu til skotmanna o. fl.

X. Á eftir »II. kafli. Um refarækt« komi ný grein, svo hljóðandi:

Hver sá, er ætlar að setja á stofn refaræktarbú eða stunda refaeldi, þarf til þess leyfi sýslunefndar, og fylgi umsókn hans vottorð um, að hann hafi þá þekkingu, er til þess þarf, og veitir þá sýslunefnd leyfið. Það telst refaræktarbú, þar sem refir eru aldir árlangt, hvort sem færri eru eða fleiri.

XI. Við 10. gr. Greinin orðist þannig:

Öll refaræktarbú skulu háð dýralækniseftirliti; sama gildir um annað refaeldi.

XII. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Bannað er að geyma refi öðruvísi en í fulltryggum girðingum eða annari öruggri vörzlu. Nú sleppur refur úr vörzlu og næst ekki. Skal þá eigandi sæta að minnsta kosti 200 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem sleppur.

XIII. Við 11. gr. Greinin orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um öryggi refagirðinga, geymslu og flutning refa. Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu hafa sérstakt eftirlit með því, að geymsla refa sé svo örugg sem reglugerð ákveður.

XIV. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Eigi má flytja út refi lifandi, nema þeir séu fallegir og vel aldir og fylgi dýralæknisvottorð hverri útflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og hvort yrðlingar séu eða eldri dýr.

Þessi vottorð skulu staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

Eigi má flytja út yrðlinga fyrir 20. sept.

XV. Við 13. gr. Greinin falli niður.

XVI. Við 16. gr. Greinin orðist þannig:

Með lögum þessum eru úr gildi fallnar reglugerðir þær um grenjavinnslu og refarækt, er sýslunefndir hinna einstöku héraða hafa sett, að því leyti er þær koma í bága við lög þessi eða reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur um refagirðingar.

Svo eru úr gildi numin lög nr. 48, 28. nóv. 1919, að því er snertir eyðing refa, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

XVII. Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 19. febrúar 1930.

Lárus Helgason, form. Jón Sigurðsson, fundaskrifari. Bernh. Stefánsson, frsm.

Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson.

Nd. **148. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

(Afgreidd frá Nd. 19. febrúar).

I. *Um einkarétt á merki hátíðarinnar.*

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á árinu 1930 hafa einkarétt á merki alþingishátíðarinnar 1930, því sem hér er sýnt, og er engum heimilt, verzlunum né einstök-



um mönnum, að nota merkið eða setja á muni til sölu, nema leyfi ríkisstjórnarinnar komi til. Er ríkisstjórninni rétt að ákveða gjald fyrir slíkt leyfi samkvæmt tillögum undirbúningsnefndar hátíðarinnar. Þegar um verzlunarmuni er að ræða, sem inn eru fluttir, skal gjaldið vera hundraðsgjald af verði þeirra samkvæmt innkaupsreikningi, þó aldrei yfir 15%. Er tollstjóra í Reykjavík og lögreglustjórum annarsstaðar á landinu skylt að innheimta gjald þetta, og fer um innheimtuna og afhending munanna eftir sömu reglu og segir í lögum nr. 5, 3. apríl 1928.

2. gr.

Gjaldi því, sem inn kemur fyrir söluleyfi á merkinu, skal varið upp í kostnað við alþingishátíðina.

II. *Um öryggi flutninga á Þingvallavegum.*

3. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að ákveða, að undangenginni skoðun, hverjar bifreiðar megi vera í notkun á vegunum milli Reykjavíkur og Þingvalla dagana 25.—29. júní 1930, að báðum meðtöldum.

4. gr.

Nú telja eftirlitsmenn bifreiða varhugavert, að einhver bílstjóri fari með bifreið á Þingvallavegunum daga þá, sem ræðir um í 3. gr., sakir skorts á æfingu eða af öðrum líkum ástæðum, þótt bílstjórapróf hafi, og er ríkisstjórninni þá heimilt að banna þeim manni að stýra þar bifreið þessa daga.

III. *Um lokunartíma sölubúða o. fl.*

5. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt, að fengnum tillögum bæjarstjórnanna í Reykjavík og Hafnarfirði og stéttafélaga þar, að kveða á um, að lokað skuli, að einhverju leyti eða öllu, sölubúðum, skrifstofum, afgreiðslustofum og vinnustofum og útivinna látin niður falla á báðum stöðum dagana 26.—28. júní 1930, og einnig að setja ákvæði um, að hafa megi sölubúðir þar opnar að einhverju leyti sunnudaginn 29. júní.

IV. *Um viðurlög o. fl.*

6. gr.

Nú notar einhver merki alþingishátíðarinnar í heimildarleysi, eða flytur það inn á verzlunarmunum án leyfis, og skal hann þá sæta sekt, er nemi allt að tíföldu gjaldi því, er honum bar að greiða fyrir merkið.

Brot gegn ráðstöfunum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr., varða sektum, allt að 2000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sektarfé allt skal renna í ríkissjóð.

7. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **149. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Menntaskóla á Akureyri.

Frá Erlingi Friðjónssyni og Jóni Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   Síðari málsgrein orðist svo:
   Skal hann, þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, starfrækja gagnfræðadeild með þrem bekkjum, og er heimilt, með samþykki kennslumálaráðuneytisins, að skipta einum þeirra.
2. Við 4. gr.
   Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Einnig skal skylt að veita þeim nemendum, er þess óska, kennslu í latínu, enda er skólastjóra þá heimilt að þiggja þá undan námskröfum í frönsku að einhverju leyti eða öllu.

Nd. **150. Nefndarálit**

um frv. til laga um háskólakennara.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin er klofin í málinu og leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. febr. 1930.

Héðinn Valdimarsson, Sig. Eggerz. Ólafur Thors.
frsm.

Nd. **151. Nefndarálit**

um frv. til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin er klofin um frv. og vill meiri hl. mæla með því, að það nái fram að ganga á þessu þingi, en minni hl. mun vera því mótfallinn.
Nefndin vill þó gera á frv. svofellda

BREYTINGU:

Við 1. gr. 2. málsgr. Á eftir orðunum »kauptún, sem er sérstakt hreppsfélag«, komi: eða hreppur, sem hefir yfir 400 íbúa.

Alþingi, 20. febrúar 1930.

Gunnar Sigurðsson, form.	Héðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr.	Magnús Torfason.

Nd. **152. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 40 [Vegalög].

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Aftan við tillöguna bætist:
Frá Bíldudal um Fossheiði, póstleiðina til Þorskafjarðar.

Sþ. **153. Tillaga**

til þingsályktunar um einkasölu á steinolíu.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Jón Baldvinsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Erlingur Friðjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að neyta heimildar laga nr 77, 14. nóv. 1917, til þess að taka í sínar hendur einkasölu á allri steinolíu, sem til landsins flyzt, hvort heldur er benzin, ljósaolía, venjuleg mótorolía eða hráolía.

Greinargerð.

Tillaga þessi er samhljóða tillögu, er flutt var á Alþingi í fyrra og þá afgreidd með svokallaðri rökstuddri dagskrá. Vísast til greinargerðar þeirrar, er þá fylgdi tillögunni, og umræðna á 2 síðustu þingum.

Nd. **154. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa og semja frv. til laga um alþýðutryggingar.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna milliþinganefnd til þess að undirbúa og semja frumvarp til laga um alþýðutryggingar, er nái yfir sjúkra-, elli-, örorku-, slysa-, mæðra- eða framfærslutryggingar og atvinnuleysistryggingar.

Nefnd þessi skal jafnframt gera tillögur um ráðstafanir af hálfu ríkis og bæjarfélaga til varnar gegn atvinnuleysi, og hvort veita skuli stofnun þeirri, er verður látin annast alþýðutryggingarnar, einkarétt til þess að taka að sér líftryggingar hér á landi.

Nefndin skal hafa lokið störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi og skal leggja frv. hennar og tillögur fyrir það.

Greinargerð.

Tillaga því nær samhljóða þessari var lögð fyrir Nd. á síðasta þingi, en fékk þá eigi fullnaðarafgreiðslu. Vísast til greinargerðar, er þá fylgdi tillögunni. Nánar í framsögu.

Ed. **155. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stafliður e. í 9. gr. nefndra laga orðist svo:

Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimafræðslu hafa í árslaun 500 kr., auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur.

2. gr.

Í stað síðari málsliðar fyrri málsgreinar 11. gr. kemur:

Helmingur þeirra launa, sem talin eru í d-lið sömu greinar, greiðist af ríkisfé, en helmingur úr sveitarsjóði. Til farkennaralauna samkvæmt e-lið greiðast úr ríkissjóði 350 kr., en úr sveitarsjóði 150 kr., auk þeirra hlunninda, sem farkennarar njóta.

3. gr.

Stafliður d. í 12. gr. orðist svo:

Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimafræðslu 60 kr. 3. hvert ár upp að 300 kr.

4. gr.

Laun farkennara greiðast í fyrsta sinn eftir þessum lögum fyrir skólaárið 1929 til 1930.

Nd. **156. Tillaga**

til þingsályktunar um fullnaðarskil ríkisstjórnarinnar við Pál J. Torfason fyrir milligöngu hans við enska lánið, er ríkissjóður tók árið 1921.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson, Jón Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson, Einar Jónsson, Jóhann Þ. Jósefsson, Lárus Helgason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að greiða Páli J. Torfasyni það, sem honum reynist vangoldið af þóknun þeirri, er umsamin var af ríkisstjórninni fyrir milligöngu hans við enska lánið, er ríkissjóður tók árið 1921.

Greinargerð.

Þingsályktunartillögu sama efnis fluttu tveir þingmenn í sameinuðu Alþingi 1929, en hana dagaði uppi í þinglok. Til þess að ná sama takmarki, sem til var stefnt með ályktuninni, rituðu 24 alþingismenn ríkisstjórninni áskorun þá, er hér fylgir og dagsett er á Alþingi 18. maí s. l.:

Vér undirritaðir alþingismenn leyfum oss hér með að skora á ríkisstjórnina að greiða Páli J. Torfasyni það, sem honum kann að reynast vangoldið af þóknun þeirri, er umsamin var af ríkisstjórninni fyrir milligöngu hans við enska lánið, er ríkissjóður tók árið 1921.

Alþingi, 18. maí 1929.

Jón Ólafsson.	Gunnar Sigurðsson.
Bernh. Stefánsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Einar Jónsson.	Sveinn Ólafsson.
Jón Baldvinsson.	Benedikt Sveinsson.
Bjarni Ásgeirsson.	Magnús Torfason.
H. J. Kristófersson.	Páll Hermannsson.
Erlingur Friðjónsson.	Hannes Jónsson.
Ingvar Pálmason.	Jónas Kristjánsson.
H. Steinsson.	Þorleifur Jónsson.

Jón A. Jónsson.	Björn Kristjánsson.
Magnús Jónsson.	Ólafur Thors.
Ásg. Ásgeirsson.	Sig. Eggerz.

Fjármálaráðherra hefir síðan rannsakað málið eftir þeim skjölum, er fyrir liggja. Hefir hann talið réttasta leið að bera mál þetta aftur undir Alþingi.

Nd. **157. Nefndarálit**

um till. til þál. um björgunar- og eftirlitsskip við Vestmannaeyjar (þskj. 37).

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um till. þessa. Teljum við undirritaðir ekki viðeigandi, að till. feli í sér neinn úrskurð um réttmæti eða óréttmæti kröfu Vestmannaeyja til staðbundins gæzluskips við eyjarnar, né heldur getum við fallizt á það, að till. eins og hún er orðuð á þskj. 37 geti við eina umræðu í deildinni fengið gildandi afgreiðslu, þar sem hún ómótmælanlega lýtur að verulegum útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Hinsvegar viljum við fúslega viðurkenna þá sanngirniskröfu eyjarskeggja, að stuðningur sé þeim veittur við björgunar- og eftirlitsstarfið, eftir því sem ástæður leyfa og samrýmzt getur strandgæzlunni og útgerð ríkisskipanna.

Þörf yfirstandandi tíma um eftirlit þetta er að sjálfsögðu mest aðkallandi, og viljum við því fyrst og fremst hugsa fyrir henni, en jafnframt viljum við hvetja til viðbúnaðar um framhaldandi eftirlit á miðum við Vestmannaeyjar og nærliggjandi veiðistöðvar eftirleiðis, og teljum vandhæfislítið að koma því á, ef fjölgað verður varðskipum, sem ætla má að orðið geti áður mörg ár líða.

Eftir framansögðu leggjum við til, að till. verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að stilla svo til á yfirstandandi vetrarvertíð, að eitt varðskipanna, auk skips þess, sem veiðarfæravörzlu hefir við Vestmannaeyjar, verði jafnan tiltækt við suðurströnd landsins til björgunarstarfa, ef nauðsyn krefur, fyrir Vestmannaeyjar og aðrar verstöðvar milli Hjörleifshöfða og Reykjaness, án þess þó að af því þurfi að leiða verulega truflun á strandgæzlu.
2. Að láta rannsaka, með hvaða hætti þessari gæzlu verði bezt fyrir komið framvegis.

Alþingi, 20. febrúar 1930.

Sveinn Ólafsson, form.	Ásg. Ásgeirsson, frsm.

Ed. **158. Frumvarp**

til laga um skráning skipa.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason, Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Eigi má skip skrá á landi hér og óheimilt er skipi að hafa íslenzkan fána, nema fullnægt sé skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann eiga ríkisfang á Íslandi og hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti samfleytt síðasta árið, eða hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign félags, þar sem félagi hver ber fulla ábyrgð á skuldum þess, þá skulu ⅔ félaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
3. Ef skip er eign félags, þar sem sumir félagar bera fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing hér á landi, enda eigi hver af stjórnendum félagsins hluti í félaginu og fullnægi einnig skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
4. Ef skip er eign félags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal félag eða stofnun eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi, enda fullnægi stjórnendur skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang, og ef félag er, þá skulu þeir einnig eiga hver hlut í því.

Skip þau, er lögum samkvæmt hafa verið tekin á skrá yfir íslenzk skip áður en lög þessi koma til framkvæmdar, skulu þó hafa rétt til að standa á skrá og nota íslenzkan fána, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum þessarar greinar um heimilisfang eigenda eða stjórnenda.

2. gr.

Bannað er íslenzkum skipum að hafa annan fána en þjóðfána Íslands, svo sem hann er ákveðinn í konungsúrskurði nr. 41, 30. nóv. 1918, sbr. konungsúrskurð nr. 1, 12. febr. 1919.

3. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir yfirumsjón með mælingu skipa og skrásetningu. Heimilt er ráðuneytinu að fela skipaskoðunarstjóra ríkisins að framkvæma öll þau daglegu störf, sem að endurskoðun, mælingu skipa og skrásetningu þeirra lýtur. Skal í því skyni sett á stofn sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist skráningarstofa ríkisins.

Skipaskoðunarstjóra skal heimilt að taka nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og greiðist kostnaður við hana úr ríkissjóði af skrifstofufé skipaskoðunarinnar.

4. gr.

Lögsagnarumdæmi hvert á landi hér er skipaskráningarumdæmi, en lögreglustjórar hafa skráningu á hendi. Fjármálaráðuneytið löggildir skipaskrár í umdæmi hverju. Skulu þær vera þrjár:

1. Skrá yfir opna báta, sem eru skoðunarskyldir. Þó skal einnig færa á skrá þá báta, sem stunda fiskveiðar að staðaldri, þó minni séu en um getur í 5. gr. l. nr. 58 frá 14. júní 1929.
2. Skrá yfir öll skip og báta með þilfari allt að 30 rúmlestum brúttó.
3. Skrá yfir önnur skip yfir 30 rúmlestir brúttó. Halda skal skrásetningarstofa ríkisins aðalskrá ásamt efnisskrá yfir öll skip, sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum þessum, en úrskurðarvald um mælingu skipa og skráningu er hjá fjármálaráðuneytinu.

5. gr.

Umdæmaskrár skulu greina um hvert skip í dálki sér:

1. Skráningarstafi skips, nafn þess, heimilisfang þess og smíðastöð.
2. Hverskonar skip það sé, lögun þess og aðalmál (lengd, dýpt og breidd).
3. Smálestatal skips og með hvaða aðferð það sé reiknað.
4. Nafn, stöðu og heimildarbréf eiganda þess. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er eign hlutafélags eða stofnunar, þá skal bóka nafn þess eða hennar og heimilisfang stjórnenda og nafn útgerðarstjóra.
5. Skráningarár og skráningardag.

6. gr.

Lögreglustjóri skráir hvert skip í sína skrá (sbr. 4. gr.) í áframhaldandi töluröð (1, 2, 3 o. s. frv.), eftir því hvenær skrásetningar er beiðst. Þó skal skráningarstofnuninni heimilt að veita lögreglustjórum leyfi til að gefa nýskráðu skipi umdæmistölu skips, sem strikað hefir verið út.

Skip yfir 30 smálestir skal skrá þar í lögsagnarumdæmi, er eigandi vill hafa heimilisfang þess, en smærri skip þar, er eigandi á heima. Nú eru þeir fleiri en einn (2. og 3. tölul. 1. gr.) og eiga ekki allir heima í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá skrá skip á heimilisfangi þess, er þeir kjósa til þess.

7. gr.

Nú vill aðili láta skrá skip sitt, og skal hann þá senda lögreglustjóra, þar sem skipi er ætlað heimilisfang, skriflega beiðni um það. Ef skip er þar ekki, þá skal senda beiðni til lögreglustjóra þar, sem skipið er.

Þessi skilríki skulu fylgja skráningarbeiðni:

1. Skipasmíðaskírteini, ásamt heimildarbréfi eiganda eða eigenda, ef eigendaskipti hafa orðið að skipi síðan það var smíðað. Vera skulu skjöl þess í frumriti og eftirriti, og skal geyma eftirrit í skjalasafni lögreglustjóra.
2. Skýrsla aðila um önnur þau atriði, er með þarf, svo að skip megi skrásetja (sbr. 5. gr.).

3. Yfirlýsing eiganda eða eigenda (2. og 3. tölul. 1. gr.), að viðlögðum drengskap, um það, að hann eða þeir sé í raun réttri eigandi eða eigendur skipsins, en ekki aðeins í orði kveðnu, og ef eigandi er félag eða stofnun (4. tölul. 1. gr.), þá skal fylgja samskonar yfirlýsing stjórnenda allra um það, að fullnægt sé skilyrðum þeim, er í 4. tölulið 1. gr. segir. Ennfremur skal fylgja drengskaparheit um það, að þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins skuli ekki verða notað til þess að útvega öðru skipi réttindi skipa, skrásettra hér á landi, né sama skipi, ef það kemst í eign þess eða þeirra, sem ekki mega láta skrá skip sín hér. Yfirlýsingar þessar skal annaðhvort undirrita í viðurvist lögreglustjóra þess, er skráningu annast, eða notarii publici.

Fjármálaráðuneytinu eða skráningarstofunni í umboði þess er heimilt að undanþiggja menn framlagningu þeirra skírteina, er hèr segir, ef öflun þeirra er sérstökum örðugleikum bundin, enda sé réttur aðila til að láta skrá skip sitt vafalaus og nauðsynlegar upplýsingar til þess að skráning megi fara fram með öðrum hætti fengnar.

Nú þykir lögreglustjóra grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá hér skip sitt, eða hann eigi í raun réttri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber lögreglustjóra þá að láta fram fara rannsókn að hætti opinberra mála um öll þau atriði, er máli kunna að skipta.

8. gr.

Nú telur lögreglustjóri eftir atvikum, að undangenginni rannsókn samkv. 7. gr., aðila tvímælalaust fullnægja öllum lögmæltum skilyrðum, og skal hann þá skrásetja skipið. Annarskostar sendir lögreglustjóri skráningarstofunni skjöl þau, er í 7. gr. segir, ásamt rannsókn sinni og greinargerð um málið. Skráningarstofan skal þá gera tillögur um málið og senda þær síðan fjármálaráðuneytinu ásamt rannsókn lögreglustjóra, greinargerð og öðrum skjölum. Leggur síðan ráðuneytið fyrir lögreglustjóra að skrá skipið, rannsaka málið betur eða neita skilmálalaust um skráningu. Nú býður ráðuneytið rækilegri rannsókn, og skal lögreglustjóri þá senda skráningarstofunni skjölin að nýju, þegar rannsókn er lokið, enda skal þá svo með fara sem fyrr segir.

9. gr.

Nú skrásetur lögreglustjóri skip, og skal hann þá jafnskjótt sem þess er kostur senda skráningarstofunni öll þau skilríki, sem honum hafa í hendur komið samkvæmt 7. og 8. gr., mælingu skips og aðra fræðslu um það, er hann má í té láta og máli skiptir. Skal skráningarstofan athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem senda hafa verið. Ef þörf þykir, getur skráningarstofan látið nýja mælingu fara fram. Skráningarstofan getur og krafizt nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Ef skráningarstofan telur skip ranglega skráð, þá tilkynnir hún það ráðuneytinu skriflega, sem þá getur fyrirskipað rannsókn samkvæmt 7. gr. Að því búnu sker ráðuneytið úr því, svo sem í 8. gr. er mælt, hvort skráning skuli standa eða skip aftur strikað af skrá.

10. gr.

Nú vill aðili ekki una við úrskurð fjármálaráðuneytisins samkvæmt 8. og 9. gr., og getur hann þá lagt málið undir úrlausn dómstólanna. Fer það mál að hætti opinberra lögreglumála, bæði í héraði og í æðra dómi, en leysa skal með dómi úr því, hvort skrá skuli skip aðila eða ekki.

11. gr.

Nú telur skráningarstofan skip réttilega skráð, og tekur hún þá skipið á aðalskipaskrá. Ef skipið er yfir 30 smálestir brúttó, þá gefur ráðuneytið út þjóðernis- og skráningarskírteini handa skipinu í því formi, er ráðuneytið ákveður. En ef skip er minna, þá gefur skráningarstofan út mælingarbréf því til handa, nema sigla eigi því til annara landa; fær það þá þjóðernisskírteini auk mælingarbréfsins, sem ráðuneytið gefur út.

Rita skal mælingaskírteini skips og allt það, er greina skal í skipaskrá samkvæmt 5. gr., á þjóðernisskírteini. Skírteini skal síðan, ásamt fylgiskjölum, þegar senda lögreglustjóra, og bókar hann það, er með þarf, í skipaskrá, leiðréttir smálestatal skips, ef þess gerist þörf, og ritar nafn skipstjóra, ásamt greinargerð um heimild hans til þeirrar atvinnu, á þjóðernisskírteini og fær aðila það síðan í hendur.

Nú er skip, þegar á að skrá það, ekki í umdæmi, þar sem því er ætlað heimilisfang (sbr. 1. málsgr. 7. gr.), og skal þá lögreglustjóri, er látið hefir af hendi þjóðernis- og skráningarskírteini, senda skjöl þau öll, er skráningu skipsins varða, til lögreglustjóra á heimilisfangi þess, og skal hann síðan skrásetja skipið.

12. gr.

Á hvert skrásett skip skal marka nettó smálestatal þess og skráningarstafi þess á þiljubitann við aðallestaropið að aftan, ef það má verða, en ella annarsstaðar, þar sem því verður við komið og vel fer á því. Þegar merki þess er með öllu máð af, þá verður skip ekki lengur viðurkennt skrásett íslenzkt skip.

Stöfum þeim, er skip fær á aðalskrá, má ekki breyta, meðan skráning stendur óhögguð. Eru þeir skráningarstafir skips, enda skal marka þá á það.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip, þar sem vel ber á því, með greinilegu latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit, eða dökku letri með ljósleitum undirlit. Ef nafn skips eru tvö orð eða fleiri, þá skal ávallt vera að minnsta kosti eins bókstafsbil milli orðanna.

Ef skip siglir til annara landa, þá skal setja nafn þess þar að auk með sama hætti á báðar skipshliðar, enda skal, svo fljótt sem unnt er, marka bæði að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir, öðrumegin í desímetrum en hinumegin í enskum fetum.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott, nema það sé gert til að forða því undan hættu í ófriði. Ekki má heldur nefna skip öðru nafni en það er skráð undir. Og eigi má breyta nafni á skrásettu skipi, nema eigenda-

skipti verði, enda samþykki skráningarstofan breytinguna og óbreyttir haldist skráningarstafir skipsins.

13. gr.

Nú er skip byggt erlendis fyrir aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyrr en það er komið í íslenzkt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiptafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 7. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur í fyrsta sinn í íslenzka höfn, enda sé skírteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Nú þykir viðskiptafulltrúa grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi í raun réttri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, þar til fjármálaráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefir skorið úr málinu.

Jafnskjótt sem viðskiptafulltrúi gefur út þjóðernisskírteini, sendir hann skráningarstofunni eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar beiðist, á að afhenda honum samkvæmt 6. gr. Skráningarstofunni ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgðaþjóðernisskírteininu, ef það reynist að vera ólöglega útgefið.

Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hverskonar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé byggt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbréfi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um smálestatal skips, lögun þess og lýsing.
5. Hversu lengi skírteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rétt að krefjast þess af næsta viðskiptafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skráningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenzka höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur skírteini viðskiptafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

14. gr.

Þjóðernis- og skráningarskírteini skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það við tollgreiðslu skips samkvæmt kröfu yfirvalda og fyrirliða landvarnarskipa eða viðskiptafulltrúa landsins erlendis. Bannað er að rita nokkuð á skírteini eða breyta nokkru í því, nema lögreglustjóri, þar sem skip er skrásett, geri það, eða viðskiptafulltrúi landsins erlendis.

15. gr.

Nýtt þjóðernisskírteini skal gefa út í stað eldra, ef þess er krafizt, enda sé þá eldra skírteini skilað aftur um leið:

1. Ef nafni skips er breytt.
2. Ef viðskiptafulltrúi hefir gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða. Rannsaka skal þá eftir þörfum öll atriði, er skráningu varða, svo sem í 7. sbr. 8. gr. segir.
3. Ef þjóðernisskírteini glatast. Nú glatast skírteini erlendis, og gefur þá viðskiptafulltrúi landsins þar út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (sbr. 13. gr.), og skal þar frá því skýrt, hvers vegna skírteinið sé út gefið. Skal sá, er biður um skírteinið, gefa skýrslu um það, hvernig það hefir glatazt.
4. Ef skrásettu skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernisskírteini þess stendur um það, hverskonar skip það sé, smálestatal þess eða lýsing að öðru stendur ekki heima, þá skal skrá skip af nýju, nema hallkvæmara þyki að skrá breytingarnar á skírteinið. Ef breyting er skráð á skírteini, sendir lögreglustjóri skráningarstofunni þegar skýrslu um það.
5. Ef aðili fer annars fram á að fá nýtt skírteini.
6. Ef skrásett skip tekur heimilisfang í öðru skráningarumdæmi. Aðili skýrir þá lögreglustjóra, þar sem skip var skráð, frá ósk sinni um flutninginn, en hann sendir lögreglustjóra á hinu nýja heimili skipsins skjölin, og verður skipið svo skrásett af nýju.

16. gr.

Ef eigendaskipti verða að skipi eða skipshluta, enda glati skip ekki fyrir það rétti til að sigla undir íslenzkum fána, eða skipstjóraskipti verða, eða ef breyting verður á einhverjum þeirra atriða, sem skrásett eru samkvæmt 5. gr., þá ber eiganda eða eigendum, og ef eigendaskipti hafa orðið, bæði fyrrverandi og núverandi eiganda, að skýra lögreglustjóra, þar sem skip er skráð, frá því innan 4 vikna, ásamt sönnunum fyrir heimild sinni og þeim öðrum skilríkjum, sem nauðsyn er á, svo að skráin verði leiðrétt samkvæmt því.

Svo skal skrá breytingar á þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins, nema út verði gefið nýtt skírteini.

Nú verða slíkar breytingar, sem hér segir, erlendis, og skal þá næsti viðskiptafulltrúi landsins rita þær á skírteinið og senda skráningarstofunni þegar skýrslu um þær.

Rétt er, að rannsókn samkvæmt 7. sbr. 8. gr. fari fram um öll þau atriði, er eigendaskipti eftir þessari grein varða.

17. gr.

Strika skal skip af skrá og skila skal lögreglustjóra þegar þjóðernisskírteini skips, ef þess er kostur, ásamt skriflegri skýrslu um atburði:

1. Ef skip ferst, er höggið upp eða ónýtt með öðrum hætti. Nú fer svo um skip erlendis, og skal þá skila viðskiptafulltrúa Íslands þar þjóðernisskírteini þess, en hann sendir það síðan skráningarstofunni ásamt skýrslu um atburði.
2. Ef skip eða skipshluti verður eign manns, félags eða stofnunar og fyrirgerir

þess vegna rétti til að nota íslenzkan fána. Er þá eiganda eða eigendum skylt, að sama hætti sem í 16. gr. segir, að skýra lögreglustjóra frá breytingunni innan 4 vikna frá því er hún varð. Ef eigendaskipti verða erlendis, ber skipstjóra eða eiganda að skýra næsta viðskiptafulltrúa Íslands frá þeim og skila honum skírteininu og öðrum skjölum skipsins, enda skal hann senda skráningarstofunni þau svo fljótt sem þess er kostur. Þar, sem enginn viðskiptafulltrúi er fyrir hönd Íslands, skal skipstjóri eða eigandi skips útvega vottorð embættismanns, er löggildur sé að þarlandslögum til þess að láta slík vottorð af hendi um breytinguna, og senda skjölin síðan skráningarstofunni. Nú verða eigendaskipti að skipi eða skipshluta vegna skipta á búi eða uppboðssölu, og skal þá skiptaráðandi eða uppboðshaldari, og ef breytingin varð erlendis, viðskiptafulltrúi landsins þar, gera það, sem með þarf.

3. Ef skip er dæmt óbætandi erlendis, þá skal enn svo með fara sem áður er sagt.

Nú er þjóðernisskírteini ekki skilað og skip er enn til, og skal þá ógilda skírteini með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

18. gr.

Lögreglustjóri skýrir skráningarstofunni jafnskjótt sem unnt er frá hverri breytingu, sem í 16. og 17. gr. segir.

Nú verður ágreiningur um rétt aðilja til að hafa skip áfram skráð á Íslandi, eða grunur kemur um það, að sá réttur sé glataður eða hafi aldrei verið til nema í orði kveðnu, og skal þá lögreglustjóri skýra skráningarstofunni frá því svo fljótt sem auðið er, enda fer um rannsókn þessa máls og úrskurð eins og 7., 8. og 10. gr. segir.

19. gr.

Ef eigandi æskir þess og sérstök ástæða er til þess, þá getur fjármálaráðuneytið veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til þess að fara hér hafna á milli áður en það sé skrásett, enda hefir slíkt leiðarbréf sama gildi hér við land sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini.

Ennfremur er fjármálaráðuneytinu rétt, að fenginni umsögn skráningarstofunnar, að veita skipi, ef nauðsyn ber til að það fari þegar til útlanda, þjóðernisskírteini til bráðabirgða til siglinga þangað, enda hafi skráningarstofan fengið í hendur skráningarskjöl skips, en þó brestur eitthvað á til þess, að skráning megi þegar fram fara. Í bráðabirgðaskírteini skal greina öll þau atriði, sem í 13. gr. 1.—5. tölul. getur. Bráðabirgðaskírteinið gildir ekki lengur en í 2 ár, en þó getur ráðuneytið lengt frestinn, ef sérstakar ástæður hamla skráningu skipsins. Um leið og skip fær bráðabirgðaskírteini, skal marka á það smálestatal og skráningarstafi eftir 12. gr.

20. gr.

Lögreglustjóra er skylt að láta í té, gegn 5 króna endurgjaldi fyrir hvert skip, ágrip úr skipaskrá. Skráningarstofan lætur og í té, með sömu skilyrðum, staðfest eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteinum og mælingarbréfum. Greina skal á eftirritið, hvers vegna það var af hendi látið.

21. gr.

Það varðar sektum, 100—200 kr. á hverja brúttó smálest skips:

1. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, útvegar skráningu á skipi eða þjóðernis- og skráningarskírteini með vísvitandi röngum skýrslum, enda þótt hann bresti skilyrði 1. gr. laga þessara til þess að láta skrá skipið hér.
2. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, leynir eða vanrækir að skýra frá breytingum þeim á högum sínum eða sameigenda sinna, er valda missi þeirra skilyrða, er í 1. gr. segir.
3. Ef aðili, sem fengið hefir skip skráð með þeim hætti, sem í 1. tölul. segir, áður en lög þessi öðlast gildi, heldur áfram að hafa það á skrá hér eftir að lögin eru komin til framkvæmdar.

Nú hefir aðili, eða umboðsmaður hans, framið annað refsivert athæfi til þess að koma fram brotum þeim, er í 1.—3. tölul. greinar þessarar segir, svo sem skjalafals, og skal hann þá jafnframt sæta lögmæltri refsingu fyrir það athæfi.

22. gr.

Það varðar 50—100 kr. sektum á hverja brúttó smálest skips, ef aðili, eða umboðsmaður hans, fremur nokkra þá athöfn, er miðar til að koma í framkvæmd þeim verknaði, er í 1. tölulið 21. gr. segir, en það tekst ekki.

Ákvæði síðustu málsgr. 21. gr. eiga hér við.

23. gr.

Skip, ásamt veiðarfærum og afla, ef því er að skipta, er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 21. og 22. gr., enda má kyrrsetja veðið og selja síðan, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

24. gr.

Ef aðili útvegar sér annars eða lætur útvega sér ranglega skráningu á skipi sínu, þjóðernis- og skráningarskírteini eða leiðarbréf (19. gr.), vanrækir skyldur sínar samkvæmt 2., 12., 13., 14., 15., 16. eða 17. gr. laga þessara eða brýtur þær með öðrum hætti, eða brýtur fyrirmæli í reglugerð, er stjórnarvöld setja samkvæmt lögum þessum, þá varðar það sektum, allt að 2000 kr., enda liggi ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

25. gr.

Taka má sektir eftir lögum þessum fjárnámi í búi hinna seku, enda ábyrgist eigandi skips eða eigendur, ef fleiri eiga skip en einn, allir fyrir einn og einn fyrir alla greiðslu sekta. Sama er um stjórnendur félaga og stofnana.

26. gr.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd laga þessara, að því leyti, sem þess verður þörf og innan þeirra takmarka, sem í þeim eru sett.

27. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum og reglum, settum samkvæmt 26. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og reglum þeim, er í 26. gr. segir, skulu renna í ríkissjóð.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa, og lög 14. júní 1929 um breytingu á þeim lögum.

Greinargerð.

Við framkvæmd laga nr. 29 frá 27. júní 1925 hefir komið í ljós, að æskilegt mundi vera að gera nokkrar breytingar á þeim, og því er frumvarp þetta fram komið. Aðalbreytingin, sem það hefir að flytja, er sú, að hin daglegu störf við skráningu skipa og endurskoðun skipamælinga, sem verið hefir að mestu aukastarf manna í fjármálaráðuneytinu, verði nú framkvæmd í skrifstofu skipaskoðunarstjóra.

Um aðrar breytingar verður sérstaklega getið við hverja grein frumvarpsins.

1. og 2. gr. eru óbreyttar.

Um 3. gr.

Aðalskráning skipa hefir farið fram í fjármálaráðuneytinu og að miklu leyti verið framkvæmd sem igripa- og aukavinna. Þetta hefir gert það að verkum, að öll skráning skipa, bæði hér og á öðrum skráningarstöðum á landinu, er í mesta ólagi, enda varla við öðru að búast, þar sem menn svo vikum og jafnvel mánuðum skiptir komast ekki til að sinna skráningunni, vegna annara starfa.

Í nálægum löndum er skoðun og skráning skipa nú flutt saman í eina og sömu stofnun, enda málefnin mjög skyld.

Með þessu frumvarpi er hér farið fram á það sama og ætlazt til, að daglega sé unnið að skráningunni í skrifstofu skipaskoðunarstjóra, enda er það mikið starf að koma henni í viðunandi horf.

Í lögum nr. 58 frá 14. júní 1929 er skipaskoðunarstjóra gert að skyldu að fara eftirlitsferðir um landið, og er þá vel til fallið, að hann athugi þá einnig skráningu skipa hjá lögreglustjórum og leiðbeini í því efni.

Með því að koma skráningu og mælingu skipa í gott lag má gera ráð fyrir því, að lestagjald skipa komi réttlátara niður á skipaeigendur, og jafnvel að þær tekjur ríkissjóðs aukist frá því sem nú er.

Um fjárhagshlið þessa máls er það að segja, að þessi breyting mundi hafa tiltölulega lítil aukin útgjöld fyrir ríkissjóð í för með sér, vegna þess að greitt hefir verið aukalega fyrir endurskoðun þeirra mælinga, sem framkvæmdar hafa

verið af skólastjóra stýrimannaskólans, og aukavinnu við dagleg störf við skráninguna. Þegar þessa er gætt, verður aukinn kostnaður lítill og aðallega í því fólginn, að sá maður, sem mest hefir að skráningunni unnið í fjármálaráðuneytinu, aðstoðar á skrásetningarstofunni sem svarar 2 kls. á dag. Aðra vinnu lætur skipaskoðunarstjóri vinna í skrifstofu sinni í venjulegum skrifstofutíma.

Um 4. gr.

Í þessari grein felst sú nýbreytni, að skipaskrárnar verði þrjár í stað tveggja.

Gildandi lög um skráningu skipa gera ekki ráð fyrir, að haldin sé skrá yfir skip og báta undir 12 rúmlestum, en þar sem þessi stærð skipa er mikill hluti fiskiflotans, þá virðist rétt, að þau einnig séu færð á skrá. Að vísu hefir þetta verið gert víða af lögreglustjórum, þó vantað hafi heimild til þess.

Önnur breyting er sú, að skráningarstofan heldur aðalskrá og efnisskrá í stað fjármálaráðuneytisins, en það hefir eins og áður úrskurðarvald um mælingu og skráningu skipa.

5. gr. er óbreytt.

Um 6. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að skráningarstofan geti leyft lögreglustjórum að gefa nýskráðu skipi umdæmistölu skips, sem strikað hefir verið út. Þessi heimild er ekki til í lögunum, en þykir rétt að hafa hana, til þess að framvegis verði ekki teknar upp eldri umdæmistölur í heimildarleysi.

Um 7. gr.

Það þykir rétt, að skráningarstofan hafi umboð ráðuneytisins í einstökum tilfellum til að undanþiggja menn framlögu skírteina, sem ómögulegt er að ná í, þegar annars enginn vafi er á heimild til skráningar.

Um 8. gr.

Í grein þessari felst sú breyting, að lögreglustjóri sendir skráningarstofunni, þegar vafamál um heimild til skráningar ber að höndum, öll skjöl samkvæmt 7. gr., og þegar svo skráningarstofan hefir rannsakað málið, sendir hún fjármálaráðuneytinu það ásamt umsögn sinni og öðrum skjölum, er málið snerta, til úrskurðar.

Um 9. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ kemur: skráningarstofan.

10. gr. er óbreytt.

Um 11. gr.

Þessi grein er að mestu óbreytt, því það þykir rétt, að fjármálaráðuneytið framvegis eins og áður gefi út þjóðernis- og skráningarskírteini fyrir öll skip, sem það eiga að hafa, sem eru öll skip, sem fara milli Íslands og annara landa, en skráningarstofan gefur út mælingarbréf handa skipum undir 30 rúmlestum.

Um aðrar greinar frumvarpsins þykir ekki þurfa að gera grein fyrir, því á þeim er engin breyting önnur en sú, að í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ kemur: skráningarstofan — að undanskildu því, þar sem talað er um útgáfu eða framlengingu á þjóðernis- og skráningarskírteinum, þá gerir ráðuneytið það.

Ed. **159. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 55, 31. maí 1927, um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson, Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi við verksmiðjur, verzlanir, byggingar, istöku og útgerð og ennfremur við fermingu og affermingu skipa og báta, svo og iðnaðarmönnum, er vinna hjá öðrum að iðn sinni, skal greitt út verkkaupið vikulega að minnsta kosti, nema öðruvísi sé um samið.

Ákvæði um þetta nær þó ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Sama gildir um iðnaðarmenn, er taka að sér verk og vinna það fyrir ákveðið kaup eða taka að sér verk í ákvæðisvinnu, ef iðnaðarmaður vinnur verkið einn, eða með venzlamönnum sínum, með atvinnufélaga eða með nemendum, er hann hefir tekið til iðnnáms.

3. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Heimilt er verkafólki og iðnaðarmönnum að krefjast þess, að mál út af greiðslu verkkaups samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvarnarþing annarsstaðar.

Réttargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sá skilningur hefir komið fram hjá dómurum, að lögin um greiðslu verkkaups, nr. 55, frá 31. maí 1927, taki ekki til iðnaðarmanna, en með þeim lögum er verkafólki heimiluð aðstoð dómara til að ná kaupi sínu, því að kostnaðarlausu.

Í frv. þessu er farið fram á það, að lögin veiti iðnaðarmönnum sama rétt og verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu, bæði þeim iðnaðarmönnum, sem vinna hjá öðrum, hvort heldur fyrir föstu kaupi eða við ákvæðisvinnu, og þeim smáiðnrekendum, er taka að sér verk og vinna það, ýmist fyrir tímakaup eða í ákvæðisvinnu, með venzlafólki sínu, nemendum eða atvinnufélögum.

Ed. **160. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Þegar frv. um færslu kjördags var fyrir þinginu í fyrra, samdi ég allítarlegt nefndarálit um það og sýndi fram á, hvílíkum rangindum fólk við sjávarsíðuna væri beitt með því að flytja kjördaginn yfir á mesta annatíma ársins.

Frv. stjórnarinnar er ætlað að bæta úr þessu að nokkru, en þar sem það aðeins nær til kaupstaðanna, þá kemur það vart að hálfum notum.

Ég vil því leggja til, að frv. verði breytt í það horf, að kosning í kauptúnum, sem eru sérstakur hreppur, fari einnig fram 1. vetrardag.

Þá tel ég og sjálfsagt, að talning atkvæða við almennar kosningar fari fram samtímis um land allt að loknum kosningum 1. vetrardag, — en við aukakosningar gilda um þetta ákvæði kosningalaga —; tel ég engin vandkvæði á því að geyma atkvæði frá kjördegi í júlí fram í fyrstu viku vetrar. Geta yfirkjörstjórnir og frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra gengið þannig frá atkvæðakössum, að öruggt sé, eigi síður en nú er.

Ég legg því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal 1. laugardagur í júlí vera kjördagur alstaðar, nema í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakur hreppur, en þar skal fyrsti vetrardagur vera kjördagur.

Talning atkvæða við almennar, reglulegar kosningar skal fara fram

mánudaginn fyrstan í vetri, nema sérstök atvik hamli, en þá svo fljótt, sem unnt er.

Alþingi, 21. febr. 1930.

Jón Baldvinsson,
form., frsm. meiri hl.

Ed. **161. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu lands undan prestssetrinu Borg á Mýrum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur rétt, að frv. þetta nái fram að ganga, þar sem beiðni liggur fyrir um kaup á landi því undan prestssetrinu Borg, frá hreppsnefnd Borgarneshrepps, er þar ræðir um, og núverandi sóknarpresti þar hinsvegar var veitt prestakallið að því áskildu, að hann sætti sig við söluna.

Alþingi, 21. febrúar 1930.

Jón Baldvinsson,	Ingvar Pálmason,	Jóh. Jóhannesson,
form.	fundaskrifari.	frsm.

Nd. **162. Nefndarálit**

um till. til þál. um björgunar- og eftirlitsskip við Vestmannaeyjar.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Meginatriði þeirrar þál.till., sem hér um ræðir, er það, hvort deildin vilji með samþykkt hennar halda því að ríkisstjórninni, að björgunar- og eftirlitsstarfið við Vestmannaeyjar sé rækt á sama hátt, eða að minnsta kosti ekki ófullkomnari hátt, en áður var hún, meðan »Þór« var látinn annast starfsemi þessa.

Þykir meiri hluta nefndarinnar einsýnt, að þingið kunni svo að meta það gagn og öryggi, er af starfsemi »Þórs« leiddi meðan hans naut við, að það vilji leggja sem eindregnast með því, að það skipulag á björgunar- og eftirlitsstarfinu við Vestmannaeyjar, sem lagður hefir verið grundvöllur að með »Þór«, ekki raskist eða breytist á neinn hátt til hins lakara, þótt »Þór« sé nú úr sögunni.

Álítur meiri hl., að svo mikið sé í húfi, bæði hvað snertir öryggi hins

mikla fjölda sjómanna víðsvegar af landinu, sem sjó stunda í Vestmannaeyjum, og eins afkomu útgerðarinnar á þessum stað, sem gefur af sér í ríkissjóðstekjur hátt á sjötta hundrað þúsund krónur árlega, að þinginu sé skylt að gera sem fyrst ráðstafanir til þess, að annað skip, engu ófullkomnara en »Þór« var, komi í hans stað og til þeirra starfa, er hann hafði með höndum.

Hér skal ekki um það deilt, hvort sá samningur, er áður gilti um »Þór«, sé í gildi ennþá. Innan nefndarinnar voru menn nokkuð skiptir um það efni. En meiri hlutinn telur, að í samningi slíkum sem þeim, er hér um ræðir, beri ekki síður að líta á anda samningsins en orðalag hans, og skoðar það aðalatriði í þessu máli, að ríkið haldi áfram þeirri björgunar- og eftirlitsstarfsemi, er það hefir viðurkennt í verki sem nauðsynlega með útgerð »Þórs«, og að það eftirlit verði á engan hátt lakara en það áður var. Ennfremur að skip það, sem við björgunar- og eftirlitsstarfið fæst, verði í engu síður útbúið en »Þór« var til björgunarstarfsemi. Sú tilhögun, sem nú er við Vestmannaeyjar í þessu efni, með »Hermóði« sem eftirlitsskipi, er vitanlega út úr vandræðum gerð, og óþarft ætti að vera, að grípa þyrfti til slíkra úrræða næstu vetrarvertíð.

Minni hluti nefndarinnar virðist leggja mesta áherzlu á, að það skipulag haldist yfirstandandi vertíð, sem nú er á björgunar- og eftirlitsstarfinu, en um það virðist oss ekki þörf að gera sérstaka ályktun nú, þar sem komið er langt fram á vertíð, þar eð það er viðurkennt, að úr því sem komið er, verði að haga gæzlunni við Vestmannaeyjar þessa vertíð eins og nú er gert. En minni hl. virðist ennfremur vilja, að sama fyrirkomulag haldist óbreytt næsta ár, og jafnvel um óákveðinn tíma. En sú tilhögun virðist oss ekki mega vera á því mannúðar- og menningarstarfi, sem ríkið hefir byrjað á og ítrasta nauðsyn ber til, að ekki verði látið niður falla.

Samkvæmt því, er að framan segir, leyfir meiri hl. nefndarinnar sér að leggja til, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá um það, að björgunar- og eftirlitsstarfinu við Vestmannaeyjar verði af hálfu ríkisins haldið áfram framvegis með ekki lakari skilyrðum fyrir Vestmannaeyjar en áður og að til þess verði notað engu ófullkomnara skip en »Þór« var.

Alþingi, 21. febrúar 1930.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.	Ólafur Thors.

Ed. **163. Frumvarp**

til laga um Menntaskóla á Akureyri.

(Eftir 2. umr. Ed.).

1. gr.

Á Akureyri skal vera skóli með fjórum óskiptum bekkjum, er nefnist Menntaskólinn á Akureyri. Skal hann, þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, starfrækja gagnfræðadeild með þrem bekkjum, og er heimilt, með samþykki kennslumálaráðuneytisins, að skipta einum þeirra.

2. gr.

Takmark skólans er að búa nemendur undir athafnalíf bæði í andlegum og verklegum efnum og gera þá hæfa til að stunda nám við háskóla og aðrar æðri menntastofnanir.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

4. gr.

Í Menntaskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, norðurlandamál, ensku, þýzku, frönsku, sagnfræði, trúarbrögð, félagsfræði, bókmenntafræði og listasögu, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og hagnýt vinnubrögð.

5. gr.

Íslenzk tunga og náttúruvísindi skulu vera höfuðnámsgreinar í skólanum. Lesskrá skal haga svo, að auðvelt sé að halda nemendum til sjálfstæðra námsiðkana, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

6. gr.

Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokapróf Menntaskólans er stúdentspróf. Ljúka má námi í einstökum námsgreinum í öðrum og þriðja bekk Menntaskólans, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskírteinum.

Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kennslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því.

Heimilt er skólameistara að sleppa nemanda við árspróf, enda hafi hann lofsamlega einkunn eftir veturinn.

7. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð. Þá skal og í reglugerð setja nánari ákvæði um inntökupróf, bekkjarpróf og stúdentspróf.

8. gr.

Heimilt er utanskólamönnum að taka próf úr öllum bekkjum Menntaskólans. Þeir, sem standast prófin í fyrstu þrem bekkjum skólans, hafa leyfi til að setjast í skólann, eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum. Skólameistari má þó bregða út af þessari reglu, ef úrlausn nemanda í einhverri grein sannar, að hann sé gæddur frábærlega góðum gáfum.

9. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í Menntaskólann: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, verði á. m. k. 16 ára það ár, sem þeir stunda nám í bekknum. Aldurstakmark þeirra, sem setjast í aðra bekki, svarar til inntökualdurs; 2) að þeir séu ekki haldnir neinum næmum sjúkdómi; 3) að siðferði þeirra sé óspillt.

10. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrsta bekk Menntaskólans verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í íslenzku: Geta ritað venjulegt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenzkrar málfræði og höfuðdrætti í íslenzkum bókmenntum, bæði á þjóðveldistímanum og síðan um 1800; 2) Í norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rétt venjulegt bókmál á dönsku eða sænsku og geta ritað villulítinn stíl almenns efnis á öðruhvoru því máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið létt mál og gert villulítinn stíl um auðvelt efni. 4) Í þýzku: Hafa numið undirstöðuatriði málsins, eftir nánari ákvæðum kennslumálastjórnarinnar. 5) Vera leikinn í að reikna brot og tugabrot, vaxtareikning og almennustu þætti flatarmáls- og rúmmálsfræði. 6) Í sögu: Hafa glöggt yfirlit um æfi frægra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslands og almennri veraldarsögu. 7) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og dýrafræði. Ennfremur aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 8) Í landafræði: Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabréf.

11. gr.

Kennslustundir í hverjum bekk skulu vera 30—33 á viku. Á laugardögum skal kennsla eigi standa lengur en til hádegis.

12. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. Kennslu og prófum ár hvert skal lokið 30. maí, nema í þriðja og fjórða bekk skólans enda prófin í júní. Um skólaleyfi skal ákveðið í reglugerð.

13. gr.

Fastir kennarar skulu vera 7 og er einn þeirra jafnframt skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kennslu allri, húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, ljóss og hita. Fyrir umsjón með heimavist nemenda og risnu vegna skólans fær skólameistari 2000 kr.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Skólameistari og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar eftir launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Svo skal og leita álits skólameistara um skipun fastra kennara.

14. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26 stundir. Heimilt er kennslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukennslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir, eða önnur sérstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

15. gr.

Til þess að geta orðið skipaður fastur kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kennslugreinum sínum, hafa kynnt sér allítarlega kennsluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar skólum og hafa sýnt með að minnsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem með afburðum í kennslu hafa sýnt, að þeir séu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

16. gr.

Skólameistari boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Kennarafundi skulu fastir kennarar og aukakennarar skólans sækja, og hafa þeir atkvæðisrétt. Ennfremur sækja þeir stundakennarar fundi, er þess óska, eða skólameistari kveður til sérstaklega, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt.

17. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn, og skal hann líta eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

18. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans.

19. gr.

Kennslugjöld skal greiða í skólasjóð Menntaskólans, og ákveður kennslumálastjórnin í samráði við fræðslumálastjóra og skólameistara hæð þeirra. Aldrei skulu færri en fjórði hluti nemenda undanþegnir skólagjaldi.

Skólasjóði þessum má verja til námsstyrks, til fræðandi ferðalaga nemendanna og að öðru leyti til hvers þess, er verða má til að bæta og prýða skólann og efla heilbrigt skólalíf. Nánari fyrirmæli um meðferð skólasjóðs verða ákveðin í reglugerð.

20. gr.

Í heimavist skólans skulu þeir nemendur, er þar búa, njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, og ganga utanbæjarnemendur þar fyrir. Nemendur úr Menntaskólanum skulu hafa rétt til $^3/_5$ hluta heimavistanna, en nemendur úr gagnfræðadeild til $^1/_5$ hluta. — Skylt er kennurum skólans að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

21. gr.

Um gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri fer eftir lögum um gagnfræðaskóla.

22. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, er kveður nánar á um einstök atriði, er hann varða, svo sem verksvið skólameistara og kennarafunda, umsjón með skólahúsi, skyldur kennara til umsjónar með nemendum skólans, skólaleyfi og annað, er þurfa þykir.

23. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bág við þessi lög.

Ed. **164. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er borið fram af ríkisstjórninni eftir ósk Sláturfélags Suðurlands. Óskar S. S. að fá viðauka þann, er felst í frv., inn í samvinnulögin, vegna þess að það telur vafasamt, að það fyrirkomulag um kosningar til aðalfundar, sem gildir í félaginu, samrýmist fyllilega fyrirmælum samvinnulaganna. Hins-

vegar telur stjórn S. S., að fyrirkomulag þetta hafi í framkvæmd reynzt svo vel innan félagsins, að óheppilegt muni vera að breyta því þannig, að það tvímælalaust samrýmist gildandi fyrirmælum samvinnulaganna. Þess vegna óskar félagsstjórnin að fá þennan viðauka inn í lögin. Nefndin sér ekki neina ástæðu til að leggjast á móti frv. þessu og leggur því til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. febr. 1930.

Jón Baldvinsson, form. Ingvar Pálmason. fundaskrifari og frsm. Jóh. Jóhannesson.

Nd. 165. Nefndarálit

um frv. til laga um löggilding verzlunarstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt, en eftir bendingu kunnugs manns, þykir rétt að gera nokkra orðabreytingu á 1. gr.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

1. gr. orðist svo:

Á Eyrum við Seyðisfjörð (Hánefsstaðaeyrum og Þórarinsstaðaeyrum) og í Gunnólfsvík við Finnafjörð, hvorttveggja í Norður-Múlasýslu, skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

Alþingi 21. febr. 1930.

Gunnar Sigurðsson, form. Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari. Magnús Guðmundsson, frsm.

Magnús Torfason. Hákon J. Kristófersson.

Nd. 166. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs úr jörðinni Nesi í Norðfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd er því hlynnt, að Neskaupstaður fái keypta þá hluta kaupstaðarlóðarinnar, sem eru opinber eign, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Hinsvegar vill nefndin taka það fram, að hún ætlast að sjálfsögðu til, að hlutfallslega sama verð sé sett á kirkjuhlutann og þjóðjarðarhlutann.

Vegna greinargerðar þeirrar, sem fylgdi frv. í Ed., vill nefndin taka það fram, að þótt frv. verði samþykkt, liggur ekki í því neitt umboð handa landsstjórninni til þess að láta á kostnað hins opinbera byggja íbúðarhús fyrir prestinn í kaupstaðnum. Frv. um bygging íbúðarhúsa á prestssetrum liggur nú fyrir þinginu, og úrslit þess máls skera úr um það, hvort fara skuli inn á þá braut að byggja embættisbústaði fyrir presta í kaupstöðum og kauptúnum yfirleitt.

Alþingi, 21. febrúar 1930.

Gunnar Sigurðsson, form.	Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Magnús Guðmundsson, frsm.

Hákon J. Kristófersson. Magnús Torfason.

Nd. **167. Nefndarálit**

um frv. til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta hefir legið fyrir allmörgum undanförnum þingum og er því hv. þdm. vel kunnugt.

Fyrir því telur minni hl. enga þörf á að rita ítarlegt mál um málið, en lætur sér nægja, um leið og hann leggur til, að frv. verði felt, að vísa til þess, sem fram hefir komið um frv. þetta á undanförnum þingum.

Alþingi, 21. febr. 1930.

Magnús Guðmundsson, frsm. Hákon J. Kristófersson.

Ed. **168. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Menntaskóla á Akureyri.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 4. gr.
   a. Á eftir orðinu náttúrufræði komi: latínu.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Heimilt skal kennslumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum, ef skólameistari mælir með breytingunni.

Nd. **169. Nefndarálit**

um frv. til laga um rafmagnsdeild við vélstjóraskólann í Reykjavík.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. febrúar 1930.

Ásg. Ásgeirsson, form. og frsm. Jón Ólafsson. Bernh. Stefánsson. Sveinn Ólafsson.

Magnús Jónsson.

Nd. **170. Nefndarálit**

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta hefir verið athugað, og má af umsóknunum og fylgiskjölum þeirra sjá, að ekkert er því til fyrirstöðu að veita þeim 8 mönnum, er í frv. greinir, ríkisborgararétt.

Ræður nefndin því deildinni til að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 22. febrúar 1930.

Gunnar Sigurðsson, form. Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari. Magnús Torfason, frsm.

Magnús Guðmundsson. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **171. Nefndarálit**

um frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Samkomulag hefir eigi náðst í nefndinni um afgreiðslu þessa máls. Vill minni hl. eigi afgreiða frv., nema þá gerbreytt að efni og orðbúningi.

Meiri hlutinn telur hinsvegar nauðsyn ber til að skerpa eftirlit um loftskeytanotkun veiðiskipa, bæði vegna hættu á misbrúkun loftskeytanna til að stuðla að landhelgibrotum og til þess að hnekkja þeim grunsemdum annara þjóða, að innlend botnvörpuskip sleppi við lagaaðför, þótt brotleg séu, vegna aðvarana um ferðir varðskipanna og aðrar hættur á uppljóstun um landhelgibrot.

Um einstök framkvæmdaratriði eftirlitsins teljum vér rétt að breyta til frá ákvæðum frv., svo sem ákvæði 3. gr. um afhendingu lykla að dulmáli, refsiákvæði 5. gr. og fyrirmæli 6. gr. um svipting frjálsrar notkunar loftskeyta, þegar í hlut á grunaður málsaðili. Ennfremur leggur einn úr meiri hl. (Ásg. Ásgeirsson) til, að niður falli síðasta málsgr. 4. gr.

Eftir framansögðu leggjum vér til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna »láta dómsmálaráðuneytinu í té lykil að hverju því dulmáli« komi: láta landssímastjóra í té lykil að hverju því dulmáli.
2. Við 4. gr. (frá Ásg. Ásgeirssyni): Síðasta málsgrein falli niður.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna »í fyrsta sinn missa rétt til skipstjórnar 1 ár. . . . . sektum frá 500—10000 kr.« komi: í annað sinn missa rétt til skipstjórnar um allt að tveggja ára tíma. Verði hann í þriðja sinn sannur að sök, missir hann skipstjórnarréttindi fyrir fullt og allt.

   Brjóti einhver gegn 1. málsgr. 4. gr. eða verði að öðru leyti einhver brotlegur gegn 4. gr., annar en þeir, sem nefndir eru í 1. málsgr. þessarar greinar, sæti hann sektum frá 200—2000 kr.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna »og skal þá dómsmálaráðuneytinu . . . . . og skipstjórnarmenn«, komi: og skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt, meðan á réttarrannsókn og dómsuppsögn stendur, að svipta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn.

Alþingi, 22. febr. 1930.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.	Ásg. Ásgeirsson.

Nd. **172. Frumvarp**

til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson og Halldór Stefánsson.

1. gr.

Frá 1. jan. 1931 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum neina tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs tóbak, ef tóbaksbirgðir eru eigi að áliti tollstjóra meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 13. gr. Þegar sérstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það í land.

2. gr.

Tóbak það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., selur hún kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Um tóbakssöluna setur ríkisstjórnin nánari reglur.

3. gr.

Það fé, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Nafn verzlunarinnar skal vera »Tóbakseinkasala ríkisins«.

5. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur tóbakseinkasölunnar, skipar forstöðumann og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbréf.

6. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með tóbaksbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1931, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. sept. 1930 skal ríkisstjórninni vera heimilt að banna allan innflutning tóbaks, nema sérstakt leyfi hennar komi til.

7. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að fyrirmæli laga 16. nóv. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest skuli að því er allskonar tóbak snertir falla úr gildi frá 1. sept. 1930, og getur ríkisstjórnin þá krafizt tafarlausrar greiðslu á öllum ógreiddum tolli af tóbaki, er þá kann að vera í tollgeymslu.

8. gr.

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 75 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, án tolls. Tóbak til sauðfjárbaðana selst án hagnaðar.

9. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna tóbakstoll þar, sem tóbakið er fyrst flutt í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem tolllög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á

hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð og að greiðslurnar megi fara fram á ákveðnum tímum, t. d. mánaðarlega eða ársfjórðungslega.

10. gr.

Ágóði sá, sem verður af rekstri tóbakseinkasölunnar, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum skal ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

11. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa nokkurn forða af tóbaki fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað af sendingu tóbaksins innanlands greiði viðskiptamenn. Pantað tóbak getur tóbakseinkasalan látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hér á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

12. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu.

13. gr.

Umbúðir allra tóbakstegunda, sem tóbakseinkasalan flytur inn, annara en tóbaks til sauðfjárlækninga, skulu vera merktar með áföstum miðum, er á sé letrað »Tóbakseinkasala ríkisins«.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skal tóbak, sem inn er flutt í heimildarleysi, gert upptækt og afhendist tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Hinn 13. nóv. s. l. afgreiddi milliþinganefndin í tolla- og skattamálum frv. þetta til ríkisstjórnarinnar með svohljóðandi bréfi:

MILLIÞINGANEFND Í
TOLLA- OG SKATTAMÁLUM.

Reykjavík, 13. nóv. 1929.

Á fundi nefndarinnar í gær var samþykkt með 2 atkv. gegn 1 (M. G.) að leggja til við ríkisstjórnina, að upp verði tekin þegar á næsta Alþingi einkasala á tóbaki á líkum grundvelli og gert var ráð fyrir í frv. því um einkasölu á tóbaki, sem fram var borið á síðasta Alþingi (sjá þskj. 198).

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að rétt sé að ríkið noti þenna tekjustofn, sbr. viðtal fjármálaráðherra við nefndina, og gerir ráð fyrir að óhætt sé að áætla tekjur af einkasölunni fullar 200000 kr. á ári, þegar frá líður.

Jafnframt vill meiri hluti nefndarinnar beina því til ráðuneytisins, að taka til athugunar, hvort eigi sé ráðlegt að sameina þær einkasölur, sem nú eru og upp kunna að verða teknar, og þá verzlun og efniskaup, er ríkið og ríkisstofnanir nú hafa, undir eina sameiginlega yfirstjórn og setja ein heildarlög um landsverzlun. Telur meiri hlutinn, að með því megi spara allverulega upphæð af rekstrarkostnaði þeirra fyrirtækja, sem og að ná megi hagfelldari efniskaupum fyrir ríkið og ríkisstofnanirnar.

Með tilliti til þessa hefir meiri hlutinn ekki samið sérstaka greinargerð fyrir frumvarp um tóbakseinkasölu, en lætur nægja að vísa til greinargerðarinnar, sem fylgdi fyrrnefndu frv. í fyrra, enda hafa enn ekki verið birtar skýrslur um tóbaksinnflutninginn 1928 og það sem af er þessu ári, en upplýsingar um það teljum vér víst, að ráðuneytið hafi.

Við leyfum okkur að óska sem fyrst svars ráðuneytisins viðvíkjandi því, hvort það vill flytja framangreint frumvarp um tóbakseinkasölu og frv. til heildarlaga um landsverzlun, þar eð við gerum ráð fyrir að flytja sem meiri hluti nefndarinnar frumvarp um tóbakseinkasölu, ef stjórnin eigi ber það fram.

Til fjármálaráðuneytisins, Reykjavík.

Fjármálaráðh. hefir nýlega tjáð okkur, að frv. myndi ekki verða lagt fyrir þingið að þessu sinni að tilstuðlun ríkisstjórnarinnar. Er sú ástæða til þess, að við flytjum frv.

Um ástæður fyrir frv. vísum við að mestu leyti til ástæðna þeirra, er bornar voru fram í greinargerð með frv. á síðasta þingi (þskj. 198). Að öðru leyti vísum við til forsögu málsins og til þeirrar reynslu, sem fengin er fyrir því, að einkasala á tóbaki getur gefið ríkissjóði allríflegar tekjur án þess að kaupendum sé íþyngt í verðlagi. Teljum við ekki forsvaranlegt að slá hendi á móti slíkum tekjum í ríkissjóð, jafnmiklar sem tekjuþarfir hans eru og jafnþungt og lagzt er á gjaldþol landsmanna almennt um framlög til opinberra þarfa.

Samkv. innflutningsskýrslum þeim, og vitneskju, sem yngri eru en þær, er á var byggt í greinargerð frv. á síðasta þingi, hefir innflutningurinn á tóbaki 1928 orðið meiri en þar var áætlað, og mun hafa orðið enn meiri næstliðið ár. Mun því óruggt, að vænta megi brátt 200 þús. króna tekna af tóbakseinkasölu og vaxandi tekna með vaxandi innflutningi tóbaks, er fram líða stundir.

Nd. **173. Breytingartillögur**

við frv. til laga um eyðing refa og refarækt.

Frá Halldóri Stefánssyni.

I. 1. gr. orðist svo:
Sveitarstjórnir hafa framkvæmd á refaveiðum, hver í sínum hreppi, undir umsjón og eftirliti sýslunefnda, eftir því sem lög þessi mæla fyrir.

II. 2. gr. orðist svo:
Á vori hverju skipar sveitarstjórn til um grenjaleitir og grenjavinnslu í umdæmi sínu. Nú eiga tveir hreppar eða fleiri óskipt afréttarland, og skulu þeir þá koma sér saman um skipti á því til grenjaleita og refaveiða. Geti þeir ekki komið sér saman um skiptin, sker sýslunefnd úr.

III. Á eftir 2. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
a. Sveitarstjórnir ráða nægilega marga skotmenn til grenjavinnslu vor hvert. Skyldir eru búendur að leggja til eftir tilskipan sveitarstjórna menn í grenjaleitir og vökumenn á gren. Sveitarstjórnir ákveða kaup vökumanna.
b. Nú finnst gren, og tilráðinn skotmaður getur ekki sinnt því vegna þess að hann er bundinn við annað gren, eða af öðrum ástæðum. Ræður sveitarstjórn þá annan skotmann á það gren.
Óheimilt er öðrum en þeim, er til þess eru ráðnir af sveitarstjórn, að vinna refi og yrðlinga á grenjum á grenjavinnslutímanum, nema skotmaður sé frá genginn. Er veiði þá eign þess, er fær.
c. Sveitarstjórn ákveður og auglýsir innan hrepps, hver tími telst grenjavinnslutími ár hvert. Utan þess tíma, og utan grenja og refabúa, eru refir og yrðlingar ófriðhelgir.

IV. 3. gr. orðist svo:
Þegar gren finnst, hvort heldur er í grenjaleitum eða ekki, skal skotmanni eða sveitarstjórn gert aðvart svo fljótt, sem kostur er á. Eftir það segir sveitarstjórn eða skotmaður fyrir um meðferð grenis.

V. 4. gr. orðist svo:
Yrðlingar, sem teknir eru á greni eða utan grenis um grenjavinnslutímann, eru eign sveitarfélags.

VI. Við 5. gr.
a. Orðin »sbr. þó 5. gr.« falli niður.
b. Aftan við greinina bætist: Fáist ekki hæfir skotmenn með þessum skilyrðum, getur hreppsnefnd vikið frá þessu, svo sem þarf til þess að hæfir skotmenn fáist.

VII. 6. gr. orðist svo:
Skyldir eru búendur að gera grenjaleitir í heimalöndum endurgjaldslaust eftir fyrirmælum sveitarstjórna. Að öðru leyti greiðist kostnaður við eyðing refa úr sveitarsjóði.

VIII. 7. gr. orðist svo:

Nú vinnast refir á öðrum tíma en hinum ákveðna grenjavinnslutíma, og er þá heimilt að greiða skotmanni verðlaun, kr. 10.00 fyrir hvert dýr. — Verðlaunin greiðast eftir ákvörðun sveitarstjórna úr sveitarsjóði.

IX. Á eftir 7. gr. komi tvær nýar greinar, svo hljóðandi:

a. Engu má raska á grenjum nema með samþykki og að fyrirsögn sveitarstjórna. Ekki má láta hunda hlaupa á gren á grenjavinnslutímanum né hafa þar óþarfan umgang eða hark.

b. Sveitarstjórn heldur skrá yfir öll þekkt gren og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við gren, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur og látið laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

X. Fyrirsögn frv. verði:

Frv. til l. um refaveiðar og refarækt.

XI. Fyrirsögn fyrri kafla verði:

Um refaveiðar.

Nd. **174. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, þó með fyrirvara um að bera fram tillögu um ákveðinn kjördag, ef svo sýnist.

Alþingi, 24. febrúar 1930.

Gunnar Sigurðsson,	Magnús Torfason,	Héðinn Valdimarsson,
form.	frsm.	fundaskrifari.

Magnús Guðmundsson. Hákon J. Kristófersson.

Ed. **175. Breytingartillaga**

við frv. til laga um Menntaskóla á Akureyri.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 9. gr. Fyrsti töluliður orðist svo:

Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, verði að minnsta kosti 16 ára það ár, sem þeir stunda nám í bekknum. Þó getur kennslumálaráðuneytið veitt einkar þroskuðum nemendum undanþágu, ef þeir eru orðnir 14½ árs.

Aldurstakmark þeirra, er setjast í aðra bekki, svarar til inntökualdurs.

Nd. **176. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þskj. 147 [Eyðing refa og refarækt].

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. Við II.
   a. Aðra málsgrein brtt. skal orða svo:
      Nú eiga fleiri hreppar afrétt saman eða leitarsvæði, og skal þá upprekstrarfélagið eða sameiginlegur fjallskilafundur velja einn eða fleiri menn til þess að sjá um framkvæmdir þessara mála.
   b. Fyrir »grenˮ í þriðju málsgr. kemur: dýr.
2. Við III. a.
   a. Á eftir orðunum »upprekstrarfélag velurˮ kemur: eða sameiginlegur fjallskilafundur fleiri hreppa.
   b. Í stað orðanna »er hreppsnefnd . . . . tekur gildanˮ kemur: sem ráðinn er af sömu aðiljum og skotmaður tekur gildan.
3. Við III. b. Í stað orðanna »Óheimilt er . . . . upprekstrarfélagsˮ kemur: Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 3. gr.
4. Við V.
   a. Í stað »upprekstrarfélagsˮ kemur: sveitarfélaga.
   b. Upphaf annarar málsgreinar skal orða svo: Nú eru yrðlingar teknir í þeim hluta heimalands, sem ekki er talið til afréttarlands samkvæmt ákvæðum fjallskilareglugerðar í hverri sýslu, og skal þá o. s. frv.
5. Við VI. Fyrri málsgrein skal orða svo: Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða trúnaðarmann upprekstrarfélags eða leitarsvæðis.
6. Við VII.
   a. Í stað »eða sveitarsjóðumˮ í fyrri málsgrein kemur: eða sveitarsjóðum eða sameiginlegum fjallskilasjóði.
   b. Aftan við sömu málsgrein bætist: eða leitarsvæði.
   c. Í stað »sveitarsjóð eða sveitarsjóðiˮ í síðari málsgrein kemur: í sveitarsjóð, sveitarsjóði eða fjallskila.
7. Við VIII.
   a. Upphaf tillögunnar skal orða svo: Hreppsnefndir eða þeir, sem valdir hafa verið til þess að sjá um refaeyðing samkvæmt ákvæðum annarar málsgreinar 2. greinar.
   b. Á eftir orðunum »eiga afrétt samanˮ kemur: eða leitarsvæði.
8. Við IX. Í stað »o. fl.ˮ í niðurlagi tillögugreinarinnar kemur: og annað, er lýtur að eyðingu refa.
9. Við X. Aftan við tillöguna bætist: En hitt refaeldi, þar sem refir eru aldir skemmri tíma.
10. Við XI. Orðin »sama gildir um annað refaeldiˮ falla niður.
11. Við XIV. Þriðja málsgrein tillögunnar falli burtu.

Nd. **177. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Hólma í Reyðarfirði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frv. var flutt um sölu Hólmalands á síðastliðnu ári (þskj. 87); þó var í því frv. ráðgert að undanskilja sölunni varphólma staðarins og allmikið af heimalandinu, ef prestar síðar vildu heldur búa á Hólmum en í Eskifjarðarkauptúni.

Frv. það, sem nú liggur fyrir, gefur ríkisstjórninni heimild til að undanskilja varphólmann og hæfilega spildu af ræktanlegu landi, nærri varplandinu, fyrir smábýli eða lítið kúabú. Þetta er gert til þess að prestar gætu átt kost á að stunda búskap á Hólmum, ef þeir æsktu þess. Litlar líkur eru hinsvegar til þess, að prestar muni framvegis óska eftir því; það er síður en svo hagsmunamál fyrir prest að sitja á Hólmum, sakir fólkseklu og annara örðugleika, enda hefir sóknarprestur staðarins nú mælt með því, að Eskifjarðarkauptún nái kaupum á Hólmum, og hefir hinsvegar tryggt sér bústað í Eskifjarðarkauptúni.

Talsverðar deilur urðu um það á síðastliðnu þingi, hver nauðsyn væri á því fyrir Eskifjarðarkauptún að fá viðbótarland til ræktunar, og því til skýringar birtir meiri hluti nefndarinnar sem fylgiskjal álit hr. Pálma Einarssonar jarðyrkjuráðunauts um nauðsyn á auknum ræktunarframkvæmdum í Eskifjarðarkauptúni, en það sýnir ljóslega, að kauptúninu er stór hagnaður í því að fá Hólmaland til ræktunar, og ennfremur að bein heilsuhætta stafar þar af vöntun landsnytja og skorti á mjólk, sökum þess hve hún er þar dýr og torfengin.

Af framanskráðum ástæðum leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt breytingalaust.

Alþingi, 25. febrúar 1930.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.	Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari.
Magnús Guðmundsson.	Magnús Torfason.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS
LÆKJARGÖTU 14 — REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. okt. 1929.

Samkvæmt tilmælum frá hr. útgerðarmanni Ólafi Sveinssyni og hr. Páli Magnússyni lögfræðingi, hefi ég undirritaður á s. l. sumri kynnt mér hver nauðsyn væri á auknum ræktunarframkvæmdum í Eskifjarðarkauptúni, og rannsakað hver skilyrði væru fyrir hendi í næsta umhverfi kauptúnsins til aukinna umbóta

á þessu sviði. Þar sem þeir jafnframt hafa æskt skriflegrar umsagnar minnar um þessi atriði vil jeg leitast til að verða við þeim tilmælum með eftirfylgjandi stuttri greinargerð.

1. Er kauptúninu nauðsyn að útvega sér aðstöðu til ræktunar fyrir sig *sjálft* eða *einstaklinga* þess?

Þau kauptún er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnuveg hafa þörf að afla sér til heimilisnota á ódýran og hagkvæman hátt ýmsar landbúnaðarafurðir, einkum þó mjólk og garðávexti. Eins og sakir standa þá er langt frá að innan kauptúnsins sé hægt að fullnægja þörfum íbúanna um þessa hluti. Íbúatalan mun vera nær 800 manns. Leiðandi menn í heilbrigðismálum í Ameríku telja að lágmarksþörf hvers einstaklings sé 1 líter mjólkur á dag. Mun mega telja hæfilega meðalneyzlu 1,5—2 lítra á dag fyrir hvern mann. Væri að eins fullnægt því sem talið er lágmarks neyzluþörf, þyrftu Eskfirðingar að hafa 135 kýr, þeir hafa nú að eins 36 kýr, sem að allverulegu leyti munu vera fóðraðar á aðkeyptu fóðri, því samkvæmt opinberum skýrslum um heyöflun hafa þeir heimaaflað að eins helming af því fóðri er þessar kýr þurfa. Þörfin fyrir aukna mjólkurnotkun er bæjarbúum, og einkum uppvaxandi æskulýð bæjarins, heilsufræðisleg nauðsyn, er verður að fullnægja á komandi árum. Leiðir til þess geta verið taldar fleiri en ein, t. d. aðflutningur mjólkur annað tveggja erlendrar niðursoðinnar eða kældrar nýmjólkur frá héruðunum nærlendis.

Niðursoðin mjólk er dýr og samsvarar vart nýmjólk að gæðum, sem framleidd er á staðnum.

Um aðflutning nýmjólkur yrði helzt að ræða frá »Héraði«, en flutningskostnaður myndi hækka verð mjólkurinnar um of, og verða á sumum tímum árs erfiður eða jafnvel lítt framkvæmanlegur. Ég hygg eftir nánari samanburð, sem eigi skal gengið inn á hér, að hin eina rétta leið til bættrar aðstöðu um útvegun mjólkur, með verðlagi er gerir almenningi kleift að nota hana eftir þörfum, sé að kauptúnið sjálft útvegi sér og íbúum sínum aðstöðu til ræktunar, og framleiði sjálft þá mjólk, sem það hefir þörf fyrir, til frambúðar verður það tryggast, ódýrast, og á þann hátt geta þeir fengið bezta mjólk.

Það er engum vafa bundið, að ræktun garðávaxta til heimilisnota ætti með góðum hagnaði að geta komið til greina með góðum árangri, ef að því væri unnið af nægri þekkingu.

2. Ræktunarmöguleikar á Eskifirði og í næsta umhverfi kauptúnsins.

Innan kauptúnsins er eigi land er neinu nemur til ræktunar, enda mjög grýtt og erfitt til slíkra umbóta.

Þær jarðir, sem vegna legu sinnar og afstöðu til samgangna við Eskifjörð, gætu komið til greina fyrir kauptúnið að útvega sér eru:

1. Eskifjörður.
2. Eskifjarðarsel I.—III.
3. Hólmar.

Eskifjörður liggur fast við kauptúnið. Tún jarðarinnar er 2,2 ha. að stærð. Undirlendi jarðarinnar í botni dalsins eru grónar eyrar og valllendisbakkar, nes með fram ánni. Ræktunarskilyrði eru góð á landi þessu yfirleitt, en það liggur fyrir nokkrum áföllum frá ánni. Af landi jarðarinnar eru 10—12 ha. með ágætum skilyrðum til túnræktar og alls má telja ræktháft af landi jarðarinnar um 30 ha. Beitiland er víðlent en alls eigi hentugt til nota fyrir stórgripi. Þessi jörð myndi að mínu áliti aðeins geta að nokkru leyti bætt úr landþörf Eskfirðinga, en að því leyti er rými ræktanlegs lands leyfir, er landið hentugt til útskiptingar í ræktunarlóðir er leigðar yrðu á erfðafestu. Þó yrði að leggja veg gegnum landið um 5 km. á lengd til að hægt yrði fyrir leigjendur að yrkja landið.

Eskifjarðarsel hefir eigi það landrými af ræktanlegu landi, að ég tel enga ástæðu fyrir kauptúnið *að svo stöddu* að gera ráðstafanir til útvegunar á því landi.

Hólmar í Reyðarfirði liggja 7,5 km. frá Eskifirði. Tún jarðarinnar er 8 ha. að stærð. Út frá túninu liggja afgirtar engjar jarðarinnar, neðan hins nýlagða bílvegar milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Stærð þeirra er fast að 200 ha. Þar af er ágætlega til ræktunar fallnir 100—120 ha. Engið er samfellt mýrlendi, votlent, víðast sæmilega jarðvegsdjúpt, efrihluti landsins er þó jarðvegsgrunnur með grýttu undirlagi. Beitiland jarðarinnar er víðlent og vel fallið til nota fyrir nautpening. Sumarhaga má bæta með beitiræktun. Með fullri ræktun jarðarinnar hygg ég, að á henni mætti framfleyta 75—100 kúm.

Með hliðsjón af því, sem að framan er ritað, leyfi ég mér að leggja til:

1. Eskifjarðarkauptún geri tilraun til að fá föst umráð yfir Hólmum í Reyðarfirði við kaup á jörðinni.

2. Að því fengnu geri bæjarfélagið ráðstafanir til ræktunarframkvæmda á engjum jarðarinnar við þurkun á landinu, jarðvinnslu og sáningu til túnræktar.

3. Þegar komið er í rækt land, er geti fóðrað 25—30 kýr, stofni bæjarfélagið sjálft til kúabús, eða feli öðrum framkvæmd þess. Framkvæmdir viðvíkjandi byggingum séu miðaðar við að búið yrði stækkað, þar til það hefði 50—75 mjólkandi kýr.

4. Ég vil að síðustu ekki láta hjá líða að benda á, að ég teldi heppilegt, ef hægt yrði að útvega íbúum kauptúnsins, þeim, er þess óskuðu, ræktunarlóðir úr landi Eskifjarðar, sem nú er í sjálfsábúð, er leigðar yrðu á erfðafestu, með þeim skilmálum, er venja er orðin að gildi um þau lönd í kauptúnum með svipaðri aðstöðu og Eskifjörður hefir.

F. h. Búnaðarfélags Íslands.

Pálmi Einarsson,
jarðyrkjuráðunautur.

Nd. **178. Frumvarp**

til laga um Menntaskóla á Akureyri.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á Akureyri skal vera skóli með fjórum óskiptum bekkjum, er nefnist Menntaskólinn á Akureyri. Skal hann, þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, starfrækja gagnfræðadeild með þrem bekkjum, og er heimilt, með samþykki kennslumálaráðuneytisins, að skipta einum þeirra.

2. gr.

Takmark skólans er að búa nemendur undir athafnalíf bæði í andlegum og verklegum efnum og gera þá hæfa til að stunda nám við háskóla og aðrar æðri menntastofnanir.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

4. gr.

Í Menntaskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, norðurlandamál, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sagnfræði, trúarbrögð, félagsfræði, bókmenntafræði og listasögu, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og hagnýt vinnubrögð.

Heimilt skal kennslumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum, ef skólameistari mælir með breytingunni.

5. gr.

Íslenzk tunga og náttúruvísindi skulu vera höfuðnámsgreinar í skólanum. Lesskrá skal haga svo, að auðvelt sé að halda nemendum til sjálfstæðra námsiðkana, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

6. gr.

Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokapróf Menntaskólans er stúdentspróf. Ljúka má námi í einstökum námsgreinum í öðrum og þriðja bekk Menntaskólans, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskírteinum.

Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kennslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því.

Heimilt er skólameistara að sleppa nemanda við árspróf, enda hafi hann lofsamlega einkunn eftir veturinn.

7. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð. Þá skal og í reglugerð setja nánari ákvæði um inntökupróf, bekkjarpróf og stúdentspróf.

8. gr.

Heimilt er utanskólamönnum að taka próf úr öllum bekkjum Menntaskólans. Þeir, sem standast prófin í fyrstu þrem bekkjum skólans, hafa leyfi til að setjast í skólann, eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum. Skólameistari má þó bregða út af þessari reglu, ef úrlausn nemanda í einhverri grein sannar, að hann sé gæddur frábærlega góðum gáfum.

9. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í Menntaskólann: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, verði að minnsta kosti 16 ára það ár, sem þeir stunda nám í bekknum. Þó getur kennslumálaráðuneytið veitt einkar þroskuðum nemendum undanþágu, ef þeir eru orðnir 14 ára. Aldurstakmark þeirra, sem setjast í aðra bekki, svarar til inntökualdurs; 2) að þeir séu ekki haldnir neinum næmum sjúkdómi; 3) að siðferði þeirra sé óspillt.

10. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrsta bekk Menntaskólans verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í íslenzku: Geta ritað venjulegt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenzkrar málfræði og höfuðdrætti í íslenzkum bókmenntum, bæði á þjóðveldistímanum og síðan um 1800; 2) Í norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rétt venjulegt bókmál á dönsku eða sænsku og geta ritað villulítinn stíl almenns efnis á öðruhvoru því máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið létt mál og gert villulítinn stíl um auðvelt efni. 4) Í þýzku: Hafa numið undirstöðuatriði málsins, eftir nánari ákvæðum kennslumálastjórnarinnar. 5) Vera leikinn í að reikna brot og tugabrot, vaxtareikning og almennustu þætti flatarmáls- og rúmmálsfræði. 6) Í sögu: Hafa glöggt yfirlit um æfi frægra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslands og almennri veraldarsögu. 7) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og dýrafræði. Ennfremur aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 8) Í landafræði: Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabréf.

11. gr.

Kennslustundir í hverjum bekk skulu vera 30—33 á viku. Á laugardögum skal kennsla eigi standa lengur en til hádegis.

12. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. Kennslu og próf-

um ár hvert skal lokið 30. maí, nema í þriðja og fjórða bekk skólans enda prófin í júní. Um skólaleyfi skal ákveðið í reglugerð.

13. gr.

Fastir kennarar skulu vera 7 og er einn þeirra jafnframt skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kennslu allri, húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, ljóss og hita. Fyrir umsjón með heimavist nemenda og risnu vegna skólans fær skólameistari 2000 kr.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Skólameistari og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar eftir launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Svo skal og leita álits skólameistara um skipun fastra kennara.

14. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26 stundir. Heimilt er kennslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukennslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir, eða önnur sérstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

15. gr.

Til þess að geta orðið skipaður fastur kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kennslugreinum sínum, hafa kynnt sér allítarlega kennsluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar skólum og hafa sýnt með að minnsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem með afburðum í kennslu hafa sýnt, að þeir séu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

16. gr.

Skólameistari boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Kennarafundi skulu fastir kennarar og aukakennarar skólans sækja, og hafa þeir atkvæðisrétt. Ennfremur sækja þeir stundakennarar fundi, er þess óska, eða skólameistari kveður til sérstaklega, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt.

17. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn, og skal hann líta eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

18. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans.

19. gr.

Kennslugjöld skal greiða í skólasjóð Menntaskólans, og ákveður kenuslumálastjórnin í samráði við fræðslumálastjóra og skólameistara hæð þeirra. Aldrei skulu færri en fjórði hluti nemenda undanþegnir skólagjaldi.

Skólasjóði þessum má verja til námsstyrks, til fræðandi ferðalaga nemendanna og að öðru leyti til hvers þess, er verða má til að bæta og prýða skólann og efla heilbrigt skólalíf. Nánari fyrirmæli um meðferð skólasjóðs verða ákveðin í reglugerð.

20. gr.

Í heimavist skólans skulu þeir nemendur, er þar búa, njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, og ganga utanbæjarnemendur þar fyrir. Nemendur úr Menntaskólanum skulu hafa rétt til $^{3}/_{5}$ hluta heimavistanna, en nemendur úr gagnfræðadeild til $^{1}/_{5}$ hluta. — Skylt er kennurum skólans að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

21. gr.

Um gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri fer eftir lögum um gagnfræðaskóla.

22. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, er kveður nánar á um einstök atriði, er hann varða, svo sem verksvið skólameistara og kennarafunda, umsjón með skólahúsi, skyldur kennara til umsjónar með nemendum skólans, skólaleyfi og annað, er þurfa þykir.

23. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bág við þessi lög.

Ed. **179. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

23. gr. laganna skal vera á þessa leið:

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal 1. laugardagur í júlímánuði vera kjördagur alstaðar, nema í kaupstöðum, sem eru sérstök kjördæmi, en þar skal fyrsti vetrardagur vera kjördagur.

Bæði er þetta á sér stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum lögskipuðu kjördögum, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim dögum.

2. gr.

Upphaf 27. gr. laganna skal vera á þessa leið:

Á hádegi skal kjörfund setja annarsstaðar en í kaupstöðum, sem eru sérstök kjördæmi, en þar skal kjörfund setja kl. 10 árdegis. Skulu þá mæta á kjörstað . . .

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **180. Nefndarálit**

um frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Á þinginu 1928 mun frv. um lagasetningu þá, er hér um ræðir, fyrst hafa séð ljós dagsins.

Við bentum þá á það, að í lögum nr. 82, 14. nóv. 1917, og reglugerð nr. 32, 17. maí 1918, sem sett var samkvæmt þeim lögum, hafi ríkisstjórnin fullnægjandi heimild til að hafa það eftirlit með sendingu loftskeyta, sem, ef því væri beitt, gæti komið að eins góðum notum til að hindra misnotkun loftskeyta eins og lagasetning í því efni yfir höfuð að tala getur gert.

Þessu hefir aldrei verið hnekkt með rökum né sýnt fram á, að tilraunir ríkisstjórnarinnar, ef þær hafa nokkrar verið, til að hafa íhlutun um sendingu loftskeyta hafi strandað vegna vöntunar á lagaheimild.

Við meðferð málsins á þrem þingum hefir frv. þetta að vísu tekið talsverðum breytingum til bóta, fyrir gagnrýni okkar, en samt sem áður er það enn svo úr garði gert, að við getum ekki léð því lið. Frá upphafi er málið fram borið til þess að sveigja að íslenzkum útgerðarmönnum, og öllum hefir verið ljóst, að slík lagasetning yrði aldrei annað en »pappírslög«, eins og einn stuðningsmanna málsins komst að orði.

Alþingi, 24. febrúar 1930.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Ólafur Thors.

Ed. **181. Lög**

um lántöku fyrir ríkissjóð.

(Afgreidd frá Ed. 24. febrúar).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að 12 milljónum króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lán það, er ríkisstjórnin tók með lánssamningi við Barclays Bank, Limited í London, dags. 27. september 1929, að upphæð 250000 sterlingspund, skal teljast hluti af láni því, sem heimilað er með 1. gr., og staðfestist umræddur lánssamningur með lögum þessum.

3. gr.

Lög nr. 39, 14. júní 1929, um lánsheimild fyrir ríkissjóð, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **182. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sveitabanka.

Frá Halldóri Stefánssyni.

I. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Búnaðarbanki Íslands veitir bústofnslán og rekstrarlán til bænda og annara.

II. Við 2. gr. Fyrri málsliður orðist svo:
Búnaðarbankinn veitir lán til sparisjóða, samvinnukaupfélaga, banka og bankaútibúa, eða í gegnum umboðsskrifstofur, er bankinn setur á stofn samkv. 73. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands, með því skilyrði, að fé sé eingöngu notað til þess að lána það út aftur til sveitabanka, sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt lögum þessum. Bankinn getur og veitt lán til sveitabanka milliliðalaust, sbr. 10. gr.

III. Við 3. gr. Fyrir »rekstrarlán« komi: lán.

IV. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Sveitabankar geta verið tvennskonar: bústofnslánafélög og rekstrarlánafélög.

V. Við 5. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Stjórn sveitabanka ákveður hámark láns fyrir hvern félagsmann í samráði við endurskoðendur. Lánsfjárhæð . . .

VI. Við 6. gr. Fyrir »rekstrarlánia« komi: láni.

VII. Á eftir 6. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Útlán sveitabanka til bústofnslána skulu veitast til eigi lengri tíma en 10 ára og með jöfnum afborgunum. Þau skulu veitt gegn skuldabréfi með baktryggingu, er félagsstjórn telur nægja.

VIII. Við 7. gr. Á eftir »sveitabanka« komi: til rekstrarlána.

IX. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, er veita sveitabönkum bústofnslán, geta í þess stað keypt skuldabréf einstakra félagsmanna með framsalsábyrgð félagsins. Slík skuldabréf getur stofnunin endurselt með framsalsábyrgð sinni til bústofnslánadeildar Búnaðarbanka Íslands.

Skuldabréf þau, er sveitabanki ábyrgist fyrir félagsmenn sína samkv. þessari gr., skulu jafnan meðtalin innan takmarka láns hans samkv. 5. gr., og varasjóðstillag greiðist af þeim eins og öðrum útlánum sveitabanka eftir 4. gr. d.

X. Við 9. gr. Fyrir »lán« í 1. málsgrein komi: rekstrarlán.

Ed. 183. Lög

um breyting á 1. gr. laga nr. 16, 7. maí 1928 [Laun embættismanna].

(Afgreidd frá Ed. 25. febrúar).

Fyrir orðin »til ársloka 1930« komi: til ársloka 1931.

Nd. 184. Lög

um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 25. febrúar).

1. gr.

Meðan flugvélar eru notaðar til síldarleitar, skal aukagjald lagt á hvert síldarmál og hverja tunnu saltaðrar síldar, og skal með aukagjöldum þessum stofnaður flugmálasjóður Íslands.

2. gr.

Tekjum sjóðsins skal fyrst og fremst varið til þess að standast kostnað af notkun flugvéla til síldarleitar og til þess að koma skipulagi á samvinnu

milli flugvéla og síldarskipa, enda sé þá haldið uppi stöðugri síldarleit með þar til hæfri flugvél frá 15. júní til 15. sept. ár hvert, meðan sjóðurinn starfar. Að öðru leyti skal tekjum sjóðsins varið til flugferða á Íslandi innan þeirra takmarka, sem segir í 5. gr.

3. gr.

Hvert skip, er veiðir síld með herpinót, skal gjalda í sjóð þennan 10 aura af hverju máli bræðslusíldar og af hverri tunnu saltaðrar síldar eða annarar verkaðrar síldar. Eitt mál bræðslusíldar skal talið 135 kg. og skal jafngilda einni tunnu saltaðrar síldar.

4. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar fyrir með reglugerð um, hversu innheimta skuli gjöld þessi og um tilhögun á starfsemi sjóðsins.

5. gr.

Sjóður þessi tekur til starfa 1930, og má verja allt að $^{9}/_{10}$ af tekjum hvers árs í ofannefndu markmiði, en $^{1}/_{10}$ skal lagður í sjóð til eflingar flugferðum.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn sjóðsins og skal það ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikningur sjóðsins, skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **185. Frumvarp**

til laga um bókhald.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason, Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga, með þeim undantekningum, sem um getur í 3. gr.

2. gr.

1 Kaupmenn, en kaupmaður er hver sá talinn í þessum lögum, sem hefir atvinnu af því að selja vörur, verðbréf og hverskonar lausafé eða fasteignir, sem hann hefir í því skyni keypt.
2. Hlutafélög öll, kaupfélög, pöntunarfélög og samvinnufélög.
3. Bankar, sparisjóðir, víxlarar og vátryggingarfélög.

4. Umboðssalar, farandsalar, mat-, gisti- og veitingasalar, brytar, lyfsalar, forleggjarar, blaðaútgefendur.
5. Iðnrekendur allir, bæði handiðnaðar og verksmiðjuiðnaðar, þar með taldir gas-, raf- og vatnsinnlagningarmenn, bakarar, rakarar, ölgerðarmenn, rekendur hárgreiðslustofnana, lýsis- og síldarbræðslna, þvotta- og baðhúsa, rjómabúa, íshúsa, vatns- og rafveitna.
6. Þeir, sem reka útgerð til fiskiveiða, manna- og vöruflutninga og fiskverkun.
7. Vöru- og skipamiðlarar, afgreiðslumenn skipa og þeir, sem hafa atvinnu af að geyma vörur fyrir aðra.
8. Þeir, sem hafa atvinnu af rekstri bifreiða til mann- eða vöruflutninga.
9. Rekendur kvikmyndahúsa, leikhúsa, hringleikahúsa (cirkus) og fjölleikahúsa (varieté).
10. Þeir, sem taka að sér að flytja mál fyrir dómstólum eða gegna öðrum málaflutningsmannsstörfum.
11. Byggingameistarar, verkfræðingar og aðrir, er taka að sér að reisa hús og gera önnur mannvirki, eða gegna öðrum byggingameistara- og verkfræðingastörfum.
12. Læknar.
13. Þeir, sem hafa atvinnu af því að lána öðrum fé.
14. Þeir, sem hafa atvinnu af að sjá um jarðarfarir.

3. gr.

Undanskildir bókhaldsskyldu eru þó þeir, er hér greinir:

1. Mat- og veitingasali, sem að staðaldri rekur fyrirtæki með aðstoð konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri, og bryti, sem ekki rekur sjálfstæða atvinnu.
2. Handiðnarmaður, sem að staðaldri aðeins selur handavinnu sjálfs sín, konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri.
3. Útgerðarmenn, einn eða fleiri, er reka fiskiveiðar eða mann- og vöruflutninga á 2 bátum eða færri, undir 6 smál. brúttó hvor, eða aðeins einu skipi undir 20 smál. brúttó.
4. Sá, sem rekur fiskverkun með konu sinni, börnum innan 16 ára aldurs og fjórum mönnum öðrum eða færri.
5. Þeir, sem eigi reka fleiri en tvær bifreiðar til mann- eða vöruflutninga.
6. Þeir byggingameistarar, málaflutningsmenn, verkfræðingar og læknar, sem ekki reka sjálfstæða atvinnu.

4. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt 2. gr. og 3. gr., skulu hafa tvöfalt bókhald, en þessu ákvæði er fullnægt með færslu þeirra bóka og yfirlitsreikninga, sem um getur í 5.—8. gr.

5. gr.

Frumbækur.

Í þær séu færð öll verzlunarviðskipti, önnur en þau, er hönd selur hendi daglega jafnskjótt og þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og móttekið vöruna er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn), og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða innlögð og ennfremur verð hennar.

Samrit af viðskiptunum eins og þau eru bókuð í frumbókina skal ætíð láta skiptavini í té, í hvert sinn er einhver viðskipti fara fram bóklega, nemi þau meiru en 2 krónum.

6. gr.

Sjóðbók.

Í hana séu færðar allar sjóðgreiðslur. Hver greiðsla færist sérstaklega, þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær, er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Þeir, sem hafa sjálfvinnandi peningakassa, geymi renninginn með ástimplaðri niðurstöðutölu sem fylgiskjal með innfærslunni. Ennfremur er stærri fyrirtækjum leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur, enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina, og sé í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslunum. Fylgiskjöl öll með sjóðgreiðslum séu tölusett og til þeirra vísað í sjóðbókinni eða undirbókum hennar, og þau síðan geymd í réttri töluröð.

Ennfremur sé í sjóðbók vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. viðskiptamannabók, sjá 7. gr., aðalbók, sjá 8. gr., frumbókum o. s. frv.).

Sjóðbók skal vera innbundin og tölusett.

Undirbækur við sjóðbók mega vera lausblaðabækur.

7. gr.

Viðskiptamannabók.

Í henni skal færður sérstakur reikningur yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau, er hönd selur hendi. Í bókina skulu viðskipti þau, sem færð eru í frumbækurnar, skráð á sama hátt og þar, eða samanlagðar fjárhæðir þær í krónum og aurum, er úttekt eða innlegg nemur í hvert sinn samkvæmt frumbókunum. — Þó er leyfilegt, sé um úttekt að ræða, sem samið er um, að greiða skuli að fullu viku- eða mánaðarlega, að færa í viðskiptamannabókina samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt hvers viðskiptamanns hefir numið um vikuna eða mánuðinn

samkv. frumbókunum, ennfremur að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabók fyrir alla þá viðskiptamenn, sem aðeins hafa slík viðskipti.

Við færslu á viðskiptamannabók sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, aðalbók, frumbókum o. s. frv.).

Nota má lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur, en þó því aðeins, að þá sé færður sameiginlegur viðskiptareikningur fyrir alla viðskiptamenn, er reikning hafa í viðskiptamannabók, í aðalbók, dagbók eða sjóðdagbók (sjá 8. gr.). Í reikning þennan má færa úttekt og innlegg viðskiptamanna samandregið eftir frumbókunum og öðrum bókum, enda sé vísað til þeirra til sönnunar færslunum.

8. gr.

Skylt er að færa eftirgreinda yfirlitsreikninga um reksturinn:

1. Reikning(a), er sýni brúttótekjur (t. d. í verzlunum reikningur yfir keyptar og seldar vörur, í framleiðslufyrirtækjum reikningur yfir seldar afurðir o. s. frv.).
2. Reikning(a), er sýni rekstrarkostnað.
3. Reikning(a), er sýni víxlaviðskipti (víxlareikning, accept-reikning).
4. Reikning(a), er sýni framlög og úttekt eiganda (eigenda) til og frá fyrirtækinu í peningum eða öðrum verðmætum.
5. Reikning(a), er sýni, hve mikið fé er lagt í byggingar, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn.
6. Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku dæmi eru nauðsynlegir til þess, að því grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu verði fylgt, að hver fjárhæð sé færð á tveimur stöðum.

Reikningar þessir skulu færðir í sérstakri tölusettri, bundinni bók, aðalbók, dagbók, eða í sjóðbók, sem þá nefnist sjóðdagbók. Við færslu í reikninga þessa sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, viðskiptamannabók, frumbókum o. s. frv.).

9. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. lögum þessum, eru skyldir að gera yfirlit um efnahag sinn (efnahagsreikning) einu sinni á hverju almanaksári, ásamt yfirlitsreikningi um reksturinn á undanfarandi reikningsári.

Í Reykjavík séu reikningar þessir fullgerðir og undirskrifaðri 1 mánuði eftir lok reikningsársins, en annarsstaðar á landinu 2 mánuðum. Lögreglustjórum er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef brýnar ástæður eru fyrir hendi, en þó sé reikningsuppgerð ætíð lokið 3 mánuðum eftir lok reikningsárs.

Reikningarnir séu færðir í sérstaka löggilta bók, efnahagsbók, í sjóðdagbók eða aðalbók, ef þær eru löggiltar.

Við samning reikninganna sé til sönnunar vísað til bóka þeirra, sem færðar eru.

10. gr.

Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeigenda, eins og þær eru í lok reikningsársins.

Eignir ber að tilfæra með þeirri fjárhæð, er raunverulega svarar til verðmætis þeirra.

Óvissar kröfur séu tilfærðar með nafnverði, og síðan í sjálfum efnahagsreikningnum gerður frádráttur fyrir þeirri fjárhæð, sem sýnt þykir, að eigi muni greiðast. Kröfur, sem fyrndar eru að lögum, má eigi tilfæra sem eignir á efnahagsreikningi.

11. gr.

Efnahagsreikningi fylgi greinargerð um allar veðsetningar á eignum hlutaðeiganda, að svo miklu leyti, sem greindur reikningur ber slíkt ekki með sér, ennfremur allar ábyrgðir, er hann hefir tekizt á hendur fyrir aðra.

12. gr.

Sjálfráðir eru menn, hverjar bækur þeir færa aðrar en þær, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum.

13. gr.

Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum — aðrar en frumbækur — með blýanti. Ennfremur eigi skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það, sem eitt sinn hefir verið í þær skráð, eða rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það, er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritazt af vangá. Þurfi að gera breytingu á því, sem eitt sinn er ritað, skal annaðhvort leiðrétta það með annari innfærslu, er komi til jafnaðar annarsvegar við það, er ofritað var hinsvegar, eða bæti því við, er vanritazt hafði, eða þá þannig, að strika út það, sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það, er út var strikað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spássíu, eftir því sem bezt hentar.

Eigi má rífa eða á annan hátt losa blöð úr þeim innbundnum bókum, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum.

14. gr.

Skylt er hverjum bókhaldsskyldum að geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, er honum berast viðkomandi atvinnu hans, og ennfremur að halda eftir samriti af öllum þeim bréfum og símskeytum, er hann ritar og sendir öðrum bókhaldsskyldum viðkomandi atvinnunni, og geyma eftir sömu reglum.

15. gr.

Allar þær bækur, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf þau og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, séu geymdar í 10 ár frá því síðast er ritað í bækurnar og bréfin, eða símskeytin móttekin eða send.

16. gr.

Nú er skuldar krafizt innan þriggja missira frá því er hún varð til, og skal þá það, sem skráð er í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, hafa það sönnunargildi, ef bækurnar eru vel og skipulega ritaðar, og engin atvik liggja til, þau er gera bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í þeim stendur, ef aðili sá, er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður, eða að hann getur ekki eiðinn unnið sakir vitfirringar eða þviumlíks, og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni fyrirtækisins heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum, eða eiði þess manns, er í bækurnar hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missa bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, það sérstaka sönnunargildi, er þeim er veitt samkvæmt þessari grein, þó aðeins gagnvart skiptavinum, sem sjálfir eru ekki bókhaldsskyldir; en í viðskiptum milli bókhaldsskyldra halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests þess, er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar bókhaldsskyldir, og stendur sín innfærsla um sama efnið í bókum hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

Nú er fjárhæð færð í fleiri bækur en eina hjá sama manni (fyrirtæki) og bókunum ber eigi saman, þá skal innfærslan eigi hafa sérstakt sönnunargildi.

17. gr.

Sé að áliti lögreglustjóra ástæða til að ætla, að einhver hliti eigi ákvæðum þessara laga um bókhald, er honum heimilt að rannsaka eða láta rannsaka bókhald hlutaðeiganda, og reynist bókhaldið eigi lögum þessum samkvæmt, má ákveða hlutaðeiganda dagsektir, allt að kr. 25.00, unz hann hefir komið því í lag.

18. gr.

Brot gegn 5. gr. varðar sektum, kr. 5.00—200.00 eftir atvikum.

19. gr.

Brot gegn 4. gr. og 6.—9. gr. varðar sektum, kr. 10.00—1000.00. Kveði svo mikið að brotinu gegn greinum þessum, að bókfærslan geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, þannig að eigi sjáist, hversu rekstur fyrirtækisins gengur, hvernig efnum þess er varið eða hvernig hagur atvinnurekandans stendur, varðar það auk sekta missi atvinnurekstrarleyfis eða stöðvun atvinnurekstrar um stundarsakir eða til fulls eftir atvikum.

20. gr.

Brot gegn 10., 11. og 13.—15. gr. varðar sektum eða fangelsi eftir atvikum. Sé um fölsun verzlunarbóka að ræða, eða geri einhver í sviksamlegum tilgangi rangan efnahagsreikning, eða eyðileggi eða skjóti undan

í ókum þeim og skjölum, sem um getur í 14. og 15. gr., varðar það betrunarhúsvinnu allt að tveimur árum.

21. gr.

Þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt eldri lögum, en eigi færa bækur, sem fullnægja ákvæðum laga þessara, mega hafa bókhald sitt óbreytt til loka reikningsárs þess, er yfir stendur er lög þessi öðlast staðfestingu.

22. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 53, 11. júlí 1911, um verzlunarbækur, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bág við þessi lög.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum dómsmálaráðuneytisins. Fylgdi því svo hljóðandi

Greinargerð:

Núgildandi lög um verzlunarbækur eru nr. 53 frá 1911, og er ætlazt til, að frumvarp þetta komi í þeirra stað.

Það hefir nú um skeið verið ljóst, að lög þessi eru mjög ófullkomin, enda er slíkt að vonum, þar sem viðskipti öll og atvinnurekstur í landinu hefir tekið gagngerðum breytingum síðan þau voru samin. Sú breyting, sem mestu varðar í þessum efnum, er aukin notkun lánsfjár til hverskonar atvinnurekstrar. Má svo að orði kveða, að flest atvinnufyrirtæki byggist nú á stórfelldum lánum og gagnkvæmri tiltrú.

Aukin lánsfjárnotkun hefir haft í för með sér fjölgun tækifæra til margskonar fjársvika og óráðvandlegrar meðferðar á annara fé. Á síðasta þingi voru sett ný lög um gjaldþrotaskipti. Voru þar lögfest margskonar nýmæli, sem gengu í þá átt, að vernda rétt lánardrottnanna. Mun mega fullyrða, að einn hinn mesti þrándur í götu við framkvæmd laga þessara er ófullnægjandi bókhald þeirra, sem lánsfé nota til atvinnurekstrar síns. Þótt fyrirmælum núgildandi laga um bókhald sé hlýtt til fulls, er það hinum mestu erfiðleikum bundið að rekja til hlítar rekstur fyrirtækjanna og komast að niðurstöðu um, hvernig fjármunum þeim, sem þau hafa haft til notkunar, hefir verið varið. En það hlýtur að verða krafa lánardrottnanna, að með lögum sé fyrirskipað svo fullkomið bókhald, að hvenær sem er sé hægt að sjá, hvernig hag fyrirtækjanna er varið og hvernig þau hafa ráðstafað því fé, sem þeim hefir verið trúað fyrir.

Síðan fyrrgreind lög voru sett hefir Alþingi samþykkt lög um tekju- og

eignarskatt. Samkvæmt þeim fara greiðslur manna til opinberra þarfa mjög eftir tekjum og eignum, en til þess að unnt sé að ákveða gjöld þessi réttilega, þurfa að liggja fyrir ábyggilegar upplýsingar frá hverjum einstökum um þessi efni. Það mun hafa komið mjög berlega í ljós, að upplýsingum er mjög áfátt um þessi atriði hjá mörgum þeim, sem reka verzlun eða aðra atvinnu, sem krefur reikningsfærslu, og það jafnvel þótt viðkomandi hafi fært lögskipaðar bækur á réttan hátt.

Orsökina til þessa er að finna í því, að ekki er í núgildandi bókhaldslögum skipað fyrir um færslu neinna yfirlitsreikninga um rekstur fyrirtækjanna. Er úr þessu bætt í frv., svo sem nánar er rætt í athugasemdum við 4. gr.

Síðast en eigi sízt ber að minnast þeirrar nauðsynjar, sem hverjum atvinnurekanda er á því að fylgjast með rekstri sínum og allri fjárhagsafkomu. En fullyrða má, að slíkt sé eigi kleift fyrir þá, sem hafa mikið fé til notkunar við atvinnu sína, nema með því að færa glöggt og gott bókhald. Fjöldi atvinnurekenda mun þegar hafa skilið þessa nauðsyn, og færa bókhald sitt þannig, að þeir geta til fulls fylgzt með rekstri fyrirtækjanna, og munu þar á meðal ýmsir, sem eigi eru bókhaldsskyldir samkvæmt núgildandi lögum. Þó munu margir láta sér nægja að færa aðeins þær bækur, sem lögboðnar eru nú, og hefir reynslan sýnt, eins og að framan er drepið á, að mörgum þeirra hefir reynzt því nær ókleift að komast að réttri niðurstöðu um rekstur sinn.

Má því fullyrða, að verði frumvarp þetta að lögum, mun það styðja mjög að meiri gætni í atvinnurekstri og viðskiptum allskonar en ríkt hefir nú undanfarið. Má í mörgum dæmum rekja ófarnað manna í viðskiptum til þess, hve illa þeir hafa fylgzt með atvinnurekstri sínum. Er ekkert ráð til við slíku annað en glögg reikningsfærsla, sem hvenær sem er gefur fullkomnar upplýsingar um rekstur viðkomanda og afkomu alla.

Við samning frv. þessa er að nokkru stuðst við erlend lög um sama efni, aðallega sænsk, sem öðluðust gildi 1. jan. þ. á.

Í frv. eru allmörg nýmæli, og mun þeirra getið í athugasemdunum um einstakar greinar, er hér fara á eftir.

Um 1.—3. gr.

Í núgildandi lögum er ákvæðið um bókhaldsskyldu bundið við atvinnurekstrarleyfi. Eigi þótti fært að fylgja þessu grundvallaratriði í frumvarpinu, þar sem vitanlegt er, að fjöldi atvinnufyrirtækja og einstakir menn hafa mikið fjármagn til notkunar við atvinnurekstur sinn, þótt eigi þurfi þeir að leysa slík leyfisbréf. Hefir því sú stefna verið tekin upp, að skylda þá til að færa bækur, sem líklegt þykir, að noti til muna lánsfé við rekstur fyrirtækjanna, og ennfremur þá, sem sýnt þykir, að eigi muni geta komizt að niðurstöðu um tekjur sínar og gjöld nema með færslu bóka. Hafa ákvæðin í grein þessari verið sniðin mjög eftir sænsku lögunum, sem að framan getur.

Um 4. gr.

Eins og drepið hefir verið á hér að framan, er einn höfuðgalli núgildandi bókhaldslaga sá, að eigi er skipað fyrir um færslu yfirlitsreikninga um rekstur

fyrirtækjanna. Ef eigi eru færðar aðrar bækur en þær, sem lög mæla fyrir um, verður bókhaldið mjög ófullkomið og óglöggt til eftirlits, niðurstöður ótryggar og lítt ábyggilegar. Virðist svo sem úr þessu verði ekki bætt nema með lögskipun tvöfalds bókhalds, og er ákvæði um það tekið inn í grein þessa. Nauðsyn yfirlitsreikninganna gerir ákvæði þetta óhjákvæmilegt, því með færslu þeirra verður bókhaldið tvöfalt (sjá 8. gr.).. Eigi þykir rétt að lögbjóða eitt sérstakt kerfi bókhalds, þar sem sitt hentar hverjum í því efni. Er því tekin upp sú aðferð að skipa ákveðið fyrir um þær bækur, sem sameiginlegar verða hjá öllum fyrirtækjum, og síðan um færslu yfirlitsreikninga (sjá 8. gr.), en mönnum jafnframt í sjálfsvald sett, hversu þeir skipa þeim niður í bækurnar. Af þessu leiðir, að ákvæðum frumvarpsins er hægt að fullnægja með færslu hvaða tvöfalds bókfærslukerfis sem er.

Eitt grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu er, að hver fjárhæð færist tvisvar. Af þessu leiðir, að hægt er hvenær sem er að sannprófa, hvort bækurnar eru rétt færðar. Ennfremur gefur þetta atriði tryggingu fyrir réttum niðurstöðum, og er það hið mesta hagræði fyrir hlutaðeigendur. Ýmsir, sem ókunnir eru málavöxtum, álíta, að miklu meiri vinna sé við færslu tvöfalds bókhalds en þess, sem nefnt er einfalt og fullnægjandi er samkvæmt núgildandi lögum. Gætir hér nokkurs misskilnings. Ef tvöfalt bókhald er fært á haganlegan hátt, er vinnuauknin hverfandi í samanburði við mismun þann, sem verður á árangrinum af færslu þess annarsvegar og einfalda bókhaldsins hinsvegar. Sé fært einfalt bókhald, getur atvinnurekandinn, ef um veruleg viðskipti er að ræða, alls eigi komizt að niðurstöðu um rekstur sinn, nema með því að »gera upp« allar bækur sínar, og þar sem slíkt kostar ærna vinnu, er það eigi að öllum jafnaði gert nema einu sinni á ári. Sé tvöfalt bókhald fært á réttan hátt, getur atvinnurekandinn ætíð fylgzt með í rekstri fyrirtækisins, og leiðir það af færslu yfirlitsreikninganna. Er rétt að benda á í þessu sambandi, að haganlegasta fyrirkomulag fyrir flesta atvinnurekendur mun að færa yfirlitsreikninga þá, sem um getur í 8. gr., í sjálfri sjóðbókinni, sem þá nefnist sjóðdagbók samkv. frumv. (dálkakerfið). Verður þá sú eina bók nægileg til fullnægingar ákvæðum frumvarpsins, sé eigi um nein lánsviðskipti að ræða, ella verða ennfremur að færast frumbækur og viðskiptamannabók (sjá 5. og 6. gr.).

Um 5. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 2. gr. núgildandi laga.

Frumbækur þær, sem um ræðir í greininni, eru jafnnauðsynlegar kaupanda og seljanda. Samritið, sem viðskiptavinur fær hjá atvinnurekanda, gerir honum unnt að fylgjast með viðskiptum sínum. Atvinnurekanda eru bækur þessar nær ómissandi til notkunar við samdrátt undir innfærslu í aðrar bækur og yfirlitsreikninga (t. d. viðskiptamannabók, vörureikning o. s. frv.).

Um 6. gr.

Í grein þessari eru engin veruleg nýmæli. Samkvæmt núgildandi lögum er fyrirskipuð færsla sjóðbókar. Eru fyrirmælin um færslu bókarinnar aðeins nokkru ítarlegri hér. Nauðsynlegt þykir að leyfa færslu undirbóka fyrir sjóð-

greiðslu, en jafnframt að skipa fyrir um innfærslu niðurstöðutalna þeirra daglega inn í sjálfa sjóðbókina, til þess að í henni sé ætíð unnt að fá fullt yfirlit um öll peningaviðskipti.

Um 7. gr.

Viðskiptamannabók sú, sem um ræðir í þessari grein, notast að mestu á sama hátt og höfuðbókin, sem fyrirskipuð er í núgildandi lögum. Þó eru í grein þessari tvenn mikilsverð nýmæli, sem ganga í þá átt að gera mönnum léttara fyrir um færslu bókarinnar.

Hið fyrra er um færslu úttektar þeirrar, er samið er um greiðslu á viku- eða mánaðarlega. Samkvæmt núgildandi lögum er skylt að færa í höfuðbók (= viðskiptamannabók) niðurstöðutölur hverrar frumbókarnótu. Erfiðleikar á að fylgja þessu ákvæði hafa komið greinilega í ljós, einkum í Reykjavík, þar sem ofannefnd viku- og mánaðarviðskipti eru mjög algeng. Er því með ákvæðum greinar þessarar leyft að færa í einni fjárhæð í viðskiptamannabókina viku- eða mánaðaruttekt þeirra, sem samninga hafa svo sem að framan getur. Ennfremur er leyfilegt að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabókinni fyrir þá, sem aðeins hafa slík samningsviðskipti. Verður heimild þessi til hins mesta verksparnaðar við færslu þessara viðskipta, án þess þó að rýra í nokkru tryggingunga, sem lánardrottnum á að vera í bókhaldi skuldunauta, eða gagn það, sem atvinnurekanda sjálfum er að bókhaldinu.

Hið síðara nýmæli er heimildin til þess að nota lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur.

Notkun lausblaðabóka ryður sér nú mjög til rúms til mikils verksparnaðar við reikningsfærslu. En jafnframt því, sem í lögum er gert ráð fyrir notkun þeirra, verður til tryggingar að setja ákvæði um, að í einhverri innbundinni lögskipaðri bók sé færður reikningur yfir öll þau viðskipti, sem tilfærð eru í lausblaðabækur, þar sem ætíð er nokkur hætta á, að blöð týnist úr bókum þessum.

Um 8. gr.

Eins og um hefir verið getið í athugasemd við 4. gr., er hér um algert nýmæli að ræða með fyrirskipun færslu yfirlitsreikninga þessara, og er í því fólgin höfuðbreytingin frá fyrirmælum núgildandi laga. Nægir að vísa til athugasemda við sömu grein um skýringu á nauðsyn reikninganna og ástæður fyrir því, að eigi er í frumvarpinu skipað nákvæmlega fyrir um, í hvaða bókum þeir skuli færðir.

Um 9. gr.

Fyrirmæli greinar þessarar um samning rekstrarreiknings er nýmæli, sem er bein afleiðing af ákvæðinu um tvöfalda bókfærslu, og hefir það eigi í för með sér aukna fyrirhöfn. Ákvæði greinarinnar um það, hvenær reikningsuppgerð skuli lokið, er í samræði við ákvæði skattalöggjafarinnar um sama efni.

Um 10. gr.

Nauðsynlegt þótti að setja ákvæði um, hvernig samningi efnahagsreiknings skyldi hagað í höfuðatriðum.

Um 11. gr.

Ákvæði greinar þessarar er sett með tilliti til þess, að fullkomið yfirlit um hag hlutaðeiganda sé eigi fengið nema þessar upplýsingar séu fyrir hendi. Eru fyrirmæli þessi sniðin að mestu eftir sænsku lögunum, sem að framan um getur.

Um 12. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 1. málsgr. 6. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur.

Um 13. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 4. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur. Þó þótti rétt að setja ákvæði um, að eigi mætti færa lögskipaðar bækur með blýanti, aðrar en frumbækur, og eigi mætti rífa eða á annan hátt losa blöð úr bundinni lögskipaðri bók.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar kemur í stað ákvæða 3. gr. núgildandi laga um að halda bréfabók.

Um 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sett með það fyrir augum, að fyrir gæti komið, að nauðsyn bæri til, að upplýsingar væru fyrir hendi um rekstur hlutaðeiganda yfir langan tíma. Fyrirmælið er að mestu samhljóða ákvæðum sænsku laganna um þetta efni.

Um 16. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 10. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur.

Um 17. gr.

Nauðsynlegt þótti að hafa skýr fyrirmæli um tilhlutunarrétt lögreglustjóra um eftirlit með lögunum.

Um 18.—20. gr.

Þar sem brot gegn lögum þessum geta verið mjög misjafnlega refsiverð, þykir nauðsynlegt, að dómarinn sé eigi mjög bundinn í vali viðurlaga og geti fremur ákveðið hegningu eftir því, sem málefni standa til í hverju einstöku dæmi.

Um 21.—24. gr.

Þarfnast eigi skýringar.

Fylgiskjal I.

AFRIT.

Verzlunarráð Íslands.

Reykjavík, 19. febr. 1930.

Verzlunarráðið hefir athugað frumvarp að lögum um bókhald, er dómsmálaráðuneytið hefir sent því til umsagnar, og er það samþykkt frumvarpinu í öllum aðalatriðum. Þó vill Verzlunarráðið benda á, að undir 2. lið annarar greinar virðist vera rétt að nefna kaupfélag og pöntunarfélag sem bókhaldsskyld.

Að því er snertir ákvæði 9. greinar um reikningsskil og reikningslok, álítur Verzlunarráðið réttast að miða við ákvæði skattalaganna.

Með skírskotun til 15. greinar, telur Verzlunarráðið hæfilegt að miða geymslutíma á fyrirskipuðum bókum og öðrum gögnum við fyrningartíma skulda samkvæmt fyrningarlögum.

Þá leyfir Verzlunarráðið sér ennfremur að benda á það, að vegna þeirrar sérstöðu og sérstöku laga, sem Samvinnufélögin hafa innan verzlunarstéttarinnar, virðist sem tilgangur þessara bókhaldslaga ætti meðal annars að vera sá, að skylda samvinnufélögin til þess að haga bókhaldi sínu þannig, að glögglega sjáist af því, hvern hag þau hafa af viðskiptum við utanfélagsmenn, þar sem skattur félaganna miðast að miklu leyti við þann hagnað. Mælir Verzlunarráðið eindregið með því, að bót verði ráðin á þessu.

Í öðru lagi veldur það miklum vandkvæðum innan verzlunarstéttarinnar, að alltítt er, að kaupfélög, samvinnufélög og jafnvel kaupmenn veiti vörum (afurðum) manna móttöku án ákveðins verðs, og líða oft margir mánuðir þar til vöruseljendur fá vitneskju um, hvaða verði vörur þeirra verði endanlega borgaðar. Vegna þessarar óvissu komast menn oft í skuldir, er þeir annars kynnu að komast hjá, ef þeir á hvaða tíma sem er gætu vitað, hvað reikningum og fjárhag þeirra líður. Þætti Verzlunarráðinu æskilegt, ef hægt væri í sambandi við frumvarp þetta að finna einhverjar leiðir til að stemma stigu fyrir slíku verzlunarfyrirkomulagi.

Virðingarfyllst

Verzlunarráð Íslands
(Sign.)

Garðar Gíslason.

Sig. Guðmundsson.

Til
Dómsmálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

Um athugasemdir Verzlunarráðs Íslands.

1. Athugasemdin verið tekin til greina og hefir 2. gr. verið breytt í samræmi við hana.
2. Ákvæði 9. gr. eru í samræmi við skattalögin.
3. Af ástæðum, sem um getur í greinargerð fyrir 15. gr. frumvarpsins, þykir rétt, að geymslutíminn sé eigi styttri en 10 ár.
4. Ákvæði um þetta efni virðist óþarfi að taka upp í frumvarpið, með því að það er í 9. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921.
5. Í 5. gr. frumvarpsins er það tekið fram, að verð úttekinnar og innlagðrar vöru skuli fært í frumbók um leið og viðskiptin fara fram. Jafnframt skal það tekið fram, að sé tilfært verð á vörum, sem teknar eru til umboðssölu, hlýtur það ætíð að vera áætlunarverð. Þetta á við um þær innlendar afurðir, sem kaupfélögin selja fyrir félagsmenn sína.

Nd. **186. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis [Landskjör 1930.]

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. gr. orðist svo: Kjördagur við kosning landskjörinna þingmanna árið 1930 skal vera laugardagur 14. júní.

Nd. **187. Breytingartillaga**

við frv. til laga um ríkisborgararétt.

Frá allsherjarnefnd.

Við frvgr. bætist:

9. Friedrich Ludvig Detlev Fahning, járnsmiður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
10. Ernst Josef Ossian Westlund, vélfræðingur í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.
11. Oskar Tander Berg Ellefsen, vélamaður á Siglufirði, fæddur í Noregi.

Nd. **188. Nefndarálit**

um frv. til laga um fræðslumálastjórn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um öll meginatriði frumvarpsins og telur, að í því séu fólgnar ýmsar nauðsynlegar endurbætur á yfirstjórn fræðslumálanna, enda verði það ekki dregið lengur að setja lög um framkvæmd hennar. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frv., en nefndin í heild sinni leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrir »Fræðslumálaráðuneytið« komi: Kennslumálaráðuneytið.
2. Við 2. gr.
   a. Aftan við aðra málsgrein bætist: Þó er Háskóli Íslands undanskilinn ákvæðum þessara laga.
   b. Fyrir »Fræðslumálaráðuneytið« í þriðju málsgrein komi: Kennslumálaráðuneytið.

Alþingi, 26. febr. 1930.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskrifari og frsm.	Magnús Jónsson, með fyrirvara.

Jón Ólafsson. Sveinn Ólafsson.

Nd. **189. Breytingartillögur**

við frv. til laga um fræðslumálastjórn.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 6. gr.
   a. Á eftir orðinu »barnaskóla« í upphafi gr. kemur: utan kaupstaða.
   b. Orðin »og kaupstöðum« í síðasta málslið fyrstu málsgreinar falla niður.
2. Við 7. gr. Síðasti málsliður greinarinnar fellur niður.

Nd. **190. Frumvarp**

til laga um átta stunda vinnudag í verksmiðjum.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Í síldarbræðslu- og fiskimjölsverksmiðjum skal enginn verkamaður hafa lengri vinnutíma, að matar- og kaffitíma meðtöldum, en 8 stundir á sólarhring.

2. gr.

Ekki skal það talið brot á lögum þessum, þótt verkamaður vinni lengur samfleytt en 8 stundir á sólarhring, ef það er aðeins í einstökum tilfellum og nauðsynlegt vegna lúkningar ákveðins verks, sem eigi má hætta við hálfgert, viðgerðar eða veikinda þess, sem við starfi verkamannsins á að taka.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr. laga þessara um stuttan, tiltekinn tíma, ef sérstaklega stendur á og Alþýðusamband Íslands mælir með því.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum 50—5000 kr., og skal farið með mál út af brotum á lögunum sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir áskorun verkamannafélaga víðsvegar um landið og sambandsþings Alþýðusambands Íslands síðastliðið haust. Á almennum og fjölmennum þingmálafundi á Siglufirði 31. jan. þ. á. var í einu hljóði samþykkt áskorun til Alþingis að samþykkja lög um 8 stunda vinnudag í verksmiðjum. Takmörkun vinnutímans í verksmiðjum við í mesta lagi 8 stundir er þegar lögfest hjá helztu menningarþjóðum heimsins. Hér á landi er slík takmörkun fyrst og fremst nauðsynleg í síldarbræðslu- og fiskimjölsverksmiðjum, þar sem vélarnar ganga allan sólarhringinn, og nú mun oftast tíðkast, að verkamaðurinn vinni 12 stundir á sólarhringnum, ýmist samfleytt eða í tvennu lagi. Í þessum verksmiðjum vinna nú nokkra mánuði ársins um 400 manns og fjölgar ár frá ári. Þessi vinna er óholl, erfið og slítandi, og alls ekki verjandi að láta menn að jafnaði vinna hana lengur en 8 stundir í sólarhring.

Þar sem reynt hefir verið að hafa þrískipta vinnuna og hver maður unnið 8 stundir, hefir það ekki aðeins gefizt vel fyrir verkafólkið, heldur einnig reynzt hagur að því fyrir atvinnurekandann.

Nd. **191. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Flm.: Magnús Jónsson, Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Aftan við 13. gr. komi ný setning, svo látandi:

Nú hefir skipulagsuppdráttur ekki hlotið staðfestingu stjórnarráðs áður tvö ár séu liðin frá framlagningu, og er hann eigi lengur bindandi.

2. gr.

Aftan af 28. gr. falli:

Þó verður eigi krafizt, að skaðabætur séu greiddar fyrr en sú skipulagsbreyting kemur til framkvæmdar, sem skaðabæturnar eru goldnar fyrir.

Greinargerð.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 55 1921 má engin mannvirki gera, sem koma í bága við framlagt uppkast að skipulagsuppdrætti kauptúns eða sjávarþorps, og enginn frestur er settur til staðfestingar uppdráttar. Getur það því dregizt ótakmarkað að staðfesta uppdrátt. Nú eru ýmsir, sem telja uppdrátt koma í bág við rétt sinn eða taka á eign þeirra samkvæmt honum. Meðan óvíst er, hvort uppdrátturinn verður samþykktur eða ekki, getur aðili hvorki fengið bætur fyrir eign sína né heldur verður honum unnt að ráðstafa henni, t. d. selja hana eða veðsetja, nema með þeim kvöð, er uppdráttur kann að binda hana. Þess vegna er nauðsynlegt að setja einhvern frest um staðfestingu uppdrátta, samkvæmt áðurnefndri 13. gr. laga nr. 55 1921.

Eftir 28. gr. sömu laga verða bætur ekki greiddar fyrr en skipulagsbreyting kemur til framkvæmdar. Þetta er sennilega brot á 63. gr. stjórnarskrárinnar, er segir menn eiga að fá fullt verð fyrir lögnumda eign. En fullt verð mundi ekki alltaf verða goldið, ef fara skal eftir 28. gr. laga nr. 55 1921. Ef t. d. væri ákveðið að taka lóð undir mannvirki, þá verður lóðin t. d. ekki seld undir hús. Yrði lóðareigandi því ef til vill að liggja með lóðina árum saman og bíður við það stórtjón, bæði vaxtatap og ef til vill verðlækkun. Með brottfellingu síðari setningar 28. gr. laga nr. 55 1921 er hugsað að koma skaðabótareglum téðra laga bæði nær anda stjórnarskrárinnar og nær sanngirni.

Ed. **192. Lög**

um sölu lands undan prestssetrinu Borg á Mýrum.

(Afgreidd frá Ed. 26. febrúar).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Borgarneshreppi í Mýrasýslu þann hluta úr landi prestssetursins Borgar á Mýrum, sem er innan takmarka hreppsins.

2. gr.

Um mat á landi því, er selt kann að verða samkvæmt lögum þessum, og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, frá 16. nóvember 1907, um sölu kirkjujarða.

3. gr.

Hreppnum er ekki heimilt að endurselja landið eða hluta þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **193. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaða.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á Eyrum við Seyðisfjörð (Hánefsstaðaeyrum og Þórarinsstaðaeyrum) og í Gunnólfsvík við Finnafjörð, hvorttveggja í Norður-Múlasýslu, skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

2. gr.

Takmörk verzlunarlóðarinnar á Hánefsstaðaeyrum skulu vera Sörlastaðaá að vestan og Gullsteinseyri að austan, 300 metrar á land upp frá flóðmáli.

3. gr.

Löggilding verzlunarstaðarins í Gunnólfsvík kemur til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **194. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sá hefir rétt til að stunda vélgæzlu á mótorskipum með 12 til 50 hestafla vél, er sannað getur, að hann hafi staðizt próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifélags Íslands, eða stundað vélgæzlu samkv. 2. gr. að minnsta kosti 12 mánuði. Nú hefir vélstjóri staðizt próf samkvæmt framanrituðu og reynzt fær um að stjórna 30 til 50 hestafla mótorvél og gegnt þeim starfa sem yfirvélstjóri að minnsta kosti 12 mánuði, og öðlast hann þá rétt til þess að stjórna 50 til 100 hestafla mótorvél.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp nokkurnveginn samhljóða því, er hér birtist, náði samþykki Ed. Alþingis í fyrra. Sú ein breyting er gerð frá því frv., að orðunum »eða stundað vélgæzlu samkv. 2. gr. að minnsta kosti 12 mánuði« er bætt inn í 1. gr. frv. nú, af því að í ljós kom í fyrra, að sumir þingmenn sættu sig betur við frv., ef þessu ákvæði yrði bætt inn í það. Að öðru leyti vísast til greinargerðar við frv. frá 1929, þskj. 135.

Nd. **195. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Fyrir »30 smálestir« í 1. gr. laganna kemur: 60 smálestir.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt áskorun um þetta efni, sem mér hefir borizt frá nokkrum bátaformönnum á Akranesi.

Það þykir mjög hagkvæmt á vetrarvertíðinni, að allir bátar í sömu veiðistöð, sem koma daglega að landi, ról á sama tíma. Þess vegna hafa í skjóli fyrrnefndra laga verið gerðar í sumum veiðistöðvum samþykktir um róðrartíma. En samkvæmt ákvæðum laganna, eins og þau eru nú, er ekki hægt að láta slíkar samþykktir ná til stærri báta en 30 smálesta. Eins og til hagar um útgerð á Akranesi nú orðið, og sjálfsagt víðar, eru þessi ákvæði um bátastærðina ófullnægjandi. Er því farið fram á það í þessu frv., að slíkar samþykktir geti náð til báta, sem eru allt að 60 smálestir.

Nd. 196. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 186 *[Landskjör 1930]*.

Frá forsætisráðherra.

Fyrir »laugardagur 14. júní« komi: sunnudagur 15. júní.

Nd. 197. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Bjarni Ásgeirsson, Magnús Torfason.

1. gr.

Undanþegnir gjöldum þeim, er ræðir um í 2. og 7. gr. laganna, eru, auk þeirra, sem þar greinir, allir þeir, sem hvorki eru í þjóðkirkjunni né öðru kirkjufélagi.

2. gr.

Lög þessi taka til sóknargjalda á árinu 1930, og fellur þá jafnframt úr gildi ákvæði 3. málsgreinar 60. gr. stjórnarskrárinnar um gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna til Háskóla Íslands.

Greinargerð.

Í 60. gr. stjórnarskrárinnar er mælt svo fyrir, að enginn megi »neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna« og að »enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist«.

Tilgangur þessara ákvæða er tvímælalaust sá, að lögfesta fullkomið trúarbragðafrelsi hér á landi.

En í 3. málsgr. sömu greinar er svo fyrir mælt, að utanþjóðkirkjumenn,

sem eigi eru í öðrum viðurkenndum trúarbragðaflokki, skuli greiða kirkjugjöldin til Háskóla Íslands. Með þessu ákvæði er lagður aukanefskattur, einskonar sektargjald, á þá menn og konur, sem hvorki eru í þjóðkirkjunni né öðru viðurkenndu kirkjufélagi. Fer þetta alveg í bága við anda og fyrirmæli greinarinnar, enda er svo fyrir mælt, að ákvæði þessu megi breyta eða nema það burt með einföldum lögum.

Í frv. er því lagt til, að ákvæði þetta sé fellt úr stjórnarskránni. Greinarnar þarf ekki að skýra.

Nd. **198. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 1. gr. nefndra laga bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hefir verið stofnsett raforkuver til almenningsþarfa í sveit eða kaupstað, og getur þá sveitar- eða bæjarstjórn áskilið sér einkasölu í umdæminu á rafmagnstækjum, sem nota á í sambandi við raforkuveituna.

2. gr.

Aftan við 1. málsgr. 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hefir einstakur maður eða félag fengið leyfi til að stofnsetja og starfrækja raforkuver til almenningsþarfa, og má þá eigi taka hærra gjald fyrir rafmagnið en samkvæmt gjaldskrá, er hlutaðeigandi sveitarstjórn eða bæjarstjórn hefir samþykkt. Rísi ágreiningur um gjaldskrána milli sveitar- eða bæjarstjórnar og hlutaðeigandi manns eða félags, sker atvinnumálaráðherra úr.

Greinargerð.

Í lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur, var í 4. gr. mælt svo fyrir, að ef sveitarstjórn hefði komið rafmagnsveitu á, þá gæti hún áskilið sér einkasölu í sveitinni á rafmagnstækjum, er notuð yrðu í sambandi við veituna. Með vatnalögunum voru þessi lög úr gildi felld. Þegar svo lögin um raforkuvirki voru samþykkt, árið 1926, hefir láðst að setja í þau tilsvarandi ákvæði. Er í frv. lagt til, að úr þessu sé bætt. Dæmi sanna, að einstakir menn og félög, sem eiga og starfrækja raforkustöðvar til almenningsþarfa, hafa notað aðstöðu sína til þess að taka óhæfilega hátt verð fyrir rafmagnið. Virðist því sjálfsagt að veita hlutaðeigandi bæjar- og sveitarstjórnum rétt til að ákveða hámarksverð, þegar ástæða þykir til.

Einstakar greinir þurfa ekki skýringar.

Ed. **199. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis [Landskjör 1930].

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Kjördagur við kosning landskjörinna þingmanna árið 1930 skal vera sunnudagur 15. júní.

2. gr.

Kjörskrár og aukakjörskrár við kosningu þessa skulu samdar þannig, að í gildi komi 10. júní þ. á.

3. gr.

Við undirbúning kosningar þessarar breytast tímaákvarðanir og frestir kosningalaganna sem hér segir:

Kjörskrár skulu lagðar fram 1. apríl, en aukakjörskrár 10. maí.

Auglýsingarfrestur samkvæmt 12. gr. kosningalaganna skal vera ein vika.

Kærufrestur samkvæmt 13. gr. laganna skal vera 14 dagar frá því að kjörskrá var lögð fram.

Úrskurðarfrestur á kærum samkvæmt 14. gr. skal vera ein vika frá lokum kærufrests. Frestur til fundarboðs samkvæmt sömu grein skal vera 3 dagar.

Um kærur við aukakjörskrár og úrskurði þeirra gilda venjulegir frestir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **200. Frumvarp**

til laga um Verzlunar- og útvegsbanka Íslands.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson. Bjarni Ásgeirsson. Lárus Helgason.

1. gr.

Ríkissjóður leggur Íslandsbanka 3 millj. krónur sem forgangshlutafé með þeim skilyrðum:

a) Að að minnsta kosti 2½ millj. kr. í forgangshlutafé komi annarsstaðar frá. Heimild fjármálaráðherra þarf til, að þetta hlutafé fari fram úr 3 millj. kr.

b) Að póstsjóður Dana láti innieign sína hjá Íslandsbanka ganga næst hlutafénu um áhættu.

c) Að hagkvæmir samningar fáist við aðalskuldheimtumenn Íslandsbanka erlendis um greiðslu núverandi skulda bankans til þeirra.
d) Að hin eldri hlutabréf verði metin og nafnverð þeirra fært niður í samræmi við matið.

2. gr.

Forgangshlutafé ríkissjóðs skal greitt að hálfu af núverandi skuld Íslandsbanka við ríkissjóð, og að hálfu með nýju fé, sem ríkisstjórninni heimilast að taka að láni.

3. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs fimm manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu, en fulltrúaráðið ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra, laun og ráðningarkjör. Takmarkanir á atkvæðarétti skulu engar vera að því er forgangshlutafé ríkissjóðs snertir.

Fyrsti aðalfundur skal haldinn þegar eftir að lög þessi öðlast gildi, og fellur þá niður umboð núverandi fulltrúaráðs.

Fjármálaráðherra setur reglur um skyldur og störf fulltrúaráðs, en fulltrúaráðið bankastjórunum erindisbréf.

4. gr.

Þegar stjórn Landsbankans óskar þess, skal Íslandsbanka skylt að draga inn seðla sína, sem þá eru í umferð. Um ráðstafanir um gullforða bankans og um endurkaup Landsbankans á viðskiptavíxlum af Íslandsbanka fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innköllun seðlanna.

5. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að leysa Íslandsbanka undan greiðsluskyldu á innlánsfé og öðru innstæðufé bankans í hlaupandi viðskiptum, sem inni stóð í bankanum 3. febr. 1930, þannig að taki til innstæðufjárins alls eða tiltekins hundraðshluta af því um tiltekinn tíma, og þó eigi lengur en til 6 mánaða í senn.

6. gr.

Heiti Íslandsbanka skal frá 1. jan. 1931 vera: Verzlunar- og útvegsbanki Íslands.

7. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi og eru jafnframt úr lögum numin eldri ákvæði, sem fara í bága við þau.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er byggt á þeim athugunum og umleitunum, sem fram hafa farið undanfarnar vikur viðvíkjandi Íslandsbanka, og þó að þeim sé enn ekki lokið í öllum atriðum, þykir ekki rétt að láta flutning þess dragast lengur.

Nánar í framsögu.

Ed. 201. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. gangi fram. Þó áskilur einn nefndarmanna (JBald) sér óbundið atkvæði um breytingartillögur, ef fram koma.

Alþingi, 26. febrúar 1930.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.	Björn Kristjánsson.

Nd. 202. Frumvarp

til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Til dýpkunar innsiglingar, fullnaðarviðgerðar hafnargarða og nauðsynlegustu mannvirkja innan hafnar í Vestmannaeyjum veitast úr ríkissjóði allt að 110 þús. krónur, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyjakaupstaðar.

Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sé falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vorið 1914 var fyrst byrjað á hafnarbótum í Vestmannaeyjum. Á þeim tæpum 16 árum, sem liðin eru síðan, hafa verið gerðir þar tveir hafnargarðar, Hörgeyjargarðurinn, norðan megin mynnisins að innri höfninni, og Hringskersgarðurinn að sunnanverðu.

Vegna þess að garðar þessir, sem liggja fyrir opnu úthafinu, voru í fyrstu gerðir of veikir, hefir mjög erfiðlega gengið að fá þá fulltrausta. Einkum var Hringskersgarðurinn allt of veikur, og hefir því ítrekað orðið fyrir allverulegum

skemmdum. Síðast varð alvarleg bilun á honum 31. janúar 1929, og var síðastliðið sumar unnið að viðgerð á þeim, en varð ekki lokið að fullu, sökum óhagstæðrar veðráttu. Viðgerð þessi virðist hafa heppnast ágætlega. Hefir þar ekkert haggast, þrátt fyrir tíð stórbrim síðastliðið haust og fram á þennan vetur. En ennþá er ógert við helli þann inn undir austurbrún garðsins, sem lýst er í fundargerð hafnarnefndar frá 17. febr. s. l., sem fylgir hér með. Til þess að Hringskersgarðurinn verði nægilega traustur, er mjög mikilsvert, að hægt verði að fylla helli þennan hið allra fyrsta. Þegar þeirri viðgerð er lokið, er ekki útlit fyrir annað en garðurinn sé orðinn svo úr garði gerður, að hann þurfi ekki frekari endurbóta við í náinni framtíð.

Þó garðarnir séu til hinna mestu bóta og fleiri og stærri bátar og fleiri og stærri flutningaskip geti legið á innri höfn en áður var, hafa garðarnir ekki aflað hafnarsjóði verulegs tekjuauka.

Til þess að því takmarki verði náð, að hafnarsjóður ráði við þær skuldir, sem á honum hvíla, er mesta nauðsyn að hrint verði í framkvæmd endurbótum innan hafnar.

Vélbátaflotinn, sem telur um 100 vélbáta frá ca. 8—60 smál., er orðinn svo stór, að til hinna mestu vandræða hefir horft með afgreiðslu þeirra um vertíðina. Undanfarnar vertíðir hafa þrengslin verið svo mikil, að bátar hafa orðið að bíða afgreiðslu allt að 7 klukkustundum. Af því er augljóst, hverjar afleiðingar sú tímatöf hefir haft í för með sér, er tekið er tillit til þess, að mestur hluti þess fisks, er kemur í land í Vestmannaeyjum, fiskast venjulega á einum mánuði, eða jafnvel skemmri tíma.

Til þess að bæta úr þessum vandkvæðum, fór bæjarstjórn þess á leit við síðasta Alþingi, að ríkissjóður styrkti að $^1/_3$ byggingu bryggju á svonefndu Básaskeri. Með lögum frá síðasta þingi var ríkisstjórninni heimilað að styrkja byggingu þessa. Í maímán. 1929 var gerð fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar, hvort hún mundi nota heimild þessa. Við fyrirspurn þessari barst ekkert svar, þrátt fyrir munnlegar ítrekanir.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin mundi nota heimildina, þar sem neitandi svar hafði ekki komið frá henni, var bryggjubyggingin hafin í byrjun júlímánaðar, en ekki varð komið við að byggja hana lengra fram en um 70 metra.

Ákveðið svar frá ríkisstjórninni fékkst ekki allt sumarið, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. En í nóvember, þegar enn var gengið eftir svari frá ríkisstjórninni, svaraði hún með neitun.

Bryggjan kemur þó ekki að fullum notum fyrri en bætt hefir verið við hana um 60 metrum. Þegar þeirri lengd verður náð, er hægt að nota hana jafnframt fyrir hafskipabryggju, og kemur hún þá að miklu gagni við affermingu og hleðslu þeirra skipa, er koma á innri höfn með salt og kol og flytja burtu fisk og aðrar fiskafurðir.

Jafnframt mundu togarar og önnur skip, er fiskveiðar stunda í nánd við Vestmannaeyjar, geta tekið þar kol og aðrar nauðsynjar framvegis, sem verið hefir ógerningur fram að þessu, vegna bryggjuleysis fyrir stærri skip. Það hefir jafnvel orðið svo, að þeir Vestmannaeyingar, sem eiga línuveiðara, hafa orðið að

láta skip sín taka kol og afferma fisk í Reykjavík, sem hefir orðið til stórtjóns vegna tímatafar við svona langa ferð um vertíðina.

Innan við Hringskersgarðinn er stór grjóteyri. Berst mikið af grjóti úr henni út í innsiglinguna, svo hættulegt er skipum, sem um hana fara, auk þess sem eyrin þrengir innsiglinguna.

Framangreindar endurbætur og mannvirki hefir vitamálaskrifstofan áætlað þannig:

Viðbót við Básaskersbryggju 60×60 metrar ...	kr.	235.000.00
Hreinsun innsiglingarinnar	—	20.000.00
Viðgerð Hringskersgarðs	—	25.000.00
Samtals.	kr.	280.000.00

Kostnaður þessi er meiri en svo, að hafnarsjóður fái einn ráðið við, og fer bæjarstjórn fram á það við hið háa Alþingi, að ríkissjóður greiði 1/3 kostnaðarins.

Þegar tillit er tekið til þess, að ríkissjóður er eigandi Vestmannaeyja og hefir miklar tekjur af þeim, virðist sanngjarnt, að hann taki þátt í kostnaðinum við mannvirkin.

Tekjur ríkissjóðs af Vestmannaeyjum 10 árin síðastliðin hafa verið eins og hér segir:

1920	kr.	240.251.75
1921	—	321.032.98
1922	—	245.493.87
1923	—	138.745.44
1924	—	419.671.33
1925	—	499.895.09
1926	—	452.908.27
1927	—	420.335.81
1928	—	567.797.87
1929	—	570.000.00
	Samtals kr.	3.876.132.41

Að vísu hefir ríkissjóður borið nokkurn þunga af skuld hafnarsjóðs við N. C. Monberg. Síðan 1924, að samið var um þá skuld, til áramóta 1929—1930 hefir ríkissjóður greitt 692.616.94.

Frá því er hafnargerð var byrjuð í Vestmannaeyjum 1914 til 1928, að því ári meðtöldu, hefir ríkissjóður greitt sem styrk til hafnarendurbóta kr. 422.259.22.

Samkv. lögum átti ríkissjóður að greiða í fyrstu 1/4 kostnaðar, en síðan 1/3, en sum árin hefir sú styrkveiting ekki verið notuð að fullu.

Eins og þegar hefir verið tekið fram, samþykkti síðasta Alþingi heimild fyrir ríkisstjórnina að taka þátt í kostnaði við bygging Básaskersbryggju að einum þriðja, en þá heimild hefir stjórnin ekki fengizt til að nota.

Bæjarstjórn hefir því samþykkt, vegna synjunar ríkisstjórnarinnar um greiðslu á 1/3 kostnaðar við bryggjubygginguna, að fara fram á það við Alþingi, að það legði fyrir ríkisstjórnina að greiða að einum þriðja kostnaðinn við bygginguna, sem nam allur um 38 þús. krónum, og er sú upphæð því innifalin í þeirri fjárveiting, sem með frv. þessu er farið fram á.

Hefir bæjarstjórn farið fram á þetta sökum þess, að vilji þingsins hefir sýnilega verið sá, að ríkissjóður taki þátt í kostnaðinum við byggingu mannvirkis þessa.

Frekari upplýsingar munu verða gefnar við framsögu málsins.

Fylgiskjal.

Útskrift úr gerðabók hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar.

Ár 1930, mánudaginn 17. febrúar var fundur haldinn í hafnarnefnd Vestmannaeyjakaupstaðar að Bárustíg 5.

Mættir voru, auk bæjarstjóra, allir nefndarmennirnir, þeir Þorsteinn Jónsson, Ólafur Auðunsson, Magnús Magnússon, Sigfús Scheving og Ársæll Sveinsson. Ennfremur var mættur hafnsögumaður Hannes Jónsson.

Fyrir tekið:

....

2. Hringskersgarðurinn.

Síðastliðið sumar var unnið að styrkingu og endurbótum Hringskersgarðsins, austan við haus garðsins og framan við hann, en sökum óhagstæðrar veðráttu, varð eigi lokið hinni nauðsynlegu aðgerð. Innan við viðgerð þá, er fór fram síðastliðið sumar, er ennþá hellir inn undir garðinn á ca. 16 metra svæði. Hellir þessi mun ná inn undir garðinn sjálfan. Nefndin vill taka það fram, að hún telur einnig nauðsynlegt, að styrkt verði undirstaða garðhaussins að vestanverðu.

Er hin mesta nauðsyn, að viðgerð verði látin fram fara á helli þessum og undirstöðu þegar á næsta sumri, og leggur nefndin til, að farið verði fram á það við Alþingi, að ríkissjóður greiði einn þriðja kostnaðar við aðgerð þessa.

3. Dýpkun innsiglingarinnar.

Í innsiglingunni hefir verið nokkuð af grjóti, er síðastliðin þrjú sumur hefir verið unnið við að taka upp. Innan við Hringskersgarðinn er ennþá stór grjóteyri, sem þrengir innsiglinguna, og berast stöðugt úr henni steinar út í hana.

Þetta grjót verður allt að hreinsast burtu, og þolir það verk enga bið, ef innsiglingin á að vera örugg.

Nefndin leggur einnig til að farið verði fram á þriðjungstillag úr ríkissjóði til þessa verks.

4. Básaskersbryggja.

Síðastliðið sumar var byrjað á verki þessu, og hefir bryggjan verið byggð um 70 metra fram. Til þess að bryggja þessi komi að fullum notum við afgreiðslu flutningaskipa, er óhjákvæmilegt, að hún verði lengd um ca. 60 metra.

Nefndin leggur til, að lenging þessi verði gerð á næsta sumri. Verði haus bryggjunnar hafður 70 metra breiður, svo hægt verði að leggja að hon-

um skipum af þeirri stærð, sem venjulega koma hér á innri höfn. Er lenging þessi hið mesta nauðsynjaverk, meðal annars vegna þess, að eins og nú er, fljóta vélbátar ekki að henni, nema um hálfaðfallinn sjó, og bryggjan sjálf um stórstraumsfjöru næstum á þurru landi. Ef lenging þessi yrði framkvæmd, mundi mega afgreiða öll skip, er koma á innri höfn, við bryggjuna, og mundi það verða til hins mesta sparnaðar við hleðslu og afferming skipa og flýta fyrir henni.

Nefndin leggur til, að farið verði fram á þriðjungstillag úr ríkissjóði til mannvirkis þessa.

Jafnframt leggur nefndin til, að farið verði fram á það við Alþingi, að ríkissjóður greiði að einum þriðja kostnað þann, er leitt hefir af byggingu bryggjunnar á síðastliðnu sumri, en ríkisstjórnin hefir ekki viljað taka þátt í, þrátt fyrir heimild samþykkta á síðasta þingi.

.....

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

S. Scheving. Hannes Jónsson. Ólafur Auðunsson. Ársæll Sveinsson.
M. Magnússon. Þorst. Jónsson. Jóh. Gunnar Ólafsson.

Rétta útskrift staðfestir.

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum, 21. febrúar 1930.

Jóh. Gunnar Ólafsson.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 20. febr. s. l.

Ed. 203. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis [Landskjör 1930].

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 1. gr. Fyrir »sunnudagur 15. júní« komi: laugardagur 14. júní.

Ed. 204. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason og Páll Hermannsson.

1. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laga nr. 38, 11. júlí 1911, skal vera á þessa leið: Þó er það skilyrði fyrir því, að þeir læknar, er próf hafa tekið, haldi

þeim rétti til lækninga, er að ofan greinir, að þeir hafi, svo framarlega sem þess er óskað af heilbrigðisstjórn Íslands, á fyrstu tveimur árunum eftir prófið gegnt héraðslæknisembætti eða unnið fyrir heilbrigðisstjórnina sem aðstoðarlæknar, t. d. við sjúkrahús landsins eða á annan hátt, að minnsta kosti árlangt, gegn þeim launum, sem ríkissjóður greiðir föstum starfsmönnum fyrir samskonar vinnu. Eigi mega læknar gera sér að atvinnu að hjálpa konum í barnsnauð, fyrr en þeir hafa lokið námsskeiði í fæðingarhúsi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þrátt fyrir hinn mikla fjölda læknanema, er stunda læknisfræðinám við Háskóla Íslands, vantar oft lækna um lengri eða skemmri tíma í ýms héruð landsins. Frv. gerir ráð fyrir, að menn, sem annars nota lækniskunnáttu sína öðruvísi en í þjónustu ríkisins, vinni að minnsta kosti eitt ár fyrir landið, ef þörf krefur, en gegn fullu kaupi.

Ed. 205. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Flutningsm.: Ingibjörg H. Bjarnason og H. Steinsson.

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi kr. 1.50 fyrir hvern gjaldskyldan mann.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 3 kr. á ári, en kvenmaður 1 kr. 50 au.

3. gr.

12. gr. laganna skal orða svo:

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta öllu því gjaldi, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár í kaupstaðnum eða hreppnum, ennfremur $^{2}/_{3}$ af þeim styrk, sem lagður er til styrktarsjóðsins úr ríkissjóði á árinu, og hálfum vöxtum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. um þetta efni lá fyrir síðasta þingi, en náði ekki fram að ganga. Nú er það flutt að nýju með þeim breytingum, sem á því voru gerðar í Nd. í fyrra.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er frv. fylgdi þá (sjá Alþt. 1929 A. þskj. 146).

Ed. 206. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis [Landskjör 1930].

Frá Jóni Jónssyni og Guðm. Ólafssyni.

Við 1. gr.

Aftan við greinina bætist: Kjörfund skal setja kl. 3 e. h.

Nd. 207. Lög

um sölu jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs úr jörðinni Nesi í Norðfirði.

(Afgreidd frá Nd. 1. marz).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnu samþykki sóknarprests, að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar þær 840 álnir úr jörðinni Nesi, sem eru eign Neskirkju, að undanskilinni hæfilegri lóð undir íbúðarhús til prestsseturs og $2^1/_2$ hektara túnstæði, er fylgja skal prestssetrinu.

2. gr.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar 340 álnir úr Nesi, sem eru eign ríkissjóðs.

3. gr.

Jarðarhluta þá, sem seldir verða samkvæmt lögum þessum, má aldrei selja úr eigu bæjarins, nema ríkið sé kaupandi.

4. gr.

Um mat á jarðarhlutum þessum og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, og laga nr. 31, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, þó þannig, að söluverð þeirra 340 álna, er ríkissjóður á, verði eigi lægra en 9500 krónur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 208. Lög

um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis [Landskjör 1930].

(Afgreidd frá Ed. 1. marz).

1. gr.

Kjördagur við kosning landskjörinna þingmanna árið 1930 skal vera sunnudagur 15. júní.

2. gr.

Kjörskrár og aukakjörskrár við kosningu þessa skulu samdar þannig, að í gildi komi 10. júní þ. á.

3. gr.

Við undirbúning kosningar þessarar breytast tímaákvarðanir og frestir kosningalaganna sem hér segir:

Kjörskrár skulu lagðar fram 1. apríl, en aukakjörskrár 10. maí.

Auglýsingarfrestur samkvæmt 12. gr. kosningalaganna skal vera ein vika.

Kærufrestur samkvæmt 13. gr. laganna skal vera 14 dagar frá því að kjörskrá var lögð fram.

Úrskurðarfrestur á kærum samkvæmt 14. gr. skal vera ein vika frá lokum kærufrests. Frestur til fundarboðs samkvæmt sömu grein skal vera 3 dagar.

Um kærur við aukakjörskrár og úrskurði þeirra gilda venjulegir frestir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 209. Frumvarp

til laga um fræðslumálastjórn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra kennslu- og skólamála.

2. gr.

Fræðslumálastjóri stýrir framkvæmdum í kennslu- og skólamálum. Hann sér um að gildandi lögum og fyrirmælum um fræðslumál sé hlýtt og heimtar allar nauðsynlegar skýrslur um skólahald í landinu.

Álits fræðslumálastjóra skal leitað um öll skólamál, sem undir fræðslumálaráðuneytið falla. Þó er Háskóli Íslands undanskilinn ákvæðum þessara laga.

Kennslumálaráðuneytið getur falið fræðslumálastjóra fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af, enda sendi hann ráðuneytinu ársfjórðungslega skrá um þau mál, er þannig hafa verið afgreidd.

Nánar skal ákveða í reglugerð um skyldur og störf fræðslumálastjóra.

3. gr.

Laun fræðslumálastjóra skulu vera jöfn launum þeirra embættismanna, sem taldir eru í 1. málsgrein 17. gr. laga nr. 71 1919, um laun embættismanna, en skrifstofukostnaður greiðist eftir reikningi, samþykktum af ráðuneytinu.

4. gr.

Fyrir barnaskóla, héraðsskóla og gagnfræðaskóla skulu vera skólaráð. Fræðslumálastjóri er formaður og framkvæmdarstjóri þeirra. Í skólaráði sitja auk hans:

1. Fyrir héraðs- og gagnfræðaskóla: Einn maður kosinn af félagi héraðsskólakennara og annar kosinn af föstum kennurum gagnfræðaskóla í kaupstöðum.
2. Um skólaráð barnaskóla fer eftir lögum nr. 19 1928, um fræðslumálanefndir.

Ráðuneytið setur reglugerð um kosningar, skyldur og störf skólaráða.

5. gr.

Skólaráð gera tillögur til kennslumálaráðuneytisins um námsskrár, kennslubækur, kennsluáhöld og tilhögun prófa, hvert á sínu sviði.

Kostnaður við skólaráð telst til skrifstofukostnaðar fræðslumálastjóra. Skólaráðsmenn gegna störfum endurgjaldslaust.

6. gr.

Við barnaskóla skal vera kennslueftirlit. Til eftirlitsins skulu skipaðir hinir hæfustu barnakennarar, einn fyrir hvert eftirlitssvæði til fimm ára í senn. Eftirlitssvæði skulu einkum fara eftir sýslum og kaupstöðum, en þó má víkja frá því, þegar annað þykir hentara.

Eftirlitsmenn skulu a. m. k. einu sinni á ári koma í hvert skólahérað í sínu umdæmi, á þeim tíma, sem kennsla fer fram, og senda skólanefnd og fræðslumálastjóra árlega skýrslu um fræðsluástand síns héraðs.

Eftirlitskennurum skal skylt að halda þau próf, sem fræðslumálastjórnin fyrirskipar, og veita leiðbeiningar um kennslu og skólaskipun. Fræðslumálastjórnin setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsvið eftirlitskennara og störf þeirra.

7. gr.

Laun og ferðakostnaður eftirlitskennara barnaskólanna greiðist úr ríkissjóði eftir þeim reglum, sem fræðslumálastjórnin setur. Launa- og ferðakostnaðargreiðslur til þeirra mega ekki fara fram úr 15 þús. kr. á ári, og falla þá niður launagreiðslur úr ríkissjóði til prófdómenda samkv. 18. gr. laga nr. 40 1926, um fræðslu barna.

8. gr.

Til kennslueftirlits við aðra skóla skulu settir skólafróðir menn um stundarsakir, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

9. gr.

Fræðslumálastjóri hefir yfirstjórn kennslueftirlitsins og lítur eftir skólum sjálfur, eftir því sem ástæður leyfa.

10. gr.

Fræðslumálastjóri hefir yfirumsjón með þeim skólabókasöfnum og alþýðubókasöfnum, námskeiðum og fyrirlestrum, er styrk fá úr ríkissjóði, og heimtar um allt þetta árlegar skýrslur.

11. gr.

Fræðslumálastjóri skal árlega gefa út yfirlitsskýrslu um allt skólahald í landinu.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin ákvæði, er fara í bág við þessi lög.

Nd. 210. Nefndarálit

um frv. til laga um Brunabótafélag Íslands.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um frv. þetta. Tveir nefndarmenn (HJ og HStef) vilja afgreiða það á þessu þingi, en með nokkrum breytingum, tveir nefndarmanna (ÓTh og SE) telja, að leita þurfi um það álits tryggingardeilda (sveitar- og bæjarstjórna) áður en það fái fullnaðarsamþykkt á Alþingi, en fimmti maðurinn (HV) var ekki á fundi, er málið var afgreitt, og hefir ekki tekið afstöðu til frv.

Við 1. umr. málsins kom fram sama álit um óuppfyllt skilyrði fyrir því, að málið gæti fengið endanlega afgreiðslu á þessu þingi, eins og andmælendur frv. bera fyrir sig, auk ýmsra athugasemda, er þó snertu ekki ákvæði frv. eins og það liggur fyrir, heldur hin gildandi lög, og þó mestpart reglugerðarákvæði ýms.

Andstæðingar um afgreiðslu málsins á þessu þingi bera fyrir sig 25. gr. laga Brunabótafélagsins, er svo hljóðar:

> »Þegar félagið er orðið svo stórt, að ársiðgjöldin nema meiru en 75000 kr., skal stjórnarráðið semja frv. til laga um *breyting á stjórn þess* í þá átt, að skipað sé fulltrúaráð til þess að gæta hags sveitarfélaganna og vátryggjenda. Þegar fengnar eru umsagnir hlutaðeigandi sveitarstjórna, skal frumvarpið lagt fyrir Alþingi«.

Eins og sjá má, ef grein þessi er krufin til mergjar, felst ekkert í ákvæðum hennar, er gefi þá ástæðu til andstöðu gegn frv., sem andmælin eru byggð á. Ákvæði greinarinnar taka eingöngu til *breytinga á stjórn félagsins, en í frv. er ekki lagt til, að nokkur breyting sé gerð á stjórn þess.*

Hinsvegar er það svo, að alla tíð síðan 1918, eða í tólf ár, hafa árleg iðgjöld numið meiru en 75000 kr., og hefir engri þeirri stjórn, sem setið hefir síðan, þótt ástæða til þessara breytinga á stjórn félagsins.

Þar sem nú tillögur frv. ganga í þá átt að leysa tryggingardeildir félagsins frá því ákvæði um fyrirkomulag tryggingarnna, ábyrgðarhlutdeildinni, sem varhugaverðast er fyrir þær, og ráðgerir að öðru leyti breyt., sem eingöngu eru til hagsmuna fyrir vátryggjendur, þá er enn þá minni ástæða til að reisa þessa kröfu nú, ef frv. nær fram að ganga.

Þyki þinginu samt sem áður ástæða til þess nú að gangast eftir því við ríkisstjórnina, að þetta sé gert, þá er *jafnopin* leið til þess, þótt frv. verði samþykkt nú.

Það, sem hinsvegar mælir með því, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, eru þær ástæður, sem hér skulu stuttlega taldar:

1. Að aðkallandi þörf er á breytingu á reglugerð og flokkunarreglum bæði Brunabótafélagsins og einkum sveitarsjóðanna. Má um það m. a. vísa til þál., sem samþ. var á Alþingi 1928, og umræðna um hana.

2. Að núgildandi lög standa í vegi fyrir því, að hægt sé að gera breyt-

ingar á samningum um endurtryggingu fyrir Brunabótafélagið til hagsmuna fyrir félagið og til þjóðhagslegra umbóta.

3. Að breytingar frv. lúta að því, að hægt sé að halda sem mestu af fé því, sem safnast saman fyrir brunatryggingar, í landinu. Og loks

4. Að breytingar frv. lúta að því, að hægt sé að færa út svið hinnar innlendu tryggingarstarfsemi, en þrengja svið erlendrar tryggingarstarfsemi hér á landi að sama skapi.

Sumt af þessu þolir enga bið (1. atr.), en stórtjón um annað, að það dragist að hrinda því til vegar.

Minni hluti nefndarinnar leggur því til, eins og fyrr segir, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. Upphaf 7. greinar orðist svo:
Félagið leitar endurtryggingar eða samtryggingar (co-assurance) hjá ...

II. Fyrri málsliður 10. gr. orðist svo:
Vátryggingar á lausafé og húseignum samkv. 4. gr. gilda til þess tíma, sem tiltekið er í vátryggingarskírteini.

III. Við 14. gr.: Fyrir »15—20%« komi: 10—20%.

IV. 21. gr. orðist svo:
Félagið hefir umboðsmenn í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakur hreppur. Í kauptúnum, sem ekki eru sérstakur hreppur, getur félagið einnig haft umboðsmenn, en utan kaupstaða og kauptúna er hreppsnefndum skylt að annast umboðsstörf fyrir félagið, hverri fyrir sinn hrepp, gegn tilsvarandi ómakslaunum og umboðsmenn félagsins hafa.

Alþingi, 1. marz 1930.

H. Stefánsson,	Hannes Jónsson,
form. og frsm.	fundaskrifari.

Ed. **211. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 31. maí 1927, um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fellst á frv. og telur rétt, að lögin um greiðslu verkkaups nái einnig til iðnaðarmanna, svo sem þar er gert ráð fyrir. En þar sem lögin um þetta mundu verða í mörgu lagi, vill nefndin taka eldri lögin upp í frv., og lúta

breytingartillögurnar að því; aðeins er orðalagi laganna frá 1902 lítilsháttar breytt, en engin efnisröskun er á þeim gerð. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, er verður 1. gr., svo hljóðandi:
   Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnum við verzlanir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á skipum, sem á fiskiveiðar ganga, síldveiðar eða hvalveiðar, hvort sem eru seglskip, mótorbátar eða gufuskip, nema verkkaupið sé hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglaunamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir, og má eigi greiða kaupið með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið.
   Sama er og, ef verk er unnið í ákvæðisvinnu við einhverja þessa atvinnugrein.
2. 1. gr. verði 2. grein og 1. lína falli niður.
3. 2. gr. verði 3. grein og skal hljóða svo:
   Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 2. gr. fyrstu málsgr., í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt út að minnsta kosti vikulega, ef verkinu, sem kauptaxtinn eða umsamin upphæð verkkaups miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sé ekki öðruvísi um samið, þegar verkinu er lokið.
   Sama gildir um iðnaðarmenn, er taka að sér verk og vinna það fyrir ákveðið kaup eða taka að sér verk í ákvæðisvinnu, ef iðnaðarmaður vinnur verkið einn, eða með verzlamönnum sínum, með atvinnufélaga eða með nemendum, er hann hefir tekið til iðnnáms.
4. 3. gr. verði 4. grein og fyrsta lína falli niður.
5. Í stað 4. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 5. og 6. gr. og hljóði svo:
   a. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups, og lög um viðauka við þau lög, nr. 55, 31. maí 1927.
   b. Lög þessi öðlast þegar gildi.
6. Fyrirsögn frv. skal vera: Frv. til laga um greiðslu verkkaups.

Alþingi, 3. marz 1930.

Jón Baldvinsson, form. og frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	Jóh. Jóhannesson.

Nd. 212. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík.

Flm.: Jón Ólafsson, Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Magnús Jónsson.

Upphaf 1. gr. laga nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík, orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram helming kostnaðar við byggingu sundhallar í Reykjavík, sem nú er í smíðum, allt að 250 þúsund krónum.

Greinargerð.

Þegar lögin um sundhöll í Reykjavík voru sett árið 1928, lá fyrir Alþingi áætlun húsameistara ríkisins um, að kostnaðurinn við byggingu sundhallarinnar mundi verða um 200 þúsund kr., og ætlaðist Alþingi til, að helmingur kostnaðarins yrði greiddur úr ríkissjóði, enda var það í samræmi við ákvæði þau, sem sett voru í fjárlög á sama þingi og síðan hafa verið í fjárlögum, um að ríkissjóður greiði helming kostnaðar við að gera nýjar steinsteyptar sundlaugar og sundskýli.

Þegar húsameistari ríkisins fór síðan að gera endanlegan uppdrátt af væntanlegri sundhöll, varð niðurstaðan sú, að ekki var mögulegt að byggja hana fyrir 200 þúsund krónur, eða neitt nálægt því, ef fullnægja ætti þeim kröfum, sem ríkisstjórnin gerði til hennar.

Eftir margvíslegar samningaumleitanir við ríkisstjórnina og tilraunir húsameistarans til að draga sem mest úr kostnaði, fekkst loks samþykki ráðherrans á uppdrætti af sundhöll, sem bæjarstjórnin samþykkti, og er áætlað kostnaðarverð hennar 480—500 þúsund krónur, og mun sú áætlun vera frekar lág, að því er borgarstjóri telur.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir þegar látið byrja á byggingu sundhallarinnar í því trausti, að Alþingi fallist á að greiða úr ríkissjóði helming kostnaðarins, eins og upphaflega var ráð fyrir gert, og er þetta lagafrumvarp borið fram eftir ósk bæjarstjórnarinnar, sem væntir þess, að Reykjavíkurborg fái í þessu efni að njóta jafnréttis við önnur sveitarfélög, eða jafnvel einstaklinga, sem koma upp sundlaugum og sundskýlum.

Nd. 213. Frumvarp

til laga um stuðning ríkisins til aðalframræsluskurða.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Jón Ólafsson.

1. gr.

Úr ríkissjóði skal árlega veita 150 þús. kr. til kaupa og starfrækslu á skurðgröfum, er séu við hæfi hér á landi.

2. gr.

Umsjón og starfræksla skurðgrafna þeirra, er ríkið á nú og keyptar verða, skal falin Búnaðarfélagi Íslands, en það skal hafa í sinni þjónustu mann, er hefir sérþekkingu í þeim efnum.

3. gr.

Búnaðarfélagi Íslands skal falið að láta gera mælingar, kort og áætlanir á þeim svæðum, þar sem áhugi er fyrir slíkum framkvæmdum.

4. gr.

Nú hafa kort og áætlanir verið gerðar á einhverju svæði. Geta þá bændur á hlutaðeigandi svæði myndað með sér landþurkunarfélög samkv. 82. gr. vatnalaganna frá 1923, og skal með stofnun þess félagsskapar og starfrækslu að öllu farið eftir fyrirmælum vatnalaganna.

5. gr.

Nú er landþurkunarfélag myndað samkv. 4. gr. Ber því þá réttur til, svo fljótt sem ástæður leyfa, að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar. Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds og sér um viðhald þeirra, en umsjónarmaður skurðgrafnanna ræður verkstjóra til þeirra. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um rekstur skurðgrafnanna.

6. gr.

Af kostnaði þeim, er leiðir af starfrækslu skurðgrafnanna, greiðir ríkið 1/5. 1/5 kostnaðar heimilast landþurkunarfélögunum að fá lánað. En 1/5 skulu landeigendur leggja fram sjálfir um leið og verkið er framkvæmt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er talið að á landi voru sé allt að 1 millj. ha. mýrlendi. (Túnin eru 25000 ha.). Þessar mýrar hafa frá alda öðli legið óhreyfðar. Á nokkrum stöðum hefir náttúran myndað þar ágætar engjar, en meginhlutinn er þýfður og snöggur. Á umliðnum öldum hefir safnazt í mýrarnar feiknin öll af jurtanærandi frjóefnum. Þessi frjóefni eiga rót sína að rekja annað tveggja til jurtaleifa eða steinefna. Jurtaleifar (sina) verða eftir í mýrunum árlega og mynda þar að síðustu þykkri eða þynnri lög. Í þessum jurtaleifum eru mikil frjóefni. Verðmætast er köfnunarefnið, sem nú er keypt dýrum dómum í saltpétri og öðrum köfnunarefnisáburði. Meðan jurtaleifarnar geymast í votum mýrum, eru frjóefnin þar í svo torleystum samböndum, að þau verða eigi gróðrinum að notum. En frjóefnin safnast saman, liggja þar sem í forðabúri, sem er harðlæst. Í mýrunum á land vort mestan frjóefnaforða. Séu nú mýrarnar ræstar fram, svo efsta lagið,

sem rætur jurtanna greinast um, þorni og loftið komist niður í það, breytast efnasamböndin í mýrunum, torleystu samböndin verða að auðleystum samböndum, nothæfum fyrir lifandi gróður. Hve mikinn forða vér eigum í mýrunum af frjómagni, sést ljósast af því, að í því lagi, sem rætur jurtanna greinast um, er talið að vera svo mikið af köfnunarefni einu, að nægilegt sé í 100—200 ár handa þroskamiklum jurtagróðri, sem árlega er fluttur í burtu, það er að segja, ef torleystu samböndin geta breytzt í auðleyst sambönd. Á þennan hátt verður framræsla lykill að því frjóefnamagni, sem nú geymist í forðabúri mýranna. Þessi breyting er hinsvegar hægfara, einkum vegna þess, að veðráttufar er hér kalt, og framræslan þarf að verka um langan tíma svo að gagni komi.

Önnur frjóefni mýranna eiga rót sína að rekja til steinefnanna. Þau hafa flutzt út yfir mýrarnar annað tveggja með vatni eða vindurinn hefir feykt þeim, einkum á þeim stöðum, þar sem uppblástur hefir verið. Öskufall hefir og á vissum tímum dreift steinefnum um land allt. Íslenzku mýrarnar eru hlutfallslega ríkar af steinefnum og því vel fallnar til ræktunar.

Af framangreindum ástæðum þykir oss tími til kominn, að hafizt verði nú handa með framræslu á mýrunum, svo bændum lands vors verði gert mögulegt að notfæra sér þann mikla næringarforða, sem þar liggur. Til stuðnings þessu mætti ennfremur tilfæra, að það er almennt viðurkennt, að þar sem stórum mýrarflákum er breytt í þurrlendi, þar breytist einnig loftslagið, þar verður hlýrra á þurrlendinu en votlendinu. Sagt er, að þetta geti munað 1—2° C. fyrir sumarmánuðina.

Því miður eru eigi til sérstakar mælingar á hinum ýmsu mýrum og flóum víðsvegar um land, en þær eru meiri og minni í öllum sýslum landsins. Vér skulum benda á nokkur svæði, er hér gætu komið til greina, og byrjum vér þá sem venja er til í Árnessýslu. Þar eru miklar mýrar í Biskupstungum, Ölfusi og víðar. Áveitusvæðin nefnum vér eigi í þessu sambandi. Í Rangárvallasýslu eru geysistór mýrarflæmi, t. d. í Holtunum, Safamýri, í Þykkvabæ, Landeyjum og undir Eyjafjöllum. Í Skaftafellssýslum eru mýrarnar eigi eins víðáttumiklar. Þó eru allmiklar mýrar í Mýrdal, Álftaveri, Hornafirði, Lóni og víðar. Í Múlasýslum eru mýrar í nánd við Djúpavog, í Breiðdal, á Héraði, í Borgarfirði, Vopnafirði og víðar. Í Þingeyjarsýslum má nefna hin miklu mýrasvæði á Langanesi, í Öxarfirðinum, í Kelduhverfinu og víðar. Í Eyjafirði eru Staðarbyggðarmýrar alkunnar, svo og Kræklingahlíðin o. fl. Í Skagafirði er mikill hluti hins mikla undirlendis mýrlendi, sem á ýmsum stöðum teygir sig upp að fjallsrótum. Allir vita um hinar miklu mýrar í Húnavatnssýslu, í Ásum, út í Vindhælishrepp, í Þinginu, Hrútafirðinum og víðar. Í Strandasýslu eru eigi stór mýrasvæði. Allmikið er þó af mýrum í Hrútafirði, inn af Steingrímsfirði, í Trékyllisvík og víðar. Í Ísafjarðarsýslu eru minni mýrasvæði á við og dreif um sýsluna. Svo er við Ísafjarðardjúp í Álftafirði, Bolungavík, Önundarfirði, Dýrafirði og víðar. Í Barðastrandarsýslu eru minni mýraflákar við Arnarfjörð, en stórir á Rauðasandi, Barðaströnd, Reykhólasveit og víðar. Í Dalasýslunni eru geysistórar mýrar í nær öllum sveitum. Í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu má einkum benda á mýrarnar í Breiðavík, Staðarsveit og í Hnappadalssýslunni. Í Mýrasýslu eru einhver hin

mestu mýraflæmi á landi hér. Í Borgarfjarðarsýslu er einnig mikið af mýrum og í Gullbringu- og Kjósarsýslu eru einkum mýrarnar í Kjós áberandi.

Af þessu stutta yfirliti er það ljóst, að mýrarnar á landi voru eru geysilega víðlendar, en sem sakir standa fæða þær tiltölulega fáan búpening. Ef allar mýrarnar væru gerðar að ræktuðu landi, segjum 1 millj. ha., gæfi það land fóður handa 1 milljón mjólkurkúa. Í Danmörku er 1,6 millj. mjólkurkúa. Þetta sýnir hina miklu möguleika, sem land vort hefir að geyma, aðeins ef dáð og dugur er til að nota þá.

Í hinum stærri mýrarflóum er nauðsyn á stórum aðalframræsluskurðum, sem hið minna skurðakerfi er svo aftur tengt við. Hið fyrsta verk, sem þarf að gera, er aðalskurðurinn. Þá þeir eru gerðir, er aftur hægt að hefjast handa með framræslu á minni svæðum. Með lögum þessum er ætlazt til, að undirbúningur og framkvæmd verði hafin með framræslu mýranna, og við þetta starf verði notaðar nýtízkuvélar og þekking.

Búnaðarfélaginu, eða þeim mönnum, sem hafa aðalumsjón með jarðyrkjumálum, er ætlað að hafa aðalumsjón með þessum framkvæmdum. Fyrst og fremst með allar mælingar og kortagerð og áætlanir um skurðagerðina. Síðar um starfrækslu vélanna. Ætlazt er til, að þau svæði, sem bezt liggja við þessum framkvæmdum, verði tekin fyrst, og svo hvað af öðru.

Þessar framkvæmdir verður að skoða sem undirbúning þess, að gera landið byggilegra og svo íbúunum verði hægra að notfæra sér þau gæði, er fósturjörðin geymir.

Því teljum vér það réttmætt, að ríkið leggi hér árlegan skerf til. Við þessar framkvæmdir vinnst reynsla smátt og smátt. Mönnum lærist að nota hentugar vélar og starfsaðferðir, og skiptir þetta miklu fyrir framtíðarræktun lands vors.

Ed. 214. Lög

um löggilding verzlunarstaða.

(Afgreidd frá Ed. 3. marz).

1. gr.

Á Eyrum við Seyðisfjörð (Hánefsstaðaeyrum og Þórarinsstaðaeyrum) og í Gunnólfsvík við Finnafjörð, hvorttveggja í Norður-Múlasýslu, skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

2. gr.

Takmörk verzlunarlóðarinnar á Hánefsstaðaeyrum skulu vera Sörlastaðaá að vestan og Gullsteinseyri að austan, 300 metrar á land upp frá flóðmáli.

3. gr.

Löggilding verzlunarstaðarins í Gunnólfsvík kemur til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **215. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á áfengislögum, nr. 64, 7. maí 1928.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er að vísu ekki að öllu leyti sammála um einstök atriði frv., en samkomulag hefir náðst um það, að mæla með að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. — 2. gr. Í stað »200« komi: 100.
3. — 4. gr. Í stað orðanna »þriðji málsliður« komi: þriðja málsgrein.
4. — 5. gr.
   a. Í stað orðanna »Fyrsti málsliður« í upphafi greinarinnar komi: Fyrsta málsgrein.
   b. Í stað orðanna »Síðasti málsliður« í b.-lið greinarinnar komi: Síðasta málsgrein.
5. — 6. gr. Greinin falli niður.
6. — 8. gr. Greinin orðist þannig:

   Fyrri málsgrein 32. gr. laganna orðist svo:

   Brot gegn fyrri málsgrein 11. gr. eða gegn þeim reglum, er settar eru eða settar verða samkv. annari málsgrein sömu greinar, eða gegn þeim öðrum ákvæðum þessara laga, sem banna að veita, gefa, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna, varða sektum frá 500 til 5000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1000 til 10000 krónum.
7. — 9. gr. Í stað orðanna »Síðasti málsliður« komi: Síðasta málsgrein.
8. — 10. gr. Í stað orðanna »Fjórði málsliður« komi: Fjórða málsgrein.
9. Aftan við frv. bætist ný grein, svo hljóðandi:

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra inn í meginmál áfengislaga, nr. 64, 7. maí 1928, og gefa þau út þannig breytt.

Alþingi, 3. marz 1930.

Jón Baldvinsson. form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jóh. Jóhannesson.

Ed. **216. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Íslandsbanka.

Frá fjármálaráðherra.

I. Framan við 1. gr. bætast eftirfarandi kaflar og greinar.

I. KAFLI.

Um Sjávarútvegsbanka Íslands h/f.

a. 1. gr.

Stofna skal hlutafélag, er heita skal Sjávarútvegsbanki Íslands h/f, og hafa skal það verkefni að starfrækja banka, er sérstaklega skal styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna.

b. 2. gr.

Hlutafé félagsins skal nema allt að $2^1/_2$ milljón króna. Af þeirri upphæð skal ríkissjóður leggja fram $1^1/_2$ milljón króna, en viðbótarinnar skal aflað með hlutafjársöfnun innanlands samkvæmt opinberu útboði, þegar fulltrúaráð bankans ákveður, að fengnu samþykki fjármálaráðherra. Fé það, er ríkissjóður leggur fram samkvæmt grein þessari, er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

c. 3. gr.

Heimili bankans, aðalskrifstofa og varnarþing skal vera í Reykjavík. Auk þess getur bankinn haft útibú og umboðsskrifstofur á þeim stöðum, er bankastjórar og fulltrúaráð telja þörf á.

d. 4. gr.

Bankanum skal heimilt að taka við peningum sem innlán eða með sparisjóðskjörum eða á hlaupareikning, að kaupa og selja víxla og ávísanir, að veita lán gegn tryggingum og að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

e. 5. gr.

Bankinn skal eiga a. m. k. sem svarar 10% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, verðbréfum Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í 20%, ef fjármálaráðherra að fengnum tillögum fulltrúaráðs bankans, telur þess þörf.

f. 6. gr.

Aðalfundur hluthafa félagsins kýs fimm manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu, en fulltrúaráðið ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra, laun

og ráðningarkjör. Í reglugerð bankans skulu settar reglur um skyldur og störf fulltrúaráðs, en fulltrúaráðið setur bankastjórunum erindisbréf. Fjármálaráðherra kallar saman fyrsta aðalfund hlutafélagsins.

g. 7. gr.

Á hluthafafundum félagsins skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkissjóðs snertir.

h. 8. gr.

Á fyrsta hluthafafundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Samþykktir félagsins og reglugerð bankans skulu liggja undir samþykki fjármálaráðherra. Í samþykktum og í reglugerð má setja nánari ákvæði um félagið og um bankann, og skulu þar á meðal vera ákvæði um endurskoðun á reikningum bankans.

i. 9. gr.

Hlutafélagið skal njóta sömu sérréttinda og Landsbankanum eru veitt í 50., 52. og 55.—58. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928.

II. KAFLI.

Um Fiskiveiðasjóð.

j. 10. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að gera samning við Sjávarútvegsbanka Íslands h/f um það, að bankinn taki að sér stjórn og starfrækslu Fiskiveiðasjóðs Íslands, þannig að sjóðurinn verði sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu, og fari að öðru leyti um sjóðinn eftir þeim reglum, er um hann eru settar í lögum þeim og reglugerðum, er um hann gilda.

III. KAFLI.

Um Íslandsbanka.

k. 11. gr.

Ríkissjóður leggur Íslandsbanka 3 milljónir króna sem forgangshlutafé, og greiðist fé þetta af núverandi skuld Íslandsbanka við ríkissjóð (enska láninu).

l. 12. gr.

Hlutafjárframlag ríkissjóðs, það er ræðir um í 11. gr., er bundið eftirfarandi skilyrðum:

a. að lagt verði fram að minnsta kosti $1^1/_2$ millj. króna forgangshlutafé með hlutafjársöfnun innanlands af öðrum en aðalskuldheimtumönnum bankans. Samþykki fjármálaráðherra þarf til þess, að þetta forgangshlutafé megi fara fram úr 2 millj. kr.
b. að hagkvæmir samningar fáist við aðalskuldheimtumenn Íslandsbanka erlendis um greiðslu núverandi skulda bankans til þeirra, þannig að eigi minna en $4^1/_2$ millj. af þeim skuldum verði annaðhvort forgangshlutafé í bankanum eða gangi næst forgangshlutafénu um áhættu.

m. 13. gr.

Núverandi hlutafé Íslandsbanka skal afskrifað sem tapað og hlutabréf fyrir því felld úr gildi.

n. 14. gr.

Þegar skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 12. gr., hefir, að dómi fjármálaráðherra, verið fullnægt, skal Íslandsbanki renna inn í Sjávarútvegsbanka Íslands h/f og hætta að vera til sem sjálfstæð stofnun. Tekur þá Sjávarútvegsbanki Íslands h/f við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Íslandsbanka og kemur að þessu leyti í hans stað.

o. 15. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að leysa Sjávarútvegsbanka Íslands h/f undan greiðsluskyldu á innlánsfé og öðru innstæðufé Íslandsbanka, sem inni stóð í bankanum 3. febr. 1930, þannig að taki til innstæðufjárins alls eða tiltekins hundraðshluta af því, um tiltekinn tíma, og þó eigi lengur en til 6 mánaða í senn.

p. . 16. gr.

Þegar ákvæði 14. gr. koma til framkvæmdar, bætist forgangshlutafé í Íslandsbanka, sem getið er um í 11. og 12. gr., við hlutaféð í Sjávarútvegsbanka Íslands h/f sem almennt hlutafé samkv. 2. gr.

Um rétt þessa hlutafjár til arðs og atkvæðamagns fer eftir því tapi, sem á búi Íslandsbanka verður, og setur fjármálaráðherra um þetta nánari reglur, að fengnum tillögum fulltrúaráðs Sjávarútvegsbanka Íslands h/f.

Seðla Íslandsbanka, sem í umferð eru, skal þá og draga inn.

Um ráðstafanir á gullforða bankans og um endurkaup Landsbankans á viðskiptavíxlum fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt um endurkaup víxla í sambandi við seðlainndrátt Íslandsbanka. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innköllun seðlanna.

II. IV. KAFLI.

Akvæði til vara.

1. gr. verði 17. gr. og 1. málsgr. orðist svo:
Verði skilyrðum þeim, sem getið er í 12. gr., eigi fullnægt innan þess

tíma, sem fjármálaráðherra ákveður, skal bú Íslandsbanka tekið til skiptameðferðar.

III. Greinatala breytist eftir þessu.

IV. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
Frumvarp til laga um Sjávarútvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

Nd. 217. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Dalvík.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið ásátt um afgreiðslu máls þessa.

Tveir nefndarmanna (ÁÁ og SvÓ) vilja afgreiða öll 3 frv., sem fyrir nefndinni liggja og öll fjalla um fjárveitingar og ábyrgðarheimildir á þeim stöðum, sem ekki hafa enn notið neins stuðnings frá ríkinu til hafnarmannvirkja, með dagskrá til stjórnarinnar. Sú afgreiðsla myndi að hyggju minni hl. alveg taka fyrir framkvæmdir, að minnsta kosti í bili, á þeim nauðsynlegu umbótum, sem hér er fram á farið. Einn nefndarmanna (SÁÓ) vill ekki greiða atkvæði um afgreiðslu þess máls, er hér liggur fyrir, að svo stöddu, en minni hl. vill leggja það til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Á eftir orðunum: »Veitast úr ríkissjóði $^3/_5$ kostnaðar« komi: eftir áætlun, sem ríkisstjórnin samþykkir, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Alþingi, 4. marz 1930.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Ólafur Thors.

Nd. 218. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um mál þetta. Tveir nefndarmanna (ÁÁ og SvÓ) vilja afgreiða hafnarmálin með dagskrá til stjórnarinnar,

einn nefndarmanna (SÁÓ) neitar að taka ákvörðun um málið að svo stöddu, en undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, en 2 af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 4 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 3 nefndarmanna skulu eiga heima í Akraneskauptúni eða í nágrenni þess.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 4. marz 1930.

Ólafur Thors, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 219. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt sátt um mál þetta. Tveir nefndarmanna (ÁÁ og SvÓ) vilja afgreiða hafnarmálin með dagskrá til stjórnarinnar, einn nefndarmanna (SÁÓ) neitar að taka ákvörðun um málið að svo stöddu, en undirritaðir leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 4. marz 1930.

Ólafur Thors, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 220. Breytingartillaga

við breytingartillögur á þskj. 216 [Íslandsbanki].

Frá fjármálaráðherra.

Við II. Meginmál tillögunnar orðist svo:

1. gr. frv. verði 17. gr. og orðist svo:

Verði skilyrðum þeim, sem getið er í 12. gr., eigi fullnægt innan þess

tíma, sem fjármálaráðherra ákveður, skal bú Íslandsbanka tekið til skiptameðferðar.

Skiptin framkvæmir skilanefnd þriggja manna, er fjármálaráðherra skipar, og taka þau til meðferðar á bankabúinu frá lokunardegi bankans 3. febr. 1930.

Nd. 221. Þingsályktun

um björgunar- og eftirlitsskip við Vestmannaeyjar.

(Afgreidd frá Nd. 4. marz).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá um það, að björgunar- og eftirlitsstarfinu við Vestmannaeyjar verði af hálfu ríkisins haldið áfram framvegis með ekki lakari skilyrðum fyrir Vestmannaeyjar en áður og að til þess verði notað engu ófullkomnara skip en »Þór« var.

Ed. 222. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er öll sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Erlingur Friðjónsson, form. og frsm. Ingvar Pálmason, fundaskrifari. Halldór Steinsson.

Nd. 223. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36, 7. maí 1928 [Gengisviðauki].

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Í stað »til ársloka 1930« í 1. gr. laganna komi: til ársloka 1932.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk fjármálaráðherra og fylgdi því svo hljóðandi rökstuðningur:

Gengisviðaukinn fellur úr gildi við næstu áramót. Nú er það augljóst, að ríkissjóður má ekki missa þann tekjuauka, sem gengisviðaukinn gefur. Milliþinganefndinni í skatta- og tollamálum hefir ekki unnizt tími til að gera tillögur um þessa grein tollamálanna, og því er með þessu frv. farið fram á bráðabirgðaúrlausn á þessu atriði.

Ed. 224. Frumvarp

til laga um greiðslu verkkaups.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnum við verzlanir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á skipum, sem á fiskiveiðar ganga, síldveiðar eða hvalveiðar, hvort sem eru seglskip, mótorbátar eða gufuskip, nema verkkaupið sé hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglaunamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir, og má eigi greiða kaupið með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið.

Sama er og, ef verk er unnið í ákvæðisvinnu við einhverja þessa atvinnugrein.

2. gr.

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi við verksmiðjur, verzlanir, byggingar, ístöku og útgerð og ennfremur við fermingu og affermingu skipa og báta, svo og iðnaðarmönnum, er vinna hjá öðrum að iðn sinni, skal greitt út verkkaupið vikulega að minnsta kosti, nema öðruvísi sé um samið.

Ákvæði um þetta nær þó ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

3. gr.

Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 2. gr. fyrstu málsgr., í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt út að minnsta kosti vikulega, ef verkinu, sem kauptaxtinn eða umsamin upphæð verkkaups miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sé ekki öðruvísi um samið, þegar verkinu er lokið.

Sama gildir um iðnaðarmenn, er taka að sér verk og vinna það fyrir ákveðið kaup eða taka að sér verk í ákvæðisvinnu, ef iðnaðarmaður vinnur verkið einn eða með venzlamönnum sínum, með atvinnufélaga eða með nemendum, er hann hefir tekið til iðnnáms.

4. gr.

Heimilt er verkafólki og iðnaðarmönnum að krefjast þess, að mál út af greiðslu verkkaups samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvarnarþing annarsstaðar.

Réttargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups, og lög um viðauka við þau lög, nr. 55, 31. maí 1927.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed.

225. Breytingartillögur

við breytingartillögur á þskj. 216 [Íslandsbanki].

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar og einstökum nefndarmönnum.

1. Við 1. gr. (Frá BK og JÞ).
   Fyrir »Sjávarútvegsbanki« komi: Verzlunar- og útvegsbanki.
   Til vara:
   Fyrir »Sjávarútvegsbanki« komi: Útvegsbanki.
   Heiti bankans breytist á öðrum stöðum í frv. samkvæmt atkvæðagreiðslu.
2. Við 2. gr. (Frá BK og JÞ).
   Aftan við 1. málsgr. bætist: sbr. þó 11. og 12. gr., ef til kemur.
3. Við 5. gr. (Frá meiri hluta nefndarinnar).
   Fyrir »20 %« komi: allt að 20 %.
4. Við 6. gr. (Frá meiri hl. nefndarinnar).
   Aftan við greinina bætist: Jafnskjótt og fullnægt er skilyrðum þeim, er ræðir um í 12. gr., sbr. 14. gr., eða liðinn er sá tími, sem fjármálaráðherra hefir ákveðið samkvæmt 17. gr. til uppfyllingar þeim skilyrðum.
5. Við 8. gr. (Frá meiri hl. nefndarinnar).
   Fyrir »hluthafafundi« komi: aðalfundi.
6. Við 12. gr. (Frá meiri hl. nefndarinnar).
   a. Fyrir »aðalskuldheimtumönnum«, »aðalskuldheimtumenn« komi: aðallánardrottnum, aðallánardrottna.
   b. Aftan við b-lið greinarinnar bætist: Af þessari upphæð fari þó forgangshlutafé ekki fram úr $1^1/_4$ millj. kr.

7. Við 13. gr. (Frá BK og JÞ).

Greinina skal orða svo:

Núverandi hlutafé Íslandsbanka skal fært niður í sannvirði með mati. Við framkvæmd matsins skal fara eftir reglunum í lögum nr. 61, 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms, þó þannig, að eigi skulu matsmenn birta nöfn viðskiptamanna bankans, og að sérstakt yfirmat samkvæmt ákvæðum laganna fari fram, ef matsgerð verður áfrýjað. Matið skal miða við hag bankans 3. febr. 1930. Frá því lög þessi öðlast gildi og þar til mati er endanlega lokið fellur niður réttur núverandi hluthafa í Íslandsbanka til þess að eiga hlutdeild í ráðstöfunum, er hann snerta.

Til vara:

Núverandi hlutabréf í Íslandsbanka skal ríkisstjórnin taka eignarnámi handa ríkissjóði frá 3. febr. 1930 að telja. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir ákvæðum laga nr. 61, 14. nóv. 1917, þó þannig, að eigi skulu matsmenn birta nöfn viðskiptamanna bankans, og að sérstakt yfirmat samkvæmt ákvæðum laganna fari fram, ef matsgerð verður áfrýjað. Um leið og lög þessi ganga í gildi fellur niður réttur núverandi hluthafa í Íslandsbanka til þess að eiga hlutdeild í ráðstöfunum, er hann snerta.

8. Við 15. gr. (Frá meiri hl. nefndarinnar).

Greinin falli burt.

9. Við 16. gr. (Frá BK og JÞ).

a. Aftan við fyrstu málsgrein bætist: með fullum hlutafjárréttindum, einnig á fyrsta aðalfundi samkv. 6. gr.

b. Önnur málsgrein falli burt.

10. Við 16. gr. (Frá meiri hl. nefndarinnar).

Í staðinn fyrir »fer eftir . . . seðlainndrátt Íslandsbanka« í síðustu málsgr. komi: Íslandsbanka fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt.

Nd. 226. Nefndarálit

um frv. til laga um sveitabanka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta hefir gengið í gegnum hv. Ed., og hefir nefndin athugað það á nokkrum fundum, fengið bankastjóra Búnaðarbankans til viðtals o. s. frv.

Aðalverkefni sveitabanka er að veita lán til búrekstrar, og nefndin lítur svo á, að það verði að tryggja það sem bezt, að eigi safnist skuldir frá ári til árs við þær stofnanir. Hnígur fyrsta brtt. nefndarinnar að því, að mynda nokkuð meira aðhald í þeim efnum.

Í Ed. var gerð breyting á frv. stjórnarinnar, er verður til þess að draga úr tryggingu lausafjárveðs.

Samkvæmt eindregnum tillögum bankastjóra Búnaðarbankans vill nefndin færa þetta í hið upphaflega horf. Nefndinni virðist rétt, að sveitabankar geti hafið starfsemi sína sem fyrst, og leggur því til, að lögin gangi í gildi þegar þau verða staðfest.

Nefndin leggur því til, að hv. deild samþykki frv. með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

1. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Lán sveitabanka veitast gegn víxlum, skuldabréfum eða í reikningslánsviðskiptum.
   Víxillán veitast eigi til lengri tíma en 6 mánaða og eigi framlengd lengur en svo, að þau séu að fullu greidd á gjalddaga þeim, sem ákveðinn er í samþykktum félagsins. Reikningslán má veita til 1 árs í senn, er greiðist þá að fullu ásamt ákveðnum vöxtum.
   Hver félagsmaður sé skuldlaus einu sinni á ári, á gjalddaga félagsins. Víkja skal manni úr lánsfélaginu, sem ekki stendur í skilum við félagið. Þó getur félagsstjórn gert undantekning frá þessum ákvæðum, ef sérstaklega stendur á.
   Lánsfélag, sem ekki stendur í skilum við lánsstofnun, má svipta rekstrarláni næsta ár, eða lengur, ef miklar sakir eru.
2. Við 14. gr. Á eftir fyrstu málsgrein komi ný málsgrein, er hljóðar svo:
   Lausafjárveð sveitabanka víkur aðeins fyrir forgangskröfum samkv. 82. gr. skiptalaga, nr. 3, 12. apríl 1878.
3. Aftan við frv. bætist ný grein, þannig hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 4. marz 1930.

Lárus Helgason, form.	Jón Sigurðsson, fundaskrifari.	Þorleifur Jónsson, frsm.

Bernh. Stefánsson. Einar Jónsson.

Ed. 227. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þingskjali 216 *[Íslandsbanki]*.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við a. Í stað: »Sjávarútvegsbanki Íslands h/f« í 1. gr. komi: Útvegsbanki h/f. Nafnið breytist annarsstaðar í breytingartillögunum samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Nd. **228. Frumvarp**

til laga um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Um Útvegsbanka Íslands h/f.

1. gr.

Stofna skal hlutafélag, er heita skal Útvegsbanki Íslands h/f og hafa skal það verkefni að starfrækja banka, er sérstaklega skal styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna.

2. gr.

Hlutafé félagsins skal nema allt að $2^1/_2$ milljón króna. Af þeirri upphæð skal ríkissjóður leggja fram $1^1/_2$ milljón króna, en viðbótarinnar skal aflað með hlutafjársöfnun innanlands samkvæmt opinberu útboði, þegar fulltrúaráð bankans ákveður, að fengnu samþykki fjármálaráðherra. Fé það, er ríkissjóður leggur fram samkvæmt grein þessari, er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

3. gr.

Heimili bankans, aðalskrifstofa og varnarþing skal vera í Reykjavík. Auk þess getur bankinn haft útibú og umboðsskrifstofur á þeim stöðum, er bankastjórar og fulltrúaráð telja þörf á.

4. gr.

Bankanum skal heimilt að taka við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum eða á hlaupareikning, að kaupa og selja víxla og ávísanir, að veita lán gegn tryggingum og að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

5. gr.

Bankinn skal eiga a. m. k. sem svarar 10% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, verðbréfum Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef fjármálaráðherra, að fengnum tillögum fulltrúaráðs bankans, telur þess þörf.

6. gr.

Aðalfundur hluthafa félagsins kýs fimm manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu, en fulltrúaráðið ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra, laun og ráðningarkjör. Í reglugerð bankans skulu settar reglur um skyldur og störf fulltrúaráðs, en fulltrúaráðið setur bankastjórunum erindisbréf. Fjármálaráð-

herra kallar saman fyrsta aðalfund hlutafélagsins jafnskjótt og fullnægt er skilyrðum þeim, er ræðir um í 12. gr., sbr. 14. gr., eða liðinn er sá tími, sem fjármálaráðherra hefir ákveðið samkvæmt 16. gr. til uppfyllingar þeim skilyrðum.

7. gr.

Á hluthafafundum félagsins skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkissjóðs snertir.

8. gr.

Á fyrsta aðalfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Samþykktir félagsins og reglugerð bankans skulu liggja undir samþykki fjármálaráðherra. Í samþykktum og í reglugerð má setja nánari ákvæði um félagið og um bankann, og skulu þar á meðal vera ákvæði um endurskoðun á reikningum bankans.

9. gr.

Hlutafélagið skal njóta sömu sérréttinda og Landsbankanum eru veitt í 50., 52. og 55.—58. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928.

II. KAFLI.

Um Fiskiveiðasjóð.

10. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að gera samning við Útvegsbanka Íslands h/f um það, að bankinn taki að sér stjórn og starfrækslu Fiskiveiðasjóðs Íslands, þannig að sjóðurinn verði sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu, og fari að öðru leyti um sjóðinn eftir þeim reglum, er um hann eru settar í lögum þeim og reglugerðum, er um hann gilda.

III. KAFLI.

Um Íslandsbanka.

11. gr.

Ríkissjóður leggur Íslandsbanka 3 milljónir króna sem forgangshlutafé, og greiðist fé þetta af núverandi skuld Íslandsbanka við ríkissjóð (enska láninu).

12. gr.

Hlutafjárframlag ríkissjóðs, það er ræðir um í 11. gr., er bundið eftirfarandi skilyrðum:

a. að lagt verði fram að minnsta kosti 1½ millj. króna forgangshlutafé með hlutafjársöfnun innanlands af öðrum en aðallánardrottnum bankans. Samþykki fjármálaráðherra þarf til þess, að þetta forgangshlutafé megi fara fram úr 2 millj. kr.
b. að hagkvæmir samningar fáist við aðallánardrottna Íslandsbanka erlendis um greiðslu núverandi skulda bankans til þeirra, þannig að eigi minna en 4½ millj. af þeim skuldum verði annaðhvort forgangshlutafé í bankanum eða gangi næst forgangshlutafénu um áhættu. Af þessari upphæð fari þó forgangshlutafé ekki fram úr 1¼ millj. kr.

13. gr.

Núverandi hlutafé Íslandsbanka skal afskrifað sem tapað og hlutabréf fyrir því felld úr gildi.

14. gr.

Þegar skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 12. gr., hefir, að dómi fjármálaráðherra, verið fullnægt, skal Íslandsbanki renna inn í Útvegsbanka Íslands h/f og hætta að vera til sem sjálfstæð stofnun. Tekur þá Útvegsbanki Íslands h/f við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Íslandsbanka og kemur að þessu leyti í hans stað.

15. gr.

Þegar ákvæði 14. gr. koma til framkvæmdar, bætist forgangshlutafé í Íslandsbanka, sem getið er um í 11. og 12. gr., við hlutaféð í Útvegsbanka Íslands h/f sem almennt hlutafé samkv. 2. gr.

Seðla Íslandsbanka, sem í umferð eru, skal þá og draga inn.

Um ráðstafanir á gullforða bankans og um endurkaup Landsbankans á viðskiptavíxlum Íslandsbanka fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innköllun seðlanna.

IV. KAFLI.

Ákvæði til vara.

16. gr.

Verði skilyrðum þeim, er getið er í 12. gr., eigi fullnægt innan þess tíma, sem fjármálaráðherra ákveður, skal bú Íslandsbanka tekið til skiptameðferðar.

Skiptin framkvæmir skilanefnd þriggja manna, er fjármálaráðherra skipar, og taka þau til meðferðar á bankabúinu frá lokunardegi bankans 3. febrúar 1930.

17. gr.

Meðan skiptin standa yfir, má hvorki taka til greina neina kröfu um gjaldþrotaskipti í búi bankans né leggja lögbald eða löggeymslu á eignir hans, eða gera í þeim fjárnám eða aðra fullnustugerð.

18. gr.

Við skiptin skal farið eftir reglum þeim, er gilda við gjaldþrotaskipti um skuldajöfnuð, um ógildingu gerninga, fjárnáms eða löggeymslu og um skuldaröð. Öðrum ákvæðum skiptalaganna og laganna um gjaldþrotaskipti, þeim er eigi lúta að sjálfri skiptaaðferðinni, skal og beitt, eftir því sem unnt er.

19. gr.

Skilanefnd skal heimilt að taka lán til að greiða með afborganir til skuldheimtumanna bankans, enda verði þeir, er lán þessi veita, forgangskröfuhafar í búinu, samkv. 82. gr. skiptalaganna.

20. gr.

Ríkissjóður tekur ábyrgð á seðlum bankans, þeim er í umferð eru við upphaf skiptameðferðarinnar. Frá þeim tíma má bankinn eigi gefa út nýja seðla. Ákvæði þetta haggar í engu ábyrgð bankans á seðlunum gagnvart handhöfum þeirra og ríkissjóði.

21. gr.

Fjármálaráðherra skal heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptameðferðina, m. a. um reikningsskil, endurskoðun, innlausn seðla og hluthafafundi. Endurskoðunina framkvæma tveir endurskoðendur, er fjármálaráðherra skipar.

Í reglugerð þessari er fjármálaráðherra heimilt að víkja frá lagafyrirmælum um bankann, sem eldri eru en lög þessi, að svo miklu leyti, sem þörf krefur.

Reglugerð bankans gildir eigi meðan á skiptunum stendur.

22. gr.

Kostnaður allur við skiptin, þar á meðal laun skilanefndarmanna og endurskoðenda, greiðist sem forgangsskuld, samkv. 82. gr. skiptalaganna, af eignum búsins.

23. gr.

Fjármálaráðherra getur leyft, að skjöl, sem gefin eru út um lán gegn tryggingu í kröfum á hendur bankanum, séu stimpilfrjáls að meira eða minna leyti.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **229. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 5. gr. 3. Nýir liðir:
   a. Tekjur Menningarsjóðs 15000
   b. Skemmtanaskattur 75000
2. — 11. — A. 2. (Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra).
   Fyrir »132500« kemur 150000
3. — 11. — A. 4. a. (Laun 2 fulltrúa og 3 skrifara).
   Fyrir »22000« kemur 25000
4. — 11. — A. 4. c. (Ýms gjöld).
   a. Fyrir »2400« kemur 5000
   b. Nýr liður:
      Til samningar spjaldskrár yfir afsals- og veðmálabækur 3000
5. — 12. — 3. (Styrkur til læknisvitjana).
   Eftir 20. lið kemur:
   Sé héraðið læknislaust.
6. — 12. gr. 5. Nýir liðir:
   a. Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík 1000
   b. Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík 1000
      Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hvor um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.
   c. Til Jóns Kristjánssonar nuddlæknis í Reykjavík. . 1200
      enda veiti hann fátæku fólki ókeypis lækningu í nuddlækningastofu sinni, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um þær lækningar.
7. — 12. — 8. (Utanferðir héraðslækna).
   Fyrir »2000« kemur 3000
8. — 12. — 10. I. B. 2. Nýr liður:
   Matvæli 32000
9. — 12. — 13. n. (Halldór Arnórsson).
   Fyrir »2000« kemur 2200
10. — 13. — B. II. a. 1. (Kiósarvegur).
   Fyrir »15000« kemur 20000

11. Við 13. gr. B. II. a. 4. (Vesturlandsvegur).
Fyrir »40000« kemur 35000
12. — 13. — B. II. a. 6. (Vatnsskarðsvegur).
Fyrir »20000« kemur 15000
13. — 13. — B. II. a. 7. (Blönduhlíðarvegur).
Fyrir »20000« kemur 25000
14. — 13. — B II. a. 12. (Biskupstungnabraut).
Fyrir »15000« kemur 20000
15. — 13. — B. XII. Nýr liður:
Til byggingar útihúsa í Fornahvammi 8000
16. — 13. — D. II. (Einkasímar í sveitum).
Fyrir »20000« kemur 30000
17. — 13. — D. III. (Nýjar símalagningar).
a. Fyrir »150000« kemur 100000
b. Nýr liður:
Til kaupa fjölsímatækja, Reykjavík—Akureyri, fyrri greiðsla 75000
18. — 13. — D. IV. 2. (Aðalskrifstofa landssímanna).
Fyrir »18000« kemur 20000
19. — 13. — D. IV. 5. (Bæjarsíminn í Reykjavík).
Fyrir »390000« kemur 250000
20. — 13. — D. IV. 16. (Afborgun og vextir).
Liðurinn orðist svo:
Afborgun og vextir af láni til L. M. Eriksen o. fl. 141000
21. — 13. — D. IV. 17. b. (Símritarar).
Fyrir »9500« kemur 14000
22. — 13. — E. V. (Nýir vitar).
Fyrir »50000« kemur 80000
23. — 13. — E. VII. (Ýmislegt).
Fyrir »20000« kemur 30000
24. — 13. — E. VIII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
Fyrir »20000« kemur 91000
25. — 14. — A. a. 1. (Laun biskups).
Fyrir »8600« kemur 8800
26. — 14. — A. b. 6. Nýr liður:
Til byggingar Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, fyrsta greiðsla af þremur 3000
27. — 14. — B. I. c Nýr liður:
Til kennslu í söng 1000
28. — 14. — B. I. h. Nýr stafliður:
Til N. Dungals dócents, fyrir forstöðu rannsóknarstofu háskólans 5000
enda renni allar tekjur af rannsóknunum til ríkissjóðs.
29. — 14. — B. I. n. Nýr liður:
Til stúdentagarðs (endurveiting) 25000

30. Við 14. gr. B. II. b. (Námsst. samkv. ákvörðun menntamálaráðs).
Fyrir »10000« kemur 12000
31. — 14. — B. VI. b. 3. Nýr töluliður:
Til áhaldakaupa 10000
32. — 14. — B. IX. e. (Verklegt framhaldsnám).
Fyrir »4000« kemur 5000
Þar af 1000 kr. til Jóns Sigurðssonar, til þess að nema nýjustu aðferðir við byggingar úr járnbentri steinsteypu.
33. — 14. — B. XII. 1. b. (Rekstrarkostn. kvennaskólans í Rvík).
Fyrir »18000« kemur 21000
34. — 14. — B. XII. 2. a. (Rekstrarkostn. kvennask. á Blönduósi).
Fyrir »12000« kemur 14000
35. — 14. — B. XIV. 1. Nýr liður:
Til gagnfræðaskóla í Reykjavík 3000
36. — 14. — B. XV. 1.
a. Nýr liður:
Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað 5000
b. Athugasemd sú, sem stendur við tölul. 1, færist aftur fyrir þennan lið og eigi við báða liðina.
37. — 14. — B. XV. 3. (Kvennfél. Ósk).
Fyrir »5000« kemur 6000
38. — 14. — B. XV. 4. (Sigrún P. Blöndal).
Liðurinn fellur burt.
39. — 14. — B. XX. Nýr liður:
Til Íþróttasambands Íslands 6000
40. — 15. — 3. e. Nýr liður:
Til Hóladómkirkju, til endurbóta 1000
41. — 15. — 15. Nýir liðir:
a. Til Sigurðar Skúlasonar, til þess að halda áfram rannsóknum í menningarsögu þjóðarinnar 800
b. Til Benedikts Björnssonar skólastjóra, til ritstarfa . 1500
c. Til Margeirs Jónssonar, til fræðistarfa, er snerta mál og menningarsögu Íslands 1000
d. Til Odds Oddssonar, til ritstarfa um íslenzka þjóðhætti 1000
42. — 15. — 29. (Sighvatur Borgfirðingur).
Liðurinn fellur niður.
43. — 15. — 33. Nýir liðir:
a. Til Menningarsjóðs (sbr. tekjul. 5. gr. 4.) 15000
b. Til þjóðleikhúss (sbr. tekjul. 5. gr. 5.) 75000
44. — 16. — 1. (Búnaðarfélag Íslands).
Fyrir »240000« kemur 250000
45. — 16. — 3. (Sandgræðsla).
Fyrir »30000« kemur 40000

46 Við 16. gr. 8. (Raforkuveitur til almenningsþarfa).
Fyrir »10000« kemur 15000
47. — 16. — 10. b. (Skóggræðsla).
a. Fyrir »10000« kemur 16000
b. Nýr liður:
Til Hákonar Á. Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms 1200
48. — 16. — 23. Nýr liður:
Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, kr. 1,50 fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún framleiðir, allt að 6000
49. — 16. — 25. Nýr liður:
Til Guðmundar Einarssonar myndhöggvara, til þess að setja upp leirbrennsluverksmiðju 5000
50. — 17. — 13. Nýir liðir:
a. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps 300
b. Til sjúkrasjóðs Hofshrepps 400
c. Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Framsóknar í Reykjavík 500
d. Til sjúkrasjóðs Félags járnsmiðanema í Reykjavík 200
e. Til styrktarsjóðs sjómannafélags Vestmannaeyja . . 500
f. Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins Drífanda í Vestmannaeyjum 500
51. — 18. — II. b. 25. Nýr liður:
Til Hrefnu Einarsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með 1 barni í ómegð 700
52. — 18. — II. c. 9. Nýir liðir:
a. Til Þórðar Ólafssonar 370
b. Til Páls Stephensens 355
53. — 18. — II. c. 10. (Jens V. Hjaltalín).
Liðurinn falli niður.
54. — 18. — II. d. 12. (Kristín Sveinbjarnardóttir).
Liðurinn fellur niður.
55. — 18. — II. d. 31. Nýr liður:
Til Kamillu Briem 170,57
56. — 18. — II. e. 14. Nýr liður:
Til Ástu Magnúsdóttur kennaraekkju 200
57. — 18. — II. f. 3. (Hallgrímur Kráksson).
Liðurinn fellur niður.
58. — 18. — II. i. 7. Nýr liður:
Til Oddnýjar Guðmundsdóttur jubilljósmóður . . . 500
59. — 18. — II. i. 23. Nýir liðir:
a. Til Margrétar Jónsdóttur ljósmóður 200
b. Til Guðrúnar Jónasdóttur ljósmóður 200

60. Við 18. gr. II. i. 52. Nýr liður:
Til Susie Briem, ekkju Halldórs Briems 300

61. — 23. —
a. Orðin »og Birni Sigurðssyni« til enda greinarinnar falla niður.
b. Ný málsgrein:
Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

Ed. 230. Lög

um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 6. marz).

1. gr.

Stafliður e. í 9. gr. nefndra laga orðist svo:

Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimafræðslu hafa í árslaun 500 kr., auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur.

2. gr.

Í stað síðari málsliðar fyrri málsgreinar 11. gr. kemur:

Helmingur þeirra launa, sem talin eru í d-lið sömu greinar, greiðist af ríkisfé, en helmingur úr sveitarsjóði. Til farkennaralauna samkvæmt e-lið greiðast úr ríkissjóði 350 kr., en úr sveitarsjóði 150 kr., auk þeirra hlunninda, sem farkennarar njóta.

3. gr.

Stafliður d. í 12. gr. orðist svo:

Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimafræðslu 60 kr. 3. hvert ár upp að 300 kr.

4. gr.

Laun farkennara greiðast í fyrsta sinn eftir þessum lögum fyrir skólaárið 1929 til 1930.

Ed. 231. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um húsrúm fyrir listaverk landsins.

Frá Ingibjörgu H. Bjarnason.

Hvað hefir ríkisstjórnin aðhafzt í tilefni af ályktun þeirri um húsrúm fyrir listaverk landsins, sem samþykkt var í Ed. 11. maí f. á.?

Ed. **232. Frumvarp**

til laga um breyting á áfengislögum, nr. 64, 7. maí 1928.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist:

Heimilt er að ákveða í reglum þessum, að brot gegn þeim varði sektum, frá 100 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir lögum þessum.

2. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld o. s. frv.

3. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist þriðja málsgr., svo hljóðandi:

Hver, sem aflar sér áfengis undir því yfirskini, að hann þurfi á því að halda í lögleyfðum tilgangi, en notar það til nautnar, skal sæta sektum.

4. gr.

a. Fyrsta málsgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Láti læknir af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, hvort heldur er handa mönnum eða dýrum, án þess að hafa gengið úr skugga um það með rannsókn, að áfengi sé nauðsynlegt til lækninga, eða hann misbeitir á annan veg lækningaleyfi sínu, til að útvega mönnum áfengi til neyzlu, eða hann brýtur reglur þær, er settar eru eða settar verða til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til nautna, heldur aðeins til lækninga, skal hann sæta refsingu samkvæmt 38. gr. þessara laga.

b. Síðasta málsgr. 21. gr. falli burt.

5. gr.

Fyrir orðin í 27. gr. laganna »auk sektar skal greiða 40 krónur á hvern lítra þess áfengis, er innflutt er« komi: Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, er innflutt er.

6. gr.

Fyrri málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn fyrri málsgr. 11. gr. eða gegn þeim reglum, er settar eru eða settar verða samkv. annari málsgr. sömu greinar, eða gegn þeim öðrum ákvæðum þessara laga, sem banna að veita, gefa, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna, varða sektum frá 500 til 5000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1000 til 10000 krónum.

7. gr.

Síðasta málsgr. 38. gr. laganna falli burt.

8. gr.

Fjórða málsgr. 45. gr. laganna orðist svo:

Brot á þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um meðferð vínanna, varða sektum samkvæmt þessum lögum, og má í reglunum kveða svo á, að refsa skuli fyrir hlutdeild í brotum á reglugerðarákvæðunum.

9. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra inn í meginmál áfengislaga, nr. 64, 7. maí 1928, og gefa þau út þannig breytt.

Nd. 233. Nefndarálit

um frv. til laga um Brunabótafélag Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Í 25. gr. í lögum um Brunabótafélag Íslands er gert ráð fyrir, að þegar félagið sé orðið svo stórt, að ársiðgjöld nemi meira en 75 þúsund kr., þá skal stjórnarráðið semja frv. til laga um breyting á stjórn þess, í þá átt, að skipað sé fulltrúaráð til að gæta hags sveitarfélaganna og vátryggjenda. En frv. þetta skal ekki lagt fyrir Alþingi fyrr en fengnar eru umsagnir sveitarstjórna.

Sjálfsagt þykir nú, að ákvæðum 25. gr. greindra laga sé fullnægt. En þar sem í því frv., sem hér liggur fyrir, er að ræða um allvíðtækar breytingar á lögunum, sem mjög snerta hagsmuni sveitarfélaganna, þá virðist oss, þó vér séum samþykkir ýmsum af þessum breytingum, að eðlilegast sé, að þar sem leita þarf umsagnar sveitarstjórna um breyting á stjórn félagsins, þá séu um leið fengnar umsagnir sveitarstjórnanna um breytingar þær, sem hér liggja fyrir.

Ef málinu væri hraðað, ætti að vera hægt að afgreiða breyting á lögunum á næsta þingi.

Samkvæmt þessu berum vér fram eftirfylgjandi rökstudda

DAGSKRÁ.

Í því trausti, að ríkisstjórnin taki upp í frv. það, sem hér liggur fyrir, breyting á stjórnarskipun brunabótafélagsins í þá átt, sem ræðir um í 25. gr. laga um Brunabótafélag Íslands, og sendi síðan sveitarstjórnunum til umsagnar

svo tímanlega, að frv., að fengnum umsögnum sveitarstjórnanna, geti orðið lagt fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. marz 1930.

Ólafur Thors,	Sig. Eggerz. frsm.	Héðinn Valdimarsson.

Nd. 234. Nefndarálit

um frv. til laga um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

Frá meiri hluta Íslandsbankanefndar.

Nefndin átti fund um málið þegar eftir að því hafði verið til hennar vísað. Athugaði hún frv., og kom fjármálaráðherra að því búnu á fundinn og lýsti því yfir, að frv. bæri að skilja þannig, að hinir nýju hluthafar í Íslandsbanka skuli þegar á fyrsta aðalfundi hafa sama rétt og eigandi eða eigendur hlutafjár þess, er ræðir um í 2. gr. frv.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú, að 3 nefndarmanna (SvÓ, ÓTh og MG) kváðust mundu eftir atvikum greiða atkvæði með frv. óbreyttu, þrátt fyrir nokkra óánægju með sum ákvæði. Einn nefndarmanna (HJ) áskildi sér rétt til að koma fram með brtt., en kvaðst þó ekki ganga gegn frv. óbreyttu. Héðinn Valdimarsson skilar sérstöku nál.

Alþingi, 6. marz 1930.

Sveinn Ólafsson, form.	Magnús Guðmundsson, frsm.	Hannes Jónsson, með fyrirvara.

Ólafur Thors.

Nd. 235. Nefndarálit

um frv. til laga um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

Frá minni hluta Íslandsbankanefndar.

Ég hefi eigi getað átt samleið með meiri hluta nefndarinnar um að leggja til, að frumvarp þetta verði samþykkt. Að vísu fæst framgengt með frumvarpinu, ef það verður að lögum, þeirri meginstefnu Alþýðuflokksins í bankamálinu, *að* stofnaður verði nýr, öflugur útvegsbanki, er hafi á hendi nauðsynleg bankavið-

skipti vegna sjávarútvegs, iðnaðar og verzlunar, hliðstæður Búnaðarbankanum, *að* tryggð séu yfirráð ríkisins yfir Útvegsbankanum, *að* hann taki að sér lífvænleg viðskipti Íslandsbanka, *að* bú Íslandsbanka verði tekið til skipta, nema því aðeins, að innieigendur þess banka, innlendir og erlendir, aðrir en Landsbanki Íslands, leggi fram 6—6 ½ millj. kr. hluta- og áhættufé, og af því sé 1 ½—3 ¼ millj. kr. hlutafé, *að* því aðeins taki hinn nýi Útvegsbanki Íslands h/f að sér bæði lífvænleg viðskipti Íslandsbanka og lán hans, þau er fyrirsjáanleg stór töp verða á, að þetta tryggingarfé fáist innan tilsetts tíma, enda verði eldra hlutafé Íslandsbanka fellt niður. En þótt í þessum og fleirum atriðum bankafrumvarpsins sé hallazt að stefnu A þýðuflokksins, er í einu meginatriði gengið í gegn henni. Mjög þungar byrðir eru lagðar á ríkissjóðinn og hinn nýja Útvegsbanka Íslands h/f með fjárframlögum og hlutfallslegri ábyrgð á töpum Íslandsbanka, langt fram yfir það, er nokkra nauðsyn bar til, og er það einungis gert til hagsbóta og í hlífðarskyni við ótryggða innieigendur í Íslandsbanka, innlenda og erlenda, sem nú komast hjá allri ábyrgð á töpum bankans, nema að nokkru leyti þeir, er leggja fram hlutafé, og þó er einnig þeim hlíft að miklu leyti.

Slíka löggjöf álít ég með öllu óverjandi, að fórna hagsmunum þjóðarinnar fyrir hagsmuni ótryggðra erlendra og innlendra lánardrottna bankans, með þeim sjálfsögðu afleiðingum, sem af því verða, annaðhvort með nýjum álögum á landsmenn til ríkissjóðs eða minnkuðum nauðsynlegum framkvæmdum af hálfu hins opinbera.

Nú er svo í pottinn búið um þetta mál, að það kemur aðeins til einnar umræðu í deildinni og með hálfs sólarhrings fyrirvara, svo að þingmönnum gefst lítill tími til athugunar á viðtækum breytingartillögum, þótt ég bæri þær fram, um að láta lánardrottna Íslandsbanka bera halla bankans, umfram það, er falla hlýtur á ríkissjóðinn íslenzka, hvernig svo sem fer um bankann, með því að fest væru í afskriftarsjóði handa honum 25% af innieignum ótryggðra innieigenda, þó með hlunnindum fyrir þá, er legðu fram hlutafé. Hinsvegar er víst, af áður gerðum malaumleitunum um samkomulag í þessum efnum, að það næðist ekki, en fullt samkomulag er komið á milli 2—3 flokka þingsins, annara en Alþýðuflokksins, um að láta þjóðinni og ríkissjóðnum heldur blæða fyrir ótryggða lánardrottna bankans heldur en breyta nokkru til um ákvæðin í III kafla frv., er fjalla um, að Íslandsbanki renni inn í Útvegsbankann. Tel ég því tilgangslaust að koma með breytingartillögur um sérstakar greinar þess kafla, en álít núverandi ákvæði svo mikinn höfuðgalla á frv., að óverjandi sé fyrir ríkissjóðinn að láta Útvegsbanka Íslands h/f taka við búi Íslandsbanka með slíkum skilmálum. Vil ég því leggja til, að felld verði niður öll ákvæði, er snerta samruna þennan, svo að bú Íslandsbanka komi til skipta, en Útvegsbankinn taki jafnframt til starfa og taki smámsaman við þeim einum viðskiptum Íslandsbanka, sem lífvænleg eru. Nái þetta ekki fram að ganga, get ég ekki greitt frv. atkvæði.

Legg ég því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við I. kafla, 6. gr. Orðin í síðustu málsgr. »og fullnægt er skilyrðum . . . uppfyllingar þeim skilyrðum« falli niður.
2. — III. kafla. 11., 12., 13., 14. og 15. gr. falli niður.
3. — IV. kafla, 16. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:
Bú Íslandsbanka skal tekið til skiptameðferðar.

Alþingi, 6. marz 1930.

Héðinn Valdimarsson.

Nd. 236. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sá fágæti atburður hefir í þessu máli gerzt, að minni hl. nefndarinnar (ÓTh og JJós) hefir gefið út álit um málið og tvö önnur hafnarlagafrv. (Dalvíkur og Akraness), er fyrir nefndinni hafa legið, áður en upplestur frv. hófst í nefndinni eða nokkur ákvörðun hafði verið tekin af hennar um meðferð þeirra.

Meiri hl. hefir því tekið öll þessi frv. upp til meðferðar að venjulegum hætti og komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt mundi að afgreiða þau öll á líkan veg, samræmd að efni og talsvert breytt.

Út af meðferð hafnarmála á undanförnum þingum vill meiri hl. benda á þá nauðsyn, sem orðin er á heildarlöggjöf um hafnarbyggingar, í líkingu við vegalög og brúa, og hvetja til þess að hún verði sett.

Engin föst regla hefir gilt um framlög ríkissjóðs til hafnargerða, né heldur um ábyrgðir á lánum hafnarsjóða. Hafa framlögin úr ríkissjóði numið $^1/_4$—$^2/_5$ aðalkostnaðar, en ábyrgðir tíðast verið veittar fyrir öllu framlagi hafnarsjóðanna, sem þá hefir verið að láni tekið. Engin ákvæði hafa til verið um fyrirfram tryggða getu hafnarsjóða eða héraða til framlaga, og afleiðingin er orðin sú, að ekki óverulegur hluti af framlögum hafnarsjóða hefir lent á ríkissjóði, vegna ábyrgða hans á lánum þeirra. En jafnframt þessu hafa hlaðizt á ríkissjóð lánaábyrgðir af þessum sökum, sem ekki verða taldar hættulausar fyrir lánstraust hans.

Óneitanlega kallar víða nauðsyn að um hafnarbætur, en þó engu síður um hitt, að ríkissjóður sé eigi ófyrirsynju dreginn inn í viðsjalar ábyrgðir og að héraðs- og hafnarsjóðir, sem hlut eiga að máli, geti valdið byrðum þeim, sem þeir taka að sér vegna hafnarbygginga, og fái eigi færi á að velta þeim yfir á ríkissjóð.

Meiri hl. vill — að því er kemur til framangreindra frv. — taka upp þá reglu, sem oftast hefir fylgt verið um framlög ríkissjóðs, og miða við 1/3 kostnaðar í stað 2/3, en jafnframt vill hann takmarka ábyrgð ríkissjóðs fyrir lánum hafnarsjóða og héraða til hafnarmannvirkja við 1/3 aðalkostnaðar og krefjast sannana af aðiljum fyrir því, að þeir, án atbeina eða ábyrgðar ríkissjóðs, geti þegar í upphafi lagt fram 1/3 kostnaðarins.

Með skírskotun til framantalinna ástæðna og í trausti þess, að hægt verði að koma fram á næsta þingi setningu heildarlaga um hafnargerðir, leggjum vér til, að samþykkt verði frv. á þskj. 26, um hafnargerð á Sauðárkróki, með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Til hafnargerðar á Sauðárkróki veitist úr ríkissjóði 1/3 kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 208 þús. kr., gegn 2/3 frá hafnarsjóði Sauðárkróks.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 208 þús. kr. láni, er hafnarsjóður Sauðárkróks kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð Skagafjarðarsýslu. Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð hans er bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, sem ríkisstjórnin samþykkir. Ennfremur skal sannað fyrir ríkisstjórninni áður framlag ríkissjóðs greiðist eða ábyrgð veitist, að full trygging sé fyrir greiðslu þess þriðjungs kostnaðar, sem hafnarsjóði Sauðárkróks er ætlað að leggja fram án ábyrgðar ríkissjóðs.

Alþingi, 7. marz 1930.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.	Ásg. Ásgeirsson, með fyrirvara.

Nd. 237. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Dalvík.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Um frv. þetta hefir í nefndinni farið svo sem segir á þskj. 236, að minni hl. hefir gefið út álit um málið áður en frv. var lesið yfir eða ákvörðun tekin af nefndarmönnum um meðferð þess, og leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Meiri hl. hefir við athugun málsins og samanburð við önnur hafnarlagafrv. komizt að þeirri niðurstöðu, að verulegar breytingar þurfi að gera á 1. og 2.

gr. frv., og vísast til ástæðna fyrir þeim á þskj. 236, um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Meiri hl. leggur því til, að frv. á þskj. 102, um hafnargerð á Dalvík, verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Til hafnargerðar á Dalvík veitist úr ríkissjóði $^1/_3$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 125 þús. kr., gegn $^2/_3$ kostnaðar frá hafnarsjóði Dalvíkur og Svarfdælahreppi.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 125 þús. kr. láni, er hafnarsjóður Dalvíkur og Svarfdælahreppur kunna að fá til hafnarbyggingarinnar, gegn ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð hans er bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, sem ríkisstjórnin samþykkir. Ennfremur skal sannað fyrir ríkisstjórninni, áður en framlag ríkissjóðs greiðist eða ábyrgð veitist, að full trygging sé fyrir greiðslu þess þriðjungs kostnaðar, sem hafnarsjóði Dalvíkur og Svarfdælahreppi er ætlað að leggja fram án ábyrgðar ríkissjóðs.

Alþingi, 7. marz 1930.

Sveinn Ólafsson,	Sigurjón Á. Ólafsson,	Ásg. Ásgeirsson,
form. og frsm.	fundaskrifari.	með fyrirvara.

Nd. 238. Frumvarp

til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Lárus Helgason.

1. gr.

Á undan 1. gr. komi fyrirsögn: I. kafli. Um útvarpsstöð.

2. gr.

2. gr. laganna falli niður. 3. gr. verði 2. gr.

3. gr.

4. gr. verði 3. gr. og orðist svo:

Atvinnumálaráðherra skipar fimm manna útvarpsráð til tveggja

ára. Ráðherra velur formann þess, einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands, einn af prestastefnu þjóðkirkjunnar, einn af fræðslumálanefnd (sbr. lög nr. 19 1928, 1. gr.), en hinn fimmti skal valinn meðal þriggja manna, er félag útvarpsnotenda tilnefnir, enda séu þá í því félagi fjórði hver þeirra manna, sem útvarpsnotendur eru taldir og greitt hafa lögmælt gjöld eftir lögum þessum; ella velur ráðherra einnig hinn fimmta mann í útvarpsráðið.

Skipun útvarpsráðs skal miða við 1. júlí.

4. gr.

Fyrri liður 5. gr. verður 4. gr. og orðist svo:

Útvarpsráðið hefir yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi útvarpsstöðvarinnar og ræður útvarpsefni, í samráði við útvarpsstjóra.

Þess skal stranglega gætt, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og að gætt verði fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum.

Ráðherra ákveður nánar um störf útvarpsráðs í reglugerð, svo og um þóknun fyrir störfin.

5. gr.

Seinni liður 5. gr. verði 5. gr. og orðist svo: Atvinnumálaráðherra skipar útvarpsstjóra með fullum árslaunum, að fengnum tillögum útvarpsráðs. Skal honum falið að annast allt, er lýtur að umsjón og rekstri útvarpsstöðvarinnar (sbr. þó 3. gr.) og hafa á hendi fjárreiður allar og reikningshald vegna stöðvarinnar og útvarpsins.

Atvinnumálaráðherra skipar ennfremur aðra starfsmenn við útvarpsstöðina, eftir því sem þörf krefur, og ákveður laun þeirra, að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

6. gr.

6. gr. orðist svo: Til þess að standa straum af rekstri útvarpsstöðvarinnar, skal greiða til hennar árlegt afnotagjald af hverju útvarpstæki í landinu. Atvinnumálaráðherra ákveður afnotagjaldið um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur stöðvarinnar, og skal hún send atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

7. gr.

7. gr. orðist svo: Eftir að lög þessi öðlast gildi og stöðin er tekin til starfa, má enginn nota viðtæki fyrir útvarp, nema tilkynnt sé útvarpsstöðinni og lögboðið gjald greitt af tækinu. Hvert það útvarpstæki, sem ekki hefir verið tilkynnt útvarpsstöðinni, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til stöðvarinnar.

8. gr.

8. gr. sem er ný grein, orðist svo: Útvarpsstöðin skal hafa sama rétt og landssíminn um nauðsynlegar lagnir vegna starfsemi sinnar um lönd manna og lóðir og byggingar. Óheimilt er öllum að leggja svo nýjar lagnir,

hvers kyns sem eru, að þær geti valdið baga eða óreglu á lögnum útvarpsstöðvarinnar, sem fyrir eru, eða tækjum, sem standa í sambandi við þær.

Atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi um þessi atriði.

9. gr.

9. gr. (ný grein) orðist svo: — Nú hafa einstakir menn, sveitarfélög eða bæjarfélög raflagnir, vélar eða tæki, hverskonar sem eru, sem geta bagað eða valdið óreglu á notkun útvarpstækja, og er útvarpsstöðinni þá heimilt að gera, á kostnað eigenda, nauðsynlegar ráðstafanir um þau tæki eða lagnir, til þess að hindra truflanir, sem af þeim geta hlotizt.

Mönnum þeim, sem eru í þjónustu útvarpsstöðvarinnar til þess að hindra slíkar truflanir, skal heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna og hús, ef nauðsyn er á vegna þessa starfs, enda fari þeir ekki um híbýli fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi.

10. gr.

10. gr. (ný grein) orðist svo: — Í kirkjum, leikhúsum og samkomuhúsum, skólum, veitingasölum og hvarvetna þar, sem almennar skemmtanir eru haldnar eða mannfundir, þar sem umræður fara fram, skal útvarpsstöðinni heimilt, án endurgjalds eða nokkurra kvaða, að leggja um húsið nauðsynlegar leiðslur fyrir útvarp og koma þar fyrir útvarpstækjum. En skylt skal útvarpsstöðinni að gera með lögnum þessum svo lítið rask og missmíði á húsakynnum sem verða má.

Réttur til að útvarpa því, sem um hönd er haft í húsakynnunum, er óviðkomandi þessum ákvæðum.

11. gr.

11. gr. (ný grein) orðist svo: — Heimilt skal útvarpsstöðinni að útvarpa án endurgjalds:

a) messugerðum,
b) hljómleikum og samsöngum, sem haldnir eru úti fyrir almenning, enda njóti flokkurinn styrks af almannafé,
d) umræðum á opinberum samkomum, stjórnmálafundum og öðrum almennum mannfundum.

12. gr.

Á undan 12. gr., sem er ný grein, komi: — II. kafli. Um einkasölu á útvarpstækjum. En greinin orðist svo: Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða einkasölu á útvarpstækjum. Skal þá engum öðrum en ríkisstjórninni eða þeim, sem hún felur það, heimilt að flytja inn í landið útvarpstæki né verzla með þau.

13. gr.

13. gr. (ný grein) orðist svo:

Útvarpstæki skal samkvæmt lögum þessum telja hvert það tæki, sem hægt er að nota til þess að taka við útvarpi, einnig tækjahluta og varahluti í útvarpstæki, og rafhlöð, sem notuð eru við útvarpstæki.

14. gr.

14. gr. (ný grein) orðist svo:

Söluverð á útvarpstækjum skal miða við lægsta smásöluverð á samskonar tækjum í nágrannalöndunum.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölunnar.

Allur verzlunarhagnaður af einkasölunni rennur til útvarpsstöðvarinnar.

15. gr.

15. gr. (ný grein) orðist svo:

Atvinnumálaráðherra ákveður með reglugerð allt nánara fyrirkomulag einkasölunnar, þar á meðal, hversu fara skuli um þau útvarpstæki, sem óseld kunna að vera hjá tækjasölum, þegar einkasalan hefst.

16. gr.

Á undan 16. gr. (sem er ný) kemur fyrirsögn: — III. kafli. Ýms ákvæði. En greinin orðist svo: Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Þó skulu brot gegn 12. gr. varða sektum frá 200—20000 kr.

Hvert það útvarpstæki, sem ólöglega er flutt inn í landið eða ætlað til sölu á óleyfilegan hátt, skal upptækt vera og andvirðið renna til einkasölunnar.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

17. gr.

8. gr. verður 17. gr.

18. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna hljóði svo: Um starfstíma núverandi útvarpsráðs fer eftir ákvæðum laga þessara, og skal hann samkvæmt þeim talinn frá 1. júlí næstkomandi.

19. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfesting konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 31, 7. maí 1928, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnumálaráðherra.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 31, 7. maí 1928, um ríkisrekstur á útvarpi, er forstjórn útvarpsstöðvarinnar falin tveim aðilum. Landssímanum, eða réttara sagt landssímastjóra, er falið allt, er lýtur að umsjón og rekstri stöðvartækjanna og ennfremur er honum falið að hafa með höndum fjárreiður allar og reikningshald vegna útvarpsins. Útvarpsráði er aftur á móti falin forstjórn allrar annarar starfsemi útvarpsstöðvarinnar, og er gert ráð

fyrir, að sérstakur útvarpsstjóri hafi á hendi daglega framkvæmd útvarpsins, samkvæmt fyrirmælum útvarpsráðs og landssímastjóra.

Við undirbúning um stofnun og starfrækslu útvarpsstöðvarinnar hefir það þótt athugavert, að stofna til slíkrar tviskiptingar á starfrækslu þessarar stofnunar, þar sem takmörk ábyrgðarinnar yrðu vafasöm og óskýr. Útvarp og símamál eru í raun réttri óskyld mál, þar sem símastarfrækslan er ein grein atvinnumála, en útvarpsstarfsemin náskyld fræðslumálum. Enda mundi og landssíminn hvort sem væri fela sérfræðingi alla umsjón og ábyrgð á rekstri stöðvartækjanna, og er engin ástæða til að láta þann mann heyra undir aðra stofnun en útvarpsstöðina sjálfa.

Fyrrnefndur ruglingur á starfrækslu óskyldra starfsgreina hlyti að dreifa ábyrgðinni og gera starfræksluna þunglamalega og örðuga. Mun það verða affarasælast, að forstjórn hvers fyrirtækis beri ein fulla ábyrgð á starfrækslunni, og að ekki leiki vafi á um það, hver til sakar á að svara, ef út af ber.

Um einkasölu á útvarpstækjum er það að segja, að hún er í fyrsta lagi nauðsynleg og hagkvæm leið til þess að tryggja notendum góð útvarpstæki, en í öðru lagi getur hún orðið stöðinni allmikil tekjulind. Annars er um þetta efni vísað til bréfs útvarpsráðsins 7. des. f. á., sem prentað er hér með sem fylgiskjal.

Um einstakar greinir frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 2.—7. gr. Þessar greinir eru að efni til óbreyttar að mestu, nema hvað af því leiðir, að stöðin verður óháð landssímanum.

Í frv. er gert ráð fyrir að fjölga mönnum í útvarpsráðinu um tvo frá því, sem nú er. Byggist sú tillaga á því í fyrsta lagi, að prestastétt landsins hefir á síðustu prestastefnu óskað sérstaklega eftir því, að mega hafa fulltrúa í útvarpsráðinu. Í öðru lagi þykir þá fara vel á því, að sæti eigi í útvarpsráðinu fulltrúi alþýðuskólanna og alþýðufræðslunnar í landinu.

Um 8. og 9. gr. Ákvæði þeirra eru nauðsynleg og sniðin alveg eftir ákvæðum landssímalaganna um hliðstætt efni, sem sett voru á síðasta þingi.

Um 10. gr. Ákvæði hennar eru sama eðlis og nauðsynleg, því að ella gætu húseigendur gert stöðinni erfitt fyrir. Nauðsyn er að geta sett upp hljóðnema með litlum fyrirvara í helztu samkomuhúsum, og þurfa þá að vera þar fastar lagnir.

Um 11. gr. Það hlýtur eftir eðli málsins að vera samkomulagsatriði í hvert sinn, hverju útvarpa megi án endurgjalds eða sérstaks leyfis af því, sem flutt er á almennum samkomum. En sumt er svo almenns eðlis að útvarpsstöðin verður að hafa óskoraðan rétt til útvarps á því. Setja mætti í fjárlögum kvaðir á suma styrki, útvarpsstöðinni til hagsmuna. En það er vitanlegt, að ekki má vegna útvarpsins ganga í neinu á rétt höfunda eða annara, sem líka aðstöðu hafa.

Um aðrar greinir er ekki ástæða til athugasemda.

Fylgiskjal.

ÚTVARPSRÁÐIÐ

Reykjavík, 7. desember 1929.

Útvarpsráðið samþykkti á fundi sínum í gær í einu hljóði svofellda ályktun:

„Útvarpsráðið lítur svo á, að það sé eitt höfuðskilyrði fyrir því, að útvarpið verði vinsælt af almenningi, að notendum þess verði þegar frá upphafi tryggð góð og örugg viðtæki fyrir hæfilegt verð, og sé því nauðsynlegt að sjá svo um:

a) að einungis séu seld hér tæki af beztu gerðum og frá viðurkenndum verksmiðjum;
b) að tryggt sé, að varahlutir séu til í þau og hægt sé að fá gert við þau;
c) að útilokuð séu frá sölu þau tæki, sem ekki geta talizt fullnægja þessum skilyrðum.

Til þess að tryggja þetta, er varla um að ræða nema tvær leiðir:

1) að enga tegund útvarpstækja megi selja hér, nema að fengnu leyfi eða löggildingu;
2) að einkasala verði á tækjunum, enda sé þá fyrst og fremst gætt hagsmuna kaupendanna, en verzlunarhagnaður gangi til útvarpsstöðvarinnar, og megi með tilliti til þess ákveða árgjöldin nokkru lægri en ella.

Útvarpsráðið telur fyrir sitt leyti einkasölu gagngerðari og heppilegri leið".

Útvarpsráðið leyfir sér hérmeð að beina þessari áyktun til ráðuneytisins.

Reykjavík, 7. desember 1929.

Virðingarfyllst.

Helgi Hjörvar.

Alexander Jóhannesson.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Nd. 239. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á siglingalögum, nr. 56, 30. nóvember 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið, sem er eitt af þremur frv. um skyld efni, er fyrir nefndinni liggja og samþykkt eins þeirra háð samþykkt hinna.

Nefndin fellst á frv. óbreytt og leggur til, að það verði samþykkt samkvæmt ofanrituðu.

Alþingi, 7. marz 1930.

Sveinn Ólafsson, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari og frsm.

Ásg. Ásgeirsson. Ólafur Thors. Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 240. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á áfengislögum, nr. 64, 7. maí 1928.

Flutningsm.: Jóh. Jóhannesson.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir orðin í 30. gr. laganna: »Brot gegn 6. gr. varða sektum samkv. 27. gr. 1, og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi«, komi:

Brot gegn 6. gr. varða sektum, 500—5000 krónum, og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, ef áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun.

Greinatalan breytist eftir því.

Nd. 241. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Svo sem fram er tekið á þskj. 236 — nefndaráliti um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki — hefir minni hluti nefndarinnar gefið út álit sitt um hafnargerð á Akranesi án þess að hafa yfirfarið frv. með meiri hlutanum eða leitað samvinnu við hann um afgreiðslu málsins. Leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Meiri hlutinn hefir nú við athugun málsins afráðið að mæla með frv. talsvert breyttu og samræmdu þeim öðrum hafnarlagafrv., sem fyrir liggja, og vísast til fyrrnefnds þskj. 236 um ástæður nefndarinnar fyrir breytingunum.

Eftir framansögðu leggur því meiri hl. til, að frv. á þskj. 104, um hafnargerð á Akranesi, verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Til hafnargerðar á Akranesi veitist úr ríkissjóði 1/3 kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 400000 kr., gegn 2/3 frá hafnarsjóði Akraness.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða þannig:
   Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 400000 kr. láni, er hafnarsjóður Akraness kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð Borgarfjarðarsýslu.
   Tillag ríkissjóðs og lánsábyrgð er bundin því skilyrði, að yfirumsjón verksins og reikningshald sé falið manni, sem ríkisstjórnin samþykkir. Ennfremur skal sannað fyrir ríkisstjórninni áður en framlag ríkissjóðs greiðist eða ábyrgð veitist, að full trygging sé fyrir greiðslu þess þriðjungs kostnaðar, sem hafnarsjóði Akraness er ætlað að leggja fram án ábyrgðar ríkissjóðs.
3. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:
   Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir, sem að höfninni liggja og nauðsynlegar kynnu að verða til hagnýtingar henni og fyrir kauptúnið.
4. Við 11. gr. Á eftir staflið e. komi:
   f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kauptúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Alþingi, 7. marz 1930.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.	Ásg. Ásgeirsson, með fyrirvara.

Nd. 242. Breytingartillaga

við frv. til laga um sveitabanka.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. Við 2. gr. Á eftir 2. málsgr. kemur:
   Auk þess getur sparisjóðsdeild bankans veitt sjálf lán beint til rekstrarlánafélaga.
2. Við 4. gr. Fyrir »Sveitabankar« kemur: Lánsfélög.
   Í stað »Sveitabankar« alstaðar annarsstaðar í frv., þar á meðal í fyrirsögn, kemur í viðeigandi föllum: Lánsfélög.

Nd. 243. Breytingartillaga

við frv. til laga um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

Frá Hannesi Jónssyni.

Við 15. gr.

Á eftir fyrstu málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Arður af þessu hlutafé skal ganga til afskrifta á töpum á búi Íslandsbanka, þar til þau eru að fullu upp unnin.

Nd. 244. Lög

um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

(Afgreidd frá Nd. 8. marz).

I. KAFLI.

Um Útvegsbanka Íslands h/f.

1. gr.

Stofna skal hlutafélag, er heita skal Útvegsbanki Íslands h/f og hafa skal það verkefni að starfrækja banka, er sérstaklega skal styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna.

2. gr.

Hlutafé félagsins skal nema allt að 2½ milljón króna. Af þeirri upphæð skal ríkissjóður leggja fram 1½ milljón króna, en viðbótarinnar skal aflað með hlutafjársöfnun innanlands samkvæmt opinberu útboði, þegar fulltrúaráð bankans ákveður, að fengnu samþykki fjármálaráðherra. Fé það, er ríkissjóður leggur fram samkvæmt grein þessari, er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

3. gr.

Heimili bankans, aðalskrifstofa og varnarþing skal vera í Reykjavík. Auk þess getur bankinn haft útibú og umboðsskrifstofur á þeim stöðum, er bankastjórar og fulltrúaráð telja þörf á.

4. gr.

Bankanum skal heimilt að taka við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum eða á hlaupareikning, að kaupa og selja víxla og ávísanir, að veita lán gegn tryggingum og að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

5. gr.

Bankinn skal eiga a. m. k. sem svarar 10% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, verðbréfum Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef fjármálaráðherra, að fengnum tillögum fulltrúaráðs bankans, telur þess þörf.

6. gr.

Aðalfundur hluthafa félagsins kýs fimm manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu, en fulltrúaráðið ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra, laun og ráðningarkjör. Í reglugerð bankans skulu settar reglur um skyldur og störf fulltrúaráðs, en fulltrúaráðið setur bankastjórunum erindisbréf. Fjármálaráðherra kallar saman fyrsta aðalfund hlutafélagsins jafnskjótt og fullnægt er skilyrðum þeim, er ræðir um í 12. gr., sbr. 14. gr., eða liðinn er sá tími, sem fjármálaráðherra hefir ákveðið samkvæmt 16. gr. til uppfyllingar þeim skilyrðum.

7. gr.

Á hluthafafundum félagsins skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkissjóðs snertir.

8. gr.

Á fyrsta aðalfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Samþykktir félagsins og reglugerð bankans skulu liggja undir samþykki fjármálaráðherra. Í samþykktum og í reglugerð má setja nánari ákvæði um félagið og um bankann, og skulu þar á meðal vera ákvæði um endurskoðun á reikningum bankans.

9. gr.

Hlutafélagið skal njóta sömu sérréttinda og Landsbankanum eru veitt í 50., 52. og 55.—58. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928.

II. KAFLI.

Um Fiskiveiðasjóð.

10. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að gera samning við Útvegsbanka Íslands h/f um það, að bankinn taki að sér stjórn og starfrækslu Fiskiveiðasjóðs Íslands, þannig að sjóðurinn verði sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu, og fari að öðru leyti um sjóðinn eftir þeim reglum, er um hann eru settar í lögum þeim og reglugerðum, er um hann gilda.

III. KAFLI.

Um Íslandsbanka.

11. gr.

Ríkissjóður leggur Íslandsbanka 3 milljónir króna sem forgangshlutafé, og greiðist fé þetta af núverandi skuld Íslandsbanka við ríkissjóð (enska láninu).

12. gr.

Hlutafjárframlag ríkissjóðs, það er ræðir um í 11. gr., er bundið eftirfarandi skilyrðum:

a. að lagt verði fram að minnsta kosti $1^1/_2$ millj. króna forgangshlutafé með hlutafjársöfnun innanlands af öðrum en aðallánardrottnum bankans. Samþykki fjármálaráðherra þarf til þess, að þetta forgangshlutafé megi fara fram úr 2 millj. kr.
b. að hagkvæmir samningar fáist við aðallánardrottna Íslandsbanka erlendis um greiðslu núverandi skulda bankans til þeirra, þannig að eigi minna en $4^1/_2$ millj. af þeim skuldum verði annaðhvort forgangshlutafé í bankanum eða gangi næst forgangshlutafénu um áhættu. Af þessari upphæð fari þó forgangshlutafé ekki fram úr $1^1/_4$ millj. kr.

13. gr.

Núverandi hlutafé Íslandsbanka skal afskrifað sem tapað og hlutabréf fyrir því felld úr gildi.

14. gr.

Þegar skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 12. gr., hefir, að dómi fjármálaráðherra, verið fullnægt, skal Íslandsbanki renna inn í Útvegsbanka Íslands h/f og hætta að vera til sem sjálfstæð stofnun. Tekur þá Útvegsbanki Íslands h/f við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Íslandsbanka og kemur að þessu leyti í hans stað.

15. gr.

Þegar ákvæði 14. gr. koma til framkvæmdar, bætist forgangshlutafé í Íslandsbanka, sem getið er um í 11. og 12. gr., við hlutaféð í Útvegsbanka Íslands h/f sem almennt hlutafé samkv. 2. gr.

Seðla Íslandsbanka, sem í umferð eru, skal þá og draga inn.

Um ráðstafanir á gullforða bankans og um endurkaup Landsbankans á viðskiptavíxlum Íslandsbanka fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innköllun seðlanna.

IV. KAFLI.

Ákvæði til vara.

16. gr.

Verði skilyrðum þeim, er getið er í 12. gr., eigi fullnægt innan þess tíma, sem fjármálaráðherra ákveður, skal bú Íslandsbanka tekið til skiptameðferðar.

Skiptin framkvæmir skilanefnd þriggja manna, er fjármálaráðherra skipar, og taka þau til meðferðar á bankabúinu frá lokunardegi bankans 3. febrúar 1930.

17. gr.

Meðan skiptin standa yfir, má hvorki taka til greina neina kröfu um gjaldþrotaskipti í búi bankans né leggja löghald eða löggeymslu á eignir hans, eða gera í þeim fjárnám eða aðra fullnustugerð.

18. gr.

Við skiptin skal farið eftir reglum þeim, er gilda við gjaldþrotaskipti um skuldajöfnuð, um ógildingu gerninga, fjárnáms eða löggeymslu og um skuldaröð. Öðrum ákvæðum skiptalaganna og laganna um gjaldþrotaskipti, þeim er eigi lúta að sjálfri skiptameðferðinni, skal og beitt, eftir því sem unnt er.

19. gr.

Skilanefnd skal heimilt að taka lán til að greiða með atborganir til skuldheimtumanna bankans, enda verði þeir, er lán þessi veita, forgangskröfuhafar í búinu, samkv. 82. gr. skiptalaganna.

20. gr.

Ríkissjóður tekur ábyrgð á seðlum bankans, þeim er í umferð eru við upphaf skiptameðferðarinnar. Frá þeim tíma má bankinn eigi gefa út nýja seðla. Ákvæði þetta haggar í engu ábyrgð bankans á seðlunum gagnvart handhöfum þeirra og ríkissjóði.

21. gr.

Fjármálaráðherra skal heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptameðferðina, m. a. um reikningsskil, endurskoðun, innlausn seðla og hluthafafundi. Endurskoðunina framkvæma tveir endurskoðendur, er fjármálaráðherra skipar.

Í reglugerð þessari er fjármálaráðherra heimilt að víkja frá lagafyrirmælum um bankann, sem eldri eru en lög þessi, að svo miklu leyti, sem þörf krefur.

Reglugerð bankans gildir eigi meðan á skiptunum stendur.

22. gr.

Kostnaður allur við skiptin, þar á meðal laun skilanefndarmanna og endurskoðenda, greiðist sem forgangsskuld, samkv. 82. gr. skiptalaganna, af eignum búsins.

23. gr.

Fjármálaráðherra getur leyft, að skjöl, sem gefin eru út um lán gegn tryggingu í kröfum á hendur bankanum, séu stimpilfrjáls að meira eða minna leyti.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 245. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

Frá fjárveitinganefnd.

Þegar fjárveitinganefndin hóf starf sitt, var það ætlun hennar að hraða störfum sem frekast var kostur á, og tilætlunin að vera komin með álit sitt fyrr. Nefndin ákvað þegar í byrjun að hafa fundi bæði árdegis og síðdegis. Hefir því nefndin unnið að nefndarstörfum minnst 3 stundir daglega, en oft og einatt lengur, þegar nefndarmenn hafa ekki verið bundnir öðrum störfum. Samt sem áður hefir nefndinni ekki tekizt að ljúka störfum fyrr en þetta fyrir þessa umræðu. Ber margt til þess. Fyrst það, að eins og svo oft áður, þá hefir að þessu sinni nefndinni borizt mikið af ýmiskonar erindum, sem hún hefir orðið að verja miklum tíma til að kynna sér. Þá hefir nefndin einnig nú eins og áður orðið að fá miklar og margvíslegar upplýsingar frá stofnunum ríkisins. Ennfremur hefir og nefndin orðið að veita mörgum mönnum viðtal, sem erindi hafa átt við hana. Allt þetta er tímafrekt, en hjá því verður þó ekki komizt. Ennfremur hefir Íslandsbankamálið stórtafið fyrir störfum nefndarinnar, eins og öðrum störfum þingsins. Af þessum sökum koma nú fjárlögin nokkru seinna frá nefndinni heldur en annars myndi hafa orðið.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár, þá eru tekjurnar áætlaðar 11929600 kr., en gjöld kr. 11907424,95 En áætlaðar tekjur fyrir 1931 samkv. frumvarpi því til fjárlaga, er fyrir liggur, eru 12216600 kr., en gjöld kr. 12157-084.46. Eru því tekjurnar fyrir 1931 áætlaðar 287 þús. kr. hærra en í núgildandi fjárlögum; en gjöldin eru nú áætluð kr. 249659.51 hærri í frumvarpinu en í gildandi fjárlögum.

Tekjuáætlun frv. er byggð á sömu tekjustofnum ríkissjóðs og í fyrra, svo með þessu eru tekjurnar freklegar áætlaðar í frv. heldur en í gildandi fjárlögum. Nú hefir reynslan sýnt, að gjöldin hafa ætíð hækkað við meðferð fjárlaganna gegnum þingið.

Hinsvegar er það fyrirfram vitað, að gjöldin reynast ætíð mun meiri heldur en áætlað er. Þess vegna verður þingið í hvert sinn að áætla tekjur og gjöld mjög varlega, svo ekki stefni til ófarnaðar með afkomu ríkissjóðsins. Þetta er nefndinni ljóst, og fyrir því hefir hún í tillögum sínum til Alþingis um breytingar á gjaldalið frv. reynt að stilla þeim sem mest í hóf, eftir því er henni virtist frekast fært. Þrátt fyrir þetta getur nefndin eigi komizt hjá því að leggja til að hækka nokkra liði gjaldanna og bæta nýjum við, enda gerir hún ráð fyrir, að ákvæðum fjárlaganna sé fylgt að svo miklu leyti sem unnt er.

Nefndinni hafa borizt margháttuð og margvísleg erindi um ýmislegar framkvæmdir, sem yfirleitt eru meira eða minna gagnlegar og nauðsynlegar, en sem kosta afarmikið fé, en minnst af þeim erindum hefir nefndin treyst sér til að taka upp af fjárhagsástæðum.

Skal þá vikið að breytingartillögum þeim, er nefndin flytur við frumvarpið, og leitast við að gera nokkra grein fyrir þeim.

En áður en vikið er að hinum einstöku breytingartillögum, skal þess getið viðvíkjandi tekjubálkinum, að nefndin frestar til 3. umræðu að gera tillögur við hann.

Í gildandi fjárlögum er skemmtanaskattur og tekjur menningarsjóðs færðar í 5. gr. og gjaldamegin eru þær færðar í 15. gr.

Í frv. þessu er tekna þessara sjóða hvergi getið, hvorki tekna né gjaldamegin. Og þó að vísu að þessar tekjur komi ríkissjóði ekki beinlínis við, og sé því um færslumáta að ræða, þá telur nefndin miklu gleggra og betur fara, að þessum færslumáta sé haldið, og fyrir því flytur hún breytingartillögur um þetta efni við 5. og 15. gr.

11. gr.

Laun bæjarfógeta og sýslumanna og lögreglustjóra hafa reynzt mun hærri en áætlað hefir verið og heldur en áætlað er í frumvarpinu. Þannig urðu þau árið 1929 155 þús. kr. Nefndin leggur því til, að þessi liður sé hækkaður í 150 þús. kr. úr 132500.

Lögmaðurinn í Reykjavík hefir með bréfi, dagsettu 12. des. f. á., farið þess á leit við dómsmálaráðuneytið, að sér yrði ætlað í fjárlögum fyrir 1931 25 þús. kr., til þess að launa 2 fulltrúa og 3 fasta skrifara. Telur lögmaðurinn, að þessir menn verði að vera mjög góðir í starfi sínu og vinna mjög lengi daglega, eða frá kl. 10 árd. til kl. 6 síðd., og jafnvel lengur, og geti þeir því ekki aflað sér tekna með aukavinnu. Nefndin fellst á þessar ástæður lögmannsins og leggur til, að þessi upphæð verði veitt.

Þá óskar lögmaðurinn eftir, að til ýmsra gjalda verði veittar 5000 kr. Þegar hann skrifar bréfið (12. des.), kveður hann að búið sé að greiða á þessum lið 3800 kr. Getur hann þess, að útbúnaður allur í skrifstofu embættisins sé »beinlínis aumkunarverður« og að nær öll bókleg hjálpargögn vanti í skrifstofuna, en óhjákvæmilegt sé að afla þeirra svo fljótt sem frekast megi verða. En auk þess vanti mörg nauðsynlegustu húsgögn í skrifstofuna.

Nefndin býst við, að ekki verði unnt að komast hjá því að afla skrifstofu embættisins þessara muna, er lögmaðurinn í erindi sínu nefnir, og að kostn-

aðurinn af öflun þeirra verði að sjálfsögðu greiddur úr ríkissjóði, og að þá sé tilgangslaust annað en að taka þessa upphæð í fjárlög, og leggur hún því til, að 5000 kr. verði veittar í þessu skyni.

Þá drepur lögmaðurinn á í þessu bréfi sínu, að brýna nauðsyn beri til að semja upp frá stofni grunnaregistur fyrir afsals- og veðmálabækurnar. Hinn mikli vöxtur bæjarins og lóðaskipting geri þetta óhjákvæmilegt. Verði hið nýja fyrirkomulag þannig, að semja verði spjaldskrá yfir allar eignir, í stað innbundinna bóka. En til þess að inna þetta verk af höndum, þurfi aukna starfskrafta í skrifstofuna, og óskar hann eftir, að veittar verði 3000 kr. í þessu skyni.

Nefndin fellst á þessar tillögur lögmannsins og leggur til, að veittar verði 3000 kr. til þessa.

12. gr.

Eins og getið er í athugasemdum við 12. gr. frv., er Reykjarfjarðarhérað nú læknislaust og er þjónað af nágrannalækni. Árneshreppingar eiga því erfitt með að vitja læknis, og fyrir þessa sök vill stjórnin, að þeim sé veittur 600 kr. styrkur.

Nefndin getur fallizt á það, að þessi styrkur sé þeim greiddur, en þó því aðeins, að héraðið sé læknislaust. Þess vegna vill nefndin, að þessi athugasemd, sem hún flytur, sé sett við liðinn.

Um margra ára skeið hefir styrkur verið greiddur Vilhelm Bernhöft tannlækni og Ólafi Þorsteinssyni háls-, nef- og eyrnalækni fyrir kennslu við læknadeild háskólans í sérfræðigreinum þeirra, 1000 kr. handa hvorum þeirra. Í notum fyrir þessa launagreiðslu hefir það verið heimtað, að þeir veittu fátæku fólki ókeypis læknishjálp þrisvar í mánuði á tilteknum stað.

Nú hefir styrkur til þessara manna ekki verið tekinn í fjárlagafrumvarpið, og þá vafalaust ekki heldur verið til þess ætlazt, að þeir hefðu þessa kennslu á hendi. En þar sem nú reglugerð háskólans kveður svo á, að læknaefni fái fræðslu í þessum greinum, og ekki er á færi annara en sérmenntaðra manna að veita nemendunum þessa fræðslu, þá telur nefndin, að ekki verði hjá því komizt að greiða sömu upphæð í þessu skyni og áður og leggur því til, að 1000 kr. verði veittar til hvors þeirra í þessu skyni. Aðeins vill nefndin bæta því við skilyrðin fyrir launagreiðslunni, að þeir veiti ókeypis læknishjálp 4 sinnum í mánuði og læknarnir gefi árlega skýrslu yfir þá læknishjálp, er þeir láta mönnum í té ókeypis.

Þá flytur nefndin tillögu um það, að Jóni Kristjánssyni nuddlækni verði greiddur 1200 kr. styrkur til starfa síns.

Eins og kunnugt er, hefir hann mikinn kostnað af rekstri læknisstofu sinnar, og virðist því sanngjarnt, að honum sé veittur nokkur styrkur af opinberu fé, og gerir nefndin ráð fyrir, að þessum styrk verði varið til greiðslu á viðlagasjóðsláni hans. En þau skilyrði vill nefndin setja fyrir þessari styrkveitingu, að hann veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp í lækningastofu sinni, ekki sjaldnar en 4 sinnum í mánuði.

Í fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar 2000 kr. til að styrkja héraðslækna til þess að afla sér nýrrar læknisþekkingar erlendis. Landlæknir telur

þessa fjárveitingu allt of lága, og fellst nefndin á að hækka liðinn upp í 3000 kr.

Af vangá hefir fallið út liður á áætlun »Gamla spítalans á Kleppi«, og leiðréttir nefndin þá vangá með því að taka upp nýjan lið, 32 þús. kr., til matvæla. Hinsvegar vill nefndin benda á, að reikningsfærslan í spítölum þessum virðist fremur óglögg og óviðfelldin, og leggur hún sérstaklega áherzlu á, að reikningum búsins sé haldið algerlega aðgreindum framvegis.

13. gr. B.

Í fjárlagafrv. nú er áætluð nokkuð hærri upphæð til lagningar nýrra þjóðvega en í gildandi fjárlögum. Í fjárlögunum er veitt til nýrra þjóðvega kr. 280 þús., en samkvæmt frumvarpinu er ætlazt til, að varið verði í þessu skyni kr. 315 þús.

Mestu af þessu fé er varið til framhaldslagningar þeirra brauta, er áður var byrjað á, og til sumra þeirra er varið miklu meira fé en áður.

En til þriggja vega er lagt til í frv., að veitt verði 5 þús. kr. minna hverjum en er í gildandi fjárlögum. Þessir vegir eru:

Kjósarvegur	í fyrra 20000	nú 15000
Blönduhlíðarvegur. . . .	í fyrra 25000	— 20000
Biskupstungnabraut . . .	í fyrra 20000	— 15000

Þar sem þessir vegir allir liggja í héraði, þar sem mjög torvelt er yfirferðar, en mikil þörf fyrir, að úr þeim erfiðleikum verði bætt svo fljótt, sem föng eru á, þá álítur nefndin, að það sé neyðarúrræði að lækka þessar fjárveitingar.

Nefndin myndi því hafa borið fram tillögur til hækkunar á þessum liðum án þess að skerða fjárframlög til annara vega. En sakir þess, að nefndinni er mjög ógeðfellt að hækka gjaldaliði fjárlaganna, vegna þeirra ástæðna, sem áður er vikið að, nema sem allra minnst að unnt er, þá tekur hún þann kostinn að leggja til, að lækkuð verði fjárveitingin til Vesturlandsvegar um 5 þús. kr. og til Vatnsskarðsvegar sömuleiðis um 5 þús. kr., og fjárveitingin til Kjósarvegar, Blönduhlíðarvegar og Biskupstungnabrautar verði hækkuð um 5 þús. kr. til þeirra hvers fyrir sig. Hækkar þá að vísu fjárveitingin til þjóðveganna um 5 þús. kr. frá frumvarpinu.

Þá leggur nefndin til, að veittar verði 8000 kr. til byggingar fjóss, hlöðu og haughúss í Fornahvammi.

Vegamálastjóri hefir gert nefndinni grein fyrir því, að útihúsin í Fornahvammi séu svo hrörleg, að engin leið sé að fresta byggingu á þeim, og óskað eftir, að nefndin legði til, að veitt yrði fé í þessu skyni. Telur hann, að fjósið sé svo lélegt, að ekki sé unnt að hafa skepnur í því án þess að það sé bætt, og þeirra annara húsa, sem nefnd voru, sé hin mesta þörf.

13. gr. D.

II. Nefndin leggur til, að fjárframlagið til einkasíma í sveitum hækki úr 20 þús. kr. í 30 þús. kr.

Þó að liðurinn hækki nú um það, sem nefndin leggur til, gengur hún

þess ekki dulin, að þetta muni reynast allt of lítið, en hér, sem svo víða annarsstaðar, treystir nefndin sér ekki að mæla með hærri fjárveitingu.

Þá leggur nefndin til, að liðurinn III (nýjar símalagningar) verði lækkaður úr 150 þús. kr. í 100 þús. kr.; en nýjum lið verði bætt inn, 75 þús. kr., er varið verði til þess að kaupa fjölsímatæki, er notuð verði milli Akureyrar og Reykjavíkur. Þau kosta 150 þús. kr., svo þessi fjárhæð nægir því ekki nema að hálfu leyti. En nefndin gerir ráð fyrir, að 75 þús. kr., síðari greiðsla, verði veitt í fjárlögum fyrir 1932.

Áhald þetta gildir á við 3 nýjar línur milli Akureyrar og Reykjavíkur. Fæst því með þessu móti margfalt samband milli þessara staða. Nú er allt of mikið sett á þessa línú, og eiga hinar smærri millistöðvar oft erfitt með að fá símasamband. Með þessu væri ráðin bót á þessu, og verður nefndin að telja það nauðsynlegt.

Landssímastjóri mælir og mjög með því, að þetta áhald verði keypt, því í tillögum sínum um þetta efni leggur hann til, að veittar verði til nýrra símalagninga 206 þús. kr., en þar af leggur hann til, að varið verði 150 þús. kr. til að kaupa fjölsímatæki, Reykjavík—Akureyri, svo tillögur hans um byggingu nýrra símalína nema aðeins 56 þús. kr.

Nefndinni leizt, að hin mestu vandkvæði mundu stafa af því, ef ekki væri hægt að verja meiru fé til byggingar nýrra símalína, meðal annars mundu starfsmenn landssímans, þeir sem að byggingum vinna og hafa gert um mörg ár, vanta verkefni það ár, og hinsvegar þörfin svo afarbrýn um framhaldandi lagningar nýrra símalína. Nefndin tók því það ráð, með fullu samþykki landssímastjóra, að skipta kostnaðinum við kaup á fjölsímatækjum á 2 ár, og leggur jafnframt til, að veitt verði til lagningar nýrra símalína 100 þús. kr.

Í tillögum landssímastjóra, sem fyrir nefndinni lágu, telur hann upp ýmsar línur, sem hann álítur einna mest aðkallandi, auk þeirra, sem ráðgert er að byggja á komandi sumri.

	Kostn.áætl.	
Skógar — Skinnastaðir og Kópasker — Leirhöfn ...	kr.	13000
Bíldudalur — Selárdalur	—	15000
Viðimýri — Goðdalir	—	15000
Kalastaðakot — Þyrill	—	10000
Kvígindisdalur — Breiðavík	—	16000
Mývatnslína	—	20000
Jökulsdalssími	—	30000

Hefir nefndin fyrir sitt leyti engar athugasemdir að gera við þessar tillögur landssímastjórans og gerir ráð fyrir, að eftir þeim verði farið.

Þá leggur nefndin til, að liðurinn IV, 2. (aðalskrifstofa landssímans) hækki úr 18 þús. kr. í 20 þús. kr. Ætlast nefndin til þess, að landssímastjóri fái persónulega launabót, er nemi 2400 kr. á ári. Hafði hann farið þess á leit við stjórnarráðið að fá nokkra launabót, og var atvinnumálaráðherra því meðmæltur. Landssímastjóri hefir annamikla embætti að sinna, en hinsvegar eru laun hans ekki há, borið saman við laun ýmsra starfsmanna hins opinbera, og þykir nefndinni öll sanngirni mæla með því, að hann fái þessa launahækkun.

Í fjárlagafrumv., 13. gr. D. IV. 5. (Bæjarsími Reykjavíkur) eru gjöldin talin 390000 kr. og undir sama rómverskum lið, tölulið 16 (Afborgun og vextir af húsbyggingarláni) 48000 kr.

Þegar landssímastjóri á sínum tíma gerði tillögur um þetta efni til stjórnarráðsins, hafði hann hugsað sér að skipta vaxtagreiðslum og afborgunum af húsbyggingarláninu á milli landssímans og bæjarsíma Reykjavíkur. Þá var ekki til fulls búið að ganga frá samningunum um húsbyggingarlánið. Þeir samningar urðu hagkvæmari heldur en landssímastjóri hafði búizt við, svo að árleg greiðsla vaxta og afborgana af þessu láni nemur 47 þús. kr. minna heldur en landssímastjóri hafði talið í tillögum sínum til stjórnarráðsins. Nú hefir landssímastjóri óskað þess, að nefndin flytti breytingartillögur við þessa tvo liði, á þann hátt, að sú upphæð, er fólst í 5. tölulið (Bæjarsíma Rvíkur) og ætluð var til greiðslu á húsbyggingarláninu, og sem nemur 140 þús. kr., verði færð á 16. tölulið. En til bæjarsíma Reykjavíkur, 5. tölulið, verði áætlað 250 þús. kr.

En 16. tölulíður sé áætlaður 141 þús. kr. og þess getið, að þessi greiðsla sé til L. M. Eriksen Stokkhólmi o. fl., afborgun og vextir af láni.

Loks flytur nefndin breytingartillögu til hækkunar á IV. 17. b. (Símritarar), að fyrir 9500 komi 14000 kr. Er þetta gert samkvæmt eindreginni ósk landssímastjóra. Taldi hann, að laun þessara manna væru svo lág, að vonlaust væri með öllu að halda góðum mönnum við það starf, ef þeim yrði ekki launað betur. En hann kvað afaráríðandi að hafa góða og gegna menn við þetta starf og að það væri ekki á færi annara að leysa það vel af hendi.

Þar sem landssímastjóri lagði svo mikla áherzlu á þetta atriði og taldi útlitið svo afaralvarlegt með starfið við ritsímann, ef kaupið yrði ekki hækkað, þá taldi nefndin ekki annað fært en verða við þessum tilmælum hans.

13. gr. E.

Vitamálastjóri hefir, með bréfi í október í haust, farið þess á leit við atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, að það legði til, að veitt yrði til bygginga nýrra vita miklu hærri upphæð heldur en stjórnin hefir séð sér fært að verða við. Vitamálastjóri kom á fund nefndarinnar og ræddi þetta mál við hana og skýrði fyrir henni, hverra vita hann teldi mesta þörf. Hafði hann lagt til, að veittar væru 180 þúsund kr. í næstu fjárlögum. Vitarnir, sem hann taldi að brýn þörf væri að byggja hið allra fyrsta, eru: Nýjan vita á Glettinganesi fyrir austan, endurbót á vitanum á Langanesi, nýjan vita á Sauðanesi í Þistilfirði, á Höfða við Raufarhöfn og í Grímsey fyrir norðan. Nefndin sá sér á engan hátt unnt að verða við öllum þessum óskum. En hún vill leggja það til, að þessi liður verði hækkaður í 80 þús. krónur.

Er hægt fyrir þá upphæð að reisa vitann á Glettinganesi og eitthvað dálítið meira, eftir því sem hermt er um kostnaðinn við byggingu vitans á Glettinganesi.

Þá leggur nefndin til, að fjárveitingin til ýmislegs hækki úr kr. 20000,00 í kr. 30000,00.

Vitamálastjóri hefir tjáð nefndinni, að vitavarðarhúsið í Vestmannaeyjum sé orðið afarlélegt, svo að ekki verði hægt að komast hjá því að byggja þar nýtt hús. Áætlar hann, að það muni kosta kr. 16000,00. Telur hann, að húsið

verði að sjálfsögðu úr steini, en sakir erfiðleika á byggingarefni og jafnvel vatni, þá verði byggingin nokkuð dýr.

Vitamálastjóri skýrir frá því, að nokkrar vitagrindur þurfi að klæða eða steypa upp. Getur hann þess, að hann hafi í tillögum sínum í fyrra, áður en fjárlög þá voru samin, vikið að þessu. Kveður hann, að annaðhvort verði að klæða þessa vita eða steypa þá upp. Býst hann við, að þetta verk kosti allt að 20 þús. kr.

Af þessum ástæðum vill nefndin leggja það til, að fjárveitingin á þessum lið verði hækkuð, eins og áður er getið, og ætlast nefndin til þess, að umbætur og lagfæringar á þessum hlutum fari fram þar, sem þeirra er mest þörf. En hún treystir sér ekki til að leggja það til, að frekari fjárframlög verði látin í té í þessu skyni að þessu sinni.

Til bryggjugerða og lendingarbóta leggur nefndin til, að veittar verði kr. 91000,00.

Í fjárlagafrumvarpinu er þessi upphæð kr. 20000,00. Vitamálastjóri leggur til, í bréfi sínu til stjórnarráðsins í haust, að kr. 30000,00 séu veittar í þessu skyni, en getur þó þess, að ekki verði vitað fyrr en á Alþingi, hvaða fjárveitingu þurfi að ætla til þessara mannvirkja, þar sem ekki fyrr en á þingi muni koma fram allar óskir um framkvæmdir í þessa átt.

Það hefir og reynzt svo í þetta sinn, að óskirnar hafa ekki komið nærri allar fram fyrr en á Alþingi, og hafa þær nú verið með langmesta móti. Skal nú stuttlega geta þeirra málaleitana, er nefndinni hafa borizt um styrk til bryggjugerða og lendingarbóta.

Er það sem hér segir:

	Kostnaðaráætlun:	Beðið um styrk:
Keflavík	250000 kr.	83333,00 (1/3).
Húsavík	204000 —	102000,00 (1/2).
Hnífsdalur	82000 —	41000,00 (1/2).
Hvammstangi	100000 —	60000,00 (3/5).
Vopnafjörður	49000 — ca.	20000,00 (ca. 2/5).
Haganesvík	15000 —	5000,00 (1/3).
Lambhússund, Akranesi		8500,00
	Samtals 700000 kr.	319833,00

Þannig er áætlað, að það kosti nærri 3/4 milljón að gera þessar bryggjur og lendingarbætur, og sá hluti verksins, sem óskað er eftir af þessum hlutaðeigandi héruðum að ríkið greiði, kostar samtals 319800 kr. (Auk þess fara sum héruðin fram á ábyrgð ríkissjóðs fyrir allmiklu af þeim fjármunum, er þeim ber að leggja af mörkum).

Skal nú vikið með örfáum orðum að bryggjugerðinni á hverjum stað.

Á Húsavík er nú allmikil sjávarútgerð og hefir aukizt að mun hin síðari ár. Eru þar nú gerðir út 8 vélbátar 6—12 smálesta að stærð, 4 vélbátar innan við 5 smál., 10—11 »trillubátar« og 10—15 róðrarbátar. Á Húsavík er selt megnið af þeim vörum, er flytjast til Suður-Þingeyjarsýslu. Upp- og útskipun er

afarerfið á þessum stað. Nú er það áform Húsvíkinga, að bryggjan verði byggð út á 12 feta dýpi og óska 1/2 framlags til þess, sem nema mundi 125 þús. kr. Hefir vitamálastjóri gert nýja áætlun um, að nái bryggjan fram á 3,3 metra dýpi, þá kosti hún um 204 þús. kr., og byggir nefndin tillögur sínar á þeirri gerð bryggjunnar.

Húsvíkingum er mikið áhugamál, að þetta mannvirki verði sem allra fyrst unnið og telja þess hina mestu þörf. Það var í ráði hjá þeim að gera þarna sjóvarnargarð og góða höfn, en sakir þess hvað það mannvirki er afarkostnaðarsamt og að þá skortir fé til að ráðast í svo mikið, þá vilja þeir að þessu sinni snúa sér aðeins að bryggjubyggingunni og telja, að allmikið sé við það unnið fyrir héraðið að fá hana.

Keflvíkingum er mikið áhugamál að fá bryggju gerða hjá sér. Er þar engin bryggja, er skip geti lagzt við, og hafnleysa er á þessum stað. Upp- og útskipun er svo torveld á þessum stað, að skip koma þar því nær aldrei, svo flytja verður allar aðkeyptar vörur á bílum eða mótorbátum frá Reykjavík eða Hafnarfirði, og innlendar framleiðsluvörur (fisk) verður að flytja á sama hátt frá Keflavík og Suðurnesjum. Þótt þetta sé afardýrt, eins og síðar mun sýnt verða, þá hefir það þó reynzt ódýrara heldur en að fá skip til Keflavíkur og skipa úr þeim þar, sérstaklega þegar veður hefir verið óhagstætt. Fyrir þessar sakir eru menn hættir við að fá skipin til Keflavíkur og vilja heldur vinna til að fá vörurnar fluttar með bílum eða mótorbátum. Flutningarnir með þessum tækjum eru auðvitað dýrir, ódýrast 10 kr. á tonnið og upp í 30 kr. Falla á þennan hátt afarhá gjöld á vörurnar, t. d. stundum tvöföld hafnargjöld til Reykjavíkurhafnar o. s. frv.

Sjávarútvegur er allmikill í Keflavík. Á síðastliðnu ári er talið, að fiskframleiðslan hafi verið 11800 skpd.

Eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir, þá mun mega áætla meðalafla um 10 þús. skpd. Salt er talið, að kauptúnið þurfi um 2000 tonn, og kolaþörf hreppsins um 1000 tonn. Vélbátar eru um 24 og olíuþörf þeirra er talin 1500 tn.

Af útflutningsvörum, auk fiskjarins, eru um 1200 tn. af lýsi og 1000 tn. hrogn. Beinamjölsverksmiðja starfar í kauptúninu. Af þurkuðum beinum voru flutt út 280 tonn síðastliðið ár. Fyrir flutninginn t. d. á saltinu einu telja þeir sig hafa greitt um 20 þús. kr. Er af þessu auðsætt, að þetta kauptún á við mikla erfiðleika að stríða hvað flutningana snertir. Enda telja Keflvíkingar, að sjávarútgerð þeirra sé í stórhættu fyrir þessar sakir, ef erfitt gerist í ári. Ákveðið er að byggja þessa bryggju á svonefndu Vatnsnesi.

Hefir vitamálastjórinn gert kostnaðaráætlun, og ætlar hann, að verkið muni kosta 250 þús. kr.

Óska þeir eftir, að ríkið styrki byggingu bryggjunnar að 1/3 hluta, eða um 80 þús. kr., en hreppsfélagið yrði þá að standa straum af 170 þús. kr., og óskar 2. þm. kjördæmisins eftir ábyrgð ríkissjóðs fyrir lántöku (170 þús. kr.) til fyrirtækisins. En Keflvíkingar telja engin vandkvæði á því, að þeim yrði unnt að standa straum af slíku láni, ef það t. d. fengist til 30 ára. Telja þeir sér samt sem áður vísan hagnað af þessu fyrirtæki, borið saman við þau kjör á flutningum sínum, er þeir verða að sæta nú. Drepa þeir og á það, að nágrannahreppar þeirra hefðu mikið hagræði af því, að þessi bryggja yrði byggð, sakir

þess hvað flutningskostnaður þeirra yrði miklu minni, ef þeir gætu tekið nauðsynjar sínar í Keflavík, og þá jafnframt flutt þangað framleiðsluvörur sínar. En af þessum viðskiptum fengju þeir þó nokkrar tekjur. Að lokum geta þeir þess, að þó þessi bryggja verði gerð, þá sé að vísu ekki öruggt um, að skip geti athafnað sig við bryggjuna, hvernig sem viðri, en það myndi mjög sjaldan koma fyrir.

Þá hefir þm. Vestur-Húnvetninga óskað þess, að nefndin veitti fé til bátabryggju á Hvammstanga, sem í ráði er að byggja þar. Vitamálastjóri hefir gert kostnaðaráætlun yfir þessa bryggjugerð og telur, að hún muni kosta um 100 þús. kr. Gert er ráð fyrir að byggja skjólgarð 108 metra langan, sem nota megi sem bryggju að innanverðu. Bryggjudekkið er ráðgert að verði úr steinsteypu og meðfram ytri hlið þess 1 m. hár steyptur skjólveggur. Breidd bryggjunnar á að vera 7 metrar og nær út á 3,4 m. dýpi.

Á Hvammstanga er nú ein bryggja, sem er að verða ónýt, og er talið óhjákvæmilegt að byggja aðra bryggju á komandi sumri. Er talið, að sakir þess hvað erfið aðstaða er þarna til út- og uppskipunar, þá hafi sjávarútvegurinn á þessum stað ekki getað tekið eðlilegum framförum. Fer þm. V.-Húnv. fram á, að veittur verði í fjárlögum fyrir 1931 styrkur úr ríkissjóði, $^3/_5$ hlutar kostnaðar við byggingu bryggjunnar, 60 þús. kr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu fór fram á það við Alþingi í fyrra, að það tæki upp í fjárlög fyrir árið 1930 fjárveitingu til bryggjugerðar í Hnífsdal, að upphæð 41000 kr. Finnbogi R. Þorvaldsson verkfræðingur hafði gert rannsókn á lendingar- og hafnarbótum í Hnífsdal, og að þeim loknum gert kostnaðaráætlun yfir, hvað viðunanleg bryggja mundi kosta. Hefir hann áætlað, að hún muni kosta 82000 kr., en af þeirri upphæð óska þeir eftir, að ríkissjóður greiði 41000 kr. styrk og ábyrgist 31000 kr. lán, er hreppsnefndin telur sig þurfa að taka til þess að koma verkinu í framkvæmd. Nú hefir fjárveitinganefnd verið sent nýtt erindi um þetta mál, og er í því farið hins sama á leit og í fyrra, bæði um styrkveitingu og ábyrgð, að því er bezt verður séð.

Eins og kunnugt er, stunda Hnífsdælingar sjávarútveg. Ganga þaðan 8—10 mótorbátar 9—10 tonn á stærð, og auk þeirra ganga margir árabátar og minni mótorbátar. Uppskipun á afla á land úr hinum stærri bátum fer fram á smáuppskipunarbátum, sem dregnir eru á land með handafli. Þykja þessi störf hið mesta erfiði. Talið er, að sjómenn verði oft að vinna að þessari uppskipun í 5—6 tíma, ef vel aflast. Komi sjómenn að landi þegar lágsjávað er, ber það oft við, að þeir verða að fresta uppskipun þar til hærra er orðið í sjó. Hinir mestu erfiðleikar eru einnig á upp- og framskipun afurða og aðkeyptra vara. Þarf engum getum að því að leiða, að Hnífsdælingum er hin mesta nauðsyn á að fá þessa bryggju byggða.

Hreppsnefnd Vopnafjarðar hefir falið þm. Norður-Múlasýslu að fara þess á leit við Alþingi, að það veitti styrk í fjárlögum fyrir 1931 til bátabryggju á Vopnafirði.

Kostnaðaráætlun hinnar fyrirhuguðu bryggju hafði vitamálastjóri látið gera 1922, og var áætlað, að hún mundi kosta 49000 kr.

Leitað hefir verið enn álits vitamálastjóra, og telur hann, að ekki gerist þörf á að breyta þessari áætlun.

Þm. héraðsins telja bryggjuna mjög nauðsynlega vegna sjávarútgerðarinnar í kauptúninu og vegna upp- og útskipunar vara. Óska þeir eftir, að Alþingi veiti í fjárlögum fyrir 1931 styrk til þessarar bryggjugerðar, er nemi $^2/_5$ af kostnaði bryggjunnar. Fiskifélagið hefir heitið 2000 kr. styrk til þessarar bryggjugerðar, sem er hin hæsta fjárveiting, sem það veitir í þessu skyni.

Til umbóta á bátalegunni á Lambhússundi á Akranesi er veitt í gildandi fjárlögum 8500 (fyrri greiðsla). Þessi upphæð, er nefndin leggur nú til að veitt verði til þessa verks, er síðari greiðsla.

Loks hafa þm. Skagfirðinga farið fram á, að styrkur yrði veittur úr ríkissjóði til byggingar bátabryggju í Haganesvík, 5 þús. kr., sem tekinn yrði í fjárlög fyrir 1931. Vitamálastjóri hefir gert kostnaðaráætlun yfir bygging bryggjunnar, og áætlar hann, að 200 metra löng bryggja muni kosta 30 þús. kr. En hreppurinn sér sér ekki fært að leggja í svo mikinn kostnað, aðeins 10 þús. kr. að sínum hluta, og verður því lengd bryggjunnar að miðast við þessa fjárhæð, 10 þús. kr. frá hreppnum og 5 þús. kr. úr ríkissjóði.

Alþingi hafði heimilað fyrir nokkrum árum 5 þús. kr. fjárveitingu til þessarar bryggju, sem ekki var notuð. Telja þm., að nauðsyn þessarar bryggju sé mjög brýn, vegna aukinnar sjávarútgerðar á staðnum og vegna uppskipunar og útskipunar á vörum.

Þegar nú nefndin hafði kynnt sér þessi erindi um bryggjugerðir og lendingarbætur, duldist henni ekki, að á öllum stöðunum, sem hér um ræðir, er þessara mannvirkja hin brýnasta þörf. Henni lízt þörfin fyrir þessi mannvirki svo augljós og aðkallandi á öllum stöðunum, að hún treystir sér ekki til þess að mæla með framkvæmd þessa verks á einum staðnum, en mæla á móti því á öðrum. Og nefndinni leizt, að brýn nauðsyn bæri til þess að fara að reyna að búa betur í haginn fyrir þessi héruð hvað þetta mál snertir. Hinsvegar treysti nefndin sér á engan hátt til að leggja það til við Alþingi, að það veiti nú á einu ári úr ríkissjóði yfir $^1/_4$ milljónar kr. til bryggjugerða og lendingarbóta. Nefndin hefir því tekið þann kostinn að leggja það til, að þessum greiðslum til hinna meiri háttar bryggjugerða verði jafnað niður á þrjú næstu árin með jöfnum greiðslum og að allar þessar bryggjur verði styrktar að $^1/_3$ eftir áætlunum þeim, er fyrir liggja yfir þessi mannvirki og drepið hefir verið á hér að framan, og verða þá þessar greiðslur eins og hér segir:

Til bryggjugerðar í Keflavík, 1. greiðsla af 3 ...	kr. 27 500
Til bryggjugerðar á Húsavík, 1. greiðsla af 3 ...	— 22 000
Til bryggjug. á Hvammstanga, 1. greiðsla af 3	— 11 000
Til bryggjugerðar í Hnífsdal, 1. greiðsla af 3 ...	— 9 000
Til bryggjugerðar í Vopnafirði, 1. greiðsla af 2	— 8 000
Til bryggjugerðar í Haganesvík (ein greiðsla) ...	— 5 000
Til lendingarbóta í Lambhússundi á Akranesi (lokagreiðsla)	— 8 500
Samtals	kr. 91 000

Viðvíkjandi framkvæmdum þessum vill nefndin geta þess, að hún ætlast til, að trúnaðarmaður landsstjórnarinnar um hafnar- og bryggjugerðir hafi náið

eftirlit með framkvæmdunum, og að landsstjórnin greiði ekki ríkissjóðsstyrkinn, fyrr en vissa er fyrir því fengin, að hlutaðeigandi héruð hafi þá peninga til, er þeim ber að leggja fram til fyrirtækjanna.

Hinsvegar leggur nefndin eindregið á móti því, að ríkið taki á sig nokkrar ábyrgðir fyrir þeim hluta kostnaðar við mannvirki þessi, sem héruðunum ber að leggja fram.

14. gr.

Fjárveitingin til húsabóta á prestssetrum er hin sama í frumvarpinu og verið hefir í undanförnum fjárlögum. Biskup gerði nefndinni að vanda skýra grein fyrir því, hverra húsabóta væri mest þörf á prestssetrum landsins næstu ár. Nefndi hann tvö prestssetur, sem ekki yrði komizt hjá að húsa árið 1931. Voru það Mosfell í Mosfellssveit og Skinnastaður. Auk þess kvað hann þurfa viðbótarstyrk til tveggja prestssetra, sem sé á Stað í Steingrímsfirði, til þess að fullgera húsið þar, ca. 2500 kr., og Ofanleiti í Vestmannaeyjum, þar sem að vísu er fullbyggt upp, en presturinn sjálfur hefir lagt til byggingarinnar nál. 3000 kr. Lagði hann til, að veittar yrðu 30000 kr. til þessa fyrir árið 1931. Nefndin lét þó sitja við þá upphæð, sem í frumvarpinu er, kr. 20000, meðfram vegna þess, að ekki er enn að fullu ráðstafað því fé, sem ætlað er til þessara framkvæmda á yfirstandandi ári.

Þá koma breytingartill. nefndarinnar.

A. a. 1. (Laun biskups). Þetta er aðeins leiðrétting; launin rangt talin í frumvarpinu.

A. b. 6. (Til byggingar Hallgrímskirkju). Fjárveitinganefnd barst erindi frá nefnd þeirri, sem gengst fyrir því, að reist verði minningarkirkja Hallgríms Péturssonar á Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Gerir hún ráð fyrir, að kirkjan verði reist árið 1931, og er kostnaðurinn áætlaður allt að 45000 kr. Af því er nú þegar til í peningum ca. 18000 kr., og hefir Saurbæjarsöfnuður auk þess lofað 5000 kr. framlagi. Fór nefndin fram á 10000 kr. styrk frá Alþingi. Fjvn. féllst á að leggja til, að veittar yrðu til þessa alls 9000 kr., er skiptist á 3 næstu ár.

B. I. c. (Kennsla í söng. Nýr liður, 1000 kr.). Liður þessi hefir staðið í undanförnum fjárlögum, en hefir verið felldur niður af frv. Hefir fénu verið varið til að kenna prestsefnum söng og tón og þótt bera mjög góðan árangur. Æskti nemendur guðfræðideildarinnar þess mjög eindregið, að fjárveiting þessi væri tekin upp í frumvarpið, og varð nefndin ásátt um það.

B. I. h. (Til N. Dungals, til forstöðu rannsóknarstofu háskólans). Eins og kunnugt er, er N. Dungal dócent við háskólann, en hefir auk þess forstöðu rannsóknarstofu háskólans. »Rannsóknarstörf þessi í þágu sóttvarna eru mikil, margvísleg og mjög áríðandi«, segir landlæknir í bréfi til nefndarinnar. Verk þessi hafa verið borguð eftir umsömdum taxta og borgunin runnið til forstöðumannsins. Meginhlutinn hefir verið greiddur úr ríkissjóði. Nú hefir heilbrigðismálaráðuneytið viljað breytingu á þessu launafyrirkomulagi, en hinsvegar ekki enn komnir samningar á milli þess og forstöðumannsins. Sendi hann beiðni um, að honum væru veittar 500 kr. á mánuði fyrir forstöðu rannsóknarstofunnar. Með beiðni hans fylgja eindregin meðmæli frá háskólaráðinu og læknadeild háskólans. Í sömu

átt hníga tillögur landlæknis, og er þeim fylgt hér að mestu, en lækkuð sú fjárhæð, sem farið var fram á og landlæknir mælti með, úr 6000 í 5000, og þar við tengt það skilyrði, að forstöðumaðurinn verji öllum starfstíma sínum umfram háskólakennsluna í þarfir stofunnar og tekjur hennar allar renni í ríkissjóð.

B. I. h. (Til stúdentagarðsins, 25000). Formaður stúdentaráðsins kom á fund nefndarinnar og skýrði henni frá því, að nú væri í ráði að reisa hinn væntanlega stúdentagarð á sumri komanda, og væri þeim því nauðsyn á að fá þegar fé það, sem þeim hefir verið heitið úr ríkissjóði. En það eru 100 þús. kr., sem þeim hefir áður verið veitt í fjárl., þannig að í fjárl. fyrir 1927 voru 50 þús., í fjárl. fyrir 1928 25 þús. og í fjárl. 1929 25 þús.

Enga af þessum fjárveitingum hafa þeir notað sér enn, og skýrði form. stúdentaráðsins nefndinni frá, að það hefði verið samkomulag á milli hans og fyrv. fjármálaráðherra, Magnúsar heitins Kristjánssonar, að fé þetta yrði látið standa inni hjá ríkissjóði þar til byrjað yrði á byggingunni. Nú eru að minnsta kosti tvær hinar fyrri fjárveitingar úr gildi fallnar, og fór því formaður stúdentaráðs fram á að fá endurveiting á þeim, eða 75 þús. alls, og hefir núverandi fjármálaráðherra veitt þeim ádrátt um útborgun á fjárveitingunni fyrir árið 1929. Nefndin gat ekki orðið við þeirri beiðni, að endurveita þetta allt á sama árinu, en féllst á þessa upphæð (25 þús.).

B. II. b. (Námsstyrkir samkv. till. menntamálaráðs). Liður þessi var fyrst tekinn upp á síðasta þingi, sem kunnugt er, í þeim tilgangi að safna saman í eitt þeim námsstyrkjum, sem áður höfðu verið veittir á einstök nöfn, og menntamálaráði fengin í hendur úthlutun þeirra. Ætlast stjórnin sýnilega til, að þeirri reglu verði haldið áfram, og er fjvn. henni sammála um það. Aftur á móti féllst hún á það, eftir beiðni menntamálaráðs, að ekki myndi unnt að færa styrkinn niður úr því, sem hann var ákveðinn á síðasta þingi, og færir hann því aftur í sama horf.

B. VI. b. 3. (Stýrimannaskólinn, til áhaldakaupa). Nefndinni barst erindi frá forstöðumanni Stýrimannaskólans með beiðni um 20 þús. kr. styrk handa skólanum til kennsluáhaldakaupa. Gerði hann nefndinni sömuleiðis grein fyrir því munnlega, að skólinn væri nú mjög orðinn á eftir tímanum um öll kennslutæki, og féllst nefndin á, að við svo búið mætti ekki standa um svo merka og þarfa stofnun sem stýrimannaskólinn hefir verið og er. Þó sá hún sér ekki fært að leggja til, að veitt yrði til þessa stærri upphæð en þetta (10000 kr.), enda álítur hún, að með henni megi bæta úr hinum brýnustu þörfum.

B. IX. e. (Iðnfræðsla, fyrir 4000 kemur 5000). Þennan lið hefir nefndin hækkað um 1000 kr., sem hún ætlast til, að gangi til Jóns Sigurðssonar stúdents, til að kynna sér til hlítar allar nýjustu aðferðir við byggingar úr járnbentri steinsteypu. Hefir enginn Íslendingur til þessa lagt stund á þá fræðigrein, en þess telur nefndin mikla þörf, jafnmikið og nú er byggt hér úr því efni og verður án efa í framtíðinni.

B. XII. 1. b. og 2. a. (Kvennaskólar. Fyrir 18 þús. komi 21 þús. og fyrir 12 þús. komi 14 þús.). Nefndin leggur til, að styrkirnir til kvennaskólans í Reykjavík og kvennaskólans á Blönduósi verði færðir í sama horf og í núgildandi fjárlögum.

B. XIV. (Til gagnfræðaskóla Reykjavíkur, 3000). Skóli þessi nýtur 2000 kr. styrks í núgildandi fjárlögum, og barst fjvn. beiðni frá skólanefnd um að styrkur þessi yrði tvöfaldaður fyrir árið 1931. Leggur nefndin til, að skólanum verði veittur þessi styrkur (3000 kr.).

B. XV. 1. (Til húsmæðrakennslu á Hallormsstað, 5000 kr.). Á síðastliðnu sumri var hafin bygging húsmæðraskóla á Hallormsstað, með helmingsframlagi kostnaðar frá ríkissjóði. Verður byggingu þessari væntanlega lokið á sumri komanda, og hefst þá kennsla í skólanum á næsta hausti, og hefir forstöðukona þegar verið ráðin. Nú lá fyrir nefndinni beiðni frá forstöðunefnd byggingarinnar um styrk til rafveitu í sambandi við skólann, $^3/_4$ kostnaðar af áætluðu verði stöðvarinnar, sem gert er ráð fyrir að kosti 70 þús. kr., og sömuleiðis um rekstrarstyrk fyrir skólann á næsta ári, 6000 kr. Nefndin sá sér ekki fært að verða við beiðni forstöðumanna um rafveitustyrkinn, en tók hinsvegar upp í tillögur sínar rekstrarstyrk til skólans (5000 kr.).

B. XV. 3. (Kvenfélagið Ósk. Fyrir 5000 komi 6000). Kvenfélagið Ósk á Ísafirði heldur þar uppi húsmæðraskóla, sem Alþingi er kunnugt um, og er þessi skóli mikið sóttur víðsvegar að. Í fjárl.frv. er áætlaður 5000 kr. rekstrarstyrkur til þessa skóla. Nú á félagið sjálft ekkert skólahús og verður að leigja dýrt hús til rekstrar hans. Hefir það því hafizt handa um fjársöfnun til húsbyggingar og sækir til Alþingis um 20 þús. kr. styrk til hennar. Nefndin sá sér ekki fært að mæla með því, en áleit rétt að hækka rekstrarstyrkinn um 1 þús. kr. vegna þessa sérstaka kostnaðar.

B. XV. 4. (Sigrún Blöndal. Liðurinn fellur niður). Frú Sigrún Blöndal er ráðin forstöðukona við hinn væntanlega húsmæðraskóla á Hallormsstað, og fellur þá að sjálfsögðu niður húsmæðrafræðsla sú, sem hún hefir veitt forstöðu í Mjóanesi, og styrkur sá, sem til hennar er ætlaður í frumvarpinu.

B. 20. Til Íþróttasambands Íslands, 6000 kr. Þessi styrkur til Íþróttasambandsins hefir staðið í fjárlögunum undanfarið, en féll niður af vangá og er tekinn upp í tillögurnar eftir bendingu frá ríkisstjórninni.

15. gr.

3. e. Nýr liður. Hóladómkirkja, 1000 kr. Þessi fjárveiting hefir einnig staðið í undanförnum fjárlögum, og hefir fénu verið varið til að endurbæta hina fornu, merkilegu dómkirkju, og er nú langt komið að færa hana aftur í sitt fyrra horf. Þó vantar nokkuð á það enn, og er nú m. a. verið að safna eftirlíkingum af hinum gömlu myndum, sem teknar voru úr kirkjunni og flestar eru geymdar í forngripasafninu. Leggur nefndin því til, að fjárveiting þessi standi þar til því er lokið, sem kunnugir telja að verða muni innan skamms.

15. a. b. c. d. Ritstyrkir til Sigurðar Skúlasonar, Benedikts Björnssonar, Margeirs Jónssonar og Odds Oddssonar. Sigurður Skúlason hefir lokið meistaraprófi við Háskóla Íslands, með menningarsögu sem aðalnámsgrein. Hefir hann nú tekið sér fyrir hendur rannsókn á ýmsum þáttum íslenzkrar menningarsögu og leitað heimilda þar að lútandi í fjölda safna utanlands og innan. Sótti hann um 2000 kr. styrk til þessa, er nefndin ekki gat að fullu orðið við, en áleit rétt að veita

honum þennan styrk (800 kr.) sem uppörvun í starfi því, sem hann nú er að hefja.

Benedikt Björnsson, skólastjóri á Húsavík, er fyrir löngu landskunnur maður fyrir ritstörf sín. Hann er nú tekinn að eldast, en á ólokið við ýms ritverk, sem hann hefir undirbúið og þráir mjög að ganga frá að fullu. En hann er félaus maður og getur ekki gefið sér tíma til ólaunaðra starfa, án nokkurs opinbers styrks. *Margeir Jónsson og Oddur Oddsson* eru einnig alþjóð manna kunnir fyrir ritgerðir í blöðum og tímaritum um ýms alþýðleg efni. Hníga ritstörf þeirra einkum að því að varðveita frá gleymsku ýmsan merkilegan alþýðufróðleik, sem ella myndi fara í gröfina með þeim og þeirri kynslóð, er þeir tilheyra. En ástæður þeirra að öðru leyti leyfa þeim ekki að gefa sig við þessum hugðarmálum sínum án þess að alþjóð manna rétti þeim hjálparhönd.

29. Sighvatur Borgfirðingur. Dáinn.

33. a. b. Til menningarsjóðs og þjóðleikhúss. Þessir liðir eru settir hér til jafnaðar á móti tekjuliðunum: Til menningarsjóðs og af skemmtanaskatti, og gerð grein fyrir þeim í sambandi við breytingar á 5. gr.

16. gr.

Nefndin fékk í hendur fjárhagsáætlun Búnaðarfélagsins fyrir árið 1931, og voru gjöldin samkvæmt henni 293 þús. Upp í það voru eigin tekjur félagsins áætlaðar 21 þús. Vantaði þá til 272 þús., sem félagið óskaði eftir að fá sem styrk frá Alþingi. Mikill hluti hinna auknu útgjalda félagsins stafar af hinum sívaxandi félagsskap bænda um búfjárrækt, sem styrktur er af félaginu eftir ákveðnum reglum, og vex kostnaður þess þeirra vegna af sjálfu sér, eftir því sem félögunum fjölgar. Áleit nefndin, að ekki yrði komizt hjá því að auka styrkinn nokkuð, og leggur því til þessa hækkun (10 þús.).

3. Sandgræðsla. Fyrir 30 þús. komi 40 þús. Í núgildandi fjárlögum eru ætlaðar 50 þús. kr. til sandgræðslu, þar af er sérstaklega ráðstafað 10 þús. kr. Hinn venjulegi styrkur er því 10 þús. krónum lægri í fjárlagafrv. En þegar athugaður er hinn mikli og góði árangur, sem orðið hefir af sandgræðslustarfinu undanfarin ár, og sömuleiðis hin ótæmandi verkefni á þessu sviði, virðist óhugsandi að draga úr þeirri starfsemi, nema nauðsyn krefji.

8. Raforkuveitur til almenningsþarfa (fyrir 10 þús. komi 15 þús.). Styrkur þessi er eftir tillögum nefndarinnar hinn sami og í núgildandi fjárlögum.

10. b. Skóggræðslan (fyrir 10 þús. komi 16 þús.). Sökum síaukinna umsókna um skógargirðingar samkv. lögum um skógrækt frá Alþingi 1928 og vaxandi skógræktaráhuga í landinu, virtist nefndinni, að ekki yrði komizt hjá því að hækka skógræktarstyrkinn frá því, sem er í frumvarpinu, og nægir þó þessi upphæð hvergi nærri til þeirra framkvæmda, sem fyrir liggja.

23. Nýr liður. Til Hákonar Á. Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms, 1200 kr. Styrkur þessi, sem veittur er samkvæmt beiðni aðstandenda H. Á. B., hefir staðið í fjárlögum nokkurra undanfarinna ára, enda mun nám hans nú langt komið. Virtist nefndinni ekki rétt að svipta hann námsstyrk þessum, sem hann mun hafa byggt á, enda er námið langt og dýrt og maðurinn sagður hinn efnilegasti.

23. Nýr liður. Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar, 6000 kr. Þetta er sama fjárveiting og í núgildandi fjárlögum, og hafði hún ekki verið tekin upp í frumvarpið.

25. Nýr liður. Til Guðm. Einarssonar myndhöggvara, til þess að setja upp leirbrennsluverksmiðju, 5000 kr. Á síðari árum hefir íslenzkri leirbrennslu verið nokkur gaumur gefinn af ýmsum mönnum, og jafnvel hafinn undirbúningur að rannsóknum á íslenzkum leir, í því skyni m. a. af Búnaðarfélagi Íslands. En sýnishorn þau, sem send hafa verið utan til rannsókna, hafa ekki úr því skorið, hversu nothæfur íslenzkur leir sé til þeirra hluta. Nú hefir Guðmundur Einarsson frá Miðdal fengið úr þessu skorið fyrir ítarlegar rannsóknir, sem hann hefir gert á innlendum leirnámum, og allvíðtækum tilraunum, sem hann hefir látið gera með íslenzkan leir í Þýzkalandi. Niðurstaða þeirra tilrauna og rannsókna er sú, að sumar leirtegundir íslenzkar standi ekki að baki beztu leirtegundum erlendum til ýmiskonar iðnaðar, og að til séu hér óþrjótandi námur af nothæfum leir til brennslu. Nú hefir hann brotizt í því að afla sér fullkominna tækja til leirbrennslu, en vantar 5000 kr. til þess að kljúfa þann kostnað, og sækir hann nú um þá hjálp til Alþingis. Nefndinni er það ljóst, hve stórkostlega þýðingu það getur haft á mörgum sviðum, ef hægt er að koma hér á fullkominni innlendri leirbrennslu, og er því einróma fylgjandi að styrkja, með áðurnefndu fjárframlagi, þennan óvenjulega fjölhæfa og atorkusama listamann, sem þegar hefir lagt mikið fé og fyrirhöfn til undirbúnings þessarar merkilegu nýjungar.

17. gr.

13. a. b. c. d. e. f. Til styrktar- og sjúkrasjóða. Allir þessir liðir eru í núgildandi fjárlögum með svipuðum upphæðum, en hafa verið felldir niður í frumvarpinu. Það varð ofan á í nefndinni að taka þá upp aftur, þar eð ekki er í annað hús að venda en til Alþingis fyrir þesskonar starfsemi.

18. gr.

II. b. 25. Nýr liður. Til Hrefnu Einarsdóttur læknisekkju. Hrefna er ekkja Kristmunds heitins Guðjónssonar læknis. Hún er bæði eignalaus og heilsulaus og á eitt barn í ómegð.

II. c. 9. a. og b. Nýir liðir. Til Þórðar Ólafssonar og Páls Stephensens. Upphæðir þessar eru viðbætur við lögmælt eftirlaun þessara presta, svo að eftirlaun þeirra hvors um sig nái þúsund krónum alls.

II. c. 10. Jens V. Hjaltalín. Dáinn.

II. d. 12. Kristín Sveinbjarnardóttir. Dáin.

II. d. 31. Til Kamillu Briem. Þetta er ekkja séra Steindórs Briems í Hruna, háöldruð kona hans, er hefir engan viðbótarstyrk fengið fyrr.

II. e. 14. Nýr liður. Til Ásta Magnúsdóttur. Ásta Magnúsdóttir er ekkja Tómasar Jóhannssonar kennara á Hólum, er dó síðastliðið sumar. Er hún blásfátæk og á tvö börn í ómegð.

II. f. 3. Hallgrímur Kráksson. Dáinn.

II. i. 17. Nýr liður. Til Oddnýjar Guðmundsdóttur júbilljósmóður. Oddný

Guðmundsdóttir er ein hin elzta ljósmóðir, sem nú er á lífi hér á landi. Hún er nærfellt 80 ára og hefir gegnt ljósmóðurstörfum í 52 ár.

II. i. 23. a. og b. Til Margrétar Jónsdóttur og Guðrúnar Jónasdóttar, ljósmæðra. Báðar þessar ljósmæður eru nú hættar störfum sakir aldurs og þreytu og hafa sótt um eftirlaun til Alþingis. Þær eru báðar komnar á áttræðisaldur og hafa gegnt ljósmóðurstörfum milli 20 og 30 ár. Nefndin áleit rétt að verða við beiðni þeirra, að taka þær í eftirlaunagreinina.

II. i. 52. Nýr liður. Til Susie Briem. Eins og kunnugt er, dó Halldór Briem bókavörður síðastliðið ár, og sótti ekkja hans um 1200 króna eftirlaun. Við þeirri beiðni gat nefndin ekki orðið, en leggur til, að henni verði veitt þessi upphæð (300 kr.).

23. gr.

a. Björn Sigurðsson. Er dáinn, svo að eftirlaun hans falla niður.

b. Ný málsgrein. Ekkja Þórólfs Becks skipstjóra. Þórólfur sál. skipstjóri var um 12 ár samfellt stýrimaður í þjónustu ríkisins, en þar af stuttan tíma hjá Eimskipafél. Íslands. Var hann hvarvetna vinsæll og vel látinn. Nú hafa allir starfsmenn Eimskipafélagsins eftirlaunarétt hjá félaginu fyrir sig og ekkjur sínar, en þennan rétt missti Þ. B. þegar hann fór úr þjónustu Eimskipafélagsins. Þórólfur heitinn lét eftir sig ekkju og fjögur börn í ómegð. Búa þau austur við Reyðarfjörð og við óhægan efnahag, að kunnugra manna sögn. Fjárveitinganefnd barst erindi um það, að taka ekkju þessa upp í 18. gr. fjárlagafrv. með 500 kr. styrk, og auk þess hundrað kr. handa hverju barni hennar. Á þetta gat nefndin ekki fallizt, en þótti hitt réttara, að veita þessa heimild til að láta greiða ekkjunni af útgerðarkostnaði »Esju« svipaða upphæð og hún hefði notið hjá Eimskipafélagi Íslands, ef maður hennar hefði verið starfsmaður þess.

Alþingi, 7. marz 1930.

Ing. Bjarnarson, formaður.	Bjarni Ásgeirsson, fundaskr. og frsm. síðari kafla.
Jörundur Brynjólfsson, frsm. fyrri kafla.	Jón Sigurðsson.
Pétur Ottesen.	Jón Ólafsson. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 246. Nefndarálit

um frv. til laga um aukna landhelgisgæzlu.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir ekki getað fylgzt að í þessu máli. Minni hlutinn vill ekki láta frv. ná fram að ganga á þessu þingi og telur réttara að vísa mál-

inu til stjórnarinnar. Hinsvegar lítur meiri hlutinn svo á, að brýna nauðsyn beri til að auka landhelgisgæzluna, sérstaklega með tilliti til þess, að björgunar- og eftirlitsstarfsemi við Vestmannaeyjar geti haldið áfram í svipuðu horfi og undanfarin ár, en mjög hæpið, að það geti orðið nema með því að bæta við einu varðskipi.

Þá væri og mikið unnið við það, ef hið nýja skip, jafnframt því að annast björgunar- og eftirlitsstarfsemi, gæti haft með höndum fiskirannsóknir umhverfis landið. Slíkar rannsóknir mundu vafalaust í framtíðinni hafa mikla þýðingu fyrir sjávarútveg landsmanna.

Meiri hl. nefndarinnar er það að vísu ljóst, að aukinn varðskipastóll ríkisins hlýtur að hafa í för með sér aukin útgjöld úr ríkissjóði, því að um leið og eftirlitið batnar, fækka brot og sektir fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

En færi svo, að ríkissjóði yrði um megn að standast þann kostnað, sem leiddi af góðri landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi við strendur landsins, þá virðist ekki óeðlilegt, að sjávarútvegurinn tæki tiltölulega meiri þátt í þeim kostnaði en aðrir atvinnuvegir, þar sem það er lífsskilyrði fyrir þennan atvinnuveg, að haldið sé uppi góðri landhelgisvörn.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. marz 1930.

Erlingur Friðjónsson, form., með fyrirvara.	H. Steinsson. frsm.

Nd. 247. Lög

um viðauka við lög nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög.

(Afgreidd frá Nd. 8. marz).

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgr. 19. gr. laga nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þar, sem félag nær yfir tvær eða fleiri sýslur, má haga kosningum til félagsfunda eftir ákvæðunum um kosningar til fulltrúafunda í samvinnusamböndum, þannig, að hver sýsla félagsins kemur í stað félags í samvinnusambandi og kýs sameiginlega fulltrúa til félagsfunda, eftir því sem samþykktir nánar ákveða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 248. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að veita lögfræðikandídat Jóni Emil Ólafssyni embætti á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita lögfræðikandídat Jóni Emil Ólafssyni embætti á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Lögfræðingur sá, er ræðir um í frv. þessu, hefir sent nefndinni beiðni um að flytja frv. til laga um það, að honum veitist samskonar réttur til embætta á Íslandi eins og hann hefði lokið lagaprófi við Háskóla Íslands. Fylgja þessari beiðni hans ýms meðmæli og skírteini, m. a. umsögn lagadeildar háskólans. Eftir að hafa athugað þessi skjöl, fellst nefndin á, að rétt sé að verða við beiðni umsækjanda, og flytur því frv. þetta.

Nd. 249. Frumvarp

til laga um sveitabanka.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands veitir rekstrarlán til bænda og annara, er landbúnaðarframleiðslu stunda, eftir reglum þeim, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbankans veitir lán til sparisjóða, samvinnukaupfélaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að fé sé eingöngu notað til þess að lána það út aftur til sveitabanka, sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt lögum þessum. Auk þess getur sparisjóðsdeild bankans veitt sjálf lán beint til rekstrarlánafélaga.

Vexti af lánum þessum ákveður stjórn Búnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra.

3. gr.

Samvinnukaupfélög, er gerast milliliðir um rekstrarlán samkv. 2. gr., skulu halda þeirri starfsemi algerlega aðgreindri frá kaupfélagsstarfrækslu sinni, með sérstakri bókfærslu og aðskildum fjárhag.

4. gr.

Sveitabankar eru rekstrarlánafélög með skyldum og réttindum samvinnufélaga. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með þeim afbrigðum, er hér segir:

a. Félagsmenn skulu allir stunda einhverja tegund landbúnaðarframleiðslu og allir vera búsettir í sama byggðarlagi. Þeir mega ekki færri vera en 10 og ekki fleiri en 50. Þó mega félagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
b. Kjörtími stjórnenda skal eigi lengri vera en 2 ár, og er löglegt, að meiri hluti stjórnar gangi úr á sama ári.

   Annar endurskoðandi félagsins skal kosinn af félaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við um rekstrarlán samkvæmt lögum þessum.
c. Félagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.
d. Árgjald í varasjóð félagsins og aðra óskiptilega tryggingarsjóði skal ákveða í samþykktum, eigi minna samtals en svarar $^1/_2$% ársvöxtum af öllum útlánum félagsins. Allur tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð.
e. Sveitabanka er heimilt að taka við innlögum með sparisjóðskjörum frá mönnum, sem búsettir eru á félagssvæðinu, til útlána handa félagsmönnum eða ávöxtunar í tryggum peningastofnunum.
f. Félagsmaður getur jafnan sagt sig úr félagi með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en um ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins fer eftir lögum um samvinnufélög.
g. Undirskrift formanns og minnst helmings meðstjórnenda hans skuldbindur félagið.

5. gr.

Stjórn sveitabanka ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern félagsmann, í samráði við endurskoðendur, fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við búrekstur félagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks félagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr.

Utanfélagsmönnum má ekki lána.

6. gr.

Hver félagsmaður setur félaginu veð eða aðra tryggingu, er félagsstjórn telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma.

7. gr.

Lán sveitabanka veitast gegn víxlum, skuldabréfum eða í reikningslánsviðskiptum.

Víxillán veitast eigi til lengri tíma en 6 mánaða og eigi framlengd lengur en svo, að þau séu að fullu greidd á gjalddaga þeim, sem ákveðinn er í samþykktum félagsins. Reikningslán má veita til 1 árs í senn, er greiðist þá að fullu ásamt ákveðnum vöxtum.

Hver félagsmaður sé skuldlaus einu sinni á ári, á gjalddaga félagsins. Víkja skal manni úr lánsfélaginu, sem ekki stendur í skilum við félagið. Þó getur félagsstjórn gert undantekning frá þessum ákvæðum, ef sérstaklega stendur á.

Lánsfélag, sem ekki stendur í skilum við lánsstofnun, má svipta rekstrarláni næsta ár, eða lengur, ef miklar sakir eru.

8. gr.

Heimili og varnarþing sveitabanka má vera í kauptúni, þar sem félagsmenn hafa aðalviðskipti sín, þótt það sé utan félagssvæðis.

Þar getur og sveitabanki haft skrifstofu undir stjórn umboðsmanns, er annast reikningshald, fjárgeymslu og útborganir bankans og tekur við innlögum og greiðslum til hans. En lán má umboðsmaður sveitabanka ekki veita, né takast á hendur ábyrgð fyrir bankans hönd, nema eftir sérstökum fyrirmælum eða umboði bankastjórnar í hvert sinn.

9. gr.

Sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, er veita sveitabönkum lán, geta í þess stað keypt víxla einstakra félagsmanna með framsalsábyrgð félagsins. Slíka víxla getur stofnunin endurselt með framsalsábyrgð sinni til sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands, enda séu víxlarnir vistaðir þar eða á þá rituð yfirlýsing um, að útgefandi og ábekingar fráfalli afsögn vegna greiðslufalls.

Nú verður víxill, sem sveitabanki hefir ábyrgzt fyrir félagsmann sinn, eigi sýndur á greiðslustað til borgunar á gjalddaga, og glatast þá eigi víxilrétturinn, ef útgefandi og ábekingar hafa, með orðunum »án afsagnar« eða annari slíkri áritun á víxilinn, fráfallið afsögn vegna greiðslufalls.

Víxlar þeir, er sveitabanki ábyrgist fyrir félagsmann sinn, skulu jafnan meðtaldir innan takmarka láns hans samkv. 5. gr., og varasjóðsgjald greiðist af þeim eins og öðrum útlánum rekstrarlánafélaga samkv. 4. gr. d., enda skulu allir slíkir víxlar tilfærðir í bókum sveitabanka.

10. gr.

Auk viðskipta sveitabanka við Búnaðarbanka Íslands, með eða án milligöngu sparisjóða og annara peningastofnana, geta sveitabankar selt víxla sína eða tekið lán hvar sem vera skal.

11. gr.

Um sparisjóðsstarfsemi sveitabanka gilda hin almennu löggjafarákvæði um sparisjóði, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

12. gr.

Stjórn sveitabanka skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni nafnaskrá yfir félagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, í skrifstofu sýslumanns.

Samtímis skal og senda nafnaskrá félagsmanna til peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við, og til Búnaðarbanka Íslands.

13. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal stjórn sveitabanka senda peningastofnun þeirri, er félagið skiptir við, og Búnaðarbankanum, afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Ennfremur tilkynning um breytingar á samþykktum félagsins og nafnaskrá yfir stjórnendur þess og starfsmenn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er félagsmanni sveitabanka rétt að veðsetja honum einu nafni tiltekna flokka búpenings síns, framleiðslutækja og jarðarafurða, er hann á á hverjum tíma eða eignast kann, til tryggingar skuldbindingum sínum við bankann.

Lausafjárveð sveitabanka víkur aðeins fyrir forgangskröfum samkv. 82. gr. skiptalaga, nr. 3, 12. apríl 1878.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld fyrir slík veðskjöl.

Sveitabankar hafa lögtaksrétt fyrir öllum kröfum á hendur félagsmönnum sínum.

15. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sveitabanka og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþykktum slíkra félaga.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 250. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 73, frá 7. maí 1928, um slysatryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin álítur frv. til bóta, en vill gera á því breytingar í samráði við framkvæmdastjóra slysatryggingarinnar. Biðtími iðntryggingarinnar verði 10 dagar,

í stað viku, sem í frv. er, og fallast flm. frv. á það til samkomulags. Greinilegra þykir að taka upp alla 2. málsgr. 4. greinar laganna í frvgr. Þá þykir og rétt að krefjast ekki réttarprófs út af slysum, nema þegar slysatryggingin óskar þess eða lélegum útbúnaði eða hirðuleysi er um slysið að kenna.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. 1. gr. frv. orðist svo:

4. gr. 2. málsgr. orðist svo:

a. Ef meiðslin valda sjúkleika lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, er fyrir slysinu varð, dagpeninga eftir þann tíma og þangað til hann verður vinnufær eða úrskurður er felldur um varanlega örorku eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag; þó mega þeir aldrei fara fram úr $^3/_4$ af venjulegu dagkaupi eða tekjum mannsins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð. Ef hinn slasaði er lögskráður skipverji, fer um rétt hans eftir 95 gr. laga nr. 56, 30. nóv. 1914, fyrstu 4 eða 8 vikurnar, en síðan eftir lögum þessum.

II. Á eftir 1. gr. frv. komi ný gr., er verður 2. gr. og orðist svo:

Síðasti málsl. 12. gr. orðist svo:

Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ófullnægjandi upplýst, eða ef ástæða er til að ætla, að slysið hafi orsakazt af hirðuleysi eða af lélegum útbúnaði, eða slysatryggingin óskar þess einhverra ástæðna vegna, skal lögreglustjóri halda réttarpróf í málinu.

Alþingi, 10. marz 1930.

Gunnar Sigurðsson, form.	Héðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr.	Magnús Guðmundsson.
Magnús Torfason.		Hákon Kristófersson.

Ed. 251. Nefndarálit

um frumvarp til laga um skráning skipa.

Frá allsherjarnefnd.

Aðalbreytingin á gildandi lögum, er frv. þetta fer fram á, er sú, að hin daglegu störf við skráningu skipa og endurskoðun skipamælinga verði framkvæmd í skrifstofu skipaskoðunarstjóra, í stað þess að eftir gildandi lögum eru þau að mestu af hendi leyst sem aukastörf manna í fjármálaráðuneytinu.

Þar sem þegar hefir verið sett á stofn sérstök skipaskoðunarskrifstofa samkv. lögum nr. 58, 14. júní 1929, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, þá telur nefndin þessa breytingu eðlilega og leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 12. gr. Síðasti málsliður 1. málsgr. orðist þannig:

Þegar merki þessi eru orðin ólæsileg eða með öllu máð af, þá verður skip ekki lengur viðurkennt skrásett íslenzkt skip.

Alþingi, 10. marz 1930.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jóh. Jóhannesson.

Ed. 252. Nefndarálit

um frv. til laga um rafmagnsdeild við vélstjóraskólann í Reykjavík.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með nokkrum orðabreytingum, sem allar ganga í þá átt, að setja rafmagn eða raforka í samsett orð, eftir því sem við á, í staðinn fyrir orðið »raf«.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. 2. Í stað »raf-« komi: rafmagns-.
2. Við 2. gr. 3. Í stað »rafvéla« komi: rafmagnsvéla.
3. Við 3.
   a. Fyrir »raffræði« á þrem stöðum komi: rafmagnsfræði.
   b. Fyrir »rafmælingum« komi: rafmagnsmælingum.
   c. Fyrir »rafhlöðum« komi: rafmagnshlöðum.
   d. Fyrir »rafvélum« komi: rafmagnsvélum.
   e. Fyrir »raftækjum« komi: rafmagnstækjum.
   f. Fyrir »allskonar raflagningu« komi: lagningu allskonar rafmagnstækja.
   g. Fyrir »raftækja« komi: rafmagnstækja.
4. Við 5. gr. Fyrir »raflagnir« komi: rafmagnslagnir.
   Fyrir »rafvélar« komi: rafmagnsvélar.
   Fyrir »rafvirkjameisturum« komi: rafmagnsmeisturum.
5. Við 10. gr. Fyrir »rafvirkjameistara« komi: rafmagnsmeistara.

Alþingi, 10. marz 1930.

Páll Hermannsson, form.	Erlingur Friðjónsson, fundaskr.	Jón Þorláksson, frsm.

Ed. 253. Nefndarálit

um frv. til laga um háskólakennara.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta dagaði uppi í þinginu í fyrra. Þá hafði það verið til athugunar í fjárhagsnefnd Ed., er lagði með frv. Er það enn tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. marz 1930.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr. og frsm.	Björn Kristjánsson.

Ed. 254. Nefndarálit

um frv. til laga um útflutningsgjald af síld.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar vill vísa málinu til stjórnarinnar, en á það get ég ekki fallizt. Tel ég rétt, að lækkað sé útflutningsgjald af síld, og mæli því með frv., þótt ég hinsvegar kynni að geta sætt mig við einhverjar breytingar á því, ef fram koma.

Alþingi, 10. marz 1930.

Jón Baldvinsson,
fundaskr., frsm. minni hl.

Ed. 255. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá landbúnaðarnefnd.

Einn nefndarmanna (JBald) er frv. þessu ekki að öllu leyti samþykkur og skrifar undir nál. með fyrirvara. En tveir (JónJ og JKr) leggja til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Á eftir 7. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Nú gerir maður þurrheyshlöðu, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, sem nemi kr. 0,75 á hvert metið dagsverk. Þó veitist engum hærri upphæð en 750 kr.

Styrkir til þurrheyshlöðubygginga skulu ekki fara fram úr 75 þús. kr. alls á ári.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að hlaðan sé byggð eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands og sé með þeirri gerð og þeirri stærð, er samsvarar jörðinni, sem hlaðan er reist á.

Alþingi, 10. marz 1930.

Jón Jónsson, form.	Jónas Kristjánsson, frsm.	Jón Baldvinsson, með fyrirvara.

Nd. 256. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um sveitabanka.

Frá Héðni Valdimarssyni, Jóni A. Jónssyni og Magnúsi Torfasyni.

Þriðja málsgrein 14. gr. frumvarpsins orðist svo:

Lausafjárveð sveitabanka víkur aðeins fyrir forgangskröfum samkv. 82. og 83. gr. skiptalaga, nr. 3, 12. apríl 1878.

Nd. 257. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og ekki getað fundið, að breyting þessi á jarðræktarlögunum sé réttmæt, heldur hið gagnstæða. Ríkissjóður leggur árlega fram mestan hluta þess fjár, sem Búnaðarfélagið hefir til meðferðar. Þar af leiðandi sýnist nefndinni ekki rétt, að Alþingi sleppi nú þeim íhlutunarrétti, sem það hefir um stjórn félagsins.

Engar líkur getur nefndin séð, sem benda í þá átt, að Búnaðarfélaginu yrði betur stjórnað, þó breytt yrði á þá leið, sem frv. á við.

Nefndin leggur því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 10. marz 1930.

Lárus Helgason, form. og frsm. Jón Sigurðsson, fundaskrifari. Þorleifur Jónsson.

Einar Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Nd. 258. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um frv. Meiri hlutinn (MT, GunnS og HV) telur frv. sjálfsagða réttarbót fyrir þá menn, sem eru utan viðurkenndra trúarfélaga, enda í fullu samræmi við 60. gr. stjórnarskrárinnar, 1. og 2. málsgrein, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Minni hlutinn mun senda frá sér sérstakt nefndarálit.

Alþingi, 7. marz 1930.

Gunnar Sigurðsson, form. Héðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr. Magnús Torfason.

Nd. 259. Frumvarp

til laga um refaveiðar og refarækt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um refaveiðar.

1. gr.

Skylt er sýslunefndum að sjá um, að hreppsnefndir hafi umsjón og eftirlit með eyðing refa, eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort heldur sem lönd þessi liggja innan eða utan sýslufélagsins.

Nú eiga fleiri hreppar afrétt saman eða leitarsvæði, og skal þá upprekstrarfélagið eða sameiginlegur fjallskilafundur velja einn eða fleiri menn til þess að sjá um framkvæmdir þessara mála.

Heimilt er sýslunefndum að veita þeim hreppum undanþágu frá grenjaleitum, er fullvíst þykir, að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum, enda hafi þar ekki fundizt dýr í tug ára.

3. gr.

Hreppsnefnd eða þeir, er upprekstrarfélag velur eða sameiginlegur fjallskilafundur fleiri hreppa, skulu ráða einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu í þeim löndum, er þeim ber að annast um samkv. 2. gr. Skal hann (þeir) reiðubúinn til grenjavinnslu hvenær sem gren finnst, ásamt með vökumanni, sem ráðinn er af sömu aðiljum og skotmaður tekur gildan.

4. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 3. gr., að vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggi svo til, að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð.

5. gr.

Þegar gren finnst, hvort heldur er í grenjaleit eða ekki, skal það aldrei yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann gera það, en flýta skal hann sem mest för sinni og þegar í stað fara á grenið aftur og ekki yfirgefa það fyrr en skotmaður kemur. Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, þó finni. En skyldur er sá, sem vitneskju fær, að aðvara skotmann tafarlaust. Skal sá, er þannig varðveitir gren, fá vökumannskaup og aukaþóknun, ef sérstök óþægindi eru.

6. gr.

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á víðavangi, eru eign þess sveitarfélags eða sveitarfélaga, er annast um grenjavinnslu á því svæði samkv. 2. gr.

Nú eru yrðlingar teknir í heimalandi einstakra manna, og skal þá landeigandi og ábúandi fá samanlagt hálfan ágóða af sölu þeirra yrðlinga, er skiptist jafnt á milli þeirra.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða trúnaðarmann upprekstrarfélags eða leitarsvæðis.

Nú er gren unnið að einhverju eða öllu leyti á þann hátt, er segir í niðurlagi 4. greinar, og skal þá sá, er dýrunum náði, fá borgun, sem ekki

má vera undir helmingi þess, sem hinn ráðni skotmaður hefði fengið, og aldrei meiri en hann hefði haft.

8. gr.

Kostnað við eyðing refa í heimalöndum og afréttum skal greiða úr sveitarsjóði, eða sveitarsjóðum eða sameiginlegum fjallskilasjóði, ef fleiri hreppar eiga afrétt saman.

Verði ágóði af grenjavinnslu, skal hann, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við ákvæði 6. greinar, renna í sveitarsjóð, sveitarsjóði eða fjallskila, eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.

9. gr.

Hreppsnefndir eða þeir, sem valdir hafa verið til þess að sjá um refaeyðing samkvæmt ákvæðum annarar málsgreinar 2. gr., skulu fyrir gangnaniðurjöfnunarfund ár hvert, eða fjallskilafund þar, sem fleiri hreppar eiga afrétt saman eða leitarsvæði, leggja fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við refaeyðing í afréttar- eða heimalöndum þeirra.

10. gr.

Nú vinnast hlaupadýr á öðrum tíma en grenjaleit fer fram, og á þá skotmaður 10 kr. fyrir hvert dýr, er hann sannar, að hann hafi unnið. Greiðist gjaldið úr hlutaðeigandi sýslusjóði.

11. gr.

Engu má raska á grenjum nema með samþykki og að fyrirsögn sveitarstjórna. Ekki má láta hunda hlaupa á gren á grenjavinnslutímanum né hafa þar óþarfan umgang eða hark.

12. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir öll þekkt grён og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við gren, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur og látið laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

13. gr.

Sýslunefndum er heimilt að setja með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið staðfestir, nánari reglur um framkvæmd laga þessara innan sýslunnar, svo sem um grenjaleitir, grenjavinnslu og kaupgreiðslu til skotmanna og annað, er lýtur að eyðing refa.

II. KAFLI.

Um refarækt.

14. gr.

Bannað er að geyma refi öðruvísi en í fulltryggum girðingum eða annari öruggri vörzlu. Nú sleppur refur úr vörzlu og næst ekki. Skal þá eigandi sæta að minnsta kosti 200 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem sleppur.

15. gr.

Öll refaræktarbú skulu háð dýralækniseftirliti.

16. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um öryggi refagirðinga, geymslu og flutning refa. Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu hafa sérstakt eftirlit með því, að geymsla refa sé svo örugg sem reglugerð ákveður.

17. gr.

Eigi má flytja út refi lifandi, nema þeir séu fallegir og vel aldir og fylgi dýralæknisvottorð hverri útflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og hvort yrðlingar séu eða eldri dýr.

Þessi vottorð skulu staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

Eigi má flytja út yrðlinga fyrir 20. sept.

18. gr.

Hvert refaræktarbú og annað refaeldi er skyldugt að borga allan kostnað, er eftirlit og annað, er búið varðar, hefir í för með sér, eftir reikningi. Verði ágreiningur um reikning, sker sýslunefnd úr.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslusjóð þar sem brotið er framið, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallnar reglugerðir þær um grenjavinnslu og refarækt, er sýslunefndir hinna einstöku héraða hafa sett, að því leyti er þær koma í bága við lög þessi eða reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur um refagirðingar.

Svo eru úr gildi numin lög nr. 48, 28. nóv. 1919, að því er snertir eyðing refa, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **260. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

I. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 2. gr. 9. (Skólagjöld).
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 12. gr. 11. C. 2. (Viðurværi í Vífilsstaðahæli).
Fyrir »126000« kemur 127200

III. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 13. gr. B. II. a. 4. (Vesturlandsvegur).
Fyrir »40000« kemur 70000

IV. Frá *Hannesi Jónssyni.*
1. Við 13. gr. B. II. a. 4. Nýr liður:
Húnavatnssýsluvegur 15000
2. Við 13. gr. B. II. a. 6. (Vatnsskarðsvegur).
Liðurinn fellur niður.

V. Frá *Einari Jónssyni, Gunnari Sigurðssyni* og *Jóni Ólafssyni.*
Við 13. gr. B. VII. 1. (Akfærir sýsluvegir).
a. Fyrir »40000« kemur 52000
b. Við athugasemdina bætist:
Þar af 12000 kr. tillag til Fjallabaksvegar í Rangárvallasýslu.

VI. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 13. gr. B. VIII. Nýr (rómv.) liður:
Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá 250

VII. Frá *Pétri Ottesen.*
Við 13. gr. B. XII. Nýr (rómv.) liður:
Styrkur til Þorsteins Þorsteinssonar, til þess að reisa gistihús á Húsafelli 4000

VIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við brtt. 229, 17. Við 13. gr. D. III. (Nýjar símalagningar).
a. Fjárhæðin hækki um 20000 kr.
b. Við liðinn bætist aths.:

Þar af 20000 kr. til nýrrar símalínu frá Sandeyri til Staðar í Grunnavík og frá Arngerðareyri til Melgraseyrar.

Til vara:

a. Fjárhæðin hækki um 12500 kr.

b. Við liðinn bætist aths.:

Þar af 12500 kr. til nýrrar símalínu frá Sandeyri til Staðar í Grunnavík.

IX. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Jóni Ólafssyni, Jóni A. Jónssyni, Sigurjóni Á. Ólafssyni* og *Gunnari Sigurðssyni.*

Við 13. gr. D. VI. Nýr liður:

Til að reisa lofttalstöðvar á Ísafirði og Horni... ... 10000

X. Frá *Ólafi Thors.*

Við brtt. 229, 24. Við 13. gr. E. VIII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).

a. Fyrir »91000« kemur 97000

b. Aftan við liðinn bætist aths.:

Af upphæðinni skal verja 6000 kr. til bryggjugerðar í Grindavík, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að.

XI. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*

Við brtt. 229, 30. Við 14. gr. B. II. b. (Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs).

Fyrir »12000« kemur 15000

XII. Frá *Jóni Ólafssyni, Jóni Sigurðssyni* og *Pétri Ottesen.*

1. Við 14. gr. B. III. b. 11. (Skólastjórnarkostn. Menntask.). Liðurinn fellur niður.
2. Við 14. gr. B. IV. b. 2. (Skólastjórnarkostn. Akureyrarsk.). Liðurinn fellur niður.

XIII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*

Við 14. gr. B. VII.

Athugasemdin (um skólagjöld) fellur niður.

XIV. Frá *Haraldi Guðmundssyni* og *Magnúsi Torfasyni.*

Við 14. gr. B. XV. 3. (Kvenfélagið Ósk). Nýr liður:

Til sama félags, byggingarstyrkur, 1/3 kostnaðar, fyrri fjárveiting 10000

XV. Frá *Lárusi Helgasyni.*

Við 14. gr. B. XV. 4. Nýr liður:

Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal... 1500

XVI. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 14. gr. B. XVII. (Blindrakennsla). Liðinn skal orða svo:
Til blindrakennslu:
a. Til kennslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að . 1000
b. Til Sigurbjargar Sveinsdóttur, til framhaldsnáms á blindraskóla í Kaupmannahöfn 1200
2200

XVII. Frá *Jóni Ólafssyni, Jóni Sigurðssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 14. gr. B. XX. (Íþróttakennsla).
Liðurinn fellur niður.

XVIII. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 15. gr. 7. b. Nýr liður:
Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði 1000
enda skal starfrækja safnið í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar.

XIX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Ólafi Thors.*
Við 15. gr. 19. Nýr liður:
Til Arndísar Björnsdóttur, til leiklistarnáms erlendis 2000

XX. Frá *Haraldi Guðmundssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*
Við 15. gr. 19. Nýr liður:
Til Sigrúnar Magnúsdóttur, til leiklistarnáms við leikskóla konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn 2000
Til vara 1500

XXI. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 20. Nýr liður:
Til Karlakórs Reykjavíkur, til söngnáms 1000

XXII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 20. Nýr liður:
Til Gunnars Hallgrímssonar, til þess að kynna sér stjórn hljómsveita erlendis og ljúka námi í fiðluleik 2000
Til vara 1500

XXIII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 20. Nýr liður:
Til Þórðar Kristleifssonar, utanfararstyrkur til söngfræði- og söngkennslunáms 1500

XXIV. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 21. (Skáldastyrkur og listamanna).
Fyrir »6000« kemur 12000

XXV. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 29.
Til Stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja upplýsingaskrifstofu 1500

XXVI. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 33. Við liðinn bætist athugasemd:
Þar af til Guðmundar Friðjónssonar skálds... ... 1500

XXVII. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 16. gr. 3. Nýr liður:
Til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi 5000

XXVIII. Frá *Jóni Sigurðssyni* og *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 16. gr. 8. Nýr liður:
Styrkur til raforkuveitu um Skagafjörð, 1. greiðsla af 3 75000

XXIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 19. (Fiskifélagið).
Fyrir »75000« kemur 90000

XXX. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 16. gr. 26. Nýr liður:
Til Ingu L. Lárusdóttur, til þess að safna fyrirmyndum forns listiðnaðar í söfnum erlendis 3500
Til vara 3000

XXXI. Frá *Jóni Ólafssyni.*
1. Við 16. gr. 27. Nýr liður:
Til Kvenfélagasambands Íslands 10000
2. Við 16. gr. 28. (Samband norðlenzkra kvenna).
Liðurinn fellur niður.
3. Við 16. gr. 29. (Samband austfirzkra kvenna).
Liðurinn fellur niður.
4. Við 16. gr. 30. (Bandalag kvenna).
Liðurinn fellur niður.

XXXII. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 16. gr. 33. Nýr liður:
Til Sjómannafélags Reykjavíkur, til starfrækslu lesstofu fyrir sjómenn og til ráðningastarfsemi 5000

XXXIII. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 17. gr. 11. (Stórstúka Íslands).
Fyrir »8000« kemur 15000

XXXIV. Frá *Ólafi Thors.*
Við 17. gr. 13. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs Margrétar Bjarnadóttur frá Bergvík, til hjálpar fátækum ekkjum og börnum sjómanna í Gerða- og Keflavíkurhreppum 800

XXXV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 18. gr. II. f. 25. Nýr liður:
Til Þórodds Bjarnasonar pósts 1200
Til vara 1000

XXXVI. Frá *Ólafi Thors, Haraldi Guðmundssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Sigurði Eggerz.*
Við 18. gr. II. g. 12. Nýr liður:
Til Guðmundar Kambans 2000

XXXVII. Frá *Ólafi Thors.*
1. Við 18. gr. II. i. 52. Nýr liður:
Til Carls Axels Möllers fyrrv. símstöðvarstjóra.. ... 600
2. Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Keflavíkurhrepp allt að 83 þús. kr. láni (1/3 hluta kostnaðar við bryggjugerð í Keflavík), gegn endurábyrgð sýslunefndar Gullbringusýslu.

XXXVIII. Frá *Jóni Sigurðssyni* og *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að ábyrgjast, gegn endurábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, allt að 500 þús. kr. láni til raforkuveitu um Skagafjörð, enda sé verkið unnið undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.

XXXIX. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 100 þús. kr. láni fyrir Samvinnufélag Eskfirðinga til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meiru en 3/4 af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskiveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna og ábyrgð Eskifjarðarhrepps. Forstöðumaður félagsins og annar endurskoðandi skulu samþykktir af ríkisstjórninni.

XL. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Jóni Ólafssyni.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að greiða séra Kjartani Helgasyni fyrrv. prófasti í Hruna full prestslaun.

Nd. **261. Nefndarálit**

um flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndinni berast ávallt kröfur um aukinn styrk til flóabáta. Þessar kröfur um aukinn styrk stafa sumpart af því, að á stríðsárunum og nokkuð lengi eftir stríðið voru þessar flóaferðir reknar með stórtapi, og eru fyrirtæki þessi víðast hlaðin skuldum. Af sömu ástæðum er það, að á nokkrum stöðum eru farkostir óhentugir, ófullkomnir og of dýrir í rekstri. Verður vart hjá því komizt, að ríkissjóður hlaupi undir bagga með styrk til kaupa á nýjum bátum, t. d. á Ísafjarðardjúpi og Breiðafirði.

Nefndin gerir þó engar tillögur í þessu efni nú, því undirbúningur í héruðunum er ekki svo fullkominn, að tiltækilegt þyki að bera fram ákveðnar tillögur.

Flateyjarbátur hefir haft 12 þús. kr. kostnað við kaup á nýrri vél. Í fjárl. 1930 er veittur 1000 kr. styrkur tilkaupa á vélinni. Austur-Barðastrandarsýsla leggur fram 2000 kr., og vill nefndin fallast á að veita nú 1000 kr., þannig, að tillag ríkissjóðs verði jafnt tillagi sýslunnar.

Nefndin leggur til, að varið verði til flóabáta og annara bátaferða árið 1931 *91000 kr.* og styrknum skipt þannig:

1.	Borgarnesbátur, enda fari hann 10 ferðir til Breiðafjarðar	31000 kr.
2.	Djúpbáturinn	19000 —
3.	Hornafjarðarbátur	7000 —
4.	Til bátaferða innan Austur-Skaftafellssýslu, þar af 800 kr. til Öræfinga	2500 —
5.	Til millilandaskips, með viðkomum við Rangársand (Hallgeirsey), Vík, Skaftárós og Hvalsíki	4000 —
6.	Rangársandsbátur	900 —
7.	Hvalfjarðarbátur	1500 —
8.	Rauðasandsbátur, enda sé styrknum varið í þágu Rauðsendinga...	500 —
9.	Mýrabátur	300 —
10.	Langeyjarnesbátur	300 —
11.	Lagarfljótsbátur...	1000 —
12.	Eyjafjarðarbátur...	15000 —
13.	Flateyjarbátur	7000 —
	Sami upp í kostnað við kaup á nýrri vél...	1000 —
	Alls ...	91000 kr.

Því miður hafa nefndinni ekki borizt skýrslur þær um starfsemi flóabátanna, sem nefndin telur afarmikils um vert að fyrir liggi, til þess að hægt sé að dæma um af fullri þekkingu, hvort nauðsyn sé aukinna ferða og þá aukins styrks, eða úr megi að skaðlausu draga. Aðeins frá tveim bátafélögum, Djúpbátnum og Flateyjarbátnum, hafa nefndinni borizt reikningar og áætlanir.

Þar sem nefndin lítur svo á, að nauðsynlegt sé, að stjórn og þing fái fulla vitneskju um störf þau, sem innt eru af hendi af þeim, sem annast flóabátaferðir, þá vill nefndin gera það að tillögu sinni, að stjórnin borgi ekki síðasta fjórðung styrksins, fyrr en henni berast þessi skilríki: Rekstrar- og efnahagsreikningar, fargjalds- og farmgjaldsskrár, ferðaáætlanir og skýrsla um flutningsmagn, svo og tölu farþega. Þetta á aðeins við um hina stærri báta.

Nefndin hefir borið tillögur sínar um skiptingu styrksins og styrksupphæðina undir formann samgöngumálanefndar efri deildar, og samþykkir hann tillögur nefndarinnar.

Alþingi, 11. marz 1930.

Gunnar Sigurðsson, formaður. Hannes Jónsson, fundaskrifari. Sigurjón Á. Ólafsson.

Jón A. Jónsson, frsm. Hákon Kristófersson.

Nd. 262. Frumvarp

til laga um breyting á áfengislögum, nr. 64, 7. maí 1928.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist:

Heimilt er að ákveða í reglum þessum, að brot gegn þeim varði sektum, frá 100 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir lögum þessum.

2. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld o. s. frv.

3. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist þriðja málsgr., svo hljóðandi:

Hver, sem aflar sér áfengis undir því yfirskini, að hann þurfi á því að halda í lögleyfðum tilgangi, en notar það til nautnar, skal sæta sektum.

4. gr.

a. Fyrsta málsgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Láti læknir af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, hvort heldur er handa mönnum eða dýrum, án þess að hafa gengið úr skugga

um það með rannsókn, að áfengi sé nauðsynlegt til lækninga, eða hann misbeitir á annan veg lækningaleyfi sínu, til að útvega mönnum áfengi til neyzlu, eða hann brýtur reglur þær, er settar eru eða settar verða til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til nautna, heldur aðeins til lækninga, skal hann sæta refsingu samkvæmt 38. gr. þessara laga.

b. Síðasta málsgr. 21. gr. falli burt.

5. gr.

Fyrir orðin í 27. gr. laganna »auk sektar skal greiða 40 krónur á hvern lítra þess áfengis, er innflutt er« komi: Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, er innflutt er.

6. gr.

Fyrir orðin í 30. gr. laganna: »Brot gegn 6. gr. varða sektum samkv. 27. gr. 1, og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi«, komi:

Brot gegn 6. gr. varða sektum, 500—5000 krónum, og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, ef áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun.

7. gr.

Fyrri málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn fyrri málsgr. 11. gr. eða gegn þeim reglum, er settar eru eða settar verða samkv. annari málsgr. sömu greinar, eða gegn þeim öðrum ákvæðum þessara laga, sem banna að veita, gefa, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna, varða sektum frá 500 til 5000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1000 til 10000 krónum.

8. gr.

Síðasta málsgr. 38. gr. laganna falli burt.

9. gr.

Fjórða málsgr. 45. gr. laganna orðist svo:

Brot á þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um meðferð vínanna, varða sektum samkvæmt þessum lögum, og má í reglunum kveða svo á, að refsa skuli fyrir hlutdeild í brotum á reglugerðarákvæðunum.

10. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra inn í meginmál áfengislaga, nr. 64, 7. maí 1928, og gefa þau út þannig breytt.

Nd. 263. Nefndarálit

um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (þskj. 65).

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fyrir nefndinni lágu frv. bæði meiri hlutans og minni hlutans í milliþinganefndinni í tolla- og skattamálum um tekjuskatt og eignarskatt.

Þegar afstaða var tekin til málsins, var einn nefndarmanna (HV) ekki á fundi.

Meiri hl. nefndarinnar telur ekki fært með skatthækkun á þessum tekjustofni ríkissjóðs að ganga svo á tekjustofn sveitar- og bæjarsjóða sem frv. minni hl. gerir, og hefir því hallazt að frv. meiri hl. Með frv. minni hl. væri að vísu séð betur fyrir tekjuþörfum ríkissjóðs, en sveitar- og bæjarsjóðir stæðu þá tekjusneyddir eftir með jafnstóran hluta af útgjöldum til opinberra þarfa og áður, nálægt $^{1}/_{4}$ af samlögðum þörfum til opinberra útgjalda. Þykir meiri hl. nefndarinnar í því hvorki sanngirni eða fyrirhyggja. Útsvörin eru langsamlega megintekjur sveitar- og bæjarsjóða og nær því hinn eini tekjustofn margra þeirra, og þau mega teljast nær algerlega hinn sami tekjustofn sem tekju- og eignarskatturinn. Allt þangað til tekju- og eignarskattslögin voru sett 1921, mátti svo heita, að sveitar- og bæjarsjóðir hefðu þennan tekjustofn nær óskertan. Síðan hafa útgjöld þeirra hraðvaxið án þess að öllum fjölda þeirra hafi verið séð fyrir nokkrum nýjum tekjustofnum.

Þótt meiri hlutinn hafi ekki getað fallizt á tillögur minni hl. í milliþinganefndinni að þessu leyti, hefir hann samt tekið tillit til tillagna hans um ýms önnur smærri atriði, og kemur það fram í breytingartillögum nefndarinnar.

Innan nefndarmeirihl. er ágreiningur um eitt atriði í frv. meiri hl. milliþinganefndarinnar, en það er niðurfelling þess ákvæðis, að tekju- og eignarskatt og útsvör megi draga frá skattskyldum tekjum. Tillaga nefndarinnar um að helminga þessi útgjöld til frádráttar er miðlunartillaga, sem sumir af nefndarmönnum eru þó óbundnir við, en sem ætla má, að meiri hluti þingsins geti fallizt á, og er hið sama að segja um sumar aðrar breytingartillögur nefndarmeirihlutans.

Með þessum formála leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði gert að lögum á þessu þingi með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 3. og 4. málsgr. 2. gr. orðist svo:

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, sem þeir fá fyrir þau störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitagjöldum þeirra íslenzkra

og erlendra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattlöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í hvorutveggja ríkjanna.

2. Við 10. gr.
   a. 2. og 3. málsgr. orðist svo:
   Skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins á milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og allra iðgjaldatekna þess.
   Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga . . . . . vátryggðum.
   b. 5. málsgr. orðist svo:
   Samvinnufélögum ber ekki að telja með tekjum sínum lögboðið tillag til varasjóðs, samkv. 24. gr. laga nr. 30, 27. júní 1921, né verðlagsuppbót þá, er þau úthluta félagsmönnum sínum af eigin vöruskiptum þeirra af innlendum og erlendum vörum, hvort heldur sem verðlagsuppbótin er færð þeim til tekna í viðskiptareikningi eða stofnsjóðsreikningi, en verðlagsuppbótin á innlendum vörum er skattskyld hjá hinum einstöku félagsmönnum sem afrakstur af atvinnu þeirra. Þar á móti er allur ágóði af viðskiptum við utanfélagsmenn, sem ekki fellur til varasjóðs, samkv. 7. lið 3. gr. fyrrnefndra laga, skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félag ekki gert grein fyrir hlutfallslegum viðskiptum við félagsmenn og utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur þess.
3. Við 12. gr.
   a. Upphaf stafliðs g. orðist svo:
   Af framlagi af ársarði samvinnufélaga, öðru en því, sem um ræðir í 10. gr., og hlutafélaga . . . . .
   b. Á eftir staflið g. komi nýr stafliður:
   h. Helming þess, er áfallið hefir og greitt hefir verið í útsvar og tekju- og eignarskatt á árinu.
4. Við 37. gr. Fyrir »tortryggileg« í upphafi 2. málsliðar komi: ófullnægjandi eða tortryggileg.

Alþingi, 11. marz 1930.

H. Stefánsson,	Sig. Eggerz,	Hannes Jónsson,
form. og frsm.	með fyrirv., einnig um rökstuðninginn.	fundaskr., með fyrirvara.

Ólafur Thors,
með fyrirvara.

Nd. 264. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (þskj. 65).

Frá Sigurði Eggerz.

Við 12. gr. Á eftir g-lið kemur nýr stafliður, svo hljóðandi:
Aukaútsvör og tekjuskattur og eignarskattur.

Nd. 265. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hlutinn telur ekki rétt að samþykkja frv. og leggur til, að það verði fellt. Mun verða gerð betri grein fyrir þessu í umr.

Alþingi, 11. marz 1930.

Magnús Guðmundsson, frsm. Hákon Kristófersson.

Ed. 266. Nefndarálit

um frumvarp til laga um útflutningsgjald af síld.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Þótt meiri hluti fjárhagsnefndar viðurkenni fyllilega, að tollur sá, sem eftir núgildandi lögum er greiddur af útfluttri saltsíld, sé óeðlilega hár, samanborið við útflutningsgjald af öðrum sjávarafurðum, þá telur hann sér þó ekki fært að mæla með, að frv. þetta verði samþykkt að þessu sinni, þar sem af því mundi leiða allverulegan tekjumissi fyrir ríkissjóð (c. 200—220 þús. kr. árlega), en hinsvegar er ekki í frv. gerð nein ráðstöfun til að bæta ríkissjóði upp þann tekjumissi á annan hátt.

Alþingi hefir nú á síðustu dögum bundið ríkissjóði nýjan árlegan útgjaldaauka um næstu ár, og er sýnilegt, að ekki verður hægt að taka nægilegt tillit til þeirrar útgjaldaaukningar í fjárlögum þeim, sem nú eru til meðferðar í þinginu, nema því aðeins, að dregið verði til stórra muna úr þeim verklegu framkvæmdum, sem áætlaðar hafa verið. Virðist því meiri hl. fjárhagsnefndar lítt forsvaranlegt að svipta ríkissjóð allverulegum tekjum samtímis.

Hinsvegar álítur meiri hl. sjálfsagt, að mál þetta (lækkun síldartollsins) sé tekið til alvarlegrar yfirvegunar og leitað að leiðum til þess að leiðrétta það misrétti, sem framleiðendur saltsíldar verða fyrir með núgildandi ákvæðum laga um útflutningsgjald, á þann hátt, að ríkissjóði verði jafnframt séð fyrir eigi rýrari tekjustofni.

Leggur því meiri hl. fjárhagsnefndar til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar til athugunar.

Alþingi, 11. marz 1930.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. meiri hl. Björn Kristjánsson.

Nd. 267. Nefndarálit

um frv. til laga um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, fyrst í undirnefnd og síðan öll sameiginlega, og gert sér grein fyrir þeim meginástæðum, sem frv. byggist á. Hefir meiri hl. nefndarinnar, að öllu athuguðu, orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Jón Sigurðsson hefir þá sérstöðu, að hann er andvígur verðhækkunarskatti yfirleitt, þótt hann í þessu máli tjái sig geta fylgt meiri hl. Haraldur Guðmundsson áskilur sér rétt til breytinga við frv. Minni hl. (PO) mun skila sérstöku nál. Nánar í framsögu.

Alþingi, 11. marz 1930.

Ing. Bjarnarson, form.	Bjarni Ásgeirsson, fundaskr.	Jón Ólafsson, frsm.
Jörundur Brynjólfsson.	Jón Sigurðsson.	H. Guðmundsson.

Nd. 268. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 256 [Sveitabankar].

Frá Magnúsi Torfasyni, Héðni Valdimarssyni og Jóni A. Jónssyni.

Aftan við tillöguna bætist: en gengur fyrir krófum samkv. 84. gr. sömu laga.

Nd. 269. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

I. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 12. gr. 3. (Læknisvitjanastyrkur).
a. Fyrir »9050« kemur 9300
b. 18. lið í aths. skal orða svo:
Til Reyðarsands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, og til Múlahrepps 250 kr., 550 kr.

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 21. Nýr liður:
Til Halldórs Kiljans Laxness, til ritstarfa 2500

III. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. i. 52. Nýr liður:
Til Gunnlaugs Indriðasonar veðurfræðings 700

IV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að ábyrgjast, gegn endurábyrgð Norður-Ísafjarðarsýslu, $^4/_5$ hluta kostnaðar við byggingu rafmagnsstöðvar í Súðavíkurhreppi, allt að 60 þús. kr.

Nd. 270. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

I. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. C. 2. (Bátaferðir).
Fyrir »90000« kemur 91200

II. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 16. gr. 3. (Sandgræðsla).
Við liðinn bætist aths.:
Þar af 5000 kr. til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi.
Brtt. 260, XXVII. er jafnframt tekin aftur.

Nd. 271. Breytingartillaga

við frv. til laga um Menntaskóla á Akureyri.

Frá Jóni Ólafssyni.

Við 13. gr.
Síðasti málsliður 1. málsgreinar falli niður.

Nd. **272. Frumvarp**

til laga um að umsjón og fjárhald dómkirkjunnar í Reykjavík sé fengið söfnuði hennar í hendur.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Héðinn Valdimarsson,
Jón Ólafsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja dómkirkjusöfnuðinum í Reykjavík í hendur umsjón og fjárhald dómkirkjunnar með þessum kjörum:

1. Að söfnuðurinn fái úr ríkissjóði allt að 250000 krónum gegn skuldbinding um það, að koma upp kirkju eða kirkjum í Reykjavík fyrir að minnsta kosti ½ milljón króna.
2. Að skuld kirkjunnar við ríkissjóð, ef nokkur verður, falli niður, og
3. Að söfnuðurinn heimili ríkisstjórninni afnot kirkjunnar við prestsvígslur, alþingissetningar og aðrar þær athafnir, sem ríkisstjórnin þarf að nota kirkjuna, gegn þóknun, er nemi lýsing, hitun, ræsting o. fl., sem þessar athafnir hafa í för með sér.

Greinargerð.

Frumvarp svipað þessu var borið fram á síðasta þingi. Má vísa til greinargerðar þess frumvarps (þskj. 179) og kafla, sem þar eru birtir úr bréfi biskups um málið. Er nú vaknaður sterkur áhugi í söfnuðinum fyrir því, að koma upp nýrri og mjög veglegri kirkju, og fjársöfnun hafin í því skyni. En starf þeirra, sem að þessu vinna, sækist mjög seint og erfiðlega, vegna þess, að menn vita, að ríkið er nú kirkjueigandi og ber því skylda til þess að sjá söfnuðinum fyrir sæmilegri kirkju. Til þess að fá söfnuðinn til að leggja verulega fram fé til kirkjubyggingar, er nauðsynlegt, að söfnuðurinn sjálfur eigi kirkjuna og hafi veg allan og vanda af henni. Á hinn bóginn er engin von, að söfnuðurinn vilji taka við kirkju þessari án álags, þar sem fyrir dyrum stendur að ráðast í svo stórkostlegar framkvæmdir sem hér eru orðnar nauðsynlegar og kosta munu allt að 1 milljón króna. Eins og nú er, ber ríkinu að gera þetta, og rétt á litið er því ríkið að losa af sér þungan bagga með því að afhenda söfnuðinum kirkjuna. Má einnig benda á, að fyrir dyrum stendur stór aðgerð á þaki kirkjunnar og viðum, sem húnir eru orðnir vegna leka. Mun sú aðgerð kosta allmikið fé. Sjálfsagt myndi söfnuðurinn láta sér nægja, þó að álag þetta væri greitt á löngum tíma, því að það er öruggt fé. Bréf sóknar- og kirkjubyggingarnefndar dómkirkjusafnaðarins er birt hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Á síðastliðnu ári sneru sóknar- og kirkjubyggingarnefndir dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík sér til hins háa Alþingis með áskorun um það, að Alþingi sæi svo um, að fé yrði veitt úr ríkissjóði til byggingar nýrrar kirkju í Reykjavík. Þessi málaleitun bar þó engan árangur að því sinni, og leyfum vér oss því að ítreka hana hér með. Getum vér látið oss nægja að mestu að vísa til hins fyrra erindis vors og umsagnar biskups landsins um það, en þessi skjöl eru bæði prentuð í athugasemdum við frv. til laga um að umsjón og fjárhald dómkirkjunnar í Reykjavík sé fengið söfnuði hennar í hendur, er lagt var fyrir Alþingi 1929 (Alþt. 1929 A. bls. 483 og 485). Vér viljum enn sem fyrr leggja áherzlu á það:

að núverandi kirkja safnaðarins er fyrir löngu orðin allt of lítil,

að kirkjan er ríkissjóðskirkja og að ríkinu því er bæði lagalega og siðferðislega skylt að sjá söfnuðinum fyrir nægum kirkjum,

að þrátt fyrir þá skyldu ríkisins, er söfnuðurinn fús til að taka á sig verulegan hluta af kostnaðinum við byggingu nýrrar kirkju, en

að óvissa sú, sem enn er á því, hvern hluta ríkið vill eiga að nýrri kirkjubyggingu hér í bænum, og því, hver úrslit verða á tilboði safnaðarins um að taka við umsjón og fjárhaldi dómkirkjunnar, gerir það að verkum, að margir safnaðarmenn eru ófúsir til fjárframlaga til kirkjunnar, meðan svo standa sakir,

að vönduð, ný kirkja mundi kosta nálægt 1 millj. kr. og

að söfnuðurinn fer aðeins fram á, að ríkissjóður greiði 1/4 hluta þess kostnaðar, 250 þús. kr.

Að þessu öllu athuguðu teljum vér það fullvíst, að hið háa Alþingi sjái, að málaleitun safnaðarins er mjög í hóf stillt og svo hagfelld lausn á þessu máli fyrir ríkissjóð sem frekast verður á kosið. Vér viljum taka það fram, að frá safnaðarins hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að fjárveitingu þessari verði skipt niður á fleiri ár.

Reykjavík, 8. marz 1930.

Sigurbj. Á. Gíslason. Ólafur Lárusson. Bjarni Jónsson. Sveinn Jónsson. Pétur Halldórsson. Magnús Blöndahl. Sigm. Sveinsson. Sigurbjörn Þorkelsson. Jón Halldórsson. F. Hallgrímsson. Matthías Þórðarson.

Ed. **273. Frumvarp**

til laga um skráning skipa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 158, með þessum breytingum:

Fyrsta málsgr. 12. gr. hljóðar svo:

Á hvert skrásett skip skal marka nettó smálestatal þess og skráningar-

stafi þess á þiljubitann við aðallestaropið að aftan, ef það má verða, en ella annarsstaðar, þar sem því verður við komið og vel fer á því. Þegar merki þessi eru orðin ólæsileg eða með öllu máð af, þá verður skip ekki lengur viðurkennt skrásett íslenzkt skip.

Fyrir »samkvæmt 6. gr.« í fjórðu málsgrein 13. gr. skal standa: samkv. 7. gr.

Ed. 274. Frumvarp

til laga um rafmagnsdeild við vélstjóraskólann í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Við vélstjóraskólann í Reykjavík skal vera sérstök rafmagnsdeild í tveim ársdeildum.

Er próf tekið að loknu námi í hvorri ársdeild fyrir sig, og nefnast þau árspróf og burtfararpróf.

Stjórnarráðið ræður kennara í samráði við skólastjóra, og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

2. gr.

Við árspróf skal gera þessar kröfur:

1. Í stærðfræði: Kunnátta í almennum talna- og bókstafareikningi, flatar- og rúmmálsfræði.
2. Í eðlisfræði: Kunnátta í aflfræði, hljóðfræði, ljósfræði, hitafræði og rafmagns- og segulfræði.
3. Í vélfræði: Að þekkja frumatriði vélfræðinnar, almenna vélahluti, einkanlega með tilliti til rafmagnsvéla; svo og ýmsar algengar aflvélar.
4. Í teikningu: Að geta gert uppdrætti af einföldum vélahlutum eftir ákveðnum mælikvarða.
5. Í íslenzku: að geta gert íslenzkan stíl um almennt efni skýrt og villulítið.
6. Í dönsku: Að geta lesið og þýtt létt mál.

3. gr.

Við burtfararpróf skal gera þessar kröfur:

Í rafmagnsfræði: Þekking á undirstöðuatriðum rafmagnsfræðinnar og einföldum rafmagnsmælingum, á rafmagnshlöðum og allskonar rafmagnsvélum og rafmagnstækjum, gerð þeirra, uppsetning og gæzlu; ennfremur kunnátta í lagningu allskonar rafmagnstækja. Prófsveinar skulu geta fundið orsakir algengra bilana á tækjum þessum og lögnum; þeir skulu geta áttað sig á tengimyndum. Auk þess skulu þeir kunna að deyfa útvarpstruflanir rafmagnstækja og véla. Þeir skulu þekkja lög og reglugerðir um allt, er að þessu lýtur;

ennfremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er getur stafað frá rafmagni, og kunna að gera einfaldar lífgunartilraunir.

Auk þess er krafizt í öðrum greinum þess, sem nauðsynlegt er til fulls skilnings á rafmagnsfræðinni.

4. gr.

Árspróf er skriflegt og munnlegt, en burtfararpróf er auk þess verklegt. Prófin skulu haldin af prófnefnd, sem er skipuð forstjóra vélstjóraskólans og tveim prófdómendum, er fræðslumálastjórnin skipar; skulu þeir báðir hafa próf frá að minnsta kosti jafngildum skóla og þessi er.

Prófdómendur velja prófverkefni, en kennari í hverri grein heldur hið munnlega og hið verklega próf.

Kennarar dæma um kunnáttu nemenda, hver í sinni grein, ásamt prófdómendum.

5. gr.

Sá einn má ganga undir árspróf, sem:

1. hefir unnið við rafmagnslagnir og rafmagnsvélar í 3 ár eftir 15 ára aldur hjá þeim rafmagnsmeisturum, sem stjórnarráðið tekur gilda;
2. sýnir vottorð frá iðnmeistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi;
3. hefir stundað nám í skólanum einn vetur.

6. gr.

Sá einn má ganga undir burtfararpróf, sem hefir setið í báðum ársdeildum.

7. gr.

Undanþágu frá 3. lið 5. gr. og frá 6. gr. má þó veita þeim, sem getur fært sönnur á, að hann hafi hlotið nægilega þekkingu og þroska til þess að geta gengið undir prófið, enda sendist umsókn hans um það til forstjóra vélstjóraskólans mánuði áður en próf hefst. Skulu umsókninni fylgja, auk áðurnefndra vottorða, skírnarvottorð umsækjanda og vottorð frá þeim, er hafa kennt honum.

8. gr.

Stjórnarráðið setur í reglugerð ákvæði um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kennslunnar, próf o. fl.

9. gr.

Sá einn má setjast í eldri deild, sem hefir staðizt árspróf eða vélstjórapróf.

10. gr.

Þeim, sem hefir náð burtfararprófi, skal veitt skírteini um það. Skírteini eru tvennskonar: annað fyrir þá, sem hafa unnið 3 ár hjá rafmagnsmeistara og síðan stundað nám í báðum ársdeildum; hitt er fyrir þá, sem hafa tekið vélstjórapróf og aðeins setið í eldri deild. Í skírteininu skal telja þær kennslugreinar, sem nemandinn hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn hans, og jafnframt bæði hina lægstu einkunn, er krafizt er til að standast prófið, og þá hæstu, sem unnt er að ná. Skírteinið skal undirritað af forstjóra vélstjóraskólans og hinum skipuðu prófdómendum.

Ed. 275. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Nú gerir maður þurrheyshlöðu, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, sem nemi kr. 0.75 á hvert metið dagsverk. Þó veitist engum hærri upphæð en 750 kr.

Styrkir til þurrheyshlöðubygginga skulu ekki fara fram úr 75 þús. kr. alls á ári.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að hlaðan sé byggð eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands og sé með þeirri gerð og þeirri stærð, er samsvarar jörðinni, sem hlaðan er reist á.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930.

Ed. 276. Frumvarp

til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Á árunum 1934—40 er landsstjórninni heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands á lóð þeirri við Skólavörðutorg, sem skipulagsnefnd Reykjavíkur hefir valið háskólanum í því skyni. Höfuðbyggingin má kosta allt að 600 þúsundum króna, og skal verkið framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum, eða með lántöku eftir heimild Alþingis. Svo skal hagað byggingunni, að taka megi nokkurn hluta hússins til afnota fyrir háskólann, þótt byggingin sé ekki fullger.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar samkvæmt lögum þessum, er, að Reykjavíkurbær gefi háskólanum til sérkvaðalausra afnota um aldur og æfi landsneið frá Skólavörðutorgi milli lóðar landsspítalans og væntanlegs íþróttavallar niður að Hringbraut, og 5 hektara af landi neðanvert við Hringbraut í áframhaldi af ofannefndri byggingarlóð háskólans.

3. gr.

Landsstjórninni heimilast að ætla húsrúm fyrir kennslu í uppeldisvísindum í væntanlegri háskólabyggingu og að láta reisa heimavist fyrir kennaraefni á þeim hluta lóðarinnar, sem ætlaður verður fyrir sjálfstæðar smábyggingar.

Greinargerð.

Þegar Háskóli Íslands var stofnaður á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar árið 1911, var af fjárhagslegum ástæðum ekki unnt að reisa honum viðvarandi sjálfstæða byggingu. Var því efnt til sambýlis í þinghúsinu fyrir Alþingi og háskólann, sem hefir haldizt síðan. Munu þingmenn og kennarar og nemendur við háskólann jafnt hafa fundið, að þrengsli og óþægindi þess sambýlis hafa staðið fyrir þrifum og vinnubrögðum bæði Alþingis og háskólans.

Á hinn bóginn hafa verið margar aðkallandi þarfir um byggingar hin síðustu ár. Það tók 10 ár að ljúka við hið nýja geðveikrahæli á Kleppi. Það mun væntanlega taka önnur 10 ár að koma landsspítalanum í nokkurnveginn viðunanlegt horf. Sveitirnar skorti heppilegar byggingar fyrir ungmennaskóla sína, og er nú verið að bæta úr þeirri þörf með allmiklum kostnaði. Jafnframt munu kaupstaðirnir eftir fáein ár hafa reist byggingar, þar sem mest kallar að, fyrir ungmenna- og sérmenntun. Menntaskólinn í Reykjavík fær höfuðviðgerð um þessar mundir, svo að alllengi mun mega við una. Sýnist því, þegar á allt þetta er litið, sem nú sé kominn tími til að þoka áfram byggingarmáli háskólans.

Núverandi landsstjórn var ljóst, að þetta mál gat ekki legið í þagnargildi, og ritaði því stjórn háskólans bréf og fór þess á leit, að háskólinn leitaðist eftir að fá að gjöf frá bænum lóð við Skólavörðutorg sunnanvert, þar sem skipulagsnefnd hafði ætlað háskólanum stað, og mikið landrými sunnanvert í hæðinni og suður fyrir Hringbraut. Ennfremur var lagt til, að háskólinn tryggði sér vatn úr hitaveitu bæjarins og að hinar ýmsu deildir háskólans gerðu sér grein fyrir húsrúmsþörfum sínum og létu landsstjórnina vita um þessi málalok.

Prófessor Einar Arnórsson sendi landsstjórninni nú í vetur áætlun háskóladeildanna um húsþarfir í hinni nýju byggingu og ósk um, að landsstjórnin léti húsameistara gera áætlun um kostnað og að reynt yrði að hrinda málinu í framkvæmd. Landsstjórnin sneri sér þá aftur til rektors háskólans og bað um vitneskju um svar bæjarstjórnar. Rektor kvaðst hafa vitneskju um, að bæjarstjórn hefði samþykkt að láta háskólanum í té byggingarlóð, en formleg svör hefði háskólinn ekki fengið um málaleitun sína frá bæjarstjórn Reykjavíkur.

Landsstjórninni þótti nú hentugur tími til að bera byggingarmál háskólans fram á Alþingi, þó að ekki yrði hafizt handa fyrr en eftir nokkur ár. Ber þar fyrst til, að slíkt stórmál verður að hafa rækilegan undirbúning. Væri fásinna að hlaupa að byggingu fyrir Háskóla Íslands, því að slík bygging þarf að vera svo vel ger, að hún bæti úr skynsamlegum þörfum þeirra, sem í háskóla ganga á Íslandi um nokkrar næstu aldirnar. Mun sízt af veita næstu þrem árum til að lokið verði þeim undirbúningi. Ber það og til, að þá myndi væntanlega lokið byggingu landsspítalans og héraðsskóla þeirra og gagnfræðaskóla í kaupstöðum, sem nú er verið að starfa að.

Við nánari athugun reyndist tilgangslítið að gera kostnaðaráætlun um

Háskóla Íslands eftir lýsingum á húsaþörf hinna einstöku deilda. Þær tillögur þurfa eðlilega að ganga gegnum margfaldan hreinsunareld áður en tilhögun byggingarinnar er ákveðin. Mun væntanlega sumt úr þeim tillögum verða fellt burtu og öðru við bætt, sem enn er ekki um talað. En á hinn bóginn er einsætt, að ef háskólinn hefði til sinna þarfa nú jafnmikið húsrúm og landið fær í hinni nýju skrifstofubyggingu á Arnarhóli fyrir 250 þús. kr., þá myndi stórvel séð fyrir þörfum háskólans í bráð. Nú vill stjórnin að vísu gera ráð fyrir, að væntanleg höfuðbygging verði til muna stærri og að ýmsu leyti dýrari en Arnarhvoll, en álítur þó, að alls ekki muni verða þörf á stærri byggingu fyrst um sinn en fyrir 600 þús. kr., að viðbættri lóð, sem bærinn leggur til ókeypis. Og þar sem bæði Alþingi og háskólinn hafa fulla þörf til að losna úr sambýli sem allra fyrst, er hér gert ráð fyrir, að nokkur hluti væntanlegrar háskólabyggingar yrði tekinn til afnota, þó að nokkuð væri enn ógert að meginbyggingunni. Má þar aftur vitna til Arnarhvols, sem verður fullger til afnota á einu ári. Og mikið af nauðsynlegasta húsrúmi háskólans eru kennslustofur, sem eru jafneinfaldar að gerð eins og skrifstofur fyrir opinbera starfrækslu.

Landsstjórnin gerir hiklaust ráð fyrir, að Reykjavíkurbær sjái sæmd sína í að gefa háskólanum nægilega lóð fyrir byggingar, tilraunagarða og annara nauðsynlegra hluta, og taka svo ríflega til, að endast megi til að bæta úr vaxandi þörfum margra kynslóða. Mættu Íslendingar vel læra af dæmum erlendra þjóða. Víðast hvar í stórborgum á meginlandi Evrópu hafa háskólarnir verið settir á þröngar lóðir og mjög aðkrepptir. Með vaxandi þörf háskólanna hefir orðið að reisa nýjar byggingar, oft ærið fjarri í sömu borg, til óendanlegs tjóns fyrir þessar stofnanir. En í einu landi í Evrópu, í Englandi, hefir allt öðruvísi verið að farið um suma háskólana, svo sem Oxford og Cambridge, og flesta hina frægustu menntaskóla. Þeim hefir verið lagt til svo ríflegt land í fyrstu, að aldrei verður of lítið, hversu sem nýjar þarfir fæða af sér nýjar byggingarkröfur. Er hér gert ráð fyrir, að Íslendingum beri í þessu efni fremur að feta í fótspor Englendinga heldur en meginlandsþjóðanna, því að þeirra reynd hefir orðið betri.

Samkvæmt tillögum skipulagsnefndar er ætlazt til, að háskólinn verði við hlið stúdentagarðsins, og er þessum tveimur byggingum ætlað að taka að Skólavörðutorgi suðaustanverðu. Að vestan koma margskonar byggingar fyrir söfn landsins, en að norðanverðu, þar sem nú er hús Listvinafélagsins, væri einkar hentugur staður fyrir margháttaða ungmennafræðslu fyrir höfuðstaðinn.

Landsspítalanum hefir verið fest lóð, sem er meir en 4 hektarar að stærð, og er sú lóð suðvestanvert við stúdentagarð og háskóla. En norðvestanvert við Skólavörðutorg er hinn nýi barnaskóli Reykjavíkur og þar fyrir framan tilvonandi íþróttasvæði bæjarins (stadion). Milli íþróttavallarins, landsspítalans, Hringbrautar og Skólavörðutorgs er rétthyrnd landræma, þó skorin í tvennt af Barónsstíg. Þessa sneið, sem er á stærð við lóð landsspítalans, álítur landsstjórnin hæfilega stóra byggingarlóð fyrir Háskóla Íslands. Þar

stæði auk þess stúdentagarðurinn og í framtíðinni margar aðrar minni byggingar tilheyrandi skólanum.

En í viðbót við þetta þarf háskólinn að fá eitthvert landrými sunnanvert við Hringbraut, en í beinu áframhaldi af byggingarlóð sinni. Að vísu er það land ekki ætlað til bygginga, en gæti verið ómetanlega gagnlegt háskólanum, bæði fyrir leikvelli og til ýmiskonar gróðurtilrauna. Er það því hentugra, þar sem flestar hinar næstu stórbyggingar verða væntanlega hitaðar með hveravatni. Á slíkum stöðum er jafnan mikið um volgt vatn, sem hentugt er í gróðrarhús.

Þeir menn, sem einblína á Háskóla Íslands eins og hann er nú, munu telja hér farið fram á óþarfar kröfur um land til handa þessari stofnun. Þeir hinir sömu menn munu einnig telja vel ráðið fram úr málum háskólans, ef hann fær nú á næstu árum eina væna byggingu, sem samsvarar stærð háskólans eins og hann er nú.

En í þessu frv. er byggt á allt öðrum skoðunarhætti. Hér er að vísu gert ráð fyrir, að reist verði vegleg höfuðbygging við Skólavörðutorg handa Háskóla Íslands, en að síðar verði bætt við mörgum sjálfstæðum byggingum á umtalaðri lóð niður að Hringbraut. Með þeim hætti yrði háskólinn að vaxa og byggjast í margar aldir um leið og þjóðin stækkar og viðfangsefnum fjölgar. Væri hallazt að þessu ráði, myndi vel séð fyrir þroska háskólans um ófyrirsjáanlega langan tíma.

Í þriðju grein frv. er gert ráð fyrir, að í hinni nýju háskólabyggingu yrði ætlað rúm fyrir uppeldisvísindi, og að á þeim stað á lóð háskólans, sem ætlaður yrði fyrir minni byggingar, mætti vera heimavist fyrir kennara. Liggja að þessari tillögu sömu rök og sterk. Kennarastéttin er nú orðin meðal hinna stærri launastétta í landinu. Starf hennar er vandasamt og þyngist því meir sem tímar líða. Er svo komið í sumum löndum Evrópu, t. d. Skotlandi og Þýzkalandi, að jafnmikinn undirbúning þarf til að vera barnakennari og til að vera læknir eða lögfræðingur. Á einum mannsaldri mun þróun þessara mála væntanlega komast jafnlangt hér á landi. Þá verða uppeldisvísindin talin ein hin sjálfsagðasta fræðigrein í háskólanum. Þörf landsins í þessu efni er því meiri, þar sem kennaraskólinn stendur nú á lóð landsspítalans og má gera hann þaðan útlægan hvenær sem er.

En þó að uppeldisvísindin séu hér tilnefnd sem væntanleg viðbót við Háskóla Íslands, þá mun sú verða raunin, að þar bætast við fleiri greinar. Sumir þeir menn, sem unnu að stofnum íslenzka háskólans 1911, litu með nokkurri þröngsýni á málið. Þeir álitu háskólann eiga að vera vegna embættismannauppeldis í gömlum stíl. En slíkur stakkur er of þröngur. Nútímalíf í menningarlöndum gerir þær kröfur til háskóla, að starf þeirra gangi inn í alla þræði þjóðfélagsins. Þetta frv. er byggt á því, að Háskóli Íslands eigi að hafa öll skilyrði til að geta vaxið með þjóðinni og á hverjum tíma leyst sístækkandi hlutverk í menningarbaráttu íslenzku þjóðarinnar.

Fylgiskjal I.

Bréf dómsmálaráðherra til Háskóla Íslands.

Reykjavík, 8. jan. 1929.

Út af fornu og nýju umtali um væntanlega háskólabyggingu í Reykjavík, þykir rétt að víkja að nokkrum meginatriðum bréflega til háskólaráðsins.

Engin átylla er fyrir því, að Þingvallanefndin hafi rætt um eða ákvarðað á fundum sínum fram að þessu, að lög um háskólabygginguna yrðu samþykkt á Alþingi á Þingvöllum 1930. Ekki hefir stjórnin heldur enn sem komið er gert neitt viðvíkjandi málinu á þeim grundvelli.

Hinsvegar mun það fullljóst starfsmönnum háskólans og þingmönnum, að samþýli háskólans og Alþingis í þinghúsinu er mjög ófullnægjandi fyrir báða aðila. Alþingi hlýtur að óska þess, að tvíbýli þetta hætti svo fljótt sem því verður við komið, og sama mun háskólinn segja fyrir sitt leyti.

Það verður óhjákvæmilegt að reisa háskólanum nýtt hús við hans hæfi. Það er aðeins fjármálahliðin, sem tefur málið.

Nú myndi ráðlegt að hefja sem allra fyrst hið óhjákvæmilega undirbúningsstarf, sem verður að inna af hendi, áður en hægt er að ætlast til, að borgarar landsins samþykki að taka á herðar sér þær auknu byrðar, sem leiða af háskólabyggingunni.

Fyrsti þáttur í lausn málsins er að tryggja sér lóð fyrir háskólann frá Reykjavíkurbæ. Sú lóð er til, frá Skólavörðutorgi og stúdentagarðinum niður að Hringbraut. Það er nauðsynlegt, að Reyjavíkurbær leggi þessa lóð fram endurgjaldslaust, og jafnframt því hita úr Laugunum í væntanlegar byggingar, eftir því sem framast er unnt. Opinberar byggingar verða í þeim efnum að sitja fyrir húsum einstakra manna. Myndi áreiðanlega flýta fyrir málinu, ef háskólaráðið sneri sér til Reykjavíkurbæjar og óskaði eftir lóð og heitu vatni úr Laugunum, sem heiðursgjöf til háskólans frá Reykjavíkurbæ.

Lóð háskólans þarf að vera mjög stór, ef unnt væri ekki minni en 2—3 dagsláttur, til að gera ráð fyrir nægilegu olnbogarúmi um ókomnar aldir. Þar sem Akureyri hefir keypt handa gagnfræðaskólanum þar 10 dagsláttur af landi, sýnist ekki of mikið, þó að Reykjavíkurbær færi þessa fórn.

Í öðru lagi væri mjög æskilegt, að hinar einstöku deildir háskólans lýstu þörfum sínum að því er snertir húsrúm og að háskólaráðið lýsti sameiginlegum viðbótum, er gera yrði ráð fyrir í náinni framtíð. Þessar tillögur væri æskilegt að fá sendar stjórnarráðinu.

Þá kæmi þriðji þáttur, að láta teikna hinn nýja háskóla og gera áætlun um skipulag hans. Er það hinn mesti vandi og yrði, áður en fastar ákvarðanir eru teknar, að rannsaka hinar nýrri háskólabyggingar og reynslu annara þjóða. Þennan undirbúning yrði að gera sameiginlega af háskólaráðinu, eða nefnd, sem háskólinn setur, og landsstjórninni og sérfræðingum þeim, er hún hefir á að skipa.

Fjórða stigið er að fá fé til bygginga og aukins rekstrar háskólans. Háskólinn ræður yfir nokkru fé í þessu skyni, en að sjálfsögðu yrði meginhluti fjárins að koma með atbeina Alþingis. Að lítt athuguðu máli má gera ráð fyrir, að heppilegast yrði að hafa meginbyggingu háskólans við Skólavörðutorg ekki sérlega stóra, en ætlast til, að minni byggingar, svo sem bókasöfn, rannsóknastofur o. s. frv., yrðu sjálfstæðar á jöðrum hinnar víðlendu lóðar, en grænir vellir milli húsa. Mætti vel fara svo, að byrja yrði á einhverjum af þessum minni byggingum, t. d. bókasafninu.

Jónas Jónsson.

Sigfús Johnsen.

Fylgiskjal II.

Bréf háskólaráðsins.

Reykjavík, 16. apríl 1929.

Í tilefni af bréfi dóms- og kirkjumálaráðherrans, dags. 8. janúar þ. á., um fyrirhugaða háskólabyggingu, sneri háskólaráðið sér þegar til bæjarstjórnar Reykjavíkur og sótti um lóð undir bygginguna, svo og ókeypis upphitun á húsinu með laugavatni. Þessari málaleitun er bæjarstjórnin ekki enn farin að svara. En á fundi 7. marz var svofelld tillaga frá fasteignanefnd samþykkt í einu hljóði: »Nefndin telur rétt, að háskólanum væri ætlað svæðið milli Skólavörðutorgs og Barónsstígs fyrir norðan stúdentagarðinn, og mun það vera ca. einn hektari að stærð, en gerir að svo stöddu ekki tillögur um afhending landsins«.

Jafnskjótt og þetta vilyrði var fengið, og jafnvel fyrr, skaut háskólaráðið málinu til einstakra háskóladeilda, til þess að þær, hver um sig, gætu sagt til um þarfir sínar í væntanlegri háskólabyggingu. Kvöddu sumar deildirnar húsameistara ríkisins á fund með sér, og hafa þær nú loks allar látið uppi álit sín, er sendast hér með sem fylgiskj. 1—4.

Þá er svör deildanna voru komin, og jafnvel fyrr, var málið aftur tekið fyrir í háskólaráði. Að athuguðum tillögum þeirra, hverrar fyrir sig, taldi háskólaráðið rétt, umfram tillögur deildanna, að gera ráð fyrir:

1. Herbergi fyrir háskólaráðið.
2. Kennslustofu, sameiginlegri fyrir allar deildir.
3. Íbúð fyrir háskólaritara á 1. eða 2. lofti.
4. Íbúð fyrir umsjónarmann miðstöðvar o. þvl. í kjallara.

Um leið og háskólaráðið sendir frá sér þessar tillögur sínar til frekari athugunar, áskilur það sér rétt til að vera með í ráðum við væntanlega teikningu.

Væri æskilegt, eins og hæstvirtur ráðherra hefir sjálfur stungið upp á, að nánari undirbúningur undir teikninguna yrði gerður »sameiginlega af háskólaráðinu, eða nefnd, sem háskólinn velur, og landsstjórninni og sérfræðingum þeim, sem hún hefir á að skipa«. Sú nefnd, eða einhver hluti hennar, þyrfti og helzt að sigla, eins og hæstvirtur ráðherra tekur fram, til þess »að rannsaka hinar nýrri háskólabyggingar«.

Um leið og háskólaráðið nú felur hæstvirtum dómsmálaráðherra málið til frekari fyrirgreiðslu, leyfir það sér að þakka honum fyrir, hve vel og viturlega hann hefir í það tekið, og það því fremur, sem hann fyrstur manna í stjórnarsessi hefir séð og skilið nauðsyn háskólans í þessu efni.

Ágúst H. Bjarnason.

Bréf læknadeildar.

Reykjavík, 14. apríl 1929.

Læknadeild kaus 3 kennara (Guðm. Hannesson, Guðm. Thoroddsen og Níels Dungal) til þess að gera bráðabirgðaáætlun um húsnæðisþörf deildarinnar í hinni nýju háskólabyggingu. Hefir hún gert eftirfarandi yfirlit og áætlað flest sem sparsamlegast að auðið varð.

I. *Almennar þarfir.*

1.	Auditorium eingöngu fyrir lækna	7×8 m	56 m²
1.	do. } Einnig notuð af öðrum	5×6 —	30 —
1.	do. }	6×7 —	42 —
1.	Bókaherbergi (handbækur)...	6×5 —	30 —

II. *Efnafræði* (kjallari). Ef til vill í vinnustofubygging landsspítalans.

1.	Kennslustofa	9×6 m	54 m²
1.	Kennaraherbergi, geymsla o. fl.	4×6 —	24 —

III. *Líffærafræði.*

a.	Í kjallara:		
	Líkskurðarstofa	8×5,5 m	44 m²
	Þvottur o. fl.	3×5,5 —	c. 16 —
	Líkageymsla	2,5×4 —	10 —
	Macerationsherbergi	2×4 —	8 —
	Gipssteypa, smíði o. þvíl.	2×4 —	8 —
	Áhöld og birgðir	3×4 —	12 —
b.	Á 2. hæð:		
	Líffærasafn	8×6 —	48 —
	Vinnustofa og kennsluáhöld	4×6 —	24 —

»Studiusalur« (Anatomi, pathologi, pharmacol.) ...	6×6 —	36 —
c. Á lofti:		
Mannfræðisafn[1])	8×8 —	64 —
Dýraklefar (smádýr).	3×6 —	18 —
IV. *Meinafræði. Sýklafræði.*		
a. Í laboratorium spítalans:		
Kennslusalur	12×7 m	84 m²
Vinnuherbergi kennara	4×4 —	16 —
Herbergi fyrir áhöld, forða o. fl.	4×4 —	16 —
Herbergi fyrir thermsstara o. þvíl.	4×4 —	16 —
Tilbúningur næringarefna o. fl.	3×4 —	12 —
Hreinsun og autoclave	3×4 —	12 —
Föt og W. C.	3×4 —	12 —
Dýrahús	7×8 —	56 —
b. Á 2. sal í háskóla:		
Safnstofa	c 11×8 —	88 —
Vinnustofa	4×4 —	16 —
Föt og W. C.	4×4 —	16 —
V. *Lífeðlisfræði.*		
Í háskólabyggingu:		
Eitt herbergi	6×6 m	36 m²
Eitt hliðarherbergi	3×6 —	18 —
VI. *Heilbrigðisfræði.*		
Eitt herbergi	6×6 m	36 m²
VII. *Handlæknisfræði* og Obstetrik.		
Verkfærasafn	ca. 3×6 m	18 m²
		976 m²

Ef dregið er frá aðalupphæðinni húsrýmið í laboratorium spítalans og húsrýmið á lofti, lætur nærri, að þessar þarfir rúmist í byggingu *20×12 m* (kjallara og 2 hæðum), og þó er flest skorið sem mest við neglur sér. Afarerfitt mun það reynast að ætla nokkru af því, sem hér er talið, pláss í viðbótarbyggingu, ef öll herbergjaskipun á ekki að lenda í óreiðu.

Guðm. Hannesson.

1) Ljósmyndastofa og myrkurherbergi þarf nauðsynlega að vera til, til afnota fyrir háskólann.

Bréf heimspekideildar.

Samkvæmt áskorun síðasta háskólaráðsfundar var fundur haldinn í heimspekideild laugardag 30. marz og var þar rætt um húsnæðisþarfir deildarinnar í fyrirhuguðu háskólahúsi. Var deildarforseta falið að skýra háskólaráði frá niðurstöðum fundarins, og voru þær á þessa leið:

I) Deildin telur æskilegt, að bókasafninu í íslenzkum og norrænum fræðum sé ætlað sérstakt herbergi, sem nemendum, fræðimönnum og áhugamönnum einum í þeirri grein sé heimill aðgangur að, enda fái þeir lykla að því með samþykki kennara og bókavarðar. Ritari háskólans hafi með kennurum yfirumsjón með bókasafninu, en velji sér til aðstoðar einn af nemendum deildarinnar. Þar sem prófessor Finnur Jónsson hefir arfleitt háskólann að bókasafni sínu, sem ætla má, að sé að stærð 6—8000 bindi og verður æfinleg eign háskólans, þykir hæfilegt að áætla, að rúm skuli vera í þessu herbergi fyrir 20000 bindi. Það, sem fram yfir það yrði, mætti láta ganga til Landsbókasafnsins eða farga því á annan hátt (eldri útgáfum og algerlega úreltum ritum). Í bókasafnsherberginu sjálfu mætti koma fyrir nægum smáborðum til lestrar, svo að ekki þurfi sérstakan lestrarsal. En í sambandi við það þarf að vera lítil kennslustofa, er rúmaði allt að 30 nemendur (fyrir æfingatíma og yfirheyrslu), og kennaraherbergi með skrifborðum, þar sem bókavörður (háskólaritari) gæti líka unnið störf sín í þjónustu bókasafnsins. Herbergi þetta yrði að vera sæmilega rúmgott, því að gera má ráð fyrir, að kennurum í þessum fræðum verði fjölgað síðar.

II) Ennfremur telur deildin þörf á að ætla sérstakt herbergi (að stærð um 18×6 álnir) fyrir áhöld til sálarfræðilegra tilrauna og æfinga í þeim. Deildin á þegar vísi að slíku áhaldasafni, sem kemur að litlum notum vegna algers húsnæðisleysis. Í sambandi við það ætti að hafa herbergi fyrir bókasafn í heimspekilegum fræðum (allt að 6000 bindi) og kennaraherbergi, sem ætlað væri þrem kennurum.

III) Loks þykir kennurum deildarinnar vera þörf á að hafa aðgang að þremur fyrirlestrarsölum, er rúmi h. u. b. 75, 150 og 600 áheyrendur. Hinn stærsti þeirra ætti jafnframt að vera hátíðasalur háskólans og mætti hafa þar alþýðufræðslufyrirlestra o. fl. En allir þessir salir yrðu jafnframt notaðir af öðrum deildum, og verður auðvitað jafnframt að taka tillit til þarfa þeirra, þegar nánar skal ákveða um stærð salanna og búnað.

Reykjavík, 2. apríl 1929.

Sigurður Nordal

p. t. deildarforseti.

Bréf guðfræðideildar.

Reykjavík, 10. apríl 1629.

Út af ósk háskólaráðsins, um að deildir háskólans láti uppi álit sitt um húsnæðisþörf þeirra, hverrar um sig, í væntanlegri háskólabyggingu, hefir guðfræðideildin samþykkt svofellda yfirlýsingu:

Deildin þarf eina góða kennslustofu fyrir allt að 30 stúdenta, og væna bókageymslustofu, útbúna þannig, að nota megi fyrir vinnustofu (laboratorium). Ennfremur væri mjög æskilegt að hafa í sambandi við bókasafnsstofuna herbergi, þar sem kennarar deildarinnar gætu unnið. Loks telur deildin mjög æskilegt, að komið væri fyrir í háskólabyggingunni litilli og fallegri kapellu.

Magnús Jónsson.

Bréf lagadeildar.

Reykjavík, 3. apríl 1929.

Á fundi lagadeildar háskólans, sem haldinn var í dag, til þess að láta uppi óskir deildarinnar um skipulag fyrirhugaðrar háskólabyggingar, einkum að því er deildina varðar, var samþykkt svofelld yfirlýsing:

Deildin þarf:

1. Kennslustofu handa allt að 40 manns.
2. Aðra kennslustofu, handa allt að 20 manns.
3. Vinnustofu kennara.
4. Vinnustofu súdenta.
5. Bókastofu fyrir allt að 30 þúsund bindi.

Væntanlegri viðskiptadeild þyrfti að ætla húsnæði auk þessa.

Einar Arnórsson.

Nd. **277. Nefndarálit**

um frv. til laga um verðtoll.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti fjárhagsnefndar leggur til, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (HV) var ekki á fundi, er frv. var afgreitt.

Þótt nefndarmeirihlutinn afgreiði frv. óbreytt, þá ber ekki svo að skilja, að nefndarmenn geti ekki hugsað sér breytingar á einstökum atriðum þess, m. a. einhverja tilfærslu á vörum á milli tollflokka. Eru meðmælendur frv. því óbundn-

ir um breytingartillögur um einstök atriði, er fram kynnu að koma, þó þannig, að ekki séu lýrðar tekjuvonir af tollinum svo nokkru verulegu nemi. Að öðru leyti vísast til ástæðna þeirra, er fylgja frv.

Alþingi, 12. marz 1930.

Halldór Stefánsson, form., frsm.	Sig. Eggerz, með fyrirvara.	Hannes Jónsson, fundaskrifari.	Ólafur Thors. með fyrirvara.

Ed. 278. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um landsspítalann.

Frá Ingibjörgu H. Bjarnason.

1. Er það ekki tilætlun ríkisstjórnarinnar, að landsspítalinn verði tekinn til afnota fyrir almenning og til háskólakennslu haustið 1930, svo sem samningur stendur til? Ef svo er:
2. Hvar skal þá fé taka til kaupa á öllum áhöldum og innanstokksmunum, og hvar rekstrarfé, úr því það er ekki talið í fjárlögum?

Nd. 279. Frumvarp

til laga um kirkjuráð.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Setja skal kirkjuráð fyrir hina íslenzku þjóðkirkju, samkvæmt því, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Verkefni kirkjuráðsins er að vinna að eflingu íslenzkrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar með því að:

a. íhuga og gera ályktanir um þau mál, sem varða þjóðkirkjuna í heild sinni og einstaka söfnuði hennar.
b. stuðla að frjálsri starfsemi til eflingar kristnilífi þjóðarinnar, mannúðar- og líknarstarfsemi.

3. gr.

Kirkjuráðið hefir:

1. Ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um þau mál, er kirkjuna varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta konungsúrskurði. Svo og þau mál önnur, er kirkjustjórnin kann að leita álits þess um.

2. Samþykktaratkvæði og ákvörðunarrétt um guðsþjónustur kirkjunnar, veitingu sakramenta og kirkjulegar athafnir og helgisiði, þó eigi fyrr en tillögur ráðsins hafa verið samþykktar á prestastefnu (synodus). Ennfremur um þau mál, er hið almenna löggjafarvald kann að fá kirkjuráðinu til meðferðar og fullnaðarákvörðunar.
3. Rétt til að kjósa 1 mann til að taka þátt í stjórn kirkjulegrar starfsemi í sambandi við útvarp.
4. Ráðstöfunarvald yfir fé því, sem lagt kann að verða til frjálsrar kirkjulegrar starfsemi eða annara kirkjulegra þarfa, eftir nánari ákvæðum, sem fjárveitingavaldið setur í hvert sinn.

Vafaatriði um takmörk á samþykktar- og ákvörðunarvaldi kirkjuráðs samkvæmt 2. lið þessarar greinar sæti úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, þangað til Alþingi ákveður á annan veg með lögum.

4. gr.

Kirkjuráðið skipa 5 menn, biskup landsins og 4 guðfræðingar, kosnir af sóknarprestum þjóðkirkjunnar og kennurum guðfræðideildar háskólans. Kirkjumálaráðuneytið setur reglugerð um kosninguna.

5. gr.

Enginn má eiga sæti í kirkjuráði, nema hann fullnægi þessum skilyrðum:
a. Sé meðlimur þjóðkirkjunnar.
b. Sé orðinn 30 ára að aldri.
c. Eigi löglega með sig sjálfur og
d. hafi óflekkað mannorð.

6. gr.

Kirkjuráðið er ályktunarfært um mál þau, er greinir í 1., 3. og 4. lið 3. greinar, ef 4 eru á fundi.

En um þau mál, er getur í 2. lið 3. greinar, hefir ráðið eigi ákvörðunarrétt, nema það sé fullskipað, eða 4 kirkjuráðsmenn greiði samhljóða atkvæði.

Nú er kirkjuráði með sérstökum lögum falið að gera tillögu um veitingu prestakalla, og er þá ráðið ályktunarfært, þótt eigi séu 4 á fundi, ef þeir, sem eru fjarverandi, senda skriflegt álit og tillögu í símskeyti. Nú verða atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði biskups.

7. gr.

Biskupinn er sjálfkjörinn forseti kirkjuráðs. En ráðið sjálft kýs varaforseta og ræður ritara. Forseti kallar ráðið saman og kemur ályktunum þess á framfæri.

Biskup kallar saman kirkjuráð á ársfund einu sinni á ári. Aukafundir skulu haldnir þegar kirkjumálaráðherra, biskup eða 2 menn í ráðinu óska þess.

8. gr.

Kirkjuráðsmenn fá greiddan framlagðan kostnað og aðstoð eftir reikningi, er ráðuneytið úrskurðar.

Greinargerð.

Kirkjumálaráðherra hefir sent nefndinni frumvarp til laga um kirkjuráð, samið af kirkjumálanefnd, og hefir menntamálanefnd tekið það til flutnings með þeim breytingum, sem samanburður við fylgiskjal I. sýnir. Nefndin hefir auk þess leitað umsagnar biskups (fskj. II.) og framhaldsálits kirkjumálanefndar (fskj. III.) um málið. Nefndin hefir numið burt úr frv. öll ákvæði um kosningu kirkjuráðs, en ætlast hinsvegar til, að þau verði tekin upp í reglugerð, sem kirkjumálaráðuneytið setur.

Fylgiskjal I.

Frumvarp til laga um kirkjuráð, samið af kirkjumálanefnd, ásamt greinargerð nefndarinnar:

1. gr. Setja skal kirkjuráð fyrir hina íslenzku þjóðkirkju, samkvæmt því, sem segir í lögum þessum.

2. gr. Verkefni kirkjuráðsins er að vinna að eflingu íslenzkrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar með því að:

a. Íhuga og gera ályktanir um þau mál, sem varða þjóðkirkjuna í heild sinni og einstaka söfnuði hennar.
b. Stuðla að frjálsri starfsemi til eflingar kristnilífi þjóðarinnar, mannúðar- og líknarstarfsemi.

3. gr. Kirkjuráðið hefir:

1. Ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um þau mál, er kirkjuna varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta konungsúrskurði. Svo og þau mál önnur, er kirkjustjórnin kann að leita álits þess um.
2. Samþykktaratkvæði og ákvörðunarrétt um guðsþjónustur kirkjunnar, veitingu sakramenta og kirkjulegar athafnir og helgisiði, þó eigi fyrr en tillögur ráðsins hafa verið samþykktar á prestastefnu (synodus) og bornar undir héraðsfundi, og meiri hluti þeirra verið þeim meðmæltur. Ennfremur um þau mál, er hið almenna löggjafarvald kann að fá kirkjuráðinu til meðferðar og fullnaðarákvörðunar.
3. Rétt til að kjósa 1 mann til að taka þátt í stjórn kirkjulegrar starfsemi í sambandi við útvarp.
4. Ráðstöfunarvald yfir fé því, sem lagt kann að verða til frjálsrar kirkjulegrar starfsemi eða annara sérstakra kirkjulegra þarfa, eftir nánari ákvæðum, sem fjárveitingavaldið setur í hvert sinn.

Vafaatriði um takmörk á samþykktar- og ákvörðunarvaldi kirkjuráðs samkvæmt 2. lið þessarar greinar sæti úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, þangað til Alþingi ákveður á annan veg með lögum.

4. gr. Kirkjuráðið skipa 5 menn, og eru þeir þessir:

a. Biskup landsins.
b. Lögfræðingur, tilnefndur af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.
c. Guðfræðingur, kosinn af kennurum guðfræðideildar háskólans og sóknarprestum þjóðkirkjunnar.
d. 2 fulltrúar, kosnir af héraðsfundum.

5. gr. Enginn má eiga sæti í kirkjuráði, nema hann fullnægi þessum skilyrðum:
a. Sé meðlimur þjóðkirkjunnar.
b. Sé orðinn 30 ára að aldri.
c. Eigi löglega með sig sjálfur og
d. hafi óflekkað mannorð.

6. gr. Ráðuneytið nefnir lögfræðing, og annan til vara, til að taka sæti í kirkjuráði til 5 ára í senn. Varamaður tekur þar sæti í forföllum aðalmanns.

Nú verður autt sæti lögfræðings, eða varamanns hans, áður en 5 ár eru liðin, og nefnir ráðuneytið menn í stað þeirra fyrir það, sem eftir er tímans.

7. gr. Guðfræðingur sá, er taka skal sæti í kirkjuráði samkvæmt c-lið 4. greinar, skal kosinn til 5 ára í senn. Skulu þeir, er hann eiga að kjósa, senda skrifleg atkvæði sín til biskups fyrir febrúarlok það ár, er kosning fulltrúa á fram að fara. Í marzmánuði telur yfirkjörstjórn (sbr. 12. gr.) atkvæðin, og er sá rétt kjörinn, sem fengið hefir flest atkvæði. Jafnframt skal kjósa varamann, er hlotið hefir guðfræðimenntun, til jafnlangs tíma, til að taka sæti í ráðinu í forföllum aðalmanns, og fer um kosningu hans á sama hátt. Biskup tilkynnir próföstum kosningu aðalmanns og varamanns hans, áður en kosning fulltrúa samkvæmt d-lið 4. greinar fer fram. Verði sæti aðalmanns og varamanns hans autt, áður en kjörtímabil hans er útrunnið, skal kjósa menn í stað þeirra fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu.

8. gr. Fulltrúa skal kjósa á héraðsfundi til 5 ára í senn. Prófastur stýrir kosningu, en héraðsfundur kýs 2 menn í kjörstjórn með honum. Kosning fer fram skriflega, og hafa þeir einir kosningarrétt, er sæti eiga í héraðsnefnd.

9. gr. Kosning fer þann veg fram, að þegar prófastur hefir sett kjörfund, fær hver viðstaddur héraðsnefndarmaður kjörseðil og ritar á hann nöfn og heimilisfang þeirra 2 fulltrúa, er hann kýs. Skilar hann þá kjörstjórninni seðli sínum, en hún lætur hann þegar í umslag undir atkvæðaseðla. Þegar allir héraðsnefndarmenn hafa kosið, lokar kjörstjórnin umslaginu og setur fyrir innsigli sín. Síðan ritar prófastur á umslagið: „Atkvæðaseðlar fulltrúa“ og nafn prófastsdæmisins, en þar undir ritar öll kjörstjórnin nöfn sín. Er þá kosningu aðalfulltrúa lokið.

10. gr. Auk aðalfulltrúanna skal einnig kjósa 2 varafulltrúa. Fer kosning þeirra fram þegar er kosningu aðalfulltrúa er lokið og eftir sömu reglum. Þó ritar prófastur: „Atkvæðaseðlar varafulltrúa“ utan á umslagið, þegar kosningu varafulltrúa er lokið.

Varafulltrúar koma í sæti aðalfulltrúa í forföllum þeirra, og tekur sá þeirra fyrr sæti, sem fengið hefir fleiri atkvæði. Hafi atkvæði verið jöfn, ræður hlutkesti.

Verði sæti fulltrúa og varafulltrúa autt, áður en kjörtímabil þeirra er út-

runnið, skal kjósa fulltrúa og varafulltrúa fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu, eftir sömu reglum og áður.

11. gr. Þegar eftir að kosningu fulltrúa og varafulltrúa er lokið, býr kjörstjórnin um bæði atkvæðaumslögin og setur innsigli sín fyrir. En prófastur sendir kjörgögnin síðan, með næstu póstferð, biskupi, sem er oddviti yfirkjörstjórnar.

12. gr. Yfirkjörstjórn skipa, auk biskups, tveir menn, er ráðuneytið skipar.

Þegar atkvæðaseðlar úr öllum prófastsdæmunum eru komnir biskupi í hendur, kallar hann yfirkjörstjórnina saman til að telja atkvæðin. Eru þeir þá rétt kjörnir fulltrúar, sem flest hafa fengið atkvæðin.

Nú fá 2 menn jafna tölu atkvæða sem fulltrúar, og ræður þá hlutkesti.

Um talning atkvæða varafulltrúa fer á sama hátt.

Yfirkjörstjórn gefur fulltrúum og varafulltrúum kjörbréf.

13. gr. Kærur yfir kosningu samkvæmt 7. og 9. gr. skulu komnar til yfirkjörstjórnar mánuði eftir að kosning hefir fram farið, og sæta þær úrskurði ráðuneytisins.

Nýir fulltrúar taka sæti í kirkjuráði þegar kærufrestur er liðinn eða úrskurður hefir fallið.

14. gr. Kirkjuráð er ályktunarfært um þau mál, er greinir í 1., 3. og 4. lið 3. greinar, ef 4 eru á fundi.

En um þau mál, er getur í 2. lið 3. greinar, hefir ráðið eigi ákvörðunarrétt, nema það sé fullskipað eða 4 kirkjuráðsmenn greiði samhljóða atkvæði.

Nú er kirkjuráði með sérstökum lögum falið að gera tillögu um veitingu prestakalla, og er þá ráðið ályktunarfært, þótt eigi séu 4 á fundi, ef þeir, sem eru fjarverandi, senda skriflegt álit og tillögu í símskeyti. Nú verða atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði biskups.

15. gr. Biskupinn er sjálfkjörinn forseti kirkjuráðs. En ráðið sjálft kýs varaforseta og ræður ritara. Forseti kallar ráðið saman og kemur ályktunum þess á framfæri.

Biskup kallar saman kirkjuráð á ársfund einu sinni á ári. Aukafundir skulu haldnir þegar kirkjumálaráðherra, biskup eða 2 menn í ráðinu óska þess.

16. gr. Kirkjuráðsmenn fá greiddan framlagðan kostnað samkvæmt reikningi, er ráðuneytið úrskurðar.

Ritari fær þóknun fyrir starf sitt, sem ráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum kirkjuráðs.

Greinargerð: Frumvarp það, sem hér kemur fram, er samið eftir einróma ósk síðustu prestastefnu og ýmsra héraðs- og kirkjumálafunda víðsvegar um land.

Fjölmargir áhugamenn í kirkjumálum landsins telja, að með því sé stigið spor í rétta átt til eflingar kristnihaldi þjóðarinnar. Verður mörgum þeirra það æ ljósara, að innan þjóðkirkju landsins er jafnan þörf á samvinnu góðra manna, er hafi vakandi auga á öllum störfum hennar og aðstöðu á hverjum

tíma, svo hún fái sem bezt leyst hlutverk sitt í þjóðlífi voru. Því hefir einatt verið kastað fram, að kirkjan fylgdist ekki með þróun þjóðlífsins sem skyldi. Mjög mikill hluti starfs hennar yrði því, vegna úreltra starfsháttа og skipulags, að minna gagni en vænta mætti, og að kirkjan sé áhugalítil í aðalstarfi sínu, í að styrkja og þroska trúar- og siðferðislíf þjóðarinnar. Ekki mun hægt að neita því, að ásakanir þessar munu, að sumu leyti a. m. k., hafa við nokkur rök að styðjast. En flestir sanngjarnir menn í kirkjunnar garð munu jafnfúslega kannast við það, að sökin sé ekki öll hjá starfsmönnum stofnunarinnar, heldur og að miklum mun í starfsháttum hennar og skipulagi. Á vorum tímum mun engin sú stofnun til, sem þolir, án tjóns fyrir starfsemi hennar, að standa í stað svo áratugum skiptir, að því er kemur til starfsháttа og skipulags, þegar aðstaðan breytist svo ört á öllum sviðum og þjóðlífið er að heita má stöðugum byltingum háð. Vart verður því neitað, að nokkur deyfð hafi hvílt yfir kirkjumálum landsins, og mun það að sumu leyti eiga rót sína að rekja til þess, að söfnuðirnir og kennimenn þeirra hafa eigi átt greiðan aðgang til samvinnu við þing og stjórn landsins og því átt óhægara um ýmis frumkvæði að umbótum á starfasviði kirkjunnar. Löggjafarvaldið hefir haft í mörg horn að líta, og enda ekki ætið svo kunnugt sem skyldi á sviði kirkjumálanna. Þau hafa því einatt orðið útundan þar og fengið að mörgu ófullnægjandi afgreiðslu. Með þetta fyrir augum hefir kirkjumálanefnd orðið sammála um að styðja tillögu prestastefnunnar og ýmsra annara kirkjumálafunda um stofnun kirkjuráðs, er hún væntir, að geti á ýmsan hátt orðið starfi kirkjunnar til styrktar.

Sumir hafa talið það athugavert við stofnun kirkjuráðs, að það muni rýra áhrif biskupsdómsins í landinu, — aðrir aftur á móti, að það muni auka hann um of að áhrifum og völdum, en sennilegt er, að það fari mest eftir áhuga og andlegum yfirburðum biskupanna sjálfra, er sitja á hverjum tíma.

Hversu mikið gagn slíkt ráð gerir, fer að sjálfsögðu eftir því, hversu vel tekst um val fulltrúanna. En sá kostur fylgir því fyrirkomulagi, sem lagt er til í frumvarpi þessu, að ef fulltrúaval skyldi einhverntíma takast svo, að ráðið verði aðgerðalítið það kjörtímabil, þá yrði heldur eigi teljandi sá kostnaður, er það hefði í för með sér.

Það, sem slíkt kirkjuráð ætti að geta komið til leiðar og stutt að, verður einkum:

1. Að kirkjuleg löggjöf væri betur undirbúin og athuguð.
2. Að sameina starfsáhugann innan kirkjunnar.
3. Að leikmenn fengju betra tækifæri til að taka þátt í s t a r f i kirkjunnar.
4. Meira samstarf milli safnaða, kirkjustjórnar og Alþingis.
5. Að kirkjan sjálf finni betur til ábyrgðar í starfi sínu með þjóðinni.
6. Að kirkjan yrði betur undir það búin að halda áfram starfi sínu, ef til skilnaðar drægi síðar meir milli hennar og ríkisins.

Um 1.—2. gr. Ætlazt er til, að verkefni kirkjuráðs verði tvennskonar:

1. að vinna að undirbúningi þeirra löggjafarmála, er þjóðkirkjuna varða sérstaklega, og
2. styðja að frjálsri starfsemi kristnilífinu til eflingar, svo sem t. d. meiri

samvinnu presta um kristilega starfsemi, útgáfu góðra bóka um kristileg efni o. s. frv. Ennfremur að styðja að betra samstarfi áhugamanna innan kirkjunnar um ýmis mannúðar- og líknarmálefni, er varða þjóðina í heild eða einstaka söfnuði hennar.

Innan hinnar sænsku kirkju eru tvennskonar ráð við hlið erkibiskups, og skipta þau með sér verkum þannig, að annað þeirra hefir, ásamt kirkjuþingi, m. a. þau mál til meðferðar, er fyrr greindi, en hitt ráðið vinnur sérstaklega að þeim málum, er síðar sagði. Hér er ætlazt til, að kirkjuráðið vinni að þessu hvorutveggja.

Um 3. gr. Það er tilætlunin með ákvæði því, er segir í 1. lið greinarinnar, að stuðla að sem beztri samvinnu milli kirkjunnar og löggjafarvaldsins. Virðist þeim tilgangi eigi á annan hátt betur náð en með því, að fulltrúar safnaða landsins og kennimanna þeirra fái ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um þau mál, er varða kirkjuna sérstaklega. Ennfremur ætti það að stuðla að góðri samvinnu milli safnaðanna og kirkjustjórnarinnar, að kirkjustjórnin geti leitað álits þessara sömu fulltrúa um þau mál, er henni þykja til þess fallin.

Málefni þau, er ræðir um í 2. lið 3. greinar, 1. málsgrein, hefir löggjafarvaldið ekki á síðari öldum talið vera í sínum verkahring að fjalla um, heldur hafa nefndir kjörinna kirkjumanna í rauninni ráðið þeim málum til lykta með biskupi. Hér er því eigi um neina breytingu að ræða frá þeirri venju, sem gilt hefir, nema þá einu, að tillögur til breytinga skulu bornar undir synodus og héraðsfundi áður en þeim er ráðið til fullnaðar.

Ákvæðin í 2. málsgrein í 2. lið koma þá fyrst til framkvæmda, ef kirkjuráðið getur með starfi sínu áunnið sér traust löggjafarvaldsins. Þar sem vænta má, að allmikil kirkjuleg starfsemi fari fram í sambandi við væntanlegt útvarp, svo sem t. d. að útvarpað verði guðsþjónustum og ýmsum fyrirlestrum og erindum kristilegs efnis, þykir æskilegt, að þegar í byrjun takist hin bezta og nánasta samvinna milli kirkju og útvarps. Virðist sú samvinna bezt tryggð með því, að fulltrúar kennimanna og safnaða kjósi einn mann af sinni hálfu til þess að taka þátt í stjórn hinnar kirkjulegu starfsemi útvarpsins. Er þess m. a. vænzt, að þeim manni, sem þar starfar af hálfu kirkjunnar, verði auðveldara en öðrum að útvega menn víðsvegar að til að flytja fyrirlestra og erindi um andleg mál, er þeir eru á ferð í höfuðstaðnum.

Ákvæði, er greinir í 4. lið, koma því aðeins til framkvæmda, að kirkjuráðið beiti sér fyrir einhverri þeirri starfsemi, er fjárveitingavaldið telur stuðningsverða, og þykir því eigi þurfa skýringa.

Þar sem tilgangur frumvarpsins er alls eigi að draga á neinn hátt hið æðsta vald yfir kirkjunni úr höndum þings eða stjórnar, heldur fyrst og fremst að stuðla að sem beztri samvinnu milli kirkju og þings og stjórnar, þykir sjálfsagt að taka það fram, að úrskurðarvald um takmörk á samþykktar- og ákvörðunarvaldi kirkjuráðs samkvæmt 2. lið þessarar greinar sé í höndum stjórnarinnar og Alþingis.

Um 4. gr. Til þess að sem nánust samvinna fái orðið milli stjórnar og kirkjuráðs, þykir rétt, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið skipi einn mann til að taka sæti í ráðinu, og þar sem ráðið á m. a. að taka þátt í undirbúningi þeirra

löggjafarmála, er kirkjuna varða sérstaklega, þá þykir æskilegt, að sá maður sé lögfræðingur.

Vegna þeirra mála, sem ætlazt er til, að kirkjuráðið fái samþykktaratkvæði og ákvörðunarrétt um, sbr. 2. lið 3. greinar, þykir nauðsynlegt, að a. m. k. einn guðfræðingur eigi sæti í ráðinu, auk biskups, sem er sjálfkjörinn forseti þess. Í kirkjumálanefndinni kom til álita, hvort þessi fulltrúi ætti heldur að vera kosinn af kennurum guðfræðideildar háskólans einum eða af guðfræðikennurum og sóknarprestum landsins. En þar sem deildin er fámenn sjálfstjórnarstofnun, hallast meiri hluti nefndarinnar (4 : 1) fremur að því síðara. Þótt æskilegt væri, að kirkjuráðið skipuðu sjö menn og þar ættu sæti fjórir fulltrúar, kosnir af héraðsfundum, þá hefir meiri hluti nefndarinnar hallazt að því, að kirkjuráðsmenn verði aðeins fimm.

Um 5.—7. gr. Virðast eigi þurfa skýringa.

Um. 8. gr. Nauðsynlegt þykir, að kosning guðfræðings í kirkjuráð fari fram svo snemma á árinu, að prófasti sé það kunnugt, hver hlotið hafi kosningu, áður en hann boðar til héraðsfundar.

Um 9.—13. gr. Ræða um kosningu fulltrúa og varafulltrúa.

Um 14.—15. gr. Í frumvarpi, er kirkjumálanefnd hefir samið um veitingu prestakalla, er gert ráð fyrir, að leitað verði álits kirkjuráðs um veitingu prestakalla, þegar söfnuðir hafa eigi sjálfir kallað sér prest. Þykir þá nauðsynlegt, að ráðið sé ályktunarfært, þótt eigi séu fjórir á fundi, ef þeir, sem eru fjarverandi, senda forseta tillögur sínar skriflega.

Um 16. gr. Þar sem eigi er ætlazt til þess, að kirkjuráðsmenn fái þóknun fyrir starf sitt, heldur aðeins framlagðan kostnað, þykir nauðsynlegt, að ráðinu sé heimilt að taka sér ritara, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Fylgiskjal II.

Álit biskups.

BISKUPINN YFIR ÍSLANDI.

Reykjavík, 24. febrúar 1930.

Háttvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefir með bréfi, dags. 20. þ. m., sent mér til umsagnar „frumvarp til laga um kirkjuráð“, samið af kirkjumálanefnd þeirri, er skipuð var árið sem leið; en dóms- og kirkjumálaráðherra hefir lagt frumvarpið fyrir menntamálanefnd, til þess að hún tæki það til flutnings á Alþingi.

Vil ég hér með verða við tilmælum menntamálanefndar og skýra frá áliti mínu á frumvarpi þessu.

Frumvarp þetta minnir að sumu leyti á frumvarp það, sem kirkjumálanefndin frá 1904 samdi um stofnun kirkjuþings, en ráðherra Íslands sá sér ekki fært að leggja fyrir Alþingi ásamt öðrum frumvörpum nefndarinnar. Einn af

nefndarmönnunum hafði líka lagzt mjög fastlega gegn frumvarpinu í sérstöku álitsskjali, sem prentað var í „Tillögum um kirkjumál Íslands", þar sem öll frumvörp nefndarinnar og álitsskjöl eru prentuð. En sá er þó meginmunur á því frumvarpi, sem nú liggur fyrir, og hinu, sem kirkjumálanefndin frá 1904 lagði fram, að hér er aðeins farið fram á að setja á stofn kirkjuráð 5 manna, er komi saman einu sinni á ári — að minnsta kosti — en í hinu frumvarpinu að setja á stofn kirkjuþing, skipað 24 mönnum, er komi saman 3. hvert ár. En verkefni kirkjuráðsins er ætlazt til að verði hér um bil hið sama og verkefni það, er kirkjuþinginu var ætlað.

En þótt frumvarp þetta um kirkjuráð minni á kirkjuþingsfrumvarpið gamla, þá þykist ég geta fullyrt, að til grundvallar kirkjuráðs-frumvarpinu liggi sænska hugmyndin um „stiftsråd", sem á síðustu tveimur áratugum hafa komizt á fót í flestum biskupsdæmum Svíþjóðar, en eru ólögboðnar sjálfboða-stofnanir, komnar á fót að tilhlutun hlutaðeigandi biskupa, aðallega til þess að aðstoða biskup við undirbúning almennra kirkjufunda fyrir hvert biskupsdæmi, sem tekið hefir verið að halda annaðhvert ár, en auk þess til þess að ráða til lykta ýmsum málum snertandi kirkjulega sjálfboðastarfsemi innan hlutaðeigandi biskupsdæmis. En þessi „stiftsråd" Svía hafa ekki til meðferðar mál, sem snerta þjóðkirkjuna í heild sinni, því að öll slík mál liggja undir atkvæði „almenna sænska kirkjuþingsins" („almänna svenska kyrkomötet"), sem kemur saman 5. hvert ár og er einskonar ráðgjafarþing (stofnað 1863) um kirkjuleg mál, sérstaklega varðandi guðsþjónustu-fyrirkomulag o. fl. þesskonar, sem hið kirkjulega umboðsvald ætlar að leggja fyrir ríkisþing, eða „kyrkomötet" sjálft ætlar að fara fram á, að lagt verði fyrir þingið eða undir konungsúrskurð.

En kirkjumálanefndin fer lengra. Hún hefir auðsjáanlega einnig í huga sænska „domkapitel"-fyrirkomulagið. Í „greinargerðinni" um 1. og 2. gr. segir svo: „Innan hinnar sænsku kirkju eru tvennskonar ráð við hlið erkibiskups, og skipta þau með sér verkum þannig, að annað þeirra hefir, ásamt kirkjuþingi, m. a. þau mál til meðferðar, er fyrr greindi (þ. e. að vinna að undirbúningi þeirra löggjafarmála, er þjóðkirkjuna varða sérstaklega), en hitt ráðið (þ. e. stiftsrådet) vinnur sérstaklega að þeim málum, er síðar sagði (þ. e. að styðja að frjálsri starfsemi kirkjulífinu til eflingar o. s. frv.). Hér er ætlazt til, að kirkjuráðið vinni að þessu hvorutveggja". Þegar í þessum tilfærða kafla greinargerðarinnar er talað um tvennskonar ráð við hlið erkibiskups, þá er þetta byggt á misskilningi hjá kirkjumálanefnd; því að „stiftsråd" sænsku kirkjunnar er sjálfboðaráð í flestum biskupsdæmum (tvö hafa ekkert slíkt ráð: Gautaborgar- og Visbystifti), en ekki í erkistiftinu einu, og dómkapítular eru í öllum biskupsdæmum landsins við hlið biskups. Eru þau arfur frá katólsku, er Svíar einir allra Norðurlandakirknanna hafa haldið. Þeir samsvara að sumu leyti „Landemöderne" í Danmörku og synódus hjá oss, sem sé að því er kemur til útbýtingar styrktarfjár til uppgjafapresta og prestsekkna, en eru annars einskonar kirkjulegt stjórnarráð innan hvers biskupsdæmis, undir forsæti biskups með útskurðarvaldi um ýmis efni, er varða hlutaðeigandi biskupsdæmi (t. a. m. frávikning presta um stundarsakir vegna einhverra yfirsjóna o. þ. h.). Ennfremur hafa dómkapítular talsvert að segja varðandi skólamál biskupsdæmisins, og því

eru venjulega nokkrir skólamenn í hverjum dómkapítula. Aftur á móti hafa dómkapítularnir engin afskipti af hinni frjálsu sjálfboðastarfsemi innan biskupsdæmisins og, mér vitanlega, heldur ekki nein afskipti af undirbúningi mála varðandi kirkjuna í heild sinni, nema hvað það í einstökum málum gerir „propositioner“ til stjórnarinnar, sem hún, ef varða kirkjuna í heild sinni, leggur fyrir „almänna svenska kyrkomötet“ eða dómkapítulinn sjálfur sendir „almänna kyrkomötet“.

En verkefni þessara þriggja aðilja — stiftsråd, domkapitel og kyrkomötet — er í frumvarpi kirkjumálanefndar lagt í hendur væntanlegs kirkjuráðs, sem verður þannig sambreyskingur þeirra allra þriggja.

Ég verð nú þegar að taka það fram, að ég er engan veginn mótfallinn því, að til væri einskonar kirkjuráð, sem biskup gæti borið undir ýmis vandamál, sem fyrir kunna að koma í embættisstarfi hans, þó ekki væri nema til þess að undirbúa prestastefnuna og taka ákvarðanir um, hvaða mál skuli þar tekin til meðferðar. Hingað til hefir venjan verið sú, að biskupar hafa skorað á presta (um hendur prófasta) að tilkynna nokkru á undan hverri prestastefnu, ef einhver sérstök mál hefðu fram að bera — en þær áskoranir borið fremur takmarkaðan ávöxt. Tíðast hefir það farið svo, að einstakir prestastefnumenn hafa á sjálfri prestastefnunni borið fram einhver slík áhugamál sín, sem þá hafa verið rædd og, ef til vill, ályktanir teknar um þau, eða því frestað til næstu prestastefnu að taka fullnaðarályktanir um þau. Leiðir af sjálfu sér, að heppilegast væri, að öll slík mál væru undirbúin af einhverri slíkri nefnd, sem biskup hefði við hlið sér, — hvað sem hún nú héti. En að fara að setja lög um nefnd í því skyni einu, mundi líklega mörgum þykja fullmikið af svo góðu, enda er frumvarp kirkjumálanefndar miklu víðtækara.

Við það, sem í 2. gr. segir um verkefni kirkjuráðsins: „að vinna að eflingu íslenzkrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar“, hefi ég ekki heldur neitt að athuga. Ég mundi þakksamlega bjóða hverja slíka ný-stofnun velkomna, ef ég sæi fram á, að henni væri treystandi til að verða íslenzkri kristni til verulegs stuðnings, hvort heldur er með því að íhuga og gera ályktanir um þau mál, sem varða þjóðkirkjuna í heild sinni og einstaka söfnuði hennar, eða með því að stuðla að frjálsri starfsemi til eflingar kristnilífi þjóðarinnar. En hvorttveggja þetta hefir **prestastefnan** skoðað svo sem verkefni sitt hingað til. Ég veit ekki betur en að hver einasta prestastefna, sem haldin hefir verið þau 34 ár, sem ég hefi átt rétt á að sitja prestastefnu vora, hafi haft til íhugunar einhver þau mál, er varða þjóðkirkjuna í heild sinni eða einhverja frjálsa starfsemi til eflingar kristnilífi þjóðarinnar. Einnig mætti minna á, að m. a. með hliðsjón á þesskonar málum átti ég 1918 frumkvæðið að því, að sett var á fót **Prestafélagið** íslenzka, sem síðan hefir starfað og ýmsu góðu og gagnlegu til leiðar komið.

En því ber ekki að neita, að hér hefir ekki verið að ræða um neinn tillögurétt né heldur um ráðgjafaratkvæði samkvæmt fyrirmælum laga, heldur hefir þetta hvorttveggja verið sjálftekið. En þá mætti spyrja, hvort ráðgjafaratkvæði og tillöguréttur í kirkjuráðsins höndum lögum samkvæmt yrði áhrifaríkari en í höndum synódusar og Prestafélagsins, þótt það væri þar sjálftekið.

Mér liggur við að efast um það. Þegar í 3. gr. 1 segir, að kirkjuráðið hafi „ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um þau mál, er kirkjuna varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta konungsúrskurði“ —, þá mun að sjálfsögðu vera til þess ætlazt af höndum frumvarpsins, að þessi mál verði falin ráðinu til umsagnar og álits áður en þau eru lögð fyrir Alþingi eða skotið til konungsúrskurðar; því að vitanlega nær ekki nokkurri átt að koma með þau eftir á, nema kirkjuráðinu yrði þar gefinn „veto“-réttur, sem ekkert alþingi í heimi mundi samþykkja nú á dögum. En nú gæti hugsazt, að eitthvert mál bæri svo brátt að, að stjórnin gæti ekki náð til kirkjuráðs (sem aðeins kemur saman einu sinni á ári) með það, eða að einhver þingmaður vildi bera fram frumvarp, sem varðaði kirkjuna í heild sinni, — mundi þá stjórnin ekki neyðast til að leggja það fyrir Alþingi að kirkjuráðinu fornspurðu? Eða mundi ekki hver þingmaður, sem slíkt frumvarp hefði með höndum, skoða það beina skerðingu á þingmannsrétti sínum, að frumvarp hans yrði að koma fyrir kirkjuráð, sem þá er ef til vill hvergi til taks, áður en farið yrði að ræða það á þinginu? Ég bendi á þetta sem beinlínis praktiskan agnúa á þessu frumvarpi. Annars þykir mér rétt í þessu sambandi að taka það fram, að ég veit ekki til, að nokkurt mál, sem varðaði kirkjuna í heild sinni, hafi verið rætt á Alþingi þessi 13 ár, sem ég hefi biskupsembætti gegnt, án þess að það væri sent biskupi til umsagnar og athugunar, áður en til fullnaðarúrslita kæmi. Að vísu ber því ekki að neita, að tillögur mínar hafa ekki ávallt verið teknar til greina, svo sem ég vildi óskað hafa. En mundi ekki fara eins, þótt fyrir lægju umsagnir kirkjuráðs með lögmæltu ráðgjafaratkvæði og lögmæltum tillögurétti?

Nokkuð öðru máli kynni að gegna um 2. lið 3. gr., þar sem segir, að kirkjuráðið skuli hafa „samþykktaratkvæði og ákvörðunarrétt um guðsþjónustu kirkjunnar o. s. frv.“, þ. e. um mál varðandi innri hlið hins kirkjulega lífs — þá, er lýtur að kristnihaldinu og guðsdýrkuninni. Kirkjumálanefndin tekur það þó beint fram í greinargerð sinni (undir 3. gr.), að löggjafarvaldið hafi ekki á síðari öldum talið það vera í sínum verkahring að fjalla um þau málefni, heldur hafi nefndir kjörinna manna ráðið þeim til lykta með biskupi. En þegar í frumvarpinu er ætlazt til, að kirkjuráðið fái samþykktaratkvæði og ákvörðunarrétt í þeim málum, þá þýðir þetta það, að stjórnarvöldin eigi alveg að sleppa þessu hér eftir. Það gæti nú í fljótu bragði virzt miður viðeigandi, að kirkjan hafi þar ekki fullt samþykktaratkvæði og ákvörðunarrétt. En þetta er þó ekki svo, þegar betur er að gætt. Menn gleyma tvennu í þessu sambandi, sem ekki má gleymast. Annað er það, að ríkisvaldið telur sér skylt að láta einnig hin innri mál kirkjunnar til sín taka svo sem vörður trúarbragðafrelsisins í landinu. Hitt, sem líka gleymist einatt í þessu sambandi, er það, að þegar konungurinn annaðhvort sjálfur eða um hendur umboðsvaldsins leggur fullnaðarúrskurð á efni, sem varða innri hlið kirkjulífsins, þá gerir hann það kirkjuréttarlega skoðað sem summus episcopus (æðsti biskup) kirkjunnar. Þetta gæti vitanlega orðið verulegt umkvörtunar- og óánægjuefni, ef konungsvaldið beitti svo þessu valdi sínu, að það neyddi upp á þjóðkirkjuna fyrirmælum, sem færu í bága við allan anda evangelísks kristnihalds, að þeim aðiljum fornspurðum, sem þar ættu helzt að hafa atkvæði um. En veit nokkur dæmi slíks? Ég þekki þau ekki,

Líti ég til þeirra kirkjulegra mála, sem talin eru til innri mála kirkjunnar og hafa afgreidd verið með úrskurði konungs eða hins konunglega umboðsvalds, þá veit ég ekki til þess, að nokkurt slíkt mál hafi nokkru sinni verið afgreitt að fornspurðri kirkjunni eða málsvörum hennar, biskupi eða stiftsyfirvöldum, meðan þau voru, eða synódus. Og ég fæ ekki séð, að það geti með réttu talizt skerðing á sjálfsforræði kirkjunnar í innri málum hennar, að konungur (eða umboðsvaldið fyrir hans hönd) leggi fullnaðarúrskurð á þau svo sem æðsti biskup kirkjunnar. Hinsvegar finnst mér það vera æðimikil skerðing á samþykktaratkvæði og ákvörðunarrétti kirkjuráðsins, að tillögur þess verða áður að hafa verið samþykktar á synódus og bornar undir héraðsfundi og þar fengið meiri hluta atkvæða. Og þegar nú þar við bætist, að vafaatriði um takmörk þessa samþykktar- og ákvörðunarvalds kirkjuráðsins eigi að úrskurðast af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, unz Alþingi ákveður á annan veg með lögum, þá fer valdið að verða ærið „problematiskt", enda gæti skeð, að takmörkin yrðu sett svo þröng, að kirkjuráðinu þættu sér tilfinnanlegar hömlur settar með því. Hér kemur einnig annað atriði til greina. Eins og ég tók fram, standa afskipti ríkisvaldsins af innri málum kirkjunnar meðfram í sambandi við, að þess er að vaka yfir trúarbragðafrelsinu í landinu. Nú er því svo farið, að þjóðkirkja á eftir hugtaki sínu að vera **rúmgóð**, svo að allir limir þjóðfélagsins, sem þess óska, geti átt þar heimilisfang. Í annan stað er alkunna, að kröfur sumra manna um frjálsa þjóðkirkju eru einatt af þeim toga spunnar, að þeim þykir þjóðkirkjan of rúmgóð, er hún líður mönnum að eiga þar heima, er ekki fylgja í hverri grein viðurkenndum kenningum kirkjunnar, og vilja því knýta sem fastast að þjóðkirkjunni með óheilnæmum játningaböndum o. fl. þessh. En allt slíkt telst til þeirra innri mála (sérmála), sem frumvarpið ætlar kirkjuráðinu samþykktaratkvæði um og ákvörðunarrétt. Er engan veginn óhugsandi, að svo gæti farið, að kirkjuráðið fyrir undirróður þröngsýnna manna yrði svo skipað, að mörgum manni, sem í þjóðkirkjunni vildi eiga heimilisfang, þætti svo þröngvað kostum sínum, að hann héldist þar ekki við vegna einhverra ákvarðana ófrjálslynds kirkjuráðs.

En sé því nú svo farið, að hvorki það, er segir í 1. eða 2. lið 3. gr., geri setningu sérstaks kirkjuráðs óumflýjanlega, þá gerir hvorki 3. né 4. liður það. Um 3. lið er það að segja, að séu stjórnarvöldin þess fýsandi vegna kirkjulegrar starfsemi útvarpsins, að fá sérstakan kristilega og kirkjulega hugsandi mann inn í útvarpsráðið, þá ætti þeim að vera treystandi til að finna slíkan mann í samráði við biskup án aðstoðar kirkjuráðsins. Og loks hvað ráðstöfunarvald framlagðs fjár til frjálsrar kirkjulegrar starfsemi snertir, þá finnst mér, að fela mætti biskupi eða prestastefnu og biskupi að ráðstafa því á sem heppilegastan hátt.

Það er nú engan veginn að efa, að kirkjumálanefndinni hefir gengið hið bezta eitt til með samningu frumvarps þessa. Henni hefir fundizt of lítið tillit tekið til óska kirkjunnar sjálfrar við meðferð ýmsra mála varðandi hag hennar og alla aðbúð á Alþingi, henni hefir allt of lítið fundizt kveða að frjálsri kirkjulegri starfsemi hér á landi og allt of lítið gert að hluttöku leikmanna í þessu starfi. En mér þykir leitt að verða að efast um, að bætt yrði úr þessu með

kirkjuráði, er saman kæmi að jafnaði einu sinni á ári, að ég nú ekki tali um erfiðleikana, sem á því eru að kalla þingið saman, ef svo færi, að hinir kosnu fulltrúar ættu heima hver á sínu landshorni. Eins og ég vék að, er ég hræddur um, að agnúar yrðu á samstarfi löggjafarþings og kirkjuráðs, er til kastanna kæmi, og að orðið gæti úr kirkjuráðinu beinlínis vafninga-ráð. Val fulltrúanna þriggja gæti að sjálfsögðu tekizt vel, enda er það fyrsta skilyrði fyrir, að kirkjuráðið komi að gagni. En það getur líka misheppnast fyrir ýmis óviðráðanleg atvik. Að vísu færi vel á, að kirkjustjórnin leitaði álits kirkjunnar manna um þau mál, sem hún vill bera fram, annara en biskups. En þyki ekki nóg að leggja þau um hendur biskups fyrir synódus, þá mætti líka snúa sér til prestafélagsstjórnarinnar og guðfræðideildar háskólans og beiðast umsagnar úr þeirri átt. Hvað snertir „hina frjálsu starfsemi til eflingar kristnilífi þjóðarinnar, mannúðar- og líknarstarfsemi", þá fæ ég ekki með minum bezta vilja séð, að slík mál séu betur komin í höndum kirkjuráðs en þeirra stofnana, sem hingað til hafa haft þau með höndum. Öll sjálfboða-starfsemi er, að minni hyggju, bezt komin í höndum sjálfboðanefnda áhugasamra manna; enda er því ekki að neita, að það, sem unnið hefir verið að slíku hér hjá oss, er sjálfboðastarf góðra manna fyrir áhrif einstakra áhugasamra og áhrifarikra sjálfboða. Það gæti jafnvel orðið til þess að draga úr því sjálfboðastarfi, sem hafið er, ef farið væri að skipa með lögum sérstakt ráð fyrir allt landið, til þess að hafa slík mál með höndum. Hvað loks snertir hluttöku leikmanna í starfi kirkjunnar, þá er ég hræddur um, að kirkjuráðið gæti þar litlu til leiðar komið. Svo sem kunnugt er, eru nú ca. 50 ár síðan er vér fengum lög um sóknarnefndir og héraðsfundi. Hvorttveggja þetta átti meðal annars að gefa leikmönnum betra tækifæri til þátttöku í starfi kirkjunnar. En getum vér sagt, að vonir þeirra, sem báru það mál fram, hafi rætzt? Ég hygg, að kirkjuleg leikmannastarfsemi verði aldrei knúð fram af neinum lögskipuðum nefndum, heldur spretti hún ávallt úr jarðvegi kristilegrar vakningar. Þar, sem tekst að vekja safnaðarmeðvitundina, vaknar líka safnaðarlíf, en vaknandi safnaðarlíf hrindir aftur á stað hinni kristilegu safnaðarstarfsemi, sem einatt einkennist af hluttöku leikmanna í því starfi.

Af því, sem sagt hefir verið hér að framan, leiðir, að ég — með fyllstu virðingu fyrir þeim góða hug til kirkjunnar og einlægu velvildarþeli, sem alstaðar má lesa milli línanna í frumvarpinu og greinargerðinni — get ekki álitið neina brýna þörf á lagasetningu um kirkjuráð, og hefi af margítrekuðum lestri frumvarpsins og greinargerðarinnar ekki getað sannfærzt um, að ávinningurinn af skipun kirkjuráðsins yrði eins mikill og nefndarmenn álíta, að hann muni verða. Ýmislegt af því, sem hér hefir verið drepið á, mun ég hafa tekið fram í umræðum þeim, sem urðu um málið á síðustu prestastefnu vorri, þótt vitanlega gæti enginn þá vitað, með hvaða sniði frumvarp um þetta efni yrði hjá kirkjumálanefndinni. Og af því tekið er fram í upphafi greinargerðarinnar, að frumvarpið sé samið eftir **einróma ósk** síðustu prestastefnu, þykir mér rétt að setja hér tillöguna eins og hún var borin upp og samþykkt á prestastefnunni:

„Prestastefnan telur **æskilegt**, að kirkjunni sé veittur meiri ihlutunar- og tillöguréttur um þau löggjafarmál, sem hana varðar, og *er því meðmælt*, að

sett sé kirkjuráð við hlið biskups, er eigi tillögurétt og ráðgjafaratkvæði um öll slík löggjafarmál, áður en þau eru lögð fyrir Alþingi og verða að lögum".

Annað var ekki samþykkt á prestastefnunni viðvíkjandi kirkjuráðinu. Hefir kirkjumálanefnd skiljanlega þótt þetta fulllitið verkefni fyrir kirkjuráðið og því í frumvarpi sínu farið miklu lengra en prestastefnunni kom til hugar að fara.

Jón Helgason.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

Framhaldsálit kirkjumálanefndar.

Menntamálanefnd Nd. Alþingis hefir afhent formanni kirkjumálanefndar frumvarp til laga um kirkjuráð, ásamt umsögn biskupsins um frumvarpið, og óskað skýringar þeirra nefndarmanna, er til næðist, um þau atriði þess, er biskup hefir sérstaklega bent menntamálanefnd á í umsögn sinni.

Leyfum við undirritaðir okkur því að verða við þessari ósk menntamálanefndar.

Biskupinn tekur hugmyndinni um kirkjuráð, svo sem öðrum tillögum kirkjumálanefndar, vinsamlega og tekur það beinlínis fram, að hann sé „engan veginn mótfallinn því, að til væri einskonar kirkjuráð, sem biskup gæti borið undir ýmis vandamál, sem fyrir kunna að koma í embættisstarfi hans". Og nefnir hann m. a. eitt þeirra mála í umsögn sinni. Ennfremur kveðst hann mundu „þakksamlega bjóða hverja slíka ný-stofnun velkomna", er hann gæti treyst til að verða íslenzkri kristni til stuðnings, Og þá lýsir hann því og yfir, að frumvarp þetta beri alstaðar vott um góðan hug og einlægt velvildarþel til kirkjunnar. En hinsvegar bendir hann á ýmsa agnúa, er honum virðist vera á fyrirkomulagi því, er frv. gerir ráð fyrir, og virðist verksvið þess of víðtækt. Þó hefir hann ekkert að athuga við 2. gr. frv., er í almennum orðum tekur fram verkefni ráðsins, en bendir aðeins á, að prestastefnan hafi þessi verkefni þegar með höndum.

Mundi þá kirkjuráð draga úr áhrifum og þýðingu hinnar almennu prestastefnu? Einmitt hið gagnstæða hefir vakað fyrir kirkjumálanefndinni, er hún samdi frv. Því að, eins og biskupinn sjálfur bendir á, hefir það tilfinnanlegast hamlað áhrifum prestastefnunnar allt til þessa, að mörg þau málefni, er hún hefir tekið til meðferðar, hafa einatt verið lítt eða ekki undirbúin, er prestarnir komu saman, og þeir því ekki getað athugað þau, svo sem æskilegt hefði verið, á svo stuttum tíma — 2½ degi, — sem prestastefnan stendur yfir. Fyrir því var það m. a. hugsun kirkjumálanefndar, að kirkjuráð væri biskupi til aðstoðar við undirbúning mála undir prestastefnu, og gæti það nokkru orkað um áhrif og þýðingu hennar.

Það er réttilega tekið fram hjá biskupi, að samkv. frv. er kirkjuráði ætlað að hafa allmörg hinna sömu mála til meðferðar, sem talin eru í frv. kirkjumálanefndarinnar frá 1904 um stofnun kirkjuþings. En það frv. var svo sem kunnugt er samið og borið fram af meiri hluta þeirrar nefndar, þeim séra Jóni Helgasyni prestaskólakennara, séra Eiríki Briem prestaskólakennara og séra Árna Jónssyni prófasti. Hinsvegar var verksvið kirkjuþingsins samkv. því frv. miklu víðtækara. T. d. er ekki ætlazt til þess, að játningarritin heyri undir verksvið kirkjuráðs, en samkv. frumvarpi kirkjumálanefndar 1904 var kirkjuþingi veitt fullt samþykktar- og ákvörðunarvald þar að lútandi. Höfundar kirkjuráðsfrumvarpsins telja ekki æskilegt, að ráðið hafi svo viðkvæmt stefnumál til meðferðar. Og það þegar af þeirri ástæðu, að *þá* hefði, a. m. k. með einhverjum rétti, mátt segja, að kirkjuráðið gæti orðið hættulegt kenningarfrelsi presta.

Biskupinn bendir ennfremur réttilega á, að við samningu frv. þessa hafi kirkjuskipun Svía a. n. l. verið tekin til fyrirmyndar. Enda er svo talið, að sænska kirkjan sé ein fremsta þjóðkirkjan, og hefir fyrirkomulag hennar mjög verið haft til fyrirmyndar í hinni nýju kirkjuskipun Finnlands, þar sem kirkjan er þjóðinni mjög ástfólgin stofnun. En þó kom höfundum frumvarps þessa eigi til hugar, að íslenzka kirkjan fengi þann ákvörðunarrétt um sín eigin mál, sem hin sænska kirkja.

Í 87. gr. í stjórnarskrá Svíþjóðar segir, að til þess að sett verði kirkjulög, eða þau úr gildi numin, þurfi samþykki almenns kirkjuþings. Þykir þetta stjórnlagaákvæði einkum hafa orðið til góðs að því leyti, að kirkjan verði ekki eins háð dutlungum þingflokkanna um þau mál, er taka inn á starfssvið hennar. En kirkjumálanefnd hefir ekki farið fram á, að íslenzka kirkjan fengi því líkan rétt til að stjórna sínum eigin málum.

Hitt taldi nefndin hollt, bæði þjóð og kirkju, að kirkjan, eða fulltrúar hennar, fengi ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um hennar eigin mál, svo sem sumar íslenzkar stofnanir aðrar hafa þegar fengið að lögum, samanber t. d. lög um fræðslumálanefndir, nr. 19 1928, o. fl. Leit kirkjumálanefndin svo á, að slíkt fulltrúaráð gæti m. a. bæði varnað að nokkru ýmiskonar fljótræði stjórnmálaflokkanna í kirkjumálum, og jafnvel á ýmsan veg mildað og sefað stefnudeilur innan kirkjunnar, svo þær sundruðu síður starfskröftum hennar. Leiðir það m. a. beint af því, að mönnum af ýmsum stefnum er falið að vinna saman að sameiginlegum áhugamálum. Því að einatt verða stefnudeilur beiskari fyrir það, að menn hafa ekki fengið tækifæri til samstarfs og kynningar.

Um nokkur hin nánari fyrirkomulagsatriði, svo sem um forsæti biskups, tók kirkjumálanefndin „domkapitel“ sænsku kirkjunnar til fyrirmyndar. Og í frv. nefndarinnar um veitingu prestakalla er gert ráð fyrir, að kirkjuráð hafi, undir sérstökum atvikum, tillögurétt um veitingu prestakalla (þ. e. þegar vilji safnaðanna kemur ekki eindregið í ljós), þó að á annan veg sé en um dómkapítulann í Svíþjóð. Hinsvegar er kirkjuráðinu alls ekki ætlað að vera neinn prestadómstóll, eins og dómkapítulinn, heldur er ætlazt til þess, að mál, er varða kenningar presta og líferni, verði hér eftir sem hingað til sótt og varin fyrir prófasts- og synódalrétti.

Nefndin hafði hinsvegar ekki í huga hin svonefndu „stiftisráð“ sænsku kirkjunnar (eins og ætla mætti samkv. umsögn biskups), með því að þau eru ekki lögboðin. En þegar nefndin talar um ráð við hlið erkibiskups Svíþjóðar, er hafi með höndum verkefni þau, er greinir í b-lið 2. gr., þá á hún við hið merka ráð „svenska kyrkans diakonistyrelse“, er erkibiskup veitir forsæti og stofnað var með konunglegri tilskipun 9. des. 1910. Á það ráð sérstaklega að glæða og vekja áhugann á líknar- og safnaðarstarfsemi innan sænsku kirkjunnar og hjálpa hverjum vísi til þeirrar starfsemi á leið. Skiptir ráðið með sér verkum um margskonar forgöngu, svo sem að bókaútgáfu um ýmis kristileg efni og mannúðarmál, unglingastarfsemi og starfi meðal verkamanna og fátæklinga. Hefir erkibiskupinn átt ágæta stoð í ráði þessu og verður áhrifa þess vart á flestum sviðum kirkjulífsins. (Sbr. m. a. Ásg. Ásg.: „Sænska kirkjan“. Pr.fél.rit. 1919). Taldi nefndin sér enga vansæmd að taka þetta ráð til fyrirmyndar, er hún samdi b-lið 2. gr. frv., með því að það mun vera talið einhver hin merkasta stofnun innan þjóðkirknanna á Norðurlöndum.

Vart getur það talizt líklegt, að það yrði til þess „að draga úr því sjálfboðastarfi, sem hafið er“ í mannúðar- og líknarstarfi meðal þjóðarinnar, að sett verði sérstakt ráð eða nefnd innan kirkjunnar, til þess að stuðla að því starfi og glæða og vekja meiri áhuga í því efni, sbr. b-lið 2. gr. Ekki hefir a. m. k. sú orðið reynslan í Svíþjóð, að sjálfboðastarf hafi þar verr þróast.

Eins og biskup bendir á um 1. lið 3. gr. frv., er ætlazt til þess, að ráðinu verði falin kirkjuleg löggjafarmál til umsagnar og álits, áður en Alþingi samþykkir þau til fullnaðar eða þeim er skotið til konungsúrskurðar.

Í sambandi við þetta bendir biskup á þann „praktiska agnúa“ á frv., að ráðuneytið geti neyðst til að bera fram frv. til laga, án þess að það verði borið undir kirkjuráð, „sem aðeins kemur saman einu sinni á ári“. En meðal annars þess vegna er það ákvæði sett í 15. gr. frv., að „aukafundir skulu haldnir þegar kirkjumálaráðherra, biskup eða tveir menn í ráðinu óska þess“, þótt sennilega þyki heppilegt, að ársfundur verði einmitt haldinn meðan Alþingi situr. Af sömu ástæðu eru og þau ákvæði í frv., að hafðir séu varamenn til að taka sæti í ráðinu í forföllum aðalmanna allra, nema biskups. Verður þá eigi séð, að það sé erfiðleikum bundið að ná saman fundi í ráðinu, ef nauðsyn ber til.

Að því er tekur til þeirra kirkjulagafrumvarpa, er einstakir þingmenn kunna að bera fram á Alþingi, þá virðist reynslan ekki benda til þess, að alþingismenn séu yfirleitt svo óðfúsir að flytja frumvörp um kirkjuleg málefni, að það geti talizt „bein skerðing þingmannsréttarins“, þótt þeir yrðu ef til vill í einstökum tilfellum að gera biskupi aðvart nokkru áður um þau kirkjulagafrumvörp, er þeir hefðu í huga að bera fram á Alþingi.

Ef eitthvert kirkjumál, er skipa þarf með konungsúrskurði, bæri einhverju sinni svo bráðan að, að ekki þætti tiltækilegt að kalla kirkjuráð saman áður, þá mundi auðvelt, í svo sjaldgæfum tilfellum, að gefa út bráðabirgðaúrskurð, eins og gefin eru út bráðabirgðalög milli þinga.

Biskupinn telur það varhugavert, að kirkjan hafi sjálf samþykktar- og ákvörðunarrétt um guðsþjónustur sínar, veitingu sakramenta og kirkjulegar athafnir og helgisiði, heldur þurfi hið veraldlega vald að vaka yfir því, að kirkjan

misbeiti ekki þessum takmarkaða rétti til skerðingar trúarbragðafrelsi í landinu. Kirkjumálanefndin er gagnstæðrar skoðunar. Hún taldi enn minni líkur til þess, að trúarbragðafrelsi landsmanna væri hætta búin, ef kirkjuráð kæmist á, en með því fyrirkomulagi, sem nú er. Því að ætla má, að í kirkjuráði ættu jafnan sæti fulltrúar frjálslyndrar og íhaldssamrar trúmálastefnu, meðan þær stefnur eru til í landinu. Og þá mundu þær stefnur, sem uppi væru á hverjum tíma, einmitt mótast hver af annari og mildast við það, að fulltrúar þeirra ynnu saman í fámennri nefnd. Hinsvegar væri ekki óhugsandi með því fyrirkomulagi, sem nú er, að ef þröngsýnn biskup og einráður ráðherra yrðu sammála, þá gætu þeir í sameiningu gert þær ráðstafanir, sem yrðu trúfrelsi manna hættulegar. Að vísu er sú lögskýring til, frá þeim tíma, er konungur valdbauð „hina einu réttu trú“ allra þegna í landinu, að hans hátign konungurinn sé „æðsti biskup“ (summus episcopus) kirkjunnar, og því er lögboðið, að hann skuli vera evangelisk-lúterskrar trúar.

Biskupsdómur konungs er nú í reyndinni, samkv. stjórnarskránni, kominn í hendur kirkjumálaráðherra. En þar sem sá ráðherra mun eigi að lögum þurfa að vera meðlimur þjóðkirkjunnar, eða yfir höfuð að vera nokkurrar guðstrúar, þá virðist engin sérstök nauðsyn bera til þess, að hann hafi einn lagavald til að skipa fyrir um guðsþjónustur og sakramenti kirkjunnar, svo sem „æðsti biskup“ hennar.

Hinsvegar taldi nefndin rétt að setja samþykktar- og ákvörðunarrétti kirkjuráðsins hæfileg takmörk, t. d. á þann veg, er segir í 2. lið 3. gr. frv. og í niðurlagi sömu greinar, sbr. ennfr. 14. gr. 2. málsgr. En þetta og önnur minni háttar fyrirkomulagsatriði leggur nefndin ekki áherzlu á.

Að sjálfsögðu getur kosning kirkjuráðsfulltrúa tekizt misjafnlega vel, því að svo er um allar kosningar, einnig um kosningu prestafélagsstjórnar og jafnvel sjálfs biskupsins, þegar lög um það efni koma til framkvæmda. En þar sem kosning til ráðsins fer fram 5. hvert ár, þykir ekki líklegt, að óheppilegir fulltrúar eigi þar að jafnaði sæti, og sizt að þeir skipi þar meiri hluta. Þótt einstakur yfirburðamaður í biskupssæti geti ef til vill litið svo á, sem fyrirhafnarminna sé að ráða einn fram úr hverju kirkjumálefni með Alþingi og ráðherra, þá sitja slíkir menn ekki ætíð á biskupsstóli. Af reynslu hinnar sænsku kirkju má marka, að jafnvel heimskunnir yfirburðamenn á biskupsstóli hafa átt góða stoð í ráðum þeim, er þeir hafa haft sér við hlið. Taldi nefndin því allar líkur til þess, að kirkjuráð gæti orðið góð stoð hverjum þeim manni, er á biskupsstóli situr, hvort sem hann er afburðamaður í starfi sínu eða skortir að einhverju hæfileika til að rækja það svo sem þörf krefur á hverjum tíma.

Eins og segir í umsögn biskups, þarf að vísu meira en lagasetningu til þess að vekja menn til starfs fyrir málefnin, ef eigi er áhugi fyrir. En nefndin leit svo á, að til væri, bæði meðal presta og leikmanna, sá áhugi fyrir málefnum Krists og kirkju hans meðal þjóðarinnar, að slík stofnun sem kirkjuráð gæti komið að notum. Henni virtist hinsvegar allmikið á skorta, að þessir kraftar gætu sameinazt og stutt hver annan. Og hún gerði sér vonir um, að frumvarp þetta, ef að lögum yrði, gæti veitt kirkjunni stuðning í þessa átt, að sameina kraftana til meiri samvinnu, bæði við löggjafarvaldið og innbyrðis. Lagafyrir-

mæli þau, er sett voru um skipun sóknarnefnda 27. febrúar 1880, uppfylltu að vísu ekki allar vonir upphafsmanna þeirra þegar í stað. En þó mun engum þeim manni, sem sjálfur hefir verið þjónandi prestur, geta dulizt, hver styrkur það hefir verið honum í prestsstarfinu að hafa góða sóknarnefnd sér við hlið.

Svo má og fara um kirkjuráðið, ef frumvarp um það verður að lögum, að þótt allar vonir fylgismanna þess rætist eigi þegar, þá gæti það með tímanum orðið biskupi einn hinn bezti styrkur í starfi hans að kirkjumálefnum landsins.

Reykjavík, 10. marz 1930.

Í kirkjumálanefnd.

Þorsteinn Briem. Sveinbjörn Högnason.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 280. Frumvarp

til laga um utanfararstyrk presta.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitir árlega allt að 3 prestum, þeim, er þjónað hafa embætti a. m. k. 2 ár, styrk til utanfarar með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Styrkur samkvæmt 1. gr. veitist með því skilyrði, að prestur sá, er hans nýtur, dvelji eigi skemur en 4 mánuði erlendis, til að kynnast þar kirkju- og menntalífi eða mannúðarmálum. Skal hann síðan leitast við að gera för sína arðberandi fyrir sveit sína og söfnuð, m. a. með því að flytja í héraði sínu erindi um einhver þau efni, er hann hefir kynnt sér í utanför sinni, og skal a. m. k. eitt þeirra birt á prenti eða flutt í útvarp.

3. gr.

Styrkur veitist 2000 kr. hverjum presti, og greiðist hann þegar utanför er hafin.

4. gr.

Prestum þjóðkirkjunnar skal skylt að þjóna endurgjaldslaust prestakalli nágrannaprests síns, allt að 6 mánuðum meðan hann er í utanför samkvæmt lögum þessum, og skipta þeir þá með sér verkum eftir því, sem biskup og prófastur mæla fyrir.

Nú verður þjónustu nágrannapresta alls eigi við komið, að dómi kirkjustjórnar, svo sem vegna fjölmennis prestakalls eða veikinda nágrannaprests, og sér kirkjustjórnin þá prestakallinu fyrir þjónustu til bráðabirgða.

5. gr.

Nú sækja eitthvert ár færri prestar um utanfararstyrk en heimilt er að veita samkvæmt lögum þessum, og má þá veita þeim mun fleiri prestum utanfararstyrk næsta ár.

6. gr.

Sæki eitthvert ár fleiri prestar um styrk til utanfarar en heimilt er að veita það ár, sker kirkjustjórnin úr um það, hverjir fái styrkinn. En þeir umsækjendur, er eigi hafa fengið hann í það sinn, skulu þá, að öðru jöfnu, sitja fyrir styrk næsta ár.

7. gr.

Eigi má veita sama manni utanfararstyrk oftar en 10. hvert ár, nema sérstaklega standi á. Þeir prestar, sem notið hafa utanfararstyrks úr sáttmálasjóði, njóta eigi styrks samkvæmt lögum þessum, fyrr en liðin eru 5 ár.

Greinargerð.

Formaður milliþinganefndarinnar um kirkjumál hefir komið á fund menntamálanefndar, og flytur nefndin frumvarp þetta fyrir tilmæli hans. Smábreytingar hefir menntamálanefnd gert á frumvarpinu, svo sem að færa tölu þeirra presta, sem utanfararstyrk eiga að fá árlega, úr 5 niður í 3, nema burt ákvæði, sem batt rétt þennan við þjóðkirkjupresta eina, og gera ekki ráð fyrir, að prestur geti fengið utanfararstyrk oftar en á 10 ára fresti, í stað 7 ára. Að öðru leyti fer hér á eftir sem fylgiskjal greinargerð milliþinganefndarinnar.

Fylgiskjal.

Utanfarir íslenzkra menntamanna hafa mjög farið í vöxt á seinni árum, enda hefir ríkissjóður lagt fram nokkurt fé þeim til styrktar. Innan sumra starfsgreina eiga nú nokkrir menn árlega kost á því að fara, með styrk af opinberu fé, til hinna helztu menningarlanda, til þess að afla sér nýjustu þekkingar í fræðigrein sinni. Auk þessa hefir sáttmálasjóður veitt einkum ungum kandidötum, styrki til framhaldsnáms erlendis.

Eigi þarf að fjölyrða um það, hvílíkt gagn má verða að þessum utanförum íslenzkra menntamanna fyrir menningu og andlegt líf þjóðar vorrar. Allir munu sammála um, að andleg einangrun sé skaðvænleg og að nauðsyn beri til, að kirkjan eigi þess kost að kynnast menningarstraumum umheimsins og því, sem þar gerist merkast í trúar- og kirkjulífi og mannúðarmálum.

Til þessa hafa íslenzkir prestar átt þess lítinn kost að fara utan. Kveður svo rammt að um einangrun prestanna, að meðal þeirra, sem nú eru þjónandi í embætti, hafa aðeins örfáir nokkru sinni út fyrir landsteinana komið. Mun þó alls ekki um að kenna áhugaleysi presta, fremur en annara menntamanna, í þessa átt, heldur mun aðstaða þeirra og erfiður hagur valda hér mestu.

Á þessu ætti frumvarp þetta, ef að lögum yrði, að ráða nokkra bót. Má fyllilega vænta þess, að utanfarir presta í þessu skyni myndu efla andlegan þrótt þeirra, áhuga og víðsýni og hafa heillavænleg áhrif á kirkjuna í heild sinni, sem nú ber of víða menjar einangrunar og áhugaleysis.

Gert er ráð fyrir, að 5 prestar fái styrk til utanfarar á ári, 2000 kr. hver. Nú eru rúmlega 100 þjónandi prestar í landinu, og munu prestar þá að jafnaði eiga þess kost að fara utan tuttugasta hvert ár og því flestir ekki nema einu sinni í prestskapartíð sinni.

Enn meiri áherzlu verður þó að leggja á það, að sú upphæð, sem hverjum einum er ætluð, verði eigi lækkuð frá því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hag íslenzkra presta er tvímælalaust þannig farið, að ekki myndu nema örfáir þeirra geta hugsað til utanfarar og dvalar erlendis með þeim kjörum, að eiga sjálfir að leggja fram nokkurn verulegan hluta af kostnaðinum. Hinsvegar verða prestar að leggja nokkuð á sig vegna utanfaranna, þar sem þeim samkvæmt frumvarpinu er skylt, ef við verður komið, að þjóna endurgjaldslaust í allt að 6 mánuðum nágrannaprestakalli, meðan prestur þar er í utanför, en telja má víst, að þeim verði það ljúf skylda að greiða þannig hver fyrir öðrum, jafnvel þó að ekki njóti þeir ávallt greiðans sjálfir, sem veita hann öðrum.

Einstakar greinar frumvarpsins virðast eigi þurfa skýringa.

Ed. 281. Nefndarálit

um frv. til laga um landhelgisgæzlu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég hefi ekki getað orðið hv. samnefndarmönnum mínum sammála um afgreiðslu frv. þessa.

Enn þá höfum við Íslendingar svo litla reynslu um þetta mál, landhelgisgæzluna, að ég tel rétt, að áður en ákveðið er með lögum að bæta við þriðja skipinu til landhelgisvarna, verði vel athugað, hvort þau tvö skip, sem þegar eru fengin og bæði eru vel útbúin og að líkindum vönduð, geti ekki framkvæmt sæmilega gæzlu fyrst um sinn. Lít ég svo á, að brýn nauðsyn sé orðin, að rannsakað verði, hvern veg landhelgisgæzlunni verði haganlegast og bezt fyrir komið í framtíðinni. Virðist þá eðlilegast, að ríkisstjórnin inni slíka rannsókn af hendi, í samráði við skipstjórana á varðskipunum og aðra fróða menn í þeim efnum. Legg ég því til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 13. marz 1930.

Ingvar Pálmason.

Nd. 282. Nefndarálit

um frv. til laga um lögskráningu sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála í öllum aðalatriðum um efni frv. og telur rétt, að sett sé sérlöggjöf um lögskráningu sjómanna, en þau lög, sem um hana gilda nú, eru í siglingalögunum. En samkvæmt þeim frv., er nú liggja fyrir þinginu, frv. til sjómannalaga og frv. um breyting á siglingalögunum frá 30. nóv. 1914, er ákvæðum um lögskráningu þaðan burtu kippt. Nefndin fellst á frv. með örlítilli breytingu við 15. gr. Þó hafa tveir nefndarmenn áskilið sér rétt til að koma fram með breytingar og skrifa því undir með fyrirvara.

Nefndin leggur því til samkvæmt ofanrituðu, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 15. gr. 2. málsliður orðist svo:

Nú eru einhver þau ákvæði í samningnum, er lögskráningarstjóra virðist vera óvenjuleg, eða frábrugðin því, sem almennt tíðkast, og skal hann þá benda aðila á þau.

Alþingi, 14. marz 1930.

Sveinn Ólafsson, form. — Ólafur Thors, með fyrirvara. — Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.

Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirvara. — Ásg. Ásgeirsson.

Ed. 283. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Hólma í Reyðarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. neðri deild og var samþykkt þar með miklum meiri hluta atkvæða.

Um nauðsyn Eskifjarðarkaupstúns fyrir því, að það fái Hólmaland keypt, nægir að vísa til greinargerðar, er fylgdi þessu frv. (sjá þskj. 31), og nefndaralits meiri hl. allsherjarnefndar neðri deildar ásamt fylgiskjali (þskj. 177).

Fellst allsherjarnefnd efri deildar á rök þau, sem þar eru fram færð, og mælir eindregið með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. marz 1930.

Jón Baldvinsson, form. — Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm. — Jóh. Jóhannesson.

Nd. 284. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árið 1931.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1931 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlazt til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	260000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1200000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1500000
4.	Aukatekjur	475000	
5.	Erfðafjárskattur	30000	
6.	Vitagjald	350000	
7.	Leyfisbréfagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	360000	
9.	Skólagjöld	20000	
10.	Bifreiðaskattur	70000	
			1315000
11.	Útflutningsgjald		1100000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	375000	
13.	Tóbakstollur	950000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	850000	
	Flyt ...	2175000	3915000

		kr.	kr.
	Flutt ...	2175000	3915000
15.	Annað aðflutningsgjald	200000	
16.	Vörutollur	1400000	
17.	Verðtollur	1500000	
			5275000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		50000
19.	Pósttekjur	500000	
20.	Símatekjur	1600000	
			2100000
21.	Útvarpstekjur		100000
22.	Víneinkasala		550000
	Samtals ...	... ...	11990000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
	Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af bönkum		10000
2.	Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	20000	
3.	Væntanlega útdregið af þeim bréfum	24000	
			44000
4.	Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5.	Aðrir vextir...		50000
	Samtals ...	... ...	112000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
4. Tekjur Menningarsjóðs		15000
5. Skemmtanaskattur		75000
Samtals ...	... ...	170000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1931 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.— 20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	140622	
2. Dönsk lán, danskar kr. 162164,82 á 121.70	197354	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8046 - 3 - 6 á 22.00	177015	
		514991
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	167127	
2. Dönsk lán, danskar kr. 357319,14 á 121,70	434857	
3. Enska lánið 1921, £ 2552 - 17 - 11 á 22,00	56163	
		658147
III. Framlag til Landsbankans, 18. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1273138

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins...		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		225000
2. Til yfirskoðunar landsreikninga		4200
Samtals ...	... ...	229200

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun...	35400		
b. Til risnu	8000		
		43400	
2. Til utanferða ráðherra..		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		75000	
4. Annar kostnaður		44000	
5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum		27000	
Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.			
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	12000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
		13900	
Flyt ...		209300	

		kr.	kr.
	Flutt ...	209300	
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans	10000	
			219300
II.	Hagstofan:		
1.	Laun	13000	
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	13000	
3.	Prentun eyðublaða.	2000	
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	5000	
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	25000	
6.	Til að gefa út manntalið 1703...	1000	
			59000
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra 20000		
	b. Húsaleiga... 5000		
	c. Kostnaður við embættið 20000		
	d. Til skrifstofuhalds... 17000		
		62000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	6000	
5.	Gengismunur af upphæðunum í 8. gr. 10. gr. III 1—3	25000	
			109000
	Samtals ...	... ...	387300

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
a.	Laun..	31400	
b.	Annar kostnaður, allt að	5000	
	Þar af 3000 kr. til ritara.		36400
	Flyt ...	... ...	36400

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	36400
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		150000
3.	Laun hreppstjóra..		25000
4.	Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
	a. Laun 2 fulltrúa og 3 skrifara	25000	
	b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
	c. Ýms gjöld, allt að..	5000	
	d. Til samningar spjaldskrár yfir afsals- og veðmálabækur	3000	
			37200
5.	Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
	a. Laun 4 skrifara	15120	
	b. Laun 6 tollvarða...	30380	
	c. Húsaleiga..	4500	
	d. Hiti og ljós	2000	
	e. Innheimtukostnaður	16000	
	f. Ýms gjöld, allt að	18000	
			86000
6.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa og 3 skrifara	23700	
	b. Húsaleiga	4000	
	c. Hiti og ljós	2400	
	d. Ýms gjöld	2900	
			33000
	Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
7.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		100000
8.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		1000
9.	Til landhelgisgæzlu, gegn allt að 300000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
10.	Framlag til landhelgissjóðs		20000
11.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
12.	Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		10000
13.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
14.	Borgun til sjódómsmanna		2000
15.	Borgun til setu- og varadómara		5000
	Samtals A. ...	... ...	832600

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	35000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		80000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		60000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		15000
Samtals B. ...	... ...	186000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		255000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, allt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn		9300
Styrkurinn skiptist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. —		
Flyt ...	... ...	266300

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	266300
16. Til Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, og til Múlahrepps 250 kr., 550 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna byggðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. 20. Til Árneshrepps í Strandasýslu 600 kr., sé héraðið læknislaust. — 21. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sérstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta héraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:	1000	
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1000	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið ... ... Ferðastyrkurinn skiptist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		
		3000
6. Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík		1000
7. Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík ... ... Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hvor um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.		1000
8. Til Jóns Kristjánssonar nuddlæknis í Reykjavík ... enda veiti hann fátæku fólki ókeypis lækningu í nuddlækningastofu sinni, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um þær lækningar.		1200
Flyt ...	... ...	274000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	274000
9.	Til geislalækningastofu ríkisins..		12000
10.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
11.	Styrkur til héraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sér nýrrar læknisþekkingar		3000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
12.	Holdsveikraspítalinn		62940
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7800	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 12000		
	2. Viðurværi 40 manna (ca. 130 a. á dag) 18740		
	3. Klæðnaður 1500		
	4. Lyf og sáraumbúðir 1400		
	5. Eldsneyti 7600		
	6. Ljósmeti 2000		
	7. Húsbúnaður og áhöld 1800		
	8. Viðhald á húsum 2500		
	9. Þvottur og ræsting.. 1500		
	10. Greftrunarkostnaður 500		
	11. Skemmtanir 600		
	12. Skattar o. fl. 3500		
	13. Ýmisleg gjöld 1500		
		55140	
		62940	
13.	Geðveikrahælið á Kleppi:		
	I. Gamli spítalinn		59625
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	6800	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna 13500		
	2. Búrekstur 16000		
	3. Matvæli 32000		
	4. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum 3500		
	5. Lyf og sáraumbúðir 500		
	Flyt ... 65500	6800	414065

		kr.	kr.
Flutt ...	65500	6800	414065
6. Ljós og hiti	10000		
7. Viðhald og áhöld	10000		
8. Þvottur og ræsting...	3000		
9. Skemmtanir	750		
10. Skattar m. m....	2500		
11. Óviss gjöld	1400		
		93150	
Þar frá dragast þessar tekjur:		99950	
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
Mismunur ...		59625	
II. Nýi spítalinn			43000
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6500	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	32000		
2. Matvæli	36000		
3. Fatnaður sjúklinga	1000		
4. Fatnaður starfsfólks	1000		
5. Lyf og sáraumbúðir	5000		
6. Ljós og hiti	10000		
7. Viðhald og áhöld	5000		
8. Þvottur og ræsting	4000		
9. Skattar og tryggingar	3000		
10. Skemmtanir	1000		
11. Óviss útgjöld	1500		
		99500	
Þar frá dregst:		106000	
Innborgað frá sjúklingum		63000	
Mismunur ...		43000	
14. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			2800
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		6800	
B. Laun aðstoðarlæknis		6000	
Flyt ...		12800	459865

		kr.	kr.
	Flutt ...	12800	459865
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	28000		
2. Viðurværi..	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting..	5500		
6. Viðhald húsa...	4800		
7. Viðhald véla	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		223140	
		235940	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
	Mismunur ...	2800	
15. Heilsuhælið í Kristnesi:			
Rekstrarkostnaður			3000
16. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, allt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að sjúklingar, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhéraðssjúklingar.		18000	
b. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknabústaði ..		18000	
c. Bólusetningarkostnaður		3500	
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		18000	
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands		2000	
	Flyt ...	59500	462865

	kr.	kr.
Flutt ...	59500	462865
f. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	7000	
g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
h. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfélagsins Líknar, gegn a. m. k. jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur ...	3500	
i. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	500	
j. Til félags íslenzkra hjúkrunarkvenna	700	
k. Til geitnalækninga, gegn að minnsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	500	
l. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
m. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
n. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
		80200
17. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		38000
Samtals ...	... ...	581065

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Póstmál.		
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	109800	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
c. Bréfhirðingamenn...	22000	
		211800
2. Póstflutningur		200000
3. Annar kostnaður:		
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	15000	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
d. Önnur gjöld	60000	
		115500
Samtals A. ...	... ...	527300

		kr.	kr.
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, allt að	6000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, allt að	24000	
	5. Skrifstofukostnaður, allt að	8000	
			51400
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjósarvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 20000		
	2. Stykkishólmsvegur 20000		
	3. Holtavörðuheiðarvegur 60000		
	4. Vesturlandsvegur 40000		
	5. Húnavatnssýsluvegur 15000		
	6. Langadalsvegur 10000		
	7. Blönduhlíðarvegur 25000		
	8. Öxnadalsvegur 10000		
	9. Vaðlaheiðarvegur 60000		
	10. Þistilfjarðarvegur 15000		
	11. Jökulsárhlíðarvegur 10000		
	12. Biskupstungnabraut 20000		
	13. Skaftártunguvegur 10000		
	14. Vopnafjarðarvegur 10000		
		325000	
	b. Viðhald og umbætur	200000	
			525000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		150000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		70000
V.	Fjallvegir		25000
VI.	1. Til áhalda, allt að	20000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
			20300
VII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ... ... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annars-	40000	
	Flyt ...	40000	841700

		kr.	kr.
	Flutt ...	40000	841700
	staðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		
2.	Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	80000	
			120000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
1.	Á Lagarfljóti	300	
2.	- Skjálfandafljóti	300	
3.	- Blöndu	300	
			900
IX.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		250
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
XI.	Styrkur til Sigurðar Daníelssonar, til byggingar á Kolviðarhóli, síðari greiðsla		6000
	enda hvíli sú kvöð framvegis á húseiganda að halda þar uppi gistingu og greiðasölu fyrir ferðamenn, undir eftirliti og samþykki atvinnumálaráðherra hvað verðlag áhrærir. Jafnframt fellur niður árlegt ríkissjóðstillag til gistihússins.		
XII.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn		3000
	Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum við þjóðbraut.		
XIII.	Til byggingar í Bakkaseli		35000
XIV.	Til byggingar útihúsa í Fornahvammi		8000
XV.	Styrkur til Þorsteins Þorsteinssonar, til þess að reisa gistihús á Húsafelli		4000
XVI.	Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925		5000
	Samtals B. ...	... ...	1028850
	C.		
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
a.	Ríkissjóðs	200000	
b.	Eimskipafélags Íslands	60000	
c.	H/f Skaftfellings	24000	
			284000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		91200
	Samtals C. ...	... ...	375200

		kr.	kr.
	D.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl.		45000
II.	Til einkasíma í sveitum		30000
III.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi héruð		100000
IV.	Til kaupa fjölsímatækja, Reykjavík—Akureyri, fyrri greiðsla		75000
V.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1.	Laun samkvæmt launalögum	360000	
2.	Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna ...	20000	
3.	Ritsímastöðin í Reykjavík	40000	
4.	Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	250000	
6.	Áhaldahúsið	3000	
7.	Ritsímastöðin á Akureyri	15000	
8.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði	16000	
9.	Ritsímastöðin á Ísafirði...	11000	
10.	Símastöðin á Borðeyri	6000	
11.	Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
12.	Símastöðin í Vestmannaeyjum	7000	
13.	Símastöðin á Siglufirði	7500	
14.	Til aukaritsímaþjónustu	3000	
15.	Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	115000	
16.	Afborgun og vextir af láni til L. M. Ericsson o. fl.	141000	
17.	Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, allt að 14100		
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 14000		
	c. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		31700	
18.	Til Steindórs Björnssonar	1200	
19.	Til Jónasar Eyvindssonar og Grónu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			1046500
VI.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
VII.	Viðbót og viðhald stöðvanna		55000
	Flyt ...	... ...	1391500

	kr.	kr.
Flutt ..	... ...	1391500
VIII. Til að reisa lofttalstöðvar á Ísafirði og Horni ...		10000
IX. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að		10000
X. Viðhald landssímanna		180000
XI. Áframhaldsgjald		25000
XII. Til kennslu fyrir símamenn...		3000
XIII. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XIV. Ýms gjöld		7000
Samtals D. ...	... ...	1628000
E.		
Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra ... ... Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.	7800	
2. Laun aðstoðarverkfræðings	5700	
3. Til verkfróðrar aðstoðar	7000	
4. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	5000	
5. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
		28000
II. Laun vitavarða.. ... ... Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		28000
III. Rekstrarkostnaður vitanna		115000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V. Til að reisa nýja vita		80000
VI. Til áhaldakaupa		10000
VII. Ýmislegt		30000
VIII. Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sé það fé fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ... Af upphæðinni skal verja 6000 kr. til bryggjugerðar í Grindavík, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að.		97000
Samtals E. ...	... ...	398000

	kr.	kr.
F.		
Útvarp.		
I. Stofnkostnaður.		
Afborgun og vextir af láni til Marconifélagsins í London		178000
II. Starfrækslan.		
1. Útvarpsráð, útvarpsstjóri og útvarpsefni	43000	
2. Viðhald, ræsting, ljós, hiti, rafmagnsgæzla ...	40000	
3. Ýms gjöld	20000	
		103000
Samtals F. ...	... ...	281000

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stéttin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8800	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að	2000	
		10800
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	260000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
7. Til byggingar Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, fyrsta greiðsla af þremur	3000	
		291650
Samtals A. ...	... ...	302450

	kr.	kr.
B.		
Kennslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	93000	
b. Til héraðslæknisins í Reykjavík fyrir kennslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Til kennslu í söng	1000	
e. Til kennslu í bókhaldi	400	
f. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hér halda fyrirlestra í háskólanum, allt að	2000	
g. Námsstyrkur	15000	
h. Húsaleigustyrkur	9000	
i. Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans	2500	
j. Til N. Dungals dócents, fyrir forstöðu rannsóknarstofu háskólans ... ... enda renni allar tekjur af rannsóknunum til ríkissjóðs.	5000	
k. Til kennsluáhalda læknadeildar...	1000	
l. Fyrir starf við gerlarannsókn og kennslu í efnafræði	2800	
m. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	4000	
n. Önnur gjöld:		
1. Til ritara og dyravarðar ... ... 4000 auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.		
2. Ýms gjöld 5000		
	9000	
o. Ferðastyrkur vegna stúdentaskipta	750	
p. Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, þriðja greiðsla af fjórum	2500	
q. Til stúdentagarðs (endurveiting)	25000	
		174950
II. Námsstyrkur erlendis:		
a. Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b. Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs ... ... Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.	12000	
		36000
Flyt ...	... ...	210950

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	210950
III.	Menntaskólinn almenni:		
	a. Laun	74200	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns skólans	1000	
	2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	7000	
	3. Til skólahússins utan og innan ...	3000	
	4. Til stundakennslu og til prófdómenda, allt að	25000	
	5. Húsaleigustyrkur handa 15 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ...	1125	
	6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2800	
	7. Læknisþóknun	500	
	8. Til kennslutækja	2000	
	9. Ýmisleg gjöld	3500	
	10. Til verðlaunabóka	200	
	11. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000	
		48125	
			122325
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
	a. Laun	29000	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til aukakennara og stundakennslu	12000	
	2. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000	
	3. Til bóka og kennsluáhalda	2000	
	4. Til eldiviðar og ljósa	6500	
	5. Námsstyrkur	700	
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.		
	Flyt ...	23200	29000	333275

		kr.	kr.
Flutt ...	23200	29000	333275
6. Til dyravörzlu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Til viðhalds	2000		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		29100	
			58100
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakennsla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	3000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		15500	
			34500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1500		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Til áhaldakaupa	10000		
5. Ýmisleg gjöld	2500		
		15800	
			29300
VII. Vélstjóraskólinn:			
a. Laun		8800	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	1000		
2. Húsnæði	5400		
Flyt ...	6400	8800	455175

		kr.	kr.
	Flutt ...	6400	8800	455175
3.	Ljós og hiti	1300		
4.	Ræsting	700		
5.	Til prófhalda	800		
6.	Ýms gjöld	500		
			9700	
				18500

Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minnsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.

VIII. Bændakennsla:

1. Til bændaskólans á Hólum:
   a. Laun 9650
   b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu 1450
   c. Önnur gjöld:
      1. Til verklegs náms, allt að 2500
      2. Til kennsluáhalda ... 800
      3. Til eldiviðar og ljósa... 3500
      4. Ýmisleg gjöld 3000
      9800
   20900
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:
   a. Laun 8550
   b. Til smíða- og leikfimikennslu ... 1300
   c. Önnur gjöld:
      1. Til verklegs náms, allt að 2400
      2. Til kennsluáhalda... ... 500
      3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000
      4. Ýmisleg gjöld 3000
      8900
   18750

Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstím-

	Flyt ...	39650	473675

	kr.	kr.
Flutt ...	39650	473675
ann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kennslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sé í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3. Til steinsteypukennslu	4000	
		43650
IX. Iðnfræðsla:		
a. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
b. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	2000	
c. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, til skólahalds	1200	
d. Til Iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds	800	
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
e. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	5000	
Þar af 1000 kr. til Jóns Sigurðssonar, til þess að nema nýjustu aðferðir við byggingar úr járnbentri steinsteypu.		
		15000
X. Verzlunarskólar:		
a. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	6000	
b. Til Sambands samvinnufélaganna, til þess að halda uppi verzlunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..	6000	
		12000
XI. Ljósmæðraskólinn:		
1. Laun forstöðumanns	1000	
Flyt ...	1000	544325

		kr.	kr.
	Flutt ...	1000	544325
2. Til verklegrar kennslu:			
a. Laun þriggja ljósmæðra í Rvík ...	900		
b. Annar kostnaður, allt að	500		
		1400	
3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, allt að		6700	
			9100
XII. Kvennaskólar:			
1. Til kvennaskólans í Reykjavík:			
a. Húsaleigustyrkur	5000		
b. Rekstrarkostnaður, gegn að minnsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	21000		
c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að	4000		
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ...	1000		
		31000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:			
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	14000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að...	2000		
c. Til endurbóta á skólahúsinu ...	4000		
		20000	
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			
			51000
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að...	2000		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, allt að	1000		
		8600	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		300000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		30000	
	Flyt ...	338600	604425

		kr.	kr.
	Flutt ...	338600	604425
4.	Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, allt að... ...	7000	
5.	Til prófdómara við barnapróf	10000	
6.	Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkv. skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, allt að	30000	
7.	Til fræðslumálarits...	800	
8.	Utanfararstyrkur handa barnakennurum	3000	
			389400
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	a. Laun 10500		
	b. Til hannyrða, leikfimi og smíðakennslu 2000		
	1. Til kennsluáhalda ... 800		
	2. Til eldiviðar og ljósa ... 4000		
	3. Ýmisleg gjöld 3000		
	4. Til viðhalds skólahúss og húsgagna... 2000		
	5. Til smíðastofu og smíðatólakaupa 1000		
	10800		
		23300	
2.	Til gagnfræðaskóla í Reykjavík...	3000	
3.	Til héraðsskóla samkv. l. nr. 32 1929	55000	
4.	Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur og Akureyrar, allt að	35000	
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sé minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kennslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
5.	Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, allt að helmingi kostnaðar...	30000	
	Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sé ákveðinn, áætlun og teikning samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði		
	Flyt ..	146300	993825

	kr.	kr.
Flutt ...	146300	993825
reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn héraðseign.		
5. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^2/_5$ kostnaðar, allt að	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sé samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.		
6. Til bókasafna við unglingaskóla	2000	
7. Til þess að gefa út kennslubækur handa skólum	3000	
		171300
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
2. Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað	5000	
Styrkir samkvæmt tölul. 1.—2 eru bundnir því skilyrði hvor um sig, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerðir skólanna.		
3. Til þess að reisa húsmæðraskóla, allt að helmingi byggingarkostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sé ákveðinn, áætlun og teikning samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni.		
4. Til kvenfélagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	6000	
Noti félagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
5. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal	1500	
		37500
XVI. Til kennslu heyrnar- og málleysingja m. m.		26000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
Flyt ...	... ...	1228625

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1228625
XVII. Blindrakennsla:		
1. Til kennslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að	1000	
2. Til Sigurbjargar Sveinsdóttur, til framhaldsnáms á blindraskóla í Kaupmannahöfn	1200	
		2200
XVIII. Sundkennsla o. fl.:		
1. Til sundkennslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennsla þessi fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfé, njóti kennslunnar ókeypis.	300	
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkennslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum bjögrunarsund ...	3000	
3. Til sundkennslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkennslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda séu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, allt að	20000	
		26300
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kennslu í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		1800
XX. Til íþróttakennslu		4000
XXI. Til Íþróttasambands Íslands		6000
Samtals B. ...	... ...	1268925

15. gr.

Til vísinda, bókmennta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. bókavarðar, 500 kr., og til 2. bókavarðar 1000 kr.	1500	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	15000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritauka skrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	2000	
j. Ýmisleg gjöld	1000	
		47460
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6600	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		13100
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7300	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, allt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, allt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	1500	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
Þjóðminjasafnið sé opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
f. Til Hóladómkirkju, til endurbóta	1000	
		14850
4. Náttúrufræðifélagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
Flyt ...	... ...	78810

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	78810
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til þriggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar...	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði ... ... enda skal starfrækja safnið í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar.	1000	
		7000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenzka bókmenntafélags . ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenzka fornbréfasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafélagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að félagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ...		6800
12. Til Fornleifafélagsins		800
13. Til Sögufélagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14. Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar að		1200
15. Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái þjóðskjalasafnið afrit af skránni		1000
16. Til Sigurðar Skúlasonar, til þess að halda áfram rannsóknum í menningarsögu þjóðarinnar		800
Flyt ...	... ...	114210

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	114210
17.	Til Benedikts Björnssonar skólastjóra, til ritstarfa ...		1500
18.	Til Margeirs Jónssonar, til fræðistarfa, er snerta mál og menningarsögu Íslands.		1000
19.	Til Odds Oddssonar, til ritstarfa um íslenzka þjóðhætti		1000
20.	Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, allt að		5000
21.	Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
22.	Til Leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1500
23.	Til Leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		1000
24.	Til Arndísar Björnsdóttur, til leiklistarnáms erlendis.		2000
25.	Til Sigrúnar Magnúsdóttur, til leiklistarnáms við leikskóla konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn. ...		2000
26.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		2500
27.	Til Karlakórs Reykjavíkur, til söngnáms		1000
28.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		6000
29.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sé safnið eign ríkisins.		2400
30.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum, enda sé handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
31.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
32.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
			8000
33.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
34.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sé nýtt. ...		1000
35.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		1000
36.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
	Flyt ...	... ...	167910

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	167910
37.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sé almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
	b. Til sama, til aðstoðar	1200	
			8000
38.	Til fréttastofu blaðamannafélagsins		2500
39.	Ferðastyrkur til útlanda		6000
40.	Til Menningarsjóðs (sbr. tekjul. 5. gr. 4.)		15000
41.	Til þjóðleikhúss (sbr. tekjul. 5. gr. 5.)		75000
42.	Þóknun fyrir störf menntamálaráðs Íslands (sbr. 1. gr. laga nr. 7, 12. apríl 1928)		3000
	Samtals ...	... ...	277410

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		250000
2.	Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, allt að ... ... Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfélag Íslands.		10000
3.	Til sandgræðslu ... ... Þar af 5000 kr. til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi.		40000
4.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		430000
5.	Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
6.	Tillag til Búnaðarbankans:		
	a. Til byggingar- og landnámssjóðs	200000	
	b. Til bústofnslánadeildar	50000	
	Flyt ...	250000	745000

		kr.	kr.
	Flutt ...	250000	745000
c. Til ræktunarsjóðs:			
1. Afgjöld þjóðjarða	30000		
2. Kostnaðartillag	7000		
3. Hluti af útflutningsgjaldi	63000		
		100000	
d. Til lánadeildar smábýla		50000	
			400000
7. Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð			50000
8. Til að rannsaka og gera tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, gegn fimmtungs framlagi frá hlutaðeigandi héruðum, allt að			15000
9. Til Garðyrkjufélags Íslands:			
Laun garðyrkjustjóra			4000
10. Til skógræktar:			
a. Laun		11910	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.			
b. Til skóggræðslu		16000	
c. Til Hákonar Á. Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms...		1200	
			29110
11. Til dýralækninga:			
a. Laun handa 4 dýralæknum		17000	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga		900	
			17900
12. Til rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna			20000
13. Til fjárkláðalækninga			6000
14. Til eftirlits með útflutningi á hrossum			500
15. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:			
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...		4800	
b. Til aðstoðar		5600	
c. Húsaleiga		3000	
d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar		1200	
e. Til áhaldakaupa		800	
			15400
16. Til veðurstofu Íslands:			
a. Laun forstöðumanns og fulltrúa		14900	
b. Til aðstoðar		12350	
	Flyt ...	27250	1302910

		kr.	kr.
	Flutt ...	27250	1302910
c.	Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	10000	
d.	Til veðurskeyta o. fl.	11150	
e.	Til loftskeytatækja	800	
f.	Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
g.	Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
h.	Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum	2000	
			55600
17.	Til landmælinga		45000
18.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
19.	Til Fiskifélagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		90000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
20.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a.	5 fiskiyfirmatsmanna	16600	
b.	Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfé.		
c.	Laun 4 ullarmatsmanna	2200	
d.	— 6 kjötmatsmanna	5000	
e.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	10000	
			42000
21.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
22.	Til markaðsleitar erlendis		10000
23.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
24.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, kr. 1,50 fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún framleiðir, allt að		6000
25.	Til Sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga		6000
	Þar af 800 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði á Norður- og Austurlandi.		
26.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði		1000
	Flyt ...	... ...	1582510

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1582510
27.	Til Guðmundar Einarssonar myndhöggvara, til þess að setja upp leirbrennsluverksmiðju		5000
28.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
29.	Til Ingu L. Lárusdóttur, til þess að safna fyrirmyndum forns listiðnaðar í söfnum erlendis		3000
30.	Til Kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna ...		600
31.	Til Kvenfélagasambands Íslands		10000
32.	Til Bandalags kvenna		450
33.	Til kvenréttindafélags Íslands		500
34.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
35.	Handa Ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Félagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið.		7500
36.	Laun húsagerðarmeistara...		7800
37.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita, á móti byggingar- og landnámssjóði ... ... enda greiðist engin borgun fyrir leiðbeiningarnar.		4000
38.	Til Hjálpræðishersins í Reykjavík, byggingarstyrkur til gistihúss, síðari greiðsla		5000
39.	Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, síðari greiðsla		6000
40.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
41.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		8000
42.	Til vatnsrennslismælinga		1000
	Samtals ...	... ...	1646960

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga		800000
2.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3.	Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafélags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		7000
4.	Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík		3500
5.	Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6.	Til slysatryggingar		10000
7.	Til slysavarna, allt að		10000
8.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9.	Til bjargráðasjóðs		24000
10.	Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11.	Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		8000
12.	Til Rauðakrossfélags Íslands		1000
13.	Til slysatryggingarsjóðs félagsins Dagsbrúnar		500
14.	Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		300
15.	Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		400
16.	Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Framsóknar í Reykjavík		500
17.	Til sjúkrasjóðs Félags járnsmiðanema í Reykjavík ...		200
18.	Til styrktarsjóðs sjómannafélags Vestmannaeyja		500
19.	Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins Drífanda í Vestmannaeyjum		500
20.	Til styrktarsjóðs Margrétar Bjarnadóttur frá Bergvík, til hjálpar fátækum ekkjum og börnum sjómanna í Gerða- og Keflavíkurhreppum...		800
21.	Tillag til Alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
	Samtals ...	... ...	974700

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	36439,64	
	b. Embættismannaekkjur og börn	17457,65	
	c. Prestsekkjur	5977,44	
	d. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923	2500,00	
	e. — — — — 51 1921	1000,00	
			63374,73
II.	Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ... 600,00		
	2. — Sigurðar Kvaran héraðslæknis 405,00		
		1005,00	
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Magneu Ásgeirsson 200		
	2. — Ólivu Guðmundsson 175		
	3. — Theodóru Thoroddsen 800		
	4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	7. — Sigríðar Finnbogadóttur 800		
	8. — Rannveigar Tómasdóttur 600		
	9. — Önnu Gunnlaugsson 900		
	10. — Kristbjargar Marteinsdóttur 1200		
	11. — Kristínar Jacobson 600		
	12. — Guðnýjar Jónsdóttur 400		
	13. — Kirstínar Þ. Blöndal 300		
	14. — Guðlaugar Magnúsdóttur... 2000		
	15. — 2 barna hennar 200		
	16. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju 600		
	17. — Jenny Forberg 600		
	18. — Ástu Hallgrímsson 600		
	19. — Ástu Einarson 600		
	20. — Aðalbjargar Sigurðardóttur 1200		
	21. — Dómhildar Jóhannsdóttur 1200		
	22. — Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 1300		
	23. — Soffíu Johnsen læknisekkju 500		
	Flyt ... 16025	1005,00	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt 16025	1005,00	63374,73
24. Til Kristínar Þórðardóttur læknisekkju	400		
25. — Sigríðar Blöndal læknisekkju	300		
26. — Hrefnu Einarsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með einu barni í ómegð	700		
		17425,00	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2. — Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4. — Sigurðar prófasts Gunnarssonar	662,25		
5. — Guttorms Vigfússonar	600 00		
6. — Björns Þorlákssonar	208,00		
7. — Stefáns Jónssonar	370,00		
8. — Jóns Þorsteinssonar	390,00		
9. — Jóns Árnasonar	445 00		
10. — Þórðar Ólafssonar	370,00		
11. — Pals Stephensens	355,00		
12. — Einars Jónssonar, sjá fjárl. 1930	3000,00		
		8005,25	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Auðar Gísladóttur	300,00		
2. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
3. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
4. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
5. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100.00		
6. — Guðrúnar Pétursdóttur	300.00		
7. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
8. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
9. — Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	600,00		
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
11. — Kirstínar Pétursdóttur	300,00		
12. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
13. — Steinunnar Pétursdóttur	300,00		
14. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
15. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
Flyt ...	4800,00	26435,25	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt	4800,00	26435,25	63374,73
16.	Til Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
17.	— Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
18.	— Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
19.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
20.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
21.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
22.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
23.	— Önnu Stefánsdóttur	200,00		
24.	— Helgu Skúladóttur	227,06		
25.	— Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
26.	— Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L.L. Jóhannssonar, 132 kr.; auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	432.00		
27.	— Arndísar Pétursdóttur	137,90		
28.	— Guðnýjar Þorsteinsdóttur	173,56		
29.	— Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík	135.37		
30.	— Jakobínu Sigurgeirsdóttur frá Borg	157,44		
31.	— Kamillu Briem	170,57		
			7916,63	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3.	— Magnúsar Einarssonar	500,00		
4.	— Elínar Briem Jónsson	300,00		
5.	— Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6.	— Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7.	— Guðmundar Björnssonar	150,00		
8.	— Jóns Strandfelds...	150,00		
9.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
10.	— Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
11.	— Páls J. Árdals	800,00		
12.	— Jóhannesar Sigfússonar	1800,00		
13.	— Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	700,00		
14.	— Sigurjóns Rögnvaldssonar... ...	200,00		
15	— Ástu Magnúsdóttur kennaraekkju	200,00		
			7010,00	
	Flyt		41361,88	63374,73

			kr.	kr.
		Flutt ...	41361,88	63374,73
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
	1. Til Guðm. Kristjánssonar	300		
	2. — Böðvars Jónssonar	300		
	3. — Þóru Matthíasdóttur	300		
	4. — Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
	5. — Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts	200		
	6. — Jens Þórðarsonar	300		
	7. — Friðriks Möllers	1200		
	8. — Anínu Arinbjarnardóttur	200		
	9. — Eliesers Eiríkssonar	200		
	10. — Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
	11. — Jóhannesar Þórðarsonar	300		
	12. — Guðm. Kristjánssonar	300		
	13. — Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
	14. — Friðriks Klemenzsonar	2000		
	15. — Óla P. Blöndals	1800		
	16. — Kristjáns Blöndals	1000		
	17. — Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
	18. — Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
	19. — Steindórs Hinrikssonar pósts ...	300		
	20. — Ólafs Ólafssonar pósts	200		
	21. — Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
	22. — Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar	1000		
	23. — Friðriks Jónssonar pósts	450		
	24. — Einars Ólasonar fyrrum pósts ...	300		
	25. — Þórodds Bjarnasonar pósts	1200		
			13750,00	
g.	Ritböfundar:			
	1. Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
	2. — Valdimars Briems	1200		
	3. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
	4. — Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
	5. — Þorsteins Gíslasonar	2000		
	6. — Guðmundar Friðjónssonar	1200		
	7. — dr. Helga Péturss	4000		
	8. — Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
		Flutt ... 16400	55111,88	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt ... 16400	55111,88	63374,73
9.	Til Einars Benediktssonar 4000		
10.	— Stefáns frá Hvítadal 1000		
11.	— Jakobs Thorarensens 1000		
12.	— Sigurjóns Friðjónssonar 1000		
13.	— Guðmundar Kambans 2000		
		25400,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:		
1.	Til Jakobínu Pétursdóttur 200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur 300,00		
6.	— 1 barns hennar 100,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur 600,00		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson 1200,00		
		3300,00	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu 400		
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með barni hennar, sem er í ómegð 400		
3.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður 500		
4.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður 500		
5.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður 500		
6.	— Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður 500		
7.	— Oddnýjar Guðmundsdóttur, júbilljósmóður 500		
8.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ... 500		
9.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður ... 400		
10.	— Kristínar Jónasdóttur ljósmóður ... 300		
11.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ... 300		
12.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður 300		
13.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður 300		
	Flyt ... 5400	83811,88	63374,73

			kr.	kr.
	Flutt ...	5400	83811,88	63374,73
14.	Til Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
15.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
16.	— Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður	200		
17.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
18.	— Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður	300		
19.	— Jakobínu Jensdóttur	300		
20.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
21.	— Sigurveigar Jónatansdóttur ljósmóður	300		
22.	— Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
23.	— Halldóru Metúsalemsdóttur ljósmóður	300		
24.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ...	200		
25.	— Margrétar Jónsdóttur ljósmóður ...	200		
26.	— Guðrúnar Jónasdóttur ljósmóður	200		
27.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
28.	— Páls Erlingssonar	1200		
29.	— Erlends Zakaríassonar	300		
30.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
31.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
32.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
33.	— Jakobs Björnssonar fyrv. síldarmatsmanns	1600		
34.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
35.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
36.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	800		
37.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
38.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
	Flyt ...	15300	83811,88	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt ... 15300	83811,88	63374,73
39.	Til Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar 300		
40.	— Halldóru Pétursdóttur Briem 600		
41.	— Kristjönu Benediktsdóttur 400		
42.	— Bjargar Guðmundsdóttur 400		
43.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti 400		
44.	— Henriette Kjær... 600		
45.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar 400		
46.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 2400		
47.	— Guðjóns Guðlaugssonar... 1200		
48.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar 300		
49.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey... 300		
50.	— Halldóru Þórðardóttur 600		
51.	— Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrv. spítalaráðskonu 300		
52.	— Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu 500		
53.	— Guðleifar Erlendsdóttur fyrv. hjúkrunarkonu 300		
54.	— Sigurðar Péturssonar fangavarðar 1000		
55.	— Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ... 300		
56.	— Susie Briem, ekkju Halldórs Briems 300		
57.	— Gunnlaugs Indriðasonar veðurfræðings 700		
		26600,00	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j.	Til ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar	1000,00	
k.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000,00	
			114411,88
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		69514,64
	Samtals	... ...	247301,25

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1931 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	... ...	1273138,00		
—	8. —	... ...	60000,00		
—	9. —	... ...	229200,00		
—	10. —	... ...	387300,00		
—	11. — A.	... ...	832600,00		
—	11. — B.	... ...	186000,00		
			1018600,00		
—	12. —	... ...	581065,00		
—	13. — A.	... ...	527300,00		
—	13. — B.	... ...	1028850,00		
—	13. — C.	... ...	375200,00		
—	13. — D.	... ...	1628000,00		
—	13. — E.	... ...	398000,00		
—	13. — F.	... ...	281000,00		
			4238350,00		
—	14. — A.	... ...	302450,00		
—	14. — B.	... ...	1268925,00		
			1571375,00		
—	15. —	... ...	277410,00		
—	16. —	... ...	1646960,00		
—	17. —	... ...	974700,00		
—	18. —	... ...	247301,25		
—	19. —	... ...	100000,00		
—	20. —	... ...	10000,00		
				kr.	12615399,25

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	... ...	11990000,00		
—	3. —	... ...	34600,00		
—	4. —	... ...	112000,00		
—	5. —	... ...	170000,00		
				—	12306600,00
			Tekjuhalli	kr.	308799,25

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafélagi Íslands allt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufélaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1930, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sé framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum, sem nemi allt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

IV. Að greiða séra Kjartani Helgasyni fyrrv. prófasti í Hruna full prestslaun.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1931, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1930 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **285. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 73 frá 7. maí 1928, um slysatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

a-liður 4. gr. laganna orðist svo:

Ef meiðslin valda sjúkleika lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, er fyrir slysinu varð, dagpeninga eftir þann tíma og þangað til hann verður vinnufær eða úrskurður er felldur um varanlega örorku eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag; þó mega þeir

aldrei fara fram úr $^3/_4$ af venjulegu dagkaupi eða tekjum mannsins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð. Ef hinn slasaði er lögskráður skipverji, fer um rétt hans eftir 95. gr. laga nr. 56, 30. nóv. 1914, fyrstu 4 eða 8 vikurnar, en síðan eftir lögum þessum.

2. gr.

Síðasti málsl. 12. gr. laganna orðist svo:

Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ófullnægjandi upplýst, eða ef ástæða er til að ætla, að slysið hafi orsakazt af hirðuleysi eða af lélegum útbúnaði, eða slysatryggingin óskar þess einhverra ástæðna vegna, skal lögreglustjóri halda réttarpróf í málinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930.

Nd. 286. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Dalvík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnargerðar á Dalvík veitast úr ríkissjóði, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin samþykkir, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, $^2/_5$ kostnaðar, allt að kr. 150000, gegn því að frá hafnarsjóði Dalvíkur komi $^2/_5$ kostnaðarins, kr. 150000, og Svarfaðardalshreppi $^1/_5$ kostnaðar, kr. 75000.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast, fyrir hönd ríkissjóðs, allt að kr. 150000 lán, er hafnarsjóður Dalvíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati þriggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Dalvíkur.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá upptökum hafnargarðsins í fjörunni, innan við Brimnestöng, eftir legu garðsins í austur, og úr enda hans bein lína til lands, í takmarkalínu verzlunarlóðarinnar á Böggvisstaðasandi.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því og uppdráttur, ef með þykir þurfa. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 50—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna, undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir, sem liggja að höfninni og nauðsynleg kynnu að vera til hagnýtingar hennar og fyrir kauptúnið.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, en 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefnd hefir ábyrgð á eigum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki, án leyfis ráðuneytisins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnarinnar, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í landi þeirra jarða, er að höfninni liggja, og allt að 1/2 hluta lóðargjalda nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðarnotendur þá greiða í hafnarsjóð allt að 1/2 af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig á Dalvíkurhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna, ef þær eru ekki settar í land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 1/2 hlut af hverjum vélbáti, 6 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að 1/4 hlutar af smærri vélbátum en 6 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Heimilt er að innheimta hafnargjöld jafnskjótt og byrjað er á hafnarmannvirkjunum.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarsjóðs samkvæmt tölulið 3, a., b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Það, sem þá kann að vanta, greiðist úr sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps. Öll gjöld til hafnarsjóðs má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og

senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhalla.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir þurfa. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál

Nd. 287. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Á síðasta þingi var í þessari hv. deild samþykkt frv. til laga um breyting á yfirsetukvennalögunum, sem bætti kjör yfirsetukvenna þannig, að þær gátu vel unað við.

Í hv. Ed. greiddu 7 þingdm. atkvæði með frumvarpinu, en 6 gegn því. Einn greiddi ekki atkvæði. En með úrskurði forseta var frv. talið fallið. En þrátt fyrir þetta er þó auðsætt, að frv. hafði ákveðinn meiri hluta í þinginu.

Í stjórnarfrumvarpi því, er fyrir nefndinni lá, er mjög dregið úr þeim launabótum, sem á síðasta þingi virtust eiga fullan þingvilja að baki sér. Í athugasemdum við stjfrv. er rakin saga málsins, og sést á henni, hvað þessi stétt hefir átt erfitt uppdráttar. Sýnist nú vera kominn tími til þess að bæta úr þessu ranglæti, og það því fremur, sem yfirsetukonur vantar í mörg yfirsetukonuumdæmi. En ef svo yrði áfram, væri illa séð fyrir heilbrigðismálum þjóðarinnar, því enginn ágreiningur ætti að geta verið um það, hve þessi stétt er þörf þjóðfélaginu. Samkvæmt þessu leggjum við til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

1. gr. frv. skal orða svo:

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 kr. á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur. Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæmum, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 krónur.

Þær yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, skulu njóta launahækkunar eftir þjónustualdri.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni milli þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

Alþingi, 14. marz 1930.

Sig. Eggerz, frsm. Héðinn Valdimarsson.

Ed. 288. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. málsgrein:
   a. Fyrir »0,75« komi: 0,50.
   b. Fyrir »750 kr.« komi: 500 kr.
2. Önnur málsgr. falli niður.

Nd. 289. Nefndarálit

um frv. til laga um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl. (Þskj. 13).

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Þó að ég gæti ekki orðið samnefndarmönnum mínum sammála um afgreiðslu þessa máls í nefndinni, þá er það ekki af því, að mér sé ekki fullljóst, að eins og komið er hag bænda á Skeiðunum, þá verði að telja það réttmæta ráðstöfun, að Alþingi hlutist til um, að af þeim verði létt í verulegum mæli þeirri þungu skuldabyrði, sem á þeim hvílir út af áveitunni. Alþingi hefir þegar að nokkru viðurkennt þessa nauðsyn, þar sem greiddar hafa verið undanfarin 3 ár úr ríkissjóði 6000 kr. á ári upp í vexti og afborganir af áveituskuld þeirra við viðlagasjóð og veðdeild Landsbankans.

Ennfremur var samþykkt á síðasta Alþingi heimild fyrir stjórnina til þess að skipa þriggja manna nefnd, til þess að athuga ástand Skeiðaáveitunnar og fjárhagsgetu bænda á áveitusvæðinu til að standa straum af áveitukostnaðinum, og að það af áveitukostnaðinum, sem bændum, að þeirri athugun lokinni, telst um megn að bera, er ríkisstjórninni heimilt að létta af þeim með því að ríkissjóður taki að sér að þeim hluta lán þau, er á áveitunni hvíla. Samkvæmt þessu hefir stjórnin heimild til þess, án frekara samþykkis Alþingis, að létta á þennan hátt af bændum á áveitusvæðinu þeim hluta af áveituskuldinni, er þeim teldist um megn að bera.

Þessa heimild hefir stjórnin ekki viljað nota og því skotið málinu á ný til Alþingis.

Ástæðurnar fyrir því, að ég hefi ekki getað fallizt á frumvarpið, eru: Í fyrsta lagi álít ég þá tilhögun ekki heppilega, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði á því höfð að létta skuldabyrðar þeirra Skeiðamanna út af áveitunni.

Í öðru lagi hugnast mér engan veginn þau skilyrði, sem sett eru fyrir þessari hjálp, og sízt af öllu get ég fallizt á, að erfiðar kringumstæður þessa hreppsfélags séu notaðar til þess að taka hér upp þá skattastefnu, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tel þess vegna betur fara að leysa þessi vankvæði á annan hátt, og verður gerð grein fyrir þeirri tilhögun í framsögu. Legg ég því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Atvinnumálaráðherra er heimilt, með þeim skilyrðum, er í 3. gr. segir, að greiða helming af eftirstöðvum lána þeirra úr veðdeild Landsbankans og viðlagasjóði, sem hvíla á eigendum jarða í Skeiðahreppi í Árnessýslu vegna Skeiðaáveitunnar.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir 1. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Að ríkisstjórnin nái samkomulagi um eftirgjöf á 1/4 hluta af eftirstöðvum lána þeirra úr veðdeild Landsbankans og viðlagasjóði, sem hvíla á eigendum jarðanna, enda skal stjórnum Landsbankans og Búnaðarbankans heimilt að veita og semja um slíka eftirgjöf.

b. 2. liður falli burt.

c. 3. liður orðist svo:

Að hreppsnefnd Skeiðahrepps, með samþykki lögmæts hreppsfundar, ábyrgist gagnvart lánsstofnunum þeim, er ræðir um í 1. gr., að eigendur jarða þeirra, sem í 2. gr. getur, greiði 1/4 hluta lánanna, með umsömdum vöxtum og afborgunum, á réttum gjalddaga.

3. Á eftir 3. gr. komi ný gr., er verður 4. gr., svo hljóðandi:

Fé það, sem þegar hefir verið greitt úr ríkissjóði upp í skuldir bænda í Skeiðahreppi vegna áveitunnar, skal ekki endurkræft.

4. 4.—8. gr. falli burt.

5. 9. gr. verði 5. gr.

6. 10.—11. gr. falli burt.

7. 12. gr. verði 6. gr.

8. Úr fyrirsögn frv. falli: »o. fl.«

Alþingi, 15. marz 1930.

Pétur Ottesen.

Nd. 290. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 73, 7. maí 1928, um slysatryggingar.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 2. gr. Í stað »Síðasti málsliður 12. gr.« komi: Síðasti málsliður fyrri málsgr. 12. gr.

Nd. 291. Breytingartillögur

við frv. til laga um refaveiðar og refarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. Við 2. gr. Í stað orðanna: »enda hafi þar ekki fundizt dýr í tug ára« komi: eða þar hafi ekki fundizt dýr síðustu árin.

II. Við 6. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

Nú eru yrðlingar teknir í heimalandi einstakra manna, og skal þá land-

eigandi og ábúandi fá samanlagt hálfan ágóða, til jafns við sveitar- eða fjallskilasjóð, af sölu þeirra yrðlinga. Landshlut þessum skal skipta jafnt á milli landeiganda og ábúanda.

III. Á eftir »II. kafli. Um refarækt« komi ný grein, svo hljóðandi:

Hver sá, er ætlar að setja á stofn refaræktarbú eða stunda refaeldi, þarf til þess leyfi sýslunefndar. Það telst refaræktarbú, þar sem refir eru aldir árlangt, en refaeldi þar, sem refir eru aldir skemmri tíma, hvort sem fleiri eru eða færri.

Nd. 292. Breytingartillögur

við frv. til laga um sveitabanka.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Eftir 14. gr. kemur nýr II. kafli, um bústofnslánafélög, með eftirfylgjandi greinum:
   a. Bústofnslánadeild Búnaðarbankans og umboðsskrifstofur hans veita lán til bústofnslánafélaga í sveitum.
   b. Bústofnslánafélögin skulu starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með þeim skyldum og réttindum, sem ákveðin eru í þeim lögum.

      Ákvæði 4. gr. þessara laga, stafliðir a, b, c, d, f og g, gilda einnig fyrir bústofnslánafélögin.
   c. Stjórn bústofnslánafélags skal þegar eftir aðalfund senda stjórn Búnaðarbankans afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar, ennfremur skrá yfir útlán félagsins og tryggingar, er félagsmenn hafa sett félaginu fyrir lánum sínum. Auk þess tilkynning um breytingar á samþykktum félagsins og nafnaskrá yfir félagsmenn, stjórnendur þess og starfsmenn.

      Bústofnslánafélög geta falið stjórn sveitabanka í sama hreppi að fara með sín mál. En ætíð skal halda aðgreindum fjárhag og reikningum sveitabanka og bústofnslánafélaga. Reikningsár bústofnslánafélaga er almanaksárið.
   d. Bústofnslánafélög veita félögum sínum lán til þess að auka bústofn sinn, eða til að koma upp bústofni. Ennfremur má veita félagsmönnum lán til að kaupa verkfæri til jarðyrkju og heyvinnu. Aldrei má skuld félagsmanns við félagið nema meiru en 2000 kr.

      Utanfélagsmönnum má ekki lána.
   e. Útlán bústofnslánafélaga til bústofnskaupa skulu veitast til eigi lengri tíma en 10 ára og með jöfnum afborgunum. Lán til verkfærakaupa veitast eigi til lengri tíma en 5 ára.
   f. Hver félagsmaður skal setja félaginu veð eða aðra tryggingu fyrir lánum sínum.

Lán félagsmanna skulu jafnan tryggð með 1. veðrétti í búfé lántakanda, og mega ekki hærri vera en helmingur verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá. Sé veðið í öðru búfé en kúm, setji félagsmaður auk þess hreppsábyrgð eða fasteignarveð sem viðbótartryggingu.

g. Stjórn bústofnslánafélags ber ábyrgð á því gagnvart bústofnslánadeild Búnaðarbankans, að lánsféð sé eingöngu notað til þess, sem ákveðið er í 47. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands. Verði félagsstjórn þess vör, að félagsmaður hafi notað lánið til annars en aukningar á bústofni sínum eða til verkfærakaupa, eða hann hefir fargað aftur af bústofni eða verkfærum, þá er lánið þegar afturkræft. Brot gegn þessum ákvæðum skulu varða 20—200 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð, nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.

h. Nú flytur félagsmaður bústofnslánafélags burtu af félagssvæðinu, og er þá skuld hans við félagið þegar fallin í gjalddaga.

i. Ákvæði 51. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands, 1. og 2. málsgr., gilda einnig fyrir bústofnslánafélög, að því leyti er við á.

2. Við 15. gr. Greinin orðist þannig:

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sveitabanka og bústofnslánafélög og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþykktum slíkra félaga.

3. Á undan 1. gr. kemur: I. kafli. Um sveitabanka.

4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um sveitabanka og bústofnslánafélög.

Nd. 293. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Akranesi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnargerðar á Akranesi veitast úr ríkissjóði $^3/_5$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur — gegn $^2/_5$ frá hafnarsjóði Akraness.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Akraness kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð Borgarfjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Akraness. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Akraness.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Vestriflasartá um Syðriflasarenda í Þjótarsker og þaðan sjónhending á vestanverðan Sólmundarhöfða.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, en 2 af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 4 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 3 nefndarmenn skulu eiga heima í Akraneskauptúni eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Akraneshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 1 % af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kauptúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölul. 2 a, b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. 294. Nefndarálit

um frv. til laga um gagnfræðaskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um þetta frv. hvað einstök atriði snertir. Er hún þó öll sammála um, að frv. sé til mikilla bóta, ef að lögum verður, fyrir þá kaupstaði, sem samkvæmt því eiga að fá gagnfræðaskóla. Minni hlutanum (JÞ) þykir frv. ganga of skammt í því, er lýtur að skipun skólamála fyrir Reykjavík, og mun hann því flytja brtt. við frv., í þá átt að gera það nokkru fyllra í þessum efnum. Hann mun og vera samþykkur sumum brtt. meiri hl., þó hann vilji ekki skrifa undir nefndarálit með honum. Meiri hl. telur ekki ástæðu til í þetta sinn að ganga lengra en að koma skipun á gagnfræðamenntun í landinu, þar sem hún er enn í þeim molum, að ekki verður við unað lengur, og ber því brýna nauðsyn til, að úr verði bætt hið bráðasta. En álit meiri hl. er, að það mundi tefja framgang þessa máls, ef í samband við það yrðu sett önnur skólamál, sem gerðu það umfangsmeira og erfiðara í vöfum. Erlingur Friðjónsson hefir sérstöðu í nefndinni gagnvart 13. gr. frumvarpsins og mun flytja brtt. við hana.

Eins og vikið er að hér að ofan, leggur meiri hl. (þeir EF og PH) til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. Í stað orðanna »(sbr. þó 17. gr.)« komi: (sbr. þó 16. gr.).
2. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: Heimilt er og að ákveða í reglugerð próf í einstökum námsgreinum sem inntökuskilyrði.
3. Við 6. gr. Á eftir »íslenzkar bókmenntir« í annari málsgr. komi: sögu.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna »og fastir kennarar ráðnir í samráði við skólastjóra og skólanefnd« komi: Fasta kennara ræður kennslumálaráðuneytið, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.
5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrir mánaðardvöl hvers reglulegs nemanda í gagnfræðaskóla skal greiða úr ríkissjóði í skólasjóð 16 krónur, gegn 24 króna lágmarksframlagi úr hlutaðeigandi bæjarsjóði.
6. Við 17. gr. Í stað orðanna »fastir starfsmenn við þann skóla« komi: fastir kennarar við þann skóla.
7. Við 19. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkv. því.

Alþingi, 17. marz 1930.

Páll Hermannsson,	Erlingur Friðjónsson,
formaður.	fundaskr. og frsm.

Ed. 295. Breytingartillaga

við frv. til laga um gagnfræðaskóla.

Frá Erlingi Friðjónssyni.

Við 13. gr. Greinin orðist þannig:

Innanbæjarnemendur skulu ganga fyrir öðrum um skólavist og njóta ókeypis kennslu. Utanbæjarnemendur greiði skólagjöld samkvæmt lögum nr. 37 1929, um héraðsskóla, og rennur það fé í skólasjóð.

Ed. 296. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 73 frá 7. maí 1928, um slysatryggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

a-liður 4. gr. laganna orðist svo:

Ef meiðslin valda sjúkleika lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, er fyrir slysinu varð, dagpeninga eftir þann tíma og þangað til hann verður vinnufær eða úrskurður er felldur um varanlega örorku eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag; þó mega þeir aldrei fara fram úr $^3/_4$ af venjulegu dagkaupi eða tekjum mannsins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð. Ef hinn slasaði er lögskráður skipverji, fer um rétt hans eftir 95. gr. laga nr. 56, 30. nóv. 1914, fyrstu 4 eða 8 vikurnar, en síðan eftir lögum þessum.

2. gr.

Síðasti málsl. fyrri málsgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ófullnægjandi upplýst, eða ef ástæða er til að ætla, að slysið hafi orsakazt af hirðuleysi eða af lélegum úthúnaði, eða slysatryggingin óskar þess einhverra ástæðna vegna, skal lögreglustjóri halda réttarpróf í málinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930.

Nd. 297. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu á tóbaki.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin er ósammála um frv. Meiri hl. vill samþykkja það, en minni hl. fella.

Ástæðan fyrir samþykkt frv. er tekjuauki sá, er vænta má af einkasölunni, án þess að verð tóbaks þurfi að hækka í smásölu. Þykir meiri hl., sem ekki verði á annan annmarkaminni hátt aflað aukinna tekna í ríkissjóð.

Flutningsmenn frv. áætla tekjur af tóbakseinkasölunni fullar 200 þús. kr., þegar frá líður. Þykir meiri hl. sú áætlun nær sanni. En enda þótt hún brygðist að nokkru, þá er þó um svo verulegan tekjuauka að ræða, að miklu máli skiptir.

Þar sem ríkið hefir einkasölur með höndum nú þegar og þarf sjálft að gera mikil efniskaup til opinberra framkvæmda, þá mætti sameina þessi verkefni undir eina framkvæmdarstjórn, og kostnaður við einkasölu á tóbaki gæti fyrir þá sök orðið minni en ella.

Stungið hefir verið upp á því, að binda tekjur tóbakseinkasölunnar, ef samþykkt verður, til ákveðinna verkefna ríkisins. Nefndarhlutinn hefir ekki tekið afstöðu til þess atriðis og hefir því um það óbundna afstöðu.

Alþingi, 17. marz 1930.

Halldór Stefánsson, form., frsm.	Hannes Jónsson, fundaskr.	Héðinn Valdimarsson.

Nd. 298. Nefndarálit

um frv. til sjómannalaga.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 39. gr. Fyrir »sér« og »sig« í greininni komi: honum, hann.
2. Við 57. gr. Fyrir »tilskipun, er konungur setur« komi: reglugerð, er ráðuneytið setur.

Alþingi, 17. marz 1930.

Sveinn Ólafsson, formaður.	Ásgeir Ásgeirsson, frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.
Ólafur Thors, með fyrirvara.	Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirvara.	

Nd. 299. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (þskj. 65).

Flutningsm.: Pétur Ottesen og Jón Sigurðsson.

Við 14. gr.

a. Töluliður 1. orðist svo:
Fyrir einstakling 800 kr.

b. Töluliður 2. orðist svo:
Fyrir hjón, sem samvistum eru, 1600 kr.

c. Við tölul. 3. Fyrir orðin »Í Reykjavík . . . . . fyrir hvert barn« kemur: 500 kr. fyrir hvert barn.

Nd. 300. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi.

Flutningsm.: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Í Selárvík í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Löggilding þessi kemur til framkvæmda, þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni hreppsnefndarinnar í Árskógshreppi, og eru ástæður teknar fram í bréfi nefndarinnar, sem fylgir hér með.

Fylgiskjal.

pt. Litla-Árskógssandi, 10. marz 1930.

Herra alþingismaður Bernharð Stefánsson.

Samkvæmt ósk ábúandans á Selá og útgerðarmanna á Hauganesi hér í hreppi, leyfum við undirritaðir okkur, fyrir hönd hreppsnefndar Árskógshrepps, að fara þess á leit við yður, að þér flytjið fyrir núverandi Alþingi löggilding hafnar á Selárvík hér í hreppi.

Aðalástæðan fyrir þessari beiðni er sú, að nokkur vélbátaútgerð er á Hauganesi við Selárvík nú þegar og líkur fyrir að aukist í nánustu framtíð. En þeir annmarkar eru á, að bátar þessir fást ekki vátryggðir í bátaábyrgðarfélagi hér, vegna þess að höfnin er ekki löggilt, þrátt fyrir það að höfnin verður að teljast mjög gott bátalægi.

Sömuleiðis eru mikil vankvæði á að fá stærri skip til að taka verzlunarfisk eða aðrar afurðir, vegna þess að höfnin er ólöggilt. Veldur þetta, sem hér hefir verið nefnt, miklum erfiðleikum fyrir þá, er hér eiga hlut að máli, og því æskilegt, að þetta nái sem fyrst fram að ganga.

Hreppsnefnd Árskógshrepps mælir því ákveðið með því, að Selárvík verði löggilt.

Til skýringar skal tekið fram, að jörðin Selá ásamt Hauganesi er ríkiseign.

Fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Árskógshreppi.
Virðingarfyllst

Kr. Eldjárn Kristjánsson. Sigurvin Edílonsson.

Nd. 301. Breytingartillaga

við frv. til laga um refaveiðar og refarækt.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Við 17. gr.

Aftan við síðustu málsgr. bætist: Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Nd. 302. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 2. gr. 12. (Áfengistollur).
   Fyrir »375000« kemur 425000
2. Við 2. gr. 13. (Tóbakstollur).
   Fyrir »950000« kemur 1025000
3. Við 2. gr. 16. (Vörutollur).
   Fyrir »1400000« kemur 1500000
4. Við 2. gr. 17. (Verðtollur).
   Fyrir »1500000« kemur... 1700000
5. Við 2. gr. 22. (Vínveitingasala).
   Fyrir »550000« kemur 575000

6. Við 12. gr. 3. (Til læknisvitjana).
Fyrir »9300« kemur 9450
Á eftir 20. lið 3. tölulíðs kemur:
Til Loðmundarfjarðarhrepps 150 kr.
7. Við 12. gr. 16. h. (Hjúkrunarfél. Líkn).
Fyrir »3500« kemur 4000

II. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 12. gr. 16. n. Nýr liður:
Til Unnar Vilhjálmsdóttur, sjúkrastyrkur 1000

III. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 12. gr. 16. n. Nýr liður:
Til Lúðvigs Guðmundssonar skólastjóra, til að leita sér lækninga erlendis 3000
Til vara 2000

IV. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 13. gr. B. II. a. 4. (Vesturlandsvegur).
Fyrir »40000« kemur 70000

V. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 13. gr. B. II. Nýr (rómv.) liður:
Til Breiðadalsheiðarvegar 20000

VI. Frá *Sveini Ólafssyni.*
1. Við 13. gr. B. XIII. (Bakkasel).
Fyrir »35000« kemur 10000
2. Við 13. gr. B. XIV. (Fornihvammur).
Fyrir »8000« kemur 4000

VII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 13. gr. B. XV. Nýr liður:
Styrkur til Guðlaugs Þórðarsonar, til þess að stækka gistihúsið að Tryggvaskála 4000

VIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. D. III. (Nýjar símalagningar).
a. Fjárhæðin hækki um 12500 kr.
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 12500 kr. til símalínu frá Sandeyri að Stað í Grunnavík.

IX. Frá *Sigurði Eggerz.*
1. Við 13. gr. D. III. (Nýjar símalagningar).
a. Fjárhæðin hækki um 50000 kr.

b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 50000 kr. til símalínu frá Dalsmynni að Búðardal.

2. Við 13. gr. D. III. (Nýjar símalagningar).
a. Fjárhæðin hækki um 29000 kr.
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 29000 kr. til símalínu frá Staðarfelli um Skarð að Stórholti.

X. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 13. gr. E. I. 2. (Laun aðstoðarverkfræðings).
Fyrir »5700« kemur 6500

2. Við 13. gr. E. I. 4. (Skrifstofukostnaður).
Fyrir »5000« kemur 6200

XI. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 13. gr. E. V. (Nýir vitar).
a. Fjárhæðin hækki um 30000 kr.
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af til Höfðavita við Raufarhöfn og Sauðanesvita við Þistilfjörð 30 þús. kr.
Til vara:
a. Fjárhæðin hækki um 15000 kr.
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af til Höfðavita við Raufarhöfn 15 þús. kr.

XII. Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 13. gr. E. V. (Nýir vitar).
a. Fjárhæðin hækki um 45000 kr.
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 45 þús. kr. til að reisa ljós- og hljóðvita á Sauðanesi, vestan við Siglufjörð, gegn 15000 kr. frá Siglufjarðarkaupstað.

XIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. E. VIII. (Bryggjur og lendingarbætur).
Aftan við athugasemdina bætist:
Enda séu almenningi tryggð afnot af bryggjunni.

XIV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. E. IX. Nýr liður:
Til viðgerðar öldubrjótnum í Bolungavík, helmingur kostnaðar (þar af endurveiting kr. 3742.52) allt að 7500
Verkið sé unnið undir eftirliti vitamálastjórnarinnar.

XV. Frá *Magnúsi Guðmundssyni* og *Tryggva Þórhallssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Símonar J. Ágústssonar, til heimspekináms í París... 1200

XVI. Frá *Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Jens Jóhannessonar læknis, til sérfræðináms í háls-, nef- og eyrnalækningum 2000
Til vara 1200

XVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. XIII. 6. (Barnaskólahús utan kaupstaða)
Fyrir »30000« kemur 40000

XVIII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 4. (Ósk). Nýr liður:
Til sama félags, styrkur til vefstólakaupa... 1000

XIX. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 14. gr. B. XVII. 2. Nýr liður:
Til blindra manna, til þess að nema körfugerð og þesskonar iðnað innanlands, samkv. nánari fyrirmælum atvinnumálaráðuneytis 2400

XX. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XXI. Nýr liður:
Til Unnar Jónsdóttur, utanfararstyrkur til þess að fullnuma sig í íþróttakennslu 1500

XXI. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Benedikt Sveinssyni* og *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. XXI. Nýr (rómv.) liður:
Til Helga Tryggvasonar, utanfararstyrkur til þess að kynna sér hraðritunarkennslu og skólamál 1500

XXII. Frá *Jóni Ólafssyni.*
Við 14. gr. B. XXI. Nýr (rómv.) liður:
Til Skaksambands Íslands 2000
Til vara 1500

XXIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 15. (Björn Kr. Þórólfsson).
Fyrir »1000« kemur 1500

XXIV. Frá *Hákoni Kristóferssyni* og *Lárusi Helgasyni.*
Við 15. gr. 16. Nýr liður:
Til Árna Þórarinssonar, til ritstarfa 2000
Til vara 1500

XXV. Frá *Sveini Ólafssyni, Halldóri Stefánssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 19. Nýr liður:
Til útgáfu allt að 20 arka af þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá 1500

XXVI. Frá *Héðni Valdimarssyni.*
Við 15. gr. 25. Nýr liður:
Til Árna Kristjánssonar, til þess að fullkomna sig í pianóleik 2000

XXVII. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 26. Nýr liður:
Til Maríu Markan, til lokanáms í söngleiklist... .. 2000
Til vara 1500

XXVIII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 27. Nýr liður:
Til Þórðar Kristleifssonar, utanfararstyrkur til söngfræði- og söngkennslunáms 1200

XXIX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 28 Nýr liður:
Til Halldórs Kiljans Laxness, til ritstarfa... 2000

XXX. Frá *Gunnari Sigurðssyni, Ólafi Thors, Héðni Valdimarssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 31. Nýr liður:
Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga 1500

XXXI. Frá *Jóni Ólafssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 33. Nýr liður:
Til Jónu Guðbjartsdóttur, til framhaldsnáms í bókverzlunarfræðum í Englandi og Frakklandi 2000
Til vara 1500

XXXII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 35.
Til Stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja upplýsingaskrifstofu 1200

XXXIII. Frá *Benedikt Sveinssyni,*
Við 15. gr. 38. Nýr liður:
Til þess að kaupa Grænlands-bókasafn Einars Benediktssonar handa Landsbókasafni 5000

XXXIV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 6. Nýr liður:
Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna, samkv. lögum um verkamannabústaði 33000

XXXV. Frá *Jóni Sigurðssyni* og *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 16. gr. 8. Nýr liður:
Styrkur til raforkuveitu um Skagafjörð 50000

XXXVI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 16. f. (Húsal. o. fl. í veðurstofunni).
Fyrir »3000« kemur 4000

XXXVII. Frá *Bjarna Asgeirssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 16. gr. 23. Nýr liður:
Til Iðnráðs Reykjavíkur 2000

XXXVIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. 35. Nýr liður:
Til Friðriks Þorvaldssonar, utanfararstyrkur til þess að kynna sér starfsemi Farfuglafélagsins (Wandervogel) í Þýzkalandi 1500
Til vara 1000

XXXIX. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 35. Nýr liður:
Til Bandalags skáta 500

XL. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 35. Nýr liður:
Til Dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi 1000

XLI. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Jóni Ólafssyni.*
Við 16. gr. 38. Nýr liður:
Til elliheimilisins Grundar í Rvík, byggingarstyrkur 25000

XLII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 16. gr. 39. Nýr liður:
Til þess að gera laxastiga í Lagarfoss, 1/3 kostnaðar, allt að 3300

2. Við 16. gr. 42 (Vatnsrennslismæl.):
Fyrir »1000« kemur 2000

XLIII. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 17. gr. 1. Við liðinn bætist aths:
Þar af til greiðslu legukostnaðar Eiðs Kvarans erlendis 5 kr. fyrir legudag, þó ekki yfir 1500

XLIV. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 17. gr. 11. (Stórstúkan).
Fyrir »8000« kemur 12000

XLV. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 17. gr. 19. Nýr liður:
Til gamalmennahælis Ísfirðinga 1000

XLVI. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 17. gr. 20 (Styrktarsj. Margrjetar Bjarnad.)
Fyrir »800« kemur 500
2. Við 18. gr. II. a. 2. Nýr liður:
Til Þorvalds Pálssonar læknis 300
3. Við 18. gr. II. b. 24.
Fyrir »Kristínar Þórðardóttur læknisekkju« kemur: Kristínar Þórarinsdóttur læknisekkju.

XLVII. Frá *Asgeiri Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. c. 10. (Þórður Ólafsson).
Fyrir »370« kemur 555

XLVIII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 18. gr. II. d. 31. Nýr liður:
Til Kristínar Jónsdóttur prófastsekkju á Brjánslæk . 300

XLIX. Frá *Sigurði Eggerz:*
Við 18. gr. II. i. 26. Nýr liður:
Til Guðrúnar Magnúsdóttur ljósmóður 200

L. Frá *Sveini Ólafssyni, Bernh. Stefánssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 18. gr. II. i. 56. (Susie Briem):
Fyrir »300« kemur 1000

LI. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Jörundi Brynjólfssyni, Sigurjóni A. Ólafssyni* og *Ingólfi Bjarnarsyni.*
Við 22. gr. I. (Eimskipafélag Íslands).
Liðinn skal orða svo:

Að kaupa hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h/f, ef ástæða þykir til, fyrir allt að 85 þús. krónum.

LII Frá *Bernharði Stefánssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að láta athuga og gera áætlun um endurbyggingu sjóvarnargarðs á Siglufirði og greiða síðan úr ríkissjóði $^2/_3$ kostnaðar við framkvæmd verksins, gegn þriðjungs framlagi frá Siglufjarðarkaupstað.

LIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að veita eftirgjöf á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni Ostagerðarfélags Önfirðinga, kr. 9141,67.

LIV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 40000 kr. húsakaupalán fyrir kvennaskóla Reykjavíkur, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

LV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að ábyrgjast, gegn endurábyrgð sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu, lán, er nemi $^4/_5$ hlutum kostnaðar við byggingu rafmagnsstöðvar fyrir Súðavíkurhrepp, allt að 60 þús. kr.

LVI. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 90000 kr. láni fyrir samvinnufélag Eskfirðinga, til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meira en $^3/_4$ af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna og ábyrgð Eskifjarðarhrepps. Forstöðumaður félagsins og annar endurskoðandi skulu samþykktir af ríkisstjórninni. Taka verður lánið í innlendri lánsstofnun eða innanlands.

Nd. 303. Breytingartillögur

við frv. til laga um refaveiðar og refarækt.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Ný kýs landeigandi að annast sjálfur grenjavinnslu í landi sínu, og er honum það þá heimilt með samþykki hreppsnefndar þeirrar eða hrepps-

nefnda, er hlut eiga að máli, enda beri hann allan kostnað vinnslunnar sjálfur og njóti ágóða samkvæmt fyrirmælum 6. gr.

2. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

Á grenjavinnslutíma er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir eða heimild er til þess veitt samkvæmt 3. gr., óheimilt að vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggi svo til, að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð. Grenjavinnslutími skal talinn frá 1. maí til 20. júlí.

3. Við 5. gr. Fyrir »aldrei« í 1. málslið kemur: ekki.

4. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:

Allir yrðlingar, sem náðst hafa á greni á grenjavinnslutíma eða verið þaðan eltir uppi, eru eign þess sveitarfélags eða sveitarfélaga, er annast um grenjavinnslu á því svæði.

Nú hefir landeigandi fengið leyfi til grenjavinnslu í landi sínu, sbr. 3. gr., og skal hann þá eignast alla yrðlinga, sem hann nær á greni eða út frá því, ef hann vinnur bæði fullorðnu dýrin. Vinni hann aðeins annað dýrið, eignast hann hálft andvirði yrðlinga þeirra, sem hann nær, til jafns við sveitar- eða fjallskilasjóð, en vinni hann hvorugt fullorðnu dýranna, fellur andvirði yrðlinga óskert til sveitar- eða fjallskilasjóðs.

Nú næst yrðlingur á viðavangi á grenjavinnslutíma og ekki er vitað um, frá hvaða greni hann er kominn, og skal þá sá eignast, er náði, að helmingi við þann, er land á eða upprekstrarétt, ef á afrétti er. Sama gildir og, ef unnið er gren eða yrðlingur næst utan grenjavinnslutíma á svæði því, er hreppsfélag eða hreppsfélög annast grenjavinnslu á.

5. Við 8. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist: sbr. þó síðari málsgr. 3. gr.

Nd. 304. Nefndarálit

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin er klofin í málinu. Meiri hl. telur ekki fært að leggja með frv., enda er málið alls óundirbúið.

Alþingi, 18. marz 1930.

Magnús Guðmundsson, frsm.	Magnús Torfason, með fyrirvara.	Hákon Kristófersson.

Nd. 305. Nefndarálit

um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég er andvígur frumvarpi þessu að því leyti, er það fer í bága við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt, er þm. Ísaf. (HG) flytur og einnig liggur fyrir nefndinni. Það frumvarp álít ég yfirleitt betur samið frá skattfræðilegu sjónarmiði og fyllra og því betur fallið til þess að vera undirstaða til umræðna og, ef þörf þykir, breytinga. Þótt meiri hl. nefndarinnar fallist á þetta að nokkru leyti, með því að taka upp ýmsar breytingar við þetta frv. úr hinu, þá eru þó þær breytingarnar enn fleiri, er nauðsyn ræki til að bæta við, t. d. um innheimtu skattsins, dráttarvexti, fresti í Reykjavík, framtalsskyldu, samningu skattskrár o. fl.

Meiri hl. nefndarinnar hefir gert þá breytingu á frumvarpinu, að einungis helmingur útsvars og tekju- og eignarskatts skuli teljast skattskyldar tekjur, og einn nefndarmaður (SE) jafnframt komið með brtt. um, að allt útsvar og tekju- og eignarskattur skuli dragast frá skattskyldum tekjum. Flutningsmenn gerðu ráð fyrir, að hækkun sú á skattinum, er leiddi af því, að útsvör og tekju- og eignarskatturinn væri ekki frádráttarhæft, mundi bæta fyrir ríkissjóðnum þá rýrnun skattsins, er leiddi af hækkun persónufrádráttarins. En nái þessi brtt. meiri hl., hvað þá heldur brtt. þm. Dal. (SE), fram að ganga, hlýtur skattupphæðin til ríkissjóðsins að lækka verulega frá því, sem nú er, eða með öðrum orðum, ef gjöld ríkissjóðs haldast óbreytt, stefnir þetta beint að hækkun tolla. Slíka stefnu tel ég mjög hættulega og fjarri öllu réttu, þar sem þessi skattur hefir undanfarið ekki numið nema 11—12% af skatttekjum ríkissjóðs.

Þá álít ég einnig óhæft það fyrirkomulag tekjuskattsins um hlutafélög, sem nú gildir og meiri hl. nefndarinnar heldur óbreyttu. Það skapar mikil forréttindi fyrir hlutafélög þau, er nú þegar hafa safnað sér miklu hlutafé og varasjóði á kostnað hinna smærri félaga, sem eru að auka hlutafé sitt og safna sér varasjóðum. Tel ég miklu réttara, eins og er í frv. þm. Ísaf. (HG), að sami skattur gildi um hlutafélögin eins og einstaklinga af sömu skattskyldum tekjum, en mismunurinn milli félaganna og einstaklinganna komi aðeins fram í mismunandi frádráttarreglum.

Meiri hl. nefndarinnar játar, að með frv. þm. Ísaf. »væri að vísu séð betur fyrir tekjuþörfum ríkissjóðs«, en heldur því hinsvegar fram, að »sveitar- og bæjarsjóðir stæðu þá tekjusneyddir eftir með jafnstóran hluta af útgjöldum til opinberra þarfa og áður«. Nægir til þess að sýna, hversu fjarri réttu máli þetta er, að benda á 57. gr. í frv. þm. Ísaf., þar sem heimild er fyrir sveitar- og bæjarsjóði að taka 50% álag á tekjuskattinn og fá þriðjung eignarskattsins, sem þá innheimtist þeim að kostnaðarlausu. Gjaldgeta þjóðarinnar minnkar ekkert við það, þótt breytt sé um tekjustofna. Með frumvörpum þm. Ísaf. er að vísu meiri tekna aflað með beinum sköttum, tekju- og eignarskatti og fasteignaskatti, heldur en með frumvarpi 1. þm. N.-M. (HStef) og 1. þm. Skagf. (MG), en hinsvegar nemur lækkun tolla eftir tillögum hans mun meira en hækkuninni nemur.

Ríkissjóður fær jafnt. Gjaldgeta almennings til sveitar- og bæjarsjóða getur því ekki minnkað. Hjá allri alþýðu manna eykst gjaldgetan verulega vegna þess, hversu þungbærir tollarnir á nauðsynjavörum eru nú fyrir efnalitið fólk. Með réttu má segja, að þótt skattafyrirkomulag það, sem fram kemur í tillögum þm. Ísaf., komi meira við efnamennina en tillögur 1. þm. N.-M. og 1. þm. Skagf., þá minnki gjaldabyrðin þó yfirleitt, vegna þess að verzlunarálagningin á þeim hluta tollanna, sem niður fellur, hverfur.

Ég álít, að það sé varla ómaksins vert að semja upp skattalögin fyrir svo smávægilegar breytingar, sem meiri hl. nefndarinnar vill láta ganga fram, og legg því til, að frumvarpið sé felllt.

Það, sem ég álít aðalatriðið í þessum málum, er, að kröfur þjóðarinnar um réttlátara skattafyrirkomulag nái fram að ganga, og mun ég því leggja með því, að frv. þm. Ísaf. nái fram að ganga, ef hitt fær ekki byr í þinginu.

Alþingi, 18. marz 1930.

Héðinn Valdimarsson.

Ed. 306. Nefndarálit

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 7. maí 1928 [Gengisviðauki].

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Minni hl. (JBald) er á móti frv. En meiri hl. leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. marz 1930.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. Björn Kristjánsson.

Nd. 307. Lög

um rafmagnsdeild við vélstjóraskólann í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 18. marz).

1. gr.

Við vélstjóraskólann í Reykjavík skal vera sérstök rafmagnsdeild í tveim ársdeildum.

Er próf tekið að loknu námi í hvorri ársdeild fyrir sig, og nefnast þau ársþróf og burtfararþróf.

Stjórnarráðið ræður kennara í samráði við skólastjóra, og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

2. gr.

Við árspróf skal gera þessar kröfur:

1. Í stærðfræði: Kunnátta í almennum talna- og bókstafareikningi, flatar- og rúmmálsfræði.
2. Í eðlisfræði: Kunnátta í aflfræði, hljóðfræði, ljósfræði, hitafræði og rafmagns- og segulfræði.
3. Í vélfræði: Að þekkja frumatriði vélfræðinnar, almenna vélahluti, einkanlega með tilliti til rafmagnsvéla; svo og ýmsar algengar aflvélar.
4. Í teikningu: Að geta gert uppdrætti af einföldum vélahlutum eftir ákveðnum mælikvarða.
5. Í íslenzku: að geta gert íslenzkan stíl um almennt efni skýrt og villulítið.
6. Í dönsku: Að geta lesið og þýtt létt mál.

3. gr.

Við burtfararpróf skal gera þessar kröfur:

Í rafmagnsfræði: Þekking á undirstöðuatriðum rafmagnsfræðinnar og einföldum rafmagnsmælingum, á rafmagnshlöðum og allskonar rafmagnsvélum og rafmagnstækjum, gerð þeirra, uppsetning og gæzlu; ennfremur kunnátta í lagningu allskonar rafmagnstækja. Prófsveinar skulu geta fundið orsakir algengra bilana á tækjum þessum og lögnum; þeir skulu geta áttað sig á tengimyndum. Auk þess skulu þeir kunna að deyfa útvarpstruflanir rafmagnstækja og véla. Þeir skulu þekkja lög og reglugerðir um allt, er að þessu lýtur; ennfremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er getur stafað frá rafmagni, og kunna að gera einfaldar lífgunartilraunir.

Auk þess er krafizt í öðrum greinum þess, sem nauðsynlegt er til fulls skilnings á rafmagnsfræðinni.

4. gr.

Árspróf er skriflegt og munnlegt, en burtfararpróf er auk þess verklegt. Prófin skulu haldin af prófnefnd, sem er skipuð forstjóra vélstjóraskólans og tveim prófdómendum, er fræðslumálastjórnin skipar; skulu þeir báðir hafa próf frá að minnsta kosti jafngildum skóla og þessi er.

Prófdómendur velja prófverkefni, en kennari í hverri grein heldur hið munnlega og hið verklega próf.

Kennarar dæma um kunnáttu nemenda, hver í sinni grein, ásamt prófdómendum.

5. gr.

Sá einn má ganga undir árspróf, sem:

1. hefir unnið við rafmagnslagnir og rafmagnsvélar í 3 ár eftir 15 ára aldur hjá þeim rafmagnsmeisturum, sem stjórnarráðið tekur gilda;
2. sýnir vottorð frá iðnmeistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi;
3. hefir stundað nám í skólanum einn vetur.

6. gr.

Sá einn má ganga undir burtfararpróf, sem hefir setið í báðum ársdeildum.

7. gr.

Undanþágu frá 3. lið 5. gr. og frá 6. gr. má þó veita þeim, sem getur fært sönnur á, að hann hafi hlotið nægilega þekkingu og þroska til þess að geta gengið undir prófið, enda sendist umsókn hans um það til forstjóra vélstjóraskólans mánuði áður en próf hefst. Skulu umsókninni fylgja, auk áðurnefndra vottorða, skírnarvottorð umsækjanda og vottorð frá þeim, er hafa kennt honum.

8. gr.

Stjórnarráðið setur í reglugerð ákvæði um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kennslunnar, próf o. fl.

9. gr.

Sá einn má setjast í eldri deild, sem hefir staðizt árspróf eða vélstjórapróf.

10. gr.

Þeim, sem hefir náð burtfararprófi, skal veitt skírteini um það. Skírteini eru tvennskonar: annað fyrir þá, sem hafa unnið 3 ár hjá rafmagnsmeistara og síðan stundað nám í báðum ársdeildum; hitt er fyrir þá, sem hafa tekið vélstjórapróf og aðeins setið í eldri deild. Í skírteininu skal telja þær kennslugreinar, sem nemandinn hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn hans, og jafnframt bæði hina lægstu einkunn, er krafizt er til að standast prófið, og þá hæstu, sem unnt er að ná. Skírteinið skal undirritað af forstjóra vélstjóraskólans og hinum skipuðu prófdómendum.

Nd. 308. Nefndarálit

um frv. til laga um Menntaskóla á Akureyri.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin er klofin um málið. Mælir meiri hl. með frv., þó með einni breytingu. Einn nefndarmanna (JÓI) flytur og aðra brtt. og hefir að því leyti sérstöðu. Minni hl. (MJ) mun væntanlega skila sérstöku áliti.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og hefir málið verið athugað þar á tveim þingum. Virðist því nægilegt að vísa að öðru leyti til greinargerðar frv. og álits hv. menntamálanefndar Ed.

Leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Um gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri fer eftir reglugerð, sem kennslumálaráðuneytið setur.

Alþingi, 17. marz 1930.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr. og frsm.	Sveinn Ólafsson.	Jón Ólafsson.

Nd. 309. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Flutningsm.: Magnús Jónsson og Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Við 1. tölul. 18. gr. bætist: Þó veitir slíkt iðnbréf ekki réttindi nema í því lögsagnarumdæmi, þar sem það er gefið út, enda sýni bréfið greinilega að svo sé.

2. gr.

Á eftir 19. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:

Til þess að sjá um framkvæmd þessara laga og laga nr. 11 frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám, skal í kaupstöðum landsins kjósa iðnráð, og verða með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsvið þess og kosningu.

3. gr.

Þriðja málsgr. 27. gr. (sem verður 28. gr.) orðist svo:

Þeir, sem rétt höfðu til meistarabréfs og iðnbréfs 1. jan. 1928 og þá ráku sjálfstæða iðn, skulu, þegar eftir að bréf þessi eru tilbúin, fá þau tilsend ókeypis. Eftir að meistara- og iðnbréfum hefir verið útbýtt á þennan hátt, má enginn nema þeir, sem lög þessi undanþiggja, reka iðn sjálfstætt iðnbréfslaus og enginn taka lærlinga í kaupstöðum meistarabréfslaus.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni Iðnráðs Reykjavíkur, eins og bréf það, sem er birt hér sem fylgiskjal, sýnir. Flutningsmennirnir hafa þó ekki séð sér fært að taka í frv. allar þær breytingar á lögunum frá 1927, sem Iðnráðið fór fram á. Þótti þeim nokkuð hart aðgöngu að skylda þá menn til þess að kaupa iðnbréf, sem reka iðn sína aðeins með aðstoð maka síns eða barna sinna

innan 21 árs, og sáu þeir heldur ekki ástæðu til þess að láta þau ákvæði laganna, sem aðeins ná til kaupstaðanna, taka hér eftir til allra kauptúna. Hinar breytingarnar eru teknar upp í frv., og eru ástæður fyrir þeim tilgreindar í bréfi því frá Iðnráðinu, sem fer hér á eftir.

Fylgiskjal.

TILLÖGUR

um breytingar á lögum nr. 18, frá 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Við 13. gr. Málsgreinin: »Þeir, sem iðnað reka einungis með aðstoð maka síns og barna undir 21 árs aldri«, falli burt.

Við 13., 14. og 18. gr. Í stað »kaupstöðum« komi: kaupstöðum og kauptúnum.

Við 17. gr. Málsgreinin: »Í kaupstöðum er meisturum einum heimilt að taka nemendur til verklegs náms í iðn sinni«, orðist svo: Meisturum einum er heimilt að taka nemendur til verklegs náms. 2. gr. laga nr. 11, frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám, breytist samkvæmt því.

Við 18. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist: Þó veitir slíkt iðnbréf ekki réttindi nema í því lögsagnarumdæmi, þar sem það er gefið út, enda sýni bréfið greinilega, að svo sé.

3. málsgrein falli burt.

Á eftir 19. grein komi ný grein, sem verði 20. gr. og hljóði svo:

Til þess að sjá um framkvæmd þessara laga og laga nr. 11 frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám, skal í kaupstöðum landsins kjósa iðnráð, og verða með reglugerð sett nánari ákvæði um starfssvið þess og kosningu.

Tölurðð eftirfarandi greina breytist að sjálfsögðu í samræmi hér við.

Við 27. gr., sem verður 28. gr. 3. málsgrein orðist svo:

Þeir, sem rétt höfðu til meistarabréfs og iðnbréfs 1. jan. 1928 og þá ráku sjálfstæða iðn, skulu þegar eftir að bréf þessi eru tilbúin, fá þau tilsend ókeypis. Eftir að meistara- og iðnbréfum hefir verið útbýtt á þennan hátt, má enginn nema þeir, sem lög þessi undanþiggja, reka iðn sjálfstætt iðnbréfslaus, og enginn taka lærlinga meistarabréfslaus.

Greinargerð.

Tillögur þessar um breytingar á nokkrum greinum laga um iðju og iðnað, frá 31. maí 1927, voru samþykktar samhljóða á fundi Iðnráðs Reykjavíkur í jan. 1929 og aftur í nóv. s. á.

Flestar iðngreinar í bænum eiga fulltrúa í ráðinu og stendur því meginþorri allra iðnaðarmanna bæjarins á bak við þessar óskir. Breytingarnar byggjast á þeirri sannfæring vorri, að tilgangur hinna háu löggjafa með lögum þessum sé sá, að tryggja rétt þeirra manna við atvinnurekstur, sem skýlaus viður-

kenning er fyrir, að kunni iðn sína til hlítar. Á þann hátt stuðla lögin að bættum vinnubrögðum og eðlilegum framförum í hverri iðngrein.

En tilgangi þessum virðist oss ekki náð nema kröfurnar um kunnáttuvottorð (þ. e. iðnbréf, þar eð það fyrst um sinn oft mun verða veitt án þess að sveinsbréf sé fyrir hendi, sbr. 14. gr., tölulið 1. b) séu undantekningarlausar um alla þá, er sjálfir vinna að handverki því, er iðnbréfið hljóðar upp á. Skal nú gera nokkra grein fyrir hverjum lið í tillögum þessum.

13. gr. Vér lítum svo á, að nauðsyn beri til, að 1. töluliður í 13. gr. falli burt, þar eð hann lögfestir mönnum án sérþekkingar heimild til að reka sérhverja iðn, og það jafnvel í stærri stíl, með aðstoð fleiri eða færri barna, t. d. 4 til 5 sona á aldrinum 14 til 21 árs.

Það er augljóst, að í ýmsum iðngreinum, svo sem í mörgum greinum, sem að húsbyggingum lúta, hefir verkkaupandi oft engin skilyrði til að dæma um gæði vinnunnar, og getur útlitið jafnvel verið viðunandi, þó endingin verði léleg eða engin, af því reynslu og sérþekkingu á efnum, sem úr er unnið, vantaði. Á þetta einkum við um efni þau, er málarar, múrarar, málmsteypumenn o. fl. nota. Getur þetta því orðið til stórtjóns, einkum þar, sem ekkert logskipað eftirlit er með þessum iðngreinum, en svo mun vera í allflestum kauptúnum.

Reynsla margra undanfarinna áratuga hefir þá og sýnt, að kunnáttulausir menn, verkamenn og siómenn, hafa hiklaust tekizt á hendur að vinna öll verk, er að húsbyggingum lúta, og jafnvel að reisa heil hús. Hafa stundum hlotizt vandræði af óskammfeilni þessari, svo að ýms stærri bæjarfélög hafa í seinni tíð gert sérstakar kröfur til þeirra manna, sem takast slík verk á hendur. En sé ástæða til að gera þessar ráðstafanir í kaupstöðum landsins, þá virðist ekki rétt, að lögin heimili ýmsum þeirra slíkan atvinnurekstur án iðnbréfs, fyrir þá sök eina, að þeir geti rekið hann með aðstoð uppkominna barna (sem þá þó samkvæmt skilyrðum laganna skortir kunnáttu til að kenna).

Ástæðulaust teljum vér að gefa mönnum kost á að smeygja sér undan ákvæðum laganna með því að flytja sig til stærri kauptúna, svo sem Akraness eða annara blómlegra byggðarlaga.

Vér lítum því svo á, að nauðsyn beri til, að kröfur um kunnáttuvottorð þ. e. iðnbréf, séu einnig gerðar til atvinnurekenda í kauptúnum, og þurfa aldrei að hljótast vandræði af, þar eð lögreglustjórum er heimilt, sbr. 18. gr., að veita iðnbréf á ófullkomnum rétti, ef enginn er í einhverju kauptúni, sem uppfyllir skilyrði laganna til að geta öðlazt iðnbréf. Teljum vér því breytingar þær, er vér óskum á 13., 14. og 18. gr. og að þessu lúta, nauðsynlegar.

Breyting sú, sem óskað er á 17. gr., er í samræmi við anda laga nr. 11, frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám. Byggist tillaga þessi á þeirri skoðun, að aldrei sé of vel til þeirra manna vandað, sem eiga að kenna komandi kynslóð, svo hún geti orðið fær um, í iðnaðarlegu tilliti, að lyfta oss upp á það menningarstig, sem vér að ýmsu öðru leyti höfum náð. Vér þykjumst fullvissir um, að þeir, sem eru svo færir í handverki sínu, að þeir geti kennt nemendum sínum allt það, sem krafizt er til sveinaprófs, eiga samkvæmt lögunum mjög hægan aðgang að meistarabréfum. Það virðist því engin ástæða til að veita öðrum heimild til að taka nemendur. Ella mundi námið oft verða byrjunin ein og eyða þeim ár-

um unglinganna, sem heppilegust eru til að þeir stundi nám, en gefa þeim mönnum, sem þó eru ekki færir um að undirbúa þá að fullu undir prófsmíðina, tækifæri til að ábatast á vinnu unglinganna, án þess að trygging sé fyrir að nokkuð komi í staðinn.

Í 18. gr. er lögreglustjórum veitt heimild til að veita mönnum, sem annars uppfylla e k k i skilyrði laganna, iðnbréf, ef enginn er sá fyrir, sem rekur einhverja sérstaka iðn. En samkvæmt 16. gr. veitir »iðnbréf« aðila heimild til að reka iðn sína »hvar sem er á landi hér«.

Virðist oss það opna mönnum leið til að fara í kringum lögin, ef þeir í sveitakaupstað geta fengið iðnbréf, sem veitir þeim rétt til þess að reka atvinnu sem fullgildir iðnaðarmenn hér í Reykjavík eða öðrum stærri bæjum landsins. Teljum vér því heppilegra, að iðnbréf þessi, sem menn hafa öðlazt af sérstökum ástæðum, séu staðbundin. Ástæðan fyrir því, að vér teljum heppilegra, að 3. liður 18. gr. falli burt, er þegar ljós af greinargerð fyrir breytingu á 17. gr.

19. gr. Ástæðan fyrir því, að vér óskum, að þessi grein verði sett inn í lögin, er sú, að í þeim er hvergi ákvæði um, hver eigi að hafa eftirlit með því, að lærlingum sé ekki haldið til vinnu um lög fram; að iðnnemar læri það, sem þeir eiga að læra hjá þeim, er taka þá til kennslu; að þeir séu látnir taka sveinspróf að námstíma loknum, eða að þeir, sem ganga undir sveinspróf, hafi rétt til þess; að ekki séu teknir til náms brotthlaupnir lærlingar, í trássi við aðra meistara; að ekki reki aðrir iðn, eða taki lærlinga, en þeir, sem réttindi hafa til þess, o. s. frv. En um allt þetta er óhjákvæmilegt að setja einhver ákvæði. Það hafa undanfarið verið til lög og reglugerð um iðnaðarnám og sveinapróf, en aldrei framfylgt í neinu, af því enginn löglegur aðili hefir verið til, er skyldur væri að líta eftir því. Afleiðingin er sú, að þrátt fyrir ýmsar tilraunir til að lyfta iðnaði vorum, hefir hann smám saman verið að níðast niður í kák, óreiðu og öngþveiti á mörgum sviðum, því þeim, sem færir eru og samvizkusamir, hefir orðið of erfitt fyrir.

Má geta þess, að reglugerð sú, sem gefin var út 1893, var að ýmsu leyti góð. Þó er nú hin megnasta óreiða á öllu, sem að þessum málum lýtur, og mun það koma æ betur í ljós, er beita skal þessum nýju lögum réttilega. Teljum vér þá líklegt, að ýms ágreiningsatriði geti komið fram, þannig vaxin, að iðnaðarmenn einir geti um þau dæmt. Á hinn bóginn teljum vér þá leið happadrýgsta, til þess að fyrirbyggja ágreining út af þessum nýju lagaákvæðum, að gera sem tryggastar ráðstafanir til þess að þau verði haldin, og teljum einnig iðnaðarmenn sjálfa færasta þar um.

Hér í Reykjavík hefir þegar verið kosið Iðnráð, og eiga flestar iðngreinar, sem hér eru reknar, fulltrúa í því. Virðist það ætla að fá ærinn starfa við að leiðbeina mönnum og jafna minni væringar; á hinn bóginn kemur það naumast að fullum notum nema því verði veitt staðfesting með lögum.

27. gr. Ástæðan fyrir því, að vér óskum breytingar á þessari grein, er sú, að vér lítum svo á, að eftir að búið er að prenta og gefa út eyðublöð undir iðn- og meistarabréf, þá sé að lögum óheimilt að reka iðn án iðnbréfs og að hafa lærlinga án meistarabréfs, með þeim undantekningum, sem gerðar eru í 13. gr. laga um iðju og iðnað.

Vegna samræmis og eftirlits er nauðsynlegt, að þessu ákvæði sé fullkomlega framfylgt. Á hinn bóginn er vitanlega um land allt sægur af rosknum og reyndum iðnaðarmönnum, sem eiga ótvíræðan rétt á iðn- og meistarabréfum, og sem mundu þykjast hart leiknir, ef þeir þyrftu nú að fara að kaupa þessi bréf, og mundu jafnvel trassa að gera það. Afleiðingin yrði ýms óþægindi og stímabrak, sem óvíst er, að væri tilvinnandi fyrir þær krónur, sem fengjust inn í staðinn. Auk þessa skiljum vér lögin svo, að ekki sé ætlazt til að svipta neinn áður fengnum rétti, og virðast þá áður umgetnir menn eiga kröfur til þessara bréfa endurgjaldslaust, og eins fljótt og auðið er.

Ed. 310. Nefndarálit

um frv. til laga um bændaskóla.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir rætt þetta frv. á allmörgum fundum, og meðal annars fengið á fund sinn til ráðuneytis tvo fyrv. búnaðarskólastjóra, Metúsalem Stefánsson og Pál Zóphoníasson, auk þess sem fengið hefir verið álit stjórnar Búnaðarfélags Íslands um málið; er það prentað hér á eftir sem fylgiskjal.

Breytingar þær, sem í frv. felast á núverandi löggjöf, auk þess sem sameinuð eru í eitt tvenn lög um bændaskólana, eru aðallega þessar:

1. að lögboðið er að starfrækja unglingadeild við skólana, í stað þess að nú er það aðeins heimilað.
2. að lögboðinn er ríkisrekstur á búunum á skólajörðunum, í stað þess að nú er hann aðeins heimilaður.
3. að gert er ráð fyrir, að gerðar séu hagnýtar tilraunir í jarðrækt og búfjárrækt á skólabúunum.
4. að heimilað er að koma upp nýbýlum á skólajörðunum handa kennurum, ef fært þykir.

Nefndin lítur svo á, að breytingar þessar séu ekki þannig vaxnar, að bein aðkallandi þörf sé á að breyta lögunum þeirra vegna.

Tvær síðastnefndu breytingarnar virðast þó vera eindregið til bóta, en nokkuð mun það álitamál, að hve miklu leyti unnt er að koma því í framkvæmd, er þær ræða um.

Nefndin telur það mjög orka tvímælis, hvort nauðsynlegt sé að hafa undirbúningsdeild við bændaskólana. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt, að búfræðinemar hafi aflað sér ákveðinnar almennrar fræðslu til þess að þeir hafi búfræðinámsins full not, en fæstum þeirra mundi valda mikilla örðugleika að hafa aflað sér hennar áður en þeir fara í bændaskólana, allra sízt nú orðið, er héraðsskólar rísa upp víðsvegar.

Nefndin leggur því til, að í reglugerð séu sett skilyrði um þekking fyrir upptöku í skólana. Hinsvegar sé aðeins heimilað að starfrækja undirbúningsdeild, ef það telst nauðsynlegt til að fá nemendur í skólann.

Markmið bændaskólanna á fyrst og fremst að vera það, að búa nemendur sérstaklega undir bændastöðuna. Auk bóklegu kennslunnar verður því að veita nemendum verklega kennslu í sem flestum bústörfum og æfing í að fara með öll þau nútímatæki, sem telja verður æskilegt að hver bóndi noti, einkum hestverkfæri til jarðræktar og heyvinnu o. s. frv.

Nefndin leggur því til, að aðalreglan sé, að búfræðinámið við skólana standi í 3 missiri, þ. e. að verklega námið standi heilt sumar, svo að námssveinar læri sem bezt fullkomnustu aðferðir við sem flest bústörf og fylgist með rekstri skólabúsins allt árið.

Þrátt fyrir þetta álit nefndarinnar, að aðalreglan eigi að vera, að búfræðinámið standi yfir í 3 missiri, geta sumir nefndarmenn fallizt á þá tillögu, er komið hefir frá Búnaðarfél. Ísl., að jafnhliða 3 missira búfræðideildinni sé starfrækt önnur deild, er aðeins standi 8 mánuði, fyrir þá bændur og bændaefni, er ekki hafi ráð á að stunda hið meira búfræðinám, en vilja þó gjarnan fá einhvern undirbúning undir stöðu sína.

Þess er ekki að dyljast, að þeir menn eru nokkuð margir, sem vegna fátæktar og ýmissa ástæðna geta ekki varið löngum tíma til náms. Þeim mönnum er nauðsynlegt að gefa kost á styttra námi, því að mjög æskilegt væri, að sem fæstir legðu stund á búskap án þess að hafa eitthvað stundað búfræðinám.

Um það ákvæði frv., að skólabúin séu rekin á kostnað ríkisins, eru nokkuð skiptar skoðanir nefndarmanna. Telur einn (JBald) þetta ákvæði höfuðkost frv., en hinir líta fremur hornauga til opinbers búrekstrar, enda þótt þeir fallist á, að nauðsynlegt muni að reka skólabúin fyrir ríkisfé, með því að meiri áherzlu verði að leggja á, að búin séu rekin þannig, að nemendur hafi sem mest not af verunni á þeim, heldur en hitt, að búin svari sem mestum arði.

Ríkið á nú svo stórt bú á Hólum, sem það leigir skólastjóra, að litlu mun þurfa við að auka, þó að ríkið tæki reksturinn. Á Hvanneyri á ríkið og allstórt bú, en sennilega þyrfti einhverju við það að auka.

Þrátt fyrir mismunandi skoðanir nefndarmanna á einstökum atriðum hefir niðurstaða nefndarinnar orðið sú, að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. 4. málsliður orðist svo:
   Fái kennarar íbúð á nýbýlum í landi skólajarðanna samkv. 2. gr., skulu þeir gjalda leigu fyrir landsnytjar og þau hús, er þeir fá til afnota umfram hæfilega kennaraíbúð.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Í hvorum skóla eru 2 deildir, búfræðideild með tveimur bekkjum og bændadeild, sem er aðeins einn bekkur.
   Skólaárið er frá 15. október til 30. apríl í búfræðideild, en í bændadeild frá 15. október til 15. maí.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Þessi eru skilyrði fyrir inntöku í hvora deild:

a. Að umsækjandi í búfræðideild sé að minnsta kosti 17 ára, en í bændadeild 18 ára.
b. Að hann sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.
c. Að hann fullnægi um þekking þeim skilyrðum fyrir inntöku, sem sett verða í reglugerð.

4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Í búfræðideild skólans skal kennslan vera bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan skal fara fram með fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta.

Þessar námsgreinar skal kenna bóklega: Íslenzku, stærðfræði og reikningshald, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, hagsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, landafræði, einkum viðskiptalandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffæra- og lífeðlisfræði búfjár, jarðræktarfræði, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði og verkfærafræði.

Í bændadeild skal kenna allar hinar sömu námsgreinar sem í búfræðideild. Þó er skólastjóra heimilt að fella niður kennslu í einstöku undirbúningsnámsgreinum, ef hann telur fært.

Í bændadeild sé kennslan þeim mun yfirgripsminni sem námstíminn er þar styttri en í búfræðideild, og skal þá í öllum undirbúningsnámsgreinum leggja aðaláherzlu á það, sem nauðsynlegt er til skilnings á búfræðinni, og í henni á það, sem að mestu gagni má koma bændum í daglegu starfi þeirra.

Í báðum deildum skal ennfremur kenna: Handavinnu (smíðar), landmælingar, steinsteypugerð, söng, leikfimi og íþróttir, og auk þess í búfræðideild dráttlist og kortagerð.

Heimilt er atvinnumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum í hvorri deild skólans fyrir sig, ef skólastjóri mælir með.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar.

5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Auk kennslu samkv. 6. gr. skal veita verklega kennslu.

Fyrir nemendur búfræðideildar skal kennslan standa yfir eitt sumar. Leggja skal aðaláherzluna á að kenna öll venjuleg jarðabótastörf með nýtízkuaðferðum, einkanlega með hestum og hestverkfærum. Svo skulu og nemendur stunda heyskaparvinnu og önnur heimilisstörf, allt eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Fyrir nemendur bændadeildar skal kennslan standa yfir í 6—8 vikur fyrir eða eftir slátt, og skulu nemendur á þeim tíma vinna eingöngu að jarðabótum, eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Allir nemendur skólans skulu eiga kost á og hafa skyldu til að kynna sér og fylgjast með rekstri skólabúsins allan þann tíma, er þeir dvelja við skólann, og getur skólastjóri heimtað af þeim skýrslu eða ritgerðir, er sýni, að þeir hafi kynnt sér rekstur búsins.

Það skal vera aðalreglan, að nemendur búfræðideildar stundi verklega námið sumarið milli námsvetranna, en nemendur bændadeildar sumarið á undan námsvetrinum.

6. Við 8. gr. Í stað orðsins »jarðyrkjunáminu« komi: verklegu námi.

7. Við 10. gr.
   a. Önnur málsgrein orðist svo:
      Að loknu verklegu námi hvorrar deildar skal og fara fram verklegt próf.
   b. Orðin »Ekki ... og« í þriðju málsgrein falli burt.
8. Við 11. gr. Greinin falli niður, en í hennar stað komi ný grein, svo hljóðandi:
   Heimilt er, ef þörf krefur til þess að fá nemendur í aðaldeildir skólanna nægilega vel undirbúna, að hafa við skólana undirbúningsdeild, ef því verður við komið án aukins húsakosts, og fer þá um fyrirkomulag hennar og starf eftir reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.
9. Við 12. gr. Aftan af greininni falli: »og að halda við«.
10. Við 13. gr. Aftan við fyrri málsgrein bætist:
    sem honum ber þó að hafa með eftirlit.

Alþingi, 17. marz 1930.

Jón Jónsson,	Jónas Kristjánsson,	Jón Baldvinsson,
form., frsm.	fundaskr., með fyrirvara.	með fyrirvara.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS
LÆKJARGÖTU 14 — REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. febr. 1930.

Með heiðruðu bréfi, dags. 30. f. m., hefir háttvirt landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis beiðst umsagnar félagsins um frumvarp til laga um bændaskóla, það er nú liggur fyrir Alþingi.

Ýmsra orsaka vegna hefir dregizt lengur en skyldi, að stjórn félagsins tæki málið til athugunar, og verður að biðja afsökunar á því.

Nú hefir stjórnin rætt málið á tveim fundum, með undirrituðum og Páli Zóphóníassyni, sem báðir hafa verið skólastjórar og kennarar við bændaskóla um langt skeið, og á síðari fundinum, sem haldinn var í gær, var einnig til staðar formaður landbúnaðarnefndar Ed., og milli fundanna hafa og þeir Páll Zóphóníasson og undirritaður rætt málið við landbúnaðarnefndina.

Á fundinum í gær er bókað svo um málið:

»Stjórnin kom sér niður á þessar breytingartillögur í aðalatriðum:

a. Aðalfyrirkomulag skólans sé tveggja vetra nám með verklegt sumarnám á milli.
b. Komið sé upp eins vetrar búnaðardeild, þar sem inntökuskilyrði sé nokkur undirbúningsmenntun í almennum fræðum og viss kunnátta í verklegri jarðyrkju.
c. Heimild sé veitt til að koma upp við skólana undirbúningsdeild, ef húsrúm leyfir.

Metúsalem Stefánssyni búnaðarmálastjóra var falið af félagsins hálfu að

semja breytingartillögur við frumvarpið í samráði við formann landbúnaðarnefndar efri deildar«.

Virðingarfyllst,

M. Stefánsson.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis.

Nd. 311. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 292 (Sveitabankar).

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 1. f. Eftir »hreppsábyrgð« komi: handveð.

Ed. 312. Frumvarp

til laga um sveitabanka og bústofnslánafélög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um sveitabanka.

1. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands veitir rekstrarlán til bænda og annara, er landbúnaðarframleiðslu stunda, eftir reglum þeim, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbankans veitir lán til sparisjóða, samvinnukaupfélaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að féð sé eingöngu notað til þess að lána það út aftur til sveitabanka, sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt lögum þessum. Auk þess getur sparisjóðsdeild bankans veitt sjálf lán beint til rekstrarlánafélaga.

Vexti af lánum þessum ákveður stjórn Búnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra.

3. gr.

Samvinnukaupfélög, er gerast milliliðir um rekstrarlán samkv. 2. gr.,

skulu halda þeirri starfsemi algerlega aðgreindri frá kaupfélagsstarfrækslu sinni, með sérstakri bókfærslu og aðskildum fjárhag.

4. gr.

Sveitabankar eru rekstrarlánafélög með skyldum og réttindum samvinnufélaga. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með þeim afbrigðum, er hér segir:

a. Félagsmenn skulu allir stunda einhverja tegund landbúnaðarframleiðslu og allir vera búsettir í sama byggðarlagi. Þeir mega ekki færri vera en 10 og ekki fleiri en 50. Þó mega félagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
b. Kjörtími stjórnenda skal eigi lengri vera en 2 ár, og er löglegt, að meiri hluti stjórnar gangi úr á sama ári.

   Annar endurskoðandi félagsins skal kosinn af félaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við um rekstrarlán samkvæmt lögum þessum.
c. Félagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.
d. Árgjald í varasjóð félagsins og aðra óskiptilega tryggingarsjóði skal ákveða í samþykktum, eigi minna samtals en svarar $^1/_2$% ársvöxtum af öllum útlánum félagsins. Allur tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð.
e. Sveitabanka er heimilt að taka við innlögum með sparisjóðskjörum frá mönnum, sem búsettir eru á félagssvæðinu, til útlána handa félagsmönnum eða ávöxtunar í tryggum peningastofnunum.
f. Félagsmaður getur jafnan sagt sig úr félagi með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en um ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins fer eftir lögum um samvinnufélög.
g. Undirskrift formanns og minnst helmings meðstjórnenda hans skuldbindur félagið.

5. gr.

Stjórn sveitabanka ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern félagsmann, í samráði við endurskoðendur, fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við búrekstur félagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks félagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr.

Utanfélagsmönnum má ekki lána.

6. gr.

Hver félagsmaður setur félaginu veð eða aðra tryggingu, er félagsstjórn telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma.

7. gr.

Lán sveitabanka veitast gegn víxlum, skuldabréfum eða í reikningslánsviðskiptum.

Víxillán veitast eigi til lengri tíma en 6 mánaða og eigi framlengd lengur en svo, að þau séu að fullu greidd á gjalddaga þeim, sem ákveðinn

er í samþykktum félagsins. Reikningslán má veita til 1 árs í senn, er greiðist þá að fullu ásamt ákveðnum vöxtum.

Hver félagsmaður sé skuldlaus einu sinni á ári, á gjalddaga félagsins. Víkja skal manni úr lánsfélaginu, sem ekki stendur í skilum við félagið. Þó getur félagsstjórn gert undantekning frá þessum ákvæðum, ef sérstaklega stendur á.

Lánsfélag, sem ekki stendur í skilum við lánsstofnun, má svipta rekstrarláni næsta ár, eða lengur, ef miklar sakir eru.

8. gr.

Heimili og varnarþing sveitabanka má vera í kauptúni, þar sem félagsmenn hafa aðalviðskipti sín, þótt það sé utan félagssvæðis.

Þar getur og sveitabanki haft skrifstofu undir stjórn umboðsmanns, er annast reikningshald, fjárgeymslu og útborganir bankans og tekur við innlögum og greiðslum til hans. En lán má umboðsmaður sveitabanka ekki veita, né takast á hendur ábyrgð fyrir bankans hönd, nema eftir sérstökum fyrirmælum eða umboði bankastjórnar í hvert sinn.

9. gr.

Sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, er veita sveitabönkum lán, geta í þess stað keypt víxla einstakra félagsmanna með framsalsábyrgð félagsins. Slíka víxla getur stofnunin endurselt með framsalsábyrgð sinni til sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands, enda séu víxlarnir vistaðir þar eða á þá ritað yfirlýsing um, að útgefandi og ábekingar fráfalli afsögn vegna greiðslufalls.

Nú verður víxill, sem sveitabanki hefir ábyrgzt fyrir félagsmann sinn, eigi sýndur á greiðslustað til borgunar á gjalddaga, og glatast þá eigi víxilréttur inn, ef útgefandi og ábekingar hafa, með orðunum »án afsagnar« eða annari slíkri áritun á víxilinn, fráfallið afsögn vegna greiðslufalls.

Víxlar þeir, er sveitabanki ábyrgist fyrir félagsmann sinn, skulu jafnan meðtaldir innan takmarka láns hans samkv. 5. gr., og varasjóðsgjald greiðist af þeim eins og öðrum útlánum rekstrarlánafélaga samkv. 4. gr. d., enda skulu allir slíkir víxlar tilfærðir í bókum sveitabanka.

10. gr.

Auk viðskipta sveitabanka við Búnaðarbanka Íslands, með eða án milligöngu sparisjóða og annara peningastofnana, geta sveitabankar selt víxla sína eða tekið lán hvar sem vera skal.

11. gr.

Um sparisjóðsstarfsemi sveitabanka gilda hin almennu löggjafarákvæði um sparisjóði, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

12. gr.

Stjórn sveitabanka skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni nafna-

skrá yfir félagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, í skrifstofu sýslumanns.

Samtímis skal og senda nafnaskrá félagsmanna til peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við, og til Búnaðarbanka Íslands.

13. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal stjórn sveitabanka senda peningastofnun þeirri, er félagið skiptir við, og Búnaðarbankanum, afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Ennfremur tilkynning um breytingar á samþykktum félagsins og nafnaskrá yfir stjórnendur þess og starfsmenn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er félagsmanni sveitabanka rétt að veðsetja honum einu nafni tiltekna flokka búpenings síns, framleiðslutækja og jarðarafurða, er hann á á hverjum tíma eða eignast kann, til tryggingar skuldbindingum sínum við bankann.

Lausafjárveð sveitabanka víkur aðeins fyrir forgangskröfum samkv. 82. og 83. gr. skiptalaga, nr. 3, 12. apríl 1878, en gengur fyrir kröfum samkv. 84. gr. sömu laga.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld fyrir slík veðskjöl.

Sveitabankar hafa lögtaksrétt fyrir öllum kröfum á hendur félagsmönnum sínum.

II. KAFLI.

Um bústofnslánafélög.

15. gr.

Bústofnslánadeild Búnaðarbankans og umboðsskrifstofur hans veita lán til bústofnslánafélaga í sveitum.

16. gr.

Bústofnslánafélögin skulu starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með þeim skyldum og réttindum, sem ákveðin eru í þeim lögum.

Ákvæði 4. gr. þessara laga, stafliðir a, b, c, d, f og g, gilda einnig fyrir bústofnslánafélögin.

17. gr.

Stjórn bústofnslánafélags skal þegar eftir aðalfund senda stjórn Búnaðarbankans afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar, ennfremur skrá yfir útlán félagsins og tryggingar, er félagsmenn hafa sett

félaginu fyrir lánum sínum. Auk þess tilkynning um breytingar á samþykktum félagsins og nafnaskrá yfir félagsmenn, stjórnendur þess og starfsmenn.

Bústofnslánafélög geta falið stjórn sveitabanka í sama hreppi að fara með sín mál. En ætíð skal halda aðgreindum fjárhag og reikningum sveitabanka og bústofnslánafélaga. Reikningsár bústofnslánafélaga er almanaksárið.

18. gr.

Bústofnslánafélög veita félögum sínum lán til þess að auka bústofn sinn, eða til að koma upp bústofni. Ennfremur má veita félagsmönnum lán til að kaupa verkfæri til jarðyrkju og heyvinnu. Aldrei má skuld félagsmanns við félagið nema meiru en 2000 kr.

Utanfélagsmönnum má ekki lána.

19. gr.

Útlán bústofnslánafélaga til bústofnskaupa skulu veitast til eigi lengri tíma en 10 ára og með jöfnum afborgunum. Lán til verkfærakaupa veitast eigi til lengri tíma en 5 ára.

20. gr.

Hver félagsmaður skal setja félaginu veð eða aðra tryggingu fyrir lánum sínum.

Lán félagsmanna skulu jafnan tryggð með 1. veðrétti í búfé lántakanda, og mega ekki hærri vera en helmingur verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá. Sé veðið í öðru búfé en kúm, setji félagsmaður auk þess hreppsábyrgð, handveð eða fasteignarveð sem viðbótartryggingu.

21. gr.

Stjórn bústofnslánafélags ber ábyrgð á því gagnvart bústofnslánadeild Búnaðarbankans, að lánsféð sé eingöngu notað til þess, sem ákveðið er í 47. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands. Verði félagsstjórn þess vör, að félagsmaður hafi notað lánið til annars en aukningar á bústofni sínum eða til verkfærakaupa, eða hann hefir fargað aftur af bústofni eða verkfærum, þá er lánið þegar afturkræft. Brot gegn þessum ákvæðum skulu varða 20—200 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð, nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.

22. gr.

Nú flytur félagsmaður bústofnslánafélags burtu af félagssvæðinu, og er þá skuld hans við félagið þegar fallin í gjalddaga.

23. gr.

Ákvæði 51. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands, 1. og 2. málsgr., gilda einnig fyrir bústofnslánafélög, að því leyti er við á.

24. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sveitabanka og bústofnslánafélög og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþykktum slíkra félaga.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 313. Frumvarp

til laga um refaveiðar og refarækt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um refaveiðar.

1. gr.

Skylt er sýslunefndum að sjá um, að hreppsnefndir hafi umsjón og eftirlit með eyðing refa, eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort heldur sem lönd þessi liggja innan eða utan sýslufélagsins.

Nú eiga fleiri hreppar afrétt saman eða leitarsvæði, og skal þá upprekstrarfélagið eða sameiginlegur fjallskilafundur velja einn eða fleiri menn til þess að sjá um framkvæmdir þessara mála.

Heimilt er sýslunefndum að veita þeim hreppum undanþágu frá grenjaleitum, er fullvíst þykir, að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum, eða þar hafi ekki fundizt dýr síðustu árin.

3. gr.

Hreppsnefnd eða þeir, er upprekstrarfélag velur eða sameiginlegur fjallskilafundur fleiri hreppa, skulu ráða einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu í þeim löndum, er þeim ber að annast um samkv. 2. gr. Skal hann (þeir) reiðubúinn til grenjavinnslu hvenær sem gren finnst, ásamt með vökumanni, sem ráðinn er af sömu aðiljum og skotmaður tekur gildan.

4. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 3. gr.,

að vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggi svo til, að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð.

5. gr.

Þegar gren finnst, hvort heldur er í grenjaleit eða ekki, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann gera það, en flýta skal hann sem mest för sinni og þegar í stað fara á grenið aftur og ekki yfirgefa það fyrr en skotmaður kemur. Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, þó finni. En skyldur er sá, sem vitneskju fær, að aðvara skotmann tafarlaust. Skal sá, er þannig varðveitir gren, fá vökumannskaup og aukaþóknun, ef sérstök óþægindi eru.

6. gr.

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á víðavangi, eru eign þess sveitarfélags eða sveitarfélaga, er annast um grenjavinnslu á því svæði samkv. 2. gr.

Nú eru yrðlingar teknir í heimalandi einstakra manna, og skal þá landeigandi og ábúandi fá samanlagt hálfan ágóða, til jafns við sveitar- eða fjallskilasjóð, af sölu þeirra yrðlinga. Landshlut þessum skal skipta jafnt á milli landeiganda og ábúanda.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða trúnaðarmann upprekstrarfélags eða leitarsvæðis.

Nú er gren unnið að einhverju eða öllu leyti á þann hátt, er segir í niðurlagi 4. greinar, og skal þá sá, er dýrunum náði, fá borgun, sem ekki má vera undir helmingi þess, sem hinn ráðni skotmaður hefði fengið, og aldrei meiri en hann hefði haft.

8. gr.

Kostnað við eyðing refa í heimalöndum og afréttum skal greiða úr sveitarsjóði, eða sveitarsjóðum eða sameiginlegum fjallskilasjóði, ef fleiri hreppar eiga afrétt saman.

Verði ágóði af grenjavinnslu, skal hann, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við ákvæði 6. greinar, renna í sveitarsjóð, sveitarsjóði eða fjallskila, eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.

9. gr.

Hreppsnefndir eða þeir, sem valdir hafa verið til þess að sjá um refaeyðing samkvæmt ákvæðum annarar málsgreinar 2. gr., skulu fyrir gangnaniðurjöfnunarfund ár hvert, eða fjallskilafund þar, sem fleiri hreppar eiga afrétt saman eða leitarsvæði, leggja fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við refaeyðing í afréttar- eða heimalöndum þeirra.

10. gr.

Nú vinnast hlaupadýr á öðrum tíma en grenjaleit fer fram, og á þá skotmaður 10 kr. fyrir hvert dýr, er hann sannar, að hann hafi unnið. Greiðist gjaldið úr hlutaðeigandi sýslusjóði.

11. gr.

Engu má raska á grenjum nema með samþykki og að fyrirsögn sveitarstjórna. Ekki má láta hunda hlaupa á gren á grenjavinnslutímanum né hafa þar óþarfan umgang eða hark.

12. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir öll þekkt gren og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við gren, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur og látið laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

13. gr.

Sýslunefndum er heimilt að setja með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið staðfestir, nánari reglur um framkvæmd laga þessara innan sýslunnar, svo sem um grenjaleitir, grenjavinnslu og kaupgreiðslu til skotmanna og annað, er lýtur að eyðing refa.

II. KAFLI.

Um refarækt.

14. gr.

Hver sá, er ætlar að setja á stofn refaræktarbú eða stunda refaeldi, þarf til þess leyfi sýslunefndar. Það telst refaræktarbú, þar sem refir eru aldir árlangt, en refaeldi þar, sem refir eru aldir skemmri tíma, hvort sem fleiri eru eða færri.

15. gr.

Bannað er að geyma refi öðruvísi en í fulltryggum girðingum eða annari öruggri vörzlu. Nú sleppur refur úr vörzlu og næst ekki. Skal þá eigandi sæta að minnsta kosti 200 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem sleppur.

16. gr.

Öll refaræktarbú skulu háð dýralækniseftirliti.

17. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um öryggi refagirðinga, geymslu og flutning refa. Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar

í kaupstöðum skulu hafa sérstakt eftirlit með því, að geymsla refa sé svo örugg sem reglugerð ákveður.

18. gr.

Eigi má flytja út refi lifandi, nema þeir séu fallegir og vel aldir og fylgi dýralæknisvottorð hverri útflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og hvort yrðlingar séu eða eldri dýr.

Þessi vottorð skulu staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

Eigi má flytja út yrðlinga fyrir 20. sept. Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

19. gr.

Hvert refaræktarbú og annað refaeldi er skyldugt að borga allan kostnað, er eftirlit og annað, er búið varðar, hefir í för með sér, eftir reikningi. Verði ágreiningur um reikning, sker sýslunefnd úr.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslusjóð þar sem brotið er framið, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallnar reglugerðir þær um grenjavinnslu og refarækt, er sýslunefndir hinna einstöku héraða hafa sett, að því leyti er þær koma í bága við lög þessi eða reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur um refagirðingar.

Svo eru úr gildi numin lög nr. 48, 28. nóv. 1919, að því er snertir eyðing refa, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 314. Nefndarálit

um frv. til laga um Menntaskóla á Akureyri.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Ég tel réttara að láta frumvörp um menntaskólana báða, í Reykjavík og á Akureyri, fylgjast að. Nálega öll ákvæði, er þessa skóla snerta, eru samhljóða, og sérákvæði má draga saman í örstutt mál. Þetta var gert í frumvarpi um menntaskólana, sem lá fyrir síðasta þingi, og það virðist langeðlilegasta aðferðin.

Ég legg því til, að úr frumvarpi þessu sé gert frumvarp um menntaskóla í Reykjavík og á Akureyri, og ber fram svofelldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

I. Við 1. gr. Greinin orðast svo:
Í Reykjavík og á Akureyri skulu vera menntaskólar með fjórum ársdeildum. Skal í sambandi við þá starfrækja undirbúningsdeildir með tveim ársbekkjum.

II. Við 2. gr. Í stað »skólans« kemur: skólanna.

III. Við 3. gr. Í stað »Skólinn er samskóli« kemur: Skólarnir eru samskólar.

IV. Við 4. gr. Í stað »Menntaskólanum« kemur: menntaskólunum.

V. Við 5. gr.
a. Í stað »náttúruvísindi« kemur: íslenzk fræði.
b. Í stað »skólanum« kemur: skólunum.

VI. Við 6. gr. Í stað »Menntaskólans« á tveim stöðum kemur: menntaskóla. Sömuleiðis í 8. gr. og 9. gr.

VII. Við 12. gr. Síðari málsliður fellur niður.

VIII. Við 13. gr. Greinin orðast svo:
Skólameistari hefir á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kennslu allri, húsum skólans og áhöldum. Hann ræður aukakennara og stundakennara, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Leita skal álits skólameistara um skipun fastra kennara.
Um laun skólameistara og kennara fer eftir launalögum.
Þeir kennarar, sem gegnt hafa kennaraembætti við menntaskóla samfleytt í 16 ár, verða yfirkennarar.

IX. Við 15. gr. Í stað »skólann« á þrem stöðum í greininni kemur: skólana. Sömuleiðis í 17. gr. og 18. gr.

X. Við 19. gr.
a. Í stað »skólasjóð Menntaskólans« kemur: skólasjóði menntaskólanna.
b. Í stað »Skólasjóði« kemur: Skólasjóðum.
c. Í stað »skólasjóðs« kemur: skólasjóða.

XI. Í stað 20. og 21. gr. koma 2 greinar, svo hljóðandi:
a. Fyrir Menntaskólann í Reykjavík gildi þessi sérákvæði:
1. Prófum skal að jafnaði lokið síðast í júní, en þó getur ráðherra, að fengnum tillögum skólameistara, ákveðið, að prófum í fyrsta og öðrum bekk skuli lokið síðast í maí.
2. Fastir kennarar skólans skulu eigi vera færri en 8 og eigi fleiri en 10, og er einn þeirra jafnframt skólameistari.
3. Svo fljótt sem ástæður ríkissjóðs leyfa, skal koma upp heimavistum fyrir 40—50 nemendur skólans og búa þær nauðsynlegum húsgögnum o. s. frv. 23. gr. frumvarpsins.
b. Fyrir Menntaskólann á Akureyri gildi þessi sérákvæði:

1. Prófum skal lokið ár hvert 30. maí, nema í þriðja og fjórða bekk skólans enda prófin í júní.
2. Fastir kennarar skólans skulu vera 7, og er einn þeirra jafnframt skólameistari.
3. (= 20. grein frumvarpsins).

XII. Við 22. gr.
a. Fyrir »skólann« kemur skólana.
b. Aftan við greinina bætist: Í reglugerðum skal ákveðið um allt fyrirkomulag undirbúningsdeilda menntaskólanna.

XIII. Við fyrirsögn frumvarpsins. Fyrirsögn frumvarpsins verður:
Frumvarp til laga um menntaskóla í Reykjavík og á Akureyri.

Alþingi, 11. marz 1930.

Magnús Jónsson.

Sþ. **315. Tillaga**

til þingsályktunar um stofnun Landsbankaútibús í Hafnarfirði.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það við stjórn Landsbanka Íslands, að bankinn setji á stofn útibú í Hafnarfirði hið bráðasta, og eigi síðar en í ársbyrjun 1931.

Ástæður.

Á almennum borgarafundi, er haldinn var í Hafnarfirði í fyrra, var einum rómi samþykkt áskorun um stofnun Landsbankaútibús í Hafnarfirði og nefnd kosin til þess að vinna að framgangi málsins.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir einnig gert samskonar samþykkt í málinu með samhljóða atkvæðum.

Þingsályktunartillaga þessi er því flutt samkvæmt alveg einróma vilja Hafnfirðinga, og þarf engan að undra, að slík ósk sé fram borin, þar eð Hafnarfjörður er nú orðinn önnur stærsta miðstöð íslenzks atvinnulífs, en hinsvegar engin starfandi bankastofnun á staðnum.

Nánar í framsögu.

Nd. **316. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931 og við brtt. á þskj. 302.

I. Frá *Gunnari Sigurðssyni.*
Við 13. gr. A. 1. a. (Póstmannalaun). Nýr liður:
Persónuleg launaviðbót til Magnúsar Jochumssonar póstfulltrúa 400 kr., að viðbættri verðstuðulsuppbót 560

II. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. C. Nýr liður (D):
Til Flugfélags Íslands h/f:
1. Styrkur til flugferða 20000
2. Til flugvélakaupa 50000
Framlagi þessu (í tölul. 2) er stjórninni heimilt að verja til hlutakaupa í flugfélaginu.
70000

III. Frá *Einari Jónssyni* og *Gunnari Sigurðssyni.*
Við 13. gr. D. III. (Nýjar símalagningar).
a. Fjárhæðin hækki um 10000 kr.
b. Við liðinn bætist athugasemd:
Þar af 10000 kr. til síma frá Efra-Hvoli, um Stóra-Hof og Vestri-Kirkjubæ að Geldingalæk.

IV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Gunnars Bjarnasonar, til þess að ljúka námi í vélaverkfræði í Mittweida í Þýzkalandi 1500
Til vara 1000

V. Frá *Jóni Ólafssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 7. Nýr liður:
Til Fanneyjar Jónsdóttur, til að ljúka námi í dráttlistarkennslu í Kaupmannahöfn 1000

VI. Frá *Einari Jónssyni* og *Gunnari Sigurðssyni.*
Við 16. gr. 38. Nýr liður:
Til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts 10000

VII. Frá *Ólafi Thors.*
Við 17. gr. 7. (Slysavarnir).
a. Fyrir »10000« kemur 22500

b. Við liðinn bætist athugasemd:

Af framlagi þessu skal verja 8000 kr. til þess að fullgera veg, er flytja megi eftir björgunarbát milli Sandgerðis og Stafness, og 4500 kr. til símalagningar milli sömu staða.

VIII. Frá *Bernharði Stefánssyni.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 620 þús. kr. láni fyrir Siglufjarðarkaupstað til raforkuveitu, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

IX. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að veita Halldóri Arnórssyni umbúðasmið eftirgjöf á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni, 5500 kr.

X. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við brtt. 302, LV. Við 22. gr. IV. (Rafmagnsstöð Súðavíkurhr).

Við tillöguna bætist: enda sé lánið tekið innanlands.

Nd. 317. Breytingartillögur

við frv. til laga um lögskráning sjómanna.

Frá Ólafi Thors.

1. Við 3. gr. Aftan við 2. málsgr. komi: Einnig er lögskráningarstjóra heimilt að skipa fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar, til að framkvæma lögskráningar á hans ábyrgð, ef þess gerist þörf.
2. Við 9. gr. Í stað 2. málsgr. komi tvær málsgr., svo hljóðandi:

   Þegar lögskráð er úr skiprúmi, skal skipstjóri, eða stýrimaður í forföllum hans, snúa sér til lögskráningarstjóra, og getur hann breytingarinnar á skipshafnarskránni.

   Skylt er lögskráningarstjóra að sinna lögskráningu alla virka daga frá kl. 9 árd. til kl. 9 síðdegis, og á helgum dögum, öðrum en föstudeginum langa og fyrri helgidag stórhátíðanna, frá kl. 4—6 síðd.
3. Við 10. gr. Á eftir orðunum »við lögskráningu« komi: í skiprúm. Eftir greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:

   Við lögskráningu úr skiprúmi skal hann sýna skipshafnarskrá og sjóferðabækur.
4. Við 11. gr. Á eftir »hvort nokkuð« komi ný eftirsetning: í framlögðum skjölum.
5. Við 16. gr.

   a. Á eftir »skipstjóra« komi: á öðru skipi en íslenzku fiskiskipi.

b. Önnur málsgr. hljóði svo:

Nú er maður ráðinn á skip í þjónustu annars en útgerðarmanns, og skal þá sá, er hann vann hjá, hafa gert upp reikning hans áður en hann er lögskráður úr skiprúmi.

c. Málsliðirnir »Hvor aðili um sig« og út greinina falli burt.

6. Við 17. gr. Síðasti málsliður, »Vilji sjómaðurinn« og út greinina, falli burt.
7. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Geti sjómaður eigi tekið á móti sjóferðabók og viðskiptabók sinni er hann er lögskráður úr skiprúmi, skal afhenda þær lögskráningarstjóra til varðveizlu og ráðstöfunar.

8. Við 23. gr. 2. málsgr. síðari málslið. Orðin »Gjald fyrir . . . . . er hennar óskar« falli niður.
9. Við 27. gr. Í stað »1930« komi: 1931.

Ed. 318. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Emanuel Reinfried Heinrich Cortes, prentari í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.
2. Oskar Tander Berg Ellefsen, vélamaður á Siglufirði, fæddur í Noregi.
3. Friedrich Ludvig Detlev Fahning, járnsmiður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
4. Frantz Adolph Håkansson, fyrv. veitingam. í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
5. Karl Oscar Hedlund, rennismiður í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.
6. Almar Viktor Normann, lýsismatsm. í Reykjavík, fæddur í Noregi.
7. Jóhann Severin Sjursen, sjóm. í Hafnarfirði, fæddur í Noregi.
8. Peter Jakob Andreassen Steffensen, verkam. í Reykjavík, fæddur í Noregi.
9. Harald Elisar Svendsaas, vélstjóri í Neskaupstað, fæddur í Noregi.
10. Bror Westerlund, forstjóri í Hafnarfirði, fæddur í Svíþjóð.
11. Ernst Josef Ossian Westlund, vélfræðingur í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð.

Nd. 319. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931 og við brtt. á þskj. 302.

I. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*

Við brtt. 302, VI. 1. Við 13. gr. B. XIII. (Bakkasel).

Fyrir »10000« kemur 25000

II. Frá *Pétri Ottesen, Jóni Ólafssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við 13. gr. F. II. 1. (Útvarpsráð, útvarpsstjóri og útvarpsefni).
Í stað liðarins koma tveir liðir:
a. Laun útvarpsstjóra 9300
b. Útvarpsráð og útvarpsefni 33700

III. Frá *Ólafi Thors.*
Varatill. við brtt. 316, VII. Við 17. gr. 7. (Slysavarnir).
a. Fyrir »10000« kemur 18000
b. Við liðinn bætist aths.:
Af framlagi þessu skal verja 8000 kr. til þess að fullgera veg, er flytja megi eftir björgunarbát milli Sandgerðis og Stafness.

IV. Frá *Sigurði Eggerz* og *Benedikt Sveinssyni.*
Við 18. gr. II. g. 10. (Stefán frá Hvítadal).
Fyrir »1000« kemur 2000

V. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við brtt. 302, LII. Við 22. gr. IV.
Tillöguna skal orða svo:
Að láta athuga og gera áætlun um endurbyggingu sjóvarnargarðs á Siglufirði og greiða síðan úr ríkissjóði helming kostnaðar við framkvæmd verksins, gegn jafnmiklu frá Siglufjarðarkaupstað.

VI. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við brtt. 302, LVI. Við 22. gr. IV.
Aftan við »Eskifjarðarhrepps« í öðrum málslið kemur: og Suður-Múlasýslu.

Nd. 320. Nefndarálit

um frv. til laga um greiðslu verkkaups.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Við 1. málsgr. 2. gr. Í stað orðanna »greitt úti« komi: greitt.

2. Við 3. gr.
   a. Fyrir »greitt út« komi: greitt.
   b. Á eftir orðunum »ef verkinu« komi: eða verkshluta.

Alþingi, 18. marz 1930.

Gunnar Sigurðsson, form.	Magnús Torfason, frsm.	Héðinn Valdimarsson, fundaskr.

Magnús Guðmundsson. Hákon J. Kristófersson.

Nd. 321. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin er þríklofin um afgreiðslu frv. Sigurður Eggerz og Héðinn Valdimarsson leggja til, að frv. verði breytt til hækkunar. Halldór Stefánsson og Hannes Jónsson leggja til, að það verði samþykkt óbreytt, en Ólafur Thors vill fella frv.

Á undanförnum fjórum þingum hafa verið flutt frv. um launahækkun yfirsetukvenna, en náðu ekki fram að ganga.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, fer í sömu átt og hin eldri frv. Er þó stillt meira í hóf um launahækkunina en verið hefir.

Því hefir löngum verið hald'ð fram af formælendum þessara mála, að yfirsetukonur vantaði í 30 umdæmi, og því kennt um, hvað laun yfirsetukvenna væru lág. Fullyrðingar þessar hafa aldrei verið nægilega studdar með rökum. Nú liggja fyrir upplýsingar frá öllum sýslumönnum landsins um þetta efni, og samkvæmt þeim vantar yfirsetukonur í aðeins 14 umdæmi. Virðist alleinkennilegt, ef yfirsetukonurnar koma þá aðeins í ljós, þegar greidd eru launin, en þær ættu að vera 16, sem þannig er ástatt um, ef nokkuð væri hægt að byggja á áðurnefndri fullyrðingu.

Við, sem skrifum undir þetta nefndarálit, höfum ekki getað fallizt á réttmæti þeirra breytinga til hækkunar á launum yfirsetukvenna, sem fluttar hafa verið á undanförnum þingum, og nægir í því efni að vísa til álits meiri hl. fjárhagsn. á þingi 1929 (þingskjal 182), og sömu skoðunar virðast flestar sýslunefndir landsins hafa verið, því aðeins 5 sýslur hafa notað heimild frá 1926 um að greiða dýrtíðaruppbót af sínum hluta launanna, og ein þeirra aðeins í eitt ár. Ef sú skoðun væri almenn, að launin væru of lág, myndi sýslunefndunum ekki haldast uppi slíkt tómlæti. Við getum fallizt á til samkomulags að hækka laun hinna lægst launuðu yfirsetukvenna. Samkv. frv. nemur sú hækkun 75%, ef með því er reiknað, að sýslunefndirnar eru skyldaðar til að greiða dýrtíðaruppbót af

sínum hluta launanna. Þetta er að vísu nokkuð mikil hækkun, en þar sem sú stefna virðist vera í uppsiglingu hér á þingi, að hækka þessi laun að miklum mun, getum við fallizt á þá leið til samkomulags, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 18. marz 1930.

Halldór Stefánsson,	Hannes Jónsson,
formaður.	fundaskrifari og frsm.

Nd. 322. Breytingartillögur

við frv. til sjómannalaga.

Frá Ólafi Thors.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Útgerðarmenn ráða skipstjóra, eða útgerðarstjóri fyrir þeirra hönd. Nú er skip félagseign, og verður félagsmaður þá því aðeins ráðinn skipstjóri þess, að sá eða þeir, sem ráða meiri hluta af eign annara félaga, gjaldi því jákvæði sitt.

   Útgerðarmanni ber að sjá um, að gerður sé skriflegur samningur við skipstjóra um ráðningarkjör hans.
2. Við 6. gr.
   a. 1. málsgr. Á eftir orðunum »og sé dæmt óbætandi« komi: eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanna um ófyrirsjáanlegan tíma.
   b. 2. málsgr. Orðin »og bóta fyrir muni, er farizt hafa« falli burt.
3. Við 8. gr.
   a. 1. málsgr. Á eftir »farmgjaldi« komi: eða afla.
   b. Á eftir orðunum »sem svarar til« komi: aflafengs hans, ef um hluta af afla er að ræða, ella til o. s. frv.
4. Við 9. gr. 1. málsgr. Á eftir orðunum »aðra skipverja« komi: og segir þeim upp.
5. Við 13. gr.
   a. 1. málsgr. Á eftir orðunum »skipverji fari úr skiprúmi« komi: á ráðningarstað eða.
   b. 2. málsgr. Á eftir orðunum »einn mánuður« komi: ef öðruvísi er ekki um samið.
   c. Aftan við greinina bætist: nema á ísl. fiskiskipum 1 dagur.
6. Við 20. gr. 1. málsgr. orðist þannig:

   Skipverji getur krafizt þess, að $^2/_3$ hlutar af ógreiddu kaupi hans séu greiddir nafngreindum manni eftir ávísun, enda sé jafnframt framvísað viðskiptabók hans.
7. Við 27. gr.
   a. Á eftir »skipverji« komi: eftir að hann er kominn í skiprúm.

b. Orðið »húsnæði« falli burt og á eftir »og lyf« komi: og húsnæði, sé hann utan heimilis síns.

8. Við 28. gr. 3. málsgr. Á eftir orðunum »er hann ræðist á skipið« komi: eða hafi hann slasazt við annað en starf sitt í þágu útgerðarmannsins.
9. Við 30. gr. Í stað 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Deyi skipverji af sjúkdómi eða meiðslum og útgerðarmenn áttu að kosta umönnun hans, þá skulu þeir og kosta greftrunina.
10. Við 34. gr. Í stað orðanna »einn mánuð sé hann« og út gr. komi: Uppsagnarfresti þeim nam, sem hann átti kröfu til.
11. Við 37. gr. 2. málsgr. Orðin »í einn mánuð frá því hann fer úr skiprúmi . . . . . og auk þess« falli burt.
12. Við 40. gr. 2. málsgr. Orðin »ef sá er íslenzkur, er við tekur« falli burt.
13. Við 41. gr.
a. 1. málsgr. Á eftir orðunum »og sé dæmt óbætandi« komi: eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanna um ófyrirsjáanlegan tíma.
b. Aftan við málsgr. bætist: eða hann þarf að bíða eftir ferð heimleiðis.
c. 3. málsgr. falli niður.
14. Við 92. gr.
a. Á eftir orðunum »með lögum þessum eru« komi: 29. gr.
b. Orðið »upphafsákvæði« falli burt.

Nd. 323. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

Frá Héðni Valdimarssyni og Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir Keflavíkurhrepp allt að 83 þús. kr. láni, er sé tekið innanlands ($^1/_3$ hluta kostnaðar við bryggjugerð í Keflavík), gegn endurábyrgð sýslunefndar Gullbringusýslu, enda samþykki atvinnumálaráðherra leigukjör á landi í grennd við bryggjuna.

Nd. 324. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931 og við brtt. á þskj. 302.

I. Frá *Bjarna Asgeirssyni.*
Við brtt. 302, XXIV. Við 15. gr. 16. (Árni Þórarinsson).
Fyrir »1500« í varatill. kemur 600

II. Frá *Þorleifi Jónssyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 38. Nýr liður:
Til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Hornafjarðarfljóts og Hólmsár (fyrri greiðsla) 4000

III. Frá *Jóni Sigurðssyni* og *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við brtt. 316, VIII. Við 22. gr. IV. (Raforkuveita Siglufjarðar).
Aftan við tillöguna bætist: enda fái Fljótamenn rafmagn hjá orkuverinu með kostnaðarverði, svo mikið, sem raforkuráðunautur landsstjórnarinnar telur hæfilegt eftir mannfjölda.

Ed. 325. Lög

um háskólakennara.

(Afgreidd frá Ed. 20. marz).

1. gr.

Þegar dócentar við Háskóla Íslands hafa starfað í embætti um 6 ár, verða þeir prófessorar með sömu réttindum og skyldum sem aðrir prófessorar háskólans. Þó skal ekki greiða þeim hærri launaviðbót en svo, að samanlögð laun og aukatekjur embættisins verði jafnt prófessorslaunum.

2. gr.

Nú hefir dócent starfað í embætti sínu lengur en 6 ár, þegar lög þessi öðlast gildi, og skulu þá laun hans vera þau sömu sem þau mundu verið hafa, ef lög þessi hefðu gilt frá því er hann tók við embætti við háskólann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 326. Nefndarálit

um till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa og semja frv. til laga um alþýðutryggingar.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin telur aðkallandi þörf á því, að gagngerð rannsókn fari fram á tryggingarmálunum og að hve miklu leyti sé unnt að varna atvinnuleysi og afleiðingum þess. Telur nefndin og rétt, að ríkisstjórnin skipi þriggja manna milli-

þinganefnd, er hafi þessa rannsókn á hendi og afgreiði álit sitt og tillögur í frumvarpsformi, eins og segir í tillögunni.

Nefndin vill þó gera þá breytingu á tillögunni, að ekki skuli atvinnuleysistryggingar þurfa að koma frá milliþinganefndinni í frumvarpsformi, og fellst annar flutningsmaður (HV) á það, með skírskotun til annarar málsgreinar tillögunnar.

Einn nefndarmaður (ÓTh) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins og hefir því óbundið atkvæði um tillöguna.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

1. málsgrein tillögunnar orðist svo:

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna milliþinganefnd til þess að undirbúa og semja frumvarp til laga um alþýðutryggingar, er ná yfir sjúkra-, elli-, örorku-, slysa- og mæðra- eða framfærslutryggingar.

Alþingi, 19. marz 1930.

H. Stefánsson, form.	Hannes Jónsson, fundaskr.	Héðinn Valdimarsson, frsm.	Sig. Eggerz, með fyrirvara.

Sþ. 327. Tillaga

til þingsályktunar um ráðstafanir til þess að ná eignarhaldi á lóðum undir þjóðhýsi.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson, Ólafur Thors, Jörundur Brynjólfsson, Jón Baldvinsson og Sigurður Eggerz.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita fyrir sér um kaup til handa landinu á lóðunum milli menntaskólans og stjórnarráðsins, neðan Skólastrætis, en ofan lækjar, ásamt húsum þeim og mannvirkjum, er á lóðunum standa, og leggja árangurinn af þeim samningaumleitunum fyrir næsta þing.

Nd. 328. Nefndarálit

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur ekkert það hafa komið fram í málinu, er komið geti móti hinni miklu þörf Reykjavíkurborgar til að fá Skildinganes og

Þormóðsstaði sameinaða lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þrír hreppsnefndarmenn Seltjarnarneshrepps mættu að vísu á nefndarfundi og gáfu þá yfirlýsingu, að þeir væru andvígir þessari sameiningu, og þeir vildu alls ekki taka þátt í samningum um þetta mál. Minni hluti nefndarinnar telur samt þörf Reykjavíkurbæjar svo ríka, að hún verði að ganga í fyrirrúmi fyrir vilja hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps í þessu máli, enda mundi sameining Skildinganess gegn hæfilegu endurgjaldi til hreppsins alls ekki verða til tjóns fyrir hann, síður en svo, og óefað til hagsbóta fyrir íbúa Skildinganess og Þormóðsstaða. Hinsvegar virðist, eftir undirtektum hreppsnefndar, tilgangslaust að heimta frekari samningaumleitanir um málið milli hreppsnefndar og bæjarstjórnar Reykjavíkur. Eðlileg lausn málsins er sú ein, að frv. verði samþykkt, og, ef á þarf að halda, að beitt verði ákvæðum síðari málsgr. 3. gr., að þriggja manna gerð skuli dæma um endanleg fjárskipti milli hreppsins og bæjarins, þar á meðal skaðabótagreiðslu til hreppsins.

Leggur minni hl. því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 19. marz 1930.

Héðinn Valdimarsson, frsm. Gunnar Sigurðsson.

Nd. 329. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 302 og 323 [Fjárlög].

I. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Varatill. við brtt. 302, L. Við 18. gr. II. i. 56 (Susie Briem).
Fyrir »1000« kemur 800

II. Frá *Ólafi Thors.*
Við brtt. 323.
Orðin »er sé tekið innanlands« falla niður.

Ed. 330. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Hólma í Reyðarfirði.

Frá Jóni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Að fengnum tillögum biskups og samþykki sóknarprests skal ríkisstjórninni heimilt að selja Eskifjarðarhreppi prestssetursjörðina Hólma í Reyðarfirði, með húsum, innstæðukúgildum, hlunnindum og ítökum þeim,

er staðnum fylgja, enda hafi Reyðarfjarðarhreppi verið gefinn kostur á hreppaskipting, er sanngjörn megi teljast.

2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. Við 3. gr. Orðin »eða því, sem selt verður« falli burt.

Ed. 331. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Frumvarpsgreinin orðist svo:
Fyrir »30 smálestir« í 1. og 6. gr. laganna kemur: 60 smálestir.

Alþingi, 21. marz 1930.

Erlingur Friðjónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	H. Steinsson, frsm.

Nd. 332. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að veita lögfræðikandídat Jóni Emil Ólafssyni embætti á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Jón Emil Ólafsson lögfræðingur, er frv. ræðir um, hefir sótt um, að sér yrði veittur samskonar réttur til embætta á Íslandi eins og hann hefði lokið lagaprófi við Háskóla Íslands.

Eftir að hafa rannsakað skjöl þau og skírteini, er hann hefir sent nefndinni, svo sem umsögn lagadeildar háskólans, fellst nefndin á að verða við beiðni umsækjanda, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. marz 1930.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm.	Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari.

Magnús Guðmundsson. Magnús Torfason. Hákon J. Kristófersson.

Ed. 333. Frumvarp

til laga um bændaskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið skulu vera tveir skólar á landi hér, er veiti bændaefnum nauðsynlega undirbúningsmenntun og sérþekking til undirbúnings stöðu þeirra. Skal annar skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór fyrirmyndarbú, rekin á kostnað ríkissjóðs, og veita skólastjórar þeim forstöðu. Þar skulu fram fara hagnýtar tilraunir á ýmsum sviðum landbúnaðarins, svo sem í jarðrækt, kynbótum búfjár og öðru, er að búfjárrækt lýtur.

Í landi skólajarðanna má, ef fært þykir, koma upp nýbýlum, er ætluð séu kennurum skólanna til ábúðar.

3. gr.

Við hvorn skóla skulu vera 4 fastir kennarar og er einn þeirra skólastjóri. Hefir hann aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. Kennarar hafa allir leigulausa íbúð í skólanum. Fái kennarar ábúð á nýbýlum í landi skólajarðanna samkv. 2. gr., skulu þeir gjalda leigu fyrir landsnytjar og þau hús, er þeir fá til afnota umfram hæfilega kennaraíbúð. Að öðru leyti fer um launakjör kennara eftir launalögum.

4. gr.

Í hvorum skóla eru 2 deildir, búfræðideild með tveimur bekkjum og bændadeild, sem er aðeins einn bekkur.

Skólaárið er frá 15. október til 30. apríl í búfræðideild, en í bændadeild frá 15. október til 15. maí.

5. gr.

Þessi eru skilyrði fyrir inntöku í hvora deild:

a. Að umsækjandi í búfræðideild sé að minnsta kosti 17 ára, en í bændadeild 18 ára.
b. Að hann sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.
c. Að hann fullnægi um þekking þeim skilyrðum fyrir inntöku, sem sett verða í reglugerð.

6. gr.

Í búfræðideild skólans skal kennslan vera bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan skal fara fram með fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta.

Þessar námsgreinar skal kenna bóklega: Íslenzku, stærðfræði og reikningshald, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, hagsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, landafræði, einkum viðskiptalandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffæra- og lífeðlisfræði búfjár, jarðræktarfræði, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði og verkfærafræði.

Í bændadeild skal kenna allar hinar sömu námsgreinar sem í búfræðideild. Þó er skólastjóra heimilt að fella niður kennslu í einstöku undirbúningsnámsgreinum, ef hann telur fært.

Í bændadeild sé kennslan þeim mun yfirgripsminni sem námstíminn er þar styttri en í búfræðideild, og skal þá í öllum undirbúningsnámsgreinum leggja aðaláherzlu á það, sem nauðsynlegt er til skilnings á búfræðinni, og í henni á það, sem að mestu gagni má koma bændum í daglegu starfi þeirra.

Í báðum deildum skal ennfremur kenna: Handavinnu (smíðar), landmælingar, steinsteypugerð, söng, leikfimi og íþróttir, og auk þess í búfræðideild dráttlist og kortagerð.

Heimilt er atvinnumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum í hvorri deild skólans fyrir sig, ef skólastjóri mælir með.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar.

7. gr.

Auk kennslu samkv. 6. gr. skal veita verklega kennslu.

Fyrir nemendur búfræðideildar skal kennslan standa yfir eitt sumar. Leggja skal aðaláherzluna á að kenna öll venjuleg jarðabótastörf með nýtízkuaðferðum, einkanlega með hestum og hestverkfærum. Svo skulu og nemendur stunda heyskaparvinnu og önnur heimilisstörf, allt eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Fyrir nemendur bændadeildar skal kennslan standa yfir í 6—8 vikur fyrir eða eftir slátt, og skulu nemendur á þeim tíma vinna eingöngu að jarðabótum, eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Allir nemendur skólans skulu eiga kost á og hafa skyldu til að kynna sér og fylgjast með rekstri skólabúsins allan þann tíma, er þeir dvelja við skólann, og getur skólastjóri heimtað af þeim skýrslu eða ritgerðir, er sýni, að þeir hafi kynnt sér rekstur búsins.

Það skal vera aðalreglan, að nemendur búfræðideildar stundi verklega námið sumarið milli námsvetranna, en nemendur bændadeildar sumarið á undan námsvetrinum.

8. gr.

Gjalda skal nemendum, sem taka þátt í verklegu námi, kaup fyrir vinnu þeirra, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

9. gr.

Verklega námið skal fara fram á skólajörðunum, eftir því sem hægt er að koma við, en verði verkefni ekki nægilegt á skólastaðnum, skal skólastjóra skylt, í samráði við atvinnumálaráðuneytið, að útvega nemendum verk-

lega kennslu annarsstaðar, á tilraunabúum og búum, er styrks njóta af opinberu fé. Semja má og við einstaka menn, ef þeir eru til þess hæfir, um að veita nemendum kennslu í jarðyrkju.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans.

10. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Heimilt er, að utanskólanemendur gangi undir ársprófin.

Að loknu verklegu námi hvorrar deildar skal og fara fram verklegt próf.

Enginn getur fengið burtfararprófsskírteini frá skólunum, fyrr en hann hefir staðizt burtfararpróf í jarðyrkju.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

11. gr.

Heimilt er, ef þörf krefur til þess að fá nemendur í aðaldeildir skólanna nægilega vel undirbúna, að hafa við skólana undirbúningsdeild, ef því verður við komið án aukins húsakosts, og fer þá um fyrirkomulag hennar og starf eftir reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

12. gr.

Búnaðarráðunautar og dýralæknar í opinberri þjónustu eru skyldir til að aðstoða við kennslu í bændaskólunum.

13. gr.

Skólastjóri skal sjá um það, að nemendur bændaskólanna eigi kost á ódýrri þjónustu á skólastaðnum og geti haft sameiginlegt mötuneyti, sem honum ber þó að hafa með eftirlit.

Heimavist skal vera í skólanum fyrir alla nemendur.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá, er meðal annars kveður nánar á um inntökuskilyrði, námsskeið í sambandi við skólana, fyrirkomulag kennslunnar og um próf.

15. gr.

Kostnaður við að gera skólana úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Svo greiðir hann og öll árleg útgjöld þeirra.

16. gr.

Út af breytingum þeim á rekstri skólabúanna, sem lög þessi hafa í för með sér, skal atvinnumálaráðuneytið leita samninga við núverandi skóla-

stjóra. Ef viðunandi samningar nást ekki, koma ákvæði 2. gr. til framkvæmda þegar næst verða skólastjóraskipti.

Að öðru leyti koma lög þessi til framkvæmda 15. okt. 1930.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla, og lög nr. 25, 7. maí 1928, um viðauka við þau lög.

Nd. 334. Nefndarálit

um frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi.

Frá allsherjarnefnd.

Með skírskotun til greinargerðar frv. leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. marz 1930.

Gunnar Sigurðsson, formaður.	Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari.	Magnús Guðmundsson, frsm.
Magnús Torfason.	Hákon J. Kristófersson.	

Ed. 335. Nefndarálit

um frv. til laga um gagnfræðaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Ég hefi ekki getað orðið samferða meiri hlutanum í þessu máli, sakir þess, að þótt ég telji frv. viðunandi í aðalatriðum fyrir smærri kaupstaðina, þá er það mjög fjarri því að fela í sér viðunandi úrlausn á framhaldsfræðslunni fyrir Reykjavík, þar sem fjölmenni er meira en í öllum hinum kaupstöðunum samanlagt.

Fyrst verð ég að víkja að nokkrum ummælum um skólamál Reykjavíkur í greinargerð frv., sem þeir Ingvar Pálmason og Erlingur Friðjónsson bera þinglega ábyrgð á, en auðsjáanlega eru rituð af Jónasi Jónssyni dómsmálaráðherra. Þar segir meðal annars: »Í Reykjavík hefir aldrei verið neinn eiginlegur alþýðuskóli, fyrr en Alþingi stofnsetti ungmennaskóla þann, sem starfað hefir nú í tvo vetur. Var það ástand orðið beinlínis þjóðhættulegt, þar sem í höfuðstaðnum býr um fjórði hluti allra landsmanna. . . . . Í Reykjavík hafa ráðandi menn

bæjarins sýnt svo átakanlegt hirðuleysi um málið, að ekki varð við unandi« o. s. frv.

Sannleikurinn um þetta er sá, að sem stendur eru þessir alþýðuskólar í Reykjavík:

	Tala nemenda	Skóla-gjöld
Gagnfræðadeild Menntaskólans	96	150 kr.
Gagnfræðaskóli Reykvíkinga	83	150 —
Ungmennaskólinn	72	75 —
Kvölddeild sama skóla	28	60 —
Kvennaskólinn	99	100 —
Hússtjórnardeild sama skóla...	24	50 —
Verzlunarskólinn	108	200 —
Kvölddeild sama skóla	25	105 —
Iðnskólinn...	290	75 —
Nemendur samtals	825	

Ennfremur má nefna Samvinnuskólann með kringum 40 nemendur og framhaldsbekki barnaskólans (7. og 8. bekk) með 350 nemendum, flestum á skólaskyldualdri, sem lokið hafa fullnaðarprófi hinnar lögskipuðu barnafræðslu. Þar við bætast svo nokkrir smærri einkaskólar.

Þessi stutta skýrsla ætti að nægja til þess að sýna, hver fjarstæða það er, að í Reykjavík hafi »aldrei verið neinn eiginlegur alþýðuskóli« fyrr en Ungmennaskólinn kom. Hinir eru allir eldri en hann, nema einn, sem er jafngamall honum, og hafa samtals sjöfalt eða áttfalt fleiri nemendur en hann. En að heildinni til hafa þessir skólar hvílt léttara á ríkissjóði en skólar landsins yfirleitt. Reykvíkingar hafa kostað þá að langmestu leyti sjálfir með skólagjöldum og á annan hátt. Þakkirnar fyrir þetta frá æðstu stöðum eru svo þær, að »í Reykjavík hafa ráðandi menn bæjarins sýnt svo átakanlegt hirðuleysi um málið, að ekki varð við unandi vegna alþjóðlegra hagsmuna«. Öll hin tilfærðu ummæli bera á sér snið lélegustu tegundar óvandaðrar blaðamennsku, en eru gersamlega ósamboðin ráðherra.

Ýmislegt er fleira skakkt og ónákvæmt í greinargerðinni, svo sem það, að Gagnfræðaskólinn á Akureyri sé elztur allra alþýðuskóla á Íslandi, 50 ára. Kvennaskólinn í Reykjavík er eldri. Skiptir þetta auðvitað litlu máli, en ber vott um mjög óviðeigandi hroðvirkni.

Þá skal ég víkja að ágöllum frv. að því er snertir úrlausn skólamála Reykjavíkur. Það þarf ekki annað en að líta á skrána yfir framhaldsskólana, sem nú eru í Reykjavík og vaxið hafa að mestu upp úr eðlilegri þörf bæjarbúa við lítinn stuðning úr ríkissjóði, til þess að sjá það, að hér í fjölmenninu hæfir ekki samskonar framhaldsfræðsla (»ungmennafræðsla« svonefnd) öllum. Fjölmennið þvingar fram miklu víðtækari verkaskiptingu í atvinnulífinu heldur en þá, sem kemur til greina í fámenni. Þessi verkaskipting í atvinnulífinu gerir harðar kröfur til sérmenntunar, og þær sívaxandi, og þessum kröfum verða skólarnir að fullnægja að því leyti, sem til þeirra kasta kemur. Verzlunarskólinn,

Iðnskólinn og Kvennaskólinn með hússtjórnardeild sinni eru talandi vottur um þörfina á aðgreiningu skólanámsins til undirbúnings undir mismunandi störf í lífinu.

Nú er svo ástatt um þessa skóla hér í Reykjavík, að húsnæðisvandræði er allra þeirra stærsta mein. Iðnaðarmannastétt bæjarins byggði á sínum tíma skólahús fyrir *Iðnskólann*, sem nú er orðinn fjölmennasti skóli landsins að nemendatölu. Húsnæðið er orðið of lítið og ekki að öllu leyti samsvarandi kröfum nútímans. Þessi skóli starfar eingöngu að kvöldinu, en brýn þörf orðin að dagskóla fyrir framhaldskennslu í iðnfræðum. *Verzlunarskólinn*, sem er næstur að fjölmenni, býr í allsendis ófullnægjandi leiguhúsnæði. *Gagnfræðaskóli Reykvíkinga* er einnig húsnæðislaus, *Ungmennaskólinn* sömuleiðis. Sé nú litið yfir þessa skóla í heild, sem eru húsnæðislausir eða búa við ófullnægjandi húsnæði, þá sést, að sem stendur eru þar samtals 263 nemendur að deginum og 343 að kvöldinu. Verði gagnfræðadeild Menntaskólans lögð alveg niður, svo sem ráðgert er í frv. um þann skóla, sem þingdeildin þegar hefir afgreitt, má telja víst, að tilsvarandi tala nemenda leiti í Gagnfræðaskólann og e. t. v. að litlu leyti í Ungmennaskólann. Ennfremur verður að reikna með áframhaldandi vexti bæjarins meðan úrlausn málsins stendur yfir, og er þá greinilegt, að skólahúsnæði vantar fyrir a. m. k. 400 dagskólanemendur og ámóta marga kvöldskólanemendur — til að byrja með.

Það liggur nú í augum uppi, að auðveldast er að fullnægja þessari húsnæðisþörf með einni myndarlegri skólabyggingu, sem rúmi a. m. k. 400 nemendur til að byrja með og auka megi síðar, og liggja til þess tvær höfuðástæður. Önnur sú, að ein bygging verður ódýrari en fleiri með jafnmiklu kennslurúmi fyrir það, að ýmislegt húspláss annað en kennslustofurnar getur þá verið sameiginlegt fyrir alla skólana, ef þeir eru í einu húsi, og má fyrir þá sök komast af með minna heildarhúsnæði. Hin sú, að ef byggja ætti sérstök skólahúsin, 3 eða 4, þá þyrfti miklu meira kennslurúm, sakir þess að í hverjum skóla þarf húsnæði fyrir þá nemendatölu, sem mest er þar samtímis. Þar sem Iðnskólinn hefir nær 300 kvöldnemendur, en hinir skólarnir fljótlega um 400 dagnemendur, þyrfti að byggja kennslustofur fyrir 700 nemendur, ef skólahúsin eru aðskilin, í staðinn fyrir 400, ef þau eru sameinuð.

Fyrir þessari úrlausn málsins er nú séð með frv. því um samskóla Reykjavíkur, sem nú liggur fyrir Nd. og efalaust felur í sér þá einu fullnægjandi uppástungu um alþýðuskólamál Reykjavíkur, sem enn hefir komið fram. Ég fór þó ekki fram á það í nefndinni, að því máli væri á neinn hátt blandað inn í þetta frv. Aðeins fór ég fram á lítinn viðauka við 18. gr. frv. Þar er ákveðið, að ríkissjóður leggi fram allt að 90 þús. kr. til húsgerðar handa gagnfræðaskóla í Rvík., gegn 135 þús. kr. frá Reykjavíkurbæ. Viðaukinn, sem ég óskaði eftir, var nú sá, að heimilað yrði, ef um það næðist samkomulag milli allra aðilja, og þá einnig ríkisstjórnarinnar, að þessi framlög mættu, ásamt öðru fé, er til þess fengist, ganga til sameiginlegrar byggingar fyrir Gagnfræðaskólann, Iðnskólann og Verzlunarskólann. Annar af meðnefndarmönnum mínum (PH) viðurkenndi rökin fyrir þessu, en vildi þó ekki styðja tillögu um það nema með samþykki kennslumálaráðherra. Var þess leitað, en fékkst ekki, og tók ég þá þann kost að kljúfa nefnd-

ina. Hinsvegar get ég nú ekki, eftir að andstaða ráðherrans gegn skynsamlegri hugsun á þessu sviði er svo ber orðin, látið mér nægja að orða þetta sem heimild fyrir stjórnina, og haga ég brtt. mínum samkv. því. Að öðru leyti mun ég gera grein fyrir afstöðu minni til frumvarpsins og til brtt. meiri hlutans í framsögu.

Alþingi, 21. marz 1930.

Jón Þorláksson.

Ed. 336. Breytingartillögur

við frv. til laga um gagnfræðaskóla og við brtt. á þskj. 294.

Frá minni hluta menntamálanefndar (JÞ).

1. Við 4. gr. Orðin »með leyfi kennslumálastjórnar« falli burt.
2. Við 2. brtt. á þskj. 294. Í stað »Aftan við greinina bætist« komi: Á eftir »fullra 13 ára« bætist inn í o. s. frv.
3. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram á árunum 1930, 1931 og 1932 samtals 90 þús. kr. vegna Gagnfræðaskólans, til byggingar sameiginlegs skólahúss fyrir þann skóla, Iðnskólann og Verzlunarskólann, að því tilskildu, að bæjarsjóður leggi fram vegna Gagnfræðaskólans 135 þús. kr. á sama tíma, og að samkomulag náist að öðru leyti við bæjarstjórn Reykjavíkur og við eigendur Iðnskólans og Verzlunarskólans um fjárframlög til skólabyggingarinnar vegna þeirra skóla, með þeim styrk af ríkissjóði, sem til þess yrði ákveðinn. Það er og tilskilið, að Reykjavíkurbær sjái skólanum ókeypis fyrir lóð, er kennslumálaráðuneytið tekur gilda.

Ed. 337. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 330 [Hólmar í Reyðarfirði].

Frá Jóni Jónssyni.

Við 3. brtt.

Breytingartillagan orðist svo: Greinin falli burt.

Nd. 338. Frumvarp

til laga um geldingu húsdýra.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Hesta og naut, sem gelda þarf, skal svæfa áður en gelding fer fram.

2. gr.

Sýslunefndir hlutist til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með svæfingarefni (Cloroform) og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Þeim skal heimilt að gera kaup á svæfingarefni hindrunarlaust, þar sem leyfð er sala á því.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1931.

Greinargerð.

Gelding húsdýra hefir löngum verið mjög ómannúðleg hér á landi. Þessi margra alda ósiður verður að leggjast niður sem allra fyrst fyrir fullt og allt, en það gerist ekki á stuttum tíma, nema með lagaákvæðum, þó vitanlegt sé, að nokkrir dýravinir eru þegar búnir að taka upp þá aðferð, sem frv. þetta stefnir að.

Það verður að teljast nauðsynlegt, að komið sé í veg fyrir, að húsdýrin okkar mæti hér eftir hinni grimmdarlegu meðferð við geldinguna, sem hingað til hefir viðgengizt, og því er þetta frv. komið fram.

Þetta frumvarp er flutt að tilhlutun Dýraverndunarfélags Íslands, og vill félagið, að lögin nái til allra okkar húsdýra; en nefndin sér það ekki fært að lögbjóða nú þegar, að t. d. unglömb skuli svæfð meðan þau eru gelt; óvíst hvernig það gengi, enda er nú ekki algengt, að lömbin séu gelt; hitt er orðið almennara, að þau eru seld til slátrunar á haustin.

Þá sjaldan að eldri hrútar verða geltir, þá munu menn fljótt komast á að svæfa þá eins og naut og hesta. Hið sama má segja með hundana, hina tryggu vini mannanna.

Nefndin telur óþarft að fara fleiri orðum um nauðsyn þessara laga, eða um þann menningarauka, sem þau fela í sér, en treystir hinsvegar á Alþingi, að það sjái metnað sinn í því að samþykkja frumvarpið á þessu þingi.

Ed. 339. Nefndarálit

um frv. til laga um fræðslumálastjórn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um að bera fram sameiginlegt nefndarálit, þó á þeim grundvelli, að einn nefndarmanna (JÞ) vill fella úr frv. 4.—10. gr., en

samþykkja það að öðru leyti, en hinir tveir (EF og PH) vilja samþykkja frv. í heild með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 7. gr. Aftan við greinina bætist: Kostnaður, sem af prófum leiðir, greiðist hér eftir úr sveitar- eða bæjarsjóðum, enda skulu skólanefndir skipa prófdómendur.

Alþingi, 21. marz 1930.

Páll Hermannsson, form. og frsm.	Erlingur Friðjónsson, fundaskr.	Jón Þorláksson, með fyrirvara.

Nd. 340. Frumvarp

til laga um greiðslu verkkaups.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnum við verzlanir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á skipum, sem á fiskiveiðar ganga, síldveiðar eða hvalveiðar, hvort sem eru seglskip, mótorbátar eða gufuskip, nema verkkaupið sé hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglaunamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir, og má eigi greiða kaupið með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið,

Sama er og, ef verk er unnið í ákvæðisvinnu við einhverja þessa atvinnugrein.

2. gr.

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi við verksmiðjur, verzlanir, byggingar, ístöku og útgerð og ennfremur við fermingu og affermingu skipa og báta, svo og iðnaðarmönnum, er vinna hjá öðrum að iðn sinni, skal greitt verkkaupið vikulega að minnsta kosti, nema öðruvísi sé um samið.

Ákvæði um þetta nær þó ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

3. gr.

Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 2. gr. fyrstu málsgr., í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt að minnsta kosti vikulega, ef verkinu eða verkshluta, sem kauptaxtinn eða umsamin upphæð verkkaups miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sé ekki öðruvísi um samið, þegar verkinu er lokið.

Sama gildir um iðnaðarmenn, er taka að sér verk og vinna það fyrir ákveðið kaup eða taka að sér verk í ákvæðisvinnu, ef iðnaðarmaður vinnur verkið einn eða með venzlamönnum sínum, með atvinnufélaga eða með nemendum, er hann hefir tekið til iðnnáms.

4. gr.

Heimilt er verkafólki og iðnaðarmönnum að krefjast þess, að mál út af greiðslu verkkaups samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvarnarþing annarsstaðar.

Réttargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups, og lög um viðauka við þau lög, nr. 55, 31. maí 1927.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 341. Lög

um veiting ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 22. marz).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Emanuel Reinfried Heinrich Cortes, prentari í Reykjavík, fæddur í Sviþjóð.
2. Oskar Tander Berg Ellefsen, vélamaður á Siglufirði, fæddur í Noregi.
3. Friedrich Ludvig Detlev Fahning, járnsmiður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
4. Frantz Adolph Håkansson, fyrrv. veitingam. í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
5. Karl Oscar Hedlund, rennismiður í Reykjavík, fæddur í Sviþjóð.
6. Almar Viktor Normann, lýsismatsm. í Reykjavík, fæddur í Noregi.
7. Jóhann Severin Sjursen, sjómaður í Hafnarfirði, fæddur í Noregi.
8. Peter Jakob Andreassen Steffensen, verkam. í Reykjavík, fæddur í Noregi.
9. Harald Elisar Svendsaas, vélstjóri í Neskaupstað, fæddur í Noregi.
10. Bror Westerlund, forstjóri í Hafnarfirði, fæddur í Sviþjóð.
11. Ernst Josef Ossian Westlund, vélfræðingur í Reykjavík, fæddur í Sviþjóð.

Nd. 342. Frumvarp

til laga um mat á kjöti til útflutnings.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Allt kjöt, sem flutt er héðan af landi, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna. Slátrun skal fara fram í þrifalegum húsakynnum og svo rúmgóðum, að kjötið geti kólnað nægilega fljótt og skemmdalaust. Slátrunin skal vera þrifaleg og kjötið hreint og óskemmt. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur atvinnumálaráðuneytið reglur um meðferð kjötsins, læknisskoðun, frystingu, söltun og umbúðir og allt það, sem viðkemur kjötverkuninni.

2. gr.

Læknisskoðun og stimplun skal fara fram á öllu kjöti, sem til útflutnings er ætlað, áður en söltun eða frysting fer fram, samkvæmt lögum um merking á kjöti, nr. 7, 13. sept. 1912.

Nú reynist ókleift að fá hæfan lækni til stimplunar á einhverjum slátrunarstað, og getur þá stjórnarráðið veitt undanþágu frá stimpluninni fyrir eitt ár í senn, en ætíð skulu þær tunnur, sem óstimplað kjöt er saltað í, merktar sérstöku merki, og setur stjórnarráðið nánari reglur um það.

Frosið kjöt má ekki flytja úr landi, nema það sé áður skoðað af löggiltum lækni. Atvinnumálaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með og yfirmatsmaður á frosnu kjöti mælir með undanþágunni.

Læknir getur neitað að stimpla það kjöt, sem bann telur eigi hæft til útflutnings sökum megurðar, óhreininda og þess, að illa hefir verið flegið, eða annara skemmda. Skal læknir jafnframt tilkynna hlutaðeigandi yfirmatsmanni misfellurnar.

3. gr,

Atvinnumálaráðuneytið getur, ef þess er óskað, löggilt sláturhús og frystihús, þar sem fé er slátrað og kjötið fryst til útflutnings, ef húsin eru svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að öruggt þyki, að hægt sé þess vegna að fullnægja ítarlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum. Atvinnumálaráðuneytið heldur skrá yfir þessi löggiltu hús, þar sem hvert þeirra hefir sérstakt löggildingarmerki.

Sérstaka reglugerð skal setja um allan útbúnað hinna löggiltu húsa.

4. gr.

Hverja saltkjötstunnu skal merkja á efra botn, eða báða botna, varan-

legum og glöggum merkjum, bæði einkamerki hvers útflytjanda og tegundar- og flokksmerkjum kjötsins. Umbúðir um frosið kjöt skal merkja á sama hátt, og ennfremur sé festur merkimiði við hvert krof með greinilegu flokksmerki og einkamerki útflytjanda. Á aðra hlið merkimiðans sé prentað læknisvottorð, undirskrifað af lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið. Atvinnumálaráðuneytið setur nánari reglur um merkingu kjötsins og umbúðir.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar yfirmatsmenn á kjötinu. Skulu þeir sýna ábyggileg vottorð um það, að þeir hafi aflað sér þekkingar og æfingar á slátrunarstörfum í reglulegu sláturhúsi, ennfremur í meðferð kjöts, niðursöltun og frystingu. Þeir mega enga þóknun þiggja, hverju nafni sem nefnist, hjá neinum þeim, sem kjöt er metið fyrir, heldur ekki hjá skipstjórum á útflutningsskipum né öðrum, sem við útflutning kjötsins eru riðnir. Ekki mega þeir heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda né neinskonar milligöngu í því efni, er þeir hafi hagnað af.

Yfirmatsmenn þessir skulu vera hæfilega margir fyrir allt landið, og ákveður atvinnumálaráðuneytið tölu þeirra og umdæmi þeirra hvers um sig. Að minnsta kosti einn þeirra skal hafa yfireftirlit með flokkun og meðferð á frosnu kjöti. Árleg laun yfirmatsmanns á frosnu kjöti skulu vera 800 krónur, en annara yfirkjötmatsmanna 600 kr., auk ferðakostnaðar eftir sanngjörnum reikningi, er atvinnumálaráðuneytið úrskurðar. Hvorttveggja þetta, svo og annar kostnaður, er fljóta kann af yfirmati kjötsins, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, þar sem fé er slátrað til útflutnings. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögu hlutaðeigandi yfirmatsmanns kjötsins í því umdæmi, að fengnum tillögum forstöðumanna sláturhúsa eða sláturfélaga.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt erindisbréfi.

Kaup kjötmatsmanna á hverjum stað ákveða yfirmatsmenn í samráði við forstöðumenn sláturhúsa eða hlutaðeigandi verzlanir, og greiðir útflytjandi kaupið. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi af þeim, er þeir meta hjá eða riðnir eru við útflutning kjötsins, né vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt eða leysir það illa af hendi, að dómi yfirkjötmatsmanns, og skal yfirkjötmatsmanni þá heimilt að vikja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega matsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

7. gr.

Þar, sem kjöt er bæði fryst og saltað til útflutnings frá sama sláturhúsi, getur matsmaður á frystu kjöti einnig haft með höndum mat og eftirlit

með söltun og annari meðferð á saltkjöti, enda sé þá þessa tvöfalda hlutverks getið í erindisbréfi hans.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur erindisbréf fyrir undirmatsmenn og setur þar nánari fyrirmæli um flokkun og mat kjötsins, um frystingu kjötsins, söltun þess og pæklun, um merking þess, um eftirlit með geymslu þess og útskipun, svo og um aðrar skyldur undirmatsmanna.

9. gr.

Kjötmatsmenn og yfirmatsmenn á kjöti skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparvottorð um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Atvinnumálaráðuneytið stílar þeim heitið.

10. gr.

Yfirmatsmenn á kjöti skulu ferðast um umdæmi sitt árlega, helzt á tímabilinu frá 1. sept. til 31. okt., og koma á hvern stað, þar sem fé er slátrað til útflutnings. Þeir skulu líta eftir húsum þeim, sem höfð eru til slátrunar, kjötgeymslu og niðursöltunar, og finna að því við hlutaðeigendur, sem þeim þykir ábótavant í þessum efnum. Nú er á einhverjum stað eigi kleift að reka sláturfé til sláturhúss, og getur atvinnumálaráðuneytið þá veitt undanþágu fyrir 1 ár í senn til þess, að slátra megi fénu úti á góðum blóðvelli, með þeim skilyrðum, er yfirmatsmaður setur, til þess að kjötið verði eigi fyrir neinum skemmdum, en sé hreint og vel verkað, en slíkt kjöt má þó ekki flytja út öðruvísi en saltað.

Yfirmatsmaður á frosnu kjöti skal, meðan slátrun stendur yfir að haustinu, koma svo oft á hvern slátrunarstað í umdæmi sínu, sem hann telur þörf og ástæður leyfa.

Yfirmatsmenn skulu líta eftir því, að á hverjum stað séu hæfir menn til slátrunarstarfa, kjötmats og kjötverkunar. Þeir skulu hvarvetna leiðbeina um slátrun og kjötmeðferð alla og leitast við að koma á sem beztri meðferð og fyllstu samræmi í meðferð og frágangi vörunnar. Yfirmatsmenn fá 3 krónur í dagpeninga fyrir þá daga, sem þeir eru á ferðalagi í framantöldum erindum, og telst það með ferðakostnaði.

Atvinnumálaráðuneytið getur kvatt yfirmatsmenn saltkjötsins til funda á þeim tíma, er því kemur saman um við þá, til þess að bera sig saman um hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum og koma sem beztu samræmi á kjötmatið og önnur störf kjötmatsmanna, ennfremur til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um reglur þær, er hún setur um mat og meðferð kjötsins, eða um breytingar á þeim reglum, sem í gildi eru.

Kaup fyrir þá daga, sem yfirmatsmenn eyða til funda þessara frá heimili sínu, greiðist úr ríkissjóði eftir samkomulagi við stjórnarráðið, en um ferðakostnaðinn fer samkvæmt 5. gr.

11. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út kjöt til sölu á útlendum markaði án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking þess, sæti 1000—3000 kr. sektum til ríkissjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot kjötmatsmanna og yfirkjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 15, 10. sept. 1919, um mat á saltkjöti til útflutnings.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum atvinnumálaráðherra. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Á síðustu árum hefir verið flutt út allmikið af frystu kjöti á erlendan markað. Hefir kjötið einkum og því nær eingöngu verið selt til Englands, en nokkur von er um, að nýir markaðir opnist, ef fullnægt verður kröfum þeim, sem gerðar eru í hlutaðeigandi löndum um meðferð kjötsins. Lög nr. 15, 10. sept. 1919, um mat á saltkjöti, mun að því er þá vöru snertir mega teljast nokkurn veginn fullnægjandi, en um frosið kjöt eru engin matslög til, og er eigi við það unandi eftir að þó orðinn er sá útflutningur á frystu kjöti, sem nú er. Til þess að bæta úr þessu til bráðabirgða, var árið 1928 að tilhlutun atvinnumálaráðuneytisins, í samráði við Samband ísl. samvinnufélaga, sendur maður til New-Zealands til þess að kynna sér þar nokkuð aðferðir við frystingu og meðferð á kjöti, svo að sem bezt væri við hæfi Englendinga, og gaf ráðuneytið eftir heimkomu hans út auglýsingu um mat á frosnu kjöti, 10. sept. f. á., fyrir þá kjötútflytjendur, sem mats óska, og hefir auglýsing þessi inni að halda erindisbréf fyrir eftirlitsmann með útflutningi á frystu kjöti. Mun yfirleitt hafa verið farið eftir auglýsingu þessari um allan útflutning á frystu kjöti á síðastliðnu hausti. Ráðuneytinu þykir þó þetta ófullnægjandi fyrirkomulag og hefir því gert nokkrar breytingar á saltkjötmatslögunum frá 1919. þannig, að inn í þau eru tekin nauðsynleg ákvæði um mat á frystu útflutningskjöti. Er ætlazt til, að lögin taki eftirleiðis, ef frv. þetta verður að lögum, til alls útflutnings á kjöti héðan af landi.

Um einstakar greinar frumvarpsins virðist ekki þörf að ræða. Þó skal það tekið fram um 3. gr., að ráðuneytið telur rétt, að því sé veitt heimild til löggildingar þeirrar, sem þar ræðir um á sláturhúsum og frystihúsum, með því að þess er krafizt í sumum löndum, að kjöt það, sem þangað flyzt, sé tilreitt í slíkum löggiltum sláturhúsum í útflutningslandinu.

Nd. **343. Frumvarp**

til laga um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

I. KAFLI.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Drættir: Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

Fastar veiðivélar: Öll veiðitæki, sem fest eru í vatni og fiskur getur ánetjazt í eða króazt, svo sem lagnet, króknet, kistur og girðingar.

Fiskihverfi: Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

Fiskrækt: Hverskonar aðgerðir, sem ætla má, að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, svo sem klak, flutningur fiskseiða í vatnið, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs og aðgerðir til að greiða fyrir fiskför um vatn.

Fiskur: Lax og silungur.

Fiskvegir: Hverskonar mannvirki, er gera veiðivötn fiskgeng eða gera fiski auðveldari för um þau.

Göngusilungur: Silungur, er gengur úr sjó í ferskt vatn, svo sem sjóbirtingur og sjóreyður.

Lagnir: Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem föstum veiðitækjum verður við komið.

Leirur: Þau svæði við sjó, sem þurr eru eða með grunnum vöðlum um stórstraumsfjöru, en sjór fellur yfir um stórstraumsflóð, og ógróin svæði við stöðuvötn, sem vatn eða ár ganga yfir í flóðum, en þurr eru eða með grunnum vöðlum þegar vötn eru lítil.

Ós í á: Þar sem straumlína þverár sameinast straumlínu höfuðár.

Ós í sjó: Það svæði í á, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður í ánni um stórstraumsflóð, og niður til þess, er straumur fellur niður um stórstraumsfjöru.

Ós í stöðuvatn: Það svæði, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður þá er vatn stendur hæst, og þess, er straumur fellur niður, er vatn stendur lægst.

Ós úr stöðuvatni: Sá staður, er straumlína ár hefst.

Vatnasilungur: Silungur, sem elur allan aldur sinn í ferskú vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja og murta.

Veiðimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.

Veiðitala: Tala veiddra fiska.

Veiðivötn: Ár og stöðuvötn, sem veiði er í eða mætti vera í, ef fiskur væri ræktaður í vatninu.

II. KAFLI.

Um veiðirétt.

2. gr.

1. Landeiganda er einum heimil veiði í vötnum í landi sínu. Þó skal þeim, er fengið hafa veiðiskírteini þau, er ræðir um í 20. gr., heimil veiði hvar sem er til klaks eða vísindalegra rannsókna, að veiðitíma liðnum og án endurgjalds til veiðieiganda.

2. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúðinni.

3. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 2. málsgr. 54. gr. Þó má skilja rétt til stangarveiði við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til, og mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með því að leyfið sé veitt.

4. Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign samkvæmt 3. málsgrein, og er þá löglegt að landeigandi jafnframt afsali sér rétti til annarar veiði í vatninu það tímabil, er stangarveiðin er við landareignina skilin.

3. gr.

1. Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna þeirra, er þau ella myndu hafa fylgt samkvæmt 1. málsgr. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, og meiri hluti þeirra krefst innlausnar.

2. Nú er innlausnar krafizt samkvæmt 1. málsgr., og eigi af hálfu allra þeirra landeigenda, er innlausnarrétt eiga, og getur þá eigandi veiðiréttarins krafizt þess, að þeir landeigendur, sem eigi kröfðust innlausnar, leysi einnig til sín veiðirétt í vatninu, hver fyrir sínu landi.

3. Um mat á andvirði veiðiréttarins, og greiðslu þess, fer eftir því sem segir í 67. og 68. gr.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda eigi um veiðiréttindi, sem eru eign ríkis, kirkju, sveitarfélaga og fiskræktarfélaga.

4. gr.

1. Nú er landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign, og er þá sameigendum öllum veiði jafnheimil. Rétt er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skipta á veiði, annaðhvort svo, að hvor hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn

tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skal skipti lengur standa en eitt ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskipti.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skipt hafi verið veiði samkvæmt 1. málsgr. eða önnur lögmæt skipun verið á ger.

5. gr.

1. Héraðsmönnum öllum er veiði jafnheimil í vötnum í afréttum og almenningum, sem héruð eiga eða nota með löglegri heimild og ekki eru einstaks manns eign.

2. Öllum er veiði heimil í vötnum í afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra.

6. gr.

Nú skilur vatn landareignir, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Rétt er hvorum þeirra að hafa ádráttarveiði og draga vað að hvoru landi sem vill. En bæta skal hinum landspell eftir mati, ef ekki semur. Skipta má veiði samkvæmt 4. gr.

7. gr.

Nú leggst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, og hverfur þá veiðiréttur til þess, sem land á undir.

8. gr.

1. Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins og er hún þeim öllum jafnheimil. Sé forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, og skal þá sú venja gilda eftirleiðis.

2. Nú hefir dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanförnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.

3. Rétt er að skipta veiði þeirri, er ræðir um í þessari grein, eftir 4. gr.

4. Nú er fiskræktarfélag stofnað við stöðuvatn, og hverfur þá veiðiréttur til þeirra einna, er félagar eru í fiskræktarfélaginu, enda starfi félagið svo sem fyrir er mælt í samþykkt þess.

9. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði í sameignarlandi eða félagsvatni (4. gr. 1. málsgr.) eða í afrétti eða almenning (5. gr. 1. málsgr. og 8. gr. 1. og 2. málsgr.)

III. KAFLI.

Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur.

10. gr.

1. Skrásetja skal veiðivötn í landinu.

2. Í skránni skal greina:

a. Nafn veiðivatns og legu þess.
b. Veiðiaðferðir, er tíðkaðar hafa verið í vatninu.
c. Fastar veiðivélar, er notaðar voru í vatninu síðasta veiðitíma áður en lög þessi tóku gildi, svo og þær, er síðar eru teknar til notkunar.
d. Lagnir, drætti og hrygningarstaði í vatninu.
e. Fossa og aðrar fyrirstöður fyrir fiskför í vatninu.
f. Önnur atriði, sem þýðingu hafa um veiði í vatninu og þörf þykir að skrásetja.

3. Veiðimálastjóri hefir með höndum skrásetningu veiðivatna. Öllum veiðieigendum er skylt að gefa honum þær upplýsingar, er hann óskar, um þau atriði, er skrásetja þarf um veiðivatn þeirra.

4. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skrásetningu veiðivatna. Í reglugerðinni má ákveða, hver veiðivötn skuli skrásett.

11. gr.

1. Ákveða má í samþykkt fiskræktarfélags, eða reglugerð, er ráðherra setur, að merkja skuli tilteknu merki öll ádráttarnet og lagnet, sem nota á til veiði í tilteknu vatni, svo og lagnet, er nota á til silungsveiða í sjó.

2. Eftirlitsmenn með veiði hafa merkingu veiðarfæra með höndum, eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn.

3 Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um merkingu veiðarfæra. Í reglugerð má kveða á um gjald fyrir merkingu, er eigandi veiðarfæra skal greiða. Gjald þetta rennur til sýslusjóðs upp í kostnað hans til eftirlits með veiði.

12. gr.

1. Hver veiðieigandi skal á mánuði hverjum gefa skýrslu um veiði sína.

2. Hver sá, sem kaupir lax eða silung, veiddan innanlands, til sölu innanlands eða utan, svo og gistihús, matsöluhús, sjúkrahús og þess háttar stofnanir, er kaupa þessa vöru svo að meiru nemi en 25 kg. á mánuði, skulu á mánuði hverjum gefa skýrslu um þessi kaup sín.

3. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er ráðherra setur, og skal ráðherra sjá um, að þeir menn, sem skýrslur eiga að gefa, geti fengið eyðublöð undir þær sér að kostnaðarlausu. Kostnaður við prentun eyðublaðanna greiðist úr ríkissjóði.

4. Eftirlitsmenn með veiði, eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu safna veiðiskýrslum hver í sínu umdæmi og

senda þær veiðimálastjóra. Þeir, sem skýrslur eiga að gefa samkvæmt 2. málsgr., skulu senda þær beint til veiðimálastjóra.

IV. KAFLI.

Um friðun lax og göngusilungs.

13. gr.

1. Eigi má veiða lax í sjó.

2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annara fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.

3. Nú hefir laxveiði í sjó annaðhvort verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi 1. apríl 1922, eða tillit hefir verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignarverðs í því mati, og skal þá sú veiði leyfileg framvegis.

4. Ef veiðieigendur, einn eða fleiri, í veiðivatni, er svo nærri liggur sjávarveiði, slíkri sem ræðir um í 3. málsgr., að ætla megi, að áliti veiðimálastjóra, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, óska að leysa sjávarveiðina til sín, þá skal það heimilt, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttarins og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 67. og 68. gr.

14. gr.

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur net, þau, er lax má í veiða.

2. Eigi má leggja silunganet né hafa ádrátt í sjó nær árósum en 500 metra, ef um á er að ræða, sem fiskur gengur í úr sjó.

15. gr.

1. Eigi má hafa ádrátt í ósum í sjó eða á leirum við sjó.

2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða í ósum í stöðuvötn, og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá ósnum.

3. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá banni því, er ræðir um í 2. málsgr., þar sem svo hagar til, að veiði í ós eða við eigi er talin skaðvænleg.

4. Ráðherra getur einnig, með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra, bannað veiði lengra upp frá ós eða niður frá ós en segir í 2. málsgr., enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatninu.

16. gr.

1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 1. júní til 15. september ár hvert.

2. Göngusilung má eigi veiða nema á tímabilinu frá 1. apríl til 15. september ár hvert.

3. Á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en lagnet og dráttarnet.

4. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí, og er þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í vatn aftur.

5. Á friðunartímum þeim, sem ræðir um í þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivötnum, sbr. þó 3. málsgr.

17. gr.

1. Á veiðitíma þeim, er getur um í 16. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður fyrir allri veiði, annari en stangarveiði, 60 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má auk þess aldrei hafa milli kl. 12 á miðnætti og kl. 12 á hádegi, og aldrei nema fjóra daga í viku, frá mánudegi til fimmtudags. Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft að hafa megi ádrátt í á fimm daga í viku, ef drættir eru fáir og skammir í ánni.

2. Ráðherra getur ákveðið, að friðun sú, sem ræðir um í 1. málsgr., skuli gilda aðra daga ofar í á en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til að jafna fiskgengd í vatninu.

18. gr.

1. Heimilt er ráðherra að banna alla veiði, aðra en stangarveiði, í hyljum undir fossum, eða á öðrum þeim stöðum, þar sem fiskur safnast fyrir vegna fyrirstöðu á göngu sinni, enda telji veiðimálastjóri hættu á því, að önnur veiðitæki á þeim stað hindri fisk svo mjög á göngu, að fiskstofni árinnar sé hætta af því búin. — Með sama skilorði getur ráðherra bannað að nota fastar veiðivélar, eða vissar tegundir þeirra, í fossum eða á fossabrúnum.

2. Ráðherra er og heimilt að banna alla veiði, aðra en stangarveiði, á tilteknum svæðum ár, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar, enda telji veiðimálastjóri, að önnur veiði á þeim stöðum sé hættuleg fyrir fiskstofn árinnar.

3. Ráðherra getur ennfremur friðað tiltekna drætti fyrir ádráttarveiði, þar sem á er svo auðdræg, að veiðimálastjóri telur fiskstofni árinnar hættu búna af ádráttarveiði.

4. Friðun þá, er ræðir um í 1.—3. málsgr., má binda við tiltekinn tíma. Friðunarákvæði þessi liggja undir samþykki veiðimálanefndar.

19. gr.

1. Eigi má veiða lax eða göngusilung, er minni sé en 20 cm. að lengd.

2. Nú veiðist lax eða göngusilungur, minni en segir í 1. málsgr., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

20. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 15.—19. gr. skal leyfilegt vera að veiða lax eða göngusilung hvenær sem er og hvar sem er og án tillits til stærðar til klaks eða vísindalegra rannsókna.

2. Til veiði þeirrar, er ræðir um í 1. málsgr., þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Skal skírteinið gefið út til tiltekins tíma og hljóða á nafn eða vera gefið út fiskræktarfélagi til handa. Skírteini um veiði til klaks skal þó aðeins heimila veiði í fiskihverfi því, sem klakið er starfrækt í.

21. gr.

1 Á tímabilinu frá 20. september til 1. júlí ár hvert skal vera bannað að gefa, selja eða láta lax með öðrum hætti af hendi, kaupa hann, þiggja að gjöf eða taka við honum með öðrum hætti, svo og að flytja hann úr landi. Sama gildir um göngusilung á tímabilinu frá 20. september til 1. apríl ár hvert.

2. Bann það, er ræðir um í 1. málsgr., gildir eigi um

a. Lax eða göngusilung, sem sannanlega er veiddur erlendis.
b. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur á lögleyfðum tíma, enda sé hann afhentur eða útfluttur frosinn, saltaður, reyktur eða niðursoðinn.
c. Lax eða göngusilung eða seiði þeirra, sem afhent eru til fiskræktar innanlands.

3. Sönnunarbyrði þess, að lax eða göngusilungur sé veiddur erlendis eða á lögleyfðum tíma, hvílir á þeim, er sóttur er til sakar fyrir brot gegn banni því, er felst í þessari grein.

V. KAFLI.

Um friðun vatnasilungs.

22. gr.

1. Í vötnum, sem klak er ekki starfrækt í, skal vatnasilungur, annar en murta, vera friðaður fyrir allri veiði, annari en dorgar- og stangarveiði, á tímabilinu frá 27. september til 31. janúar ár hvert.

2. Í vötnum, sem klak er starfrækt í, skal friðunartími sá, sem ræðir um í 1. málsgr., vera jafnmörgum vikum styttri en í 1. málsgr. segir, sem tala seiða, sem sleppt er í vatn úr klaki, er mörgum sinnum hærri en veiðitala í vatninu. Þá er sleppt er í vatnið 18 seiðum fyrir hvern silung veiddan, má friðun falla niður, ef veiðimálastjóri mælir með því og fiskræktarfélag við vatnið eða ⅔ hlutar þeirra, er veiði eigi í vatninu, æskja þess.

3. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, reglur um það, hvernig friðun skuli stytt eftir 2. málsgr.

4 Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, í reglugerð ákvæði um friðun vatnasilungs í vötnum, þar sem hann hrygnir að sumarlagi. Skal friðunartími þá vera einn mánuður í vötnum, sem klak ekki er starfrækt í, en styttast samkv. ákvæðum 2. málsgr. í öðrum vötnum.

23. gr.

1. Ráðherra getur, með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra, bannað, að nokkru eða öllu leyti, silungsveiði, aðra en dorgar- eða stangarveiði, á tilteknum svæðum í vötnum, þar sem hitasilungur safnast fyrir eða þar, sem silungsgengd er mikil til hrygningar, enda sé hætta á, að önnur silungsveiði á þeim svæðum sé hættuleg fiskstofni vatnsins eða rýri hann til muna.

2. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, takmarkað eða fellt með öllu niður friðun þá, er ræðir um í 21. gr. og 1. málsgr. þessarar gr., þar sem nauðsynlegt þykir að fækka fiski í vatni eða uppræta úr því úrkynjaðan kynstofn, til þess að rækta annan fiskstofn kynbetri.

24. gr.

Ákvæði 20. gr. gilda einnig um veiði vatnasilungs.

VI. KAFLI.

Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

25. gr.

1. Í ám má aðeins nota þau veiðitæki til laxveiða eða silungs, er hér segir: Stöng, færi, kistur, lagnet, króknet, ádráttarnet og girðingar.

2. Ráðherra getur þó leyft, að tekin séu upp önnur veiðitæki, enda mæli veiðimálanefnd og veiðimálastjóri með því. Leyfi þessi skal binda þeim skilyrðum um gerð tækjanna eða notkun, er nauðsynleg þykja.

3. Lagnir, sem eigi voru notaðar síðasta veiðitíma áður en lög þessi tóku gildi, má eigi taka til notkunar nema ráðherra leyfi eftir tillögum veiðimálastjóra.

26. gr.

1. Eigi má veiða lax eða silung með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til að ná á land fiski, sem fastur er á öngli eða í neti eða kominn er í kistu eða veiðikró.

2. Eigi má veiða lax eða silung með því að veita af þeim vatni.

27. gr.

1. Laxakistur og silunga skulu þannig gerðar, að í þeirri hlið kistunnar, er mest veit móti straumi, séu ekki færri en sex spelar sívalir, er standi lóðrétt og nái frá botni kistunnar til yfirborðs vatns, og má eigi vera minna bil en 4,5 cm. á milli spelanna. Slár má því aðeins hafa milli

spela, að þær gangi þvert í þá, og sé aldrei minna bil en 50 cm. á milli slánna.

2. Garður sá, sem gengur milli lands og kistu, skal einnig vera gerður úr spelum, og skal spelunum og slám á milli þeirra vera svo fyrir komið, sem segir í 1. málsgr. Á garði þessum skal vera hlið, þar sem straumur er mestur eða ætla má, að fiskur eigi greiðasta för í þeim hluta ár, er garðurinn nær yfir, eigi þrengra en 40 cm. og ná frá botni til yfirborðs vatns.

3. Garður sá, sem gengur forstreymis frá kistu, skal vera gerður úr spelum, og skal spelunum og þverslám í garðinum svo hagað sem segir í 1. málsgr. Eigi má garður þessi ná lengra út í á en svo, að ⅔ hlutar af breidd árinnar séu utan hans, og aldrei má hann ná yfir aðalstraumlínu árinnar. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, skipað fyrir um, að sett skuli hlið í garð þennan, þar sem ætla má, að fiskför verði mest í þeim hluta árinnar, er garðurinn nær yfir. Hlið þessi skulu svo gerð, sem fyrir er mælt í 2. málsgr.

4. Þann tíma viku, er á er friðuð samkv. 17. gr., skulu hlið þau öll, er ræðir um í 2. og 3. málsgr., opin standa. Inngangur í kistu skal þá vera lokaður eða hlið opið úr kistu straummegin, svo gert sem segir í 2. málsgr.

5. Kistum öllum skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að ganga að þeim úr landi til eftirlits.

28. gr.

1. Lagnet og króknet, sem notuð eru í ám þeim, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

2. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, reglur um möskvastærð lagnetja og króknetja, er nota á til veiði vatnasilungs í ám, er lax eða göngusilungur fer ekki um.

3. Aldrei má lagnet, króknet eða leiðari frá slíku neti ná lengra út í á en svo, að ⅔ hlutar af breidd árinnar séu utan þeirra, og aldrei svo, að aðalstraumlína ár sé girt með þeim.

4. Eigi má nota tvöföld net. Þó má í ám, sem mikið bera af slýi eða slafaki, hafa net til varnar fyrir reki þessu. Varnarnet þessi mega þó hvergi vera nær neti eða netgarði en 3 metra, og skulu þau vera þannig gerð, að fiskur geti ekki ánetjazt í þeim eða króazt. Ráðherra getur sett reglur um gerð varnarnetja þessara.

5. Þann tíma viku, er á er friðuð samkv. 17. gr., skulu öll lagnet upp tekin eða svo um þau búið, að fiskur geti með engu móti í þau veiðzt eða hindrazt af þeim á göngu.

29. gr.

1. Ádráttarnet, sem nota á í ám, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

2. Eigi má draga ádráttarnet yfir meira en ⅔ hluta af breidd ár í

senn, og skal fiskför því jafnan vera frjáls og óhindruð um þriðjung af breidd árinnar.

3. Fyrirstöðunet eða annað, er tálmar undankomu fisks, má eigi nota við ádrátt í ám. Eigi mega ádráttarnet vera tvöföld.

4. Eigi má hafa ádrátt í á nær fastri veiðivél en 200 metra.

5. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, sett reglur um lengd ádráttarnetja þeirra, er nota má í tiltekinni á eða í tilteknum dráttum í henni.

30. gr.

1. Girðingar í veiðivötnum, er lax eða göngusilungur fer um, skulu þannig gerðar, að við inngang í veiðikrær sé hlið á girðingu, eigi minna en 5 metrar á breidd. Ráðherra getur auk þess, eftir tilllögum veiðimálastjóra, mælt fyrir um, að hlið skuli sett á girðingar þar, sem þær liggja yfir ála, sem ætla má að mikil fiskför sé í. Hlið þessi öll skulu standa opin þann tíma viku, er á er friðuð samkvæmt 17. gr., en krærnar sjálfar þá vera lokaðar.

2. Girðingar mega aldrei ná yfir meira en ⅓ hluta af breidd árinnar og aldrei má girða yfir aðalstraumlínu ár. Aldrei má girðing ná yfir meira en ¼ hluta af breidd óss eða leiru.

3. Í girðingum og veiðikróm mega net eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

4. Inngangur í veiðikrær skal jafnan vita undan straumi og má leiðari frá girðingu aldrei liggja upp á móti straumi, né girðingu að öðru leyti vera þannig hagað, að hætta sé á, að hún taki fisk, er leitar út úr á eða árósi.

31. gr.

1. Lengd fastrar veiðivélar frá bakka og út í á skal miðuð við það, að meðalrennsli sé í ánni.

2. Milli fastra veiðivéla, hvort heldur eru sömu megin ár eða sín frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilangri á, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélarinnar frá árbakka og út í á. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar.

32. gr.

1. Í þann hluta ár, sem fiskur á að eiga frjálsa för um framhjá fastri veiðivél, samkvæmt því, sem að framan er sagt, má ekki láta grjót eða aðra hluti, er tálma myndu för fisksins framhjá veiðivélinni. Eigi má heldur dýpka farveg ár niður frá fastri veiðivél eða upp frá henni, svo að dýpri verði en sá hluti árinnar, sem fiskur á för um framhjá veiðivélinni.

2. Nú hefir veiðieigandi brotið gegn ákvæðum 1. málsgr. og skal honum þá skylt, er þess er krafizt, að nema farartálmann í burtu eða fylla farveg svo, að í samt lag komist og áður. Verk þetta má eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri láta vinna á kostnað veiðieiganda, ef hann lætur eigi vinna það sjálfur. Veiðivél skal þá og upp tekin og má eigi setja hana niður í á fyrr en áin er komin í samt lag og áður.

3. Bannað er að styggja eða teygja fisk í fastar veiðivélar eða ádráttarnet, svo sem með hávaða, grjótkasti, ljósum eða þesskonar.

33. gr.

Nú rennur á í kvíslum, og skal þá svo haga veiði í kvísl hverri, sem væri hún sjálfstæð á.

34. gr.

1. Í stöðuvötnum má nota þau veiðitæki ein til fiskveiða, er hér segir: Færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Þó getur ráðherra leyft, að upp séu tekin önnur veiðitæki samkvæmt því, sem segir í 2. málsgr. 25. gr.

2. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, sett reglur um möskvastærð netja þeirra, er notuð eru í vötnum þeim, er ræðir um í 1. málsgr., um lengd lagnetja og millibil milli þeirra, um gerð ádráttarnetja og notkun og um lágmarksstærð silungs, er veiða má.

3. Nú veiðist vatnasilungur minni en leyfilegt er að veiða samkv. reglum þeim, er ræðir um í 2. málsgr., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

VII. KAFLI.

Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum.

35. gr.

1. Ráðherra getur leyft að gera fiskveg í vatni eða meðfram vatni. Leyfi þetta skal því aðeins veitt, að veiðimálastjóri mæli með því og hafi samþykkt gerð fiskvegarins og tilhögun, enda sé verkið unnið undir umsjón hans.

2. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land eða landsafnot, svo og vatn eða afnot vatns, er með þarf til þess að fiskvegur sé gerður, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir, eftir mati, nema samkomulag verði.

3. Um breytingu á fiskvegi, eða ef vatnsmagn í honum er aukið eða minnkað, fer eftir því, sem segir í 1. og 2. málsgr.

36. gr.

1. Eigi má veiða eða styggja fisk í fiskvegum né nær neðra mynni þeirra en 50 metra og nær efra mynni þeirra en 30 metra. Ákvæði þetta gildir þó eigi um veiði til klaks eftir veiðitíma, né um veiði til vísindalegra rannsókna, enda hafi þeir, er veiða, fengið veiðiskírteini samkvæmt 20. gr.

2. Eigi má spilla fiskvegum né tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá.

37. gr.

1. Nú er stífla gerð í veiðivatni eða önnur mannvirki, sem eigi eru lögleg veiðitæki, er tálma fiskför í vatninu, og skal þá þeim manni, er gera lætur það mannvirki, skylt að gera fiskveg í vatninu eða meðfram því, svo að fiskur geti átt jafngreiða för um það og áður, og að halda fiskveginum við. Gerð fiskvegarins og tilhögun liggur undir samþykki veiðimálastjóra, og sé verkið unnið undir umsjón hans.

2. Ákvæði 1. málsgr. gilda ekki:

a. Ef vatnið eigi er fiskgengt af öðrum ástæðum.

b. Ef talið er í matsgerð, að gerð fiskvegarins og viðhald hafa meiri kostnað í för með sér en hagnaður er af veiðinni, enda séu þá veiðispjöll þau, er af mannvirkinu leiða, goldin fullum bótum.

3. Heimilt er eignarnám samkv. 2. málsgr. 35. gr. til fiskvega, sem gerðir eru samkv. þessari grein.

38. gr.

Nú er vatni veitt úr veiðivatni til áveitu, vatnsveitu eða annarar áþekkrar notkunar, eða vatni er veitt í veiðivatn úr áveituskurðum, vatnsveituskurðum eða þess háttar skurðum eða leiðslum, og getur þá veiðimálastjóri krafizt þess, að búið sé svo um skurðina eða leiðslurnar, að fiskur eða fiskseiði gangi ekki í þá. Kostnaðinn af umbúnaði þessum greiðir eigandi veitunnar.

VIII. KAFLI.

Um fiskræktarfélög.

39. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirétt hafa í sama fiskihverfi, að gera félagsskap með sér um fiskrækt, með þeim hætti, er hér segir á eftir.

40. gr.

1. Nú vilja menn stofna fiskræktarfélag við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða hefir verið stunduð í því fiskihverfi. Ef félag á land, skal boða formann félagsstjórnar. Hafi veiðiréttur verið skilinn með öllu frá landareign, skal boða eiganda eða eigendur veiðiréttarins í stað landeiganda. Verði landeiganda eigi boðaður fundur nægilega snemma vegna fjarveru, skal boða leiguliða á fundinn. Þá menn, er veiði eiga í almenningi stöðuvatna, samkv. 2. málsgr. 8. gr., er eigi skylt að boða á fundinn, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, er það hefir verið stofnað.

2. Þegar stofna á fiskræktarfélag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal boða á fund alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu.

3 Fundi skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

41. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefir verið samkv. 40. gr., skal ræða stofnun félags og verkefni. Bóka skal fundargerð.

2. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir, er boða skal til fundar samkv. 40. gr. Fela mega þeir öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók. Nú er leiguliði boðaður á fund í stað landeiganda, og má hann þá taka þátt í umræðum, en hefir eigi atkvæðisrétt, fyrr en hann hefir verið úrskurðaður félagi í stað landeiganda, samkv. 44. gr.

3. Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkv. 40. gr. og atkvæðisbærir eru, samþykkja félagsstofnunina, má stofna félagið þegar á fundinum.

4. Nú verður félagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþykkta fyrir félagið samkvæmt 46. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er að starfsemi þess hafi í för með sér, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eða nauðsynleg þykja.

42. gr.

1. Þegar nefndin hefir lokið störfum, skal hún kveðja til fundar á ný, samkv. 40. gr.

2. Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun félagsins og taka ákvörðun um hana. Ef ⅔ þeirra manna, er boða skal á fund samkvæmt 40. gr. og atkvæðisbærir eru samkvæmt 41. gr., eða umboðsmenn þeirra, samþykkja félagsstofnunina, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar.

43. gr.

Nú mæta eigi á fundi ⅔ þeirra manna, er boða skal á fund, eða umboðsmenn þeirra, og skal þá nefndin enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef samþykkt er á þeim fundi með ⅔ atkvæða að stofna félagið, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar.

44. gr.

1. Stofnfundur, eða annar lögmætur félagsfundur, getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leiguliði óskar þess og landeigandi samþykkir, eða ef fyrirsjáanlegt er, að landeigandi geti ekki tekið þátt í félagsskapnum. Jafnan skal boða leiguliða sjálfan á þennan fund.

2. Skylt er landeiganda, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða honum 10-falda þá upphæð, sem úttektarmenn meta, að árlegt afgjald jarðarinnar megi hækka fyrir þá veiðiaukningu, sem orðið hefir á jörðinni, meðan leiguliði bjó þar og greiddi gjöld þau, er jafnað er niður samkvæmt 48. gr., enda megi þakka veiðiaukninguna starfsemi félagsins.

45. gr.

Taka má í félagið aðra menn en þá, sem taldir eru í 40. og 44. gr., ef lögmætur félagsfundur samþykkir, en ekki skulu þeir hafa atkvæðisrétt í félaginu, nema þeim séu ákveðin iðgjöld í gjaldskrá félagsins.

46. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykkt fyrir félagið þegar á stofnfundi, eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykktina ræður afl atkvæða, svo og um önnur félagsmálefni, hafi eigi verið öðruvísi um mælt í samþykkt. Hver félagsmaður hefir eitt atkvæði í félagsmálum, sbr. þó 45. gr.

2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
b. Verkefni félags og félagssvæði.
c. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
d. Fundahöld.
e. Reikninga félags og endurskoðun.
f. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, er leiðir af starfsemi félagsins.
g. Sektir fyrir brot á samþykkt félags.
h. Hvernig samþykkt félags verði breytt.
i. Hvernig fara skuli um félagsslit.

47. gr.

Samþykkt skal félagsstjórn senda ráðherra til staðfestingar og láta fylgja henni kostnaðaráætlun. Ef samþykkt þykir ekki svo úr garði gerð, að staðfesta megi hana, sendir ráðherra hana aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykkt, svo og þegar lagað hefir verið það, er athugavert þótti. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

48. gr.

1. Kostnaði þeim, sem starfsemi félagsins hefir í för með sér, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í félagsskapnum. Þó má, ef samþykkt mælir svo fyrir, jafna allt af ¼ kostnaðarins niður eftir landverði þeirra jarða, samkvæmt fasteignamati, er þátt taka í félagsskapnum. Samkvæmt þessum reglum skal semja skrá, er sýnir hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver félagsmaður á að greiða. Skráin skal gerð með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru.

2. Gjaldskrá skal lögmætur félagsfundur samþykkja, og gildir hún um 5 ár, nema ⅔ félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr. Gjaldskrá skal senda ráðherra til staðfestingar samkvæmt 47. gr.

49. gr.

1. Nú verða eigendaskipti að jörð, sem er á félagssvæðinu, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leiguliði er félagsmaður í stað landeiganda, getur lögmætur félagsfundur úrskurðað, að hinn nýi ábúandi gerist félagi.

2. Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar eða jarða, er liggja að fiskihverfi, er fiskræktarfélag starfar við, en utan félagssvæðis, og má þá leggja þær jarðir við félagssvæðið og skylda eigendur þeirra til að gerast félagsmenn, ef lögmætur félagsfundur samþykkir, enda hafi eigendum jarða þessara verið boðað á fundinn og þeir átt þar atkvæðisrétt um samþykkt þessa.

50. gr.

1. Nú þykir æskilegt, að félag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef ⅔ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja félagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun félagsins eins og sagt er í lögum þessum.

2. Nú þykir æskilegt, að tvö félög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef ⅔ félagsmanna í hverju félagi samþykkja, enda mæli veiðimálastjóri með sameiningunni. Skal þá stofna eitt félag, er nái yfir svæði beggja félaganna eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla fyrir.

51. gr.

Gjöld félagsmanna, sem ákveðin eru í staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki og fylgir þeim, í 2 ár frá eindaga, lögveð í jörð eða veiðiréttindum, er stendur framar öllu samningsbundnu veði.

52. gr.

Stjórn fiskræktarfélags skal árlega gefa veiðimálastjóra skýrslu um starfsemi félagsins. Þær upplýsingar, er veiðimálastjóri kann að óska eftir, er stjórninni og skylt að gefa honum.

53. gr.

Fiskræktarfélagi skal heimilt á lögmætum félagsfundi að gera samþykkt um möskvastærð netja, er nota megi á félagssvæðinu, og um friðun tiltekinna svæða í veiðivötnum innan fiskihverfisins um tiltekið tímabil fyrir allri veiði. Leita skal staðfestingar ráðherra á samþykktum þessum samkvæmt 47. gr., og má ekki staðfesta þær, nema veiðimálastjóri mæli með því og veiðimálanefnd veiti samþykki sitt til þess.

54. gr.

1. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land eða landsafnot, svo og vatn eða afnot vatns, er með kann að þurfa vegna byggingar eða starfrækslu klakstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging klakstöðvarinnar eða starfræksla kann að

hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

2. Nú eru skilyrði til friðunar samkvæmt 18. gr eða 1. málsgr. 23. gr. eigi fyrir hendi, og getur þá ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft fiskræktarfélagi að taka eignarnámi til leigu um ákveðið tímabil, og gegn fullum bótum, veiði í veiðivatni eða á tilteknu svæði í því, innan fiskihverfis þess, er félagið starfar við, þar, sem hentugt þykir, að félagið afli sér klakfiska.

IX. KAFLI.

Um ófriðun sels.

55. gr.

1. Hverjum manni er heimilt að skjóta eða styggja sel í veiðivötnum, svo og í ósum þeirra, ef eigi er öðruvísi mælt fyrir í lögum.

2. Á Hvammsfirði skal svæði, er liggur fyrir innan línu úr ytri enda Skoravíkurmúla í Hólmlátursborgir vera undanþegið banni gegn selaskotum og uppidrápi.

56. gr.

1. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær árós, er lax eða göngusilungur gengur í, en 7 km., og skulu þau þá ófriðuð, enda verið talið við matsgerð, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiðinni.

2. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða svo nærri ósum ár, sem segir í 1. málsgrein, en lax- og silungsveiði í vatninu er metin minna virði en selveiðin, og getur þá ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft að þau séu ófriðuð, enda hafi fiskrækt verið stunduð við vatnið svo lengi og með þeim árangri, að matsgerð telji þess fulla von, að laxveiði eða göngusilungs í vatninu verði arðsamari en selveiðin.

57. gr.

1. Fyrir missi selveiðinytja þeirra, er ræðir um í 56. gr., skulu koma fullar bætur.

2. Bætur þessar greiði eigendur laxveiði eða göngusilungs í fiskihverfinu. Skulu bæturnar vera árgjald og ákveðnar í eitt skipti fyrir öll, sbr. þó 4. málsgr. Bæturnar greiði veiðieigendur að tiltölu við veiðimagn hvers um sig á síðasta ári á undan. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingi, og fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkv. 2. eða 54. gr., og greiðir þá leigutaki bæturnar í stað leigusala.

3. Bætur samkv. 2. málsgr. fyrir missi selveiðanytja á jörðum, sem eru eign ríkis, kirkju eða sveitarfélaga, greiðast úr ríkissjóði, og falla bætur til ábúenda þeirra jarða niður, er næst verða ábúendaskipti á þeim.

4. Ef lax- eða göngusilungsveiði þeirra jarða, er bætur hljóta samkv. 2. og 3. málsgr., eykst eftir að byrjað er á ófriðun sels, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir til frádráttar bótunum, enda geri einhver þeirra, er bætur eiga að greiða, kröfu um mat veiðiaukans. Nú er talið í matsgerð, að lax- eða silungsveiði einhverrar jarðar hafi aukizt svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn falla niður.

X. KAFLI.

Um stjórn veiðimála og eftirlit.

58. gr.

1. Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón allra veiðimála.

2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálastjóri og veiðimálanefnd.

59. gr.

1. Veiðimálastjóri skal vera kunnáttumaður um veiðimál og vatnalíffræði. Skal hann skipaður af atvinnumálaráðherra til 5 ára í senn og launaður af ríkissjóði.

2. Veiðimálastjóri skal hafa þessi störf með höndum:

a. að annast nauðsynlegar rannsóknir vatna og fiska og skrásetningu veiðivatna,
b. að sjá um söfnun á skýrslum um veiði og fiskrækt.
c. að gera eða láta gera uppdrætti að klakstöðvum og fiskvegum og hafa umsjón með gerð þeirra mannvirkja,
d. að gera tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði um friðun eða veiðiskap, sem sett eru samkv. lögum þessum,
e. að veita mönnum leiðbeiningar um veiðimál og vera ráðherra til aðstoðar um allt, sem að þeim lýtur.

60. gr.

1. Veiðimálanefnd skal skipuð 3 mönnum. Atvinnumálaráðherra skipar nefndina, og skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, en annar eftir tillögum Fiskifélags Íslands, þangað til samband íslenzkra fiskræktarfélaga kynni að verða stofnað. Skal þá samband þetta, í stað Búnaðarfélagsins og Fiskifélagsins, gera tillögur um skipun tveggja manna í nefndina.

2. Veiðimálanefnd tekur ekki kaup fyrir starfa sinn, en kostnaður við starf hennar greiðist úr ríkissjóði.

3. Veiðimálanefnd skal vera ráðherra til aðstoðar um veiðimál. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leitað til setningar reglugerða og annara ákvæða um friðun eða veiðiskap, þar sem svo er fyrir mælt í lögum þessum.

61. gr.

1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn við veiðivötn, svo marga og við þau vötn, er nauðsynlegt þykir. Um tölu þeirra og skipun skal farið eftir tillögum veiðimálastjóra.

2. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir skulu safna veiðiskýrslum, hver í sínu umdæmi, og gefa veiðimálastjóra þær upplýsingar um veiði og veiðivötn, er hann kann að óska. Þeir skulu gera skrár yfir fastar veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmi sínu og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari ákvæði um starfsemi þeirra skulu sett í erindisbréfi, er ráðherra gefur þeim.

3. Ráðherra gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum.

4. Eftirlitsmenn skulu hafa vald til að taka upp úr veiðivatni ólögleg veiðitæki, eða veiðitæki, sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða á þeim stöðum, þar sem eigi má nota þau.

62. gr.

Ráðherra semur við eftirlitsmenn um kaup þeirra. Kaupið greiðist úr sýslusjóði og endurgreiðist sýslusjóði af veiðieigendum að tiltölu við veiðimagn hvers þeirra um sig undanfarið ár. Sýslunefnd jafnar gjaldinu niður, og má taka það lögtaki.

XI. KAFLI.

Um styrkveitingar til fiskræktar.

63. gr.

1. Nú byggir fiskræktarfélag klakstöð, og skal þá veita því styrk úr ríkissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvert metið dagsverk við byggingu stöðvarinnar.

2. Nú gerir fiskræktarfélag fiskveg eða aðrar framkvæmdir til að greiða fyrir fiskför um vatn, og skal þá veita félaginu styrk úr ríkissjóði, er nemi ⅓ kostnaðar við verkið.

3. Nú þykir eigi ráðlegt að stofna fiskræktarfélag í fiskihverfi, vegna þess hve lítið fiskihverfið er eða af öðrum ástæðum, en veiðieigendur í hverfinu, einn eða fleiri, gera mannvirki slík sem ræðir um í 1. og 2. málsgr., og má þá veita þeim styrk til þess úr ríkissjóði, jafnháan og ákveðið er í 1. og 2. málsgrein.

64. gr.

Nú er fiskrækt hafin í fiskihverfi, er áður var veiðilaust, og skal þá veita styrk úr ríkissjóði, er nemi allt að kr. 3,00 á hvert þúsund seiða, sem flutt eru í vatnið.

65. gr.

1. Styrkur sá, er ræðir um í 63. og 64. gr., skal því aðeins veittur, að veiðimálastjóri mæli með styrkbeiðni, enda hafi hann samþykkt tilhögun mannvirkja þeirra, er styrkur er veittur til, og þau gerð undir eftirliti hans.

2. Nú er styrkur veittur úr ríkissjóði til að gera klakstöð, og skal ráðherra þá heimilt að ákveða hámarksverð á seiðum, sem seld eru frá klakstöðinni.

66. gr.

Veita má lán úr ræktunarsjóði til framkvæmda þeirra, sem getið er í 63. og 64. gr. Lánstíminn má vera allt að 10 ár, og mega lánin vera afborgunarlaus fyrstu 5 árin. Lánsupphæðin má vera allt að ⅔ kostnaðar við framkvæmd verksins. Nú er fiskræktarfélag lántakandi, og má þá veita lán gegn sameiginlegri ábyrgð félagsmanna.

XII. KAFLI.

Um matsgerðir og skaðabætur.

67. gr.

1. Nú greinir menn á um takmörk óss eða leiru, um það hvar aðalstraumlína ár sé eða hvað teljast skuli kvísl, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.

2. Matsgerðir samkv. 1. málsgr. og aðrar matsgerðir, sem rætt er um í lögum þessum, skulu framkvæma 2 menn, sem dómkvaddir eru af héraðsdómara í því umdæmi, er vatn það, er ágreiningurinn rís af, er í. Nú er um merkivatn milli lögsagnarumdæma að ræða, og ákveður þá ráðherra, í hverju lögsagnarumdæmanna matsmenn skuli dómkvaddir.

3. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá lokum matsgerðar. Yfirmat framkvæma 3 menn, dómkvaddir með þeim hætti, sem segir í 2. málsgr.

4. Matsmenn ákveða kostnað við mat og skiptingu hans á aðila.

5. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

68. gr.

Um ákvörðun upphæðar bóta eða endurgjalds, er greiða skal samkv. lögum þessum, skal matsnefnd fara eftir því, sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms. Um greiðslu bóta eða endurgjalds fari einnig eftir þeim lögum.

XIII. KAFLI.

Refsiákvæði og réttarfars.

69. gr.

1. Ef maður veiðir ólofað í veiðivatni annars manns, varðar það sektum, allt að 1000 kr. Sá, er misgert var við, skal fá allt veiðifang eða andvirði þess, auk bóta fyrir annað tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir.

2. Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

70. gr.

Sektum frá 100 kr. og allt að 1000 kr. varðar, ef maður gerist brotlegur gegn lögum þessum eða reglum, sem samkvæmt þeim eru settar, þannig,

a. að hann veiði á þeim tíma eða þeim stöðum, er veiði er bönnuð,
b. að hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, samanb. þó 71. gr., eða fylgir ekki settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um aðferð við veiði.
c. að hann veiðir fisk, sem minni er en svo, að leyfð sé veiði hans, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er skylt er að sleppa.
d. að hann brýtur ákvæði 21. gr. eða 32. gr. eða
e. að hann spillir fiskvegi eða tálmar ólöglega fiskför um vatn.

71. gr.

Nú notar maður sprengiefni, eitruð efni eða deyfandi við veiði, og varðar það fangelsi eða sektum, ekki lægri en 500 kr.

72. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 kr.

73. gr.

Brot þau, er ræðir um í 69. gr., a—b-liðum 70. gr. og 71. gr., teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfærin eru komin í vatn.

74. gr.

Ólögleg veiðitæki, svo og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu upptæk gerð.

75. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptækra veiðitækja, renna í sýslusjóð, þar sem brot er framið. Nú er brot framið í fleiri sýslum

en einni, og skiptist þá sekt og andvirði upptækra veiðitækja að jöfnu milli sýslusjóðanna.

76. gr.

1. Mál út af brotum samkv. 69. gr. skulu rekin sem einkalögreglumál, og á sá sókn sakar, sem misgert er við.

2. Önnur mál til refsingar fyrir brot á lögum þessum eða á reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

XIV. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

77. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931, og ganga þá eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi.

Lög nr. 55, 30. júlí 1909, um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum.

Lög nr. 24, 22. okt. 1912, um samþykktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

XIII. kafli vatnalaga, nr. 15, 20. júní 1923.

2. málsgr. 1. gr. laga nr. 30, 27. júní 1925, um selaskot á Breiðafirði og uppidráp.

Lög nr. 6 14. júní 1929, um fiskiræktarfélög.

Greinargerð.

I. Ástæður og tildrög.

Í öndverðum nóvembermánuði síðastl. skipaði atvinnumálaráðherra 3 manna nefnd, til þess „að endurskoða öll lagafyrirmæli um veiði í vötnum og ám og að semja frumvarp til nýrra laga um allt það, sem að veiði í vötnum og ám og fiskirækt lýtur". Í nefnd þessa voru skipaðir: Jörundur Brynjólfsson, Ólafur Lárusson og Pálmi Hannesson.

Forsaga málsins er í stuttum dráttum sú, er nú skal greina:

Á síðari árum hefir farið vaxandi áhugi manna á því, að auka veiðiafnot vatna og hverfa að nokkru frá rányrkju þeirri, er löngum hefir ríkjandi verið hér á landi um allan veiðiskap, en taka upp í hennar stað ræktun og skipulagsbundna veiði. Fiskifélag Íslands veitti máli þessu forgöngu og atbeina í fyrstu, en síðar kom þar, að Búnaðarfélag Íslands léti einnig málið til sín taka, og árið 1925 réð það útlendan vatnalíffræðing,

Dr. F. Reinsch, til þess að rannsaka veiðivötn hér á landi. Tveim árum síðar, sumarið 1927, tóku félögin bæði, Búnaðarfél. og Fiskifélagið, upp samvinnu um þetta mál og skipuðu 3 manna nefnd til þess að veita því forgöngu. Í þá nefnd voru skipaðir: Bjarni Sæmundsson, Metúsalem Stefánsson og Kristján Bergsson, og hefir nefnd þessi starfað síðan óbreytt. Jafnframt þessu var Pálmi Hannesson ráðinn til þess að hafa á hendi rannsókn vatna og leiðbeiningar um fiskrækt. Forgöngumönnum þessa máls varð það brátt ljóst, að nauðsynlegt væri að hrinda fram allmiklum breytingum á veiðilöggjöfinni, ef koma ætti málinu í sæmilegt horf, því að lagafyrirmæli þau, er að því lúta, væru bæði úrelt og ófullkomin á marga lund. Árið 1928 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um fiskiræktarfélög, og náði það samþykki og staðfestingu ári síðar. Talið var, að með þeim væri fengin lagaleg undirstaða undir félagslegar aðgerðir um fiskrækt, en hitt var vitanlegt öllum þeim, er áhuga höfðu á máli þessu, að eigi mætti láta þar staðar numið, og hvergi fyrr en fullkomin skipun væri komin á veiðilöggjöf landsins, lík því, sem er meðal nágrannaþjóða vorra. Eftir tillögum Pálma Hannessonar var því mælzt til þess við atvinnumálaráðherra á síðastliðnu ári, að hann skipaði 3 manna nefnd til þess að semja frumvarp til nýrrar veiðilöggjafar, og var jafnframt lagt til, að í nefndinni væri alþingismaður, lögfræðingur og vatnalíffræðingur. Atvinnumálaráðherra varð vel við málaleitun þessari og skipaði nefndina, svo sem að ofan getur.

Árangurinn af starfi nefndarinnar er frumvarp það, er hér birtist. Hefir hún unnið að því síðan í nóvembermánuði og átt ærið starf. Vinnubrögðum var svo skipað, að þá er málið hafði verið rætt almennt um nokkra hríð, var tekið að rannsaka fyrirmæli gildandi laga um veiði í vötnum og ám hér á landi og rekstur þeirra mála á Alþingi. Þá var og athuguð rækilega veiðilöggjöf Norðmanna, Svía, Dana, Rússa og Englendinga. Var þá jafnframt um það rætt, hvað nota mætti af lögum þessum sem fyrirmynd fyrir íslenzka veiðilöggjöf, samkvæmt þekkingu þeirri á vötnum og veiði, er fengizt hefir með rannsóknum undanfarandi ára. Að þessu búnu var tekið að skipa efninu í flokka og orða einstakar greinar. Var það að vonum mesta verkið og tímafrekasta.

Rétt er þess að geta, að nefndin hefir verið samhuga um allt frumvarpið, jafnt einstök atriði og höfuðstefnu.

II. Frá nefndinni.

Nefndinni varð það þegar ljóst, að veiði í vötnum og ám er til miklu meiri hlunninda en ýmsum mönnum er títt að trúa. Hitt varð og ekki síður ljóst, að í gildandi lögum er lítil trygging fyrir því, að hlunnindi þessi haldist. Og víst er það, að þau eru víða horfin, þar sem þau áður voru, en annarstaðar miklu minni en verið hefir eða verið gæti.

Svo sem nú er högum háttað, er þess engin von, að fiskrækt geti orðið að fullum notum, vegna þess, að víðast er ekki unnt að fá nægan stofn-

fisk, nema með ótrúlegum erfiðleikum. Þetta hafa tilraunir síðustu ára sýnt skýrt. Ástæða þessa er sú, að fátt eitt af fiski sleppur hjá veiði og getur hrygnt.

Samkvæmt gildandi lögum er veiði í ám þannig háttað, að mestur hluti aflans er tekinn neðan til í ánum. Af þessu leiðir það tvennt: að fátt fiska kemst upp á hrygningarsvæðin og að aflinn skiptist ekki réttlátlega milli veiðieigenda. Nefndin varð þegar einhuga um það, að reyna að bæta úr ágöllum þeim, er nú hafa verið taldir. Er frumvarp þetta samið með það fyrir augum 1) að bæta kost þeirra, sem sinn hlut hafa borið skarðan frá borði um skiptingu veiðinnar, og 2) að skapa tryggingu fyrir veiðinni, þannig að náttúruauður sá, er fólginn er í veiðivötnum landsins, verði ekki eyddur með offorsi og rányrkju, heldur geti hann haldizt og aukizt til hugsmuna þjóðinni.

III. Aflinn.

Á tímabilinu frá 1918 til 1927 hefir, samkvæmt Hagskýrslum Íslands, lax- og silungsveiði verið þessi:

Ár	Tala laxa	Tala silunga
1918	14,485	456,403
1919	11,207	473,411
1920	16,695	355,363
1921	21,024	433,857
1922	19,123	509,685
1923	17,850	557,789
1924	17,288	617,956
1925	17,479	501,646
1926	15,777	358,079
1927	18,930	331,590
Samtals	169,858	4595,779

Samkvæmt veiðiskýrslum hafa þannig veiðzt að meðaltali *16,986* laxar og *459,578* silungar á ári hverju um þetta tímabil.

Nú er það öllum vitanlegt, þeim, er til þekkja, að veiðiskýrslur eru hvergi nærri nákvæmar, og ætla ýmsir menn, að aflinn muni þriðjungi til helmingi meiri en þær sýna. Óhætt mun að telja hann fjórðungi meiri, og er þá meðalveiði á árabili því, er áður getur, *21,277* laxar og *564,473* silungar á öllu landinu.

Í veiðiskýrslum er aðeins getið veiðitölu, en veiðimagn, þ. e. samanlögð þyngd aflans, er þar ekki talið. Af veiðitölunni einni er torvelt að gera sér grein fyrir verðmæti aflans. Verður því af veiðitölunni að ráða í veiðimagnið, en skylt er þess að geta, að um það mál verður að styðjast við áætlun eina, einkum um silung.

Nærri mun láta sanni, að meðalþungi laxa hér á landi sé 4½ kg. Eftir því, sem áður er ritað, ætti því veiðimagn laxveiðinnar að vera *95,746 kg.* á árabilinu 1918—1927. Miklu er torveldara að ætlast á um meðalþunga silunga þeirra, er hér veiðast. Veldur því einkum murtuveiðin, en hún er ekki talin sérstaklega, nema á sumum árum. Ef meðalþungi silunga er talinn ½ kg., er meðalmagn silungsveiðanna á landinu *282,237* kg. á ári um árabil það, sem áður getur.

Engar skýrslur eru til, er sýni söluverð á laxi eða silungi, hvorki í landinu sjálfu né út úr því. Um verðmæti aflans verður því að fara eftir áætluðum tölum. Ef gert er ráð fyrir því, að meðalverð á laxi sé 1,00 kr. fyrir hvert kg., er verðmæti aflans í krónum jafnt veiðimagninu, eða *95,746 kr.* að meðaltali á ári á tímabilinu 1918—1927. Eigi mun fjarri sanni að telja silung helmingi verðminni en lax. Verður þá meðalverð á honum 0,50 kr. fyrir hvert kg. eða helmingi minna en veiðimagnið, og verður þá verðmæti meðalaflans á árunum 1918—1927 *141,118 krónur.*

Samkvæmt því, sem hér er ritað, er þá samanlagt verðmæti lax- og silungsaflans að meðaltali 236,864 kr. á ári hverju um hinn síðasta áratug, er skýrslur ná yfir. Mega því allir sjá, að hér er um allmikil hlunnindi að ræða.

Áætlunartölur þær, er hér hafa verið notaðar um verðlag á laxi og silungi, eru yfirleitt mjög lágar og fremur miðaðar við það, sem verið hefir, en hitt, sem er eða líklegt er að orðið gæti. Í útlöndum eru fiskategundir þessar eftirsóttar mjög og seldar dýru verði. Hið lága verð, er á þeim hefir verið hér á landi, stafar af tvennu: Í fyrsta lagi er kaupgeta manna hér heldur lítil, en ódýrar fiskategundir eru oftast á boðstólum. Af þessu hvorutveggja leiðir hitt, að eftirspurn eftir hinum dýrari fiskategundum er yfirleitt lítil, einkum meðal almennings. Í öðru lagi hagar viðast svo til, þar sem lax- eða silungsveiði er stunduð, að ekki hefir verið unnt að koma aflanum óskemmdum á markað fyrir samgönguleysi. Þeir veiðieigendur, sem næstir búa kaupstöðunum, einkum Reykjavík, hafa því einir setið að innanlandsmarkaðnum. Og þó að verð á laxi og silungi sé oft allhátt hér í Reykjavík, nær það ekki til þorra veiðieigenda og er yfirleitt talsvert lægra en í útlendum borgum, þar sem efnuðu stéttirnar eru bæði fjölmennari og fjársterkari en hér er. Aftur hafa menn ekki haft tækni (teknik) né samgöngur til þess að koma aflanum á útlendan markað sem sæmilegri vöru. Til þessa hefir því orðið að miða verðlag aflans að miklu leyti við neyzlu í sveitunum, þar sem hann er fenginn.

Nú horfir allt til breytinga í þessum efnum. Á síðustu árum hafa samgöngur innanlands batnað ótrúlega mikið, og allt virðist benda á, að þær muni stefna til batnaðar með sama skriði á komandi árum. Samgöngur við útlönd fara og batnandi ár frá ári, og fyrir þetta mál skiptir það mestu, að nú er kæliskip í förum landa á milli. Frystihús hafa reist verið víða, og enn eru fyrirætlanir um fleiri. Má svo kalla, að við flest hin stærstu fiskihverfi séu nú þegar sköpuð sæmileg skilyrði til þess að

koma aflanum á markað, innlendan eða útlendan, og virðist þó betur verða munu að fám árum liðnum.

Um undanfarandi tvö ár hefir Samband íslenzkra samvinnufélaga selt frystan lax til Englands. Enda þótt hér sé um að ræða tilraun til þess að vinna nýjan markað, svo að ætla megi, að salan hafi orðið nokkuð misjöfn erlendis, var þó unnt að greiða meira en 2 krónur fyrir hvert kg. til seljanda fob. Hér horfir því til stórra bóta, og virðist allt benda til þess, að verðmæti laxaflans verði að minnsta kosti helmingi hærra í náinni framtíð en hér hefir verið áætlað. Ekki er það kunnugt, að reynt hafi verið að afla markaðs fyrir silung héðan af landi í útlöndum. En næsta líklegt er, að það mætti takast. Víst er það, að af batnandi samgöngum innanlands leiðir aukinn markað og hækkandi verð á silungi. Má það víst telja, að verðlag á þessum ágæta fiski muni í náinni framtíð hækka um helming að minnsta kosti, og meira, ef útlendur markaður fæst fyrir hann.

Ef gert er ráð fyrir því, að meðalársveiði haldist lík því, sem hún var á árunum 1918—1927, en verð á laxi og silungi hækki um helming, verður verðmæti aflans röskar 500,000 krónur.

IV. Trygging veiðihlunninda.

Það er vitanlegt, að svo freklega má veiði stunda, að fiskstofn vatna gangi til auðnar á fáum árum, og verður ekki um það deilt, að slíkt atferli sé landinu til hinnar mestu óþurftar. Þau vötn eru eigi allfá, sem fyrr á tímum hafa gefið af sér góða veiði, en eru nú veiðilaus að mestu eða öllu, og veldur því rányrkjan ein. Allir munu það mæla, að reisa verði rammar skorður við slíkum ránskap, og er þá næst að athuga, hversu tryggilega það sé gert með gildandi veiðilöggjöf. Íslenzk veiðilöggjöf er ekki næsta margbrotin. Um friðun og veiði vatnasilungs eru engin almenn lagaákvæði til. Lög um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum, nr. 55, 30. júní 1909, heimila að vísu sýslunefndum „að gera samþykktir um friðun á silungi og um veiðiaðferðir í vötnum", ef meiri hluti veiðieigenda krefst þess, en ekki ná samþykktir fram að ganga, nema ⅗ veiðieigenda samþykki þær. Ýmsir annmarkar aðrir eru á því, að koma á samþykktum eftir lögum þessum, og eru þau yfirleitt óþjál og umstangsmikil í framkvæmd, enda mun ekki hafa tekizt að koma á slíkri samþykkt nema við eitt vatn, þó að víðar hafi reynt verið. Silungsveiðunum hefir því verið harla lítil trygging að lögum þessum, og er ekki trúlegt, að á því verði breyting„ þó að þau hefðu gildi framvegis. Má af þessu ljóst verða, að í gildandi lögum er engin ráðstöfun, sú, er að haldi megi koma, sem tryggt geti fiskstofn veiðivatna vorra fyrir hremmiklóm rányrkjunnar. Gæti þá svo farið, að hlunnindi þessi hyrfu fyrr en varir, ef ekki verður að gert.

Þá er næst að athuga, hversu laxveiðin er að lögum tryggð. Allt

fram á síðasta mannsaldur má svo heita, að engin ákvæði væru í lögum til friðunar laxinum. En með lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febrúar 1886, laxalögunum svo nefndu, er stefnt til bóta um þetta mál. Að vísu fara lög þessi miklu skemmra en flestir forgöngumenn þessara mála í þá daga vildu vera láta, svo sem síðar mun sýnt verða, en allt um það voru þau mikil framför frá því, sem áður var. Laxalögin ákveða þriggja mánaða veiðitíma fyrir lax, og ráða sýslunefndir, hvenær hann er tekinn á hverjum stað. Alstaðar er veiðitími framan af sumri, og er það til ótvíræðra hagsmuna fyrir þá, sem veiði eiga neðan til við árnar, því að þá er þar fiskför mest. Hinir, sem upp með ánum búa, hafa aftur litla veiði um veiðitímann, og er því almennt talið, að ýmsum þeirra verði það, að stunda veiði eftir að veiðitíma er lokið. Í annan stað er svo mælt fyrir í laxalögunum, að lagnet eða fastar veiðivélar megi ekki ná lengra út en í miðja á, og megi aldrei verða skemmra milli þeirra en 60 metrar (30 faðmar). Með ákvæði þessu er að vísu fyrir því séð, að ár séu ekki þvergirtar og laxför í þeim hindruð með öllu, en það hlýtur hverjum manni að verða ljóst, þeim, er athugar þetta mál rækilega, að þess er engin von, að lax komist langt upp eftir ám, ef þar er svo veiðivélum skipað, sem lög þessi framast leyfa. Laxinn er ekki slíkum vitsmunum gæddur, að hann geti til lengdar bjargazt framhjá veiðigildrum, sem liggja út í miðja á frá báðum bökkum, enda þótt 60 metra bil sé á milli þeirra. Enn er það ákveðið í laxalögunum, að um veiðitímann skuli laxinn vera friðaður 36 stundir í viku hverri, frá náttmálum á laugardag til dagmála á mánudag. Skulu þá öll net upp tekin og allar veiðivélar opnar standa. Vikufriðun þessi mun hafa verið til þess sett, að veita þeim meiri veiði, sem upp með ánum búa, og tryggja það, að eitthvað af laxinum kæmist upp á hrygningarsvæðin. Hið síðartalda skiptir vitanlega eitt máli fyrir framtíð fiskstofnsins og viðhald veiðinnar. Nú leitar laxinn misjafnlega mikið í árnar, eftir vindstöðu og sjávarföllum. Gengur hann mest um flóð, einkum stórstraumsflóð, og miklu örar í landátt en hafátt. Gönguhraðinn um árnar er og næsta misjafn, og fer hann einkum eftir gerð ánna, svo sem vatnsmagni, straumi og fyrirstöðum. En fyrirstöður eru fossar og stríðir strengir, svo og hverskonar eðlisbreytingar á vatni. Svo hagar til í flestum fiskihverfum hér á landi, að annaðhvort verður laxinn að ganga í gegnum stöðuvatn, á leið sinni til hrygningarstöðvanna, eða eftir jökulsám og úr þeim aftur upp í þverárnar, þar sem hann hrygnir. Nú eru ætíð aðrir vatnskostir í þveránum, og eru þær því til fyrirstöðu. Ýmsar þeirra eru og svo vatnslitlar, að þær eru ekki laxgengar nema í vöxtum, og þá einkum þegar líður að hausti og veðrátta gerist úrfellasöm,

Laxalögin banna veiði á smálaxi og kveða á um möskvavídd laxanetja til tryggingar því, að smálax geti smogið þau. Hefir það vafalaust verið ætlun þeirra manna, er settu ákvæði þessi í lögin, að smálaxinn væri óþroskaður lax, er síðar mundi leita í árnar fullþroskaður. Nú vita menn aftur, að smálaxinn er yfirleitt fullþroska og gengur í árnar til hrygningar, en að lokinni hrygningu gengur allur lax aftur til sjávar og ferst þar unnvörpum, svo að aðeins

örlítill hluti gengur aftur í árnar. Hitt vita menn og, að kynfesta er um stærð laxa, að smálax getur af sér smálax yfirleitt. Þetta ákvæði laganna, um friðun smálaxins, nær því engan veginn tilgangi sínum, en hefir þá hættu í för með sér, að laxstofninn smækki, eins og fara mundi um fjárstofn þess bónda, er veldi rýrasta féð til lífs og undaneldis. Þá er loks að líta á ádráttarveiðina. Laxalögin mæla svo fyrir, að ekki megi ádrátt stunda nema annaðhvert dægur. Virðist svo, sem veiði þessi hafi verið talin hættulegust allrar veiði, enda mun það ekki hafa verið að ástæðulausu. Ádráttarveiði er einkum stunduð á þeim stöðvum, sem laxinum eru hættulegastar, svo sem á hrygningarsvæðum, ármótum og öðrum þeim stöðum, þar sem laxinn er hindraður á göngu og safnast saman. Ennfremur eru ýmsar ár svo auðdregnar, að þar má ná á skömmum tíma hverri kvikri bröndu, og stoðar þá laxinn lítt, að ekki má á draga nema annaðhvert dægur.

Svo sem áður er sagt, eru allmikil líkindi til þess, að þeir, sem upp með ánum búa, gerist, sumir hverjir, nokkuð djarftækir til fengsins eftir veiðitíma, Er þessum mönnum nokkur vorkunn, því að lax gengur svo seint í sumar þverár, að ella myndu eigendur þeirra veiðilausir. Aftur er þessi veiði geysihættuleg fiskstofninum, því að ár þessar eru flestar auðdrægar og laxinn fer að leggjast í hylji, þá er líður að hausti. Kemur hér að hinum mesta ágalla á veiðilöggjöf vorri, en hann er eftirlitsleysið. Flestum mönnum er þann veg farið, að þeir eru þess ófúsir að kæra nágranna sína eða sveitunga, enda mælist slíkt jafnan illa fyrir og oftast verr en lítið lagabrot, svo sem það er talið að krækja sér í laxkind, þó að liðið sé af veiðitíma. Fer þá oftast svo, að hver hylmar yfir með öðrum, unz margir eru seldir í sömu sök, og verður þá ekki af uppljóstunum. Hinir, sem neðar búa og mesta hagsmuni hafa í veiðinni, vita lítið um það, sem fram fer upp með ánum, en ala illan grun til þeirra, er þar búa, og láta að öðru leyti hverjum degi nægja sína þjáning. Svo virðist helzt, sem til þess hafi verið ætlazt, þá er laxalögin voru sett, að hver gætti annars veiði, en slíkt er með öllu ónýtt, eins og nú hefir sýnt verið. Með lögum þessum hefir aldrei verið eftirlit af hálfu hins opinbera, og það er vitanlegt öllum þeim, er til þekkja, að þau hafa þrásinnis verið brotin allt fram á þennan dag. Hafa þau því komið að miklu minna gagni en ella hefði orðið.

Í laxalögunum er hvergi bannað að veiða lax með dynamíti eða öðrum sprengiefnum. Margt fleira má finna þeim til foráttu, en hér skal staðar numið. Er það og sízt að kynja, þótt þau séu á ýmsan hátt ófullkomin og úrelt, svo gömul sem þau eru.

Gagnrýning þessi á ákvæðum laxalaganna um veiðitíma, skipun veiðivéla, vikufriðun, möskvavídd og ádráttarveiði leiðir þannig til þeirrar niðurstöðu, að lögin veiti ekki tryggingu fyrir því, að fiskstofn vatnanna rýrni ekki eða eyðist.

Þá er næst að athuga, hvern dóm reynslan leggur á laxalögin, og verður í því efni að styðjast við veiðiskýrslur. Þykir oss rétt að taka eitt fiskihverfi til athugunar um þetta mál, og virðist oss fiskihverfi Ölfusár vera bezt til þess fallið fyrir margra hluta sakir. Samkvæmt veiðiskýrslum

fyrir árin 1924—1928, sem Hagstofa Íslands hefir góðfúslega lánað nefndinni, hefir meðalársveiði í fiskihverfi Ölfusár verið 3726 laxar á árabili þessu. Eftirfarandi tafla sýnir, hversu veiði þessi skiptist milli ýmissa hluta fiskihverfisins, bæði að tölu og hundraðshluta (%). Ennfremur sýnir hún veiðinot (Effekt), er talin eru eftir því, hve margir laxar veiðast á hverjum km. á hinum ýmsu köflum fiskihverfisins.

	Tala veiddra laxa	Hundraðshluti	Laxar pr. km.
Ölfusá upp að Selfossi	2341	62,8 %	125,9
Ölfusá frá Selfossi að Sogi	234	6,3 —	36
Ölfusá öll	2575	69,1 %	102,6
Hvítá frá Sogi að Tungufljóti	752	20,2 —	14,9
Hvítá og Ölfusá	3327	89,3 %	44
Þverárnar allar	399	10,7 —	4,1
Fiskihverfið allt	3726	100 %	21,4

Tafla þessi mælir skýru máli. Hún sýnir, að í þveránum veiðast aðeins 10,7 % af allri veiði fiskihverfisins, og að veiðinotin eru þar einir 4 laxar á hverjum km. Nú er það vitað, að laxinn hrygnir ekki í jökulvatni. Verður hann því að komast í þverárnar til hrygningar. En veiðinotin sýna það skýrt, að laxgengd er þar afarlítil, einkum ofan til, því að um þverárnar er það sama að segja og um höfuðána, að veiðinotin eru mest neðan til í þeim, en verða æ því minni, sem ofar dregur. Taflan sýnir, að mjög fátt fiska kemst af til hrygningar. Hún sýnir, að fiskihverfið er þrautveitt, rányrkt. Í sumum fiskihverfum öðrum er þó afkoman enn verri en í þessu. Má þar til nefna bergvatnsárnar: Hrútafjarðará, Miðfjarðará, Víðidalsá, Laxá á Ásum og Laxá í Þingeyjarsýslu.

Taflan sýnir enn annað. Hún sýnir, hver geysimunur er á veiði þeirra jarða, sem liggja að ánum neðanverðum, og hinna, sem veiði eiga upp með höfuðá eða einkum í þveránum. Menn kunna nú að segja, að laxinn sé þá miklu betri vara, ef hann er veiddur nýrunninn, og sé því rétt, að veiðin sé mest neðan til í ánum. Þetta er að vísu satt, en á hitt er og að líta, að upparnar má oft leigja dýru verði til stangarveiði, en þó því aðeins, að fiskur gangi í þær, en slíkt verður ekki með því lagi, sem nú er á um veiði í ánum neðanverðum. Um það mun naumast verða deilt, að þeir eigi nokkurn rétt til laxins, sem þverárnar eiga, því að á þeirra landi hefir hann klakizt og alizt upp að mestu. Höfuðáin er laxinum aðeins gönguleið milli hrygningarsvæðanna og sjávar.

Á síðasta áratug hefir allvíða um land verið reynt að klekja laxi, en viðleitni þessi hefir á flestum stöðum strandað á því, að þá er taka átti til stofnfisksins, var hann víða enginn og hvergi nógur, nema í þeim ám, sem friðaðar eru að mestu eða öllu fyrir annari veiði en stangarveiði. Þetta

sýnir betur en flest annað, hversu fátt er um lax í ánum að loknum veiðitíma. Og það sýnir einnig, að svo búið má ekki standa, því að fiskrækt getur aldrei þrifizt, nema stofnfiskur fáist. En hvert skyldi stefna, ef ekki til aukinnar ræktunar?

Nú kunna menn að spyrja, hvort laxastofn ánna muni þá hafa minnkað síðan 1886, að laxalögin gengu í gildi. Þessu er torsvarað, því að veiðiskýrslur eru að engu gagni fyrr en 1912. En frá þeim tíma virðist veiðin hafa farið hækkandi til 1920. Síðan stóð hún í stað til 1927, en á síðustu þremur sumrum hefir hún aftur minnkað til muna. Af þessu verður ekkert ráðið með vissu um afkomu fiskstofnsins, því að á þessu tímabili eru áraskipti að því, hve fast veiðin hefir verið sótt. Umsögn fróðra manna og kunnugra bendir til þess, að í allmörgum ám, einkum hinum minni, hafi laxveiði rýrnað síðan 1886, og víst má það telja, að hvergi hafi hún aukizt nema þar, sem ár hafa verið teknar til stangarveiði og friðaðar fyrir ádrætti og föstum veiðivélum.

Enn má um það spyrja, hvað verndað hafi fiskstofninn frá gereyðingu, fyrst laxalögin séu svo fányt, sem hér hefir verið sýnt. Því er aftur auðsvarað. Það, sem hefir verndað laxastofninn síðan 1886, er hið sama, sem varðveitt hefir hann frá því, er land byggðist, en það eru á aðra hönd slíkir vatnavextir á veiðitíma, að veiðitækjum verði ekki við komið, en á hinn bóginn einhver undanfæri, svo sem gljúfur eða óbyggðir, þar sem ránshönd mannsins fær eigi eftir honum sótt. Þegar þetta tvennt fer saman, kemst eitthvað af laxi undan. Og þetta tvennt fer saman í öllum þeim ám landsins, sem haldið hafa nokkurri veiði fram á þennan dag. Þessu til frekari sönnunar skal á það bent, hve mikil áraskipti eru að laxveiði á landi hér. Árið 1919 veiðast á öllu landinu 11,207 laxar, eða 66% af meðalveiði, en tveim árum síðar, 1921, veiðast 21,024 laxar, eða 123,5% á við meðalveiði. Þetta sýnir glöggt, að árgangarnir eru næsta misjafnir að stærð. En misjöfn hrygning og afkoma yfirleitt veldur því, að árgangarnir verða misstórir. Annað, sem sýnir þetta enn þá betur, er það, hve þverárveiðin er misjöfn frá ári til árs. Í sumum árum er hún engin, en sæmileg í öðrum. Þá er flóð koma á veiðitíma, svo að lítið verði af veiði í höfuðám, bregzt það ekki, að þverárveiðin sé sæmileg. Það eru því verklegir (tekniskir) örðugleikar á veiðinni, sem einkum hafa verndað fiskstofn ánna til þessa.

Svo sem áður getur, hafa menn til þessa átt erfitt með að koma aflanum í sæmilegt verð. Af því hefir hitt leitt, að menn hafa ekki sótt veiðina jafnfast og ella hefði orðið. Nú fer markaðurinn batnandi, og horfir vænlega um hann framvegis, eins og áður er sýnt, vegna vaxandi samgangna og bættrar aðstöðu um sölu til útlanda. Má þá nærri geta, að lengra verði seilzt til laxins og veiði yfirleitt fastar sótt en áður hefir verið. Til þessa hefir sú venja uppi haldizt, að hver búandi hafi veitt fyrir sínu landi eða menn hafa bundizt samtökum um það, að leigja ár til stangaveiði. Á síðustu árum hefir nokkur breyting orðið á þessu. Fyrirtæki hafa stofnuð verið í þeim tilgangi að veiða lax til hagn-

aðar, og hafa þau tekið veiðirétt á leigu. Fyrirtæki þessi hafa verið þess umkomin að leggja meira fé í veiðina en áður hefir tíðkazt. Hafa þau reist veiðigirðingar svo rammar, að þær standa af sér alla venjulega vatnavexti. Girðingar þessar eru á ýmsa lund góð veiðarfæri, og er líklegt, að ýmsir muni taka þær upp, en þá er fallin sú vörnin, sem fiskstofninum var í vatnavöxtum á veiðitíma. Í annan stað verður girðingum víða við komið, þar sem aðrar veiðivélar eru að engum notum. Mun því veiðitækjum fjölga í ánum, þegar þær verða upp teknar. Í þriðja lagi er á það að líta, ef fjársterk fyrirtæki taka að stunda veiði að miklum mun. Er þá hætt við því, að veiðin verði fastar sótt en verið hefir hingað til. Loks er laxveiði í sjó. Til þessa hefir lítið kveðið að henni, en nú virðist mega ráða það af ýmsu, að hún muni verða tekin upp, ef ekki verður við gert. Sjávarveiði er hættulegust allrar veiði, því að að henni stendur jafnaðarlega mikill fjárkostur og fullkomin tækni (teknik). Hún er og átthagalaus, en lætur greipar sópa um fenginn, hvar sem hann fæst, án þess að skeyta hið minnsta um afkomu fiskstofnsins. Hvarvetna erlendis þykir hún gefast hið versta.

Hér hefir nú verið sýnt fram á það með gildum rökum, fræðilegum og verklegum, að íslenzk veiðilöggjöf veiti enga tryggingu fyrir því, að fiskstofn viðhaldist í veiðivötnum landsins, og auk þess sé hún óréttlát. Hin helzta vernd fiskstofnsins hefir verið sú, að veiðin hefir aldrei verið stunduð svo freklega, sem lögin leyfa, vegna ófullkominna tækja og lítils markaðs. En nú virðist sú vernd óðum þverrandi.

V. Aukning fiskstofns.

Þess er getið í fornum ritum, að þá er forfeður vorir komu fyrst til landsins, hafi ár allar og vötn verið full fiska. Líklegt er, að sögumenn geti þessa af því, að á þeirra dögum hafi veiðisæld vatnanna verið tekin að þverra.

Víðsvegar um landið eru ár þær, er Laxár nefnast, enda þótt þar hafi ekki orðið laxkindar vart í þeirra manna minnum, er nú lifa. Vafalaust hafa ár þessar hlotið nöfn sín af því, að í þær hefir verið laxgengd, þá er þeim voru nöfnin gefin. Kunnugt er það um ýmsar ár aðrar, að þar hafi verið veiðisæld nokkur, þó að nú séu þær laxlausar. Má þar til nefna Blöndu, sem Eggert Ólafsson telur eina af helztu laxám í Húnaþingi. Hvað mun valda veiðispjöllum þessum?

Fornmenn voru aðdráttarsamir og fengsælir, og má líklegt telja, að þeir hafi orðið heldur harðbýlir við fiskstofn vatnanna, og þarf eigi getur að því að leiða, að því muni ránsveiði valda, að veiði er nú horfin í ýmsum vötnum. Hitt má af líkum ráða, að ránskapur sá, er lagði sum vötn í auðn, muni nokkuð hafa fækkað fiskstofni annara.

Áður en landið byggðist, naut náttúra þess fullkomins friðar,

Vatnafiski hefir þá fjölgað svo, sem náttúrukostir framast leyfðu. Hverjir eru þessir náttúrukostir, og hve mikinn fiskstofn leyfa þeir?

Jörð og vötn og sær hafa í sér fólgna getu til þess að framfleyta lifandi verum. Geta þessi hefir verið nefnd lífsorka (oecologiskur valens), og er hún næsta misjöfn, svo sem lífsverurnar sýna.

Lífsorka vatna fer eftir þrennu: efnum, hita og gerð. Efni þau, sem uppleyst eru í vötnum, eru harla misjöfn að kostum. Sum eru gagnleg, önnur skaðleg. Gagnleg eru áburðarefni og súrefni, en skaðleg eru ýms járnsambönd, brennisteinn, jarðsýrur o. fl. Frjósemi vatnanna fer eftir efnum þessum og er því meiri sem meira er um áburðarefnin. Áburðarefnin og skaðaefnin berast í vötnin úr jarðveginum, en súrefnið fá þau úr loftinu í ölduróti og straumum. Hiti vatnanna er sú orkulind, sem lífsverur þeirra teiga þrótt sinn af. Vex því lífsorkan með hitanum, unz hann gerist svo hár, að hann verði til skaða, svo sem víða er í laugum. Gerð vatnanna, lögun, dýpi, botn og straumur, hefir mikil áhrif á verur vatnanna, en ófært er að rekja þau hér.

Í vötnum hér á landi er ærið súrefni, því að ekki skortir öldurót né strauma, en hiti þeirra er aftur misjafn, og er hiti stöðuvatna mjög þinn sami og meðalhiti loftsins um þann tíma, sem þau eru auð. Hiti straumvatna er misjafnari. Jökulvötn og fjallavötn eru köld, en heitari eru ár þær, er spretta upp í vötnum eða flólendi. Áburðarmagn vatna er næsta misjafnt eftir legu þeirra. Áburðarrík eru þau vötn, sem graslendi liggur að, en hin áburðarsnauð, sem liggja í möl eða grjóti.

Á vorin, þegar vötnin taka að hitna, sprettur upp í þeim aragrúi af örsmáum plöntum, sem svífa um í yfirborði. Gróður vatnanna yfirleitt, en einkum smáplöntur þessar, eru undirstaða alls annars lífs, sem þróast í vötnunum, því að plönturnar einar eru þess megnugar að vinna næringarefni úr loftinu fyrir orku sólargeislanna. Hvert vatn er veröld fyrir sig með sérstök lífsskilyrði, lífsverur og efnisrás: frá dauðu, ólífrænu efni í lifandi og frá lifandi í dautt. Svifgróðurinn nærist á áburði vatnanna og þiggur orku frá hita þeirra. Hann er frumáta þeirra, því að á honum lifa svifdýrin, en á þeim aftur hin stærri dýr, koll af kolli. Þannig skapast löng festi lífsmynda frá ósýnilegum einsellungum til stærstu fiska. Hver tegund á sína bráð og sína fjendur.

Þar sem náttúran er ein í leik, heldur þannig hver tegundin annari í skefjum, svo að jafnmikið fæðist og deyr. Þetta er hið mikla jafnvægi náttúrunnar. Ef það raskast, getur til mikils dregizt fyrir verur þær, er vötnin byggja. Fiskarnir eru fullkomnastir þeirra dýra, er vötnin byggja, og eiga ýmsa bráð, en fáa fjendur. Fjölgun þeirra er því víðasthvar ekki öðrum takmörkunum háð en þeim, er átan, lífsorkan, setur.

Engar líkur eru þess, að lífsorka vatnanna hafi minnkað, svo að nokkru nemi, síðan á landnámsöld. Vötnin geta því enn framfleytt jafnmiklu af fiski og þá. Þær rannsóknir, er gerðar hafa verið á vötnum hér á landi, benda og ótvírætt á það, að lífsorka þeirra sé mikil og þau geti borið miklu stærri fiskstofn en nú er í þeim. En um veiðina hefir farið

líkt og um skóginn. Menn hafa gengið á kosti landsins með miklum ránskap, en lítilli fyrirhyggju, unz allt var komið í örtröð. Forfeðrum vorum var nokkur vorkunn í því, að þeir kunnu ekki skil á rányrkju og ræktun. En oss, sem öðlazt höfum dýrindi þekkingarinnar til varnaðar og vegarbeina, er engin vorkunn, ef vér höldum áfram að eyða kostum landsins.

Lífsorka vatnanna er mikill fjársjóður, höfuðstóll, sem enn hefir eigi haldið verið til hagnýtingar og arðs, nema að litlu leyti, en bíður óskertur þeirra kynslóða, er nota kunna. Sú orka, er framfleytt getur lífi, getur framfleytt mannlífi, og lögmál allrar ræktunar er það, að beizla lífsorkuna til handa mönnunum. Fiskrækt er það, að breyta frumátu vatnanna í nytjafisk, mannafæðu. Fiskinn rækta menn með klaki og skynsamlegum veiðiaðferðum, og er þá rétt að farið, ef lífsorkan er fullnotuð, en henni ekki ofboðið.

Einn fyrsti árangur fiskræktar, þar sem hún er stunduð til nokkurrar hlítar, er sá, að veiðin verður jöfn frá ári til árs. Í öllum veiðivötnum má rækta fisk, svo að veiði verði að jafnaði svo, sem hún hefir mest orðið, og í flestum vötnum má margfalda þá veiði, sem nú er, því að lífsorkan er víðast hvergi nærri fullnotuð, eins og áður er sagt. Í fjölmörgum vötnum, sem nú eru veiðilaus, má og rækta fisk til mikilla hagsmuna, og gildir þetta um öll þau vötn, sem áður hefir veiði í verið, en einnig mörg hinna, er til þessa hafa verið veiðileysa, því að fossar og aðrar hindranir hafa víða valdið því, að fiskurinn hefir eigi náð að nema vötnin.

Af því, sem nú hefir sagt verið um fiskrækt, má það hverjum manni ljóst verða, að vér getum aukið veiðihlunnindi landsins stórkostlega. En svo sem áður er ritað, er slíkt óhugsandi meðan vér eigum við að búa veiðilöggjöf þá, sem enn er í gildi.

Vér Íslendingar stöndum á vegamótum um veiðimál vor, eins og margt annað. Á aðra hönd liggur krókstígur sundrungar og þekkingarskorts. En á hina höndina blasir gagnvegur samtaka og ræktunar. Hann liggur til hlunnindaauka og hagsældar.

VI. Yfirlit yfir sögu íslenzkra veiðimála.

Á þessu ári munu vera liðin 1000 ár síðan fyrst voru sett lög um veiðiskap í vötnum og ám á landi hér, því að líklegt má telja, að einhver ákvæði um veiði hafi verið tekin upp í hin fyrstu allsherjarlög vor. Hefir varla getað hjá því farið, að menn hafi greint á um skiptingu veiði í hinu nýnumda landi. Þjóðkunn er frásögn Vatnsdælu um deilur þeirra Ingimundarsona og Hrolleifs Ljótarsonar í Ási um veiðina í Vatnsdalsá.

Í Landabrigðaþætti Grágásar, Staðarhólsbók kap. 438, sbr. Konungsbók kap. 208, eru ýmis fyrirmæli um samveiði og skiptingu veiði. Þar eru og hin fyrstu drög til friðunar. Þar segir:

„Eigi eiga menn at leggia net um þvera a ne gera teinor i eða gera

garða (eigi gerþa svá at eigi sé hlið á. Kb.) eða ker nema einn maðr eigi alla ana. En hvatki sem er þes er þar gert er þat banni fiskför þa verðr oheilög su umbúð enda varðar III marka útlegð við hvern þeira er veiðina a. Rett er manne at leggia net strandlagi í ána við þat land sem hann a sialfr".

Í næstu grein segir ennfremur:

„Nu ero quislir fleire oc scal eigi banna fiscfaur i einne quisl nema þar se minne fiscfaur en i annarre oc eigi hann einn quislina fyrir ofan". (Grágás, II. 510, I. b. 123).

Í Járnsíðu eru ákvæðin um veiði í Landaþrigðabálki 24, tekin eftir Gulaþingslögum 85. Þar segir svo:

„Enge má fire oðrom væðe stoð banna þa er hann hever at forno fare haft. En hvarvitna þar sem menn eiga lax a saman þa skal hverr gera veiði vel i sinni a oc gera þo sva at fiskar mege ganga upp at a hverre. Ganga skal guðsgiöf til fiallz sem til fioro". Síðan koma sektarákvæði við þvergirðingu etc.

Í *Jónsbók* eru ákvæðin um veiði einkum í Landsleigubálki 56. Eru þau að mestu sniðin eftir landslögum Magnúsar lagabætis, hinum norsku. Ákvæði þessi hafa um margar aldir verið hin einu fyrirmæli um veiðirétt og veiði hér á landi. Þykir því rétt að birta þau hér.

„Kap. 56. Um veiðivötn ok veitur ok veiðiár.

Hverr maðr á vatn ok veiði stöð fyrir sínni jörðu ok á sem at fornu hefir verit nema með lögum sé frá komit. Vötn öll skulu svá renna sem at fornu hafa runnit. ..... Nú ef á rennur milli bæja manna eða bekkur ok eru fiskar í þá eigu halfa hvárir ef þeir eigu svá jörð til tveim megin. En ef á eða bekkur renna rétt ok brýtur á hvárskis land þá geri svá hvárir veiðivél af sínu landi sem gert hafði at fornu fari. ..... Engi skal fyrir öðrum veiði spilla eða banna þá er hann hefir haft at fornu fari. Hvervitna er menn eigu fiskiá saman þá á hverr at veiða sem vill meðan úskipt er ánni ok draga váðir at hváru landi er þeir vilja en eigi skal hann öðrum veita. .... Hverr maðr má gera veiðivél í sinni á ok gera svá at fiskur megi fara upp at á hverri. *Ganga skal guðs gjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengit vill hafa.* En sá maðr er gerðir fyrir þá skulu þeir er fyrir ofan eiga gera honum fimtarstefnu af þingi at brjóta ór. ..... Engi skal öðrum veiðistöð banna fyrir sínu landi ok engi annara veiði stöð spilla".

Það leynir sér ekki, að þessi ákvæði eru einkum til þess sett að jafna veiði og fyrirbyggja yfirgang. Hitt virðist ekki hafa vakað fyrir þeim, er lögin settu, að fiskurinn þyrfti friðunar, ef veiðin ætti að haldast. Hér eru engin ákvæði um ársfriðun eða vikufriðun, friðun hrygningarsvæða eða takmarkanir á ósaveiði.

Svo liðu meira en 6 aldir, og ekkert ber til tíðinda í veiðimálum landsins. En eftir að Alþingi var endurreist, leið ekki á löngu áður en óskir kæmu frá landsmönnum um það, að það léti veiðimálin til sín taka.

Árið 1849 var gefin út tilskipun um veiði á Íslandi. Er hún einkum um

dýraveiðar á landi og sela- og hvalveiðar, en tekur ekki til veiði í vötnum og ám. Það var ekki fyrr en árið 1867, að Alþingi tók veiðimálin upp.

Upptök þessa voru þau, að 147 menn í Mýra- og Hnappadalssýslu sendu þinginu bænarskrá, þar sem þess er beiðzt, að það taki laxveiðimálið til meðferðar. Benda þeir á það í bænarskránni, að laxveiðin hér á landi megi teljast meðal bjargræðisvega landsmanna, og hafi hún einkum fært þeim mikinn arð áður fyrr, meðan veiðin var hóflega stunduð og hinum fornu veiðilögum lotning sýnd, enda hafi þá gengið lax í flestöll vatnsföll landsins. Þeir segja, að svo líti út, sem menn þekki ekki ákvæði veiðilaganna eða hirði ekki um að halda þau, og að margir veiðieigendur hugsi um það eitt að drepa sem mest af laxinum það árið eða þann daginn, sem yfir stendur, án þess að skeyta hið minnsta um það, hvort þeir sjálfir eða aðrir fái nokkuð veitt árið eða daginn eftir, né um hitt, hvort aðrir, sem veiði eiga, geti nokkurrar veiði notið. Benda þeir og á það, að síðan farið hafi verið að flytja laxinn til útlanda, hafi misnotkun á veiðinni farið í vöxt, og að mestar séu horfur á því, að laxveiðin gangi til þurðar, ef slíku haldi áfram. Óska þeir svo eftir því, að Alþingi taki mál þetta til rækilegrar íhugunar og biðji konung um lög um þetta efni og í þeim þurfi meðal annars að vera eftirfarandi ákvæði:

1) Að aðeins sé heimilt að veiða lax á tímabilinu frá lokum maímánaðar til 16. ágúst ár hvert.
2) Að lax sé friðaður vikulega frá kl. 12 síðdegis á laugardögum til sama tíma á sunnudögum um veiðitímann.
3) Að bönnuð sé laxveiði í sjó nálægt ósum þeirra vatnsfalla, er lax gengur í, og að allur veiðiskapur sé bannaður í slíkum ósum.
4) Að stærð möskva í netum sé svo takmörkuð, að hinn smái og ungi lax fái lífi að halda, og ekki verði leyfðir minni möskvar en 2¼ þuml. á hvern veg milli hnúta.

Á 9. fundi þingsins, þann 17. júlí, var málið tekið til inngangsumræðu. Hafði áður verið útbýtt meðal þingmanna þýðingu á norsku laxveiðilögunum frá 23. maí 1863 og á enskum veiðilögum frá 6. ágúst 1861. Flutning málsins hafði þm. Mýramanna. Tóku margir þm. til máls, og mæltu flestir þeirra eindregið með málinu. Varð það að ráði, að 5 manna nefnd var kosin til að athuga það.

Nefnd þessi vann dyggilega að málinu og skilaði ítarlegu nefndaráliti 7. ágúst og lagði fram frv. til laxveiðilaga með rækilegri greinargerð. Voru 4 nefndarmanna algerlega sammála um frv., en einn þeirra hafði sérstöðu um nokkur atriði. Frumvarp þetta er á marga lund svo merkilegt, að rétt þykir að prenta það hér orðrétt, og er það svo hljóðandi:

Frumvarp til tilskipunar um friðun á laxi á Íslandi.

1. gr.

Enginn má frá 1. septembermánaðar ár hvert til 1. júnímánaðar næsta ár veiða eður deyða á nokkurn hátt lax í ám, árósum, vatnaósum, stöðuvötn-

um, tjörnum, lónum, fjörðum eða fyrir sjávarströndum; né heldur viðhafa, leggja eður liggja láta veiðivélar fyrir lax.

2. gr.

Á öðrum tímum árs en nú var mælt má lax veiða, en þó með takmörkunum þeim, er nú skal greina.

3. gr.

Enginn skal leggja eður viðhafa nokkra veiðivél fyrir lax frá náttmálum á laugardegi til miðnættis á sunnudagskvöldið næsta eftir; né heldur á þessum tíma liggja láta, nema veiðivélin sé föst og verði eigi án stórskemmda upp tekin; því þá má hún kyrr vera, en autt op skal þá vera á henni, er gangi ofan í botn og upp úr, í hið minnsta 1 alin á breidd.

4. gr.

Hvergi, þar sem lax gengur, má hafa lóðir eður þau veiðarfæri, er náð verði með smálaxi.

5. gr.

Á stöðum þeim, er nefndir eru í 1. grein og lax gengur, má enginn til veiðiskapar viðhafa net, né önnur riðin veiðarfæri, með minni möskvum en svo, að 2¼ þumlungs sé milli hnúta, eður möskvinn allt í kring 9 þumlungar, né viðhafa á nokkurn hátt þær veiðibrellur, er meini laxi að ganga gegnum möskva þessa.

6. gr.

Á veiðivél hverri skulu vera svo mörg op og svo stór, að enginn lax, sem minni er en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vélinni. Séu grindur í veiðivélinni, skulu spelarnir standa lóðrétt upp og ofan, og sé eigi styttra milli þeirra en 2 þumlungar; og ef þvergrindur eru, má millum þeirra eigi vera skemmra en 3 þumlungar.

7. gr.

Engin má hafa lagnet né nokkra aðra fasta veiðivél, né garða í ám, árkvíslum, árósum eður öðrum straumvötnum, sem lax gengur í, er nái lengra út en yfir einn þriðjung vatnsfarvegarins, þegar vatn er sem minnst í honum, og skal vatnið fyrir utan endann eigi vera grynnra en þar sem netið, veiðivélin eða garðurinn er. Þó skal bann þetta eigi ná til þeirra, er eiga alla veiði fyrir ofan í ánni, kvíslinni eður vatninu; samt má enginn þvergirða árkvísl, nema minni laxför sé í henni en í annari kvísl árinnar.

8. gr.

Enginn má á nokkurn hátt fæla lax frá að ganga upp í vötn eður ár, eða upp að þeim, og spilla með því veiðinni.

9. gr.

Friðlýsa skal á manntalsþingum ár hvert öllum þeim veiðistöðum í

þeirri þinghá, er lax gengur og nefndir eru í 1. grein, og skal sýslumaður gera það kauplaust.

10. gr.

Enginn má selja eða kaupa lax þann, er 9 þumlungar er ummáls, þar sem hann er gildastur, eða minni, né heldur þann lax, þótt stærri sé en nú var mælt, er hann veit, að veiddur var á þeim tíma, er ekki mátti veiða lax á.

11. gr.

Brjóti nokkur lög þessi, skal hann fyrir það sæta sektum frá 1 rd. til 10 rd., og að auk 48 sk. sekt fyrir hvern lax, er hann hefir veitt ólöglega; svo skal hann og hafa fyrirgert veiðinni eður andvirði hennar. Öll ólöggleg net og ólöglegar veiðivélar skulu upptækar, og ólöglegir garðar óhelgir fyrir broti; ef maður hefir og spillt veiðinni fyrir þeim, er fyrir ofan búa, skal hann bæta þeim skaðann eftir óvilhallra manna mati.

12. gr.

Þriðjungur af sektum þeim, er falla eftir tilskipun þessari, og af andvirði hinna ólöglegu veiðineta og veiðivéla falli til uppljóstrarmannsins, en tveir hlutir í sveitarsjóðinn, þar sem brotið er drýgt.

13. gr.

Með mál öll um afbrigði laga þessara skal fara sem opinber lögreglumál; og skal lögreglustjóri, ef sá, er fyrir skaða hefir orðið, eður annar kærir brotið fyrir honum, eður hann fær það á einhvern annan hátt að vita, rannsaka málið og láta dóm ganga í því, nema hinn ákærði játi brotið og ljúki allt það, er honum ber að gjalda, bæði fyrir brotið og fyrir allan áfallinn málskostnað; eins má öll rannsókn falla niður, ef hinn seki borgar fyrir brotið, áður en rannsókn er byrjuð. Lögregludómarinn skal dæma um, hvort hið boðna gjald er hæfilegt. Engum skal þó meinað, er fyrir skaða hefir orðið af brotum gegn tilskipun þessari, að höfða málið á sjálfs sín kostnað, ef hann kýs það heldur.

Frumvarp þetta var tekið til undirbúningsumræðu á 30. fundi þingsins, þann 14. ág. Var því yfirleitt vel tekið og konungsfulltrúi lýsti því yfir, að hann teldi nefndinni hafa tekizt vel og tjáði sig eindregið fylgjandi frv. Fjöldi þm. tók til máls og voru langflestir málinu fylgjandi, enda náði frv. samþykki með mjög litlum breytingum. Skal nú nokkur grein gerð fyrir þeim:

Við 1. gr.: Fyrir „1. júní“ kom: 20. maí.
— 3. gr.: Aftan við greinina bættist: fyrir hverjar 3 álnir af lengd vélarinnar í vatn eða sjó fram.
— 5. gr.: Fyrir „að 2¼ þumlungs“ o. s. frv. kom: að 2 þumlungar séu milli hnúta, eður möskvinn allt í kring 8 þuml., og sé mælt er möskvinn er votur. Eigi má heldur viðhafa á nokkurn hátt þær

veiðibrellur, er meini laxi að ganga gegnum möskva þessa. Þó má amtmaður leyfa silungsveiði með smáriðnari netum en nú var sagt, þegar það verður sannað, að veiðiaðferð sú sé mjög arðsöm fyrir hlutaðeigendur og eigi skaðvæn fyrir laxagönguna.

Við 6. gr.: Fyrir „9 þumlungar“ kom: 8 þumlungar. Síðari málsgrein greinarinnar var orðuð þannig: Séu grindur á veiðivélinni, skal eigi vera styttra milli rimlanna á þeim en 2½ þumlungur.

— 7. gr.: Á eftir orðinu „árósum“ í fyrstu málsgrein var bætt inn í: eður vatnaósum.

— 8. gr.: Við greinina var bætt: Enda skal hverjum manni heimilt að skjóta og styggja sel í veiðiám og ósum þeirra.

— 10. gr. Fyrir orðin „er 9 þumlungar“ kom: er minni en 8 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur. Orðin „eður minni“ voru felld burtu.

Breytingar þessar eru ekki stórvægilegar. Veiðitíminn er lengdur um 10 daga og minnsti möskvi minnkaður um ¼ þumlungs. Hvorugt þetta skiptir miklu. Aftur er bætt inn heimild til þess að skjóta og styggja sel í veiðiánum, og er það ákvæði til stórra bóta á frv. Allar þær breytingatillögur, er gengu í þá átt að draga úr friðun laxins til nokkurra muna, voru strádrepnar.

Ályktarumræða um frv. fór fram þann 20. ág., og var það þá samþykkt með ofanskráðum breytingum, eftir miklar umræður.

Eins og áður er getið, fylgdu margir þm. máli þessu mjög fast fram. Þó sætti það og nokkrum andmælum. Þótti sumum laxinn friðaður um of og réttur manna til veiðinota óþarflega mikið skertur. Töldu þeir hart að banna manni að þvergirða á, er einn ætti alla veiði fyrir ofan, og hitt þó ekki síður, að ekki mætti leggja net lengra út í á en yfir ⅓ af breidd hennar. Þá sætti og tillagan um útrýmingu sels úr ám og árósum allmiklum andmælum. En allar mótbárur gegn friðunarákvæðum frv. voru vægðarlaust brotnar á bak aftur.

Eftir þeirri meðferð, sem málið sætti á Alþingi, hefði mátt ætla, að stjórnin hefði orðið vel við tilmælum þingsins og gefið frumvarp þetta út sem laxveiðilög fyrir Ísland. En svo varð þó ekki. Stjórnin synjaði um staðfestingu, þótt undarlegt megi virðast. Mun hún hafa talið til þess gildar ástæður. Þegar þeir þm., sem staðið höfðu öndvegir gegn frv. á þingi, sáu, að þeir gátu ekki heft framgang þess þar, sendu 17 þeirra áskorun til stjórnarinnar um það, að hún staðfesti ekki frv. Fundu þeir það til, að það gengi í ýmsum greinum of nærri rétti einstakra manna, og töldu þess enga þörf til verndunar laxinum. Hefir mál þeirra efalaust verið auðsótt við stjórnina, því að hún hafði litla þekkingu á veiðimálum hér á landi, eins og síðar kom berlega í ljós.

Í frumvarpi þessu eru mörg nýmæli. Þar er kveðið á um ársfriðun, vikufriðun, friðun gönguleiða og friðun á smálaxi. Þar er og bann við ósa-

veiði, bann við kaupum og sölu á ólöglega veiddum laxi og að síðustu ákvæði um ófriðun sels í laxveiðiám og ósum þeirra.

Það hefir þótt rétt að rekja hér rækilega feril þessa máls. Með því hefst nýr þáttur í sögu íslenzkra veiðimála. Þjóðin reynir nú sjálf að koma skipun á veiðimál sín, og er þess ekki að dyljast, að frumvarp það, er nú hefir verið frá skýrt, fer í ýmsum greinum lengra í áttina til ræktunar og skipulags en síðar hefir gengið verið allt fram á þennan dag. Á þessum árum var grózka í þjóðlífi voru, og sjást þess víða merki, en svo fór um frv. þetta sem margan annan þroskavænan vísi, að innlend ásælni og útlent skilningsleysi urðu þar yfirsterkari viðleitni þjóðarinnar til skipulags og batnaðar. Má margt af þessu læra enn í dag.

Árið 1871 lagði stjórnin fyrir Alþingi nýtt frv. um laxveiði. Málið var ítarlega rætt á þinginu, og voru margir þingmanna óánægðir með frv. stjórnarinnar. Var það þó að lokum samþykkt, en með allmiklum breytingum. Síðan var óskað eftir staðfestingu konungs á því.

Eins og frv. var afgreitt frá Alþingi, var það í öllum höfuðdráttum líkt frumvarpinu frá 1867, en þó fer það öllu skemmra í áttina til friðunar. T. d. hljóðar nú 4. gr. svo: „Hvergi þar, sem laxveiði er *aðalveiði*, má viðhafa lóðir“ etc. Ákvæðum 5. gr. er breytt á þá lund, að þau eigi einungis við þar, sem laxveiði sé aðalveiði. Aftur eru í frv. ný ákvæði, sem telja má til bóta. Þannig er þar ákveðið, að 60 faðma bil skuli vera milli veiðivéla eftir endilangri á. Ennfremur er þar svo fyrir mælt, að banna megi veiðivél, er að mati 6 óvilhallra manna, sem rétturinn löglega kveðji, sé stórum skaðleg fyrir fiskför upp eða niður á. En þó að Alþingi samþykkti þannig í annað sinn frv. um þetta efni, hlaut það ekki staðfestingu konungs.

Árið 1873 var málið á ný lagt fyrir Alþingi af hálfu stjórnarinnar. Frumvarp það, er hún lagði nú fram, var í mörgum atriðum, þeim er máli skipta, lakara en frv. frá 1871. Einkum voru friðunarákvæðin ófullkomnari en áður. Eins og áður er sagt, hafði stjórninni borizt áskorun frá 17 þingmönnum um að staðfesta ekki frv. frá 1867, og er svo að sjá, sem stjórnin hafi stranglega viljað gæta þess síðan að hindra sem allra minnst sjálfræði manna um veiðiskap. Breyting sú, sem hún gerir nú á frv. frá 1871, gengur öll í þá átt að minnka friðun laxins, en halda uppi sjálfsvaldi og ránskap veiðieigenda. Af breytingunni má sjá það, að hún hefir haft harla litla þekkingu á staðháttum og aðstöðu um veiði hérlendis. Þannig er nú bætt inn í 1. gr. frv., þar sem mælt er fyrir um ársfriðun og veiði bönnuð frá 1. sept. til 20. maí í ám, árósum eða öðrum vötnum, þessum orðum: „sem ekki eru saltvötn“.(!) Í frv. frá 1867 var ákveðið, að á föstum veiðivélum skuli vera 1 alinar breitt op fyrir hverjar 3 álnir af lengd veiðivélarinnar, en samkvæmt þessu frv. skyldu vera 2 álna op fyrir hverjar 6 álnir af lengd veiðivélar út í vatn. Í frv. frá 1867 var svo fyrir mælt, að veiðivélar mættu ekki ná lengra út frá landi en yfir þriðjung vatns-

farvegarins. Eftir þessu frv. mátti veiðivél ná út í miðjan farveg. Hér var því til muna verr séð fyrir fiskför um árnar og stórt skref stigið aftur á bak í veiðimálunum.

Í frumvarpinu frá 1871, eins og það var afgreitt af þinginu, var svo fyrir mælt, að þar, sem undantekninga kynni að þurfa frá meginreglum frv., skyldi farið eftir áliti 6 kunnugra og óvilhallra manna, sem rétturinn löglega kveddi. Þetta ákvæði frumvarpsins virðist stjórnin ekki hafa sætt sig við. Setti hún í þess stað ákvæði um það, að landshöfðingi skyldi hafa því nær óskorað vald til að veita undanþágur frá lögunum, t. d. um möskvavídd, op á veiðivélum, minnstu stærð laxa, er veiða mætti o. s. frv.

Nefnd sú, er þingið skipaði til þess að athuga frumvarp þetta, taldi það svo bágborið, að hún réð þinginu frá að samþykkja það og bar fram tillögu í tveim liðum, og er efni hennar þetta:

1) Að Alþingi ráði frá því, að frumvarpið verði gert að lögum.
2) Að þingið beiðist þess, að nefnd verði sett hér á landi, er sé skipuð þeim mönnum, sem kunnugir séu laxveiðum, og einum lagamanni, er útvegi skýrslur frá hinum ýmsu héruðum, þar sem laxveiði er stunduð, og geri nefndin síðan frumvarp til tilskipunar um friðun á laxi, sem því næst verði lagt fyrir Alþingi.

Fyrri liður tillögunnar var samþykktur með 19 samhljóða atkvæðum, en hinn síðari með 15 gegn 6 atkv. Atkvæðagreiðsla þessi sýnir ljóslega, að þingmönnum hefir getizt illa að frv., og mun það eingöngu hafa verið fyrir þá sök, að þeim þótti friðunarákvæði þess of ófullkomin.

Á Alþingi 1875 er málið borið fram enn á ný, og er nú 1. þm. Þingeyinga flutningsmaður þess. Ekki hafði stjórnin látið undirbúa málið eða lagt fram frumvarp til laxveiðilaga, þó að Alþingi 1873 ætlaðist vissulega til að hún gerði svo. Frumvarp það, er 1. þm. Þingeyinga bar nú fram, er í mörgum greinum líkt frv. frá 1867, en þó er á ýmsa lund dregið allmikið úr kröfum þeim til friðunar, er þá höfðu gerðar verið. Er svo að sjá, sem hafi þingheimur verið farinn nokkuð svo að láta undan síga í kröfum sínum fyrir hinu harðsvíraða skilningsleysi stjórnarinnar. Þannig er nú haldið ákvæði stjórnarfrumvarpsins frá 1873 um það, að leggja megi veiðivélum út í miðjar ár. Þá er og slakað á friðun árósa. Aftan við ákvæði þau, þar sem bannað er að leggja net eða veiðivélar úti fyrir ósamynnum, þar sem lax gengur um, er skeytt þessum orðum: *„svo för hans (laxins) sé óhindruð að miklu“*. Ennfremur er hér aðeins heimilað að skjóta og styggja sel í veiðiám og ósum, þar sem lax gengur, *„ef eigi eru þar friðlýst selalátur eða æðarfugla eggver“*. Loks er svo fyrir mælt í frv., að amtsráðum skuli heimilt vera, eftir tillögum hreppsnefnda og sýslunefnda, að breyta frá ákvæðum laganna eða kveða nánar á um veiði en þar er gert, en þó aðeins svo, að grundvallarreglum laganna um friðun laxins og frjálsa göngu væri í engu haggað. Engin ákvæði eru í frv. um vikufriðun.

Frumvarp þetta var nú samþykkt þannig og síðan gefið út sem

„Viðaukalög við Jónsbókar landsleigubálks 56. kapitula um friðun á laxi, nr. 16, 11. maí 1876.

Þeir þingmenn, sem á undanförnum þingum höfðu einarðlegast barizt fyrir friðun laxins, munu nú hafa litið svo á, að slaka yrði nokkuð á kröfunum, ef frv. ætti fram að ganga. Margir þingmanna voru þeirrar skoðunar, að ekki mætti lengur dragast, að sett væru lög um laxveiði, því að ella væri ekki annað sýnna en að hún gengi til þurðar, svo sem henni væri hagað. Og þó að frv. þetta stæði alllangt að baki frv. frá 1867, var það þó allt að einu fullkomnara en hin fornu ákvæði Jónsbókar um veiði.

Ekki undu menn lengi við þessi lög, því að á Alþingi 1879 var flutt frv. til breytinga á þeim, og var 1. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu (Grímur Thomsen) flutningsmaður. Tildrög voru þau, að Elliðaárnar höfðu verið þvergirtar, þar sem talið var að einn maður ætti veiði í þeim. Hafði verið kært yfir þessu, en engin leiðrétting fengizt. Í annan stað hafði ráðgjafinn tilkynnt landshöfðingja, að lögin frá 1876 væru ekki friðunarlög. Af þessum ástæðum var frumvarp það, er áður getur, fram borið. Aðalbreytingar þessa frv. á lögunum frá 1876 voru þær, að lögin skyldu heita lög um friðun á laxi og að aldrei mætti hafa netgarða eða aðrar fastar veiðivélar þar, sem vatn væri dýpst í ám. En auk þess voru nokkur fyrirmæli um gerð kistna.

Málinu var nú vísað til nefndar. Skilaði hún síðan áliti og lagði fram nýtt frv., þar sem það var ótvírætt tekið fram, að bannað væri að þvergirða á eða árkvísl. Flutningsmaður tók nú frv. sitt aftur, en allsnarpar umræður urðu um frv. nefndarinnar. Snerust umræðurnar mest um það, hvort þinginu væri heimilt að banna þvergirðingu eða ekki. Andstæðingar málsins töldu það brot á stjórnarskránni og vísuðu til hæstaréttardóms 16. febr. 1875. Var frv. að síðustu fellt.

Á Alþingi 1881 var laxveiðimálið enn til umræðu. Kom þá fram frv., er í öllum höfuðdráttum var líkt lögunum frá 1876. Var það afgreitt á þinginu, en hlaut ekki staðfestingu konungs.

Árið 1885 samþykkti Alþingi frumvarp til laga þeirra um friðun á laxi, sem enn eru í gildi, óbreytt. Hlaut það staðfestingu konungs 19. febrúar 1886, svo sem kunnugt er. Lögum þessum hefir verið allrækilega lýst áður í greinargerð þessari, og eru þau almenningi svo kunn, að óþarft mun að segja hér frá efni þeirra. Upphaf málsins á þessu þingi var það, að 2. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu (Þorkell Bjarnason) flutti frv. um friðun á laxi. Var það allmjög frábrugðið lögunum frá 1876. Vikufriðun var þar ákveðin 36 stundir og ársfriðun frá 1. ág. til 20. maí (frá 1. sept. til 20. maí í lögunum frá 1876). Milli veiðivéla skyldi vera 40 faðma bil og engar veiðivélar mátti hafa nær ósum í stöðuvötn en 40 faðma. Í frv. er ennfremur svo fyrir mælt, að sýslumenn og hreppstjórar skuli hafa eftirlit með veiði og gæta þess, að lögin séu haldin.

Frv. þessu var nú vísað til nefndar. Taldi hún réttara að semja nýtt frv., er meira líktist lögunum frá 1876, og varð það að ráði. Nefndin

lagði síðan fram annað frv., en flutningsmaður fyrra frv., sem var einn nefndarmanna, tók frv. sitt aftur. Allmiklar umræður urðu um frv. þetta í þinginu, og urðu ýmsir til þess, enn sem fyrr, að mæla fast með friðun laxins, og þótti þeim sumum frv. fara helzt til skammt í þá átt. Má þar helzt til nefna Benedikt Sveinsson, sem jafnan barðist einarðlega fyrir umbótum veiðimálanna. Reyndi hann að bæta frv. þetta, en andstaðan var allhörð. Þegar frv. kom frá Nd., var það enn á ýmsan hátt betra en síðar varð. En Ed. breytti því til hins verra, og var það síðan samþykkt.

Nokkru áður en þetta varð, hafði danskur fiskifræðingur, A. Feddersen, ferðazt um landið til leiðbeininga um fiskrækt og önnur veiðimál. Hafði hann bent mönnum á, að friðunarákvæði laganna frá 1876 væri ófullnægjandi. Munu ummæli hans hafa átt drjúgan þátt í því, að andstæðingum málsins tókst eigi að skemma það meira en raun varð á.

Ekki voru menn allskostar ánægðir með lögin frá 1886. Á Alþingi 1889 var enn flutt frv. um laxveiðimálið. Friðunarákvæði þess voru nokkru harðari en í lögunum, ádráttarveiði voru meiri takmörk sett og mönnum heimilað að styggja sel í ám og vötnum. Frv. þetta varð ekki útrætt á þinginu. En á næsta þingi, árið 1891, var borið fram annað frv., sem var mjög líkt þessu. Hin merkustu ákvæði þess voru þessi: Veiðitími skyldi vera 2½ mán. Þó mátti stunda stangarveiði í 3 mán. Ádráttarveiði var aðeins heimil í 4 stundir á hverjum sólarhring. 100 faðmar skyldu verða milli veiðivéla eftir endilangri á. Heimilt var að skjóta og styggja sel í veiðiám, svo var og heimilt *að eyða sjóbirting og urriða.* Þetta síðasta ákvæði er allmerkilegt. Silungs hafði áður að engu verið getið í öllum þessum friðunarmálum. Hið fyrsta ákvæði, er til hans tekur, er þannig heimild til að gereyða honum. Ástæðan mun vera sú, að sumir menn ólu þann ugg, að silungurinn, einkum urriðinn, væri hættulegur laxaseiðunum. Nú er það aftur vitanlegt, að göngusilungur að minnsta kosti gerir laxaseiðunum ekkert mein.

Frv. þetta var samþykkt á þinginu, en landshöfðingi lagði á móti því við stjórnina, svo að hún staðfesti það ekki. Ástæðan mun hafa verið sú, að frv. bannaði með öllu að þvergirða ár, enda þótt einn maður ætti veiði í ánum. Og í annan stað höfðu selveiðieigendur sent kvartanir yfir því, að það gengi of nærri rétti þeirra. Næst var málið tekið fyrir á Alþingi 1901. Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur hafði undirbúið málið og í því sambandi leitað álits veiðieigenda víðsvegar um land. Samdi hann síðan frv. með hliðsjón af frv. frá 1891. Var svo frv. hans lagt fyrir Alþingi, lítið eitt breytt. Þessi ákvæði frv. má merkust telja: Veiðitími skyldi vera 2½ mánuður og enda eigi síðar en 30. ág. Á þessu tímabili átti laxinn að vera friðaður fyrir allri veiði, annari en stangarveiði í 7 sólarhringa, og mátti friðun þessi vera í einu lagi. Bannað var að þvergirða ár. Veiðivélar máttu ekki ná lengra út en í miðja á, og skyldu 50 faðmar vera milli þeirra eftir endilangri ánni. Möskvar í netum máttu ekki minni vera en 11 þuml. ummáls. Heimilt var að styggja og skjóta sel í veiðiám.

Frumvarp þetta varð eigi útrætt á þinginu, og leið nú langur tími, unz

laxveiðimálinu var aftur hreyft á Alþingi. Rétt er þess að geta, að í nefndaráliti um frv. er talið, að lax hafi gengið til þurðar hin síðari ár.

Árið 1909 voru sett hin fyrstu lagaákvæði um friðun silungs. Málið var flutt á Alþingi eftir tilmælum Mývetninga. Bar landbúnaðarnefnd Nd. fram frv. um það, en þar átti þá sæti Pétur Jónsson frá Gautlöndum. Litlar umræður urðu um frv. þetta, og var það samþykkt. Var það síðan staðfest sem lög nr. 55, 30. júlí 1909, um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum, og eru þau enn í gildi. Í þeim eru engin almenn ákvæði um friðun silungs, en þau veita heimild til að gera samþykktir um friðun og veiði silungs, ef ⅗ þeirra manna, sem veiði eiga í vatni, æskja þess. Hafa þau því orðið að harla litlu gagni. Áður hefir efni laga þessara verið rakið. Er því óþarft að fara um það fleiri orðum hér.

Árið 1912 voru gefin út lög um eyðingu sels í veiðiám. Frv. um þetta efni hafði legið fyrir Alþingi 1901, en þá var það fellt. Á Alþingi 1912 var mál þetta tekið fyrir að nýju, og flutti 1. þm. Árnessýslu (Sigurður Sigurðsson) frv. um það. Var það síðan samþykkt og staðfest af konungi. Lög þessi eru heimildarlög, og eru þau enn í gildi. Mæla þau svo fyrir, að gera megi samþykktir um algerða útrýmingu sels úr veiðiám, en þó megi eigi raska friðlýstum selalátrum, nema fullt gjald komi fyrir. Ýmsir örðugleikar eru á því, að koma á samþykktum þessum, enda mun það óvíða hafa verið reynt eða hvergi.

Árið 1917 hafði Alþingi til meðferðar tvö mál um laxveiði. Annað frv. var um heimild handa stjórninni til að veita manni einum í Kanada, Birni Jónssyni, einkarétt til að veiða lax í Faxaflóa frá netlögum og út að landhelgismörkum. Einnig átti að veita manni þessum rétt til laxveiða annarsstaðar í landhelgi með þeim kostum, sem aðrir kynnu að bjóða. Einkaleyfi þetta átti að gilda til 10 ára, og mátti leyfishafi framselja einkaréttinn til einstakra manna eða félaga. Frv. þetta var nokkuð rætt í þinginu, en var síðan fellt með 12 : 12 atkv.

Hitt málið, sem fyrir þinginu lá, var frv. til laga um laxveiði, og er það skemmst af því að segja, að það er hið róttækasta frv. um friðun á laxi, sem fram hefir komið á Alþingi til þessa. Flutningsmenn voru þeir 1. þm. Reykjavíkur (Jörundur Brynjólfsson) og þm. Norður-Þingeyjarsýslu (Benedikt Sveinsson). Hin helztu ákvæði frv. voru þessi: Ársfriðun skyldi vera 2½ mán., frá 15. júní til 30. ág., en vikufriðun 84 stundir. Til laxveiði var aðeins heimilt að nota lagnet, ádráttarnet og veiðarfæri með öngli (stengur etc.), en aðrar veiðivélar voru bannaðar. Möskvar í laxanetum máttu eigi vera minni en 2,6 cm. ummáls. Í frv. þessu eru og ýms merk nýmæli, og má þar helzt til nefna ákvæði um laxastiga og um stjórn veiðimála. Skyldi ákveða lagnir allar og halda bók yfir þær. Leynir sér ekki, að frv. er samið með hliðsjón af norsku laxveiðilögunum, Lov om Laks- og Sjöörretfiskerierne, frá 8. apríl 1905. Frumvarp þetta varð eigi útrætt á þinginu. Var því vísað til stjórnarinnar, en frá henni kom það aldrei aftur.

Árið 1923 komu aftur tvö mál, er að laxveiði lúta, fyrir Alþingi, og tóku þau bæði til fiskihverfis Ölfusár eins. Annað þeirra var um ófriðun sels. Samkvæmt því skyldi selur vera ófriðaður í Ölfusá og ám þeim, er

í hana renna. En þeir, sem áttu friðlýst selalátur, skyldu fá bættan hlunnindamissinn úr ríkissjóði. Flutningsmaður frv. þessa var 5. landskj. þm. (Jónas Jónsson). Það var fellt.

Hitt frv. var um undanþágu fyrir laxveiðieigendur í Ölfusá frá ákvæðum laxveiðilaganna frá 1886 um vikufriðun. Í greinargerð frumvarpsins segir svo: „Enda má heita, að laxveiðin í Ölfusá sé yfirleitt sárlítil og svari varla kostnaði, nema þar sem bezt veiðist". Árið 1922 veiddust þó í Ölfusá einni 1265 laxar og 1921 1485, samkvæmt veiðiskýrslum. Þetta furðulega frumvarp náði samþykki og staðfestingu. Flutningsmenn þess voru 2. þm. Árnessýslu (Þorleifur Guðmundsson) og 2. þm. Rang. (Gunnar Sigurðsson).

En ári síðar samþykkti Alþingi annað frv., er 2. þm. Árn. (JörB) flutti, um það, að fella úr gildi undanþágu þessa. Var það einnig staðfest, og lauk svo máli þessu.

Á tveim hinum síðustu þingum, 1928 og 1929, hafa 3 frv., er lúta að veiðiskap í vötnum og ám, verið til umræðu: Frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá, frv. til laga um fiskiræktarfélög og frv. til laga um breytingu á lögum nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi. Þessara mála er svo skammt að minnast, að óþarfi þykir að ræða um þau hér.

Af þessu ágripi má það ljóst verða, að allar umbætur á veiðimálum landsins hafa átt torleiði á Alþingi. Þá er að er gætt, virðist einkum tvennt hafa orðið þeim Þrándur í Götu. Annað er skilningsleysi manna á því, hve mikið má auka veiðiskap á landinu, ef skynsamlega er að farið, en hitt er skammsýn hagsmunabarátta þeirra manna, sem veiðina eiga. Mestar ýfingar hafa jafnan orðið um það tvennt: að greiða fyrir fiskför og útrýma sel, enda hefir þetta komið mest við hagsmuni þeirra manna, sem hafa átt nokkuð undir sér og getað komið fram áhrifum sínum. Hagsmunir þeirra manna allra, sem veiði eiga, geta aldrei að fullu saman farið. Aðstaða þeirra, sem ósajarðir byggja, og hinna, sem upp með ánum búa, er of ólík til þess. Þau lög verða því seint samin, sem allir uni jafnvel. En eitt eflir þó hagsmuni allra veiðieigenda, og það er að auka fiskstofninn. Að því verða lögin að styðja. Þau verða að styðja að því, að vötnin gefi sem mestan arð með sem minnstum tilkostnaði. Og þau verða að styðja að því, að arðurinn skiptist réttlátlega milli veiðieigendanna. Má um það efni vitna til orða Benedikts Sveinssonar á Alþingi 1885, þá er frumvarp til laxveiðilaganna var til umræðu „....lögin verða í þessu efni að þrýsta mönnum fram á velferðarveg almennings". Alþt. 1885, B. 690.

VII. Um einstök ákvæði frv. skulu þessar athugasemdir gerðar.

Um. I. kafla.

Í þessum kafla eru aðeins skýringar á nokkrum orðatiltækjum, sem notuð eru í lögunum. Skýringarnar á *fiskihverfi* og *fiskrækt* eru teknar

úr 1. gr. l. um fiskiræktarfélög nr. 6, 14. júní 1929, en aðrar skýringar eru nýjar, og er ekki ástæða til frekari athugasemda um þær.

Um II. kafla.

Nefndin taldi sjálfsagt að taka ákvæðin um veiðirétt upp í lög þessi, og er þau að finna í þessum kafla. Lagði nefndin þar til grundvallar ákvæðin í XIII. kafla vatnalaganna, en breytti þeim þó í ýmsum atriðum, og verður gerð grein fyrir þeim breytingum í athugasemdum um einstakar greinar þessa kafla.

Um 2. gr.

Svarar til 121. gr. vatnalaganna með allmiklum breytingum.

Í. 1. málsgr. er sett það nýmæli, að þeir, sem fengið hafi veiðiskírteini samkv. 20. gr., megi veiða hvar sem er, að veiðitíma liðnum, til klaks eða til vísindalegra rannsókna, án endurgjalds til veiðieigenda. Laxveiði er víða svo komið nú hér á landi, að örðugt mun reynast að fá nægilegan klakfisk, enda þótt veiði sé frjáls alstaðar, og er því ekki rétt að leyfa veiðieigendum að gera þeim, er veiða í klak, enn örðugra fyrir, með því að neita þeim um veiðileyfi eða setja upp óhæfilegt endurgjald fyrir veiðileyfi. Veiði þessi er veiðieigendum og með öllu skaðlaus, þar sem heimildin er bundin við veiði eftir veiðitíma, og með því ennfremur, að þeir einir njóta þessa réttar, er veiðiskírteini hafa, þá á það að vera tryggt, að réttur þessi verði ekki misbrúkaður. Líku máli og um veiði í klak gegnir um veiði til vísindalegra rannsókna, og er heimild þessi því einnig látin ná til slíkrar veiði. Á þessu tvennu, klaki og vísindalegri rannsókn á lífi nytjafiskanna, hlýtur viðreisn veiðimálanna hér á landi að byggjast að mestu leyti.

Ákvæði 2. málsgr. er nýmæli. Nefndin lítur svo á, að eðlilegast sé og heppilegast, að þessar landsnytjar, veiðin, fylgi öðrum nytjum landsins og að ábúandi jarðarinnar, sem hefir önnur landsnot hennar, njóti einnig veiðinnar. Tilætlun nefndarinnar er, að ákvæði þetta sé ófrávíkjanlegt og að veiði því eigi verði undanskilin í ábúðarsamningi.

3. málsgr. svarar til 2. málsgr. 121. gr. vtl. Þó er rétturinn til að skilja veiðirétt frá landareign allmikið takmarkaður frá því, sem hann er skv. vtl. Þar er jafnan heimilt að skilja veiðirétt frá landareign í 10 ár, og jafnvel lengur, ef annaðhvort ráðherra leyfir eða önnur hlunnindi koma í móti, er þeirri landareign séu ekki metin minna verð en veiðiréttrinn. Af ástæðum þeim, sem getið var við aðra málsgr., telur nefndin óheppilegt, að svo rúm heimild sé til að skilja veiðirétt frá landareign. Því er það hér aðallega bannað. Undantekinn er aðeins réttur til stangarveiði. Sú veiði er hvorttveggja í senn arðsömust til leigu og hættuminnst fiskstofninum í vatninu, og þykir því ekki varhugavert að hún sé skilin frá landareigninni, þó með því skilyrði, eins og áður, að leyfi ráðherra komi til, ef skilja á þessa veiði við landareign lengur en 10 ár.

Ákvæði 1. og 3. málsgr. kynnu e. t. v. að verða skilin á þá leið, að landeigandi, er selt hefði stangarveiði á leigu, héldi eftir sem áður eftir

rétti til annarar veiði í vatni sínu. Er ákvæði 4. málsgr. sett til þess að koma í veg fyrir þann skilning. Skv. henni fer það því eftir samningum aðila, hvort landeigandi heldur réttinum til annarar veiði en stangarveiðinnar.

Um 3. gr.

Grein þessi er algert nýmæli. Veiði hefir víða verið skilin við jarðir með ýmsum hætti, og jarðirnar þar með sviptar landsnytjum, sem eðlilegast væri, að fylgdu þeim. Eiga ákvæði greinar þessarar að stuðla að því, að þessar landsnytjar komist aftur undir jarðirnar, og er landeigendum því heimilaður innlausnarréttur á veiði þessari. Samskonar innlausnarréttur er landeiganda veittur í 1. gr. danskra laga um „Ferskvandsfiskeri" 2. júní 1917. Innlausnarréttur þessi kemur þó því aðeins til greina, að meiri hluti landeigendanna krefjist hennar og fái auk þess leyfi ráðherra til innlausnarinnar. Réttur veiðieiganda er hinsvegar tryggður með því að heimila honum að krefjast innlausnar á öllum réttindunum, ef eigi eru allir landeigendur sammála um innlausn. Mundi stundum geta staðið svo á, að veiðiréttindin yrðu honum verðlítil, ef þau væru innleyst að nokkru leyti aðeins. Samfara þessu verður þá minni hluta landeigendanna að vera skylt að taka þátt í innlausninni með meiri hlutanum. Er þetta eitt dæmi þess, að nauðsyn getur verið á því að skylda minni hluta fasteignaeigenda til aðgerða, er miklu máli skipta fyrir fasteignaeigendurna alla saman, sbr. t. d. ákvæði þessa frv. um fiskræktarfélög og ýms ákvæði vatnalaganna, er í þessa átt hníga. Tryggingin fyrir því, að þessu verði ekki beitt með ósanngirni í garð minni hlutans, felst í því, að leyfi ráðherra þarf til innlausnarinnar.

Undanskilin innlausn eru samkvæmt 4. málsgr. veiðiréttindi ríkis, kirkju, sveitarfélaga og fiskræktarfélaga. Líkurnar eiga að vera til þess, að slík veiðiréttindi verði að jafnaði notfærð svo skynsamlega, að jafnvel sé minni hætta á alvarlegum veiðispjöllum í vatninu af notkun þeirra en vera myndi þó að þau fygldu jörðunum.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 122. gr. vtl.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 123. gr. vtl.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 124. gr. vtl.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 125. gr. vtl.

Um 8. gr.

Greinin svarar til 126. gr. vtl. með allmiklum breytingum þó. Veiði

í almenningum stöðuvatna hér á landi hefir sumstaðar frá fornu fari fylgt landeignum þeim, er að vatninu liggja, þannig að miðlína vatnsins hefir ráðið veiðimörkum. 126. gr. vtl. lét slíkar venjur haldast og sama er gert í þessu frumvarpi, sbr. niðurl. 1. mgr. Hinsvegar leiddu vtl. það nýmæli í lög, að þar sem eigi var um slíka venju að ræða, skyldu sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatninu, eiga veiði í almenningi þess. Þessari reglu telur nefndin rétt að breyta. Það verður ekki séð, að það sé að neinu leyti eðlilegt eða sanngjarnt að láta réttinn til veiði í almenningi vatns fara eftir hreppaskiptingunni; þvert á móti er það í sumum tilfellum næsta óeðlilegt. Þess eru dæmi, að aðeins ein jörð í víðlendum og fjölmennum hreppi á land að stöðuvatni, og þá veitir þetta ákvæði öllum hinum jörðunum í hreppnum hlutdeild í almenningsveiðinni. Hið eðlilegasta sýnist vera, að heimila þeim einum, er lönd eiga að vatninu, veiði í almenningi, og víðast hvar mun það líka vera forn venja hér á landi. Er ætlazt til að þetta verði aðalreglan skv. frumvarpinu. Það mun ekki hafa tíðkazt, að menn, sem ekki eiga land að stöðuvatni, veiddu í almenningi þess öðruvísi en á dorg um ís, og mun þó sú veiði aðeins hafa tíðkazt á stöku stað og frá fáum bæjum. Þessa venju vill nefndin láta gilda framvegis, og lýtur 2. mgr. að því. — Í 4. mgr. felst sú breyting frá 3. mgr. 126. gr. vtl., að heimildin til veiði í almenningi hverfi til félaga í fiskræktarfélagi við vatnið, í stað þess að 126. gr. vtl. lætur veiðiréttinn hverfa til þeirra, er þátt taka í kostnaði við klak í vatninu.

Um 9. gr.

Svarar til 128. gr. vtl. með lítilsháttar breytingu, er leiðir af 2. gr. frv.

Um III. kafla.

Ákvæði þessa kafla lúta sum að því, að fenginn verði sem áreiðanlegastur grundvöllur undir hagfræði veiðiskapar í vötnum og ám (10. og 12. gr.), en önnur (11. gr.) að því, að létta eftirlit með veiði. Mega ákvæði þessi öll heita að vera alger nýmæli í íslenzkum lögum. Um einstakar gr. skal þetta tekið fram.

Um 10. gr.

Hér er mælt fyrir um skrásetningu veiðivatna. Nákvæm þekking á veiðivötnunum, eðli þeirra og einkennum, lífskjörum fiska í þeim og veiðinotum þeim, er af þeim hafa verið höfð, er nauðsynlegur grundvöllur fyrir öllum skynsamlegum aðgerðum til eflingar veiðiskapar í vötnum. Er gert ráð fyrir, að hafin verði vísindaleg rannsókn á veiðivötnum. Skrásetning þeirra er nauðsynleg til undirbúnings þeirri rannsókn. Í gr. eru talin ýms atriði, sem skráin á að greina, en jafnframt lagt á vald ráðherra að mæla fyrir um skrásetningu fleiri atriða, sem þarflegt er að skráin veiti upplýsingar um. Fyrst í stað er gert ráð fyrir því, að minni háttar

veiðivötn verði ekki skrásett, og er það einnig lagt á vald ráðherra að kveða á um það, hver veiðivötn skuli skrásett.

Um 11. gr.

Hér er mælt fyrir um að heimilt sé að skipa fyrir um merkingu sumra veiðarfæra, þ. e. ádráttarnetja, lagnetja í stöðuvötnum og lagnetja í sjó. Slík merking á að gera eftirlit með því, að netin séu lögleg að möskvavídd og öðru, miklu auðveldari. Svipuð ákvæði eru í Salmon and Freshwater Fisheries Act Breta frá 1923, 59. gr. Með því að kostnaður við eftirlit með veiði á að greiðast úr sýslusjóði, þykir rétt, að gjöld fyrir merkingu veiðarfæra renni þangað.

Um 12. gr.

Það er augljóst hversu mikil nauðsyn er á því, að áreiðanlegar veiðiskýrslur fáist, bæði um veiðimagn og veiðitölu vatna. Skýrslurnar eiga að segja til um það, hvernig veiðimálunum er komið á hverjum tíma, hvort veiði fer þverrandi eða vaxandi í vatninu. Og eftir skýrslunum á að fara við niðurjöfnun ýmislegs kostnaðar, er veiðieigendum ber að greiða t. d. skv. 48., 57. og 62. gr. Í lögum um hagfræðiskýrslur 8. nóv. 1895, 4. gr., er mönnum, er laxveiði hafa, boðið að gefa skýrslur um þessi hlunnindi. En þetta ákvæði hefir eigi reynzt fullnægjandi. Það er engum vafa bundið, að skýrslur þær, sem gefnar hafa verið um lax- og silungsveiði, eru hvergi nærri eins áreiðanlegar og fullkomnar og æskilegt væri. Því eru hér sett ný ákvæði um skýrslur þessar, skýrari og fyllri en hin fyrri. Öllum veiðieigendum, þar með taldir þeir, sem löglega hafa tekið veiðiréttindi á leigu, er skylt að gefa mánaðarlega skýrslur um veiði sína. Eftirlitsmenn með veiði eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður, eiga að safna skýrslum þessum. En jafnframt er hér gert það nýmæli að skylda þá, sem kaupa lax eða silung, veiddan innanlands, til að selja aftur, svo og ýmsa, er kaupa þessa vöru til heimabrúkunar í stórum stíl, til að gefa skýrslur um þessi kaup sín. Þessar skýrslur kaupendanna eiga að geta orðið til mikillar leiðréttingar á skýrslum veiðimannanna, og þess er fastlega að vænta, að slík tvöföld skýrslugjöf verði til þess, að miklu áreiðanlegri upplýsingar fáist um veiðina í landinu en nú eru föng á. Þetta fyrirkomulag, að láta bæði veiðimenn og kaupendur gefa skýrslur, er hér tekið eftir frumv. A. Landmarks til laga um breytingu á laxveiðilögum Norðmanna.

Um IV. kafla.

Í hinum almenna kafla greinargerðar þessarar hefir verið sýnt fram á það, að friðunarákvæði gildandi veiðilöggjafar tryggi ekki viðhald fiskstofnsins í veiðivötnum landsins.

Í þessum kafla og hinum næstu hér á eftir eru þau friðunarákvæði

sett, er nefndin telur nauðsynleg til tryggingar því, að svo mikið af fiski, sem nægir til viðhalds fiskstofninum, nái að ganga úr sjó til hrygningarstöðvanna og fái næði til að hrygna þar. Ef veiðihlunnindi landsins eiga að haldast óskert, er óhjákvæmilegt, að veiðin sé takmörkuð með einhverjum hætti, og enn nauðsynlegra er þetta, ef stefna á að því marki að auka veiðina. Nefndin hefir litið svo á, að ekki verði hjá því komizt að auka friðun allmikið frá því, er verið hefir til þessa. Má vera, að sumum veiðieigendum finnist hagsmunum sínum hallað, en nefndin hefir, í þessu efni sem öðrum, fylgt þeirri meginreglu, að hagsmunir einstakra manna verði að víkja fyrir almennu gagni, þar sem þetta tvennt getur ekki samanfarið. Hitt er og ljóst, að það er öllum mönnum til mestra hagsmuna, þeim, er nú lifa, og hinum eins, er síðar byggja landið, að veiðihlunnindin aukist, en eyðist ekki.

Friðunarráðstafanir þær, er gerðar eru í frv. þessu, eru þær, er hér segir:

1. Ákvæði um að halda opnum göngu leiðum fiska.
2. Bann við veiði á tilteknum tímum.
3. Bann við veiði á tilteknum svæðum, þar sem fiskurinn hrygnir eða safnast fyrir af öðrum ástæðum.
4. Bann við veiði óþroska fisks.
5. Ákvæði um veiðarfæri og veiðiaðferðir, er tryggi það, að fiskför sé ekki hindruð og að þau veiðitæki eða veiðiaðferðir séu ekki notuð, er yaldi ránsveiði og fiskstofninum stafi hætta af.

Veiðivötn landsins eru ólík á marga lund, og er því erfitt að koma einum lögum yfir þau öll, svo að til fullra nota og sanngirni sé. Aftur er margt sameiginlegt með þeim öllum, og geta sömu ákvæði gilt um það allt. Nefndin hefir því talið heppilegast að setja almenn ákvæði um allt það, er tekur til vatnanna allra eða vel flestra, en veita ráðherra heimild til þess að setja sérákvæði, eftir tillögum sérfræðings á sviði veiðimála, um hitt, er snertir sérstaka staðhætti vatna eða aðstöðu veiðieigenda. Erlendri veiðilöggjöf er að þessu leyti líkt hagað.

Um 13. gr.

Nefndin hefir talið sjálfsagt að banna laxveiði í sjó. Erlendis er þessi veiði víða rekin með fullkomnum tækjum og miklu fjármagni, og þykir hún hvarvetna hættuleg. Þeir, sem hana stunda, eiga eigi varanlegra hagsmuna að gæta í viðhaldi veiði í neinni sérstakri á og eru því jafnan ófúsir til þess að leggja nokkuð af mörkum til fiskræktar, enda er og erfitt að ná til þeirra. Sérfræðingar telja því sjávarveiði í eðli sínu meiri ránsveiði en árveiðina og kenna henni það, að fiskstofn hefir gengið til þurrðar í ýmsum ám, þrátt fyrir fiskrækt og aðrar aðgerðir til viðhalds veiði. Hér á landi hefir lítið verið gert að veiði þessari fram á síðustu ár, enda eru skilyrði hennar eigi góð. Á síðustu árum hafa þó nokkrar tilraunir verið gerðar í þessa átt, og er ekki ólíklegt, að ýmsir gerist til að taka hana upp, ef laxverð fer hækkandi. Í því sambandi má geta þess, að skammt er til ósa

laxánna frá ýmsum verstöðum, þar sem nógur bátakostur er að sumrinu, þá er vertíð er lokið, og allmikið fjármagn til tilrauna. Aftur er ekki líklegt, að þeir, sem fyrst tækju upp veiði þessa, hefðu mikinn hagnað af henni, því að drjúgur skildingur mundi ganga til reynslu og tilrauna. En ef þar kæmi, að hún yrði stunduð til fullra nota og hagnaðar, væri fiskstofni ánna stefnt í hina mestu hættu. Mundi þá miklu torveldara en nú að stemma stigu fyrir henni eða setja henni takmörk.

Á örfáum stöðum á landinu hefir sjávarveiði á laxi verið stunduð um langan aldur, og hefir hún hvergi orðið til verulegra nota, nema í Grafarvogi (Djúpavogi) fyrir ósi Elliðaár. Ekki taldi nefndin ástæðu til að banna þessa veiði, þar sem hún hefir verið metin sérstaklega eða tillit tekið til hennar í síðasta fasteignamati. En að sjálfsögðu verður veiði þessi að sæta þeim almennu takmörkunum, sem veiði á að hlíta að lögum. Nefndinni þótti þó rétt að heimila veiðieigendum í þeim vötnum, er næst liggja sjávarveiði, að leysa hana til sín.

Um 14. gr.

Nefndin taldi ekki ástæðu til að banna silungsveiði í sjó. Veiði þessi hefir lengi stunduð verið til góðra hlunninda sjávarbændum og almenningi í kauptúnum, og þótti því viðurhlutamikið að taka hana af, því að ekki er líklegt, að hún verði rekin í stórum stíl. Hitt var talið sjálfsagt, að setja hér ákvæði um veiðitæki þau, er til hennar eru höfð, til þess bæði að hindra ránsveiði silungs og veiði lax. Veiðarfæri þau, er heimiluð eru, munu mjög hin sömu og tíðkazt hafa til þessa. Verða þau ekki skaðvænleg talin.

Sjálfsagt er að friða þau svæði sjávar fyrir allri veiði, sem næst liggja ósum þeirra straumvatna, er fiskur fer um. 500 metrar út frá ósum mun reynast nægilegt friðunarsvæði.

Um 15. gr.

Svo sem áður er frá skýrt, eru hverskonar breytingar á efnum vatna og eðliskostum til stórra hindrana á leið göngufiska. Slíkar hindranir eru hvarvetna þar, sem ár falla í sæ eða stöðuvötn og þverár í höfuðár. Á öllum þessum stöðum safnast fiskurinn saman og stöðvast á göngu sinni, meðan hann er að venjast vatnsbreytingunum. Er því sýnilegt, að friða þurfi þessa staði.

Þá er lax eða göngusilungur kemur úr sjó, liggur hann alllengi í árósum. Því að ef hann gengi rakleitt í árnar, mundi hann ekki þola vatnsbreytingarnar. Gengur hann þá upp í ósinn með flóðum, en leitar út þaðan aftur um fjöru, unz hann er svo vanur hinu ósalta árvatni, að hann treystist til að renna upp ána. Fiskurinn gengur því oft um ósasvæðin, og eru því meiri líkur til, að hann veiðist, sem hann gengur oftar aftur og fram. Auk þessa er laxinn ekki í fullu fjöri meðan hann er að venjast vatnsbreytingunum og því auðveiddari en ella, einkum í ádrætti. Af þessum ástæðum hefir nefndin talið nauðsynlegt að banna með öllu ádráttarveiði í ósum, þar sem ár falla

til sjávar, svo og á leirum við árósa, því að þar er oftast hægt um dráttarveiði. Um þessar veiðivélar í árósum hefir nefndin gert þá skipun, að þær megi eigi ná lengra út frá landi en ¼ af breidd óssins.

Um ósa ár í stöðuvötn eða þverár í höfuðá er hið sama að segja og sjávarósana. Þessar ár eru þó oftast heldur vatnslitlar og flestar tærar, og því auðvelt um veiði í þeim og ósum þeirra. Nefndin hefir því talið rétt, að bönnuð verði öll veiði í ósum þessum og á litlu svæði upp og niður frá þeim. Aðstaða er þó misjöfn í þessu efni, og er því ráð fyrir því gert í 3. og 4. málsgrein greinar þessarar, að ráðherra geti hert á friðunarákvæðum þessum, þar sem það verður talið nauðsynlegt, en veitt undanþágu frá þeim að nokkru leyti eða öllu, þar sem svo hagar til, að ósaveiðin verði ekki talin hættuleg.

Um 16. gr.

Samkvæmt gildandi veiðilögum má veiða lax í 3 mánuði á ári hverju, og geta sýslunefndir ráðið hvenær veiðitími þessi er tekinn í hverju vatni. Af þessu leiðir, að veiðitíminn er misjafn í hinum ýmsu ám, en slíkt er ófært, ef banna á sölu á laxi eftir veiðitíma, svo sem gert er í frv. þessu. Hefir nefndin því talið sjálfsagt að samræma veiðitímann; svo að hann verði hinn sami í öllum vötnum.

Víðast hefir veiðitíminn verið valinn eftir hagsmunum þeirra manna, er veiði eiga neðan til í ánum. Hinir, sem ofar búa, hafa því annaðhvort orðið að hafa litla veiði eða brjóta þessi ákvæði veiðilaganna. Með tilliti til þessa hefir nefndin talið rétt að lengja veiðitímann um ½ mánuð frá því, sem var, en setja aftur þau ákvæði um eftirlit og sölu á laxi, að lögin verði ekki brotin.

Göngusilungur kemur oft upp í ár snemma á vorin, þá er ísar eru leystir. Hefir nefndinni því þótt rétt að heimila veiði göngusilungs frá 1. apríl ár hvert. 3. og 4. málsgr. þessarar greinar eru settar til tryggingar því, að lax verði ekki veiddur í blóra við silunginn á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí. Aftur taldi nefndin ógerlegt að heimila veiði göngusilungs eftir 15. september, bæði vegna þess, að úr því líður mjög að hrygningu silungsins, og eins af hinu, að hætt er við að slík heimild yrði misnotuð til laxveiði. Á vorin er miklu minni hætta á þessu, bæði vegna vatnavaxta, er hindra alla veiði, en þó einkum af því, að lax gengur óvíða í ár, svo að nokkru nemi, fyrr en í öndverðum júnímánuði.

Hér og annarsstaðar í frv., þar sem tímabil eru talin, er til þess ætlazt, að báðir dagar eða stundir séu meðtaldar.

Um 17. gr.

Nefndin telur óhjákvæmilegt að lengja vikufriðunina allmikið frá því, sem nú er. Friðun þessi er til þess sett að jafna veiði í ánum og bjarga nokkru af fiskinum upp á hrygningarstöðvarnar eða á þá staði, sem vernda hann fyrir veiði.

Bæði rannsókn og reynsla hafa sýnt það og sannað, að aðeins örlítill hluti þess fiskjar, sem í árnar gengur, nær að hrygna. Mestur hluti hans er

veiddur, einkum neðan til í ánum. Af þessu leiðir það tvennt, að veiðinot eru lítil ofan til í ánum og að fiskstofn ánna er miklu minni en verið gæti, og er það vitanlega til almenns óhagnaðar. Vikufriðunin er því ein hin veigamesta ráðstöfun frv. til tryggingar fiskstofni og veiði.

Vera má, að ýmsum þeim, er veiði eiga í ánum neðanverðum, finnist nefndin hafa gengið óþarflega langt í þessu efni, og telji þeir rétti sínum hallað með ákvæði þessu. Skal því lítið dæmi tekið hér til glöggvunar á málinu.

Samkvæmt gildandi lögum má veiði stunda 132 stundir á viku hverri, en eftir frv. 108 stundir. Á ósajörð, þar sem undanfarin ár hafa að meðallagi veiðzt 30 laxar á viku hverri, ætti vikuveiðin að verða samkvæmt frv. $\frac{132}{108} = \frac{30}{x}$ þ. e. 24,5 laxar, eða 81,6% þeirrar meðalveiði, er áður var. Veiðirýrnunin yrði þannig vegna þessa ákvæðis aðeins 18,4%, og er þó ekki tillit tekið til þess, að veiðitíminn er samkv. frv. þessu 2 vikum lengri en hann áður var. Svo sem áður getur, var veiðin á öllu landinu árið 1919 aðeins 66% af meðalveiði á árabilinu 1918—1927, en árið 1921 var veiði 23,5% hærri en meðalveiði þessi. Hefir þannig orðið nærri helmingsmunur á mestu og minnstu veiði á þessu árabili, og stafar hann einkum af því, hve mikill munur er á árgöngum fiskstofnsins. Þar sem fiskrækt er stunduð og veiði er bundin þeim takmörkunum, að vel sé fyrir viðhaldi fiskstofnsins séð, hverfa sveiflur þessar á veiðinni að mestu, auk þess, sem fiskstofninn vex og með honum veiðin. Er því augljóst, að þeim, er búa við árnar neðanverðar, sé miklu betra að tryggja og auka fiskstofn í vatni sínu en að rányrkja sú haldist, er verið hefir, enda þótt veiði þeirra minnki lítið eitt fyrstu árin.

Samkvæmt laxalögunum má ádrátt stunda aðeins annaðhvert dægur, en vikufriðun er þar jöfn fyrir þessa veiðiaðferð og fastar veiðivélar. Ádráttarveiði er mjög stórtæk, einkum í hinum vatnsminni ám, svo sem þverám og uppám. Ýms þessara vatna eru svo auðdræg, að svo má heita, að taka megi hvern fisk, er í þau gengur, með ádrætti, en einmitt í þessum ám, uppám og þverám, eru hrygningarsvæði fisksins. Nefndin hefir því talið nauðsynlegt að láta lengri vikufriðun gilda um dráttarveiði en fastar veiðivélar. Í sumum ám eru þó staðhættir slíkir, að dráttarveiði verður ekki við komið, nema á stuttum köflum, og er þá ekki ástæða til að banna veiði þessa meira en aðra. Hefir því þótt rétt að veita ráðherra heimild til undanþágu frá hinni lengstu vikufriðun, þar sem svo hagar til.

Í ýmsum ám, sem langar eru eða torgengar, getur hæglega svo farið, að vikufriðun sú, sem frv. gerir ráð fyrir, reynist eigi nógu löng til þess að fiskurinn bjargist upp á hrygningarsvæðin. Má þar til nefna ár þær, er falla gegnum stöðuvötn eða eru fossóttar. Í slíkum ám væri eflaust gott gagn að því, að vikufriðun yrði færanleg, þannig að hún fylgdi göngunni upp ána. Nefndin hefir því lagt til, að ráðherra verði heimilað að setja ákvæði um færanlega vikufriðun, þar sem veiðimálastjóri telur hana nauðsynlega eða hagkvæma.

Rétt er þess að geta, að 1 nefndarmanna (JörB) hefir talið vikufriðun

þá, sem ákveðin er í frv., öllu styttri en vera ætti, þó að hann hafi ekki talið ástæðu til að gera það að ágreiningsefni í nefndinni.

Um 18. gr.

Í grein þessari er mælt fyrir um friðun tiltekinna svæða. Fiskurinn safnast saman undir fossum og annarsstaðar, þar sem hindranir verða á göngu hans, og er því auðvelt að veiða hann þar til svo mikilla muna, að veiðin skaði fiskstofninn stórlega. Á slíkum stöðum hefir veiðin einnig þær afleiðingar, að gangan hindrast og dreifist. Þar, sem löng fossföll og torgeng verða á leið fisksins, geta fastar veiðivélar orðið til mikillar hindrunar, eða jafnvel heft fiskför að mestu. Hefir því nefndin talið rétt, að ráðherra verði heimilað að setja friðunarákvæði um slíka staði, eftir tillögum veiðimálastjóra.

Þá er líða tekur á sumar, safnast fiskurinn saman á þeim svæðum, sem hann velur sér til hrygningar. Liggur hann þá í næstu hyljum á daginn og oft allþétt. Þess eru eigi allfá dæmi, að þvílík svæði séu eftirsóttir veiðistaðir, og hefir fiskstofninum verið gereytt á sumum þeirra. Sjálfsagt má telja, að slík svæði séu friðuð að nokkru eða öllu.

Enn eru sumar ár svo auðdrægar, að veiða má úr þeim hvern fisk að kalla, og eru þær ár margar, er á þennan hátt hafa verið eyddar að öllu veiðigagni. Hefir þetta einkum átt sér stað um hinar vatnsminni ár, svo sem þverár, þar sem fiskurinn hrygnir. Sjálfsagt má telja, að friðunarákvæði séu sett til hindrunar slíkri ránsveiði, því að ella er fiskstofninum engin vernd í vikufriðun eða öðrum friðunarráðstöfunum. Hefir nefndin talið heppilegast, að friðuð verði viss svæði ánna fyrir dráttarveiði, þá er aðstaða hefir rannsökuð verið. Má þá ætið velja friðunarsvæðin svo, að sem jafnast komi niður á alla veiðieigendur.

Friðun þá, er ræðir um í grein þessari, er ekki unnt að binda almennum ákvæðum. Til þess skortir enn þekkingu á hinum einstöku vötnum og veiði þeirra. Hefir nefndin því valið þá leið að heimila ráðherra að mæla fyrir um hana, eftir því sem þekking vinnst á veiðimálum.

Um 19. gr.

Óþarft mun að fara mörgum orðum um þessa grein. Munu allir sammála um það, að banna skuli veiði á óþroskuðum fiski, sem ekki hefir gengið í sjó. Svo getur þó til borið, að æskilegt þyki að rannsaka eða merkja smáfisk þennan, og hefir nefndin því heimilað veiði hans til vísindalegra þarfa, sbr. 20. gr.

Um 20. gr.

Þess er að vænta, að rannsóknir á vatnafiskum verði gerðar framvegis og aukist frá því, sem nú er, því að þekking á fiskum þessum er enn ófullkomin á marga lund, en þekkingin ein skapar traustan grundvöll fiskræktar og annara veiðimála. Nefndin hefir því talið rétt að undanskilja veiði til vísindalegra þarfa öllum friðunarákvæðum.

Svo sem áður er sagt, hefir hvarvetna reynzt torvelt að fá nægan stofnfisk til klaks, og ekki er unnt að veiða hann fyrr en eftir veiðitíma. Þess eru

og dæmi, að veiðieigendur hafi amazt við veiði stofnfiskjar, og er slíkt ósanngjarnt í mesta máta, þegar þess er gætt, að fiskurinn gengur ekki nema einu sinni til hrygningar, svo sem telja má, að eigi sér stað um laxinn. Fiskrækt er til svo mikilla almennra hagsmuna, að sjálfsagt má telja, að hún sé að lögum vernduð fyrir meinbægni þeirra manna, er njóta góðs af henni. Undanþágu þá, er ræðir um í þessari grein, mætti vitanlega misnota. Nefndin hefir því gert þá skipun á, að þeim einum skuli heimil veiði stofnfiskjar til klaks, sem hafi til þess skírteini, er ráðherra gefur út til ákveðins tíma. Þótti og rétt, að heimild þessi skyldi aðeins gilda í því fiskihverfi, er klakið starfar við. Veiði til vísindalegra rannsókna hefir einnig til varúðar verið bundin því skilyrði, að þeir, er slíka veiði stunda, fái veiðiskírteini, gefið út af ráðherra.

Um 21. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, er nefndin hefir tekið upp eftir erlendri fyrirmynd. Til þessa hefir verið litið eftirlit með því, að friðunarákvæði veiðilöggjafarinnar væru haldin, og hafa þau einatt verið brotin. Einkum er það líklegt talið, að allmikið hafi kveðið að laxveiði eftir veiðitíma. Nú er haustveiði hættulegust allrar veiði, því að á þeim tíma tekur fiskurinn að safnast saman til hrygningar. Svo sem frv. ber með sér, leggur nefndin til, að eftirlit með veiði og friðun verði miklu meira eftirleiðis en áður hefir verið, og telur hún, að ákvæði greinarinnar gætu þar komið að góðu liði, einkum að því er tekur til haustveiði.

Um V. kafla.

Í íslenzkum lögum hafa til þessa engin almenn ákvæði verið til um friðun vatnasilungs. Hér er því um algert nýmæli að ræða. Erlendar þjóðir, er komið hafa skipulagi á veiðimál sín, hafa sett ýmis ákvæði til friðunar fiski í stöðuvötnum. Hafa þær vitanlega ekki gert það að nauðsynjalausu, heldur til þess eins að vernda fiskstofn stöðuvatna fyrir ránsveiði. Hér á landi mun nauðsyn þessa vera mjög hin sama og erlendis. Víða um land hefir veiði vatnasilungs verið stunduð af hinum mesta ránskap. Hvorki ungviði né riðafiski hefir verið vægt, og má svo heita, að víðast sé tíðkað enn að veiða silunginn á haustin, þegar hann gengur undir land til hrygningar. Afleiðing þessa er sú, að í flestum vötnum eða öllum er fiskstofninn miklu minni en verið gæti, ef sæmilega væri að honum búið.

Flest virðist benda á það, að silungsverð muni fara hækkandi, og er þá líklegt, að veiðin verði ennþá fastar sótt en verið hefir til þessa, en af því hlýtur aftur að leiða meiri rýrnun á fiskstofninum en enn er orðin, nema hann verði verndaður með lagaákvæðum. Af öllum þessum ástæðum hefir nefndin talið sjálfsagt að mæla fyrir um friðun vatnasilungs á þann hátt, er gert er í frv. þessu.

Um 22. gr.

Vatnasilungur elur allan sinn aldur í ósöltu vatni, hver fiskstofn í

sínu fiskihverfi. Er því að öllu hægara um ræktun hans en göngufiskanna, er leita til sjávar, og vísari von um árangur þeim til handa, sem að henni standa, því að svo má heita, að fiskstofninn fylgi þeim jörðum, er fiskihverfin eiga í óskiptri sameign. Sinnuleysi einu er því um að kenna, er fiskrækt hefir ekki verið upp tekin í flestum þeirra stöðuvatna, sem silungsveiði er stunduð í. En þar, sem ræktunin á sér fáa formælendur, á rányrkjan heima.

Nefndin hefir því talið rétt að gera mikinn mun á friðun vatnasilungs í þeim vötnum, þar sem klak er starfrækt til sæmilegra nota, og í hinum, þar sem engin fiskrækt er.

Vatnasilungur hrygnir í flestum vötnum að haustinu og fyrri hluta vetrar. Þegar líður að réttum og nótt lengir, tekur hann að safnast saman á hrygningarsvæðin, en þau eru ætíð á grynningum, oftast meðfram löndum eða í árósum. Á þessum tíma er fiskurinn því auðveiddur, enda er þá veiðin víða stunduð af kappi. Veiði hrygnandi fiskjar er ætíð ránsveiði, nema svo miklu af hrognum sé klakið, að fiskstofninn sé fullu bættur, en ef séð er að fullu fyrir afkomu fiskstofnsins á þennan hátt, er veiðin skaðlaus og meira að segja æskileg. Ekki verður sagt með neinni vissu, hve miklu þurfi að klekja til þess að fiskstofninn sé skaðlaus af veiði, því að reynslu skortir enn og rannsókn á þeim efnum hér á landi. Vitanlegt er þó, að miða verði það við veiðitölu, en jafnvíst er hitt, að setja verði í vötnin margfalt fleiri seiði en veiðitalan hefir orðið, því að margt verður ungfiskinum að fjörtjóni, einkum hið fyrsta ár. Ekki mun þó fjarri sanni að áætla, að 18. hvert seiði nái fullum þroska, svo sem gert er í frv.

Í frv. er ákveðin 18 vikna friðun fyrir allri netjaveiði í þeim fiskihverfum, þar sem fiskrækt er ekki stunduð. Í þeim fiskihverfum, þar sem klak er starfrækt, hefir nefndin talið rétt að stytta friðunina að sama skapi og fiskræktin eykst að afköstum, og heimila að hún falli niður með öllu, þar sem klakið er 18 seiðum eða meiru fyrir hvern veiddan fisk. Virðist nefndinni þessi skipun vera bæði réttlát og hagkvæm. Fiskrækt er sízt minni trygging fyrir viðhaldi fiskstofnsins en friðun, því að þeir, sem fiskrækt stunda, fá skilning á því, að vernda verði fiskstofninn, og gera það jafnaðarlega, ef á liggur. Hagkvæm er skipun þessi af því, að í henni er falin hvöt til fiskræktar.

Friðunina í vikum má finna eftir formúlunni: $f = 18 \div \frac{s}{v}$, þar sem f merkir friðun, s tölu seiða, sem sleppt er í vatn, og v veiðitölu. Er til þess ætlazt, að friðunin sé ávallt talin í heilum vikum, þ. e. að f. verði ætíð heil tala. Ef hlutfallið $\frac{s}{v}$ felur í sér brotna tölu, verður því að sleppa brotinu.

Sjálfsagt hefir þótt, að veiðimálastjórn skyldi mæla fyrir um það, hversu stytta skuli friðunartíma, því að svo er ráð fyrir gert, að hún þekki staðhætti og fái skýrslur um veiði og fiskrækt.

Í einstaka vötnum hrygnir vatnasilungur að sumarlagi. Þótti því nefndinni rétt að veita ráðherra heimild til að setja friðunarákvæði um slík vötn á líkan hátt og gert er um þau vötn, þar sem silungur hrygnir á haustin og veturna.

Um 23. gr.

Greinin felur í sér samskonar ákvæði og 18. gr. Má því í öllum höfuðatriðum vísa til athugasemda um þá grein, og skal aðeins litlu við það bætt hér.

Þá er hitar ganga og stillur á sumrin, þverr súrefni vatnanna mjög. Silungurinn gengur þá að uppsprettum og lækjarósum, þar sem svalara er og súrefni meira, og safnast þar saman í stórar torfur. Silungur þessi er nefndur hitasilungur, og er hann víða veiddur unnvörpum, svo að fiskstofninum getur stafað hætta af. Nefndin hefir því talið rétt að veita ráðherra heimild til að friða að nokkru leyti eða öllu þá staði, þar sem hann safnast saman.

Í sumum vötnum er fiskmergð mikil, en fiskurinn svo smár og rýr, að hann má teljast óætur. Stafar þetta af því, að náttúruskilyrði eru góð til hrygningar, en veiði lítil, svo að viðkoman hefir ofboðið lífsorku vatnanna. Í slíkum vötnum er klak til skaða. Verður þar að fækka eða útrýma hinum úrkynjaða stofni og flytja síðan í vötnin annan kynbetri stofn. Nefndin hefir því talið rétt, að þar sem svo er ástatt, geti ráðherra sett ákvæði um, að friðun skuli takmörkuð eða niður felld með öllu.

Um 24. gr.

Sbr. athugasemdir um 19. gr.

Um VI. kafla.

Í kafla þessum er kveðið á um veiðarfæri og veiðiaðferðir. Taldi nefndin rétt að setja skýrar reglur um það, hver veiðitæki megi nota, svo og um gerð þeirra, skipun og notkun, því að ella er örðugt að hafa eftirlit með þeim. Ákvæðin fara öll í þá átt, að tryggja fiskinn fyrir ránsveiði.

Veiðarfærin eru misjöfn að gerð og misjafnlega veiðin. Veiðarfærum þeim, sem heimilt er að nota samkv. frv. þessu, má skipta í þrjá flokka: veiðarfæri með öngli, fastar veiðivélar og dráttarnet. Veiðarfæri með öngli eru: færi eða dorg, stöng og lóð. Þau eru sízt hættuleg allra veiðitækja og hindra ekki fiskför, svo að nokkru nemi. Í frv. eru því veiðarfæri þessi undanþegin ýmsum friðunarákvæðum, svo sem vikufriðun í ám og ársfriðun í stöðuvötnum. Til fastra veiðivéla teljast öll þau veiðitæki, sem föst eru og fiskurinn ánetjast eða króast í, svo sem: lagnet, krókanet, kistur og girðingar. Öll þessi veiðitæki geta verið geysiskaðleg, og má svo kalla, að með þeim megi hefta fiskför með öllu í straumvötnum. Er því óhjákvæmilegt að setja þeim slík takmörk, að þau geti ekki lokað gönguleið fiska eða valdið ránsveiði. Hið merkasta nýmæli þessa kafla fer í þá átt, og skal nú farið um það örfáum orðum. Lög um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886, mæla svo fyrir, að fastar veiðivélar megi ekki ná lengra út en í miðja á. Í hinum almenna kafla greinargerðar þessarar hefir verið fram á það sýnt, að þetta ákvæði laganna sé alls ófullnægjandi

til tryggingar því, að fiskurinn komist upp á hrygningarstöðvarnar, einkum þá er veiðivélum þessum fjölgar meira en orðið er. Í Noregi, þar sem aðstaða er á marga lund lík og hér á landi, hafa menn leitt það í lög, að göngufiskar skuli ætíð eiga frjálsa för eftir ánum miðjum. (Sbr. Lov um Laks- og Sjöörretfiskerierne m. v. af 8de April 1905, § 24). „Frileið" þessi (Frilöbet) nær yfir ¼ af breidd árinnar, og skal hún ætíð liggja þannig, að hún nái yfir straumlínu árinnar eða höfuðstreng. Margir eru þeir meðal kunnáttumanna á sviði veiðimála í Noregi, er telja göngubelti þetta of mjótt, og í hinum norsku sundum er það ⅓ breiddarinnar. Nefndin hefir talið rétt að fara að dæmi Norðmanna í þessu efni og leiða í lög göngubelti, er taki yfir ⅓ af breidd árinnar. Virðist belti þetta ekki mega mjórra vera, samkvæmt reynslu Norðmanna, þá er þess er gætt, að flestar veiðiár á landi hér eru miklu lengri en laxárnar í Noregi, sem flestar eru vestanfjalls. En því lengri, sem árnar eru, því betur þarf um að búa, til þess að tryggja viðhald fiskstofnsins.

Lax og göngusilungur ganga þéttast eftir straumlínum ánna eða meðfram þeim, enda eru lagnir fyrir lagnet og króknet þannig settar, að straumlínan liggur í gegnum veiðivélarnar eða fast upp að þeim. Það er því mikilsvert fyrir fiskför um árnar, að straumlína þeirra sé friðuð fyrir veiðivélum.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa taldar verið, hefir nefndin mælt svo fyrir í frv., að fastar veiðivélar megi aldrei ná lengra út í á en ⅓ af breidd árinnar um meðalflæði, sbr. gr. 31., og að straumlína skuli ætíð liggja utan þeirra. Í hinum stærri ám veldur ákvæði þetta litlum breytingum frá því, sem nú er, því að veiðivélarnar ná þar óvíða lengra út en yfir ¼—⅓ ánna, vegna þess að ekki hefir tekizt að leggja þeim lengra frá landi fyrir straumi og dýpi. Um vatnsminni árnar gegnir allt öðru máli. Þar er vandalaust að setja veiðivélarnar svo langt út frá landi, sem lög leyfa, enda hafa þær orðið þar miklu skaðlegri en vera má. Svo gæti og hæglega farið um stórárnar, að veiðivélar yrðu þar lagðar út í miðja á, og eru dæmin deginum ljósari, þar sem eru girðingarnar.

Loks er að nefna dráttarnetin og notkun þeirra. Ádráttarveiði er hin mesta ránsveiði, og er torveldara að setja henni takmörk en annari veiði. Aftur er ófært að banna hana með öllu, því að allvíða hagar svo til, að annari veiði verður ekki við komið. Hefir nefndin því sett henni allmiklu harðari kosti um vikufriðun en allri veiði annari.

Um 25. gr.

Ýms veiðarfæri og veiðivélar eru þannig, að ekki getur komið til mála að leyfa þær í nokkru vatni. Má þar til nefna sprengingar, eitur, rafmagn o. fl. Nefndin átti því kost á því tvennu: 1) að banna tiltekin veiðitæki og veiðiaðferðir og 2) að heimila notkun tiltekinna veiðitækja og veiðiaðferða aðeins. Valdi hún hiklaust síðari kostinn, því að hann er miklu öruggari. Fyrir hitt yrði torvelt að girða, að ekki gæti komið upp veiðiaðferðir, sem orðið gætu til stórtjóns, ef ekki væri við þeim séð. Þau

veiðarfæri, sem notuð hafa verið til þessa, eru ekki næsta skaðvænleg með þeim takmörkunum, sem þeim eru sett í frv. Hefir nefndin því heimilað þau öll, svo sem greinin ber með sér.

Aftur taldi nefndin sjálfsagt að setja í frv. ákvæði um heimild til að taka upp ný veiðitæki eða veiðiaðferðir, því að ella gæti engin þróun átt sér stað í veiðitækni landsmanna, en rétt þótti þó, til öryggis, að binda heimildina þeim skilyrðum, að bæði veiðimálastjóri og veiðimálanefnd væri henni samþykk. Ákvæði það, er felst í síðustu málsgrein þessarar greinar, er upp tekið eftir erlendri fyrirmynd. Er það til mikils léttis um eftirlit og veitir veiðimálastjórninni íhlutunarrétt um það, að lögnum verði ekki fjölgað frá því, sem nú er, meira en telja má hagkvæmt fyrir fiskstofninn.

Um 26. gr.

Áður fyrr munu hafa verið allmikil brögð að því að stinga lax eða krækja í fossum, en í laxalögunum frá 1886 er veiði þessi bönnuð. Þótti sjálfsagt að halda banni þessu, þó með þeirri undanþágu, að nota megi krók eða ífæru til þess að bjarga fiski á land úr veiðivélum eða af öngli. Rétt þótti og að láta háf sæta sömu skilorðum.

Í erlendri veiðilöggjöf er bann við því að veiða lax eða göngusilung á þann hátt að veita burtu vatni, unz farvegurinn sé þurr að mestu eða öllu. (Sbr. t. d. Lov om Laks- og Sjöörretfiskeri m. v., 8. April 1905 § 33). Þessi veiðiaðferð hefir lítið verið notuð hér á landi, en rétt þótti þó að taka upp í frv. bann við henni, því að hún er í eðli sínu hin mesta ránsveiði.

Um 27. gr.

Laxakistur eða silunga hafa ekki verið mikið tíðkaðar hér á landi á síðari árum, en eru allmikið notaðar erlendis. Hér hefir nokkuð verið um það deilt um hríð, hvort þær skyldu leyfðar eða ekki. Hefir nefndin ekki séð ástæðu til að banna þær, og hniga að því þau rök, er nú skal greina:

Kisturnar eru í eðli sínu hvorki stórtækari né hættulegri en aðrar fastar veiðivélar, ef þær annars eru á sama hátt settar. Fiskurinn króast í þeim, en ánetjast ekki. Af þeirri ástæðu kemur hann úr þeim óskemmdur og óþreyttur og er því betri markaðsvara og betri til geymslu en fiskur sá, er fæst úr lagnetum og króknetum. Fyrir sömu sök er veiðiaðferð þessi mannúðlegri en lagnetja eða króknetjaveiði. Kisturnar geta staðið í þeim straumi, þar sem engin net haldast, og verjast slíburði miklu betur en netin. Loks má á það líta, að þær munu ódýrari í rekstri en aðrar veiðivélar.

Vera má, að kisturnar hafi sumstaðar orðið helzt til veiðnar, en ástæðan til þess mun þá vera sú, að þeim hefir verið lagt út í miðja á eða svo langt, sem lög hafa leyft, en svo langt verður ekki lagnetum eða króknetum komið, nema í smáám. En ef króknet og girðingar ná jafnlangt út og kisturnar, virðast þau hljóta að verða jafnveiðin öll, því að

einu má gilda, ef fyrirstaða verður fyrir fiskinum, hvort hún er úr netriðli eða spelum. Nú er það um girðingarnar að segja, að víða er vandalaust að girða árnar út að miðju, og munu þær því reynast nokkuð jafnveiðnar kistunum. Ætti því að banna þær einnig, ef kisturnar væru bannaðar. En hvor þessara tveggja veiðivéla skilar fiskinum sem betri vöru en netin, einkum ef selja á hann frystan eða kældan til útlanda. Þar sem sala þessi hefir haft góðan árangur hin síðustu ár, virðist nefndinni augljóst, að styðja beri að því, að hún haldist. Hefir hún því heimilað veiðivélar þessar með þeim takmörkunum, sem nauðsynlegar mega teljast fiskstofninum til tryggingar, en þær gilda báðar jafnt. Fyrirmæli greinarinnar fara í þá átt, að tryggja þetta, og er einkum á það litið, að fiskurinn króist ekki við kistuna um vikufriðunartíma, og að smáfiskur geti smogið girðingar þær, er frá henni liggja forstreymis og til lands. Að öðru leyti munu fyrirmæli þessi eigi þurfa skýringar við.

Um 28. gr.

Svo sem fyrr hefir verið frá skýrt, er smálax yfirleitt fullþroska, og er hans eigi frekar von í árnar aftur en hins stærra lax. Er því ekki ástæða til að vernda hann sérstaklega fyrir veiði. Í annan stað hefir nefndin talið sjálfsagt að láta sömu ákvæði gilda um veiði lax og göngusilungs, til þess að lax verði ekki veiddur í blóra við silung. Af þessum ástæðum hefir nefndin talið rétt að heimila smærri möskva í veiðinetum en til þessa hafa verið að lögum leyfðir. Var og heppilegra talið að miða möskvavídd við bilið hnúta í milli, svo sem gert er erlendis, en við ummál möskva, svo sem hér hefir áður verið. Sjálfsagt má og telja, að möskvavídd sé miðuð við netin vot, eins og þau eru í vatninu.

Að svo komnu máli er ekki unnt að mæla fyrir um möskvavídd netja þeirra, er notuð eru í þeim ám, þar sem aðeins er vatnasilungur, enda eru þær ár fáar. Taldi nefndin því rétt að veita ráðherra heimild til þessa, og er til þess ætlazt, að sú heimild verði notuð eftir því, sem fræðsla fæst um það, hvað bezt muni henta á hverjum stað.

Þá er ákvæði eru sett um minnstu möskvavídd, er og nauðsynlegt að banna notkun tvöfaldra netja, því að þeim mætti svo leggja, að möskvar féllu saman, og yrðu netin þá í raun og veru möskvasmærri en leyft er. Erlendis eru tvöföld net bönnuð. Rétt þótti þó að leyfa fyrirstöðunet, er hindri slíðurð í veiðinetin, en með þeim ákvæðum, sem um þau eru sett í greininni, geta þau ekki orðið að sök.

Um 29. gr.

Nefndin taldi sjálfsagt, að ádráttarnet sættu sömu ákvæðum um möskvavídd og lagnet, króknet og girðingar. Tvöföld ádráttarnet þótti og rétt að banna. Víða er ádráttur stundaður þannig, einkum í hinum smærri ám, að netin ná yfir ána þvera. Jafnframt þessu eru oft höfð net eða önnur fyrirstaða neðan við dráttinn, þannig, að fiskurinn á sér engrar undankomu auðið. Þótti því rétt að banna fyrirstöðunetin og gera þá

skipun á veiðinni, að aldrei megi draga net yfir meira en ⅔ af breidd vatnsins, svo að fiskurinn eigi frjálsa för um þriðjung þess. Er þetta gert til þess að fiskför heftist ekki með öllu, enda þótt þess sé ekki að dyljast, að allmiklir örðugleikar eru á um það, að framfylgja ákvæði þessu og að það griðabelti, sem ákvæðið felur í sér fiskinum til handa, sé honum miklu minna virði til undankomu en göngubelti það, sem ákveðið er að verði milli veiðivéla, þó að jafnbreitt sé. Til tryggingar því, að ákvæði þetta verði haldið, hefir nefndin talið rétt, að ráðherra veitist heimild til að setja reglur um lengd ádráttarnetja í hinum ýmsu ám eða köflum þeirra, þegar næg þekking á vötnunum hefir fengizt.

Nefndin taldi og rétt að banna ádráttarveiði nær fastri veiðivél en 200 metra, því að ella mætti nota ádrátt til þess að styggja fisk í veiðivélarnar.

Um 30. gr.

Girðingar hafa verið reyndar á örfáum stöðum hér á landi nú hin síðustu ár. Eins og áður er sagt, eru þær að ýmsu leyti álitleg veiðitæki, og er líklegt, að þær muni ná hér nokkurri útbreiðslu. Eru þær einkum nothæfar þar, sem ár falla breitt á leirum eða grynningum, en á slíkum stöðum hafa veiðivélar þær, er áður hafa tíðkazt, verið gagnslausar. Girðingarnar eru fullkomnari veiðitæki en lagnet og króknet, en um leið hættulegri, því að víða er vandalaust að girða svo langt út sem lög leyfa, og auk þess eru girðingarnar til fullra nota í vatnavöxtum, þegar netunum verður ekki við komið. Það er því nauðsynlegt að setja þessum veiðivélum allmikil takmörk. Hið mikilsverðasta ákvæði í þessa átt er um lengdina, en það gildir raunar allar veiðivélar jafnt. Ef girðingarnar næðu út í árnar miðjar, mundu þær reynast skaðleg veiðitæki, en ef þær ná aðeins yfir ⅓ af breidd ánna, svo sem ákveðið er í frv., munu þær ekki hindra fiskför til mikilla muna. Rétt þótti og að mæla svo fyrir, að á girðingunum skuli vera hlið við inngang í veiðikrær, er opið skuli standa um vikufriðunartíma. Er skipun þessi að öllu öruggari fyrir fiskför en að gönguleið fiskanna liggi í gegnum veiðikrærnar, eins og verið hefir. Á leirum og breiðum verða girðingarnar langar, og liggja þær þá einatt yfir ála, sem fiskurinn gengur yfir. Var því talið rétt að veita ráðherra heimild til að skipa svo fyrir, að í álum þessum skuli vera hlið, er greiði fiskför um vikufriðunartíma, þar sem það þykir æskilegt eða nauðsynlegt, að dómi veiðimálastjóra. Möskvavídd girðinga er að sjálfsögðu ákveðin sú sama og á öðrum netum, sem leyfð eru til laxveiði samkvæmt frv.

Í ósum og á leirum við sjávarósa gengur fiskurinn aftur og fram með sjávarföllum. Þótti nefndinni því rétt að setja þau ákvæði um gerð girðinganna, að fiskurinn verði þá aðeins veiddur, er hann leitar upp í ána, svo sem gert er í 4. málsgr. þessarar greinar.

Um 31. gr.

Sjálfsagt þótti að kveða á um það, hversu mæla skuli breidd ár, þegar ákveða skal, hve langt megi netum leggja eða veiðivélum. Var talið sann-

gjarnast að miða málið við meðalflæði, svo sem árnar eru oftast. Vita menn þeir, sem við árnar búa, með sæmilegri nákvæmni, hvenær þær eru í meðalvexti. Meðalrennsli er og auðveldast að ákveða með rannsóknum.

Samkvæmt gildandi lögum má eigi vera skemmra milli fastra veiðivéla en 60 metrar. Nefndin taldi bil þetta of lítið, og hefir hún því sett í grein þessa ákvæði um, að það skuli vera 100 metrar, enda má það eigi minna vera. Á leirum og grynningum í hinum stærri ám geta girðingar samkv. fyrirmælum frv. orðið mörg hundruð metrar á lengd. Þar sem svo stendur á, er 100 metra bil milli veiðivélanna allt of lítið. Taldi nefndin því rétt að miða millibil þetta að nokkru við lengd veiðivélanna, þannig að það verði ekki minna en fimmföld lengd þeirra.

Um 32. gr.

Ákvæði 1. málsgr. eru tekin upp eftir Lov om Laks- og Sjöörretfiskerierne af 8de April 1905, § 24. Taldi nefndin rétt að leggja bann við því, að nokkuð væri gert til að hindra fiskför um göngubelti ánna eða greiða hana inn í veiðikví við fastar veiðivélar, því að ella mætti, einkum í hinum minni ám, breyta fiskför þannig, að stórum dræsi úr friðunarráðstöfunum frumvarpsins.

Nefndin hefir og talið ástæðu til að setja í frv, almennt ákvæði um það, að bannað sé að styggja fisk eða lokka í fastar veiðivélar. Er ákvæði þetta tekið eftir erlendri fyrirmynd, og virðist það fullkomlega réttmætt. Erlendis eru nokkur brögð að því, að reynt sé að lokka fisk í veiðivélar, einkum með ljósum. Er ekki ólíklegt, að síður þessi gæti borizt hingað til lands, ef ekki væri að gert, og hefir nefndin því talið rétt að banna hann þegar.

Um 33. gr.

Í lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febrúar 1886, er svo hljóðandi ákvæði í 2. gr.: „en renni á í fleiri kvíslum, má enginn þvergirða eina þeirra, nema meiri fiskför sé í annari, og þó því aðeins, að hann eigi einn veiði í þeirri kvísl“. Nefndin hefir talið sjálfsagt að breyta ákvæði þessu og láta sömu reglur haldast undantekningarlaust um veiði í kvíslum og ánum óskiptum, því að sízt mun talin verða ástæða til þess að slaka á friðunarákvæðum, þá er um kvíslar er að ræða, þar sem vitanlegt er, að því hægra er um veiði, sem vatn er minna fyrir.

Um 34. gr.

Í 1. málsgrein greinar þessarar felast samskonar ákvæði og í 25. gr. Má því í aðalatriðum vísa til athugasemda um hana. Veiðarfæri þau, sem hér eru heimiluð til veiði í stöðuvötnum, eru hin sömu og almennt hafa notuð verið til slíkrar veiði allt til þessa.

Stöðuvötnin eru miklu misjafnari en straumvötn um gerð og alla aðstöðu til veiði. Er því ekki unnt að setja almennar reglur um lengd og skipun netja þeirra, er þar eru notuð. Nefndin hefir því talið heppilegast að veita ráðherra heimild til að mæla fyrir um þessa hluti, eftir tillögum veiði-

málastjóra, þá er nægileg þekking hefir fengizt í þessu efni. Fiskur er og harla misjafn í stöðuvötnum, einkum að stærð. Verða því eigi heldur sett almenn ákvæði um möskvavídd netja eða stærð þess fiskjar, er óþroskaður skuli teljast. Ákvæði þessi hljóta að verða misjöfn fyrir hin ýmsu vötn. Taldi nefndin því rétt að fela ráðherra að setja þau, þegar nægileg þekking hefir fengizt á vötnum og veiði.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í vatni. Mega ákvæði þessi heita að vera nýmæli í ísl. lögum, en tilsvarandi ákvæði eru í öllum nýrri veiðilögum nágrannaþjóða vorra.

Um 35. gr.

Hér ræðir um gerð fiskvega, en fiskvegir eru laxastigar og önnur mannvirki, er gera veiðivötn fiskgeng eða greiða fyrir fiskför um þau.

Í 1. mgr. er mælt svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til að gera fiskveg, að meðmæli veiðimálastjóra þurfi til að koma, ef veita á leyfið, og að hann skuli samþykkja gerð fiskvegarins og hafa eftirlit með því, hvernig verkið er unnið. Ákvæði þessi miðast við það, að fiskvegurinn myndi að jafnaði verða gerður þar, sem annar á land og veiði en þeir, sem veginn láta gera og mest not hafa af honum. Því á þeim eigi að vera þetta frjálst nema þeir fái leyfi ráðherra til þess. Til þess, að mannvirki þessi komi að sem beztum notum og verði gerð með sem minnstum kostnaði, er mikilsvert, að sérfræðingur hafi hönd í bagga, er þau eru gerð, og því er samþykki og eftirlit veiðimálastjóra áskilið.

Í 2. mgr. eru ákvæði um heimild til eignarnáms vegna fiskvegagerðar og í 3. mgr. ákvæði um, að breytingar á fiskvegum skuli sæta sömu reglum og gerð þeirra í upphafi.

Um 36. gr.

Grein þessi ræðir um friðun fiskveganna sjálfra og fisksins, sem um þá fer, og þarf hún eigi frekari skýringa við. Aðeins skal það tekið fram, að eigi fiskvegur að koma að notum, verður einnig að friða nokkurt svæði bæði fyrir ofan hann og neðan. Þetta svæði er hér látið ná yfir 50 metra niður frá mynninu og 30 metra upp frá því. Það gefur að skilja, að sé fiskvegur í fleiri pörtum með eðlilegu rennsli á milli, þá gildir þessi friðun bilið milli partanna, sé það eigi lengra en 50 metrar.

Um 37. gr.

Í 133. gr. vatnal. er ákveðið, að leyfi ráðherra þurfi til að setja mannvirki í vatn, sem tálma myndi fiskför í því, og má ráðherra binda leyfið þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja til verndar hagsmunum annara, og getur hann því m. a. sett það skilyrði, að fiskvegur sé gerður

í vatninu eða meðfram stíflunni. Frv. haggar eigi þessum ákvæðum vatnalaganna, en herðir aðeins á þeim, þannig, að það gerir þeim, sem mannvirki þessi gera, að skyldu að gera fiskveg, svo að fiskur geti átt jafngreiða för um vatnið og áður. Frá þessari skyldu eru þó gerðar undanþágur í 2. mgr., og virðast þær svo sjálfsagðar, að þær þurfa ekki frekari greinargerðar með.

Um 38. gr.

Ákvæði tilsvarandi gr. þessari eru algeng í veiðilögum annara þjóða. Mikil veiðispjöll geta af því hlotizt, að fiskur og þó einkum fiskseiði flækist úr veiðivatni inn í skurði eða leiðslur, er liggja úr vatninu eða í það, og verði þar til. Við þessu er að jafnaði auðvelt að gera með nokkrum umbúnaði, og er hér farið fram á heimild til að skylda eiganda veitunnar til þess að setja slíkan umbúnað í veituna.

Um VIII. kafla.

Frv. þessu er ætlað að verða að heildarlögum um lax- og silungsveiði, og þótti nefndinni því sjálfsagt að taka upp í það ákvæði um fiskræktarfélög, enda þótt lög um það efni væru nýlega sett hér á landi. Ákvæði um þetta er að finna í þessum kafla, og er hann í öllu verulegu sniðinn eftir l. nr. 6, 14. júní 1929, um fiskiræktarfélög. Þó eru hér nokkrir viðaukar gerðir við þau og smávægilegar breytingar á stöku stað. Um nauðsyn fiskræktarfélaga og ákvæða þessara yfirleitt þykir eigi þörf að ræða hér.

Um 39. gr.

Samhljóða 1. mgr. 1. gr. l. nr. 6 1929. Orðaskýringarnar í 2. og 3. mgr. þeirrar gr. eru teknar upp í 1. gr. frv.

Um 40. gr.

Samhljóða 2. gr. l. nr. 6 1929, með smávægilegum breytingum. Í frv. er þannig ákveðið, að leiguliða skuli boða á fund, þegar landeiganda verður eigi boðaður fundur nógu snemma vegna fjarveru, og er ákvæðið þannig orðað skýrara til framkvæmdar en eins og það nú er í lögunum, því mikil óvissa getur verið á því fyrirfram, hvort landeigandi muni sækja fund eða eigi, jafnvel þótt hann sé eigi fjarstaddur.

Um 41. gr.

Samhljóða 3. gr. l. nr. 6 1929. Ákvæðið um atkvæðisrétt leiguliða er flutt hingað úr 2. gr. l. nr. 6 1929. Fer betur á, að það fylgi öðrum ákvæðum um atkvæðisrétt á fundinum.

Um 42. gr.

Samhljóða 4. gr. l. nr. 6 1929, með örlitlum orðabreytingum, er engu raska um efni.

Um 43. gr.

Samhljóða 5. gr. l. nr. 6 1929.

Um 44. gr.

Samhljóða 6. gr. l. nr. 6 1929. Þó er hér gerð sú breyting á lögunum, að skilyrði það, er greinir í 3. tölulið 6. gr. fyrir þátttöku leiguliða í félagsskapnum, er fellt niður. Virðist ekki vera þörf á því skilyrði, ef á annað borð svo er ástatt, að landeigandi geti tekið þátt í félagsskapnum, en hinsvegar eðlilegast og æskilegast, að landeigendur séu sem víðast sjálfir félagar í fiskræktarfélögunum, er starfa að því að auka veiðihlunnindi jarða þeirra til langframa og vinna því frekara fyrir þá en fyrir leiguliðana.

Ákvæðin í 2. og 3. mgr. 6. gr. l. nr. 6 1929 eru dregin nokkuð saman í 2. mgr. þessarar gr., en eigi breytt að efni.

Um 45. gr.

Samhljóða 7. gr. l. nr. 6 1929.

Um 46. gr.

Samhljóða 8. gr. l. nr. 6 1929, nema hvað því er bætt við hér, að hver félagsmaður hafi eitt atkvæði. Er þetta tekið fram til þess að taka af allan vafa um það, hvort atkvæði eigi að telja eftir tölu félagsmanna eða öðru, t. d. tölu fasteigna þeirra, er félagið tekur yfir, eða upphæð félagsgjalda.

Um 47. gr.

Samhljóða 10. gr. l. nr. 6 1929, nema hvað hér er felld niður síðari setning 2. mgr. 10. gr., sem er óþörf endurtekning á fyrri setningu sömu mgr.

Um 48. gr.

Samhljóða 9. gr. l. nr. 6 1929. Þó er það nýmæli gert hér, að heimilað er að ákveða í samþykkt, að jafna megi allt að ¼ hluta kostnaðarins niður á fasteignirnar eftir landverði þeirra. Getur þetta einkum verið sanngjarnt, þar sem um er að ræða fasteignir, sem nú hafa lítið veiðimagn, en ætla má að hljóti allmikinn veiðiauka fyrir aðgerðir félagsins, án þess þó, að sá veiðiauki verði áætlaður með nokkurri vissu.

Um 49. gr.

Samhljóða 11. gr. l. nr. 6 1929. 2. mgr. er þó nokkru fyllra orðuð hér en þar er.

Um 50. gr.

Samhljóða 12. gr. l. nr. 6 1929.

Um 51. gr.

Samhljóða 13. gr. l. nr. 6 1929. Hér er því þó við aukið, að lögveð

í fasteigninni eða veiðiréttindunum fylgi gjöldunum, auk lögtaksréttarins. Virðist sanngjarnt, að gjöldin séu tryggð með þessum hætti.

Um 52. gr.

Gr. er nýmæli og þarf eigi skýringa með.

Um 53. gr.

Þess er að vænta, að fiskræktarfélögin verði með tímanum hin mesta lyftistöng til aukningar á veiðimagni vatna, og er þá heppilegt að leggja undir þau ýms veiðimál fleiri en þau ein, er beinlínis lúta að fiskrækt. Er hér gert ráð fyrir því, að félögin geti gert samþykktir um möskvastærð netja, er nota megi á félagssvæðinu, og um friðun tiltekinna svæða í veiðivötnum innan fiskihverfisins. En þess er jafnframt gætt, að búa svo um þetta samþykktarvald, að eigi sé hætta á að það verði misbrúkað.

Um 54. gr.

Í gr. þessari er veitt tvennskonar eignarnámsheimild í þágu fiskræktarinnar. Í fyrri málsgr. er heimilað eignarnám til byggingar og starfrækslu klakstöðva. Reynslan hefir sýnt það, að heppilegir staðir fyrir klakstöðvar eru fremur óvíða. Geta því oft orðið örðugleikar á því, að koma upp klaki, ef landeigandi fæst eigi góðfúslega til að leyfa byggingu klakstöðvarinnar, og er þar því fyllsta þörf á eignarnámsheimild.

Eins og áður var getið, hefir víðast hvar, þar sem klak hefir verið reynt hér á landi, reynzt örðugt að fá nægan stofnfisk til klaksins, og má búast við, að þeir örðugleikar komi enn skýrar í ljós, ef frekari tilraunir verða gerðar um klak en hingað til hafa verið gerðar. Ákvæði 18. gr. og 1. mgr. 23. gr. bæta eigi úr þessu til fulls, og þykir því nauðsynlegt að heimila fiskræktarfélögum eignarnám til leigu á veiði í vötnum, þar sem hentugt þykir að félagið afli sér klakfisks.

Um IX. kafla.

Það er alkunnugt, að selurinn er einhver hinn skæðasti óvinur laxins og göngusilungsins. Víða er svo enn hér á landi, að selur liggur við árósa eða í veiðivötnum, og sumstaðar eru jafnvel selalátur í veiðiám. Er ómögulegt að meta, hversu mikil veiðispjöll hann gerir árlega, en ekki er að efa, að þau eru stórkostleg. Með lögum nr. 24 22. nóv. 1912 var heimilað að gera samþykktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám, en þau lög hafa hvergi nærri komið að fullu gagni. Hafa og síðar komið fram lagafrumvörp á Alþingi um frekari útrýmingu sels úr veiðiám, sem þó eigi hafa náð fram að ganga. Nefndinni þótti sjálfsagt að taka upp í frv. ákvæði í þessa átt. Verður hún að líta svo á, að útrýming selsins úr veiðiánum og frá ósum þeirra sé eitthvert þýðingarmesta sporið, sem hægt er að stíga til að auka veiðimagn vatnanna, og að

víðast hvar sé svo stórkostlegur munur á hagsmununum af selveiðinni annarsvegar og lax- og silungsveiðinni hinsvegar, að ekki sé áhorfsmál að leggja hina fyrrnefndu hagsmuni í sölurnar fyrir hina síðarnefndu.

Um 55. gr.

1. mgr. er tekin eftir 4. gr. l. nr. 5 19. febr. 1886, um friðun á laxi.

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 30 27. júní 1925, um selaskot á Breiðafirði og uppidráp, er undanþegið banni við selaskotum svæði á Hvammsfirði, er liggur fyrir utan línu úr Ljárósum í Teighyrnu og innan línu þaðan í Hólmlátursborgir. Þetta svæði vill nefndin stækka nokkuð, þannig, að það taki yfir innsta hluta fjarðarins fyrir innan línu úr ytri enda Skoravíkurmúla í Hólmlátursborgir. Ástæðan til þessa er sú, að í Hvammsfjarðarbotn renna nokkrar ár, sem sumar eru veiðiár (Haukadalsá og Laxá í Laxárdal) og aðrar að vísu nú veiðilausar, eða nálega það (Miðá, Ljá, Glerá, Laxá í Hvammssveit), en hafa áður verið veiðiár og mundu geta orðið það aftur, ef fiskur væri ræktaður í þær og selurinn fældur frá ósunum. Á þessu svæði munu nú vera friðlýst selalátur á einni jörð, og myndi fara um þau eftir 56. og 57. gr.

Um 56. gr.

Hér ræðir um ófriðun friðlýstra selalátra. Er heimilað að ófriða þau, ef þau eru í veiðivatni eða nær árós, er lax eða göngusilungur gengur í, en 7 km. Að öðru leyti er heimildin til ófriðunar látranna látin vera komin undir mati á hagnaðinum af fiskveiðinni í ánni annarsvegar og selveiðinni hinsvegar. Sé arðurinn af fiskveiðinni metinn meiri, má ófriða látrin þegar í stað, en annars því aðeins, að sérstakt leyfi sé fengið til þess, og er það bundið þeim skilyrðum, að fiskrækt hafi verið stunduð í vatninu með þeim árangri, að búast megi við, að fiskveiðin verði arðsamari en selveiðin. Með þessu vill nefndin búa svo um, að þau hlunnindin verði stunduð, sem arðsömust eru.

Um 57. gr.

Hér ræðir um bætur fyrir missi selveiðinytja samkv. 56. gr. Bótaskyldan er lögð á veiðieigendur í vatninu. Þeir hafa hagnaðinn af útrýmingu selsins, og er því eðlilegt, að þeir beri kostnaðinn við þær aðgerðir. Í 2. mgr. er þó ákveðið, að bætur fyrir missi selveiða á jörðum, sem eru opinber eign, skuli aðeins greiddar þar til ábúendaskipti verða á þeim næst eftir að til bótaskyldu kemur. Er hér því farið fram á það, að hið opinbera leggi þessi hlunnindi í sölurnar til eflingar veiðiskap landsmanna. Í 4. mgr. er loks ákveðið, að bæturnar megi falla niður tiltölulega eftir því, sem fiskveiðin eykst á jörðum þeim, er sviptar voru selveiðinni. Með veiðiaukningunni fá jarðeigendurnir í raun og veru tjón sitt bætt, og er þá ekki nema sanngjarnt, að bætur frá hinum veiðieigendunum minnki að sama skapi.

Um X. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um stjórn veiðimála og eftirlit með veiði. Á hvorugu þessu efni hefir verið neitt fast skipulag hér á landi til þessa, en umbætur á veiðilöggjöfinni og aðrar aðgerðir til að efla veiðiskap í ám og vötnum mega heita að vera þýðingarlausar, ef stjórn veiðimála eigi er komið í fastar skorður og um leið séð fyrir miklu öflugra eftirliti með veiði en að undanförnu. Að því eiga ákvæði þessa kafla að stuðla. Nefndin taldi það affarasælast að hafa fyrirkomulagið á þessu svo einfalt sem frekast var kostur, og sneið því þessi ákvæði eigi eftir erlendum fyrirmyndum. Þar er stjórn veiðimála tíðast falin fjölmennum nefndum, sem ávallt hljóta að verða þungar í vöfunum.

Um 58. gr.

Yfirstjórn veiðimála verður að sjálfsögðu að vera í höndum atvinnumálaráðherra. Um störf veiðimálastjóra og veiðimálanefndar er rætt í næstu greinum á eftir.

Um 59. gr.

Enda þó að atvinnumálaráðherra hafi hina æðstu stjórn veiðimálanna, þá telur nefndin það nauðsynlegt, að við hlið hans sé í þeim málum sérfræðingur um veiðimál, er hlotið hefir vísindalega menntun um vatnalíffræði og annað, er lýtur að eðli og notkun veiðivatna. Nefndin leggur því til, að skipaður verði sérstakur veiðimálastjóri. Í 2. mgr. er yfirlit yfir störf þau, er honum er ætlað að hafa með höndum, en jafnframt er víðsvegar í hinum einstöku greinum laganna kveðið á um störf hans. Af þeim ákvæðum má sjá, að veiðimálastjóra er ætlað að hafa talsvert mikið vald. Nefndin telur vænlegast til gagns, að allar aðgerðir til eflingar veiðiskapnum verði reistar á sem traustustum vísindalegum grundvelli, og hún vill því láta atkvæði sérfræðingsins ráða miklu um allar þær framkvæmdir. Laun veiðimálastjóra taldi nefndin ekki rétt að ákveða í frv., meðan óvíst er, hversu mikið starf hans verður, en nefndin gerir ráð fyrir, að staða hans verði svipuð stöðu annara sérfróðra ráðunauta, t. d. garðyrkjustjóra og skógræktarstjóra.

Um 60. gr.

Nefndin taldi æskilegt, að veiðieigendurnir ættu einnig fulltrúa í stjórn veiðimálanna. Það er veiðimálanefndinni ætlað að vera. Enn sem komið er eiga veiðieigendur engan félagsskap með sér, og meðan svo er, taldi nefndin rétt, að meiri hluti veiðimálanefndar verði skipaður eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands. Þegar fiskræktarfélögum fer að fjölga og þau gera samband með sér, er fenginn félagsskapur veiðieigenda, sem er sjálfkjörinn málsvari þeirra, og er þá gert ráð fyrir, að það samband taki við tillögurétti Búnaðarfélagsins og Fiskifélags-

ins um skipun nefndarinnar. Annars er gert ráð fyrir, að nefnd þessi hafi aðallega ráðgjafarvald í veiðimálum. En í einstökum atriðum er henni þó ætlað beinlínis samþykktarvald, einkum um það, hvort takmarkanir skuli gerðar á þeim rétti til veiðiskapar, er lögin veita mönnum almennt.

Um 61. og 62. gr.

Um nauðsyn þess, að eftirlit sé haft með veiði, þarf eigi að fjölyrða. Eins og áður var getið, gera núgildandi lög ráð fyrir því, að veiðieigendur líti hver eftir öðrum, og hefir slíkt eftirlit reynzt allsendis ónógt. Nefndin taldi því sjálfsagt, að horfið yrði að því ráði að taka upp eftirlit af hálfu hins opinbera, enda er það mála sannast, að það er almenningsmál, en eigi veiðieigendanna einna, hvernig veiði er stunduð, og má því eigi vera á valdi þeirra einna. Nefndin taldi rétt að láta ráðherra skipa eftirlitsmennina. Með því móti verður eftirlitið óháðast veiðieigendunum. Hve víðtækt eftirlitið verður, þ. e. hve margir eftirlitsmenn verða og við hver vötn, og hve mikið starf af þeim verður heimtað, er óhentugt að fastákveða í lögunum. Reynslan verður að skera úr því, hve mikils eftirlits er þörf á hverjum stað, og því er það lagt á vald ráðherra að kveða á um þetta eftir tillögum veiðimálastjóra. Um störf eftirlitsmanna eru ákvæði í 2. mgr., en jafnframt er þeim í 4. mgr. veitt nokkurskonar lögregluvald, þ. e. heimild til að taka ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti. Er brýn nauðsyn á þeirri heimild, því tafsamt getur orðið að leita til hreppstjóra eða sýslumanns um það. Kaup eftirlitsmanna taldi nefndin rétt að yrði greitt úr sýslusjóði, en endurgreitt sýslusjóði af veiðieigendum að tiltölu við veiðimagn hvers þeirra um sig.

Um XI. kafla.

Á síðari árum hefir verið tekin upp sú stefna að styrkja jarðrækt í landinu, sumpart með beinum styrk úr ríkissjóði til jarðabóta og ýmissa annara framkvæmda í búnaði og sumpart með lánveitingum til þeirra með hagstæðum lánskjörum. Fiskræktin nýtur eigi góðs af þessum styrkveitingum samkv. þeim reglum, sem nú gilda um þær. Nefndin leit svo á, að bæði væri þörf á styrkveitingum til eflingar fiskræktinni, sem nú er í bernsku hér á landi, og að fiskræktin hinsvegar væri svo mikið þjóðþrifamál, að ríkinu ætti að vera skylt að hlynna að henni bæði með beinum fjárstyrk og með hagkvæmum lánveitingum. Taldi nefndin því rétt að taka upp í frv. ákvæði þau, sem í þessum kafla eru.

Um 63. gr.

Hér ræðir um styrkveitingu úr ríkissjóði til byggingar klakstöðva og til fiskvegagerðar. Til klakstöðva er styrkurinn ákveðin upphæð, kr. 1,50 fyrir hvert metið dagsverk, en til fiskvegagerðar ⅓ kostnaðarins. Í sambandi við síðarnefnda atriðið má benda á það, að á síðari árum hefir

einmitt ⅓ kostnaðar verið veittur í fjárlögum til að gera nokkra fossa laxgenga, t. d. Laxfoss og Glanna í Norðurá í fjárl. 1927 og Lagarfoss í fjárlögum 1928. Annars er í gr. gerður munur á því, hvort fiskræktarfélög eða aðrir gera þessi mannvirki. Fiskræktarfélögin skal skylt að styrkja til þessara framkvæmda, aðra er aðeins heimilt að styrkja til þessa. Vill nefndin með þessu fyrirheiti til fiskræktarfélaganna hvetja menn til að stofna þau sem víðast.

Um 64. gr.

Fiskrækt í vatni, sem áður var veiðilaust, hlýtur oftast nær að verða nokkuð áhættusöm. Hinsvegar er æskilegt, að tilraunir séu sem víðast gerðar með það. Nefndin telur því rétt að styrkja þá menn, er í slíkt ráðast, með tiltekinni upphæð fyrir hvert þúsund seiða, er þeir flytja í vatnið.

Um 65. gr.

Nefndin telur mikilsvert, að framkvæmdir þær, er ræðir um 63. og 64. gr. séu gerðar eftir ráðum sérfróðra manna, og telur því rétt að binda styrkveitingarnar því skilyrði, að veiðimálastjóri mæli með þeim og hafi haft eftirlit með gerð þeirra mannvirkja, er styrkur er veittur til, og samþykkt gerð þeirra.

Ætla má, að langt verði þangað til klakstöðvar geta fullnægt eftirspurninni eftir fiskseiðum. Er því e. t. v. hætt við, að verðið á seiðunum verði óhæfilega hátt. Til þess að koma í veg fyrir það, þótti nefndinni rétt að heimila ráðherra að setja hámarksverð á seiði, sem seld eru frá klakstöðvum, er styrkur hefir verið veittur til úr ríkissjóði.

Um 66. gr.

Auk styrksins skv. 63. og 64. gr. mun oft reynast þörf á hagkvæmum lánum til fiskræktar. Sýnist eðlilegast, að þau lán verði veitt úr Ræktunarsjóði, en til þess er eigi heimild nú, sbr. 8. gr. l. nr. 17 13. júní 1925. Nefndinni þótti rétt að heimila þetta, og að ákveða þá um leið hámark lánstíma og hámarksupphæð lána. Þegar fiskræktarfélag er lántakandi, mundi oft verða örðugt að afla trygginga þeirra fyrir lánum, sem nefndar eru í 9. gr. l. nr. 17 1925, og taldi nefndin því rétt að heimila að veita slík lán gegn sameiginlegri ábyrgð félagsmanna. Ætti slík trygging venjulega að vera fullnægjandi.

Um XII. kafla.

Í kafla þessum eru ákvæði um matsgerðir samkv. lögum þessum.

Um 67. gr.

Úr ágreiningi um þau atriði, sem ræðir um í 1. mgr., verður ekki skorið nema með rannsókn á staðháttum. Er æskilegt, að kostur sé á handhægri og greiðri aðferð til að úrskurða slík mál, og er hér því mælt svo fyrir, að matsgerð geti skorið úr þeim. Er þar fylgt fyrirmynd vatna-

laganna, er lætur matsgerð skera úr mörgum svipuðum atriðum. Að öðru leyti þarf eigi að skýra gr. þessa nánar.

Um 68. gr.

Þarf eigi skýringa með.

Um XIII. kafla.

Refsiákvæði núgildandi laga um veiðimál eru flest miðuð við allt annað gildi peninga en nú er, og því mikils til of lág. Er yfirleitt hert á þeim í þessum kafla.

Um 69. gr.

Ákvæði gr. eru tekin óbreytt eftir 2. og 3. mgr. 129. gr. vatnal.

Um 70. gr.

Brot þau, er ræðir um í þessari gr., eru öll meiri háttar brot á veiðilögunum, og þótti því rétt að láta lágmark sekta fyrir þau ekki vera lægra en 100 kr.

Um 71. gr.

Veiðiaðferðir þær, er ræðir um í gr., eru sérstaklega hættulegar. Þær munu að vísu lítið hafa verið notaðar hér á landi, en þó hefir leikið orð á því, að það muni hafa komið fyrir, að sprengiefni hafi verið notuð við lax- og silungsveiðar. Þótti rétt að hafa sérstakt refsiákvæði um þessi brot, og það miklu harðara en um önnur brot gegn ákvæðum frv.

Um 72. gr.

Sektarákvæði þetta tekur til allra brota á ákvæðum frv. og á reglum, sem samkv. þeim eru settar, er eigi falla undir 69.—71. gr. Þessi brot eru minni háttar og sektarákvæðin því lægri.

Um 73. gr.

Samskonar ákvæði er nú í 2. mgr. 129. gr. vatnal.

Um 74. gr.

Í 8. gr. l. nr. 5 19. febr. 1886 er mælt svo fyrir, að öll „ólögleg veiðiáhöld“ skuli upptæk. Samkvæmt núgildandi lögum er því ekki heimilt að gera upptæk lögleg veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, t. d. á friðunartíma. Þetta hefir mælzt mjög illa fyrir, og þess vegna er því breytt hér á þá leið, að upptökuheimildin nær einnig til löglegra veiðitækja, sem notuð eru með ólöglegum hætti, t. d. á friðunartíma eða friðuðum stöðum. Er þess að vænta, að friðunarákvæðin verði áhrifameiri fyrir það.

Um 75. gr.

Samkv. núgildandi lögum renna sektir fyrir brot á veiðilögum til sveitarsjóðs og að nokkru leyti til uppljóstrarmanns. Hér er þessu breytt

á þann veg, að sektirnar renni allar í sýslusjóð, og er það gert með hliðsjón af því, að sýslusjóðir eiga að greiða kostnaðinn við eftirlit með veiði.

Um 76. gr.

Þarf ekki skýringa með.

Um XIV. kafla.

Um 77. gr.


Þarf ekki skýringa með.

VIII. Um fastar veiðivélar og notkun þeirra.

Til leiðbeiningar hefir þótt rétt að láta stutta lýsingu á gerð og notkun fastra veiðivéla fylgja frumvarpinu, og er hún sem hér segir:


1. *Lagnet* eru óbrotnust og frumlegust allra veiðivéla. Þau eru gerð úr netriðli, sem á báðum hliðum er felldur við strengi úr snæri eða kaðli og teinar nefnast. Við annan teininn, sem nefnist fláateinn, er fest korkbútum svo mörgum, að þeir geti haldið netinu uppi í vatninu. Á hinn teininn, leggjateininn, eru dregnir leggjabútar, eða við hann er fest steinum, blýi eða járnfesti, svo að hann leiti botns, þá er netinu er lagt í vatn.

   Lagnet eru nú einkum notuð til silungsveiði í sjó og stöðuvötnum. Er þeim þá lagt annaðhvort við stjóra og dufl úti í vatni eða frá bakka við landtaug. Oftast liggja þau bein eða lítið eitt buguð. Í straumvötnum eru lagnetin óvíða notuð, því að erfitt er að stöðva þau í straumi, og þykja þau ekki veiðin. Er þeim þar helzt lagt forstreymis frá landi, þar sem klappir eða eyraroddar standa út í vatnið, svo að iða verði neðan við eða andstreymi, sem haldi netunum frá landi. Mun þetta vera það, sem Grágás kallar að leggja netum strandlagi.
2. *Króknet* eru komin frá lagnetunum fyrir þróun og umbætur margra ára. Þau eru veiðigildrur, sem til þess eru gerðar að veiða göngufisk í straumvötnum. Króknetin eru venjulegast þannig gerð, að út frá landi er lagt grindakláfum grjóti fylltum, hverjum fram af öðrum, svo langt út sem unnt er eða leyfilegt. Við kláfa þessa er svo lagt neti, er stöðvar fiskför að fullu, svo langt sem það nær. Út frá hinum yzta kláf er öðru neti lagt *undan straumi*, langt eða skammt eftir ástæðum. Neðst við þetta net, þeim megin, er veit að landi, er svo krókurinn festur, en hann er net eða netálma, sem lagt er *upp móti straumi*. Eru bæði netin samhliða að kalla í fyrstu, en síðan beygist krókurinn allmikið í áttina til lands. Milli netja þessara verður þannig kverk, er þrengist æ því meir sem lengra dregur forstreymis, unz bæði netin renna saman. Niður frá króknum er oft, einkum í hinum tæru bergvatnsám, lagt einu netinu enn. Nefnist það leiðari, og er jafnan eftir því leitað, að svifa honum



svo langt út, sem lög leyfa, og helzt út fyrir höfuðstreng eða straumlínu árinnar. Milli lands og netja þeirra, sem nú hafa verið talin, verður þannig kví, er nefna mætti veiðikví, og er hún aðeins opin undan straumi.

Fiskurinn gengur nú neðan ána og heldur sig jafnan nálægt straumlínu. Nokkuð af honum lendir í kvínni, innan við leiðarann. En er fiskurinn kemur að fyrirstöðunni, leitar hann út í ána, unz fyrir honum verður net það, er forstreymis liggur. Kennir hann nú fyrirstöðu á tvo vegu og heldur hikandi undan straumnum, lendir í króknum og ánetjast þar.



Krókŋetum verður ekki við komið í stríðum straumi, og ekki verða þau að fullum notum þar, sem aðdjúpt er eða langt út að straumlínu, svo sem víða er í hinum stærri ám landsins. En í flestum ám eða öllum eru þó margir slíkir staðir, að þau verði að miklu gagni, enda eru þau algengust allra veiðivéla, sem hér eru notaðar. Þann ágalla hafa þau, að fiskurinn ánetjast í þeim, og er því ekki sem álitlegust vara.


3. *Kistur* eru veiðigildrur, áþekkar króknetum í aðaldráttum. Kláfar með grjóti í eru settir út í ána, á sama hátt og í króknetunum, en á þá er ekki fest net til fyrirstöðu, heldur trégrindur með þéttum rimlum, er snúa upp og niður í vatninu. Frá yzta kláfnum liggur önnur girðing

undan straumi. Hún er einnig gerð úr grindum, og er þeim fest við kláfa, staura eða steina. Á þennan hátt verður veiðikví niður frá þvergirðingunni á sama hátt og við króknetin. Ofan við þvergarðinn er svo kistan sjálf sett. Hún er þríhyrndur rimlakláfur um 2 metrar á hvern veg. Henni er svo fyrir komið, að hið hvassasta horn hennar veit móti straumi og klýfur hann, en stytzta hliðin snýr undan straumi, og liggur hún fast við fyrirstöðugirðinguna. Á þessari hlið er op, sem þannig er gert, að fiskurinn kemst inn um það, en ekki út aftur. Á kistunni er svo venjulega lok, og í því hlemmur, er opna má, til þess að ná fiskinum úr kistunni. Þess er vandlega gætt, að sem mestur straumur verði gegnum kistuna. Er hún því sett þar, sem rennsli er mest gegnum girðinguna, en það er venjulega fremst við hana eða framanvert.

Fiskur sá, er gengur í veiðikví við kistu, lendir á þvergarðinum og leitar útkomu. Sækir hann fast í strauminn og finnur þá fyrr eða síðar opið inn í kistuna. Kisturnar eru einkum nothæfar þar, sem straumur er mikill og dýpi við hæfi, og má það varla vera meira að jafnaði en 1 meter. Þær eru nú óvíða notaðar hér á landi. Má þó svo heita, að þær séu hið eina veiðitæki, sem komið verði við þar, sem ár eru straumharðar og falla á flúðum og stórgrýti. Þann kost hafa þær yfir króknetin, að fiskurinn króast í þeim, en ánetjast ekki. Er hann því ómeiddur og óþreyttur, þegar hann er úr þeim tekinn.

4. *Girðingar* eða veiðigirðingar eru allmjög frábrugðnar króknetum og kistum. Þær eru á þann hátt gerðar, að girðingastaurar eru reknir niður í árbotninn hver fram af öðrum, og svo margir sem þurfa þykir. Á staura þessa er svo fest neti úr vír eða vörpugarni, svo þéttriðnu, að fiskur geti ekki smogið það. Þannig er girt svo langt út frá landi, sem unnt er eða leyfilegt. Frá girðingunni eru síðan lagðir leiðarar, eins margir og æskilegt þykir. Eru þeir gerðir á sama hátt og sjálf aðalgirðingin og liggja á ská niður eftir ánni og í áttina til lands, þannig að hvasst horn, 45—60°, verður milli þeirra og aðalgirðingarinnar. Lengd þeirra er mismunandi, eftir vild og ástæðum. Í króknum milli leiðara og aðalgirðingar er lítið op, sem liggur inn í þrönga netkró, en úr henni er aftur op inn í aðra kró, sem er eins og hin fyrri. Báðar þessar krær snúa þvert á straumstefnu og eru raunar hluti af aðalgirðingunni, svo langt sem þær ná. Úr innri krónni er enn eitt op, og liggur það inn í hina þriðju kró. Er hún minnst krónna og veit upp móti straumi.

Þá er fiskurinn gengur upp eftir ánni, rekst hann á aðalgirðinguna. Leitar hann þá út frá landi, unz hann lendir í kví þeirri, er verður milli leiðara og aðalgirðingar. Lætur hann þá lokkast inn í krærnar, lengra og lengra, allt inn í hina innstu kró. Á hann sér þá engrar undankomu von, því að hann leitar jafnan í strauminn eftir útgöngu, enda er svo um krærnar búið, að óhugsandi er, að nokkur fiskur geti ratað út úr þeim.



Girðingar hafa ekki verið notaðar hér á landi fyrr en nú á allra síðustu árum. Þær eru allgóð veiðitæki, en dýr. Ekki verða þær notaðar í miklum straumi eða grjótbotni. En á leirum og lygnum árbreiðum henta þær bezt allra veiðitækja. Þær hafa þann sama kost og kisturnar, að þær skemma ekki fiskinn eða þreyta hann.

Þau veiðitæki, sem hér hafa talin verið, bæta upp hvert annars ágalla, þá er á þeim eru frá verklegu (veiðiteknisku) sjónarmiði. Þeir staðir eru fáir í vatni, að engu þeirra verði við komið.

Ed. **344. Nefndarálit**

um frv. til laga um bókhald.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta á allmörgum fundum. Hefir hún kvatt til viðtals einn af þeim mönnum, sem unnið hafa að samning frv., og rætt málið við hann á tveimur fundum. Fellst nefndin á, að gildandi löggjöf um bókhaldsskyldu sé orðin úrelt og fullnægi ekki þeim kröfum, sem gera verður til hinna ýmsu atvinnurekenda um fullkomið bókhald. Er það og mjög eðlilegt, þar sem atvinnuhættir þjóðarinnar hafa mjög breytzt á síðustu árum og ýmsar atvinnugreinar hafa verið teknar upp, sem lítt eða ekki voru stundaðar hér á landi, þegar löggjöfin var sett. Telur nefndin því fulla ástæðu fyrir, að frv. þetta er fram komið, og er því samþykk í öllum aðalatriðum. Þó virðist nefndinni rétt að gera á því smábreytingar, sem þó ekki raska að neinu leyti grundvallaratriðum frv.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.
   a. 5. liður greinarinnar orðist svo:
      Iðnrekendur allir, bæði handiðnaðar og verksmiðjuiðnaðar, þar með taldir gas- og vatnsinnlagningarmenn, rafmagnsvirkjar, bakarar, klæðskerar, rakarar, gosdrykkja- og ölgerðarmenn, rekendur hárgreiðslustofnana, lýsis- og síldarbræðslna, þvotta- og baðhúsa, rjómabúa, íshúsa, vatns- og rafmagnsveitna.
   b. 12. liður greinarinnar falli burt.
   c. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Læknum í kaupstöðum, er reka sjálfstæða atvinnu, svo og prestum í kaupstöðum, er skylt að halda sjóðbók.
2. Við 3. gr. 6. liður orðist svo:
   Þeir byggingameistarar, málaflutningsmenn og verkfræðingar, sem ekki reka sjálfstæða atvinnu.
3. Við 4. gr. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Lögreglustjórum er þó heimilt að veita smáatvinnurekendum, sem ekki falla undir ákvæði 3. greinar þessara laga, undanþágu til allt að 5 ára í senn frá því að færa bækur sínar eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu. Þeir, sem undanþágu beiðast, skulu færa gild rök fyrir því, að það sé þeim, einhverra hluta vegna, um megn að færa tvöfalt bókhald. Einkum á þetta ákvæði við um þá, sem þegar hafa byrjað atvinnurekstur, er lög þessi öðlast gildi. Bókhaldi þeirra, sem undanþágu fá, skal þó vera þannig fyrir komið, að það gefi greinilegar upplýsingar um fjárhag þeirra.

4. Við 6. gr. Í stað orðanna »í sjóðbókinni eða undirbókum hennar« í fyrstu málsgrein komi: í sjóðbókinni eða sjóðdagbókinni eða undirbókum þeirra.
5. Við 18. gr. Orðin »eftir atvikum« falli burt.
6. Við 20. gr. Greinin orðist svo:

Brot gegn 10., 11. og 13.—15. gr. varða sektum samkvæmt 19. gr. Sé um fölsun verzlunarbóka að ræða, eða geri einhver í sviksamlegum tilgangi rangan efnahagsreikning, eða eyðileggi eða skjóti undan bókum þeim og skjölum, sem um getur í 14. og 15. gr., varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru.

Alþingi, 22. marz 1930.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	Jóh. Jóhannesson.

Ed. 345. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 73, frá 7. maí 1928, um slysatryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nú er í lögum, að þeir, sem verða fyrir slysum og tryggðir eru, skuli eigi fá dagpeninga fyrr en eftir 4 vikur, en frv. fer fram á það, að sá tími sé styttur niður í 10 daga, og er þetta aðalefni frv.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. marz 1930.

Jón Baldvinsson, form. og frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	Jóh. Jóhannesson.

Nd. 346. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Það hefir dregizt lengi að skila áliti, en sá dráttur stafar af því, að nefndin vildi ekki gera ákveðnar tillögur fyrr en fyrir lægi umsögn vegamálastjóra um frv. og þær brtt., sem fram komu við það í deildinni. Vegamálastjóri hafði sérstaklega annríkt og kom því umsögn hans seinna en vænzt var.

Eins og sjá má af umsögn vegamálastjóra, þá mælir hann ekki beint með neinni breytingu á þjóðvegakerfinu, nema þeirri, að Suðurlandsvegi verði

breytt þannig, að hann eftirleiðis liggi um Fljótshlíð, í stað þess sem hann nú liggur neðar, sem sé um Garðsauka yfir Þverá og um Hemlu.

Jafnvel þó nefndin viðurkenni, að mjög mikið skorti á, að fullgerðir séu þeir þjóðvegir, sem nú eru ákvarðaðir, og að það taki fleiri ár að fullgera þá, þá vill meiri hl. nefndarinnar þó bæta við í tölu þjóðvega nokkrum vegum, sem telja verður sanngjarnt, að standi eigi verr að vígi um endurbætur eða nýbyggingu en þær leiðir, sem nú eru í tölu þjóðvega.

Meiri hl. vill gera þær breytingar, að teknir séu nú í tölu þjóðvega: Kópaskersvegur, Hafnarvegur, Fljótshlíðarvegur, Eyjafjarðarbraut, frá Akureyri að Kristneshæli, Vesturlandsvegur, frá Hnífsdal að Veðrará í Önundarfirði, Úthéraðsvegur, frá Eyvindarárbrú að Eiðum, Landbraut og Skeiðavegur.

Um þrjá hina fyrsttöldu nægir að benda á umsögn vegamálastjórans. Með upptöku Fljótshlíðarvegar í tölu þjóðvega er gert ráð fyrir, að vegurinn um Garðsauka hjá Hemlu að Seljalandsmúla falli í tölu sýsluvega.

Það verður að teljast sanngjarnt að taka veginn frá Akureyri, verzlunarlóð Akureyrar, að Kristneshæli í tölu þjóðvega. Vegna hælisins er hér um stóraukna umferð að ræða. Vegir að öðrum sjúkrahúsum eru áður teknir í tölu þjóðvega.

Vesturlandsvegur. Þar hafa tillögur héraðanna farið í þá átt að taka í tölu þjóðvega veginn frá Ísafirði til Rafnseyrar í Arnarfirði og frá Bíldudal að Þorskafirði. Meiri hl. nefndarinnar vill að þessu sinni taka aðeins þann kafla vegarins, sem mest er aðkallandi, í tölu þjóðvega, sem sé veginn frá Ísafjarðardjúpi til Önundarfjarðar. Þetta er einn af fjölförnustu vegum landsins og auk þess er hin mesta nauðsyn á, að Önundarfjörður, sem er ágætt landbúnaðarhérað, komist í samband við Ísafjarðarkaupstað.

Um Úthéraðsveg vill meiri hl. nefndarinnar leggja til, að vegurinn frá Eyvindarárbrú til Eiða verði tekinn í tölu þjóðvega, en getur ekki fallizt á að taka veginn þaðan út að Unaósi með, því fremur þar sem engin höfn er þar, sem örugg sé, og því sjaldan tekinn þar á land neinn verulegur flutningur til Úthéraðsmanna.

Þá þykir meiri hl. nefndarinnar sanngjarnt að taka Skeiðaveginn í tölu þjóðvega, og sömuleiðis Landbraut, af þjóðveginum upp að Múla á Landi. Landbraut er mjög fjölfarin og þá mest af ferðamönnum.

Um aðrar breytingartillögur, sem fram hafa komið, nægir að vísa til umsagnar vegamálastjóra, sem meiri hl. fellst á.

Umsögn vegamálastjóra fylgir hér með.

Meiri hl. nefndarinnar ber fram svo látandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

Frumvarpsgreinina skal orða svo:

Á 2. gr. vegalaga, nr. 41 1924, eru gerðar þessar breytingar:

I. Við A.

1. Fyrir »Landeyjar, Eyjafjöll« í tölulið 1 kemur: Hvolhrepp inn Fljótshlíð að Teigi yfir Þverá.

2. Aftan við tölulið 4 koma tveir nýir liðir:
   a. Skeiðabraut, frá vegamótum Suðurlandsvegar, norðan Flatholts upp Skeið og Hrunamannahrepp að Brúarhlöðum.
   b. Landbraut, frá þjóðveginum hjá Meiri-Tungu í Holtum upp Land að Múla.
3. Eftir tölulið 6 kemur nýr liður:
   Hafnarbraut, frá Höfn í Hornafirði á þjóðveginn.

II. Við B.
Á eftir tölulið 4 kemur nýr liður:
Frá Hnífsdal um Breiðadalsheiði að Veðrará í Önundarfirði.

III. Við C.
1. Á eftir tölulið 3 kemur nýr liður:
   Eyjafjarðarbraut, frá verzlunarlóð Akureyrar að Kristneshæli.
2. Aftan við tölulið 4 koma tveir nýir liðir:
   a. Kópaskersbraut, frá Kópaskersvogi að vegamótum við Brunnárbrú.
   b. Úthéraðsvegur, frá Eyvindarárbrú til Eiða.

Alþingi, 24. marz 1930.

Gunnar Sigurðsson, form.	Jón A. Jónsson, frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN
$^{14}/_{3}$ 1930.

Út af framkomnum frumvörpum um breyting á vegalögunum vil ég láta nefndinni í té eftirfarandi umsögn mína.

Langflest þessi frv. hafa legið fyrir undanförnum þingum allt síðan 1925, en samgöngumálanefnd neðri deildar hefir aldrei treyststst að mæla með þeim, enda hefi ég lagt á móti því að bæta við nýjum þjóðvegum. Mér er þó ljóst, að tillögur þessar um nýja þjóðvegi eiga á sér mjög misjafnan rétt.

Ég vil heldur ekki nú beint mæla með neinu frumvarpanna, en hinsvegar tel ég, að mest sanngirni mæli með frv. þeim, er hér verða greind í 1. flokki.

1. Þskj. 38. *Kópaskersvegur.* Vegur þessi er að lengd 24 km. og er nú sýsluvegur. Undanfarin ár hefir hann verið bættur allverulega og sá kostnaður greiddur að hálfu úr ríkissjóði, svo að nú er hann sæmilega vel fær bifreiðum, en til þess að hann verði viðunandi fyrir þá umferð, sem um hann er, þarf þó enn umbætur, sem ekki kosta minna en 30 þús. kr. Viðhald vegarins má búast við, að kosti fyrst um sinn um 2500 kr. — en meira, er umferð vex og kröfur til góðra vega.

Verði Kópaskersvegur gerður að þjóðvegi, verða því aukin útgjöld ríkis-

sjóðs helmingur áætlaðs kostnaðar við umbætur, sem létt verður af sýslufélaginu, og svo árlegt viðhald vegarins að öllu.

Hinsvegar viðurkennist, að vegur þessi er orðinn aðalflutningaleið þriggja sveita — Axarfjarðar, Hólsfjalla og Kelduhverfis — úr kaupstað og á því í raun inni líkan rétt á sér að vera þjóðvegur og t. d. Hvammstangabraut og Skagafjarðarbraut.

2. Þskj. 49. *Hafnarvegur* er upphleypt akbraut, sem endurbyggð hefir verið á undanförnum árum, og hefir sá kostnaður verið greiddur að hálfu úr ríkissjóði. Vegurinn er því nú í allgóðu ástandi, en árlegur viðhaldskostnaður mun væntanlega nema um 1200—1500 kr.

Mikill hluti Austur-Skaftafellssýslu á leið um þennan veg í kaupstað; er því svipað um hann að segja og Kópaskersveg, og vil ég ekki leggjast á móti því, að hann verði tekinn í tölu þjóðvega.

3. Þskj. 43. a. *Fljótshlíðarvegur.* Umferð öll að heita má austur yfir Markarfljótsaura liggur nú ekki lengur um þjóðveginn yfir Þverá hjá Hemlu og Garðsauka, heldur inn Fljótshlíð og yfir Aurana milli Teigs og Hamragarða. Er því í raun inni breyting sú eðlileg, sem greind er í 1. tölulið frumvarpsins. Kostnaðarauki yrði ríkissjóði nokkur af breytingu þessari, með því að viðhald Fljótshlíðarvegarins, sem er upphleypt braut, verður talsvert dýrara en viðhald núverandi þjóðvegar. En þar sem ríkissjóður greiðir þegar viðhald Fljótshlíðarvegar að nokkru með tillaginu til sýsluvegasjóðs Rangárvallasýslu, þá býst ég naumast við, að muna myndi meir en 1000—1500 kr. á ári. Þá eru og 2—3 smáár á leiðinni, sem brúa þarf bráðlega og nokkuð hleypir fram kostnaði ríkissjóðs.

Mér þykir eftir atvikum rétt, að þessi breyting nái fram að ganga, en verði þó bundin því skilyrði, að sýslunefnd Rangárvallasýslu taki þjóðvegarkafla þann, sem niður er felldur, í tölu sýsluvega.

Þá kem ég að hinum frumvörpunum, sem ég vil leggja á móti öllum, að nái samþykki.

Samtals eru vegir þeir, sem þar er farið fram á að taka í þjóðvegatölu, um 420 km. að lengd, en nú eru þjóðvegirnir alls um 2150 km. Er því um aukningu að ræða, sem nemur um $^1/_5$ af núverandi vegalengd. Ég neita því samt alls ekki, að vegir þessir eigi yfirleitt mikinn sanngirnisrétt til þess að fé verði veitt úr ríkissjóði til umbóta þeim, en núverandi þjóðvegir verða að mínu áliti að sitja í fyrirrúmi. Fjárveitingar til þeirra má ekki rýra með því að fara að dreifa vegafénu enn meira enn nú verður að gera. Þá er og þess að gæta, að til margra þeirra vega, sem frumvörpin fjalla um, er árlega varið nokkru fé úr ríkissjóði sem styrk til vegabóta hlutaðeigandi sýslufélaga.

Um einstök frumvörp vil ég taka þetta fram:

1. Þskj. 32. *Skeiða- og Hreppavegur.* Skeiðavegur er 12,3 km. að lengd og er upphleyptur akvegur. Var greitt úr ríkissjóði nokkurt fé til byggingar hans í upphafi og til endurbóta nokkrum sinnum síðar. Viðhald hans er nokkuð dýrt, vegna örðugrar aðstöðu að ná í möl í slitlagið. Þyrfti að umbæta miðkafla vegarins með því að leggja í hann grjótlag og möl yfir, og myndi ég fyrir mitt leyti geta mælt með því, að helmingur þess kostnaðar yrði greiddur úr ríkissjóði af fjárveitingunni til akfærra sýsluvega. Viðhald Skeiðavegar má áætla að kosti

að jafnaði um 2500—3000 kr., en 1929 mun kostnaður þó hafa orðið nær tvöfalt þessi upphæð.

Hreppavegurinn frá Húsatóftum á Skeiðum upp að Brúarhlöðum er um 34.7 km. að lengd, og er sú leið lítt veguð enn. Mun ekki kosta minna en 100 þús. kr. að gera þar sæmilegan akveg, og yrði þó notazt við sjálfgerða kafla á melum á nokkrum stöðum.

Þess er full nauðsyn, að akfær vegur komi upp Hreppa, og efast ég ekki um, að fást muni til þeirrar vegagerðar helmingstillag úr ríkissjóði.

2. Þskj. 35. *Borgarfjarðarbraut* er 14,6 km. Hún er lögð að öllu fyrir fé úr ríkissjóði sem flutningabraut og vel til hennar vandað. Sama má segja um *Eyjafjarðarbraut*, sem er 24.3 km. að lengd. Ég tel báðar þessar brautir innansveitarvegi, sem ekki sé rétt að taka í tölu þjóðvega frekar en ýmsa aðra sýsluvegi. Árlegur viðhaldskostnaður þeirra beggja má ætla að nemi 6—8000 kr., og greiðir ríkissjóður þann kostnað nú að nokkru með tillagi til sýsluvegasjóðanna í Mýrasýslu og Eyjafjarðarsýslu.

4. Þskj. 39. *Siglufjarðarbraut.* Vegur milli Siglufjarðar og Fljóta var nokkuð rannsakaður á síðastliðnu sumri, en þó hvergi nærri til fullnustu, með því líka að fleiri en ein leið geta þar komið til greina. Vegarlengd mun vera nálægt 18 km. og er yfir hátt fjall að fara, þar sem hætt er við, að vegurinn muni liggja undir snjó mikinn hluta árs. Ég tel þó víst, að rétt sé að leggja í þann kostnað að gera akveg milli Skagafjarðar og Siglufjarðar, enda þótt hann vitanlega verði mjög dýr. Má nefna sem lauslega áætlun 180 þús. kr. Þætti mér mjög eðlilegt, að ríkissjóður kostaði vegagerðina að mestu, en hinsvegar er ekki ósanngjarnt að gera ráð fyrir einhverju framlagi til vegagerðarinnar frá hlutaðeigendum, sérstaklega frá Siglufjarðarkaupstað.

Meðan vegamál þetta er ekki betur rannsakað, er ég því mótfallinn, að vegur þessi verði gerður að þjóðvegi. Hann hefir til þessa verið í tölu fjallvega og verið haldið reiðfærum um hásumarið.

5. Þskj. 40. *Vestfjarðavegur.* Aðaltillagan fer fram á að taka í tölu þjóðvega vegi milli fjarða, sem eru samtals 43.5 km. að lengd, allt að Rafnseyri við Arnarfjörð, og er leið þessi nú sýsluvegur, en samkvæmt varatillögunni á þjóðvegurinn að ná að Dýrafirði norðanverðum. Eru það um 30.5 km. Að því leyti sem leið þessi liggur um heiðar og fjöll, gæti ég mælt með því, að nokkurt fé yrði veitt árlega af fjárveitingunni til fjallvega til umbóta þar. Sérstaklega vil ég þó taka fram, að ég teldi sanngjarnt, að ríkissjóður kostaði að mestu vegagerð yfir háfjallið milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar, er í það verður ráðizt. Er þar nú akfær leið nema um 6 km. Hefir þessi kafli verið rannsakaður nokkuð af aðstoðarverkfræðingi, og er talið fært að gera þar akveg, en búast má við, að þessi spotti myndi kosta ekki minna en 60 þús. kr. Tel ég rétt, að vegarstæði á þessum kafla verði rannsakað ítarlega og gerð kostnaðaráætlun. Mun þessi kafli leiðarinnar vera sá, er hlutaðeigandi héruð sækja fastast að gerður verði akfær.

6. Þskj. 43. *Fljótshlíðarvegur* hefir þegar verið ræddur. *Landbraut* og *Árbugsveg* tel ég báða innansveitarvegi, sem engin ástæða sé til að taka í tölu þjóðvega frekar en marga aðra sýsluvegi.

Um Landbraut er að vísu talsverð umferð ferðamanna til Heklu og við-

ar, en það eitt réttlætir heldur ekki að flytja veginn í flokk þjóðvega. Báðir þessir vegir, sérstaklega Landvegurinn, hafa og fengið á undanförnum árum alveg sérstakt tillag úr ríkissjóði til þess að létta sýslunni nauðsynlegar umbætur á þeim. En viðhald þeirra greiðir ríkissjóður að nokkru með tillaginu til vegasjóðs Rangárvallasýslu.

7. Þskj. 44. *Úthéraðsvegur.* Leið þessi er öll um 40 km. og lítt veguð nema út að Eiðum, og er þangað um 12,3 km. Til viðhalds og umbóta Eiðaveginum hefir verið lofað helmingstillagi ríkissjóðs, og get ég ekki lagt til, að lengra sé farið. Sá kafli þarf þó talsverðra umbóta við, og býst ég við, að ekki muni standa á helmingstillagi ríkissjóðs, sem veitt er með tilliti til Eiðaskólans.

Frá Eiðum að Óshöfn er yfirleitt vont og dýrt vegarstæði um mýrarsund og holt, og fer ekki hjá því, að kosti nálægt 200 þús. kr. að gera akveg alla þá leið. Í Óshöfn er engin verzlun, en eitthvað mun lagt þar upp af vörum til Úthéraðsmanna endrum og eins. Úthéraðið er strjálbyggt, og tel ég enn ekki fært að fara að leggja fé til vegagerðar slíkrar sem þessarar.

8. Þskj. 56. *Sandgerðisvegur.* Þjóðvegurinn nær nú suður á Reykjanes, allt til Keflavíkur, og engin sýsla er komin jafnlangt og Gullbringusýsla að fullgera vegakerfi sitt. Þar er samþykkt um vegasjóð, sem nýtur tillags úr ríkissjóði, er þannig kostar að nokkru leyti viðhald sýsluveganna. Sandgerðisvegur er 14.26 km. að lengd og er upphleypt akbraut alla leið. Viðhaldskostnaður mun vera nálægt 2000 kr.

9. Þskj. 59. *Vestfjarðavegur.* Frumvarpið nær að nokkru til sömu vega og frv. á þskj. 40, en þó er hér bætt við veginum milli Ísafjarðarkaupstaðar og Hnífsdals. Sá kafli er um 3,5 km. að lengd og er akfær, en þarf umbóta. Hann er sýsluvegur eins og hinir kaflar leiðarinnar, og býst ég við, að fást muni úr ríkissjóði helmingstillag til umbóta á honum.

10. Þskj. 118. *Snæfellsnesbraut.* Leið þessa lét ég rannsaka og mæla á síðastliðnu hausti. Er vegarlengdin öll kringum nesið út fyrir jökul 82,7 km. Samkvæmt áætlun, er gerð hefir verið, kostar um 220 þús. kr. að gera akfæran veg þessa leið alla. Því er ekki að neita, að gagnlegt væri og skemmtilegt að fá akveg þessa leið, en kostnaðurinn er miklu meiri en þeir menn munu hafa gert sér grein fyrir, er beitt hafa sér fyrir mál þetta. Mér þykir sjálfsagt, að helmingstillag fáist úr ríkissjóði til þess fyrst um sinn að gera leið þessa, sem er sýsluvegur, akfæra út að Búðum. Þaðan má að sumarlagi komast í bifreið yfir Fróðárheiði til Ólafsvíkur, og er þaðan skammt til kauptúnsins Sands, en þó ekki akfært.

11. Þskj. 141. *Tjörnesvegur.* Nú er þjóðvegurinn milli Húsavíkur og Keldhverfis ákveðinn um Tunguheiði, en þar kemur aldrei akvegur. Rekur því að breytingu á þessum þjóðvegarkafla, og er um að ræða að flytja þjóðveginn annað tveggja út í kringum Tjörnes eða yfir Reykjaheiði. Báðar þessar leiðir hafa verið athugaðar nokkuð af aðstoðarverkfræðingi, en ég hefi hvoruga farið. Báðar leiðir má gera akfærar, og verður Reykjaheiðarleiðin vafalaust ódýrari og nokkru styttri, en hún er snjóþyngri. Vildi ég mega athuga leiðir þessar nokkru betur áður en ákvörðun verður tekin um, á hvora þeirra skuli flytja þjóðveginn.

12. Þskj. 152. *Vestfjarðavegur.* Þessi tillaga fer enn lengra en tillögurnar

á þskj. 40 og 59, og get ég enn síður mælt með henni. Vegarlengd frá Bíldudal til Þorskafjarðar er röskir 100 km., og liggur leiðin víða um fjöll og heiðar, þar sem ekki kemur til mála, að gerður verði akfær vegur fyrst um sinn. Jafnframt vil ég þó taka fram, að mér virðist sanngjarnt, að veitt sé árlega nokkurt fjallvegafé til umbóta og viðhalds þessari leið, svo sem gert hefir verið undanfarið. Tvær ár eru á þessari leið, Vatnsdalsá og Vattardalsá, sem ákveðið er að brúa í ár og greiða allan brúargerðarkostnað úr ríkissjóði, með því að brýrnar eru á fjallvegi. Nokkrar aðrar ár eru á leið þessari, sem ég mun síðar leggja til, að brúaðar verði á sama hátt.

Ef háttvirt samgöngumálanefnd samþykkir að mæla með, að eitthvert frumvarpa þessara nái fram að ganga, þá vil ég leyfa mér að fara þess á leit, að nefndin flytji jafnframt eftirfarandi breytingartillögur við vegalögin, ella mega þær og bíða síðara tækifæris:

I. Aftan við 3. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Þar, sem mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar eru ekki ákveðin, úrskurðar ráðherra, hvar þjóðvegur endar. Nú nær byggð meðfram slíkum vegi út fyrir mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar, og skal þá ekki telja þjóðveg lengra en þar að, sem byggð telst enda samkvæmt úrskurði ráðherra.

II. Aftan við 15. gr. komi viðauki, svo hljóðandi:

Sýslunefnd ábyrgist gagnvart ráðuneytinu, að sýsluvegum þeim eða öðrum vegum, sem ekki eru þjóðvegir eða fjallvegir, en lagðir hafa verið eða lagðir verða innan sýslunnar með styrk úr ríkissjóði, verði vel við haldið að dómi vegamálastjóra. Skulu vegir þessir vera í tölu sýsluvega, nema samþykki ráðuneytisins komi til að skipa þeim í annan vegaflokk. Nú flyzt einhver kafli slíks vegar, fyrir breytingu á takmörkum lögsagnarumdæmis, í annað lögsagnarumdæmi, og skal það þá jafnframt verða lögaðili um viðhald þess kafla. Nú vanrækir sýslunefnd þær aðgerðir, sem vegamálastjóri hefir talið nauðsynlegar, og getur þá ráðuneytið fyrirskipað sýslunefndinni að framkvæma þær innan tiltekins tíma, og látið framkvæma þær á kostnað sýslusjóðs, ef hún hlýðir ekki fyrirskipuninni.

Ed. **347. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Fyrir »30 smálestir« í 1. og 6. gr. laganna kemur: 60 smálestir.

Nd. 348. Nefndarálit

um frv. til laga um átta stunda vinnudag í verksmiðjum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hl. nefndarinnar getur ekki lagt til, að frv. þetta sé samþykkt, og verður nánari grein gerð fyrir þeirri skoðun í umræðum.

Alþingi, 24. marz 1930.

Magnús Guðmundsson, frsm. Hákon J. Kristófersson.

Ed. 349. Lög

um breyting á lögum nr. 36, 7. maí 1928 [Gengisviðauki].

(Afgreidd frá Ed. 25. marz).

Í stað »til ársloka 1930« í 1. gr. laganna komi: til ársloka 1932.

Ed. **350. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1931.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1931 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlazt til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	260000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1200000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1500000
4.	Aukatekjur	475000	
5.	Erfðafjárskattur	30000	
6.	Vitagjald	350000	
7.	Leyfisbréfagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	360000	
9.	Skólagjöld	20000	
10.	Bifreiðaskattur	70000	
			1315000
11.	Útflutningsgjald		1100000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	425000	
13.	Tóbakstollur	1025000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	850000	
	Flyt ...	2300000	3915000

		kr.	kr.
	Flutt ...	2300000	3915000
15.	Annað aðflutningsgjald	200000	
16.	Vörutollur	1500000	
17.	Verðtollur	1700000	
			5700000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		50000
19.	Pósttekjur	500000	
20.	Símatekjur	1600000	
			2100000
21.	Útvarpstekjur		100000
22.	Vínveitingasala		575000
	Samtals ...	... ...	12440000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
	Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af bönkum		10000
2.	Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	20000	
3.	Væntanlega útdregið af þeim bréfum	24000	
			44000
4.	Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5.	Aðrir vextir...		50000
	Samtals ...	... ...	112000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
4. Tekjur Menningarsjóðs		15000
5. Skemmtanaskattur		75000
Samtals ...	... ...	170000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1931 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.— 20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	140622	
2. Dönsk lán, danskar kr. 162164,82 á 121.70	197354	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8046 - 3 - 6 á 22.00	177015	
		514991
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	167127	
2. Dönsk lán, danskar kr. 357319,14 á 121,70	434857	
3. Enska lánið 1921, £ 2552 - 17 - 11 á 22,00	56163	
		658147
III. Framlag til Landsbankans, 18. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1273138

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins...		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		225000
2. Til yfirskoðunar landsreikninga		4200
Samtals ...	... ...	229200

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun...	35400		
b. Til risnu	8000		
		43400	
2. Til utanferða ráðherra..		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		75000	
4. Annar kostnaður		44000	
5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum		27000	
Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.			
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	12000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
		13900	
Flyt ...		209300	

		kr.	kr.
	Flutt ...	209300	
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans	10000	
			219300
II.	Hagstofan:		
1.	Laun	13000	
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	13000	
3.	Prentun eyðublaða.	2000	
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	5000	
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	25000	
6.	Til að gefa út manntalið 1703...	1000	
			59000
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra 20000		
	b. Húsaleiga... 5000		
	c. Kostnaður við embættið 20000		
	d. Til skrifstofuhalds... 17000		
		62000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	6000	
5.	Gengismunur af upphæðunum í 8. gr. 10. gr. III 1—3	25000	
			109000
	Samtals ...	... ...	387300

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
a.	Laun..	31400	
b.	Annar kostnaður, allt að	5000	
	Þar af 3000 kr. til ritara.		36400
	Flyt ...	... ...	36400

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	36400
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		150000
3. Laun hreppstjóra..		25000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 3 skrifara	25000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
c. Ýms gjöld, allt að..	5000	
d. Til samningar spjaldskrár yfir afsals- og veðmálabækur	3000	
		37200
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun 4 skrifara	15120	
b. Laun 6 tollvarða...	30380	
c. Húsaleiga..	4500	
d. Hiti og ljós	2000	
e. Innheimtukostnaður	16000	
f. Ýms gjöld, allt að	18000	
		86000
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 3 skrifara	23700	
b. Húsaleiga	4000	
c. Hiti og ljós	2400	
d. Ýms gjöld	2900	
		33000
Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
7. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		100000
8. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		1000
9. Til landhelgisgæzlu, gegn allt að 300000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		10000
13. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
14. Borgun til sjódómsmanna		2000
15. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A. ...	... . .	832600

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	35000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		80000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		60000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		15000
Samtals B. ...	... ...	186000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		255000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, allt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn		9450
Styrkurinn skiptist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. —		
Flyt ...	... ...	266450

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	266450
16. Til Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, og til Múlahrepps 250 kr., 550 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna byggðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. 20. Til Árneshrepps í Strandasýslu 600 kr., sé héraðið læknislaust. — 21. Til Loðmundarfjarðarhrepps 150 kr. — 22. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sérstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta héraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:	1000	
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1000	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið		
Ferðastyrkurinn skiptist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		
		3000
6. Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík		1000
7. Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hvor um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.		
8. Til Jóns Kristjánssonar nuddlæknis í Reykjavík ...		1200
enda veiti hann fátæku fólki ókeypis lækningu í nuddlækningastofu sinni, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um þær lækningar.		
Flyt ...	... ...	274150

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	274150
9.	Til geislalækningastofu ríkisins..			12000
10.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar			2500
11.	Styrkur til héraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sér nýrrar læknisþekkingar			3000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.			
12.	Holdsveikraspítalinn			62940
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		7800	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna	12000		
	2. Viðurværi 40 manna (ca. 130 a. á dag)	18740		
	3. Klæðnaður	1500		
	4. Lyf og sáraumbúðir	1400		
	5. Eldsneyti	7600		
	6. Ljósmeti	2000		
	7. Húsbúnaður og áhöld	1800		
	8. Viðhald á húsum	2500		
	9. Þvottur og ræsting..	1500		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemmtanir	600		
	12. Skattar o. fl.	3500		
	13. Ýmisleg gjöld	1500		
			55140	
			62940	
13.	Geðveikrahælið á Kleppi:			
	I. Gamli spítalinn			59625
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		6800	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna	13500		
	2. Búrekstur	16000		
	3. Matvæli	32000		
	4. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
	5. Lyf og sáraumbúðir	500		
		Flyt ... 65500	6800	414215

		kr.	kr.
Flutt ...	65500	6800	414215
6. Ljós og hiti	10000		
7. Viðhald og áhöld	10000		
8. Þvottur og ræsting...	3000		
9. Skemmtanir	750		
10. Skattar m. m....	2500		
11. Óviss gjöld	1400		
		93150	
Þar frá dragast þessar tekjur:		99950	
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
Mismunur ...		59625	
II. Nýi spítalinn			43000
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6500	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	32000		
2. Matvæli	36000		
3. Fatnaður sjúklinga	1000		
4. Fatnaður starfsfólks	1000		
5. Lyf og sáraumbúðir	5000		
6. Ljós og hiti	10000		
7. Viðhald og áhöld	5000		
8. Þvottur og ræsting	4000		
9. Skattar og tryggingar	3000		
10. Skemmtanir	1000		
11. Óviss útgjöld	1500		
		99500	
Þar frá dregst:		106000	
Innborgað frá sjúklingum		63000	
Mismunur ...		43000	
14. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			2800
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		6800	
B. Laun aðstoðarlæknis		6000	
Flyt ...		12800	460015

		kr.	kr.
	Flutt ...	12800	460015
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	28000		
2. Viðurværi..	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting..	5500		
6. Viðhald húsa...	4800		
7. Viðhald véla	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		223140	
Þar frá dragast þessar tekjur:		235940	
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000		
		233140	
	Mismunur ...	2800	
15. Heilsuhælið í Kristnesi:			
Rekstrarkostnaður			3000
16. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, allt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að sjúklingar, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhéraðssjúklingar.		18000	
b. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknabústaði ..		18000	
c. Bólusetningarkostnaður		3500	
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		18000	
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands		2000	
f. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum		7000	
g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		2000	
	Flyt ...	68500	463015

	kr.	kr.
Flutt ...	68500	463015
h. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfélagsins Líknar, gegn a. m. k. jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur ...	4000	
i. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	500	
j. Til félags íslenzkra hjúkrunarkvenna	700	
k. Til geitnalækninga, gegn að minnsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	500	
l. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
m. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
n. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
o. Til Unnar Vilhjálmsdóttur, sjúkrastyrkur	1000	
p. Til Lúðvígs Guðmundssonar skólastjóra, til að leita sér lækninga erlendis...	2000	
		83700
17. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		38000
Samtals ...	... ...	584715

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

A. Póstmál.	kr.	kr.
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	109800	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
c. Bréfhirðingamenn...	22000	
		211800
2. Póstflutningur		200000
3. Annar kostnaður:		
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	15000	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
d. Önnur gjöld	60000	
		115500
Samtals A. ...	... ...	527300

			kr.	kr.
	B.			
	Vegamál.			
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
	1. Laun vegamálastjóra		7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings		5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, allt að		6000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, allt að		24000	
	5. Skrifstofukostnaður, allt að		8000	
				51400
II.	Þjóðvegir:			
	a. Til nýrra akvega:			
	1. Kjósarvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar	20000		
	2. Stykkishólmsvegur	20000		
	3. Holtavörðuheiðarvegur	60000		
	4. Vesturlandsvegur	40000		
	5. Húnavatnssýsluvegur	15000		
	6. Langadalsvegur	10000		
	7. Blönduhlíðarvegur	25000		
	8. Öxnadalsvegur	10000		
	9. Vaðlaheiðarvegur	60000		
	10. Þistilfjarðarvegur	15000		
	11. Jökulsárhlíðarvegur	10000		
	12. Biskupstungnabraut	20000		
	13. Skaftártunguvegur	10000		
	14. Vopnafjarðarvegur	10000		
			325000	
	b. Viðhald og umbætur		200000	
				525000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum			150000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)			70000
V.	Fjallvegir			25000
VI.	1. Til áhalda, allt að		20000	
	2. Til bókasafns verkamanna		300	
				20300
VII.	Til sýsluvega:			
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ... ... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annars-		40000	
		Flyt ...	40000	841700

		kr.	kr.
	Flutt ...	40000	841700
	staðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	80000	
			120000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti	300	
	2. - Skjálfandafljóti	300	
	3. - Blöndu	300	
			900
IX.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		256
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
XI.	Styrkur til Sigurðar Daníelssonar, til byggingar á Kolviðarhóli, síðari greiðsla		6000
	enda hvíli sú kvöð framvegis á húseiganda að halda þar uppi gistingu og greiðasölu fyrir ferðamenn, undir eftirliti og samþykki atvinnumálaráðherra hvað verðlag áhrærir. Jafnframt fellur niður árlegt ríkissjóðstillag til gistihússins.		
XII.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn		3000
	Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum við þjóðbraut.		
XIII.	Til byggingar í Bakkaseli		25000
XIV.	Til byggingar útihúsa í Fornahvammi		4000
XV.	Styrkur til Þorsteins Þorsteinssonar, til þess að reisa gistihús á Húsafelli		4000
XVI.	Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925		5000
	Samtals B. ...	... ...	1014850
	C.		
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	200000	
	b. Eimskipafélags Íslands	60000	
	c. H/f Skaftfellings	24000	
			284000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		91200
	Samtals C. ...	... ...	375200

		kr.	kr.
	D.		
	Til Flugfélags Íslands h/f.		
1.	Styrkur til flugferða	20000	
2.	Til flugvélakaupa...	50000	
	Framlagi þessi (í tölul. 2) er stjórninni heimilt að verja til hlutakaupa í flugfélaginu.		70000
	Samtals D. ...	... ...	70000
	E.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl..		45000
II.	Til einkasíma í sveitum		30000
III.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi héruð		100000
IV.	Til kaupa fjölsímatækja, Reykjavík—Akureyri, fyrri greiðsla		75000
V.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1.	Laun samkvæmt launalögum	360000	
2.	Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna ...	20000	
3.	Ritsímastöðin í Reykjavík	40000	
4.	Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	250000	
6.	Áhaldahúsið	3000	
7.	Ritsímastöðin á Akureyri	15000	
8.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði	16000	
9.	Ritsímastöðin á Ísafirði...	11000	
10.	Símastöðin á Borðeyri	6000	
11.	Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
12.	Símastöðin í Vestmannaeyjum	7000	
13.	Símastöðin á Siglufirði	7500	
14.	Til aukaritsímaþjónustu	3000	
15.	Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	115000	
16.	Afborgun og vextir af láni til L. M. Ericsson o. fl.		
17.	Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, allt að 14100	141000	
	Flyt ... 14100	1013000	250000

		kr.	kr.
	Flutt .. 14100	1013000	250000
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 14000		
	c. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		31700	
18.	Til Steindórs Björnssonar	1200	
19.	Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			1046500
VI.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
VII.	Viðbót og viðhald stöðvanna		55000
VIII.	Til að reisa lofttalstöðvar á Ísafirði og Horni ...		10000
IX.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að		10000
X.	Viðhald landssímanna		180000
XI.	Áframhaldsgjald		25000
XII.	Til kennslu fyrir símamenn...		3000
XIII.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XIV.	Ýms gjöld		7000
	Samtals E. ...	... ...	1628000
	F. Vitamál og hafnargerðir.		
I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1.	Laun vitamálastjóra ... ... Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.	7800	
2.	Laun aðstoðarverkfræðings	6500	
3.	Til verkfróðrar aðstoðar	7000	
4.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	6200	
5.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
			30000
II.	Laun vitavarða.. ... ... Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		28000
	Flyt ...	... ...	58000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	58000
III. Rekstrarkostnaður vitanna		115000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V. Til að reisa nýja vita		80000
VI. Til áhaldakaupa		10000
VII. Ýmislegt		30000
VIII. Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sé það fé fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ...		97000
Af upphæðinni skal verja 6000 kr. til bryggjugerðar í Grindavík, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að, enda séu almenningi tryggð afnot af bryggjunni.		
IX. Til viðgerðar öldubrjótnum í Bolungavík, helmingur kostnaðar (þar af endurveiting kr. 3742,52) allt að	... ..	7500
Verkið sé unnið undir eftirliti vitamálastjórnarinnar.		
Samtals F. ...	... ...	407500
G. Útvarp.		
I. Stofnkostnaður.		
Afborgun og vextir af láni til Marconifélagsins í London		178000
II. Starfrækslan.		
1. Laun útvarpsstjóra	9300	
2. Útvarpsráð og útvarpsefni	33700	
3. Viðhald, ræsting, ljós, hiti, rafmagnsgæzla ...	40000	
4. Yms gjöld	20000	
		103000
Samtals G. ...	... ...	281000

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stéttin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8800	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að	2000	
		10800
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	260000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
7. Til byggingar Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, fyrsta greiðsla af þremur	3000	
		291650
Samtals A. ...	... ...	302450
B.		
Kennslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	93000	
b. Til héraðslæknisins í Reykjavík fyrir kennslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Til kennslu í söng	1000	
e. Til kennslu í bókhaldi	400	
f. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hér halda fyrirlestra í háskólanum, allt að	2000	
Flyt ...	98400	

		kr.	kr.
	Flutt ...	98400	
g.	Námsstyrkur	15000	
h.	Húsaleigustyrkur	9000	
i.	Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans	2500	
j.	Til N. Dungals dócents, fyrir forstöðu rannsóknarstofu háskólans ... ... enda renni allar tekjur af rannsóknunum til ríkissjóðs.	5000	
k.	Til kennsluáhalda læknadeildar...	1000	
l.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kennslu í efnafræði	2800	
m.	Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	4000	
n.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara og dyravarðar ... ... 4000 auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.		
	2. Ýms gjöld 5000		
		9000	
o.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskipta	750	
p	Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, þriðja greiðsla af fjórum	2500	
q.	Til stúdentagarðs (endurveiting)	25000	
			174950
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b.	Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs ... ... Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.	12000	
c.	Til Jens Jóhannessonar læknis, til sérfræðináms í háls-, nef- og eyrnalækningum	1200	
d.	Til Gunnars Bjarnasonar, til þess að ljúka námi í vélaverkfræði í Mittweida í Þýzkalandi.	1000	
			38200
	Flyt ...	... ...	213150

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	213150
III. Menntaskólinn almenni:			
a. Laun		74200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	1000		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	7000		
3. Til skólahússins utan og innan ...	3000		
4. Til stundakennslu og til prófdómenda, allt að	25000		
5. Húsaleigustyrkur handa 15 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ...	1125		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2800		
7. Læknisþóknun	500		
8. Til kennslutækja	2000		
9. Ýmisleg gjöld	3500		
10. Til verðlaunabóka	200		
11. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
		48125	
			122325
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		29000	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakennslu	12000		
2. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
3. Til bóka og kennsluáhalda	2000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
Flyt ...	23200	29000	335475

		kr.	kr.
Flutt ...	23200	29000	335475
6. Til dyravörzlu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Til viðhalds	2000		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		29100	
			58100
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakennsla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Rókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	3000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		15500	
			34500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1500		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Til áhaldakaupa	10000		
5. Ýmisleg gjöld	2500		
		15800	
			29300
VII. Vélstjóraskólinn:			
a. Laun		8800	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	1000		
2. Húsnæði	5400		
Flyt ...	6400	8800	457375

		kr.	kr.
Flutt ...	6400	8800	457375
3. Ljós og hiti	1300		
4. Ræsting	700		
5. Til prófhalda	800		
6. Ýms gjöld	500		
		9700	
			18500

Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minnsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.

VIII. Bændakennsla:

1. Til bændaskólans á Hólum:
   - a. Laun 9650
   - b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu 1450
   - c. Önnur gjöld:
     1. Til verklegs náms, allt að 2500
     2. Til kennsluáhalda ... 800
     3. Til eldiviðar og ljósa... 3500
     4. Ýmisleg gjöld 3000
     9800

   20900

2. Til bændaskólans á Hvanneyri:
   - a. Laun 8550
   - b. Til smíða- og leikfimikennslu ... 1300
   - c. Önnur gjöld:
     1. Til verklegs náms, allt að 2400
     2. Til kennsluáhalda... ... 500
     3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000
     4. Ýmisleg gjöld 3000
     8900

   18750

Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstím-

Flyt ...		39650	475875

	kr.	kr.
Flutt ...	39650	475875
ann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kennslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sé í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3. Til steinsteypukennslu	4000	
		43650
IX. Iðnfræðsla:		
a. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
b. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	2000	
c. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, til skólahalds	1200	
d. Til Iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds	800	
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
e. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	5000	
Þar af 1000 kr. til Jóns Sigurðssonar, til þess að nema nýjustu aðferðir við byggingar úr járnbentri steinsteypu.		
		15000
X. Verzlunarskólar:		
a. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	6000	
b. Til Sambands samvinnufélaganna, til þess að halda uppi verzlunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..	6000	
		12000
XI. Ljósmæðraskólinn:		
1. Laun forstöðumanns	1000	
Flyt ...	1000	546525

		kr.	kr.
	Flutt ...	1000	546525
2. Til verklegrar kennslu:			
a. Laun þriggja ljósmæðra í Rvík ...	900		
b. Annar kostnaður, allt að	500		
		1400	
3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, allt að		6700	
			9100
XII. Kvennaskólar:			
1. Til kvennaskólans í Reykjavík:			
a. Húsaleigustyrkur	5000		
b. Rekstrarkostnaður, gegn að minnsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	21000		
c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að	4000		
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ...	1000		
		31000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:			
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	14000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að...	2000		
c. Til endurbóta á skólahúsinu ...	4000		
		20000	
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			
			51000
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að...	2000		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, allt að	1000		
		8600	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		300000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		30000	
	Flyt ...	338600	606625

		kr.	kr.
	Flutt ...	338600	606625
4.	Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, allt að... ...	7000	
5.	Til prófdómara við barnapróf	10000	
6.	Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkv. skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, allt að	40000	
7.	Til fræðslumálarits...	800	
8.	Utanfararstyrkur handa barnakennurum	3000	
			399400
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	a. Laun 10500		
	b. Til hannyrða, leikfimi og smíðakennslu 2000		
	1. Til kennsluáhalda ... 800		
	2. Til eldiviðar og ljósa ... 4000		
	3. Ýmisleg gjöld 3000		
	4. Til viðhalds skólahúss og húsgagna... 2000		
	5. Til smíðastofu og smíðatólakaupa 1000		
	10800		
		23300	
2.	Til gagnfræðaskóla í Reykjavík...	3000	
3.	Til héraðsskóla samkv. l. nr. 32 1929	55000	
4.	Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur og Akureyrar, allt að	35000	
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sé minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kennslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
5.	Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, allt að helmingi kostnaðar	30000	
	Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sé ákveðinn, áætlun og teikning samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði		
	Flyt ..	146300	1006025

	kr.	kr.
Flutt ...	146300	1006025
reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn héraðseign.		
5. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^2/_3$ kostnaðar, allt að	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sé samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.		
6. Til bókasafna við unglingaskóla	2000	
7. Til þess að gefa út kennslubækur handa skólum	3000	
		171300
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
2. Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað.	5000	
Styrkir samkvæmt tölul. 1.—2 eru bundnir því skilyrði hvor um sig, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerðir skólanna.		
3. Til þess að reisa húsmæðraskóla, allt að helmingi byggingarkostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sé ákveðinn, áætlun og teikning samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni.		
4. Til kvenfélagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	6000.	
Noti félagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
5. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal.	1500	
		37500
XVI. Til kennslu heyrnar- og málleysingja m. m.		26000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
Flyt ...	... ...	1240825

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1240825
XVII. Blindrakennsla:		
1. Til kennslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að	1000	
2. Til Sigurbjargar Sveinsdóttur, til framhaldsnáms á blindraskóla í Kaupmannahöfn	1200	
3. Til blindra manna, til þess að nema körfugerð og þesskonar iðnað innanlands, samkv. nánari fyrirmælum atvinnumálaráðuneytis	2400	
		4600
XVIII. Sundkennsla o. fl.:		
1. Til sundkennslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennsla þessi fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfé, njóti kennslunnar ókeypis.	300	
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkennslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	3000	
3. Til sundkennslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkennslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda séu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, allt að	20000	
		26300
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kennslu í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		1800
XX. Til íþróttakennslu		4000
XXI. Til Íþróttasambands Íslands		6000
XXII. Til Unnar Jónsdóttur, utanfararstyrkur til þess að fullnuma sig í íþróttakennslu		1500
XXIII. Til Helga Tryggvasonar, utanfararstyrkur til þess að kynna sér hraðritunarkennslu og skólamál ...		1500
XXIV. Til Skáksambands Íslands		1500
Samtals B. ...	... ...	1288025

15. gr.

Til vísinda, bókmennta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. bókavarðar, 500 kr., og til 2. bókavarðar 1000 kr.	1500	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	15000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	2000	
j. Ýmisleg gjöld	1000	
		47460
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6600	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		13100
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7300	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, allt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, allt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	1500	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
Þjóðminjasafnið sé opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
f. Til Hóladómkirkju, til endurbóta	1000	
		14850
4. Náttúrufræðifélagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
Flyt ...	... ...	78810

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	78810
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til þriggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar...	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði ... ... enda skal starfrækja safnið í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar.	1000	
		7000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenzka bókmenntafélags . ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenzka fornbréfasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafélagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að félagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ...		6800
12. Til Fornleifafélagsins		800
13. Til Sögufélagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14. Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar að		1200
15. Til Bjarnar K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái þjóðskjalasafnið afrit af skránni		1000
16. Til Sigurðar Skúlasonar, til þess að halda áfram rannsóknum í menningarsögu þjóðarinnar		800
17. Til Árna Þórarinssonar, til ritstarfa		600
Flyt ...	... ...	114810

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	114810
18.	Til Benedikts Björnssonar skólastjóra, til ritstarfa ...		1500
19.	Til Margeirs Jónssonar, til fræðistarfa, er snerta mál og menningarsögu Íslands.		1000
20.	Til Odds Oddssonar, til ritstarfa um íslenzka þjóðhætti		1000
21.	Til útgáfu allt að 20 arka af þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1500
22.	Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, allt að		5000
23.	Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
24.	Til Leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1500
25.	Til Leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		1000
26.	Til Arndísar Björnsdóttur, til leiklistarnáms erlendis.		2000
27.	Til Sigrúnar Magnúsdóttur, til leiklistarnáms við leikskóla konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn. ...		2000
28.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		2500
29.	Til Maríu Markan, til lokanáms í söngleiklist		1500
30.	Til Karlakórs Reykjavíkur, til söngnáms		1000
31.	Til Þórðar Kristleifssonar, utanfararstyrkur til söngfræði- og söngkennslunáms		1200
32.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		6000
33.	Til Halldórs Kiljans Laxness, til ritstarfa		2000
34.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sé safnið eign ríkisins.		2400
35.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum, enda sé handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
36.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
37.	Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga		1500
	Flyt ...	... ...	160210

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	160210
38. Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
		8000
39. Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
40. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sé nýtt ...		1000
41. Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		1000
42. Til Stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja upplýsingaskrifstofu		1200
43. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
44. a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sé almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
b. Til sama, til aðstoðar	1200	
		8000
45. Til fréttastofu blaðamannafélagsins		2500
46. Til þess að kaupa Grænlands-bókasafn Einars Benediktssonar handa Landsbókasafni		5000
47. Ferðastyrkur til útlanda		6000
48. Til Menningarsjóðs (sbr. tekjul. 5. gr. 4.)		15000
49. Til þjóðleikhúss (sbr. tekjul. 5. gr. 5.)		75000
50. Þóknun fyrir störf menntamálaráðs Íslands (sbr. 1. gr. laga nr. 7, 12. apríl 1928)		3000
Samtals ...	... ...	291910

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		250000
Flyt ...		250000

		kr.	kr.
	Flutt ...		250000
2.	Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, allt að		10000
	Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfélag Íslands.		
3.	Til sandgræðslu		40000
	Þar af 5000 kr. til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi.		
4.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		430000
5.	Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
6.	Tillag til Búnaðarbankans:		
	a. Til byggingar- og landnámssjóðs	200000	
	b. Til bústofnslánadeildar	50000	
	c. Til ræktunarsjóðs:		
	1. Afgjöld þjóðjarða 30000		
	2. Kostnaðartillag 7000		
	3. Hluti af útflutningsgjaldi 63000		
		100000	
	d. Til lánadeildar smábýla	50000	
			400000
7.	Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna, samkv. lögum um verkamannabústaði...		33000
8.	Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		50000
9.	Til að rannsaka og gera tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, gegn fimmtungs framlagi frá hlutaðeigandi héruðum, allt að		15000
10.	Til Garðyrkjufélags Íslands:		
	Laun garðyrkjustjóra		4000
11.	Til skógræktar:		
	a. Laun	11910	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	16000	
	c. Til Hákonar Á. Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms...	1200	
			29110
12.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	900	
			17900
	Flyt ...	... ...	1294010

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1294010
13.	Til rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna		20000
14.	Til fjárkláðalækninga		6000
15.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		500
16.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	4800	
	b. Til aðstoðar	5600	
	c. Húsaleiga	3000	
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
	e. Til áhaldakaupa	800	
			15400
17.	Til veðurstofu Íslands:		
	a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
	b. Til aðstoðar	12350	
	c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	10000	
	d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
	e. Til loftskeytatækja	800	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	4000	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
	h. Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum	2000	
			56600
18.	Til landmælinga		45000
19.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
20.	Til Fiskifélagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		90000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
21.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskyfirmatsmanna	16600	
	b. Launauppbót fiskyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfé.		
	c. Laun 4 ullarmatsmanna	2200	
	d. — 6 kjötmatsmanna	5000	
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	10000	
			42000
	Flyt ...	... ...	1575510

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1575510
22.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		8000
23.	Til markaðsleitar erlendis		10000
24.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
25.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, kr. 1,50 fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún framleiðir, allt að		6000
26.	Til Sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga ... ... Þar af 800 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði á Norður- og Austurlandi.		6000
27.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði		1000
28.	Til Guðmundar Einarssonar myndhöggvara, til þess að setja upp leirbrennsluverksmiðju		5000
29.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
30.	Til Ingu L. Lárusdóttur, til þess að safna fyrirmyndum forns listiðnaðar í söfnum erlendis		3000
31.	Til Kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna ...		600
32.	Til Kvenfélagasambands Íslands		10000
33.	Til Bandalags kvenna		450
34.	Til kvenréttindafélags Íslands		500
35.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
36.	Handa Ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Félagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið.		7500
37.	Til Bandalags skáta		500
38.	Til Dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		1000
39.	Laun húsagerðarmeistara...		7800
40.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita, á móti byggingar- og landnámssjóði ... ... enda greiðist engin borgun fyrir leiðbeiningarnar.		4000
41.	Til Hjálpræðishersins í Reykjavík, byggingarstyrkur til gistihúss, síðari greiðsla		5000
	Flyt ...	... ...	1665660

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1665660
42. Til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts...		10000
43. Til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Hornafjarðarfljóts og Hólmsár (fyrri greiðsla)		4000
44. Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, síðari greiðsla		6000
45. Til þess að gera laxastiga í Lagarfoss, 1/3 kostnaðar, allt að		3300
46. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
47. Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		8000
48. Til vatnsrennslismælinga		2000
Samtals ...	... ...	1700760

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga ... ... Þar af til greiðslu legukostnaðar Eiðs Kvarans erlendis, 5 kr. fyrir legudag, þó ekki yfir 1500 kr.		800000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafélags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		7000
4. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík...		3500
5. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6. Til slysatryggingar		10000
Flyt ..	... ...	881000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	881000
7.	Til slysavarna, allt að ... ... Af framlagi þessu skal verja 8000 kr. til þess að fullgera veg, er flytja megi eftir björgunarbát milli Sandgerðis og Stafness.		18000
8.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9.	Til bjargráðasjóðs		24000
10.	Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11.	Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		8000
12.	Til Rauðakrossfélags Íslands		1000
13.	Til slysatryggingarsjóðs félagsins Dagsbrúnar		500
14.	Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		300
15.	Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		400
16.	Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Framsóknar í Reykjavík		500
17.	Til sjúkrasjóðs Félags járnsmíðanema í Reykjavík ...		200
18.	Til styrktarsjóðs sjómannafélags Vestmannaeyja		500
19.	Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins Drífanda í Vestmannaeyjum		500
20.	Til styrktarsjóðs Margrétar Bjarnadóttur frá Bergvík, til hjálpar fátækum ekkjum og börnum sjómanna í Gerða- og Keflavíkurhreppum...		500
21.	Tillag til Alþjóðabjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
	Samtals ...	... ...	982400

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	36439,64	
	b. Embættismannaekkjur og börn	17457,65	
	c. Prestsekkjur	5977,44	
	Flyt ...	59874,73	

		kr.	kr.
	Flutt	59874,73	
d. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923		2500,00	
e. — — — — 51 1921		1000,00	
II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			63374,73
a. Embættismenn:			
1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ...	600,00		
2. — Sigurðar Kvarans héraðslæknis	405,00		
3. — Þorvalds Pálssonar læknis... ...	300,00		
		1305,00	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7. — Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8. — Rannveigar Tómasdóttur	600		
9. — Önnu Gunnlaugsson	900		
10. — Kristbjargar Marteinsdóttur	1200		
11. — Kristínar Jacobson	600		
12. — Guðnýjar Jónsdóttur	400		
13. — Kirstínar Þ. Blöndal	300		
14. — Guðlaugar Magnúsdóttur...	2000		
15. — 2 barna hennar	200		
16. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
17. — Jenny Forberg	600		
18. — Ástu Hallgrímsson	600		
19. — Ástu Einarson	600		
20. — Aðalbjargar Sigurðardóttur	1200		
21. — Dómhildar Jóhannsdóttur	1200		
22. — Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	1300		
23. — Soffíu Johnsen læknisekkju	500		
24. — Kristínar Þórarinsdóttur læknisekkju	400		
25. — Sigríðar Blöndal læknisekkju... ...	300		
Flyt ...	16725	1305,00	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt 16725	1305,00	63374,73
26. Til Hrefnu Einarsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með einu barni í ómegð	700		
		17425,00	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2. — Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4. — Sigurðar prófasts Gunnarssonar	662,25		
5. — Guttorms Vigfússonar	600.00		
6. — Björns Þorlákssonar	208,00		
7. — Stefáns Jónssonar	370,00		
8. — Jóns Þorsteinssonar	390,00		
9. — Jóns Árnasonar	445,00		
10. — Þórðar Ólafssonar	555,00		
11. — Páls Stephensens	355,00		
12. — Einars Jónssonar, sjá fjárl. 1930	3000,00		
		8190,25	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Auðar Gísladóttur	300,00		
2. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
3. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
4. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
5. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
6. — Guðrúnar Pétursdóttur	300,00		
7. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
8. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
9. — Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	600,00		
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
11. — Kirstínar Pétursdóttur	300,00		
12. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
13. — Steinunnar Pétursdóttur	300,00		
14. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
15. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
16. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
17. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
Flyt ...	5167,10	26920,25	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt ...	5167,10	26920,25	63374,73
18.	Til Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
19.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
20.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
21.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
22.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
23.	— Önnu Stefánsdóttur	200,00		
24.	— Helgu Skúladóttur	227,06		
25.	— Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
26.	— Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L.L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	432.00		
27.	— Arndísar Pétursdóttur	137,90		
28.	— Guðnýjar Þorsteinsdóttur	173,56		
29.	— Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík	135,37		
30.	— Jakobínu Sigurgeirsdóttur frá Borg	157.44		
31.	— Kamillu Briem	170,57		
32.	— Kristínar Jónsdóttur prófastsekkju á Brjánslæk	300,00		
			8216,63	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3.	— Magnúsar Einarssonar	500,00		
4.	— Elínar Briem Jónsson	300,00		
5.	— Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6.	— Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7.	— Guðmundar Björnssonar	150,00		
8.	— Jóns Strandfelds...	150,00		
9.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
10.	— Ragnheiðar Torfadóttur	400.00		
11.	— Pals J. Árdals	800,00		
12.	— Jóhannesar Sigfússonar	1800,00		
13.	— Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	700,00		
14.	— Sigurjóns Rögnvaldssonar... ...	200,00		
15.	— Ástu Magnúsdóttur kennaraekkju	200,00		
			7010,00	
	Flyt ...		42146,88	63374,73

			kr.	kr.
		Flutt ...	42146,88	63374,73
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
	1. Til Guðm. Kristjánssonar	300		
	2. — Böðvars Jónssonar	300		
	3. — Þóru Matthíasdóttur	300		
	4. — Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
	5. — Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts	200		
	6. — Jens Þórðarsonar	300		
	7. — Friðriks Möllers	1200		
	8. — Anínu Arinbjarnardóttur	200		
	9. — Eliesers Eiríkssonar	200		
	10. — Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
	11. — Jóhannesar Þórðarsonar	300		
	12. — Guðm. Kristjánssonar	300		
	13. — Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
	14. — Friðriks Klemenzsonar	2000		
	15. — Óla P. Blöndals	1800		
	16. — Kristjáns Blöndals	1000		
	17. — Böðvars Sigurðssonar pósts ...	300		
	18. — Einars Árnasonar, fyrrum pósts ...	200		
	19. — Steindórs Hinrikssonar pósts ...	300		
	20. — Ólafs Ólafssonar pósts	200		
	21. — Halldórs Benediktssonar pósts ...	200		
	22. — Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar	1000		
	23. — Friðriks Jónssonar pósts	450		
	24. — Einars Ólasonar fyrrum pósts ...	300		
	25. — Þórodds Bjarnasonar pósts	1200		
			13750,00	
g.	Ritböfundar:			
	1. Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
	2. — Valdimars Briems	1200		
	3. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	500		
	4. — Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
	5. — Þorsteins Gíslasonar	2000		
	6. — Guðmundar Friðjónssonar	1200		
	7. — dr. Helga Péturss	4000		
	8. — Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu...	1000		
		Flutt ... 16400	55896,88	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt ... 16400	55896,88	63374,73
9.	Til Einars Benediktssonar 4000		
10.	— Stefáns frá Hvítadal 2000		
11.	— Jakobs Thorarensens 1000		
12.	— Sigurjóns Friðjónssonar 1000		
13.	— Guðmundar Kambans 2000		
		26400,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:		
1.	Til Jakobínu Pétursdóttur 200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur 300,00		
6.	— 1 barns hennar 100,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur 600,00		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson 1200,00		
		3300,00	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu 400		
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með barni hennar, sem er í ómegð 400		
3.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður 500		
4.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður 500		
5.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður 500		
6.	— Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður 500		
7.	— Oddnýjar Guðmundsdóttur, júbilljósmóður 500		
8.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ... 500		
9.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður ... 400		
10.	— Kristínar Jónasdóttur ljósmóður ... 300		
11.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ... 300		
12.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður 300		
13.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður 300		
	Flyt ... 5400	85596,88	63374,73

			kr.	kr.
	Flutt ...	5400	85596,88	63374,73
14.	Til Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
15.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
16.	— Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður	200		
17.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
18.	— Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður	300		
19.	— Jakobínu Jensdóttur	300		
20.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
21.	— Sigurveigar Jónatansdóttur ljósmóður	300		
22.	— Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
23.	— Halldóru Metúsalemsdóttur ljósmóður	300		
24.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ...	200		
25.	— Margrétar Jónsdóttur ljósmóður ...	200		
26.	— Guðrúnar Jónasdóttur ljósmóður	200		
27.	— Guðrúnar Magnúsdóttur ljósmóður	200		
28.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
29.	— Páls Erlingssonar	1200		
30.	— Erlends Zakaríassonar	300		
31.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
32.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
33.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
34.	— Jakobs Björnssonar fyrv. síldarmatsmanns	1600		
35.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
36.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
37.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	800		
38.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
39.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
	Flyt ...	15500	85596,88	63374,73

		kr.	kr.
Flutt ...	15500	85596,88	63374,73
40. Til Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
41. — Halldóru Pétursdóttur Briem	600		
42. — Kristjönu Benediktsdóttur	400		
43. — Bjargar Guðmundsdóttur	400		
44. — Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
45. — Henriette Kjær...	600		
46. — Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
47. — Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2400		
48. — Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
49. — Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
50. — Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey...	300		
51. — Halldóru Þórðardóttur	600		
52. — Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrv. spítalaráðskonu	300		
53. — Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu	500		
54. — Guðleifar Erlendsdóttur fyrv. hjúkrunarkonu	300		
55. — Sigurðar Péturssonar fangavarðar	1000		
56. — Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ...	300		
57. — Susie Briem, ekkju Halldórs Briems	800		
58. — Gunnlaugs Indriðasonar veðurfræðings	700		
		27300,00	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar		1000,00	
k. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
			116896,88
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			70508,64
Samtals		... ...	250780,25

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1931 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	... ...		1273138,00	
—	8. —	... ...		60000,00	
—	9. —	... ...		229200,00	
—	10. —	... ...		387300,00	
—	11. —	A.	832600,00		
—	11. —	B.	186000,00		
				1018600,00	
—	12. —	... ...		584715,00	
—	13. —	A.	527300,00		
—	13. —	B.	1014850,00		
—	13. —	C.	375200,00		
—	13. —	D.	70000,00		
—	13. —	E.	1628000,00		
—	13. —	F.	407500,00		
—	13. —	G.	281000,00		
				4303850,00	
—	14. —	A.	302450,00		
—	14. —	B.	1288025,00		
				1590475,00	
—	15. —	... ...		291910,00	
—	16. —	... ...		1700760,00	
—	17. —	... ...		982400,00	
—	18. —	... ...		250780,25	
—	19. —	... ...		100000,00	
—	20. —	... ...		10000,00	
					kr. 12783128,25

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	... ...		12440000,00	
—	3. —	... ...		34600,00	
—	4. —	... ...		112000,00	
—	5. —	... ...		170000,00	
					— 12756600,00
				Tekjuhalli kr.	26528,25

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafélagi Íslands allt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufélaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1930, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sé framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum, sem nemi allt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

IV. Að greiða séra Kjartani Helgasyni fyrrv. prófasti í Hruna full prestslaun.

V. Að veita Halldóri Arnórssyni umbúðasmið eftirgjöf á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni, 5500 kr.

VI. Að veita eftirgjöf á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni Ostagerðarfélags Önfirðinga, kr. 9141,67.

VII. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 620 þús. kr. láni fyrir Siglufjarðarkaupstað til raforkuveitu, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, enda fái Fljótamenn rafmagn hjá orkuverinu með kostnaðarverði, svo mikið, sem raforkuráðunautur landsstjórnarinnar telur hæfilegt eftir mannfjölda.

VIII. Að ábyrgjast allt að 40000 kr. húsakaupalán fyrir kvennaskóla Reykjavíkur, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

IX. Að ábyrgjast, gegn endurábyrgð sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu, lán, er nemi 4/5 hlutum kostnaðar við byggingu rafmagnsstöðvar fyrir Súðavíkurhrepp, allt að 60 þús. kr., enda sé lánið tekið innanlands.

X. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 90000 kr. láni fyrir samvinnufélag Eskfirðinga, til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meira en 3/4 af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna og ábyrgð Eskifjarðarhrepps og Suður-Múlasýslu. Forstöðumaður félagsins og annar endurskoðandi skulu samþykktir af ríkisstjórninni. Taka verður lánið í innlendri lánsstofnun eða innanlands.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1931, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1930 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 351. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjarstjóra á Siglufirði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv.; meiri hl. leggur á móti því, að lögleyft sé, að bæjarstjórn Siglufjarðar kjósi sér sjálf bæjarstjóra. Ég tel þetta hinsvegar sjálfsagðan hlut, og það því fremur, sem allir hinir kaupstaðirnir, að einum undanskildum, hafa þennan rétt í nýsamþykktum lögum frá Alþingi.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. marz 1930.

Jón Baldvinsson,
form.

Nd. 352. Nefndarálit

um frv. til laga um vigt á síld.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed. Fjórir nefndarmenn eru frv. samþykkir, en sá fimmti (ÓTh) er því andvígur. Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, frá 20 til 2000 kr.

Alþingi, 25. marz 1930.

Sveinn Ólafsson, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, frsm. og fundaskr.	Ásg. Ásgeirsson.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 353. Nefndarálit

um frv. til laga um fiskveiðasjóðsgjald.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Fyrir $^1/_4$% í 1. gr. komi: $^1/_8$%.
Frekari skýrsla í framsögu.

Alþingi, 25. marz 1930.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. Ásg. Ásgeirsson. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.

Ólafur Thors, með fyrirv. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 354. Lög

um heimild handa ríkisstjórninni til að veita lögfræðikandídat Jóni Emil Ólafssyni embætti á Íslandi.

(Afgreidd frá Nd. 26. marz).

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita lögfræðikandídat Jóni Emil Ólafssyni embætti á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 355. Frumvarp

til laga um túnyrkju í Nesjum í Hornafirði.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að greiða Ræktunarfélagi Nesjahrepps styrk úr ríkissjóði, sem nemi $^2/_3$ kostnaðar við ræktun á 300 ha. lands til túnyrkju,

og skal ræktun þessari lokið innan 8 ára frá þeim degi að telja, sem byrjað er á framkvæmdum.

2. gr.

Heimild sú, er 1. gr. veitir, kemur fyrst til framkvæmda þegar hlutaðeigendur hafa stofnað ræktunarfélag á samvinnugrundvelli og samþykkt fyrir það hefir náð staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Í samþykkt skal tilgreina, hverjar jarðir og jarðeigendur taka þátt í félagsskapnum og hve mikið land sé ætlað til ræktunar á hverju býli, um skuldbindingar jarðeiganda og eignarhöft á býlunum vegna ræktunarinnar, um samvinnu um ræktun landsins, stjórn félagsskaparins o. fl., er að þessu lýtur.

4. gr.

Til framkvæmda ræktuninni heimilast félaginu að taka lán í Búnaðarbanka Íslands, gegn ábyrgð félagsins og tryggingu í hinu nýyrkta landi, er nemi allt að $^{2}/_{5}$ kostnaðar, en það, sem til vantar ($^{1}/_{5}$ kostnaðar), leggi hlutaðeigendur fram sjálfir.

5. gr.

Undirbúningur og eftirlit með ræktun þessari sé falið Búnaðarfélagi Íslands. Það skal og meta kostnað allan við ræktunina, og má greiða ríkissjóðsstyrkinn eftir því mati.

6. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða styrk þann, er 1. gr. heimilar, jafnframt sem verkinu miðar áfram, eftir því sem mat Búnaðarfélagsins ákveður hann.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frv. er að styðja skipulagsbundinn félagsskap bænda í Nesjahreppi í Hornafirði til að efla túnrækt sveitarinnar. Markmið þessa félagsskapar yrði að draga úr árlegum rekstrarkostnaði bænda, auka framleiðslumöguleika búanna, bæta framleiddar afurðir þeirra og breyta þeim með vinnu í seljanlegar vörur.

Til er ætlazt, að þátt taki í þessum félagsskap öll býli sveitarinnar, 27 að tölu. Er gert ráð fyrir, að meðaltúnaukning á hvert býli nemi 11—12 ha., er ræktist upp á 8 árum.

Frá náttúrunnar hendi eru skilyrði til slíkra ræktunarframkvæmda mjög góð. Eftir athugunum gerðum á ræktunarskilyrðum sveitarinnar telst svo til, að ræktanlegt land þar sé um 3300 ha. Meginhluti þess er samfellt graslendi, mýrar og móar með djúpum og frjóum jarðvegi. Land þetta er af kunnáttumönnum í ræktunarmálum álitið að vera eitt af beztu túnræktarsvæðum þessa lands. Engjalönd eru í sveitinni fremur rýr, og einkum gerist nú hin síðari ár erfitt að nytja þau, þar sem þau yfirleitt alls ekki eru véltæk, en vinnuafl er dýrt. Öflun út-

heysskapar er mjög fólksfrek, svo heimaaflað útheysfóður verður mjög dýrt, borið saman við notagildi þess.

Vegna sérstæðrar aðstöðu sveitarinnar viðvíkjandi sumarhögum búfjár, þar sem hún engin afréttarlönd hefir og búfénaður því yfirleitt verður að ganga í heimahögum sumarlangt, og með tilliti til þess, sem að framan er bent til um örðugleika á útvegun verkafólks og hækkandi verðlags á kaupgjaldi, þá er augljóst, að sveitin þarf nú þegar að breyta um búskaparhætti sína. Bændur verða að rækta það land, sem þarf undir bú, er framfleytir á sómasamlegan hátt fjölskyldu þeirra, og auka kúabúin. Með frv. þessu verður lagður grundvöllur til að búendurnir geti framkvæmt þessar nauðsynlegu umbætur og breytingar á búrekstri sínum á næstu 8 árum. Með félagslegum samtökum og þeim stuðningi, er frv. gerir ráð fyrir, ætti þetta ekki að verða hlutaðeigendum ofvaxið, en að afloknum framkvæmdum bæta fjárhagsafkomu bænda á staðnum.

Ræktað land í Nesjum er um 94 ha., eða sem svarar til 3,4 ha. á hvert býli. Töðufall í meðalári mun vera nálægt 3500 hestburðir, eða sem svarar 36 hestburðir af ha. Meðalútheysafli sveitarinnar er 6000 hestburðir. Lætur þá nærri, að meðalheyafli á býli sé 345 hestburðir. Til að bændur gætu aflað sama fóðurgildis á ræktuðu landi, sem nemur útheysaflanum, þyrfti túnaukningin að nema 100 ha., miðað við meðaleftirtekju af ræktuðu landi.

Á þeim heyafla hefir verið framfleytt á undanförnum árum sem næst þessum búpeningi: 180 nautgripum, 3800 fjár og 280 hrossum.

Meðaleftirtekju af því landi, sem gert er ráð fyrir að gefi beina aukning á fóðurframleiðslu hreppsins, sem yrði $^3/_5$ hlutar nýræktarinnar eða 200 ha. alls, má reikna 40 hestb. af ha., eða 8000 hestb. alls.

Yrði miðað við, að bændur fjölguðu af búpeningsgreinunum aðeins nautpeningi sínum, þá gæti bústofnsaukningin orðið 200 nautgripir, og myndi þá mega telja um 300 mjólkandi kýr á svæðinu, eða 11 kýr að meðaltali á býli. Mjólkandi kýr eru nú aðeins 4 að meðaltali á heimili og nægir mjólk þeirra til heimilisnotkunar. Má því gera ráð fyrir, að bústofnsaukningin, 7 kýr á meðalheimili, framleiði mjólk til vinnslu mjólkurafurða til sölu.

Til þess að hagnýta og koma í seljanlega vöru hinni auknu mjólkurframleiðslu, er gert ráð fyrir, að rísi upp á félagssvæðinu mjólkurbú, er framleiði smjör og osta með öllum nauðsynlegum útbúnaði til framleiðslu á fyrsta flokks vörum.

Um kostnaðarhlið þessara framkvæmda má taka fram, að miðað við ræktunarkostnað almennt, verður þess að vænta, að ræktunin, framkvæmd í svo stórum stíl eftir hagkvæmu skipulagi, reynist mjög ódýr. Til jarðvinnslu yrði notað jöfnum höndum véla- og hestafl, þannig að bændum geti hagnýzt það hestafl, er heimilin hafa, við þau ræktunarstörf, þar sem það reynist hagkvæmara en vélanotkunin, svo sem við sáningu, dreifing áburðar. Vélavinnan aftur á móti við hina eiginlegu jarðvinnslu, plæging og herfun, og ef til vill að einhverju leyti við framræsluna líka. Ætla má, að kostnaður á hvern ha. fari ekki fram úr kr. 900, að frádregnu verði þeirrar eftirtekju, sem fæst meðan á ræktuninni stendur.

Hinn eiginlegi styrkur, sem hér er farið fram á af opinberu fé, reiknað með hinu áætlaða verði, yrði 360 kr. á ha. En samkvæmt gildandi lögum

yrði styrkur á framræslu, girðing og ræktun á ha. fast að 300 kr., og er því þessi styrkur aðeins 20 % hærri en hinn almenni ræktunarstyrkur er nú.

Þegar þess er gætt, að hér er um mikilsverða tilraun að ræða til betra skipulags og breyttra búnaðarhátta, virðist ekki nema sanngjarnt, að slíkt fyrirtæki njóti nokkurs stuðnings bæði um styrk og hagkvæmar lánveitingar.

Til þess að tryggja skipulag og framkvæmd þessa máls er ætlazt til, að Búnaðarfélagi Íslands sé falinn allur undirbúningur og umsjón með framkvæmd verksins, og ætti það að gerast hlutaðeigendum að kostnaðarlausu, enda yrði það jafnframt að hafa á hendi hið sjálfsagða eftirlit með viðhaldi ræktunarinnar á meðan hvíla á henni skuldbindingar vegna lántöku til fyrirtækisins.

Ed. 356. Frumvarp

til laga um gagnfræðaskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Reykjavík, Ísafirði og Akureyri skulu vera gagnfræðaskólar. Heimilt er ennfremur fyrir landsstjórnina að láta efna til gagnfræðaskóla á Siglufirði og Norðfirði, þegar kaupstaðir þessir óska þess og uppfylla skilyrði þessara laga.

2. gr.

Markmið gagnfræðaskólanna er að veita ungmennum, sem lokið hafa fullnaðarprófi barnafræðslunnar, kost á að afla sér frekari hagnýtrar fræðslu, bóklegrar og verklegrar, gera þá nýtari þegna þjóðfélagsins og hæfa til að stunda nám í ýmsum sérskólum.

3. gr.

Stofnkostnaður gagnfræðaskólanna greiðist að þrem fimmtu hlutum af hlutaðeigandi bæjarfélagi, en að tveim fimmtu hlutum úr ríkissjóði, enda samþykki kennslumálastjórnin skólastað, uppdrætti og lýsingu af skólahúsinu. Bæjarfélög þau, sem nefnd eru í 1. gr., skulu leggja til hæfilega skólalóð og leikvöll endurgjaldslaust, en kennslumálastjórnin teikningu, ef þess er óskað.

4. gr.

Gagnfræðaskólar skulu vera samskólar fyrir pilta og stúlkur. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær. Auk þess má gagnfræðaskóli, með leyfi kennslumálastjórnar, hafa framhaldsnám hinn þriðja vetur í hagnýtum fræðum, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Kennsla í hverri ársdeild má ekki standa skemur en sex mánuði (sbr. þó 16. gr.), og ekki lengur en sjö og hálfan mánuð.

5. gr.

Inntökuskilyrði í 1. bekk gagnfræðaskólanna eru þessi: 1. Að hafa lokið fullnaðarprófi barnafræðslunnar. 2. Að vera ekki haldinn af næmum sjúkdómi. 3. Að vera 14 ára að aldri. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá síðast talda skilyrðinu, ef honum virðist ástæða til, enda sé umsækjandi fullra 13 ára. Heimilt er og að ákveða í reglugerð próf í einstökum námsgreinum sem inntökuskilyrði. Ef fleiri sækja um inntöku í einhvern bekk gagnfræðaskóla en húsrúm leyfir, ræður prófeinkunn skólavist, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

6. gr.

Kennslan skal miða að því að glæða námfýsi nemenda og koma þeim til að starfa á eigin hönd, og skal um námsefni jafnan höfð hliðsjón af því, hvað ætla má að komi nemendum að gagni í lífinu. Sérstakt tillit skal taka til atvinnuhátta landsins og skólahéraðsins, einkum að loknu fyrsta árs námi.

Þessar námsgreinar skal kenna í gagnfræðaskólum: Íslenzku og íslenzkar bókmenntir, sögu, dönsku eða sænsku, ensku, landafræði, náttúrufræði, almennan reikning, ásamt undirstöðu í flatarmáli og rúmmálsfræði. Þau atriði félags- og lögfræði, sem mest koma við daglegu lífi. Ennfremur dráttlist, söng, íþróttir og hagnýt vinnubrögð.

Heimilt er skólastjórum að veita nemendum undanþágu frá einstökum námsgreinum, einkum erlendum tungumálum, enda leggi þeir þá því meiri stund á önnur námsefni skólans, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

7. gr.

Eftir nám í fyrsta bekk skal ljúka ársprófi; eftir nám í öðrum bekk gagnfræðaprófi. Eftir nám í framhaldsbekk próf því, sem reglugerð ákveður. Skólastjóri ræður skyndiprófum. Þau skulu vera skrifleg og fyrirvaralaus.

8. gr.

Kennarar gagnfræðaskólanna prófa hver í sinni kennslugrein og eru prófdómendur hver hjá öðrum við árspróf. Kennslumálaráðuneytið skipar prófdómendur við burtfararpróf, og velja þeir verkefnin við prófin.

9. gr.

Fimm manna skólanefnd hefir yfirumsjón hvers gagnfræðaskóla. Kýs bæjarstjórn með hlutfallskosningu fjóra menn til þriggja ára, en kennslumálaráðuneytið skipar hinn fimmta, sem jafnframt er formaður, til jafnlangs tíma. Þó getur kennslumálaráðuneytið falið skólanefnd barnaskólanna umsjón gagnfræðaskóla, þegar bæjarstjórn óskar þess.

10. gr.

Hver skólanefnd semur reglugerð fyrir sinn skóla um kennslu, próf og annað, er lýtur að starfi skólans, en kennslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd

skal vera í ráðum með skólastjóra um bóka- og áhaldakaup, annast fjárstjórn skólans og gera til kennslumálastjórnarinnar tillögur um skipun skólastjóra og ráðningu kennara.

11. gr.

Skólastjórar við gagnfræðaskólana skulu skipaðir af kennslumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefndar. Fasta kennara ræður kennslumálaráðuneytið, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Heimilt er skólanefnd að segja kennara upp starfi með eins árs fyrirvara. Auk skólastjóra er heimilt að ráða einn fastan kennara fyrir fyrstu 30 nemendurna og úr því einn kennara fyrir hverja 30 nemendur eftir meðaltali síðustu 3 ára. Í nýjum gagnfræðaskóla skal tala fastráðinna kennara ákveðin þrjú fyrstu árin af skólanefnd í samráði við kennslumálastjórnina.

Kennarar, sem ráðnir eru með föstum samningi, skulu kenna 27 stundir á viku, en skólanefnd ákveður kennsluskyldu skólastjóra, með samþykki kennslumálastjórnarinnar.

Skólastjóri setur stundakennara fyrir hvert skólaár, með samþykki skólanefndar.

12. gr.

Fyrir mánaðardvöl hvers reglulegs nemanda í gagnfræðaskóla skal greiða úr ríkissjóði í skólasjóð 16 krónur, gegn 24 króna lágmarksframlagi úr hlutaðeigandi bæjarsjóði.

13. gr.

Innanbæjarnemendur skulu ganga fyrir öðrum um skólavist og að jafnaði njóta ókeypis kennslu. Þó má skólanefnd, þegar sérstök ástæða þykir til, með samþykki kennslumálastjórnarinnar ákveða skólagjöld, sem nemi 20 kr. um skólaárið fyrir stúlku, en 40 kr. fyrir pilt. Aldrei má þó leggja skólagjald á meira en helming innanbæjarnemenda. Utanbæjarstúlkur greiði 40 kr. í skólagjald, en utanbæjarpiltar 80 kr. yfir skólaárið.

14. gr.

Nú eru haldin námsskeið við gagnfræðaskóla í bóklegum eða verklegum fræðum, eigi skemur en 2 mánuði og kennsla hvers nemanda 12 stundir á viku eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 6 kr. fyrir mánaðarkennslu hvers nemanda, gegn 9 kr. lágmarksframlagi úr bæjarsjóði. Nemendur greiði kennslugjald í hlutfalli við námstímann eftir ákvörðun skólanefndar. Nánari fyrirmæli um námsskeið þessi skulu sett í reglugerð hvers gagnfræðaskóla.

15. gr.

Ríkissjóðstillög og hið lögmælta framlag bæjarsjóðs, svo og kennslugjöld renna í skólasjóð, og stendur hann straum af rekstri skólans. Nú nægja ekki þessar tekjur til rekstrar gagnfræðaskóla, og greiðist þá úr hlutaðeigandi bæjarsjóði það, sem á vantar rekstrarkostnaðinn.

16. gr.

Í reglugerð fyrir gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum má ákveða, að námstíminn sé skemmri en 6 mánuðir árlega, en þó skulu próf þaðan vera hin sömu og við aðra gagnfræðaskóla, enda sé samanlagður kennslutími til prófs þar jafnlangur og í öðrum hliðstæðum skólum.

17. gr.

Við gagnfræðaskólann í Reykjavík skipar kennslumálastjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri njóta sömu launakjara og forstöðumaður Kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara og fastir kennarar við þann skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði, enda greiðist enginn ríkissjóðsstyrkur fyrir hina fyrstu 30 nemendur þessa skóla. Þessi sérstöku hlunnindi gagnfræðaskólans í Reykjavík falla niður um leið og þeir menn láta þar af störfum, sem nú gegna þessum embættum.

18. gr.

Ríkissjóður lætur á árunum 1930, 1931 og 1932 reisa hús handa gagnfræðaskólanum í Reykjavík. Leggur bærinn til ókeypis lóð, sem kennslumálaráðuneytið tekur gilda, þar sem séð er fyrir eðlilegri vaxtarþörf skólans og annara skóla og skyldra stofnana, sem síðar kynni að þykja heppilegt að reisa við hlið hans. Ennfremur skal Reykjavíkurbær leggja til vatn með kostnaðarverði úr hitaveitu bæjarins til að hita skólabygginguna. Ríkissjóður leggur fram $^{2}/_{5}$ byggingarkostnaðar, allt að 90 þús. kr., en Reykjavíkurbær $^{3}/_{5}$ hluta.

Meðan ekki er komin til afnota fyrir gagnfræðaskóla Reykjavíkur (núverandi ungmennaskóla) bygging sú, er hér um ræðir, skal Reykjavíkurbæ skylt að sjá skólanum fyrir húsrúmi, sem kennslumálastjórnin tekur gilt, en landsstjórnin greiðir $^{3}/_{5}$ húsaleigunnar.

19. gr.

Ungmennafræðsla í kauptúnum og sveitum, sem hvorki þessi lög né lög nr. 37 1929, um héraðsskóla, taka til, skal styrkt samkvæmt reglum, er kennslumálastjórnin setur, af því fé, sem árlega er til þess veitt í fjárlögum.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi að því er snertir ákvæði 18. gr. þegar í stað, en að öðru leyti 1. okt. 1930.

Ed. 357. Frumvarp

til laga um fræðslumálastjórn.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra kennslu- og skólamála.

2. gr.

Fræðslumálastjóri stýrir framkvæmdum í kennslu- og skólamálum. Hann sér um að gildandi lögum og fyrirmælum um fræðslumál sé hlýtt og heimtar allar nauðsynlegar skýrslur um skólahald í landinu.

Álits fræðslumálastjóra skal leitað um öll skólamál, sem undir fræðslumálaráðuneytið falla. Þó er Háskóli Íslands undanskilinn ákvæðum þessara laga.

Kennslumálaráðuneytið getur falið fræðslumálastjóra fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af, enda sendi hann ráðuneytinu ársfjórðungslega skrá um þau mál, er þannig hafa verið afgreidd.

Nánar skal ákveða í reglugerð um skyldur og störf fræðslumálastjóra.

3. gr.

Laun fræðslumálastjóra skulu vera jöfn launum þeirra embættismanna, sem taldir eru í 1. málsgrein 17. gr. laga nr. 71 1919, um laun embættismanna, en skrifstofukostnaður greiðist eftir reikningi, samþykktum af ráðuneytinu.

4. gr.

Fyrir barnaskóla, héraðsskóla og gagnfræðaskóla skulu vera skólaráð. Fræðslumálastjóri er formaður og framkvæmdarstjóri þeirra. Í skólaráði sitja auk hans:

1. Fyrir héraðs- og gagnfræðaskóla: Einn maður kosinn af félagi héraðsskólakennara og annar kosinn af föstum kennurum gagnfræðaskóla í kaupstöðum.
2. Um skólaráð barnaskóla fer eftir lögum nr. 19 1928, um fræðslumálanefndir.

Ráðuneytið setur reglugerð um kosningar, skyldur og störf skólaráða.

5. gr.

Skólaráð gera tillögur til kennslumálaráðuneytisins um námsskrár, kennslubækur, kennsluáhöld og tilhögun prófa, hvert á sínu sviði.

Kostnaður við skólaráð telst til skrifstofukostnaðar fræðslumálastjóra. Skólaráðsmenn gegna störfum endurgjaldslaust.

6. gr.

Við barnaskóla skal vera kennslueftirlit. Til eftirlitsins skulu skipaðir hinir hæfustu barnakennarar, einn fyrir hvert eftirlitssvæði til fimm ára í senn. Eftirlitssvæði skulu einkum fara eftir sýslum og kaupstöðum, en þó má víkja frá því, þegar annað þykir hentara.

Eftirlitsmenn skulu a. m. k. einu sinni á ári koma í hvert skólahérað í sínu umdæmi, á þeim tíma, sem kennsla fer fram, og senda skólanefnd og fræðslumálastjóra árlega skýrslu um fræðsluástand síns héraðs.

Eftirlitskennurum skal skylt að halda þau próf, sem fræðslumálastjórnin fyrirskipar, og veita leiðbeiningar um kennslu og skólaskipun. Fræðslumálastjórnin setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsvið eftirlitskennara og störf þeirra.

7. gr.

Laun og ferðakostnaður eftirlitskennara barnaskólanna greiðist úr ríkissjóði eftir þeim reglum, sem fræðslumálastjórnin setur. Launa- og ferðakostnaðargreiðslur til þeirra mega ekki fara fram úr 15 þús. kr. á ári, og falla þá niður launagreiðslur úr ríkissjóði til prófdómenda samkv. 18. gr. laga nr. 40 1926, um fræðslu barna. Kostnaður, sem af prófum leiðir, greiðist hér eftir úr sveitar- eða bæjarsjóðum, enda skulu skólanefndir skipa prófdómendur.

8. gr.

Til kennslueftirlits við aðra skóla skulu settir skólafróðir menn um stundarsakir, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

9. gr.

Fræðslumálastjóri hefir yfirstjórn kennslueftirlitsins og lítur eftir skólum sjálfur, eftir því sem ástæður leyfa.

10. gr.

Fræðslumálastjóri hefir yfirumsjón með þeim skólabókasöfnum og alþýðubókasöfnum, námskeiðum og fyrirlestrum, er styrk fá úr ríkissjóði, og heimtar um allt þetta árlegar skýrslur.

11. gr.

Fræðslumálastjóri skal árlega gefa út yfirlitsskýrslu um allt skólahald í landinu.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin ákvæði, er fara í bág við þessi lög.

Ed. 358. Breytingartillögur

við frv. til laga um sveitabanka og bústofnslánafélög.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Lán sveitabanka skulu eigi veitt til lengri tíma en 6 mánaða í einu, og venjulega eigi framlengd lengur en svo, að allur lánstíminn verði eitt ár.
   Lánin skulu veitt gegn víxlum, skuldabréfum eða í reikningslánaviðskiptum.
2. Við 20. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
   Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í búfé lántakanda eða öðrum þeim tryggingum, er félagsstjórnin tekur gildar. Séu lánin veitt gegn veði í búfé eingöngu, mega þau ekki nema meiru en helmingi verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá.

Nd. 359. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 24, 15. júní 1926, um bryggjugerð í Borgarnesi.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

Hafnarnefnd Borgarness getur ákveðið að taka í sínar hendur og reka fyrir reikning hafnarsjóðs alla út- og uppskipun á vörum í kauptúninu. Skal hafnarnefnd þá semja gjaldskrá fyrir út- og uppskipun, er atvinnumálaráðherra staðfestir, að fengnu samþykki sýslunefndar Mýrasýslu.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni hafnarnefndarinnar í Borgarnesi, er telur hagkvæmt að hafa þessa heimild í lögum.

Ed. 360. Lög

um greiðslu verkkaups.

(Afgreidd frá Ed. 27. marz).

1. gr.

Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnum við verzlanir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum

starfsmönnum á skipum, sem á fiskiveiðar ganga, síldveiðar eða hvalveiðar, hvort sem eru seglskip, mótorbátar eða gufuskip, nema verkkaupið sé hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglaunamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir, og má eigi greiða kaupið með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið,

Sama er og, ef verk er unnið í ákvæðisvinnu við einhverja þessa atvinnugrein.

2. gr.

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi við verksmiðjur, verzlanir, byggingar, ístöku og útgerð og ennfremur við fermingu og affermingu skipa og báta, svo og iðnaðarmönnum, er vinna hjá öðrum að iðn sinni, skal greitt verkkaupið vikulega að minnsta kosti, nema öðruvísi sé um samið.

Ákvæði um þetta nær þó ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

3. gr.

Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 2. gr. fyrstu málsgr., í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt að minnsta kosti vikulega, ef verkinu eða verkshluta, sem kauptaxtinn eða umsamin upphæð verkkaups miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sé ekki öðruvísi um samið, þegar verkinu er lokið.

Sama gildir um iðnaðarmenn, er taka að sér verk og vinna það fyrir ákveðið kaup eða taka að sér verk í ákvæðisvinnu, ef iðnaðarmaður vinnur verkið einn eða með venzlamönnum sínum, með atvinnufélaga eða með nemendum, er hann hefir tekið til iðnnáms.

4. gr.

Heimilt er verkafólki og iðnaðarmönnum að krefjast þess, að mál út af greiðslu verkkaups samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvarnarþing annarsstaðar.

Réttargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups, og lög um viðauka við þau lög, nr. 55, 31. maí 1927.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **361. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1929.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1929, eru veittar samkv. 2.—9. gr. hér á eftir kr. 647416,21.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

	kr.	kr.
Til undirbúnings ríkisprentsmiðju		3374,34

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Til radio-móttökutækja handa Laugarnesspítala ..	1079,00	
2.	Húsaleiga dr. Helga Tómassonar frá september 1928 til maí 1929	1753,63	
3.	Til viðgerðar á húsinu nr. 12 í Kirkjustræti ...	7000,00	
4.	Kostnaður vegna mænusóttar	3000,00	
			12832,63

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

1.	Til umbóta og breytinga á pósthúsinu á Ísafirði	25592,08	
2.	Til póst- og símahúss í Neskaupstað	17041,20	
3.	Til aðgerðar á akbraut að Kristneshælinu	300,00	
			42933,28

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1.	Til aðgerðar á húsum á Bergþórshvoli	441,86	
	Flyt	441,86	59140,25

		kr.	kr.
	Flutt	441,86	59140,25
2.	Til aðgerða á prestssetrinu í Vallanesi...	3000,00	
3.	Kostnaður við uppfyllingu á kirkjugarði í Rvík	11801,90	
4.	Álag á Presthólakirkju	1500,00	
5.	Styrkur til húsmæðraskóla í Þingeyjarsýslu ...	7000,00	
6.	Aðgerð og breytingar á Menntaskólanum	26000,00	
7.	Aðgerð skólahússins á Eiðum...	10000,00	
8.	Til bændaskólans á Hvanneyri	2280,43	
9.	Styrkur handa Hallgrími Þorbergssyni, til að rannsaka nokkur skólamál í Noregi og Danmörku	1000,00	
10.	Til aðgerðar á Kennaraskólanum	2000,00	
11.	Styrkur til rekstrar Laugarvatnsskóla	3000,00	
12.	Til Laugaskóla: Byggingarstyrkur	5000,00	
13.	Til sama skóla fyrir gólfdúka...	2722,21	
14.	Til Knattspyrnufélags Reykjavíkur, styrkur til umbóta á nýkeyptu húsi félagsins...	2000,00	
			77746,40

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Styrkur til Guðm. Kambans	2400,00	
2.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar, fyrir girðingarefni ... ... d. kr.	1248,90	
3.	Til eirsteypu af ýmsum myndum í listasafni Einars Jónssonar ... ... d. kr.	2800,00	
4.	Styrkur handa söngkór til Danmerkurferðar ...	7500,00	
5.	Styrkur handa glímumönnum til Þýzkalandsfarar	2000,00	
			15948,90

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Til sjómælinga á Húnaflóa	51537,30	
2.	Til húsaleigu, ljósa og hita í teiknistofu húsameistara ríkisins...	4278,97	
3.	Til Skeiðaáveitunnar	6000,00	
4.	Til flugferða	32000,00	
5.	Til trjáplöntunar við ýmsar opinberar byggingar	1982,31	
			95798,58

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1.	Til frú Dómhildar Jóhannsdóttur, ekkju Magnúsar Kristjánssonar ráðherra	1680,00	
	Flyt	1680,00	248634,13

		kr.	kr.
	Flutt	1680,00	248634,13
2.	Til frú Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar póstmeistara, frá 1. maí	933,32	
3.	Til frú Sigríðar Blöndal, ekkju Björns Blöndals, fyrrv. héraðsl.	420,00	
4.	Til Jakobs Björnssonar, fyrrv. síldarmatsmanns, frá 1. marz til 31. des.	1866,66	
5.	Til Sigurðar Péturssonar, fyrrv. fangavarðar, frá 1. júlí	700,00	
6.	Til frú Halldóru Þórðardóttur, ekkju Gísla Guðmundssonar gerlafræðings, frá 1/10 1928	1030,00	
7.	Til Sig. H. Kvarans, fyrrv. héraðsl., frá 1. júní...	330,71	
8.	Til frú Kristbjargar Marteinsdóttur, ekkju Sigurðar Jónssonar ráðherra, frá 1. júní	490,00	
9.	Til frú Guðríðar Helgadóttur, ekkju sira Jóhs. L. L. Jóhannssonar, frá 1. apríl	453,60	
10.	Til ungfrú Sigríðar Magnúsdóttur, hjúkrunarkonu, frá 1. okt.	175,00	
			8079,29

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin i 19. gr. er veitt:

1.	Kostnaður við för 5. bekkinga Menntaskólans til Hornafjarðar...	2500,00	
2.	Greiðsla til hátíðanefndar Alþingis til undirbúnings hátíðarinnar...	128126,00	
3.	Til Magnúsar Torfasonar sýslumanns, til utanfarar...	3000,00	
4	Greiðsla til húsameistara, vegna alþingishátíðarinnar, til flutnings og byggingar húsa á Þingvöllum o. fl.	136872,44	
5.	Greiðsla til vegamálastjóra, til ýmsra aðgerða á Þingvöllum vegna alþingishátíðarinnar...	44188,20	
6.	Til undirbúnings lögskipaðrar réttritunar	1000,00	
7.	Til útgáfu ríkisgjaldaskýrslna árin 1925 og 1927	6756,00	
8.	Til kostnaðar við kirkjumálanefnd..	7100,00	
9.	Til greiðslu á tunnutolli 1919...	61160,15	
			390702,79
	Samtals...		647416,21

Athugasemdir við frumvarpið.

Um 2. gr.

1. Ríkisprentsmiðjan tók til starfa nú um nýárið, en áður en kaup fóru fram á Gutenberg þurfti að gera ýmiskonar rannsóknir viðvíkjandi þessu máli, og eru þetta útgjöld við undirbúning þennan. Þar sem ríkisprentsmiðjan á að verða sjálfstætt fyrirtæki, gæti komið til mála að prentsmiðjan tæki að sér þennan kostnað, ef Alþingi sýndist það rétt leið.

Um 3. gr.

1. Vegna sjúklinganna á Laugarnesi hefir verið keypt vandað útvarpstæki, til að auka heimilisgleði þeirra.
2. Húsaleigu Helga Tómassonar varð að greiða frá því hann kom til að undirbúa starfrækslu spítalans og þar til hann flutti í hús það, er landið lét reisa handa lækninum við nýja Klepp.
3. Dyravörður Háskólans hefir haft ókeypis bústað í húsinu nr. 12 í Kirkjustræti, sem er eign ríkissjóðs. Þessu húsi hefir verið illa viðhaldið og lá undir stórskemmdum af þakleka o. fl. Húsið allt og íbúðarherbergin voru svo af sér gengin, að hinn nýi dyravörður, sem tók við dyravarðarstöðunni síðastliðið haust, treystist ekki til að flytja í húsið eins og það var. Var þá ekki annað fyrir en að greiða fyrir hann húsaleigu á öðrum stað. Var því talið réttara að bíða ekki með aðgerð á húsinu, sem ekki varð hjá komizt hvort sem var. Enda ódýrara fyrir ríkissjóð heldur en að greiða húsaleigu fyrir dyravörðinn úti í bæ og láta þessa eign skemmast meira en orðið var.
4. Fram að þessu hefir verið haldið áfram eldri venju að styrkja að nokkru fátæka sjúklinga með mænuveiki.

Um 4. gr.

1. Vegna þess að húsrúm það, sem notað var til póstafgreiðslu á Ísafirði, var allsendis ófullnægjandi, en gott kaup bauðst þar á stóru og að ýmsu leyti vönduðu og vel byggðu húsi, var það keypt, en þar sem á því varð að gera mjög miklar breytingar til þess að gera það hæft og hentugt sem pósthús, varð að verja til þess þessu fé.
2. Þessu fé var varið til þess að kaupa hús til síma- og póstafgreiðslu í Neskaupstað og breyta því eins og þurfti til þess að gera það hæft og hentugt í þessu skyni.
3. Eftir að Kristneshælið var byggt, óx mjög umferð um þann hluta af sýsluvegi Eyfirðinga, sem liggur milli Akureyrar og Kristness. Þoldi hann ekki umferðina og var orðinn lítt fær af sliti. Þótti ekki annað gerlegt en að láta gera við kafla af vegi þessum vegna Kristneshælis.

Um 5. gr.

1. Húsið á Bergþórshvoli hefir verið gert nokkru veglegra en venjulegt prests-

setur, vegna þess hve merkur sögustaður það er. Er eyðsla þessi í því sambandi.

2. Hús það, sem keypt var á Vallanesi, er að vísu mjög stórt, en var svo kalt og óþægilegt til íbúðar, að núverandi sóknarprestur gat ekki haldizt við í húsinu nema þessi viðgerð væri framkvæmd.
3. Kirkjugarðurinn hefir enn sem fyrr þurft mikillar aðgerðar við, en ekki varð komizt hjá að halda áfram uppfyllingunni.
4. Söfnuðurinn tók að sér Présthólakirkju, sem var í mjög slæmu ástandi, gegn því að fá þetta álag.
5. Viðbótarstyrkur til að ljúka við húsmæðraskóla Þingeyinga, var greiddur að hálfu, eins og styrkur sá, sem þingið veitti, gegn jafnmiklu framlagi frá sýslusjóði og sýslubúum. Skólinn er nú tekinn til starfa og gengur einkar vel.
6. Viðgerð Menntaskólans hefir haldið áfram árið sem leið og verður væntanlega lokið nú í ár. Hefir verið gerð gagngerð umbót á miklum hluta aðalhússins, en einkum á bókhlöðunni, sem fram að þessu hefir verið til fremur lítils gagns fyrir skólann, og er bókhlaðan nú komin í svo gott horf, að litlu mun þar þurfa við að bæta um langa framtíð.
7. Skólahúsið á Eiðum og hið gamla hús á staðnum, sem bústjórinn býr nú í, þurftu bæði umbóta við, einkum timburhúsið, og eyddist þessi upphæð til þess.
8. Upphæð þessi er það, sem gjöld skólans fóru fram úr áætlun 1928. Voru það einkum gjöld til verklegs náms, sem ollu þessari umframgreiðslu, en það var kr. 1529.90 af upphæðinni. Má vera að réttara hefði verið að setja þetta sem umframgreiðslu á hlutaðeigandi fjárlagaliðum.
9. Hallgrími Þorbergssyni fjárræktarmanni var veittur þessi styrkur til að kynna sér skóla fyrir smábændur og nýbýlismenn. Er ætlazt til þess, að hann geti orðið leiðbeinandi í þessum efnum hér á landi.
10. Þingið hefir veitt nokkurt fé til aðgerðar á Kennaraskólanum, og byrjaði sú aðgerð árið sem leið, en verður væntanlega lokið nú í ár.
11. Laugarvatnsskóli var styrktur síðastliðið ár eftir tölu nemenda í sömu hlutföllum og við aðra héraðsskóla.
12. og 13. Lokið var við byggingu Laugaskóla árið sem leið og er þetta greiðsla í því skyni. Ennfremur var veitt fé til að leggja gólfdúka á steingólfin í Laugaskóla, með því að það hafði komið í ljós, að óhollusta stafaði af dúklausum gólfum fyrir skólafólkið.
14. Knattspyrnufélag Reykjavíkur hefir tilfinnanlega skort húsnæði. Nú hefir það nýlega ráðizt í að kaupa »Báruna«. Húsið þurfti mikilla endurbóta, og hefir þetta allt orðið þungur baggi á félaginu. Hins vegar hefir þetta félag unnið mjög þarft verk með útbreiðslu allskonar íþrótta. Bæjarsjóður Reykjavíkur hefir veitt félaginu talsverðan fjárstyrk vegna húskaupanna, þótti og rétt að ríkissjóður veitti félaginu þessa litlu fjárhæð gegn því að félagið greiddi fyrir fólki utan af landi, sem dvelur um stundarsakir í Reykjavík, með því að veita kennslu og aðgang að félagsskapnum.

Um 6. gr.

2. Nauðsyn þótti að setja smekklega en ódýra girðingu utan um lóð þá, er fylgir listasafni Einars Jónssonar.
3. Einar Jónsson hefir smátt og smátt fengið sumar minni myndir sínar eirsteyptar, stundum með gjöfum einstakra manna, stundum með framlagi úr landssjóði, og var lagt til þess að þessu sinni.
5. Kostnaður glímumanna varð svo mikill í Þýzkalandi, að eigi þótti fært annað eftir atvikum en rétta þeim hjálparhönd.

Um 7. gr.

1. Samkv. beiðni atvmrn. hefir verið ávísað 1. okt. 1929 kr. 300.00, 21. okt. kr. 7500 og 23. nóv. 297.34. Meira sést ekki vera greitt að tilhlutun atvmrn. Auk þessa var sendiherrann í Kaupmh. 1. okt. 1929 beðinn að borga Friðriki Ólafssyni skipstjóra 300 kr. á mánuði meðan hann dveldi ytra við sjómælinganám, en hvað sú upphæð hefir orðið, er ókunnugt.
2. Þarfnast ekki skýringa.
3. Samkv. beiðni atvmrn. hafa Búnaðarfélagi Íslands vegna Skeiðaáveitunnar verið greiddar 6000 kr. 12. júní 1929, upp í væntanleg útgjöld við efniskaup o. fl., vegna upptöku vatns í aðalskurð Skeiðaáveitunnar. Skeiðaáveitan fékk loforð ráðuneytisins með bréfi 10. s. m. um allt að 9000 kr. tillag úr ríkissjóði, til þess að borga aðfengið efni og verkstjórn við framkvæmd nauðsynlegra mannvirkja, til þess að ná vatni í aðfærsluskurð Skeiðaáveitunnar. Var þetta gert eftir tillögum Bún.fél. Íslands, með því að sýnt þótti, að ef ekkert væri að gert fengist ekkert vatn til áveitunnar.
4. Þessar 32000 kr. voru greiddar með kr. 10000 31. ágúst 1929 og kr. 22000 3. okt. s. á. Af síðari upphæðinni voru 10000 kr. greiddar samkv. áskorun alþingismanna, en 12000 kr. samkv. áskorun frá miðstjórn Sjálfstæðisflokksins og var fé þetta allt notað til að halda úti flugvélum þeim, sem hér voru í ferðum síðastliðið sumar, bæði til pósts og farþegaflutnings og síldarleitar. Ennfremur var aðalpóstmeistara falið að greiða til flugferðanna 10000 kr. úr póstsjóði, sem mun hafa verið gert.
5. Gerð var tilraun síðastliðið vor að planta trjáplöntum á lóðum ríkisins, svo sem Arnarhólstúni, við stjórnarráðið, menntaskólann, landsbókasafnið, kennaraskólann og málleysingjaskólann. Stóð Sigurður Sigurðsson búnaðarm.stj. fyrir þessu verki, og lítur út fyrir að það muni vel gefast.

Um 8. gr.

1.—10. Samskonar fjárveitingar eru frá 1. jan. 1930 teknar upp í fjárlög.

Um 9. gr.

1. Síðastliðið vor var tekin upp sú venja, að 5. bekkingar úr báðum menntaskólunum, fengu tækifæri til að fara ferð í 10 daga, með náttúrufræðiskennurum sínum, til að kynnast landinu og náttúru þess, þar sem fegurð er mikil og margt að læra. Voru í þessu skyni keypt tjöld og ýmiskonar út-

búnaður handa báðum skólunum og verður það varanleg eign þeirra, og væntanlega notað á hverju ári. Verður því fremur lítill árlegur kostnaður við ferðir þessar framvegis, þótt þeim verði haldið áfram, sem líklegt þykir.

6. Lengi hafði verið mikill glundroði á réttritun í landinu, og hafði ekki tekizt þrátt fyrir ítarlegar tilraunir, að fá nokkurt samkomulag um málið. En í raun og veru vantaði aðeins herzlumuninn að fá samkomulag meðal hinna málfróðustu manna um ákveðna réttritun, er væri eins nærri fornmálinu og eðli tungunnar leyfir. Var málinu síðan lokið með þeim hætti, sem allar líkur benda til að varað geti um langan aldur.
7. Nefnd sú, er vann veturinn 1927—28 að því að skýra fyrir þjóðinni nánar en nokkru sinni hafði verið gert áður, til hvers fé landssjóðs sé varið, hafði gefið út hina fyrstu ýtarlegu skýrslu er til var um þetta efni. Síðan hélt ríkisbókari Einar Markússon áfram þessu starfi fyrir árin 1925 og 1927.
8. Kirkjumálanefnd hefir nú starfað nokkurn hluta úr tveim vetrum og gengið frá allmörgum og sumum mjög merkilegum frumvörpum, er sum hafa verið lögð fyrir þetta þing, og þó fleiri, sem enn verða lögð fram á þessu þingi. Með því að í nefnd þessari eiga sæti bæði fulltrúar presta og leikmanna má vænta þess, að upp af starfi nefndarinnar muni á næstu árum spretta margskonar ný löggjöf um kirkjuleg málefni landsins. Var þess því fremur þörf, þar sem kirkjan hefir um alllanga stund lítið tækifæri haft til að bera áhugamál sín fram á þingi þjóðarinnar.
9. Samningsbundin greiðsla til Norðmanna.

Ed. 362. Frumvarp

til laga um bókhald.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga, með þeim undantekningum, sem um getur í 3. gr.

2. gr.

1 Kaupmenn, en kaupmaður er hver sá talinn í þessum lögum, sem hefir atvinnu af því að selja vörur, verðbréf og hverskonar lausafé eða fasteignir, sem hann hefir í því skyni keypt.
2. Hlutafélög öll, kaupfélög, pöntunarfélög og samvinnufélög.
3. Bankar, sparisjóðir, víxlarar og vátryggingarfélög.
4. Umboðssalar, farandsalar, mat-, gisti- og veitingasalar, brytar, lyfsalar, forleggjarar, blaðaútgefendur.
5. Iðnrekendur allir, bæði handiðnaðar og verksmiðjuiðnaðar, þar með taldir

gas- og vatnsinnlagningarmenn, rafmagnsvirkjar, bakarar, klæðskerar, rakarar, gosdrykkja- og ölgerðarmenn, rekendur hárgreiðslustofnana, lýsis- og síldarbræðslna, þvotta- og baðhúsa, rjómabúa, íshúsa, vatns- og rafmagnsveitna.

6. Þeir, sem reka útgerð til fiskiveiða, manna- og vöruflutninga og fiskverkun.
7. Vöru- og skipamiðlarar, afgreiðslumenn skipa og þeir, sem hafa atvinnu af að geyma vörur fyrir aðra.
8. Þeir, sem hafa atvinnu af rekstri bifreiða til mann- eða vöruflutninga.
9. Rekendur kvikmyndahúsa, leikhúsa, hringleikahúsa (cirkus) og fjölleikahúsa (varieté).
10. Þeir, sem taka að sér að flytja mál fyrir dómstólum eða gegna öðrum málaflutningsmannsstörfum.
11. Byggingameistarar, verkfræðingar og aðrir, er taka að sér að reisa hús og gera önnur mannvirki, eða gegna öðrum byggingameistara- og verkfræðingastörfum.
12. Þeir, sem hafa atvinnu af því að lána öðrum fé.
13. Þeir, sem hafa atvinnu af að sjá um jarðarfarir.

Læknum í kaupstöðum, er reka sjálfstæða atvinnu, svo og prestum í kaupstöðum er skylt að halda sjóðbók.

3. gr.

Undanskildir bókhaldsskyldu eru þó þeir, er hér greinir:

1. Mat- og veitingasali, sem að staðaldri rekur fyrirtæki með aðstoð konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri, og bryti, sem ekki rekur sjálfstæða atvinnu.
2. Handiðnarmaður, sem að staðaldri aðeins selur handavinnu sjálfs sín, konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri.
3. Útgerðarmenn, einn eða fleiri, er reka fiskiveiðar eða mann- og vöruflutninga á 2 bátum eða færri, undir 6 smál. brúttó hvor, eða aðeins einu skipi undir 20 smál. brúttó.
4. Sá, sem rekur fiskverkun með konu sinni, börnum innan 16 ára aldurs og fjórum mönnum öðrum eða færri.
5. Þeir, sem eigi reka fleiri en tvær bifreiðar til mann- eða vöruflutninga.
6. Þeir byggingameistarar, málaflutningsmenn og verkfræðingar, sem ekki reka sjálfstæða atvinnu.

4. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt 2. gr. og 3. gr., skulu hafa tvöfalt bókhald, en þessu ákvæði er fullnægt með færslu þeirra bóka og yfirlitsreikninga, sem um getur í 5.—8. gr.

Lögreglustjórum er þó heimilt að veita smáatvinnurekendum, sem ekki falla undir ákvæði 3. greinar þessara laga, undanþágu til allt að 5 ára í senn frá því að færa bækur sínar eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu. Þeir, sem undanþágu

beiðast, skulu færa gild rök fyrir því, að það sé þeim, einhverra hluta vegna, um megn að færa tvöfalt bókhald. Einkum á þetta ákvæði við um þá, sem þegar hafa byrjað atvinnurekstur, er lög þessi öðlast gildi. Bókhaldi þeirra, sem undanþágu fá, skal þó vera þannig fyrir komið, að það gefi greinilegar upplýsingar um fjárhag þeirra.

5. gr.

Frumbækur.

Í þær séu færð öll verzlunarviðskipti, önnur en þau, er hönd selur hendi daglega jafnskjótt og þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og móttekið vöruna er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn), og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða innlögð og ennfremur verð hennar.

Samrit af viðskiptunum eins og þau eru bókuð í frumbókina skal ætíð láta skiptavini í té, í hvert sinn er einhver viðskipti fara fram bóklega, nemi þau meiru en 2 krónum.

6. gr.

Sjóðbók.

Í hana séu færðar allar sjóðgreiðslur. Hver greiðsla færist sérstaklega, þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær, er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Þeir, sem hafa sjálfvinnandi peningakassa, geymi renninginn með ástimplaðri niðurstöðutölu sem fylgiskjal með innfærslunni. Ennfremur er stærri fyrirtækjum leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur, enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina, og sé í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslunum. Fylgiskjöl öll með sjóðgreiðslum séu tölusett og til þeirra vísað í sjóðbókinni eða sjóðdagbókinni eða undirbókum þeirra, og þau síðan geymd í réttri töluröð.

Ennfremur sé í sjóðbók vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. viðskiptamannabók, sjá 7. gr., aðalbók, sjá 8. gr., frumbókum o. s. frv.).

Sjóðbók skal vera innbundin og tölusett.

Undirbækur við sjóðbók mega vera lausblaðabækur.

7. gr.

Viðskiptamannabók.

Í henni skal færður sérstakur reikningur yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau, er hönd selur hendi. Í bókina skulu viðskipti þau, sem færð eru í frumbækurnar, skráð á sama hátt og þar, eða

samanlagðar fjárhæðir þær í krónum og aurum, er úttekt eða innlegg nemur í hvert sinn samkvæmt frumbókunum. — Þó er leyfilegt, sé um úttekt að ræða, sem samið er um, að greiða skuli að fullu viku- eða mánaðarlega, að færa í viðskiptamannabókina samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt hvers viðskiptamanns hefir numið um vikuna eða mánuðinn samkv. frumbókunum, ennfremur að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabók fyrir alla þá viðskiptamenn, sem aðeins hafa slík viðskipti.

Við færslu á viðskiptamannabók sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, aðalbók, frumbókum o. s. frv.).

Nota má lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur, en þó því aðeins, að þá sé færður sameiginlegur viðskiptareikningur fyrir alla viðskiptamenn, er reikning hafa í viðskiptamannabók, í aðalbók, dagbók eða sjóðdagbók (sjá 8. gr.). Í reikning þennan má færa úttekt og innlegg viðskiptamanna samandregið eftir frumbókunum og öðrum bókum, enda sé vísað til þeirra til sönnunar færslunum.

8. gr.

Skylt er að færa eftirgreinda yfirlitsreikninga um reksturinn:

1. Reikning(a), er sýni brúttótekjur (t. d. í verzlunum reikningur yfir keyptar og seldar vörur, í framleiðslufyrirtækjum reikningur yfir seldar afurðir o. s. frv.).
2. Reikning(a), er sýni rekstrarkostnað.
3. Reikning(a), er sýni víxlaviðskipti (víxlareikning, accept-reikning).
4. Reikning(a), er sýni framlög og úttekt eiganda (eigenda) til og frá fyrirtækinu í peningum eða öðrum verðmætum.
5. Reikning(a), er sýni, hve mikið fé er lagt í byggingar, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn.
6. Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku dæmi eru nauðsynlegir til þess, að því grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu verði fylgt, að hver fjárhæð sé færð á tveimur stöðum.

Reikningar þessir skulu færðir í sérstakri tölusettri, bundinni bók, aðalbók, dagbók, eða í sjóðbók, sem þá nefnist sjóðdagbók. Við færslu í reikninga þessa sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, viðskiptamannabók, frumbókum o. s. frv.).

9. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. lögum þessum, eru skyldir að gera yfirlit um efnahag sinn (efnahagsreikning) einu sinni á hverju almanaksári, ásamt yfirlitsreikningi um reksturinn á undanfarandi reikningsári.

Í Reykjavík séu reikningar þessir fullgerðir og undirskrifaðir 1 mánuði eftir lok reikningsársins, en annarsstaðar á landinu 2 mánuðum. Lögreglustjórum er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef brýnar

ástæður eru fyrir hendi, en þó sé reikningsuppgerð ætíð lokið 3 mánuðum eftir lok reikningsárs.

Reikningarnir séu færðir í sérstaka löggilta bók, efnahagsbók, í sjóðdagbók eða aðalbók, ef þær eru löggiltar.

Við samning reikninganna sé til sönnunar vísað til bóka þeirra, sem færðar eru.

10. gr.

Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeigenda, eins og þær eru í lok reikningsársins.

Eignir ber að tilfæra með þeirri fjárhæð, er raunverulega svarar til verðmætis þeirra.

Óvissar kröfur séu tilfærðar með nafnverði, og síðan í sjálfum efnahagsreikningnum gerður frádráttur fyrir þeirri fjárhæð, sem sýnt þykir, að eigi muni greiðast. Kröfur, sem fyrndar eru að lögum, má eigi tilfæra sem eignir á efnahagsreikningi.

11. gr.

Efnahagsreikningi fylgi greinargerð um allar veðsetningar á eignum hlutaðeiganda, að svo miklu leyti, sem greindur reikningur ber slíkt ekki með sér, ennfremur allar ábyrgðir, er hann hefir tekizt á hendur fyrir aðra.

12. gr.

Sjálfráðir eru menn, hverjar bækur þeir færa aðrar en þær, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum.

13. gr.

Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum — aðrar en frumbækur — með blýanti. Ennfremur eigi skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það, sem eitt sinn hefir verið í þær skráð, eða rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það, er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritazt af vangá. Þurfi að gera breytingu á því, sem eitt sinn er ritað, skal annaðhvort leiðrétta það með annari innfærslu, er komi til jafnaðar annarsvegar við það, er ofritað var hinsvegar, eða bæti því við, er vanritazt hafði, eða þá þannig, að strika út það, sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það, er út var strikað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spássíu, eftir því sem bezt hentar.

Eigi má rífa eða á annan hátt losa blöð úr þeim innbundnum bókum, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum.

14. gr.

Skylt er hverjum bókhaldsskyldum að geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, er honum berast viðkomandi atvinnu hans, og ennfremur að halda eftir samriti af öllum þeim bréfum og símskeytum, er hann

ritar og sendir öðrum bókhaldsskyldum viðkomandi atvinnunni, og geyma eftir sömu reglum.

15. gr.

Allar þær bækur, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf þau og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, séu geymdar í 10 ár frá því síðast er ritað í bækurnar og bréfin, eða símskeytin móttekin eða send.

16. gr.

Nú er skuldar krafizt innan þriggja missira frá því er hún varð til, og skal þá það, sem skráð er í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, hafa það sönnunargildi, ef bækurnar eru vel og skipulega ritaðar, og engin atvik liggja til, þau er gera bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í þeim stendur, ef aðili sá, er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður, eða að hann getur ekki eiðinn unnið sakir vitfirringar eða þvíumlíks, og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni fyrirtækisins heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum, eða eiði þess manns, er í bækurnar hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missa bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, það sérstaka sönnunargildi, er þeim er veitt samkvæmt þessari grein, þó aðeins gagnvart skiptavinum, sem sjálfir eru ekki bókhaldsskyldir; en í viðskiptum milli bókhaldsskyldra halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests þess, er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar bókhaldsskyldir, og stendur sín innfærsla um sama efnið í bókum hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

Nú er fjárhæð færð í fleiri bækur en eina hjá sama manni (fyrirtæki) og bókunum ber eigi saman, þá skal innfærslan eigi hafa sérstakt sönnunargildi.

17. gr.

Sé að áliti lögreglustjóra ástæða til að ætla, að einhver hliti eigi ákvæðum þessara laga um bókhald, er honum heimilt að rannsaka eða láta rannsaka bókhald hlutaðeiganda, og reynist bókhaldið eigi lögum þessum samkvæmt, má ákveða hlutaðeiganda dagsektir, allt að kr. 25.00, unz hann hefir komið því í lag.

18. gr.

Brot gegn 5. gr. varðar sektum, kr. 5.00—200.00.

19. gr.

Brot gegn 4. gr. og 6.—9. gr. varðar sektum, kr. 10.00—1000.00. Kveði svo mikið að brotinu gegn greinum þessum, að bókfærslan geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, þannig að eigi sjáist, hversu rekstur fyrirtækisins gengur, hvernig efnum þess er varið eða hvernig hagur atvinnurekand-

ans stendur, varðar það auk sekta missi atvinnurekstrarleyfis eða stöðvun atvinnurekstrar um stundarsakir eða til fulls eftir atvikum.

20. gr.

Brot gegn 10., 11. og 13.—15. gr. varða sektum samkvæmt 19. gr. Sé um fölsun verzlunarbóka að ræða, eða geri einhver í sviksamlegum tilgangi rangan efnahagsreikning, eða eyðileggi eða skjóti undan bókum þeim og skjölum, sem um getur í 14. og 15. gr., varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru.

21. gr.

Þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt eldri lögum, en eigi færa bækur, sem fullnægja ákvæðum laga þessara, mega hafa bókhald sitt óbreytt til loka reikningsárs þess, er yfir stendur er lög þessi öðlast staðfestingu.

22. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 53, 11. júlí 1911, um verzlunarbækur, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bág við þessi lög.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931.

Nd. 363. Tillaga

til þingsályktunar um lækkun vaxta.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að koma því til leiðar, að vextir bankanna og annara lánsstofnana verði lækkaðir hið bráðasta.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hafa nú undanfarið, svo að segja vikulega, borizt hingað fregnir um lækkun vaxta erlendis. Nú eru t. d. vextir stórbankanna, Englandsbanka (Bank of England) $3^1/_2$% og seðlabanka Hollands (Nederlandche Bank) 3%.

Hér eru vextir Landsbankans nú $7^1/_2$% og $^1/_2$% framlengingargjald. Það er nú að vísu svo, að eðlilegt er, að þjóðbanki vor sé neyddur til að hafa hærri vexti en hliðstæðir bankar erlendis, en hinsvegar er sá munur, sem nú er á

vöxtum hér og erlendis, óhæfilega mikill. Það virðist því tími til kominn, að ríkisstjórnin geri það sem í hennar valdi stendur til að kippa þessu í lag, og hefði raunar mátt fyrr vera. Nánar í framsögu.

Ed. 364. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um sveitabanka og bústofnslánafélög.

Frá Guðmundi Ólafssyni.

Við fyrirsögn frumvarpsins.

Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um sveitabanka.

Nd. 365. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 322 [Sjómannalög].

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 6. Orðin »enda sé jafnframt framvísað viðskiptabók hans« falli niður.
2. Við 9. Fyrir »greftrunina« komi: útförina.

Nd. 366. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 352 [Vigt á síld].

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Sveini Ólafssyni.

Tillagan orðist svo:

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögunum varða sektum frá 20—2000 kr. Sektir renna í ríkissjóð.

Nd. **367. Frumvarp**

til sjómannalaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um ráðningarsamning skipstjóra.

1. gr.

Útgerðarmanni ber að sjá um, að gerður sé skriflegur samningur við skipstjóra um ráðningarkjör hans.

2. gr.

Sé eigi annað ákveðið í samningnum um lengd ráðningartímans, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, með þriggja mánaða fyrirvara, og sé ráðningu þá slitið í íslenzkri höfn, er skipið kemur í til fermingar eða affermingar. Þó er skipstjóra rétt, eftir 18 mánaða starfstíma á skipinu, að segja ráðningarsamningi sínum upp, með 3 mánaða fyrirvara, til ráðningarslita í fermingar- eða affermingarhöfn erlendis.

3. gr.

Útgerðarmaður getur vikið skipstjóra úr stöðu hans hvenær sem er.

Sé honum vikið úr stöðu, áður en ráðningartími hans er úti, og án þess, að heimild sé til þess samkv. 4. og 5. gr., þá á hann rétt á bótum fyrir tjón það, er frávikningin bakar honum.

Sé annað eigi sannað um upphæð tjónsins, á hann rétt á þriggja mánaða kaupi, og auk þess fæðiskostnað og fæðispeningum til hafnar þeirrar, er ráðningu skyldi slitið í, samkv. samningnum, eða til íslenzkrar hafnar, hafi honum verið vikið úr stöðu erlendis, og komi ákvæði 2. gr., um ráðningarslit í íslenzkri höfn, til greina.

4. gr.

Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni sakir veikinda eða meiðsla, er gera hann óhæfan til skipstjórnar, á hann rétt á þriggja mánaða kaupi frá ráðningarslitum.

Eigi hann sjálfur sök á veikindunum eða meiðslunum, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðist á skipið, á hann eigi rétt á kaupi lengur en hann gegnir starfi sínu.

5. gr.

Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni vegna ódugnaðar, óráðvendni eða vegna stórkostlegra yfirsjóna eða hirðuleysis við starf hans, á hann ekki rétt á kaupi lengur en hann gegnir starfi sínu.

6. gr.

Farist skip, eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanna um ófyrirsjáanlegan tíma, er ráðningu skipstjóra þar með slitið, sé eigi annað ákveðið í samningi. Skipstjóri er þó skyldur til að dvelja á staðnum, þar til skipverjum, skipi og farmi hefir verið ráðstafað, og á hann rétt á kaupi þann tíma og dvalarkostnaði.

Um rétt skipstjóra til ferðakostnaðar heim til sín, kaups og fæðispeninga á heimleið og bóta fyrir muni, er farizt hafa, fer eftir því, sem ákveðið er um skipverja í 41. gr.

7. gr.

Um kaupgreiðslu, er skipstjóri deyr, um umönnun hans og heimsendingu, er sjúkdóm ber að höndum, um greftrun hans og meðferð eftirlátinna muna hans, fer eftir því, sem ákveðið er um skipverja í 24. og 28.—30. gr.

8. gr.

Sé skipstjóra heitið hluta af farmgjaldi eða afla skips eða af öðrum tekjum af ferðinni eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni, og ráðningu er slitið, áður en ferðinni er lokið eða reikningsárið er liðið, og á hann þá rétt á að fá svo mikinn hluta þessarar þóknunar, sem svarar til aflafengs hans, ef um hluta af afla er að ræða, ella til starfstíma hans, að tiltölu við ferðina alla eða reikningsárið allt.

Eigi skipstjóri samkv. 3., 4. eða 6. grein, rétt á kaupi fyrir lengri tíma en hann gegnir starfi sínu, eða sé kaupgjald reiknað eftir 7. sbr. 24. gr., skal þóknun sú, sem ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar, ef aðila greinir á um upphæð hennar, ákveðin með mati lögskráningarstjóra, þó svo, að hver aðili um sig getur lagt það mat undir úrskurð sjódóms.

II. KAFLI.

Um skiprúmssamning skipverja.

1. Um samningsgerðina.

9. gr.

Skipstjóri ræður fyrir hönd útgerðarmanns, stýrimann, vélstjóra og aðra skipverja, og segir þeim upp.

Skipstjóri skal, ef því verður viðkomið, ráðgast við yfirvélstjóra, um ráðningu þeirra skipverja, er starfa við vélgæzluna.

Skipstjóri má eigi ráða neinn mann á skip, er hann veit, að ráðinn er annars staðar.

10. gr.

Eigi má hafa börn yngri en 14 ára til vinnu á skipi.

Yngri menn enn 18 ára mega eigi vera kyndarar eða kolamokarar, og eigi hjálpardrengir við vélgæzlu, þeir sem yngri eru en 16 ára.

11. gr.

Sérhver skipverji, sem ráðinn er á skip, stærra en 12 smál. brúttó, skal hafa sjóferðabók eða sjóferðavottorð. Skipstjóri geymir sjóferðabækur eða sjóferðavottorð skipverja, meðan skipverji er í skiprúminu.

Sérhver samningur um ráðningu í skiprúm á skipi, sem stærra er en 12 smálestir brúttó, skal gerður skriflega. Skal hann skráður á skipshafnarskrá og báðir aðilar undirrita hann í skipshafnarskránni. Í samningnum skal meðal annars greina,

1. fullt nafn skipverja, fæðingarár og dag, fæðingarstað og heimili,
2. stöðu hans á skipinu,
3. ferð þá eða tímabil, sem skipverji er ráðinn til, hvar ráðningu skuli slitið og uppsagnarfrest, sé um það samið,
4. umsamið kaup, og sé það ákveðið í einu fyrir ferðina, þá hve lengi búizt er við að sú ferð standi yfir,
5. umsamið kaup fyrir aukavinnu eða eftirvinnu,
6. önnur hlunnindi, er skipverji kann að vera ráðinn fyrir.

Þegar skipverji er ráðinn á skip, skal skipstjóri afhenda honum viðskiftabók, skipverja að kostnaðarlausu. Í viðskiftabók skal skiprúmssamningurinn skráður, svo og það, hvenær skipverji kemur í skiprúm eða fer úr því, uppsögn á samningi, og hvenær hún fer fram, greiðslur allar á kaupi, aflahlut eða annari þóknun. Sé vísað til kaupgjaldsskrár í skiprúmssamningi, skal skipstjóri sjá um að eftirrit af skránni sé á skipinu, til afnota fyrir skipverja.

Í viðskiftabók skulu vera prentuð ákvæði laga og reglugerða, er mestu varða fyrir sjómannastéttina.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um gerð viðskiftabóka, svo og sjóferðabóka og sjóferðavottorða.

2. Um ráðningartímann.

12. gr.

Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma, eða með tilteknum uppsagnarfresti, en eigi ákveðið hvar hann fari af skipi, og endi ráðningartíminn meðan skip er í ferð, þá skal samningurinn gilda þar til skipið kemur til hafnar, þar sem ferma skal það eða afferma.

13. gr.

Sé eigi annað ákveðið, um lengd ráðningartímans, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, þannig, að skipverji fari úr skiprúmi á ráðningarstað eða í höfn, er ferma skal eða afferma skipið í. Sé skipverji íslenzkur, og ráðinn á skipið í íslenzkri höfn, geta aðilar þó aðeins sagt samningi upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi í íslenzkri fermingar- eða affermingarhöfn.

Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi stýrimanna og vélstjóra skal vera einn mánuður, ef öðruvísi er ekki um samið, en 7 dagar á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenzkum fiskiskipum 1 dagur.

14. gr.

Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma eða til ákveðinnar ferðar, og verði hann kyr á skipinu, eftir að ráðningartíminn er liðinn eða ferðinni lokið, en eigi gerður nýr samningur, og getur þá hvor aðila um sig sagt samningnum upp, samkvæmt 13. gr.

15. gr.

Skipverji, sem verið hefir í skiprúmi í 1½ ár frá því ráðningarsamningur síðast var gerður við hann, getur, enda þótt öðru vísi sé umsamið, og þrátt fyrir ákvæði 13. gr. um brottför úr skiprúmi í íslenzkri höfn, farið úr skiprúmi í fermingar- eða affermingarhöfn skipsins, hafi hann áður sagt skiprúmssamningnum upp, með þeim fyrirvara, sem greinir í 2. málsgr. 13. gr.

16. gr.

Skipverja, sem rétt hefir til að fara úr skiprúmi, samkv. samningi eða samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal þó skylt, að vinna nauðsynleg störf á skipinu, sé þess krafizt, þó eigi lengur en í 2 daga, eða ef skipið er seglskip, í 4 daga, frá því skipið kom til hafnar.

Ef gefa skal sjóferðaskýrslu eða halda sjóferðapróf, er skipverji skyldur til að dvelja þar á staðnum þar til því er lokið, gegn kaupi og dvalarkostnaði þann tíma.

17. gr.

Ef lög eða yfirvöld í erlendri höfn, þar sem skipverji skyldi fara úr skiprúmi, banna honum landsvist eða heimta þær tryggingar fyrir landsvistarleyfi hans, er hann eigi getur sett, skal honum skylt að gegna áfram stöðu sinni á skipinu, þar til það kemur til hafnar, sem hann getur farið úr skiprúmi í.

3. Um kaup skipverja.

18. gr.

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips, tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags, og að honum meðtöldum, er þjónustu hans á skipinu lýkur, eða sé hann skráður úr skiprúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum, enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum.

Skipverji á ekki rétt á kaupi um þann tíma, er hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi.

Þurfi að reikna kaup fyrir mánuð eða brot úr mánuði telst mánuðurinn 30 dagar.

19. gr.

Greiðslu á kaupi getur skipverji einungis krafizt, þegar skipið er í höfn, og að eins einu sinni á viku.

Kaupið greiðist í peningum, hafi skipverji ekki óskað að fá það greitt með ávísun á útgerðina. Greiðslu má krefjast í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, með því gengi, er bankar þar þá greiða fyrir mynt þá, sem kaupið er talið í í samningnum.

Ef íslenzkur skipverji, sem staddur er erlendis, óskar að senda kaup sitt heim til Íslands, eru íslenzkir ræðismenn skyldir til að veita honum aðstoð til þess ókeypis. Ríkissjóður ábyrgist peningasendingar þessar. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um peningasendingar skipverja.

20. gr.

Skipverji getur krafizt þess, að $\frac{2}{3}$ hlutar af ógreiddu kaupi hans séu greiddir nafngreindum manni eftir ávísun.

Ávísanagreiðslur má eigi stöðva né lækka án samþykkis skipverjans fyr en ráðningu hans er slitið, nema svo sé, að sá hluti kaupsins, er eigi var ávísað, hrökkvi eigi fyrir greiðslum á sektum, er skipstjóri hefir lagt á hann samkv. lögum þessum, skaðabótakröfum, er útgerðin á á hendur honum, og rísa af starfi hans á skipinu, og kröfum yfirvalda á hendur honum, sem útgerðarmanni að lögum er skylt að tryggja, með því að halda eftir kaupi skipverjans.

21. gr.

Skipstjóra er heimilt að halda eftir þriðjungi af þeim hluta kaups, er skipverji sjálfur getur tekið á móti, þar til skipverji fer úr skiprúmi, þó aldrei hærri upphæð en hálfsmánaðarkaupi.

22. gr.

Sé samið um ákveðna upphæð í kaup fyrir ferðina, skal farið eftir áætlun þeirri um lengd ferðarinnar, sem gerð er í viðskiftabókinni, ef reikna þarf kaup eftir tímalengd.

Standi ferðin lengur yfir en áætlað var, er skipverji réðist á skipið, á hann rétt á tiltölulegri viðbót við kaupið, sé eigi öðru vísi umsamið. Standi ferðin skemur yfir, á hann allt að einu rétt á hinu umsamda kaupi að fullu

23. gr.

Fækki skipverjum meðan ferð stendur yfir, skal kaup það, er við það sparast, meðan skipið er í hafi, skiftast milli þeirra, sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda með borgun fyrir yfirvinnu.

24. gr.

Deyi skipverji telst kaup hans til dánardags, og að þeim degi meðtöldum, enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups, vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum.

Sé skipverji íslenzkur, og hafi hann verið í þjónustu útgerðarmannsins í síðustu sex mánuði áður en hann dó, skal útgerðarmaður greiða ekkju hans eða ólögráða börnum viðbótarkaup um einn mánuð.

Hverfi skip, og verði eigi upplýst, hvenær það fórst, skal kaupið reiknast eins og dauða skipverja hefði að höndum borið, er sá tími var liðinn, sem skip slíkt sem þetta, þurfti, á þeim tíma árs, til ferðar sinnar til ákvörðunarstaðar síns, þaðan sem síðast spurðist til þess.

25. gr.

Komi það í ljós, er reikningar eru gerðir upp, að skipverji hafi fengið meira greitt, en honum bar, þá er það fé eigi afturkræft, ef svo er, að ráðningu skipverja sé slitið af þeim ástæðum einhverjum, sem ræðir um í 24. gr., 1. málsgr. 32. gr., 34. eða 38—41. gr.

4. Um umönnun skipverja í veikindum og útför hans.

26. gr.

Skipverji er skyldur til að láta lækni rannsaka heilsufar sitt, ef skipstjóri krefst þess, enda sé það gert skipverja að kostnaðarlausu.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur með reglugerð skipað fyrir um læknisskoðun skipverja.

27. gr.

Veikist skipverji eftir að hann er kominn í skiprúm eða slasist, skal skipstjóri sjá um, að hann fái nauðsynlega umönnun á skipinu eða í landi, þar með talið fæði, hjúkrun, læknishjálp og lyf, og húsnæði, sé hann utan heimilis síns.

Ef ástæða er til að ætla, að skipverji sé haldinn sjúkdómi, sem hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, láta lækni skoða sjúklinginn. Sé eigi örugt, að verjast megi smithættu á skipinu, skal skipstjóri láta flytja sjúklinginn í land.

Geti sjúkur skipverji eigi sjálfur gætt muna sinna, skal skipstjóri annast um þá.

Sé skipverji skilinn sjúkur eftir erlendis, skal skipstjóri fela hann um-

sjá íslenzks ræðismanns, eða sjá honum sjálfur fyrir góðri umönnun, ef ræðismaður er eigi á þeim stað, og tilkynna þetta þeim ræðismanni, sem næstur er.

28. gr.

Útgerðarmaður greiðir allan kostnað af umönnun sjúkra skipverja, meðan ráðningu þeirra er eigi slitið.

Sé skipverji veikur eða slasaður, er ráðningu hans er slitið, á hann rétt á að útgerðarmaður kosti umönnun hans í veikindunum, í allt að sex vikur, eða í allt að tólf vikur, sé skipverji íslenzkur og njóti umönnunar erlendis. Þetta tímabil telst frá því að skipverji er skráður úr skiprúmi, eða frá því skipið lét úr höfn, hafi hann eigi verið skráður úr skiprúmi. Sé íslenzkur skipverji skilinn eftir erlendis, á hann auk þess rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi. Sé hægt að útvega honum stöðu, eigi lægri en þá, er hann áður hafði, og eigi ver launaða, á skipi, sem fara á hingað til lands, eða til hafnar, sem hægara er að senda hann frá heim til sín, þá er hann skyldur að taka þeirri stöðu, ef heilsa hans leyfir.

Eigi skipverji sjálfur sök á veikindunum eða slysinu, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðist á skipið, skal hann sjálfur bera kostnaðinn við umönnun sína vegna veikindanna, bæði áður en ráðningu var slitið og eftir, og ferð sína heim, og má þá draga kostnað þann, sem útgerðarmaður hefir haft af þessu, frá kaupi skipverjans.

Sé ráðningu skipverja, sem haldinn er smitandi berklaveiki, slitið, greiðir ríkissjóður kostnað þann við umönnun hans og heimferð, sem útgerðarmaður skyldi greiða, samkv. annari málsgr. þessarar greinar.

Sé ráðningu íslenzks skipverja, sem haldinn er smitandi kynsjúkdómi, slitið erlendis, greiðir ríkissjóður kostnaðinn við umönnun hans vegna veikindanna, eftir að ráðningu hans var slitið.

29. gr.

Deyi skipverji, skal skipstjóri gera útför hans sæmilega, og tilkynna vandamönnum hans látið.

Skipstjóri skal í votta viðurvist láta gera skrá yfir muni hins látna, sem á skipinu eru. Deyi skipverji erlendis, skal skipstjóri afhenda næsta ræðismanni íslenzkum skrá þessa. Reynist vandkvæði á að geyma muni þessa á skipinu, skal skipstjóri annaðhvort afhenda ræðismanni þá, eða selja þá með sem heppilegustum hætti.

30. gr.

Deyi skipverji af sjúkdómi eða meiðslum og útgerðarmenn áttu að kosta umönnun hans, þá skulu þeir og kosta útförina.

Deyi íslenzkur skipverji á þeim tíma, að ríkissjóði bar að greiða kostnaðinn við umönnun hans, ber ríkissjóði einnig að greiða útfararkostnað hans.

31. gr.

Verði skipstjóri að skilja veikan eða slasaðan skipverja eftir erlendis í umsjá ræðismanns, er honum skylt að setja tryggingu fyrir kostnaði þeim við umönnun skipverjans og annað, sem útgerðarmanni er skylt að greiða, samkv. 28. og 30. gr.

Kaup það, er skipverji kann að eiga inni, skal greitt ræðismanni, og má skipverji eigi ráðstafa því, án leyfis ræðismanns, meðan hann er í umsjá hans.

Geti skipstjóri eigi fengið aðstoð íslenzks ræðismanns, og verði því að greiða kostnað við umönnun íslenzks skipverja, vegna veikinda, er útgerðarmanni eigi bar að greiða, getur hann krafizt þess, að það fé sé endurgreitt sér úr ríkissjóði.

Ákvæði næstu málsgr. hér að framan, gilda einnig um kostnað vegna erlends skipverja, enda færi skipstjóri sönnur á það með læknisvottorði, að nauðsynlegt hafi verið að flytja skipverjann í land, annaðhvort sjálfs hans vegna eða vegna annara manna á skipinu, og að heilsufari hans hafi í engu verið áfátt, er hann réðist á skipið.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um umönnun, greftrun og heimsendingu skipverja samkv. lögum þessum.

5. Um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi.

32. gr.

Sé skipverji eigi vinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa, eða sé hann haldinn sjúkdómi, er hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, og getur skipstjóri þá vikið honum úr skiprúmi. Á skipverji þá rétt á fullu kaupi sínu þar til ráðningu er slitið, og auk þess í einn mánuð frá ráðningarslitum, sé hann stýrimaður eða vélstjóri, eða í 7 daga, sé hann í annari stöðu á skipinu.

Sé skipverji sjálfur valdur að veikindunum eða slysinu, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðist á skipið, á hann rétt á kaupi að eins fyrir þann tíma, sem hann var vinnufær þeirra vegna, hvort sem honum er vikið úr skiprúmi eða eigi.

33. gr.

Skipstjóri getur ennfremur vikið skipverja úr skiprúmi,

1. ef hann reynist óhæfur til þess starfa, sem hann var ráðinn til,
2. ef hann kemur ekki til skips á ákveðnum tíma, og skipið á að láta úr höfn, eða ráða verður annan mann í hans stað,
3. ef hann verður sekur um mikil afglöp í starfi sínu, svo sem það, að óhlýðnast hvað eftir annað skipunum yfirmanna sinna, að beita ofbeldi við yfirmenn sína, að misþyrma öðrum mönnum á skipinu, eða er hvað eftir annað drukkinn við störf sín,

4. ef hann verður sekur um þjófnað eða annan meiri háttar glæp, ef hann leynir manni á skipsfjöl, eða tollskyldum varningi, eða þeim varningi, sem útflutningsbann er á á fráfararstað skipsins eða innflutningsbann á ákvörðunarstað þess,
5. ef hann ber ágreining, sem rís af starfi hans á skipinu, undir erlend stjórnarvöld.

Skipstjóri skal, ef þess er kostur, halda próf eftir fyrirmælum 64. gr., áður en hann vikur skipverja úr skiprúmi samkv. þessari grein.

Skipverji, sem vikið er úr skiprúmi samkv. þessari grein, á ekki rétt á kaupi lengur en hann gegndi starfi sínu.

34. gr.

Ef skipverja er vikið úr skiprúmi, áður en ráðningartími hans er liðinn, og án þess að heimild sé til þess í 32. eða 33. gr., þá á hann rétt á ferðakostnaði til þeirrar hafnar, er ráðningu skyldi slitið í, samkv. samningnum, eða til íslenzkrar hafnar, ef ákvæði 13. gr. um ráðningarslit í íslenzkri höfn eiga við. Ennfremur á hann rétt á kaupi meðan á ferðinni stendur, þó eigi skemmri tíma en uppsagnarfresti þeim nam, sem hann átti kröfu til.

6. Um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi.

35. gr.

Ef skipverji sannar, að hann eigi kost á að verða skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri, eða að hann eigi kost á æðri stýrimanns- eða vélstjórastöðu, en hann þá er í, eða að ástæður hans hafi breytzt svo frá því hann réðist á skipið, að það sé velferðarmál fyrir hann, að geta losnað úr skiprúminu, og á hann þá rétt á að krefjast lausnar, ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað, og auki það ekki útgerðarmanni kostnað.

Þegar þannig stendur á, á skipverji aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma, sem hann er í skiprúminu.

36. gr.

Ef illkynjuð farsótt geisar á áætlunarstað skipsins, og fái skipverji eigi vitneskju um það, fyr en eftir að hann réðist á skipið, og er honum þá rétt að krefjast lausnar úr skiprúmi þegar í stað, ef ferð er eigi hafin, en ella í fyrstu höfn, er skipið kemur í, eftir að hann fékk vitneskju um þessi atvik. Kaup tekur hann þá aðeins til þess tíma, er hann gengur úr skiprúminu.

Sama gildir, ef það kemur í ljós eftir að skipverji réðist á skipið, að hætta er á að skipið verði hernumið eða verði fyrir tjóni af hernaðarvöldum eða þess háttar hætta eykst til muna, frá því sem áður var.

37. gr.

Ef skipverji er ráðinn til ákveðinnar ferðar, og ferðinni er breytt til muna, og á hann þá rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, þegar í stað, ef

ferð er ekki hafin, en ella í fyrstu höfn, er skipið kemur í, eftir að hann fékk vitneskju um breytinguna.

Skipverji, sem fer úr skiprúmi af því að ferð skipsins var breytt, á rétt á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum til ráðningarstaðarins, fari hann úr skiprúmi áður en ferð var hafin, en ella til þess staðar, er ráðningu skyldi slitið á, samkvæmt samningnum.

38. gr.

Ef skip er óhaffært eða íbúðir skipverja bersýnilega heilsuspillandi, og skipstjóri bætir eigi úr þessu, eða ef skipstjóri neitar að láta skoða skipið samkvæmt 59. gr., og á þá skipverji rétt á, að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum, svo sem segir í 34. gr.

39. gr.

Ef skipverji sannar, að skipstjóri hafi misþyrmt honum, eða aðrir menn hafi misþyrmt honum á skipinu og skipstjóri eigi veitt sér vernd, þó þess væri beiðst, eða hann sannar, að skipstjóri láti hann eigi fá sæmilegt fæði, og á hann þá rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum, svo sem segir í 34. gr.

40. gr.

Ef skip missir rétt til að sigla undir íslenzkum fána, eiga skipverjar rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr.

Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóraskipti verið á skipinu, eða skipti verði á útgerðarmanni.

7. Um slit skiprúmssamnings, er skip verður fyrir sjótjóni.

41. gr.

Farist skip, eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanna um ófyrirsjáanlegan tíma, er skiprúmssamningi slitið, nema öðruvísi sé um samið. Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur, er sjóferðaskýrsla er tekin, og á hann rétt á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma, er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna eða hann þarf að bíða eftir ferð heimleiðis.

Ef skiprúmssamningi íslenzks skipverja er slitið erlendis af þeim sökum, er segir í fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi, og greiðist kostnaður þessi úr

ríkissjóði. Auk kaups þess, er skipverji á rétt á, samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann og rétt á kaupi meðan hann er á heimleið, þó eigi fyrir lengri tíma en tvo mánuði, sé hann stýrimaður eða vélstjóri, og eigi fyrir lengri tíma en einn mánuð, sé hann í lægri í stöðu á skipinu. Skipverja er skylt að ganga í skiprúm á öðru skipi, samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar 28. gr., og á hann þá eigi rétt á kaupi frá útgerðarmanni skips þess, er fórst, fyrir þann tíma, sem hann er í hinu skiprúminu.

Bætur fyrir eignir íslenzkra skipverja, þær er farizt hafa við slysið, er útgerðarmanni skylt að greiða samkvæmt reglum, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur.

Eigi skipverji samkv. 32., 34. eða 37—41. gr. rétt á kaupi fyrir lengri tíma, en hann gegnir starfi sínu, eða sé kaupgjald reiknað samkv. 24. gr. og hafi honum verið heitið einhverri slíkri þóknun, sem ræðir um í fyrri málsgr. 8. gr., skal sú þóknun ákveðin svo sem segir í síðari málsgr., 8. gr. Eigi skal sú þóknun skerða kaupgjald annara skipverja.

8. Um erlenda skipverja.

42. gr.

Konungur getur ákveðið, að erlendir skipverjar á íslenzkum skipum skuli njóta hlunninda þeirra, er íslenzkum skipverjum eru veitt í 28. og 41. grein, enda njóti þá íslenzkir skipverjar sama réttar um þessi efni sem innlendir í heimalandi hinna erlendu skipverja.

9. Um miskliðir út af ráðningunni.

43. gr.

Ef skipverji er óánægður með reikningsgerð skipstjóra, þá á hann rétt á að lögskráningarstjóri rannsaki reikninginn, hvort sem skipverji er skráður úr skiprúmi eða eigi.

Ef skipið er statt erlendis, og ágreiningur rís milli skipstjóra og skipverja út af reikningsgerð skipstjóra eða starfi skipverja, skal leggja þann ágreining undir úrskurð þess ræðismanns íslenzks, er fyrst næst til.

Báðum aðiljum er skylt að hlíta úrskurði ræðismannsins, þar til unnt er að leggja málið fyrir íslenzka dómstóla.

III. KAFLI.

Um skipsstörfin.

1. Um yfirmenn skipsins.

44. gr.

Skipstjóri hefir í öllum efnum hið æðsta vald á skipinu.

45. gr.

Það er skylda stýrimanns einkanlega, að vera skipstjóra til aðstoðar við siglinguna og mælingar þær og reikninga, er þar að lúta, svo og við bókun í leiðarbók eða dagbók skipsins. Hann skal og líta eftir öðrum skipverjum, eftir skipinu sjálfu, áhöldum þess og útbúnaði, að svo miklu leyti, sem annað eigi leiðir af ákvæðum 47. greinar. Hann skal sjá um nauðsynlega skrásetningu á farmi, sem fer í skip eða úr skipi, líta eftir fermingu og affermingu og búlkun farms og vista.

Riti stýrimaður leiðarbók eða dagbók, ábyrgist hann, að rétt sé ritað.

46. gr.

Ef skipstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi, og beri eitthvað það að höndum, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, skal stýrimaður, eða sá þeirra, sem æðstur er, ráða fram úr því, er eigi má fresta.

Deyi skipstjóri eða verði hann óhæfur til skipsstjórnar eða víki hann úr stöðu sinni, kemur stýrimaður, eða sá þeirra, sem æðstur er, í hans stað, þar til nýr skipstjóri tekur við skipstjórn.

47. gr.

Það er skylda vélstjóra einkanlega að stjórna vélgæzlunni. Hann ber ábyrgð á rekstri, meðferð og viðhaldi vélarinnar og leiðslum þeim og útbúnaði, sem til hennar heyra, svo og þess hluta af bol skipsins, sem lykur um katla og vélarúm, ásamt tilheyrandi kolabyrgjum, vatnsgeymum og ásgöngum. Hann lítur eftir eldsneytisforða skipsins og öðrum vélarnauðsynjum, veitir þeim móttöku og athugar magn þeirra og gæði. Hann lítur ennfremur eftir vélgæzlumönnum skipsins og vistarverum þeirra.

Vélstjóri skal tafarlaust tilkynna skipstjóra, ef hann verður var við galla á þeim hlutum skips, eða á áhöldum þeim eða útbúnaði, er nefndur er hér að framan.

Vélstjóri ritar í vélarbók og ábyrgist að rétt sé ritað.

48. gr.

Ef vélstjórar eru fleiri en einn á skipi, ber yfirvélstjóri ábyrgð á vélgæzlunni í heild sinni. Hann skiftir verkum milli hinna vélstjóranna.

Ef yfirvélstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi og beri eitthvað það

að höndum, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, skal sá hinna vélstjóranna, sem æðstur er, ráða fram úr því, sem eigi má fresta.

2. Almennar starfsskyldur.

49. gr.

Skipstjóri og aðrir yfirmenn skulu koma sómasamlega fram við undirmenn sína. Líkamlegri refsingu má aldrei beita.

Allir skulu skipsmenn hegða sér sómasamlega, kurteislega og friðsamlega og gæta nákvæmlega þeirra fyrirmæla, sem sett verða um góða siðu og reglu á skipinu. Þegar skipverji fær skipun frá yfirboðara sínum, skal hann láta á sér skilja með skýrum svörum, að hann hafi skilið skipunina.

50. gr.

Skipverji skal hlýða skipunum yfirboðara sinna, er að starfinu lúta, vera umhyggjusamur um skip og farm og yfirleitt vinna störf sín með áhuga og trúmennsku.

Tjón það, er skipverji veldur, með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, skal honum skylt að bæta. Dómstólarnir geta þó fært skaðabótaupphæðina niður, með hæfilegu tilliti til þess; hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipverja og annara atvika.

3. Um upphaf vistar skipverja, fjarveru hans og farangur.

51. gr.

Skipverji er skyldur að koma á ákveðnum tíma í skiprúmið. Eftir það má hann eigi fara frá skipi leyfislaust.

Eigi má neita skipverja um landgönguleyfi í fristundum hans, nema því aðeins, að nauðsynlegt sé, að hann fari eigi frá skipinu, vegna öryggis skips, farms eða manna, sem á skipinu eru, vegna nauðsynlegra skipstarfa eða vegna þess, að skipið er búið til brottferðar eða flytja á það til innan hafnar.

Geti skipverji eigi komið á skip á réttum tíma, skal hann tafarlaust skýra skipstjóra frá því.

52. gr.

Ef skipverji kemur eigi til skipsrúms síns á ákveðnum tíma, fer frá skipi í leyfisleysi eða kemur eigi á réttum tíma aftur til skips úr landgönguleyfi, getur skipstjóri látið flytja hann á skip með aðstoð lögreglunnar, sé skipið eigi nægilega mannað án hans eða sé skipverji ölvaður.

53. gr.

Ef skipverji strýkur, getur skipstjóri selt með haganlegum hætti muni þá, er hann lét eftir á skipinu.

Nemi söluverð munanna og kaup það, er skipverji á inni, meiru en skaðabótakröfu útgerðarmanns, skal farið með afganginn samkv. ákvæðum 69. gr.

54. gr.

Skipverja er heimilt að hafa með sér á skipinu hæfilega mikið af farangri, er hann þarf til eigin nota, enda sé það eigi til baga fyrir skip eða farm og eigi hætt við, að af því stafi óregla á skipinu. Verzlunarvörur fyrir sig eða aðra má hann eigi hafa á skipinu, nema með leyfi skipstjóra.

Skipverja er skylt að greiða venjulegt farmgjald fyrir varning, sem hann hefir ólöglega með sér á skipinu og bæta skaða þann er af því hlýzt.

Ef skipstjóri hefir grun um, að ólöglegur varningur sé á skipinu, getur hann látið rannsaka hirzlur skipverja. Skipverjar þeir, er rannsakað er hjá, mega vera viðstaddir rannsóknina. Varning, sem skipverji hefir með sér ólöglega getur skipstjóri tekið í sínar vörzlur, látið flytja á land eða varpa útbyrðis, ef nauðsyn krefur.

4. Um vinnu á skipi, viðurværi skipverja og aðbúð.

55. gr.

Þegar verkum er skift, skal taka tillit til stöðu hvers skipverja á skipinu og þess gætt eftir föngum, að hann taki framförum í kunnáttu í starfi sínu.

Þeim manni, er verkum stjórnar, er skylt að gæta þess, að fylgt sé nauðsynlegum varúðarreglum gegn slysum og sjúkdómum.

56. gr.

Á sunnudögum eða öðrum helgidögum, sem lögteknir eru hér á landi, má eigi setja skipverja til vinnu við þau störf, sem fresta má.

Skipverjum skal, ef þess er kostur, gefið tækifæri til að halda guðþjónustu á skipinu á helgidögum þessum.

57. gr.

Skipstjóri skal sjá um, að skipverjar fái nægan mat og góðan og skal hann um það efni hlíta reglugerð, er ráðherra setur, um viðurværi skipverja á íslenzkum skipum.

Ef nauðsyn ber til að matur sé dreginn af skipverjum á ferð, skal greiða þeim sanngjarnar bætur þess.

58. gr.

Skipstjóri skal hafa eftirlit með heilbrigðismálum og hreinlæti á skipinu. Hann skal gæta þess, að fylgt sé nákvæmlega reglugerð þeirri, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur, um vistarverur skipverja, viðhald á þeim og hreinlæti í þeim.

5. Um haffærisskoðun.

59. gr.

Ef meiri hluti skipshafnar ber sig upp við skipstjóra yfir því, að skipið sé eigi haffært, í ferð þá, sem því er ætluð, eða yfirvélstjóri, og umkvartanirnar lúta að þeim hluta skips, áhalda þess eða útbúnaðar, er hann hefir umsjón með, og er þá skipstjóra skylt að láta fara fram aukaskoðun á skipinu, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum um eftirlit með öryggi skipa og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim lögum. Komi kvörtunin fram í erlendri höfn, þar sem aukaskoðun eigi getur farið fram samkvæmt áðurnefndum reglum, skal skipstjóri snúa sér til yfirvaldanna þar á staðnum og fara fram á, að skoðunarmenn séu útnefndir til að dæma um haffæri skipsins.

Reynist það við skoðunina, að umkvartanirnar um óhaffæri skipsins höfðu eigi við skynsamleg rök að styðjast, skulu þeir, sem kærðu, greiða kostnaðinn við skoðunina og skaðabætur svo sem segir í annari málsgr. 50. gr.

Ef skoðunargerð fer fram erlendis, samkvæmt grein þessari, skal ræðismaður sá, er málið hefir haft með höndum, en ella skipstjóri, tafarlaust senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skýrslu um skoðunina.

6. Um agavald skipstjóra.

60. gr.

Skipstjóri, eða sá, sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, getur þröngvað skipverjum til hlýðni með valdi, ef það er nauðsynlegt til að halda góðri reglu á skipinu.

Þá er skip er í háska statt, eða skipverjar gera samblástur, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að þrífa til hverskyns nauðsynjaúrræðis til að koma á hlýðni og góðri reglu, og er hver af skipverjum skyldur til að veita yfirmanni sínum aðstoð sína, jafnvel ótilkvaddur.

Bíði sá tjón við þetta, er mótþróann sýndi, á enginn ábyrgð á því, ef yfirmaður beitti eigi meira harðræði en atvik kröfðu.

61. gr.

Drýgi skipverji meiri háttar glæp og sé skipið eigi statt í innlendri höfn, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, taka bráðabirgðaskýrslu um málið, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 64. gr. Ef glæpurinn var unninn í landi eða landhelgi annars ríkis, skal rannsókn þessi því aðeins fara fram, að yfirvöld á þeim stað reki eigi málið.

Þar til íslenzkur ræðismaður eða íslenzk yfirvöld geta tekið málið í sínar hendur, skal skipstjóri gæta þess efir föngum, að sakborningur hverfi eigi á burt og er heimilt að byrgja hann inni eða hefta á annan hátt, ef þörf krefur, og ábyrgist skipstjóri, að hann sé ekki harðara leikinn en vera þarf.

IV. KAFLI.

Um refsivald skipstjóra.

62. gr.

Skipstjóri má refsa skipverja með kaupmissi í einn til sjö daga fyrir þessar yfirsjónir:

1. Komi hann eigi í skiprúmið á ákveðnum tíma, fari hann frá skipi í leyfisleysi eða komi eigi á ákveðnum tíma til skips úr landgönguleyfi.
2. Vanræki hann að tilkynna forföll, er valda því, að hann kemur eigi til skips á ákveðnum tíma.
3. Valdi hann hættu eða tjóni með hirðuleysi í starfi sínu.
4. Víki hann af verði, er hann hefir verið settur við stýri eða skipuð útsýn, eða komið er þar að honum sofandi eða ölvuðum, eða sé hann endranær ölvaður við störf sín.
5. Sói hann matvælum eða fari hann ótilhlýðilega með þau á annan hátt.
6. Leyni hann óviðkomandi manni á skipi eða hleypi manni á skip í leyfisleysi.
7. Flytji hann áfengi á skip eða annan varning, sem honum er óheimilt að hafa á skipi samkvæmt ákvæðum 54. gr.
8. Hegði hann sér ósæmilega við yfirmenn sína eða óhlýðnist skipunum þeirra, er að starfi hans lúta.
9. Taki hann þátt í barsmíðum eða gæti hann á annan hátt ekki góðrar háttsemi og reglu á skipinu.

63. gr.

Refsingu þessari má eigi beita á skipum, sem eru í innanlandssiglingum né á öðrum skipum, meðan þau eru stödd í íslenzkri höfn, og eigi fyrir yfirsjónir ,sem drýgðar eru í íslenzkri höfn, og unnt var að kæra áður en skipið lét úr höfninni.

Eigi má úrskurða skipverja refsingu fyr en 12 klukkustundir eru liðnar frá því að yfirsjónin var drýgð, og eigi síðar en vika er liðin, nema sérstök nauðsyn sé til þess, að frá því sé vikið.

64. gr.

Skipstjóri skal í viðurvist tveggja prófvotta, er hann sjálfur kveður til meðal hinna reyndustu manna af skipshöfninni, halda próf, áður en hann beitir refsivaldi sínu. Annar prófvotturinn skal vera stýrimaður eða vélstjóri, ef þess er kostur, en hinn úr flokki undirmanna skipsins. Þó skulu þeir báðir vera úr flokki yfirmanna, ef þess eru föng, þá er stýrimaður eða vélstjóri er hafður fyrir sök.

Við prófið skal yfirheyra skipverja þann, er fyrir sök er hafður, svo og vitni þau, er með þarf til sönnunar í málinu. Prófvottarnir geta látið skipstjóra leggja spurningar fyrir þá, sem yfirheyrðir eru. Framburður hinna yf-

irheyrðu og úrskurður skipstjóra skal ritaður í leiðarbók skipsins eða dagbók, eða í sérstaka prófbók, og skal lesa það, sem bókað var, upp fyrir þeim, sem hlut eiga að máli. Skipstjóri og prófvottarnir staðfesta með undirskrift sinni, að rétt sé bókað og geta vottarnir látið bóka þær athugasemdir, er þeim þykir prófið gefa tilefni til.

Hafi skipstjóri eigi farið að, svo sem hér var lýst, er úrskurður hans um refsingu ógildur.

65. gr.

Þegar refsing er ákveðin, skal eigi eingöngu tekið tillit til þess, hve mikilvæg yfirsjónin var eða til atvikanna, er hún var framin, heldur einnig til hegðunar hins seka að undanförnu. Refsingu skal eigi beitt, ef yfirsjónin er smávægileg og ætla má, að áminning nægi.

Skipstjóri getur eigi kært skipverja fyrir yfirvöldunum vegna yfirsjónar, er hann hefir refsað honum fyrir, nema fyrirvari hafi verið gerður um það í refsiúrskurðinum.

66. gr.

Ef ástæða þykir til þess, getur skipstjóri gefið eftir, að nokkru eða öllu leyti, sekt sem hann hefir úrskurðað. Úrskurður um eftirgjöf sektar skal ritaður í leiðarbók eða dagbók skipsins, eða í prófbókina, og undirritaður af skipstjóra og tveim vottum, en er ógildur ella.

67. gr.

Ef skipverji vill eigi una við refsingu, er skipstjóri hefir úrskurðað honum og sé hann erlendis, getur hann borið fram kæru sína fyrir ræðismann, en gera verður hann það í síðasta lagi þá er hann fer úr skiprúmi.

Úrskurði ræðismanns skal hlíta fyrst um sinn við samningu lokareiknings skipverjans, en heimilt er hvorum aðila um sig, á ársfresti þaðan frá, að skjóta málinu til sjódóms á heimili útgerðarinnar hér á landi.

Skipverji, sem kæra vill úrskurð skipstjóra, getur krafizt þess að fá eftirrit af prófunum og úrskurðinum, staðfest af skipstjóra.

68. gr.

Hafi skipverji eigi kært úrskurð skipstjóra fyrir ræðismanni, getur hann lagt kæru sína undir úrskurð sjódóms á heimili útgerðar skipsins hér á landi, en gera skal hann það, áður en ár er liðið frá því hann fór úr skiprúmi. Mál samkvæmt 67. og 68. gr. sæta meðferð einkalögreglumála.

69. gr.

Kaup það, sem haldið er eftir samkvæmt 62. gr., skal skipstjóri greiða til lögskráningarstjóra eða ræðismanns, er skipverji er skráður úr skiprúmi, og láta fylgja staðfest eftirrit af prófunum og úrskurðinum, og skal það sent atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu ásamt kaupinu. Sé skipverji eigi

skráður úr skiprúmi skal skipstjóri sjálfur senda ráðuneytinu kaupið og eftirritið.

Fé því, er þannig safnast skal varið til hagsmuna sjómönnum eða vandamönnum þeirra, eftir fyrirmælum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

V. KAFLI.

Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip.

70. gr.

Ákvæði laga þessara gilda einnig, eftir því sem við á, um aðra menn, er ráðnir eru á skip af útgerðarmanni eða skipstjóra, en ekki teljast til venjulegra skipverja. Ákvæði 13., 32., 37. og 41. gr., um stýrimenn og vélstjóra, gilda og um bryta.

71. gr.

Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip, gilda 10., 26., 27., 4. og 5. málsgr., 28. gr., 29., 31., 49., 50., 54., 57., 58., 60., 61., 85., og 87. grein þessara laga, eftir því sem við á.

Menn þessir eru skyldir til að vinna þau verk eftir megni, sem skipstjóra þykir nauðsyn til öryggis skipinu.

72. gr.

Ákvæði 71. greinar 1. málsgr. gilda og um sjómenn, sem sendir eru heim að tilhlutun ræðismanns.

Gegn hæfilegri þóknun er þeim skylt að aðstoða eftir megni við vinnu á skipinu, sé þess krafizt, þó svo að jafnan skal tekið tillit til fyrri stöðu þeirra.

VI. KAFLI.

Um refsingar.

73. gr.

Ef skipstjóri misbeitir valdi því, sem honum er veitt í 60. gr. og í 1. málsgr. 61. gr., eða refsivaldi sínu, eða beiti hann ónauðsynlegri harðneskju við skipverja, vanræki skyldur sínar við veika eða slasaða skipverja, eða láti hann skipverja eigi fá lögboðið viðurværi, varðar það sektum, 10—1000 kr., eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

74. gr.

Í refsidómi samkvæmt 73. gr., má ennfremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða að dómfelldi skuli sviftur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma eða æfilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviftur rétti til skipstjórnar.

Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unnt er, senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftirrit af dóminum svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi.

Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn og sérstakar ástæður mæla með því, getur konungur, eftir tillögum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar, enda þótt sá tími, sem til er greindur í dóminum, eigi sé liðinn.

75. gr.

Brjóti útgerðarmaður eða skipstjóri annars á móti skyldum þeim, sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum, þá varðar það 10—1000 króna sektum.

76. gr.

Ákvæði 73.—75. greinar gilda einnig um þann mann, sem gengur í stað skipstjóra í forföllum hans eða fjarveru.

77. gr.

Ef skipverji ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, er hann var skyldur til að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi, þá varðar það 5—500 króna sektum.

78. gr.

Ef skipverji, í þeim tilgangi að koma sér hjá vinnu á skipi, annaðhvort vanrækir að koma til skips á ákveðnum tíma eða hverfur frá skipi, þá skal hann sæta sektum fyrir strok.

Strjúki skipverji er svo er ástatt, að skipi eða mönnum er með því stefnt í voða, eða séu að öðru leyti miklar sakir, getur refsingin orðið fangelsi eða betrunarhúsvinna allt að einu ári.

Strjúki skipverji með kaup, er hann hefir eigi unnið fyrir, skal honum refsað fyrir svik, hvort sem hann er kominn í skiprúmið eða eigi, nema ætla megi, að tilgangur hans hafi eigi verið sá, að draga sér kaup það, sem hann hafði fengið greitt, en hafði enn eigi unnið fyrir.

79. gr.

Hver, sem tælir skipverja til stroks eða hjálpar honum, með ráðum eða í verki, til að strjúka, sæti sektum eða fangelsi.

80. gr.

Ef skipverji rís upp móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því, og sætir hann þá 5—500 króna sektum, eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

81. gr.

Ef skipverji ræðst á skipstjóra eða annan yfirmann sinn með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, varðar það fangelsi eða hegningarvinnu, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru. Séu málsbætur má beita sektum.

82. gr.

Ef skipverjar, eða nokkur hluti þeirra, gerir samblástur, þá varðar það fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru. Þó getur refsing hvatamanna eða foringja samblástursins orðið hegningarvinna allt að 6 árum, svo og refsing annara samblástursmanna, ef þeir hafa beitt líkamlegu ofbeldi eða mikið fjártjón hefir hlotizt af samblæstrinum.

83. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi samkvæmt 59. grein, og það reynist við skoðunargerðina, að engin skynsamleg rök voru til að telja skipið óhaffært, þá varðar það 5—500 króna sektum, eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

84. gr.

Verði skipverji valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, þá varðar það fangelsi eða sektum.

Sé hinn seki stýrimaður eða vélstjóri, má ennfremur ákveða í dóminum, að hann skuli sviftur rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar, um ákveðinn tíma eða æfilangt. Í dóminum má þó heimila honum að gegna lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu, en þeirri, er hann áður hafði, þann tíma, sem tiltekinn er í dóminum. Um eftirrit af dóminum og um atvinnuskírteini dómfellda fari svo sem segir í 74. gr.

Þegar eitt ár að minnsta kosti er liðið frá dómsuppsögn, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, ef ástæða þykir til þess, veitt stýrimanni eða vélstjóra, sem sviftur hefir verið rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar, heimild til að gegn nánara tiltekinni lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu, eða jafnvel, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt honum aftur að fullu atvinnuréttindi þau, er hann var sviftur, hvorttveggja, enda þótt sá tími, sem til var greindur í dóminum eigi sé liðinn.

85. gr.

Hafi skipverji varning með sér á skipi, án leyfis skipstjóra, og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af varningi þessum, þá varðar það 5—500 króna sektum eða fangelsi.

86. gr.

Ef skipverji fer frá skipi, og er skipið í háska statt, og gætir hann eigi þess, sem góðum sjómanni er skylt að gæta, og varðar það hann sektum eða einföldu fangelsi.

87. gr.

Verði skipverji sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum, með öðrum hætti en áður var sagt, eða raski hann góðri háttsemi eða reglu, og varðar það 5—500 króna sektum.

88. gr.

Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 77. gr., 1. málsgr. 78. gr., 79., 80., 85. og 87. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn, nema sá krefjist þess, er misgert var við, skipstjóri eða útgerðarmaður. Krafa um málssókn skal gerð svo fljótt sem unnt er, og í síðasta lagi áður en ár er liðið frá því, að yfirsjónin var drýgð.

Mál út af brotum gegn 84. og 86. gr. skulu lögð fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin. Sé um algerðan skiptapa að ræða, hafi skip steytt á grunni og orðið að leita hjálpar annara, eða hafi annað sjóslys orðið, er manntjón hlauzt af eða annað verulegt tjón, má eigi fella niður málssókn fyr en leitað hefir verið umsagnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Mál út af brotum gegn 2. og 3. málsgr. 78. gr., 81., 82. og 84. gr. skulu sæta almennri meðferð sakamála, en mál út af brotum gegn 73., 75., 77. gr. 1. málsgr. 78. gr., 80., 83., 85., 86. og 87. gr. skulu rekin sem almenn lögreglumál.

89. gr.

Hafi skipverji orðið sekur um yfirsjón og sætt refsingu fyrir hana eftir 62. gr., og verður mál höfðað um það á hendur honum, og skal dómurinn þá kveða á um sekt hans með réttmætri hliðsjón af hinni fyrri refsingu hans, og má þá færa refsinguna niður fyrir það, sem ella er ákveðið fyrir þá yfirsjón, eða fella refsinguna niður með öllu.

90. gr.

Mál þau er ræðir um í þessum kafla skulu rekin í sjódómi.

91. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

VII. KAFLI.

Um gildi laga þessara og afnám eldri lagaákvæða.

92. gr.

Með lögum þessum eru 30. gr., 2. málsgr. 39. gr., 49.—52. gr., upphafsákvæði 1. málsgr. 66. gr., 67.—73., 75.—113. gr., 253. gr., 2. málsgr. 254. gr., 257. og 265.—277. gr. siglingalaga nr. 56, 30. nóvember 1914, úr lögum numdar.

93. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931.

Nd. 368. Breytingartillaga

við frumvarp til sjómannalaga.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 30. gr. 1. málsgr. Á eftir orðunum »Deyi skipverji af sjúkdómi« komi: slysum eða meiðslum.

Nd. 369. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 37, 14. júní 1929, um héraðsskóla.

Flutningsm.: Hannes Jónsson og Tryggvi Þórhallsson.

Á eftir orðunum »að Núpi í Dýrafirði« í fyrri málsgr. 1. greinar laganna komi: Reykjum í Hrútafirði.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefir verið unnið að því í Strandasýslu og Húnavatnssýslu að undirbúa stofnun héraðsskóla fyrir héruðin við Húnaflóa. Samkomulag hefir orðið hið bezta um stofnun þessa skóla. Hefir það verið næstum einróma álit allra, að skólinn væri hvergi betur settur en á Reykjum í Hrútafirði. Sýslunefnd Strandamanna veitti á fundi sínum í vetur 20 þús. kr. til byggingar vænt-

anlegs héraðsskóla að Reykjum við Hrútafjörð. Sýslunefndin kaus ennfremur tvo fulltrúa, þá Halldór Júlíusson sýslumann og Kristmund Jónsson kaupfélagsstjóra, til að standa fyrir byggingunni, og vildi gjarnan, að byrjað yrði í sumar. Litlu síðar var sýslufundur í Vestur-Húnavatnssýslu, og samþykkti sá fundur 15 þús. kr. framlag fyrir þá sýslu í skólann með Strandamönnum. Vestur-Húnvetningar kusu ennfremur aðra tvo fulltrúa í byggingarnefndina, þá Þorstein Einarsson bónda á Reykjum og Eggert Levybónda á Ósum. Hafa fulltrúarnir úr báðum sýslunum nú þegar haldið fund með sér og gert ýmsar ráðstafanir til undirbúnings þessa byggingarmáls.

Þegar ríkið seldi jörðina Reyki við Hrútafjörð, var tekinn undan Reykjatangi, sem er allstór eyri út í fjörðinn austanverðan, og nokkurt land ofan við tangann. Ofan við eyrina kemur upp í landi ríkissjóðs stór, heit uppspretta, og er þar meira en nóg vatn til að hita stóra byggingu.

Reykjatangi hefir fram að þessu verið leigður ábúandanum á Reykjum fyrir lága leigu. Mun stjórnin hafa lofað að leigja skólanum land þetta og heitu uppspretturnar.

Á síðastliðnu sumri var komið upp á Reykjatanga vandaðri yfirbyggðri sundlaug. Mun vandfundinn sá staður, sem betur sé fallinn til sundiðkana, því auk þess að hafa heita vatnið, er sjórinn við hendina, og er hann sérstaklega vel til þess fallinn að þreyta sund í honum, sérstaklega innan við tangann.

Nd. 370. Nefndarálit

um frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvörp 2 hafa legið fyrir nefndinni um þetta sama efni, annað á þskj. 30, hitt á þskj. 132. Ennfremur hefir nefndin samtímis haft til meðferðar frv. til laga um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju, þskj. 29, sem hnígur mjög að sama efni.

Frá því frv. þessi komu fram hefir Alþingi afgreitt lög um Útvegsbanka Íslands, og má líta svo á, að með afgreiðslu þess máls sé að nokkru leyti fullnægt í bili þeirri þörf, sem nefnd frv. áttu úr að bæta, einkanlega þó rekstrarlánaþörfinni. Hinsvegar er augljóst, að stofnun Útvegsbankans bindur mikið hreyfanlegt fjármagn og torveldar mjög í bili fjáröflun fyrir Fiskveiðasjóð.

Nefndin hefir því, eftir vandlega íhugun, horfið að því ráði að fella niður rekstrarlándeild Fiskveiðasjóðs og freista að beina fáanlegu fjármagni til stofnlána eða smáskipakaupa og stofnunar iðjutækjum í verstöðvum.

Af þessu leiðir aftur, að nefndin treystist ekki að afgreiða frv. á þskj. 29 um rekstrarlánafélög, en tekur upp, að því er við getur átt, stefnu beggja

fyrrnefndra frv. um Fiskveiðasjóðinn og miðar tillögur sínar við frv. á þskj. 132.

Eftir framansögðu leggur nefndin til, að frv. á þskj. 132 verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. III. liður fellur niður.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   Fiskveiðasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, allt að 1½ milljón kr., sem tryggð skulu með stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um stærð bréfanna, útlit, útdrátt og aðra meðferð þeirra í reglugerð sjóðsins.
3. Við 4. gr.
   a. Fyrir »skipakaupadeildar« í upphafi greinarinnar komi: Fiskveiðasjóðs.
   b. Orðin »allt að 50 rúmlesta« í staflið a. falli niður.
4. Við 5. gr.
   a. Fyrir »1/3« í þriðju málsgr. komi: 2/5.
   b. Fyrir »skipakaupadeildar« í síðasta málslið komi: Fiskveiðasjóðs.
5. Við 6. gr.
   a. Fyrir »skipakaupadeild« í fyrstu málsgr. komi: Fiskveiðasjóði.
   b. b-liður orðist svo:

      Gegn fyrsta veðrétti í skipum, allt að helmingi virðingarverðs, enda gangi þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum öðrum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.
6. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

   Heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs að leggja árlegt aukagjald, sem nemi allt að ¼ %, á lán með veði í skipum. Gjald þetta skal lagt í sérstakan sjóð, sem ávaxtast eins og varasjóður, og skal því varið til að bæta Fiskveiðasjóði þann halla, sem hann kann að bíða vegna sjóveða í veðsettum skipum. Nánari fyrirmæli um þetta skulu sett í reglugerð Fiskveiðasjóðs.
7. Við 8. gr. Greinina skal orða þannig:

   Leggja skal í varasjóð, auk stofngjalds lánþega eftir 5. gr., 50 % af árlegum tekjuafgangi Fiskveiðasjóðs, þar til varasjóður nemur 20 % af útlánum sjóðsins, en þaðan af svo mikið, sem þarf til að halda því hlutfalli tryggingar. Varasjóð skal ávaxta á öruggum stað og má eigi festa hann í áhættulánum.
8. Við 10. gr. Greinin fellur niður.
9. Við 11. gr. Síðari málsgr. falli niður.
10. Við 17. gr. Greinin orðist þannig:

    Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn Fiskveiðasjóðs, þar til samningar takast við Útvegsbanka Íslands um rekstur sjóðsins, eftir fyrirmælum 10. gr. laga nr. 2 1930. Útlánsfé Fiskveiðasjóðs skal skipt sem jafnast eftir bátaútgerð í hverjum hluta landsins.

11. Við 18. gr. Greinin falli niður.
12. Við 20. gr. Greinin falli niður.
Greinatalan breytist eftir niðurstöðu við atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 27. marz 1930.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm.
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., með fyrirvara.

Ásg. Ásgeirsson. Ólafur Thors. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 371. Breytingartillaga

við frv. til laga um verðtoll.

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Við 9. gr. A.
a. Á eftir »bréfspjöld og myndabækur« komi: Brokade og brokadeskór.
b. »og flosskór« falli niður.
2. Við 9. gr. C.
Fyrir »flos-« (í svigunum) komi: brokade-.

Nd. 372. Nefndarálit

um frv. til laga um stuðning ríkisins til aðalframræsluskurða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og er á einu máli um að mæla með, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum.

Nefndin telur ekki rétt að ákveða, að 150 þús. kr. skuli árlega varið úr ríkissjóði til kaupa og starfrækslu á skurðgröfum, bæði af því, að upphæð þessi mun hafa verið ákveðin af handahófi, og í öðru lagi af því, að nefndin vill ekki með slíku ákvæði ýta undir, að keyptar verði samtímis margar skurðgröfur áður en reynsla er fengin fyrir nothæfi þeirra.

Þá telur nefndin sjálfsagt, að skurðgröfur ríkisins verði notaðar jöfnum höndum við gröft framræslu- og áveituskurða og að hvorttveggja njóti sama styrks, ennfremur að ríkissjóður greiði allan kostnað af flutningi grafnanna milli vinnustaða.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, að kaupa 1 skurðgröfu á ári fyrst um sinn, er séu hentugar hér á landi.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: og telja verður líklegt, að skurðgröfu verði við komið.
3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Nú hafa kort og áætlanir verið gerðar á einhverju svæði, og geta þá bændur á hlutaðeigandi svæði myndað með sér áveitufélög samkv. 42.—44., 46. og 47. gr. vatnalaganna frá 1923, eða landþurkunarfélög samkv. 82. gr. sömu laga, og skal um stofnun þess félagsskapar og starfrækslu að öllu farið eftir fyrirmælum vatnalaganna.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Nú er landþurkunar- eða áveitufélag myndað samkv. 4. gr. Ber því þá réttur til, svo fljótt sem ástæður leyfa, að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu. Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og sér um viðhald þeirra, en umsjónarmaður skurðgrafnanna ræður verkstjóra til þeirra. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um rekstur skurðgrafnanna.
5. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
   Af kostnaði þeim, er leiðir af starfrækslu skurðgrafnanna, þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og vátrygging, þar sem þess er þörf, greiðir ríkissjóður $^1/_3$, $^1/_3$ heimilast landþurkunar- eða áveitufélögunum að útvega sér að láni, en $^1/_3$ skulu landeigendur leggja fram sjálfir, um leið og verkið er framkvæmt.
6. Fyrirsögn frv. verður:
   Frv. til laga um skurðgröfur ríkisins og rekstur þeirra.

Alþingi, 27. marz 1930.

Lárus Helgason, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr. og frsm.	Þorleifur Jónsson.
Einar Jónsson.	Bernh. Stefánsson.	

Ed. 373. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjarstjóra á Siglufirði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. þetta verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri

DAGSKRÁ:

Með því að engar upplýsingar liggja fyrir um það, hver nauðsyn Siglfirðingum er á að aðskilja bæjarfógeta- og bæjarstjórastarfið á Siglufirði, og með því að ekki er annað kunnugt en sá embættismaður, sem að lögum nú gegnir bæjarstjórastarfinu, leysi öll sín störf, bæði sem embættismaður ríkisins og oddviti bæjarstjórnar, vel og samvizkusamlega af hendi, þá telur deildin ekki ástæðu til, að frv. þetta gangi fram að svo stöddu, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. marz 1930.

Ingvar Pálmason, frsm. og fundaskr. **Jóh. Jóhannesson.**

Ed. 374. Nefndarálit

um frv. til l. um fimmtardóm.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir um alllangan tíma athugað þetta frv. og þá breyting, sem það gerir á dómaskipun landsins. En ekki hefir nefndin getað orðið sammála um frv. Meiri hl. telur breytingarnar allflestar til mikilla bóta, en minni hl. (JóhJóh) mun vera á móti frv. í heild.

Leitað hefir verið umsagnar dómaranna í hæstarétti, lagadeildar háskólans og málaflutningsmannafélagsins. Er umsögn hæstaréttardómaranna prentuð hér aftan við sem fylgiskjal, en umsögn málaflutningsmannafélagsins sér meiri hl. ekki ástæðu til að birta; umsögn lagadeildar háskólans var ekki komin, þegar nál. fór í prentun.

Í umsögn sinni leggja hæstaréttardómararnir á móti þeirri breytingu á dómaskipuninni, sem í frv. felst. En meiri hl. telur rök þau, er þeir færa í umsögninni á móti frv., ekki svo veigamikil, að ástæða sé til að hafna þess vegna þeim umbótum, sem frv. felur í sér. En af því að umsögn þessi er þó frá hæstaréttardómurunum, vill meiri hl. rekja hana svo ítarlega sem kostur er í stuttu nefndaráliti.

Það, sem strax hlýtur að vekja athygli við lestur umsagnar hæstaréttardómaranna, er sú augsýnilega ókurteisi, er lýsir sér í öllum anda og formi umsagnarinnar. Má meðal annars benda á, að þar er sýnilega slægzt til að sýna dómsmálaráðherra lítilsvirðingu. Þetta eitt út af fyrir sig er mjög óviðurkvæmilegt af dómendum hæstaréttar.

Það er einnig talað um, að dómsmálaráðherra hafi „farið rakalausum orðum um réttinn í ástæðum fyrir frumvarpinu“. Mun þar vera átt við orðin „að hæstiréttur hefir ekki undanfarin ár notið þess trausts, sem æskilegt væri“

í greinargerðinni. En þessi orð hafa við nokkur rök að styðjast. Ýms ummæli í blöðum frjálslyndu flokkanna hafa hnigið til alvarlegrar gagnrýni á dómum réttarins, og eru það einmitt blöð þeirra flokka, sem standa að ríkisstjórninni, en bak við þá flokka stendur meiri hluti af kjósendum landsins. Einnig er það vitanlegt, að manna á meðal hefir verið mikil gagnrýni á dómum réttarins, og það jafnvel meðal málaflutningsmanna við réttinn. Ef dómararnir hefðu orðað þessi ummæli sín þannig, að árásirnar á hæstarétt hefðu verið ómaklegar og órökstuddar, hefði verið hægt að ræða um það atriði, en hitt er engan veginn rétt, að rakalausum orðum sé farið um réttinn, þó sagt sé, að hann hafi ekki notið æskilegs trausts. Hitt er einnig rétt í greinargerðinni, að ósamræmis hefir virzt kenna á milli einstakra dóma um svipuð sakarefni og að rétturinn virðist hafa skyndilega skipt um dómvenju, án þess að nokkur sérstök grein væri fyrir því gerð. Þessar hógværu athugasemdir í greinargerðinni eru því algerlega réttar, og má færa dæmi þeim til sönnunar.

Þá kvarta dómararnir yfir því, að ekki hafi verið leitað álits réttarins fyrr en frv. var samið og fullprentað. Þess er fyrst að geta, að engin skylda ber til þess að leita fyrr eftir umsögn dómaranna, auk þess sem fordæmi er fyrir því, að frumvarpið að upprunalegu hæstaréttarlögunum var ekki lagt fyrir dómara yfirréttarins áður en það var lagt fyrir þingið. Athugasemd þessi er því á litlum rökum reist.

En það verður að teljast alveg óforsvaranlegt, er þeir tala um „atferli ráðherra“ í þessu sambandi. Orðið „atferli“ mun venjulega aðeins notað um refsiverða verknaði, að minnsta kosti þegar lagamenn taka sér slík orð í munn. Virðist því hér vera að ræða um aðdróttanir í garð dómsmálaráðherra, sem vitanlega ættu ekki að sjást frá dómendum hæstaréttar.

Dómararnir vilja hrekja þá skoðun, sem kemur fram í greinargerð frv., að hér sé um algerða nýmyndun á æðsta dómstiginu að ræða, og breytingarnar séu ekki minni en þær, sem gerðar voru með stofnun hæstaréttar. Dómararnir vilja hnekkja þessari skoðun með því að benda á, að tilskipunin um yfirdóm, sem að vísu var breytt og viðaukin með mörgum lögum, hafi aðeins verið 22 gr., en hæstaréttarlögin 57 gr. og fimmtardómsfrv. 68 gr. Lakari röksemdir er vart hægt fram að færa, og veikur mundi leikmönnum þykja sá dómur hæstaréttar, sem byggður væri á slíkum forsendum. — Annars má vísa til greinargerðar fimmtardómsfrumvarpsins, bls. 20, þar sem rök eru færð fyrir þessu, rök, sem hvergi nærri eru afsönnuð með fullyrðingum dómaranna.

Það er fjarri lagi, þegar dómararnir fullyrða, að breytingarnar séu í rauninni aðeins tvær: 1) afnámið á dómaraprófinu og 2) embættisaldurinn. Sýnist eftir þessu, sem dómurunum þyki engu máli skipta nýmæli um fjölgun dómaranna og opinbera atkvæðagreiðslu, auk ýmsra annara breytinga. Er þessi fullyrðing dómaranna því furðu djörf.

Í greinargerð frv. er ítarlega gerð grein fyrir, hvers vegna byrjað hafi verið á breytingum á lokadómstiginu (bls. 17), og þarf dómurunum því ekki að koma þetta neitt „kynlega fyrir“.

Um fimmtardómsnafnið vísast til greinargerðarinnar, bls. 20—21, og hrekja dómararnir ekkert það, sem þar er sagt.

Niðrandi orðum fara dómararnir um aukadómarana, sem þeir segja, að aðaldómararnir „eigi að geta **fengið að láni** úr lagadeild háskólans“. Það er og alls ekki rangt að kalla þetta ákvæði **áþekkt** deildaskiptingu sumra erlendra dómstóla. Í fimmtardómsfrv. er gert ráð fyrir, að fimmtardómur starfi með tvennu móti, bæði sem 3 manna og 5 manna dómstóll. Þetta er sannarlega áþekkt deildaskiptingu, þó ekki sé það eins. Og **svipuð** eru fyrirmæli í 5. gr. norsku réttarfarslaganna, þar sem svo er fyrir mælt, að hæstiréttur geti kallað til mann „i vidtlöftige saker“, ef einhver dómaranna kynni að forfallast, og á sá maður að „overvære forhandlingerne“. Þetta er gert til þess, að aldrei séu færri en 7, sem taki þátt í meðferð umfangsmikilla mála, og kemur þar fram sama hugsunin og með aukadómurunum, að meiri þörf sé fleiri dómara í umfangsmiklum málum. Hér er því um s v i p a ð fyrirmæli að ræða, og einmitt var vísað til ákveðinnar gr. í norskum lögum, svo hægt væri að bera þetta saman.

Í Svíþjóð gilda einnig áþekk ákvæði, þar sem í 22. gr. stjórnskipulaga þeirra er mælt svo fyrir: „Uti högsta domstolen kunna ringara mål prövas och avgöras av fem ledamöter, så och av fyra, där alla fyra äro om slutet ense. Över viktigare saker skola minst sju döma“.

Dómurunum finnst „ótiltækilegt“ að koma ákvæðum um aukadómarana fram á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv. Er það rökstutt með því, að það geti vakið „óánægju og tortryggni gegn réttinum“. Sýnist þessi röksemd furðu létt á metunum, því hver ákvörðun lokadómstigsins getur vitanlega vakið óánægju og tortryggni, og ekki er aðaldómurunum til mikils treystandi, ef ekki má trúa þeim fyrir því, að kalla á aukadómara þegar helzt skyldi, en láta vera að kalla á þá, þegar einföld mál eru á ferðinni. 5. gr. norsku réttarfarslaganna treystir dómsforseta einum til þess að tilkalla aukadómara „i vidtlöftige saker“, og hefir ekki borið á, að þetta hafi vakið sérstaka óánægju né tortryggni gegn norska hæstaréttinum.

Aðalbreytingu telja dómararnir niðurfellingu dómaraprófsins. Segja þeir núgildandi ákvæði hæstaréttarlaganna um þetta vera eins og „í flestum nýlegum lögum um úrslitadómstigið utan einræðisstjórnarlanda“. Vera má, að dómararnir hafi sérstaklega kynnt sér réttarfarslöggjöf Ítala, Spánverja og Jugoslava, þó ekki nefni þeir lög þessara þjóða með nákvæmum tilvitnunum. En í þess stað nefna þeir aðeins 43. gr. dönsku réttarfarslaganna, sem þetta atriði hæstaréttarlaganna var sniðið eftir. Í Finnlandi segja þeir þá reglu gilda, að ríkisforseti skipi hæstaréttardómara eftir **tillögum** réttarins, og sama eigi sér stað í Svíþjóð, eftir gamalli venju. Niðurstaðan verður því sú, að í Danmörku **einni** af Norðurlöndum gilda ákvæði um dómarapróf, en finnsku réttarfarslögin fá veitingarvaldið í hendur æðsta framkvæmdarvaldinu (forseta), líkt og nú á sér stað hér um veitingu læknaembætta o. fl., þar sem veitingarvaldið leitar tillagna landlæknis o. s. frv., og í Svíþjóð mæla lögin svo fyrir, að konungur skipi dómara, þó að það sé gömul venja, að leitað sé tillagna dómaranna, sem vitanlega eru ekki bindandi. Segir svo um þetta í 17. gr. stjórnskipulagslaga (Regeringsformen) þeirra: „Konungens domsrätt skall uppdragas minst tolv af honom utnämnda lagkunniga män, vilka fullgjort vad författingarna föreskriva dem, som

uti domareämbeten må nyttjas, samt i sådana värv ådagalagt insikt, erfarenhet och redlighet. De kallas justitieråd och utgöra konungens högsta domstol". Og í Noregi er veitingarvaldið skilyrðislaust í höndum æðsta framkvæmdarvaldsins. Loks má geta þess, að í Svíþjóð og Finnlandi er í undirbúningi ný heildar-réttarfarslöggjöf, og í frumvörpum þeim og nefndarálitum, sem komin eru fram þar í löndum um þetta, er alls ekki gert ráð fyrir neinu dómaraprófi, og allt útlit er fyrir, að í nýjum réttarfarslögum Svíþjóðar og Finnlands verði dómaraprófið ekki lögboðið.

Öll Norðurlöndin eru stjórnfrjáls lönd, og sjálfstæði dómstólanna varið af stjórnarskránum, þó 3 af þessum 4 ríkjum, að Íslandi frátöldu, telji sér fært að láta æðsta framkvæmdarvaldið skipa hæstaréttardómarana án undangengins prófs, og virðist svo, sem þetta hafi ekki komið að sök né gert dómstólana háða framkvæmdavaldinu. Og þó að ákvæði fimmtardómsfrv. um þetta verði samþykkt óbreytt, má gera ráð fyrir, að sjálfstæði dómstólsins verði ekki sett í hættu frekar hér en annarsstaðar, þar sem sömu reglur gilda, og sjálfsagt verður álits aðaldómara leitað, þegar skipa á nýjan mann í fimmtardóm, þó ekki verði sá nýi maður prófaður né neitunarvaldið í höndum réttarins. Að lokum má benda á það, að núverandi hæstaréttardómarar eru skipaðir af framkvæmdarvaldinu án þess að þeir væru áður prófaðir, og telja þeir sig þó sjálfsagt algerlega sjálfstæða gagnvart því.

Atriði það, sem hér hefir verið rætt um næst á undan, telja dómararnir **aðalbreytingu** frumvarpsins, en ákvæðið um aldursmark dómara **meginnýmæli.**

Það er ekki rétt hjá dómurunum, að hér sé um aðalatriði frv. að ræða. Eins er það mjög einkennileg ályktun, að 60 ára aldur sé „líklega yfirleitt nær því að vera bezti aldurinn". Naumast verður vægara að orði kveðið um þennan lofsöng til ellinnar en að hann orki mjög tvímælis.

Í þessu sambandi koma dómararnir með þá athugun og fullyrðingu, að aldursákvæði frv. geti „leitt til þess, að síðari stjórnir teldu sér frjálst að fara í fótspor núverandi dómsmálaráðherra. Og hvar væri þá réttaröryggið í landinu". Verður meiri hl. að telja þessi orð alveg óviðurkvæmileg af dómendum hæstaréttar. Þau verða ekki skilin á annan veg en þann, að dómararnir segi, að ef fetað væri í fótspor núverandi dómsmálaráðherra, væri réttaröryggið í landinu í hættu. Með þessum orðum virðast dómararnir vitandi eða óvitandi taka ákveðna pólitiska afstöðu, sem meiri hlutinn verður að átelja hjá þeim. Er þá og komið í hið mesta óefni, og hæpið að þessi umsögn hæstaréttardómara væri alstaðar tekin sem góð og gild vara. Í einu nágrannaríki voru kom fyrir nokkrum árum fyrir atvik, sem rétt er að drepa á í þessu sambandi. Einn af hæstaréttardómurum þess lands lét svo um mælt, að hann hataði ákveðinn stjórnmálaflokk. Aðalmálgagn þess flokks gerði þá fyrirspurn til dómarans, hvort þessi orð væru rétt eftir honum höfð, og ef svo væri, gæti hann ekki lengur setið sem dómari í hæstarétti, þar sem hann hefði lýst hatri á einum stjórnmálaflokknum. Dómarinn svaraði drengilega, kannaðist við orð sín og sagði tafarlaust af sér. Fannst öllum það vera hin réttu málalok.

Þá halda dómararnir því hiklaust fram, að 3. liður 8. gr. frv. þverbrjóti 57. gr. stjórnarskrárinnar. Þessa fullyrðingu verður að telja mjög vafasama, því

ákvæðin um aldur má að minnsta kosti skilja sem veitingarskilyrði, og er vikið að því nánar síðar.

Eigi verður fallizt á þá skoðun dómaranna, að með frv. sé e k k i verið að koma nýrri skipun á dómstólana. Í greinargerð frv. eru leidd rök að því, sem hvergi eru hrakin, að hér sé um nýskipun og umbreytni á lokadómstiginu að ræða.

Út af opinberu atkvæðagreiðslunni er rétt að benda á, að nokkurt ósamræmi er á milli 52. gr. frv. og greinargerðarinnar við 10. kafla. Stafar þetta af því, eftir upplýsingum sem meiri hl. hefir fengið, að upprunalega var ætlunin sú, að hafa bæði ráðagerðir og atkvæðagreiðslu munnlega og í heyranda hljóði. En frá þessu ráði var horfið og aðeins ætlazt til, að atkvæðagreiðslan væri opinber. Er á þetta minnzt síðar. Ber því að miða umsögn dómara við frv. með þessari leiðréttingu og þarf því ekki að víkja nánar að athugunum dómara um opinbera ráðagerð, en aðeins benda á, að ekki er í álitinu skýrt allskostar rétt frá hér að lútandi fyrirkomulagi í Noregi, þar sem sagt er, að að ráðagerðum hafi „engir aðgang nema ritarar réttarins". Í 140. gr. réttarfarslaganna norsku er sagt, að ritararnir megi vera við ráðagerðirnar, og svo bætt við: „Dog kan rettens formand gi særlig tilladelse til andre, som af hensyn til sin juridiske utdannelse eller af lignende grunde önsker at være tilstede".

Það er óþarfi að skilja orðin „jafnskjótt og málaflutningi er lokið" í 51. gr. frv. svo einstrengingslega eins og dómararnir vilja vera láta, en til að fyrirbyggja misskilning, er þetta gert skýrara með brtt.

Röksemdir dómaranna gegn opinberri atkvæðagreiðslu eru heldur léttar á metunum, þegar þær eru bornar saman við hina ágætu reynslu Norðmanna af þessu skipulagi. Vísast til greinargerðar frv. um þetta.

Ekki þykir ástæða til að ræða mikið við dómarana um meðaltalsákvæði 53. gr., þó hinsvegar komi þar fram hjá dómurunum lítið traust til dómara í lokadómsstiginu, þar sem þeir gera ráð fyrir, að einstakir dómarar gætu misnotað þessa reglu og með því móti haft „óhæfileg áhrif á útkomuna".

Svo virðist, sem dómararnir telji það vafasamt, að heimilt sé eftir stjórnarskránni að lögbjóða félagsskap málaflutningsmanna við fimmtardóm, vegna hins almenna félagafrelsis. En þetta nær vitanlega ekki nokkurri átt. Enginn hefir látið sér detta í hug, að lögin um síldareinkasölu séu brot á stjórnarskránni, þó í þeim lögum séu menn skyldaðir til félagsskapar. Og vitanlega var ástæðulaust að láta þessa félagsskyldu ná til annara málaflutningsmanna en þeirra, sem starfa við fimmtardóm, þegar um löggjöf um fimmtardóm var að ræða. Almenn félagsskylda málaflutningsmanna getur að sjálfsögðu komið til greina, þegar búið er að endurbæta réttarfarslöggjöfina yfirleitt.

Ekki sýnist neinn háski á ferðum, þó dómsmálaráðherra sé heimilaður fullnaðarúrskurður út af brotum málaflutningsmanna. Í Bretlandi má skjóta slíkum úrskurðum til dómsmálaráðherra eða yfirdóms (High Court). Í Bretlandi er ekki síður „heilbrigð réttarmeðvitund" en hér á landi, og sýnist því ekki hundrað vera í hættunni, þó þetta ákvæði væri í lög tekið. En því er algerlega neitað, að í öllum siðuðum löndum heyri slíkir úrskurðir undir dómstólana, því Bretland er ennþá í tölu hinna siðuðu landa.

Vegna þess, hve forsendur dómaranna eru víða hæpnar, verður einnig að

telja niðurstöðu þeirra um það, að frv. veiki dómsvaldið og auki áhrif pólitíska valdsins á það, jafnvel þvert ofan í stjórnarskrána, vera rakalausa.

Það má vel vera, að dómurunum finnist sjálfum, „að skipulag hæstaréttar hafi gefizt vel og að rétturinn njóti trausts almennings“. En fyrst og fremst er þess að gæta, að „blindur er hver í sjálfs sín sök“, og hitt má vafalaust segja með eins miklum rökum, að hæstiréttur hafi ekki notið þess trausts almennings, sem æskilegt væri, og er minnzt á það hér að framan. Og sannarlega eru röksemdir dómaranna fyrir trausti almennings á réttinum einkennilegar, þar sem þeir færa það aðallega fram til stuðnings, „að málum fari þar sífjölgandi“.

Dómararnir virðast bera sig undan því, að þeir fái tæplega að njóta „vinnufriðar“. Hvort þetta friðleysi stafar af sífjölgandi málum eða öðru, skal ósagt látið. En sannarlega eru starfsaðferðir, vinnubrögð og skipulag réttarins enginn slíkur helgidómur, að á þau megi ekki minnast né benda á það, er aflaga þykir fara.

En þótt meiri hlutinn telji málið í heild sinni þess vert, að það verði samþykkt, vill hann gera á því ýmsar minni háttar breytingar.

Á nokkrum stöðum í frv. eru villur. Orð og setningar virðast hafa fallið úr handriti eða við prentun, svo sem er í 6. gr. 4. tölul., 8. gr. og 22. gr. og víðar. Eru þessar villur leiðréttar með brtt. Um brtt. meiri hl. þykir rétt að fara nokkrum orðum. Er það fyrst við 4. gr. frv. Meiri hl. telur réttara að halda því fyrirkomulagi, sem nú er, að dómsforseti sé kosinn af dómurunum til 1 árs í senn. En þessi breyting var gerð með lögum nr. 37, frá 4. júní 1924, og hefir ekki annað heyrzt en að það hafi gefizt vel.

Til að rýmka nokkuð ákvæðin í 5. gr. um það, hvenær 5 dómarar skuli skipa dóminn, vill meiri hl. bæta því við, að dómsmálaráðherra geti í opinberum málum krafizt þess, að aukadómarar taki sæti.

Hér að fram hefir verið að því vikið, að ákvæði 8. gr. frumv., rétt skilin, brjóti alls ekki í bág við stjórnarskrá landsins. En meiri hl. vill ekki láta um það deila, að þessi ákvæði rekist á stjskr. og hefir því gert nokkrar breytingar við 8. gr. Er það ætlun meiri hl., að þar komi það fram skýrt og greinilega, að framvegis megi engum veita embætti sem dómara í fimmtardómi, er sé yngri en 30 ára eða eldri en sextugur. En meiri hl. vill gera þá undantekningu, að þetta skilyrði fyrir veitingu taki ekki til núverandi dómara í hæstarétti, en engan veginn er sú tillaga sprottin af því, að meiri hl. telji það nauðsynlegt vegna ákvæða stjórnarskrárinnar.

Hitt er algert fjárhagsatriði, hvort þingið vill leggja fyrir landsstjórnina að láta dómara fara frá embætti þegar hann er 65 ára eða eldri. Þetta brýtur heldur engan veginn í bág við ákvæði 57. gr. stjskr. Aðeins kemur fram þingvilji, sem vill nota heimild stjórnarskrárinnar, sem felst í þessum orðum: „Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti“. Og þessa heimild á að nota vegna þess, að annars er hætt við, að ekki yrðu þessi ákvæði notuð, t. d. gagnvart dómara, sem greinilega væri farinn að sljóvgast, en vildi ekki viðurkenna það sjálfur, eins og altítt er, og jafnvel að starfsbræður hans, líka aldurhnignir, tækju síður eftir því en aðrir, sem utan við dóminn

standa. Mundi þetta vafalaust þá kölluð harðneskja og hlutdrægni, ef slíkum manni væri veitt lausn frá dómarastörfunum, og því tryggara fyrir öryggi dóma að nota heimild stjórnarskrárinnar fortakslaust.

Í samræmi við það, sem áður er sagt, flytur meiri hl. breytingu til lagfæringar á 52. gr. frv. um það, að ráðagerðir dómara fari ekki fram opinberlega, en aftur er hitt gert skýrara, að atkvæðagreiðsla fimmtardóms um mál, er hafa verið flutt munnlega, skuli vera opinber.

Hafa nú verið nefndar flestar þær breytingar, er meiri hl. vill gera á frv., og er það því tillaga hans, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. 1. málsgr. skal orða svo:
   Fimmtardóm skipa 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar. Konungur skipar aðaldómara, en þeir kjósa sér forseta úr sínum hópi til eins árs í senn.
2. Við 5. gr.
   a. Aftan við 3. málsgr. bætist:
      Þó getur dómsmálaráðherra krafizt þess, að aukadómarar taki sæti í fimmtardómi í opinberum málum.
   b. Upphaf síðustu málsgr. skal orða svo:
      Aðaldómarar fimmtardóms o. s. frv.
3. Við 6. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
   Nú er ákveðið o. s. frv.
4. Við 8. gr.
   a. Upphaf 1. málsgr. skal orða svo:
      Aðaldómarar í fimmtardómi skulu o. s. frv.
   b. 3. tölulið skal orða svo:
      Séu eigi yngri en þrítugir og eigi eldri en sextugir.
      Undanþegnir þessu skilyrði við veitingu embætta í fimmtardómi eru þó þeir dómarar, er skipa hæstarétt þegar fimmtardómur tekur til starfa. Þó má enginn fastur dómari vera eldri en 65 ára.
   c. Í stað „kjörforeldri eða fósturbörn“ í 4. tölulið komi: kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn.
5. Við 17. gr.
   a. Aftan við 2. tölulið bætist: eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
      Þá skulu og þeir, er byrjað hafa prófraun fyrir hæstarétti, sbr. 3. tölulið, eiga rétt á því að ljúka prófi sínu við fimmtardóm.
6. Við 22. gr. Á eftir 1. málslið komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Einnig er honum rétt að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum.

7. Við 31. gr. Fyrir „uppboðigjörðum“ í síðustu málsgr. komi: uppboðsgerðum.
8. Við 34. gr. Í stað „51. gr.“ komi: 33. gr.
9. Við 43. gr.
   a. Upphaf fyrri málsgr. skal orða svo:
      Gögn, varnir, málsatvik og kröfur í einkamálum má eigi bera fram o. s. frv.
   b. Í stað orðanna í síðari málsgr. „til afnota hinum aðilanum“ komi: til afnota handa hinum aðilanum.
10. Við 48. gr. Upphaf 2. málsgr. skal orða svo:
    Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef fimmtardómur frestar opinberu máli til þess o. s. frv.
11. Við 51. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
    Dóma og úrskurði skal upp kveða svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið, o. s. frv.
12. Við 52. gr.
    a. Aftan við 1. málsgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
       Engir hafa rétt til að vera við ráðagerðir nema dómarar og fimmtardómsritari. Forseti réttarins getur þó gefið öðrum leyfi til að vera við ráðagerðir, sé þess sérstaklega óskað.
    b. 1. málslið 2. málsgr. skal orða svo:
       Atkvæðagreiðslur fimmtardóms um mál, er munnlega hafa verið flutt, skulu munnlegar vera, opinberar og í heyranda hljóði.

Alþingi, 28. marz 1930.

Jón Baldvinsson,	Ingvar Pálmason,
form.	fundaskrifari og frsm.

Fylgiskjal.

Dómsmálaráðherrann hefir með bréfi dags. 21. f. m. sent hæstarétti frumvarp til laga um fimmtardóm, sem lagt hefir verið fyrir Alþingi sem stjórnarfrumvarp, og jafnframt mælzt til þess, að rétturinn léti uppi álit sitt um frumvarpið til þess að það yrði lagt fyrir nefndir þær, er kynnu að fjalla um frumvarpið á Alþingi. —

Nú þótt nefndur ráðherra hafi, ofan á ummæli þau, er hann lét sér um munn fara um hæstarétt á Alþingi 1928, sbr. B.-deild Alþt. það ár, sérstaklega bls. 2852—53 og bls. 2882, 84 og 85, farið rakalausum orðum um réttinn í ástæðum fyrir frumvarpinu og ekki leitað ráða réttarins áður en frumvarpið var samið og fullprentað, þá viljum vér þó málefnisins vegna, um leið og vér mótmælum ofannefndu atferli ráðherra í garð réttarins, skýra háttvirtri allsherjarnefnd efri deildar, sem málinu hefir

verið vísað til, frá áliti voru um frumvarp þetta, í því trausti að nefndin gefi háttv. alþingismönnum kost á að kynnast skoðun vorri á frumvarpinu.

Frumvarpið er 14 kaflar og 68 greinir, og í ástæðunum kallað „alger nýmyndun á æðsta dómstiginu“. Er þar ennfremur sagt, að breytingarnar, sem frumvarpið geri á hæstaréttarlögunum, séu ekki minni en þær breytingar, sem þau lög gerðu á gömlu landsyfirréttartilskipuninni og því ekki minni ástæða nú en þá til að búa til algerlega ný lög og nema hæstaréttarlögin að öllu leyti úr gildi.

Þessu er óþarfi að svara með öðru en því, að benda þeim, sem um frumvarpið eiga að fjalla, á, að bera saman tilskipun 11. júlí 1800, sem er 22 gr. alls, við hæstaréttarlögin, sem eru 57 gr., og lesa síðan frumvarpið og hæstaréttarlögin saman, enda sagt í sjálfum ástæðunum, að samtals um 40 gr. af 68 séu samhljóða samsvarandi greinum í hæstaréttarlögunum, og þó fara hvergi nærri allar þessar 28. gr. með nokkrar verulegar breytingar.

Mun þá engum skynbærum manni annarsvegar dyljast sá mikli munur, sem hæstaréttarlögin gerðu á dómskipuninni í landinu, þar sem þau, auk margra annara breytinga, fluttu úrslitadómsvaldið inn í landið og lögleiddu gersamlega nýtt réttarfar um meðferð allra mála í réttinum. Né heldur mun hinsvegar nokkrum dyljast hitt, að ráðgerðu nýmælin í frumvarpinu gáfu ekki nokkra átyllu til að semja nýtt heildarfrumvarp og allra sízt til að leggja hæstarétt niður. Þau hefði öll mátt lögleiða með nokkrum viðaukagreinum.

Verulegu breytingarnar eru í rauninni sem sé aðeins tvær: Niðurfellingin á íhlutunarvaldi réttarins um skipun dómara samkv. 4. lið 6. gr. hæstaréttarlaganna og henni samfara afsal á fullkomnu einræðisvaldi í því efni í hendur dómsmálaráðherra og svo breytingin á embættisaldri dómaranna.

Það er sagt í ástæðunum, að í rauninni þurfi að endurskoða alla réttarfarslöggjöfina og koma henni í eitt samstætt kerfi. Virðist það því koma kynlega fyrir að taka einn liðinn út úr, og það þann liðinn, sem nýlega hefir fengið nýtízku umbúnað. Þetta er þó talið „eðlilegast og sjálfsagðast“ í ástæðunum.

Það er rétt, að nafnið „*hæsti*réttur“ mun ekki hafa látið jafnvel í eyrum allra fyrst eftir að dómstigunum var fækkað. En nú finna sennilega sárafáir eða jafnvel engir til þess. Nafnið er vel fallið til þess að sýna það bæði inn á við og út á við, að rétturinn er úrslitadómstóll, enda heita langflest úrslitadómstigin samsvarandi nafni og öll á Norðurlöndum. Og nafnið á úrslitadómstólnum í íslenzkum málum hefir á þriðju öld verið hæstiréttur.

Fimmtardómur er að vísu fornt heiti á æðsta dómstól landsins mestan hluta lýðveldistímans, en alóhæft til að tákna það út á við, að hann sé úrslitadómur, svo sem þýðingin í sjálfum frumvarpstextanum ber ljósastan vott um. Og hvað sem öðru líður, er nafnbreytingin ekki nauðsynjanýmæli, enda fimmtardómurinn gamli, 3 tylftadómur, gerólíkur úrslitadómstólum nútímans, nefndur því nafni af því að fjórðungsdómarnir 4 voru

fyrir á Alþingi, er hann var stofnaður. Nýja nafnið því í rauninni rangnefni, meðan enginn er fjórðungsdómurinn.

Næsta umtalsverða breytingin er ákvæði 4. 5. og 6. gr. frv. um 2 aukadómara, sem aðaldómararnir 3 eiga að geta fengið að láni úr lagadeild Háskólans í „margbrotnum, umfangsmiklum eða vandasömum málum". Er sagt í ástæðunum að þetta sé áþekkt deildarskiptingu nokkurra erlendra úrslitadómstóla og svipuð fyrirmæli sé að finna í 5. gr. norsku réttarfarslaganna. En deildaskiptingin, þar sem hún á sér stað, t. d. í Noregi og Svíþjóð, fer ekki eftir umfangi málanna. Og í 5. gr. norsku réttarfarslaganna er að vísu sagt, að hæstiréttur geti kallað til mann „i vidtlöftige saker", en í tilvitnuninni hefir gleymzt að geta þess, að þetta er aðeins varúðarráðstöfun gegn því, að einhver aðaldómaranna kynni að forfallast meðan á flutningi málsins stendur, en ekki til þess að fjölga dómurunum. Norska ákvæðið svarar því nánar til 2. liðs 5. gr. hæstaréttarlaganna um tilkvaðning varadómara í forföllum aðaldómara heldur en til nýmælis frv. um fjölgun dómara í vandasömum málum.

En ef hallast ætti að tillögu frumvarpsins um aukadómara virðist þó ótiltækilegt að koma henni fram á þann hátt, sem þar er gert ráð fyrir. Það þarf eigi að lýsa því nánar, að það mundi auðveldlega geta vakið óánægju og tortryggni gegn réttinum, ef hann ætti að úrskurða það í hverju falli hvort 3 eða 5 dómendur ættu að dæma mál, er til réttarins er stefnt, enda verður oft eigi úr því skorið til fullnustu fyrr en í málflutningnum, hvort mál er vafasamt eða eigi. Það mundi því heppilegra að tiltaka það í sjálfum lögunum hver mál eða málaflokka aukadómararnir skyldu fjalla um. Annars væri einfaldast og öruggast, ef 3 dómarar þykja eigi nægja, að fjölga dómurunum um 2, enda var fækkunin 1924 gerð á móti tillögum dómenda hæstaréttar og varin með því einu að hún horfði til sparnaðar.

Er þá komið að annari *aðalbreytingu* frumvarpsins, niðurfellingu 8. gr. á 4. lið 6. gr. hæstaréttarlaganna, skilorðinu um próf dómaraefna fyrir hæstarétti. Er ákvæði þetta vitanlega sett til varnar því, að óhæfir menn taki sæti í réttinum og sitji þar, ef til vill áratugum saman, og er auðvitað því óhjákvæmilegra sem rétturinn er fámennari.

Samskonar ákvæði mun vera lögmælt í flestum nýlegum lögum um úrslitadómstigið utan einræðisstjórnarlanda og útnefning hæstaréttardómara annarstaðar a. m. k. fara fram eftir tillögum hæstaréttar. Í 43. gr. dönsku réttarfarslaganna er samskonar ákvæði og í íslenzku hæstaréttarlögunum. — Í Finnlandi skipar ríkisforsetinn hæstaréttardómara samkv. tillögum réttarins. Og sama á sér stað í Svíþjóð, samkvæmt gamalli venju. Annars er ekki skýrt alls kostar rétt frá hér að lútandi fyrirkomulagi erlendis í ástæðunum. Þannig hefir láðst að geta þess um Eistland, að hæstiréttur stingur þar upp á 2 dómaraefnum í hvert laust sæti og þjóðþingið skipar þá annan þeirra.

Þetta er líka í samræmi við stjórnarskrárvarið sjálfstæði dómsvaldsins í öllum stjórnfrjálsum löndum, sbr. 2. gr. stjskr., enda réttmæti þess játað af öllum málsmetandi stjórnmálamönnum. Í þessu sambandi

má geta þess, að núverandi dómsmálaráðherra tók ótvírætt í þann streng á Alþingi 1924, sbr. B-deild Alþt. það ár, bls. 1993. Þar farast honum þannig orð: „Mér virðist meiri trygging fyrir því, að beztu mennirnir verði dómstjórar, ef þeir eru kosnir innan réttarins, heldur en ef þeir eru skipaðir af hinu pólitíska valdi“. Hér var um það að ræða hvort forseti hæstaréttar skyldi skipaður af stjórninni eða kjörinn af réttinum sjálfum, og það síðara varð ofan á.

En sé það viðsjárvert að láta stjórnina velja hæstarétti forseta, jafnvel úr flokki dómaranna, hversu miklu hættulegra hlýtur það þá ekki að vera að fá stjórninni fullkomið einræðisvald um það, hverjir skuli verða og vera dómarar í réttinum.

Er þá komið að hinu *meginnýmæli* frumvarpsins og er það einnig í 8. gr. Það er 3. liður greinarinnar, og er hann á þá leið, að aðaldómari: „Sé eigi yngri en 30 ára og eigi eldri en 60 ára“.

„Undanþegnir þessu skilyrði eru þó þeir, er skipa hæstarétt þegar fimmtardómur tekur til starfa. Þó má enginn fastur dómari vera eldri en 65 ára“.

En hér að lútandi ákvæði 57. gr. stjórnarskrárinnar er á þessa leið:

„Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embæti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum“.

Út af þessu nýmæli, sem líklega er aðalatriði frumvarpsins, athugast það fyrst, að það er svo langt frá því *að 60 ár* sé of hár dómaraaldur, að hann er líklega yfirleitt nær því að *vera bezti aldurinn*, ekki sízt í norðlægum löndum, þar sem menn eldast yfirleitt betur en í suðlægum löndum. Enda er ekkert hámark dómaraaldurs lögleitt í Bretlandi, Bandaríkjunum vestanhafs, í Danmörku og í Svíþjóð. Í Bretlandi og Bandaríkjunum sitja háaldraðir menn oft í æðstu réttunum, og eru æðstu réttir þeirra landa þó fáskipaðri en samsvarandi dómstólar í öðrum löndum. Aftur á móti er aldurstakmarkið í Finnlandi og Noregi 70 ár.

Þar næst mundi frumvarpið, ef það yrði lögleitt, geta orðið ríkissjóði alldýrt. Það gæti farið svo, að utan réttarins sætu árum, ef til vill ára*tugum*, saman á fullum launum fleiri starfhæfir menn heldur en þeir, er sætu í réttinum sjálfum.

Og seinast en ekki sízt gæti það leitt til þess, að síðari stjórnir teldu sér frjálst að fara í fótspor núverandi dómsmálaráðherra. Og hvar væri þá réttaröryggið í landinu? Rétturinn gæti með því móti orðið leiksoppur í höndum stjórna og stjórnmálaflokka. Væri þá sjálfstæði dómsvaldsins gagnvart umboðsvaldinu orðið að engu, þvert á móti ákvæðum IV. kafla stjórnarskrárinnar. Og afleiðingunum af því þarf ekki að lýsa.

En að þessu slepptu þverbrýtur 3. liður 8. gr. frumvarpsins 57. gr. stjórnarskrárinnar.

Hvorki stjórnarskráin né önnur lög landsins setja dómurum neitt fortakslaust aldurstakmark. 57. gr. stjórnarskrárinnar segir aðeins: Veita „má“ 65 ára gömlum dómara lausn. Hún segir ekki: Veita „skal“ o. s. frv. Og á þessu er svo mikill munur, að ekki þarf að orðlengja um það. Ákvæði þetta er stílað til umboðsstjórnarinnar, en ekki til löggjafarvaldsins, og vitanlega lögmælt til þess að opna stjórninni leið til að veita lausn manni, sem orðinn er ófær til dómarastarfa af einhverjum ástæðum, en vill ekki fara með góðu og ekki er hægt að setja af samkvæmt hinum tveimur heimildum stjórnarskrárgreinarinnar. *Lögleiðing* fortakslausrar lausnar 65 ára, og þá því fremur 60 ára, gamals dómara er því, ein út af fyrir sig, ugglaust brot á stjórnarskránni.

Þar næst væri lausnar*veiting* 60 ára gamals dómara, er fengið hefði embættið í gildistíð 57. gr. stjórnarskrárinnar, en fengið lausn gegn vilja sínum, einnig stjórnarskrárbrot, er gæfi manninum rétt til fullra launa.

Loks væri það og brot á 57. gr. stjórnarskrárinnar *ef* núverandi umboðsstarfslausir dómarar væru mót vilja þeirra og án saka leystir frá embætti, áður en þeir yrðu 65 ára. Stjórnarskráin heimilar landsstjórninni aðeins í 3 tilfellum að leysa umboðsstarfslausa dómara löglega frá embætti gegn vilja þeirra: 1. samkvæmt dómsúrskurði, 2. með lausnarveitingu vegna fullnaðs 65 ára aldurs og 3. með flutningi í annað embætti, en þá þó því aðeins, að verið sé að koma *nýrri* skipun á dómstól*ana*, en því nafni verða með engu móti nefndar breytingar þær, sem stofnað er til á hæstarétti einum með frumvarpinu.

Eitt meðal umtalsverðu nýmæla frumvarpsins er ákvæði 51.—56. gr. um atkvæðagreiðslu dómara, samning dóma og birting þeirra og ágreiningsatkvæða.

Eftir að fækkaði í réttinum 1926 hefir héraðlútandi meðferð verið hagað svo, að allir 3 dómararnir skiptast á að gera uppkast að dómum, eftir fyrirfram ákveðinni röð.

Sé málið munnlegt, koma dómarnir saman þegar eftir flutning málsins, og sá dómari, sem atkvæðið (dómsuppkastið) á að semja, reifar þá málið fyrir hinum og lýsir skoðun sinni um dómsniðurstöðu og aðaldrætti forsenda fyrir henni. Að því búnu lýsa hinir skoðun sinni. Og síðan er ráðin niðurstaða málsins. Sé hún söm og framsögumanns, semur hann atkvæðið og er það síðan rætt af öllum dómurunum og þá gengið frá dóminum. En fallist hinir dómararnir ekki á atkvæðið, gerir annarhvor þeirra nýtt atkvæði, sem þá verður dómur í málinu.

Sé málið skriflegt, tekur sá dómari, sem röðin til segir, við málskjölunum og semur atkvæði, er síðan gengur til næsta dómara ásamt málskjölunum og loks til hins þriðja. Hafi ágreiningur orðið um niðurstöðu eða forsendur, koma dómendur allir saman og er þá gengið frá dóminum.

Þetta fyrirkomulag hefir gefizt vel og ólíklegt að nýja ráðgerða fyrirkomulagið gefist eins vel, þó auðsæju brestirnir á héraðlútandi nýmælum væru numdir burtu.

Þess er getið í ástæðunum, að ákvæði 52. gr. frumvarpsins um að svo-

kallaðar ráðagerðir dómaranna skuli fara fram í heyranda hljóði, sé tekin eftir norsku réttarfarslögunum, en þetta er eigi rétt. Í 141. gr., sbr. 139. og 140. gr. þeirra laga er það þvert á móti tekið fram berum orðum, að ráðagerðin (raadslagningen) í hæstarétti fari fram fyrir lokuðum dyrum, eins og í öðrum dómstólum landsins, og hafi þar engir aðgang nema ritarar réttarins, en dómsatkvæði sitt í munnlegum málum greiðir hver dómari þar á móti opinberlega í réttinum.

Annars er ákvæði 51. gr. frumvarpsins um að dóma og úrskurði skuli uppkveða í munnlegum málum „jafnskjótt sem málflutningi er lokið“ öldungis fráleitt, enda kemur það ákvæði í beina mótsögn við 52. gr., sem fyrirskipar „ráðagerð“ með dómendum um efni og ástæður dóma.

Ákvæði 52. gr. um opinbera ráðagerð væri til skemmdar, enda hvergi tíðkuð svo vitað sé. Og opinber atkvæðagreiðsla tilgangslaus í þeim málum, sem enginn ágreiningur er um, þar sem dómarnir eru prentaðir jafnskjótt og efni er til í örk. Þar sem ágreiningur yrði, gæti hinsvegar komið til mála að lögbjóða annaðhvort opinbera atkvæðagreiðslu eða birtingu ágreiningsatkvæða, og mundi síðari kosturinn koma að meiri notum, bæði af því að ágreiningsatkvæði er fullkominn dómur höfundar og aðgengilegt fyrir alla, en við munnlega atkvæðagreiðslu mundi aðeins getið niðurstöðu og hennar ekki njóta aðrir en þeir, er viðstaddir væru.

Annars verður að geta þess, að enn er mjög deilt um það, hvor leiðin sé heppilegri, að birta atkvæði eða halda þeim leyndum. Og er einnig ágreiningur um það innan réttarins. Opinber atkvæðagreiðsla þykir því varhugaverðari, sem dómstóllinn er fámennari. Og hún mun ekki eiga sér stað utan Noregs, a. m. k. ekki á Norðurlöndum, og var þó lögmælt í Noregi 1863.

„Meðaltals“ ákvæði 53. gr. mun og vera fullkomin nýlunda í réttarfarslögum, enda engan veginn hættulaust, með því að jafnvel einum dómara væri þá innan handar að hafa óhæfileg áhrif á útkomuna, þyrfti ekki annað en hafa sína tölu nógu háa.

Eru þá eftir af umtalsverðum nýmælum nokkur ákvæði um málaflutningsmenn í 17., 22., 24., 25. og 27. gr. frumvarpsins.

Í 17. gr. er fellt niður skilorð 1. liðs 13. gr. hæstaréttarlaganna um að málaflutningsmenn aðrir en þeir, er verið höfðu málaflutningsmenn við landsyfirréttinn, skuli hafa fyrstu prófseinkunn, svo sem áskilið er í flestum löndum, t. d. bæði í dönsku réttarfarslögunum, 120. gr., og í norsku lögunum, 220. gr.

Þar er og fellt niður ákvæði sömu greinar hæstaréttarlaganna um að menn, sem gegnt hafi 3 ár embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til, skuli vera jafngengir til málflutnings og þeir, sem unnið hafa að málflutningi jafnlengi, og er þó samskonar ákvæði í nýnefndum greinum dönsku og norsku laganna.

Í 18. gr. hæstaréttarlaganna er meðal annars nánustu vandamönnum aðilja í sparnaðarskyni heimilaður málflutningur í hæstarétti, en sú heimild felld niður í 22. gr. frumvarpsins.

Með breytingu hæstaréttarlaganna frá 1924 var réttur aðilja til að flytja mál skriflega nokkuð rýmkaður, og var það einnig gert í sparnaðarskyni. Nú er hann aftur þrengdur í 45. gr. frumvarpsins.

Eftir 20. gr. hæstaréttarlaganna var ráðherra skyldur að svipta þann mann málflutningsleyfi, er rétturinn hafði þrisvar sektað fyrir „stórkostlegt skyldubrot", en í 24. grein frumvarpsins er þessari skyldu ráðherra snúið í heimild. Og má nærri geta, hversu hollt það ákvæði gæti orðið, bæði almenningi og samvinnu dómara og málflutningsmanna, ef ráðherra misbeitti þeirri heimild.

Og öll eiga nýnefnd nýmæli sammerkt í því, að ekki verður séð, að þau séu til bóta frá sjónarmiði almennings.

Eins og kunnugt er, er mönnum heimilt að stofna félög í lögleyfðum tilgangi. Er sá réttur varinn með 69. gr. stjskr. og almennt kallaður félagafrelsi.

Hinsvegar minnist stjórnarskráin hvergi á skyldu manna í því efni, enda varhugavert að lögleiða slíkt, meðal annars vegna þess, hvar takmörkin ættu að vera, en það gerir 25. frumvarpsgreinin. Hún skipar málflutningsmönnum við fimmtardóminn að bindast félagssamtökum, undir eftirliti dómsmálaráðherra, eftir því sem segir í athugasemd við greinina, til að hafa „eftirlit á framferði og störfum málflutningsmannanna". Það hefir þó ekki heyrzt að meiri þörf væri á eftirliti með hæstaréttarmálflutningsmönnum en með öðrum málflutningsmönnum, enda ber eftirlit með þeim störfum málflutningsmanna, sem snerta starfsemi þeirra innan réttar, undir dómstólana.

Loks stingur „fullnaðarúrskurður" dómsmálaráðherra skv. 27. frv.-gr. út af brotum málflutningsmanna, jafnvel þó að um fullnaðarmissi atvinnuréttinda þeirra væri að ræða, undarlega í stúf við gildandi lög og heilbrigða réttarvitund nútímans. Í öllum siðuðum löndum heyrir úrskurður slíkra réttinda undir dómstólana, sbr. t. d. 145. gr. dönsku réttarfarslaganna, og verða málflutningsmenn þar í landi þó aðeins sviptir málflutningsrétti um stundarsakir af ástæðum þeim, sem eftir frv. eiga að geta valdið fullnaðarmissi.

Ennfremur þykir ástæða til að benda á, að 26. gr. frv. verður eigi skilin öðruvísi en svo, að stjórn félags málflutningsmannanna við réttinn sé þar með fengið vald til þess að ákveða hvaða þóknun eða kaup málflutningsmanni ber hjá viðskiptamanni sínum fyrir veitta réttaraðstoð, ef þeir verða ósáttir um upphæðina, þótt viðskiptamaðurinn hafi eigi leitað til félagsstjórnarinnar um þetta efni. Og væri dómsmálaráðherra þá sennilega jafnframt skv. 27. gr. eftir atvikum fengið úrslitadómsvald um þetta atriði.

Að draga slík ágreiningsmál undan úrskurði dómstólanna væri óhæfilegt gagnvart almenningi og gæti hinsvegar vakið tortryggni og úlfúð gegn málflutningsmönnunum.

Eins og sést á framanrituðu eru tilvitnanir í frumvarpsástæðunum

ekki ábyggilegar. Þetta á ekki síður við tilvitnanir í ritgerðir, sem þar eru nefndar. Sumar þeirra eru slitrur, slitnar út úr réttu sambandi.

Samkvæmt því, sem að framan segir, *ráðum vér frá* að lögleiða fimmtardómsfrumvarpið, sem mjög hnígur að því, að veikja dómsvaldið og auka áhrif pólitíska valdsins á það, jafnvel þvert ofan í stjórnarskrána.

Enda verður ekki annað sagt en að skipulag hæstaréttar hafi gefizt vel og að rétturinn njóti trausts almennings. Sést það meðal annars á því, að málum fer þar sífjölgandi.

Svo má og geta þess, að löggjafarvaldið og nokkrar aðrar stofnanir hafa ósjaldan leitað réttarins um tilnefningu manna, er mikið hefir þótt við liggja.

Væntum vér því, að rétturinn geti áfram gegnt köllun sinni, fái hann aðeins að njóta vinnufriðar. Og með því er væntanlega ekki til of mikils mælzt til handa einni af þremur máttarstoðum ríkisvaldsins á þúsund ára afmæli þess.

Reykjavík 22. febr. 1930.

Eggert Briem. *Lárus H. Bjarnason.* *Páll Einarsson.*

Nd. 375. Lög

um breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði.

(Afgreidd frá Nd. 28. marz).

Fyrir »30 smálestir« í 1. og 6. gr. laganna kemur: 60 smálestir.

Ed. 376. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 358 [Sveitabankar].

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Fyrri breytingartillagan orðist svo:

Lán sveitabanka má veita gegn víxlum, skuldabréfum eða í reikningslánsviðskiptum.

Víxillán má eigi veita til lengri tíma en 6 mánaða og eigi framlengja lengur en svo, að allur lánstíminn verði eitt ár. Reikningslán má veita til eins árs í senn.

Ed. 377. Frumvarp

til sjómannalaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 367 með þessari breytingu:

Fyrsta málsgr. 30. gr. hljóðar svo:

Deyi skipverji af sjúkdómi, slysum eða meiðslum og útgerðarmenn áttu að kosta umönnun hans, þá skulu þeir og kosta útförina.

Nd. 378. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, ásamt áætlunum og teikningum, sem því tilheyra, og með því henni þykir nauðsyn bera til, að hinum fyrirhuguðu framkvæmdum verði hraðað, leggur hún til, að frv. verði samþykkt óbreytt, jafnframt því sem gert er ráð fyrir að samningar takist milli bæjarstjórnar Vestmannaeyja og ríkisstjórnarinnar um eldri skuldaskipti.

Alþingi, 28. marz 1930.

Sveinn Ólafsson, form. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari. Ásg. Ásgeirsson.

Ólafur Thors. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Ed. 379. Breytingartillaga

við frv. til laga um bókhald.

Frá Birni Kristjánssyni.

Við 6. gr. Orðin »Þeir, sem hafa sjálfvinnandi peningakassa, ... innfærslunni.« falli burt.

Ed. 380. Lög

um breyting á lögum nr. 73 frá 7. maí 1928, um slysatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 29. marz).

1. gr.

a-liður 4. gr. laganna orðist svo:

Ef meiðslin valda sjúkleika lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, er fyrir slysinu varð, dagpeninga eftir þann tíma og þangað til hann verður vinnufær eða úrskurður er felldur um varanlega örorku eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag; þó mega þeir aldrei fara fram úr $^3/_4$ af venjulegu dagkaupi eða tekjum mannsins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð. Ef hinn slasaði er lögskráður skipverji, fer um rétt hans eftir 95. gr. laga nr. 56, 30. nóv. 1914, fyrstu 4 eða 8 vikurnar, en síðan eftir lögum þessum.

2. gr.

Síðasti málsl. fyrri málsgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ófullnægjandi upplýst, eða ef ástæða er til að ætla, að slysið hafi orsakazt af hirðuleysi eða af lélegum útbúnaði, eða slysatryggingin óskar þess einhverra ástæðna vegna, skal lögreglustjóri halda réttarpróf í málinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930.

Ed. 381. Nefndarálit

um frv. til laga um fimmtardóm.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Eins og tekið er fram í byrjun greinargerðarinnar fyrir frv. því, sem hér er um að ræða, er skipun dómsvaldsins einn merkasti þátturinn í stjórnarfari hvers lands og öryggi þjóðfélagsþegnanna eigi alllítið undir henni komið.

Eftir 2. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Íslands er íslenzka dómsvaldið hjá dómendum, og eru ýms ákvæði sett í stjórnarskrána og síðar í löggjöfina til þess að tryggja sjálfstæði þeirra, sérstaklega gegn framkvæmdarvaldinu. Dómendur skera, eftir 56. gr. stjórnarskrárinnar, úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda, og eins skera þeir og úr því, hvort hið almenna löggjafarvald hafi haldið sig innan takmarka þeirra, er stjórnarskrárlöggjafarvaldið hefir sett því.

Má því segja, að stjórnarskrárlöggjafarvaldið eitt sé sett yfir dómsvaldið í íslenzkri löggjöf.

Íslendingar hafa verið sammála um það fram á síðustu daga að vilja hlúa svo vel að dómsvaldinu í landinu, sem unnt væri fyrir jafnfámenna og fátæka þjóð og vér erum.

Þegar dómsvald hæstaréttar Dana í íslenzkum málum var numið úr gildi og íslenzkur hæstiréttur var settur á stofn, voru menn mjög sammála um það að sníða hann sem mest eftir tízku þeirri, er í því efni gilti annarsstaðar á Norðurlöndum, og að gera dómendurna þar og málsmeðferð alla sem óháðasta framkvæmdarvaldinu, og þegar dómendum í hæstarétti var fækkað úr 5 niður í 3 og hæstaréttarritarastarfið lagt niður sem sérstakt embætti, var það eingöngu gert í sparnaðarskyni, enda gengu þá erfiðir tímar yfir landið, svo að spara varð og sparað var fé þar, sem hægt var.

Núverandi hæstv. dómsmálaráðherra fórust þegar á Alþingi 1923 svo orð í greinargerð frv., sem hann flutti þá um fækkun hæstaréttardómenda úr 5 niður í 3 og niðurlagningu hæstaréttarritaraembættisins: »Hæstiréttur (með 5 dómendum og hæstaréttarritara) er bersýnilega ofviða að stærð og dýrleika fyrir litla og fátæka þjóð. Dómendurnir þurfa ekki að vera nema þrír og með engan ritara«. (Alþt. 1923 A. bls. 325).

Dómendafækkunin gekk þó ekki fram fyrri en á þinginu 1924.

Þegar ákvæði og nýmæli frv. þess, er hér liggur fyrir, eru borin saman við hæstaréttarlögin, er það bert, að ef það yrði að lögum, yrði hinn nýi fimmtardómur miklu háðari framkvæmdarvaldinu en hæstiréttur er nú. Er það sérstaklega niðurfelling dómaraprófsins, er gerir þetta að verkum. Eftir frv. verður dómsmálaráðherra einráður um skipun dómsins, en eftir núgildandi lögum verður nýr dómari í hæstarétti, að aflokinni prófraun, að fá yfirlýsingu réttarins um það, að hann hafi reynzt hæfur til starfans.

Í sömu átt gengur ákvæði niðurlags 21. gr. frv. um það, að dómsmálaráðherra geti æskt ákveðins sækjanda í opinberu máli, og ákvæði frv. um afskipti framkvæmdarvaldsins af félagsmálum málaflutningsmanna við fimmtardóminn.

Það, sem mun eiga að teljast aðalkostur þessa frv. fram yfir núverandi ástand, er það, að eftir því eiga tveir af kennurum lagadeildar háskólans að dæma með föstu dómendunum í fimmtardómi margbrotin, umsvifamikil eða vandasöm mál. En hér fylgir sá böggull skammrifi, að þessir aukadómarar njóta eigi sama sjálfstæðis gagnvart framkvæmdarvaldinu og föstu dómendurnir, og gætu því átt á hættu að verða settir frá embættum sínum án dóms af framkvæmdarvaldinu, ef því mislíkaði dómsniðurstaða sú, er þeir kæmust að, en þetta er sérstaklega hættulegt í úrslitadómsstiginu, og þá einkum þar sem atkvæðagreiðsla í málunum á að vera opinber, og gerir sízt betur en að vega á móti kostinum við dómendafjölgunina.

Þegar af þessum ástæðum hefi ég ekki getað orðið háttv. samnefndarmönnum mínum samferða, er þeir leggja til, að frv. verði samþykkt.

Þar við bætist, að eftir áliti minni hlutans er það að minnsta kosti mjög vafasamt, að breytingar þær á hæstarétti einum, sem felast í frv., verði taldar ný skipun á dómstólunum, en ef svo er ekki, verða dómendur þeir, sem nú skipa

hæstarétt, eigi skyldaðir til að taka sæti í fimmtardómi, en fara frá með fullum launum, sem þeir hafa nú. Væri það ómetanlegt tjón fyrir réttaröryggið í landinu, ef hinn nýi úrslitadómur yrði eingöngu skipaður nýjum og ef til vill lítt æfðum dómurum, auk alls kostnaðarins, sem af því myndi leiða fyrir ríkissjóð.

Þegar loks þar við bætist, að í frv. felast ákvæði, sem eigi aðeins brjóta í bág við anda stjórnarskrárinnar, heldur jafnvel hafa inni að halda ber brot á beinum ákvæðum hennar, hika ég ekki við að leggja það til, að frv. verði fellt.

Ég tel nauðsynlegt, að umsögn Málaflutningsmannafélagsins sé birt, og læt því prenta hana hér á eftir sem fylgiskjal, og með því að ég er sammála andmælum þeim gegn frv. og einstökum ákvæðum þess, sem koma fram í álitum hæstaréttar og félagsins, leyfi ég mér að vísa til þeirra.

Hæstv. dómsmálaráðherra sagði eitthvað á þá leið við 1. umr. þessa máls, að fimmtardómsfrv. væri vel til þess fallið að verða endanlega samþykkt á alþingishátíðinni á Þingvöllum á komandi sumri.

Mín skoðun er hinsvegar sú, að ef Alþingi skyldi henda sú slysni, að samþykkja lagafrv., sem bleður undir framkvæmdarvaldið á kostnað dómsvaldsins í landinu, væri það bein skylda allra þeirra, sem bera réttaröryggi þjóðfélagsþegnanna fyrir brjósti og frábitnir eru öllu einræðisbrölti, að halda sér sem lengst frá öllum hátíðahöldum.

Alþingi, 31. marz 1930.

Jóh. Jóhannesson.

Fylgiskjal I.

MÁLFLUTNINGSMANNAFÉLAG ÍSLANDS,

REYKJAVÍK.

Reykjavík, 26. febrúar 1930.

Með bréfi, dags. 12. þ. m., sendi allsherjarnefnd efri deildar Alþingis stjórn Málflutningsmannafélags Íslands *frumvarp til laga um fimmtardóm* og óskaði umsagnar félagsins um frumvarpið.

Á fundi M. F. Í. 17. þ. m. var þriggja manna nefnd kosin til að semja álit um frumvarpið, og skilaði nefndin áliti sínu 22. s. m. Á fundi í M. F. Í. 24. þ. m. var álit þetta rætt, og að lokum samþykkt sú niðurstaða nefndarinnar, að leggja til, að frumvarpið verði fellt, með greinargerð nefndarinnar, sem fundurinn aðhylltist í öllum aðalatriðum.

Á fundinum voru mættir 20 félagsmenn, eða nálega allir þeir, sem búsettir eru hér í bænum, og að viðhöfðu nafnakalli greiddu 14 atkvæði með tillögu nefndarinnar, 1 á móti, og einn greiddi ekki atkvæði. Vegna anna urðu 4 félagsmenn að víkja af fundi áður en gengið var til atkvæða, en þeir hafa allir tjáð stjórninni, að þeir væru samþykkir ályktun fundarins.

Jafnframt því að senda háttvirtri allsherjarnefnd efri deildar Alþingis greint nefndarálit, þar sem lagt er eindregið á móti því, að fimmtardómsfrumvarpið verði að lögum, skal stjórn M. F. Í. taka þetta fram:

Í greinargerð frumvarpsins, bls. 17, er komizt svo að orði, að þá væri »mikið áunnið,« ef takast mætti að búa svo um æðsta dómstigið, að þar fengjust öruggir, *greiðir* og réttlátir úrskurðir mála«. Hér virðist því gengið út frá því, að það taki langan tíma að kveða upp dóma í hæstarétti; en þetta er misskilningur. Réttardagar eru mánudag, miðvikudag og föstudag í hverri viku, og er ávallt kveðinn upp dómur í máli, sem er munnlega flutt, næsta réttardag eftir málflutninginn. Sé þannig mál flutt á mánudegi, er dómur kveðinn upp næsta miðvikudag o. s. frv. Líða þannig aldrei 48 tímar frá dómtöku til dómsuppkvaðningar, nema ef málflutningur fer fram á föstudegi. Hér getur því naumast verið um skjótari dómsúrskurð að ræða, ef dómurunum annars er ætlaður nokkur tími til að athuga málið eftir að málflutningnum er lokið.

Ennfremur vill stjórnin benda á, að *opinber ráðagerð* um dóma á sér hvergi stað, og mun þetta ákvæði frumvarpsins byggjast á misskilningi einum. Enda er ljóst, að slíkt ákvæði væri með öllu fráleitt.

Loks vill stjórnin leggja sérstaka áherzlu á, *að* brýn og óhjákvæmileg nauðsyn er til þess, að allt réttarfar landsins sé þegar í stað tekið til athugunar og endurbætt í samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru um allan siðaðan heim, *að* í þessu efni er minnst ástæða til þess að taka hæstarétt sérstaklega fyrir, *að* slíkt mundi aðeins tefja fullnaðarendurskoðun réttarfarsins, *að* allar verulegustu breytingarnar, sem farið er fram á í frumvarpinu, miða að því að auka vald framkvæmdarvaldsins á kostnað dómsvaldsins, *og að* jafnvel þótt frumvarpið hefði mikla kosti, sem það yfirleitt vantar, þá mundu þeir aldrei vega upp á móti þeirri röskun á stjórnvaldinu í landinu, sem hlyti að verða afleiðing af samþykkt þess.

Virðingarfyllst.

Stjórn M. F. Í.

Guðmundur Ólafsson. Th. B. Líndal. G. A. Sveinsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

Áður en nefndin tekur til athugunar þau atriði fimmtardómsfrumvarpsins, er henni þykja máli skipta, þykir hlýða að drepa á tvennt, er hvorttveggja er getið í greinargerð þeirri, er fylgir frumvarpinu, en á þann hátt, er miður skyldi. Það, sem hér er vikið að, er fyrst og fremst þau ummæli í greinargerðinni, að hæstiréttur njóti ekki þess trausts, er æskilegt væri. Þess er oftlega getið,

bæði beint og óbeint, án þess að rökstutt sé að neinu leyti. Þótt nefndin sjái ekki ástæðu til þess að eyða mörgum orðum að þessum aðdróttunum í garð réttarins, þykir henni ástæða til þess að mótmæla þessum órökstuddu ummælum. Hæstiréttur nýtur að dómi íslenzkra málflutningsmanna fyllstu virðingar og trausts.

Hitt atriðið lýtur að þeim ummælum í greinargerðinni, að eðlilegast og sjálfsagðast sýnist að byrja breytingar á réttarfarslöggjöfinni með því að gera breytingu á æðsta dómstól landsins. Það er að vísu öllum landslýð ljóst, að réttarfarsreglur þær, er gilda um meðferð mála í héraði, eru orðnar úreltar að mörgu og miklu leyti og þarfnast því stórfelldra umbóta. En þetta verður ekki sagt um réttarfarsreglurnar, er gilda fyrir hæstarétti. Þær eru að dómi nefndarinnar í fullu samræmi við þær reglur, er gilda í öllum menningarlöndum, og skipulag réttarins er með þeim hætti, að vel má við una.

Nefndin fær því ekki betur séð en að með frv. sé byrjað á því, sem sízt þyrfti, í stað þess, er þarf bráðra umbóta og skjótra.

Í sambandi við þetta beinir nefndin því þeirri áskorun til Alþingis, að það láti vinda bráðan bug að því, að réttarfarsreglunum í héraði verði svo fljótt sem þess er nokkur kostur komið í viðunanlegt horf.

Með þessum formála verður þá vikið að helztu ákvæðum fimmtardómsfrumvarpsins.

1. Niðurlagning hæstaréttar. Stofnun fimmtardóms.

Í 2. gr. stjskr. er tekið fram, að ríkisvaldið greinist í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Og þótt þess sé getið í 55. gr. stjskr., að skipun dómsvaldsins verði ekki ákveðin nema með lögum, og þar með gefið til kynna, að breytingar, er löggjafarvaldið gerir á dómaskipun þeirri, er gilti við gildistöku stjskr., sé ekki stjórnarskrárbrot, þá er vitanlegt, að almenni löggjafinn kann að gera svo miklar breytingar á dómaskipun landsins, að ákvæði 2. gr. og IV. kafla stjskr. yrðu ekkert annað en dauður bókstafur.

Ef fimmtardómsfrv. yrði að lögum, ættu núverandi hæstaréttardómarar skilyrðislausan rétt til þess að taka sæti í fimmtardómnum. Þessi réttur þeirra er varinn af 57. gr. stjskr. Í frv. er hinsvegar hvergi vikið að þessu. Sé því ekki ætlazt til þess, að núverandi hæstaréttardómarar taki sæti í fimmtardómnum, er hér um ótvírætt brot á stjskr. að ræða.

Um nafnið á æðsta dómstólnum þykir nefndinni rétt að geta þess, að þótt nafnið hæstiréttur sé ekki varið af stjskr., þá sér hún ekki ástæðu til þess að gera neina breytingu. Það er að vísu svo, að nafnið gefur til kynna, að um fleiri en tvö dómstig sé að ræða, og samrýmist því ekki ströngum málfræðireglum. Hinsvegar er nafnið réttnefni að því leyti, að það gefur ótvírætt í skyn, að með því sé átt við æðsta dómstig landsins. Auk þess má geta þess, að þegar hæstiréttur var settur á stofn, var það tilætlun margra, að síðar yrði stofnað miðdómstig, og það svo fljótt sem efni leyfðu. Verði úr þessu, verður ekki séð að hægt sé að finna að nafni réttarins með nokkrum rökum.

Um nafnið fimmtardómur er þess að geta, að það verður ekki með neinu móti skoðað réttnefni, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að fimm dómendur skipi

réttinn að staðaldri. Að fornri merkingu gat það ekki verið réttnefni nema fjórðungsdómar væru til. Nafn þessa dómstigs yrði því fjær sanni en nafn hæstaréttar nú. En auk þessa, sem nú hefir verið drepið á, er ástæða að geta þess, að sá eða þeir, er frumvarpið sömdu, hafa þótzt neyddir til þess að lögfesta heiti á dómnum á erlendu máli, heiti, sem er þýðing á nafninu hæstiréttur, en ekki fimmtardómur. Heiti dómsins yrði þannig á dönsku Höjesteret og samskonar heiti á öðrum Norðurlandamálunum, og raunar á öllum málum.

Af þessu, sem sagt hefir verið um niðurlagning hæstaréttar og stofnun fimmtardóms, ætti að vera ljóst, að nefndin er eindregið á móti frumvarpinu um þau atriði bæði.

2. Breyting á dómaraskilyrðum.

Hér verða aðeins athugaðar tvær breytingar, er fimmtardómsfrumvarpið hefir að geyma. Er önnur sú, að dómari megi ekki eldri vera en sextugur, en hin fólgin í því að fela framkvæmdarvaldinu einu að meta hæfileika dómara og með því svipta dómstólinn íhlutunarrétti um það, hverjir skuli verða dómendur.

Niðurlag 57. gr. stjskr. hljóðar svo: »Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins af launum sínum«. Af þessu ákvæði verður ekki séð betur en að umboðsstarfalausir dómendur, sem ekki eru 65 ára að aldri, verði ekki sviptir embætti nema með dómi. Þetta ákvæði virðist sett í þeim tilgangi fyrst og fremst að fyrirbyggja, að framkvæmdarvaldið eftir eigin geðþótta víki frá embætti dómendum, sem eru í fullu starfsfjöri. Það mun og mega telja, að skilyrði þau, er nú er krafizt af þessum dómendum, séu svo strðng, að engin ástæða sé til þess að heimila framkvæmdarvaldinu að skipta um menn, eftir því sem því þykir henta. En auk þessa verður ekki betur séð en að stjórnarskrárákvæði þetta sé sama eðlis sem þau ákvæði stjskr., sem varin eru af 76. gr. stjskr., eða m. ö. o., að almenna löggjafanum sé óheimilt að setja nokkur takmörk um aldur dómara upp á við. Til þess að það verði gert þarf stjórnarskrárbreytingu. Nefndin telur því, að í 3. tölulið 8. gr. frumvarpsins felist brot á stjórnarskránni.

En auk þessa er nefndin þeirrar skoðunar, að það sé með öllu rangt að skylda dómara, sem eru ekki eldri en sextugir, til þess að láta af embætti. Það mun mega gera ráð fyrir því, að dómarar í æðsta dómstól landsins verði orðnir nokkuð fullorðnir, er þeir koma í réttinn. Þeir hefðu því ekki starfað nema aðeins fá ár, er þeir yrðu að fara. Nú er það vitanlegt um dómara, að þeir verða fyrst og fremst að hafa lífsreynslu til að bera til þess að vera starfi sínu fyllilega vaxnir. Slík reynsla er að öllum jafnaði mun meiri hjá mönnum, sem komnir eru til ára sinna. Og mun það álit margra, að menn séu almennt bezt fallnir til dómarastarfa um sextugsaldur.

Auk þessa er rétt að benda á kostnað þann, er hlytist af þessari ráðstöfun. Dómurunum yrði ekki vikið úr embætti nema með fullum launum. Gæti það orðið allálitleg upphæð, sem ríkissjóður yrði að greiða mönnum, sem allir eða flestir væru með fullu starfsþreki.

Í hæstaréttarlögunum er kveðið svo á, að dómari skuli, auk ýmsra skilyrða, hafa sýnt það með því að greiða fyrstur dómsatkvæði í 4 málum, og sé

að minnsta kosti eitt þeirra einkamál, að hann sé hæfur til þess að skipa sæti í dóminum. Ákvæði þetta er sett með það fyrir augum fyrst og fremst að tryggja, að hæfir menn veljist í dóminn. Og úrskurð um það á dómurinn sjálfur. Ákvæðið er því fyllilega í anda stjórnarskrárinnar um það, að dómsvaldið verði sem óháðast.

Þetta ákvæði er fellt niður í fimmtardómsfrumvarpinu með þeirri einni röksemdaleiðslu, að engin ástæða þyki til þess að halda ákvæðinu, heldur láta veitingarvaldið skilyrðislaust vera í höndum æðsta framkvæmdarvaldsins. Sé þetta í samræmi við skipulag flestra æðstu dómstiganna í nágrannalöndunum.

Án þess að farið sé út í haldgæði síðustu athugasemdarinnar, sem er ekki rétt nema að nokkru leyti, er rétt að taka það þegar fram, að nefndin er eindregið á móti því, að þetta ákvæði hæstaréttarlaganna verði fellt niður. Með ákvæðinu er fengin trygging fyrir því, að dómarar hafi þá þekkingu til að bera, sem nauðsynleg verður að teljast. En auk þessa er með ákvæðinu tryggður réttur dómstólsins til að *meta sjálfur* þá þekkingu, sem dómari sýnir. Og þarf slíkt mat vitanlega ekki að fara saman við mat veitingarvaldsins. Þá er og hætt við, að niðurfelling ákvæðisins gæti haft áhrif á þá samvinnu, sem réttinum er nauðsynleg, því vel gæti svo farið, að veitingarvaldið skipaði þann mann í réttinn, sem dómarar, þeir er fyrir væru, teldu ekki hæfan til starfans.

Nefndin verður því einnig að leggja á móti þessum ákvæðum frumvarpsins.

3. Fjölgun dómara.

Íslenzkir málflutningsmenn hafa oftlega látið þá skoðun í ljós, að þeir teldu heppilegt, að æðsti dómstóll landsins væri fjölskipaðri en nú er. Þrátt fyrir það getur nefndin ekki fallizt á þá skipun, sem gerð er með frumvarpinu, að kveðja skuli til tvo dómendur til þess að dæma í margbrotnum eða vandasömum málum. Fyrst og fremst er nefndin þeirrar skoðunar, að þetta fyrirkomulag geti valdið tortryggni í garð réttarins. Hætt er við, að mönnum finnist sem sum mál, þar sem rétturinn er aðeins skipaður þrem mönnum, sæti ekki tilhlýðilegri meðferð. Auk þessa yrði oft og einatt mjög örðugt að skera úr því fyrirfram, hvort mál væri vandasamt eða ekki. Slíkt myndi oftlega fyrst koma fram undir flutningi málsins.

Nefndin verður því enn að leggja á móti þessu ákvæði. Hinsvegar vill nefndin endurtaka áskoranir þær, er Alþingi hafa borizt, bæði frá málflutningsmönnum og öðrum, um að dómurum verði fjölgað, en á þann hátt, að þeir verði allir fastskipaðir.

4. Um málflutningsmenn.

Í 6. kafla frumvarpsins eru ákvæði um málflutningsmenn við væntanlegan fimmtardóm, og þykir nefndinni rétt að fara nokkrum orðum um helztu breytingarnar, sem þar eru gerðar á gildandi ákvæðum um málflutningsmenn við hæstarétt.

Samkvæmt frumvarpinu er fellt niður skilyrðið um, að málflutningsmenn við æðsta dómstólinn skuli hafa náð *fyrstu einkunn* við embættispróf í lögfræði. Nefndin gat ekki orðið á einu máli um þetta atriði. Nefndarmenn líta svo á allir, að rétt sé og sanngjarnt að gera einhverjar strangari kröfur til málflutningsmanna

við æðri dómstóla en við lægri, en greinir á um, hversu strangar krófur skuli gerðar til málflutningsmanna við hæstarétt, og gera engar ákveðnar tillögur um þetta efni.

Nefndin er mótfallin því nýmæli, að enginn megi gerast málflutningsmaður við réttinn, sem ekki hefir fengizt við *málflutningsstörf* í 3 ár að afloknu prófi. Nefndinni þætti reyndar æskilegt, að menn hefðu fengizt við málflutning um hríð, áður en þeir verða málflutningsmenn við hæstarétt, en dylst hinsvegar ekki, hversu svo fortakslaust ákvæði gæti komið óréttlátlega niður á ýmsum mönnum, er um langt skeið hefðu unnið lögfræðistörf og stöðu sinnar vegna öðlazt mjög náin kynni af málflutningsstörfum, svo sem t. d. er um dómara.

Verði frumvarpið að lögum, sýnist rétt og sjálfsagt að skjóta inn ákvæði um, að þeir, sem hafa byrjað á málflutningsprófi við hæstarétt, geti haldið prófraunninni áfram við fimmtardóm.

Með því að nefndin telur fráleitt, að áhrif umboðsvaldsins á æðsta dómstólinn og starfsemi hans verði aukin, er hún mótfallin nýmæli frumvarpsins um, að dómsmálaráðherra verði heimilt að hafa áhrif á skipun sækjanda í opinberu máli, enda er við búið, að opinberar málssóknir geti orðið með pólitískari blæ en ella, ef slíkt ákvæði yrði lögfest.

Nefndin getur ekki fallizt á, að rétt sé að lögbjóða sérstaklega málflutningsmönnum við æðsta dómstólinn að bindast félagssamtökum, og sízt með þeim hætti, er frumvarpið gerir ráð fyrir. Telur nefndin réttara, að félagsskapur og starfsemi málflutningsmanna verði fremur sett undir eftirlit og úrskurðarvald dómstólanna sjálfra en framkvæmdarvaldsins.

5. Uppkvaðning dóma.

Þá er gert ráð fyrir, að lögleiddar verði nýjar reglur um uppkvaðning dóma í réttinum. Samkvæmt 51. gr. frv. skal kveða upp dóma og úrskurði jafnskjótt sem málflutningi er lokið, þó að undangenginni ráðagerð og atkvæðagreiðslu, sbr. 52. gr. frv. Þessa breytingu telur nefndin til skaða. Dómendur mundu fá minna svigrúm til að athuga og hugleiða málin, að málflutningi loknum, en nú gerist. Yrðu dómarnir því miður grundaðir og minna tillit tekið til þess, sem fram hefði komið við málflutninginn. — Ráðagerð dómenda og atkvæðagreiðsla er ætlazt til að verði opinber. Er þetta í athugasemdunum talið merkasta nýmæli frumvarpsins. Almenningur fái kost á að vita um rök hvers einstaks dómara, og tækifæri gefist til að meta þessi rök og gera upp á milli þeirra. Muni þetta auka réttaráhuga og réttaröryggi og verða þannig aðhald fyrir dómarana.

En svo gæti farið, að afleiðingar þessa fyrirkomulags yrðu gagnstæðar því, sem gert er ráð fyrir í athugasemdunum. Það er hætt við, að atkvæði og tillögur dómendanna yrðu aðallega vegnar eða metnar opinberlega af þeim mönnum, sem tillögurnar snerust á móti og gramizt hefði niðurstaða dómsins. Mundi þá alla jafna meir kenna árásar á réttinn eða einstaka dómendur en sanngjarnrar gagnrýni. En dómararnir hinsvegar algerlega útilokaðir frá að taka til varnar opinberlega, þótt á þá sé ráðizt, og rökræða atkvæði sín í blöðum eða tímaritum. Slíkt fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir, mundi því gera hægra um

vik að ráðast á einstaka dómendur út af atkvæðum þeirra, hafa þá að skotspæni og grafa þannig undan virðingu réttarins.

Að svo miklu leyti sem nefndinni er kunnugt mun opinber ráðagerð um dóma hvergi eiga sér stað. Er viðurhlutamikið af okkur að taka upp slíka óreynda og mjög svo athugaverða tilhögun. Opinber atkvæðagreiðsla mun fátíð, en er þó í lögum í Noregi. Samkvæmt framanskráðu ræður nefndin algerlega frá því, að sú tilhögun verði tekin upp hér, a. m. k. að svo stöddu, og sízt um leið og farið er fram á að gera réttinn háðari framkvæmdarvaldinu en hann er nú.

Önnur ákvæði frumvarpsins en þau, er nefndin hefir tekið til athugunar hér að framan, sér hún ekki ástæðu til að minnast á, þar sem þau að hennar áliti skipta litlu máli. En með athugasemdum sínum um frumvarpið telur nefndin sig hafa gert næga grein fyrir þeirri skoðun sinni, að ekki sé rétt, að frumvarpið verði að lögum.

Reykjavík, 22. febr. 1930.

Einar B. Guðmundsson. Jón Ásbjörnsson. Tómas Jónsson.

Ed. 382. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Frumvarp sama efnis sem þetta var til meðferðar á síðasta þingi, hraktist þá á milli deilda og var að lokum fellt í sameinuðu þingi.

Nú er frv. aftur borið fram að nýju í sama formi og það var tvívegis samþykkt frá Nd. í fyrra. Telur meiri hl. fjárhagsnefndar enga von til, að málið gangi fram að þessu sinni, nema því aðeins, að Ed. geti fallizt á það óbreytt eins og það er nú borið fram.

Meiri hl. játar fyllilega, að frv. þetta, þó að lögum yrði, er ekki fullnaðarlausn á ellitryggingamálinu, en nokkrar umbætur má þó telja að felist í frv. frá því sem nú er. Vill því meiri hl. leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. marz 1930.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. Björn Kristjánsson.

Nd. **383. Frumvarp**

til laga um sveitabanka.

(Eftir eina umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Um sveitabanka.

1. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands veitir rekstrarlán til bænda og annara, er landbúnaðarframleiðslu stunda, eftir reglum þeim, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbankans veitir lán til sparisjóða, samvinnukaupfélaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að féð sé eingöngu notað til þess að lána það út aftur til sveitabanka, sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt lögum þessum. Auk þess getur sparisjóðsdeild bankans veitt sjálf lán beint til rekstrarlánafélaga.

Vexti af lánum þessum ákveður stjórn Búnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra.

3. gr.

Samvinnukaupfélög, er gerast milliliðir um rekstrarlán samkv. 2. gr., skulu halda þeirri starfsemi algerlega aðgreindri frá kaupfélagsstarfrækslu sinni, með sérstakri bókfærslu og aðskildum fjárhag.

4. gr.

Sveitabankar eru rekstrarlánafélög með skyldum og réttindum samvinnufélaga. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með þeim afbrigðum, er hér segir:

a. Félagsmenn skulu allir stunda einhverja tegund landbúnaðarframleiðslu og allir vera búsettir í sama byggðarlagi. Þeir mega ekki færri vera en 10 og ekki fleiri en 50. Þó mega félagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
b. Kjörtími stjórnenda skal eigi lengri vera en 2 ár, og er löglegt, að meiri hluti stjórnar gangi úr á sama ári.

   Annar endurskoðandi félagsins skal kosinn af félaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við um rekstrarlán samkvæmt lögum þessum.
c. Félagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.
d. Árgjald í varasjóð félagsins og aðra óskiptilega tryggingarsjóði skal ákveða

í samþykktum, eigi minna samtals en svarar ½% ársvöxtum af öllum útlánum félagsins. Allur tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð.

e. Sveitabanka er heimilt að taka við innlögum með sparisjóðskjörum frá mönnum, sem búsettir eru á félagssvæðinu, til útlána handa félagsmönnum eða ávöxtunar í tryggum peningastofnunum.

f. Félagsmaður getur jafnan sagt sig úr félagi með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en um ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins fer eftir lögum um samvinnufélög.

g. Undirskrift formanns og minnst helmings meðstjórnenda hans skuldbindur félagið.

5. gr.

Stjórn sveitabanka ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern félagsmann, í samráði við endurskoðendur, fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við búrekstur félagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks félagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr.

Utanfélagsmönnum má ekki lána.

6. gr.

Hver félagsmaður setur félaginu veð eða aðra tryggingu, er félagsstjórn telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma.

7. gr.

Lán sveitabanka má veita gegn víxlum, skuldabréfum eða í reikningslánsviðskiptum.

Víxillán má eigi veita til lengri tíma en 6 mánaða og eigi framlengja lengur en svo, að allur lánstíminn verði eitt ár. Reikningslán má veita til eins árs í senn.

8. gr.

Heimili og varnarþing sveitabanka má vera í kauptúni, þar sem félagsmenn hafa aðalviðskipti sín, þótt það sé utan félagssvæðis.

Þar getur og sveitabanki haft skrifstofu undir stjórn umboðsmanns, er annast reikningshald, fjárgeymslu og útborganir bankans og tekur við innlögum og greiðslum til hans. En lán má umboðsmaður sveitabanka ekki veita, né takast á hendur ábyrgð fyrir bankans hönd, nema eftir sérstökum fyrirmælum eða umboði bankastjórnar í hvert sinn.

9. gr.

Sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, er veita sveitabönkum lán, geta í þess stað keypt víxla einstakra félagsmanna með framsalsábyrgð félagsins. Slíka víxla getur stofnunin endurselt með framsalsábyrgð sinni til sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands, enda séu víxlarnir vistaðir þar eða á þá rituð yfirlýsing um, að útgefandi og ábekingar fráfalli afsögn vegna greiðslufalls.

Nú verður víxill, sem sveitabanki hefir ábyrgzt fyrir félagsmann sinn, eigi sýndur á greiðslustað til borgunar á gjalddaga, og glatast þá eigi víxil-

rétturinn, ef útgefandi og ábekingar hafa, með orðunum »án afsagnar« eða annari slíkri áritun á víxilinn, fráfallið afsögn vegna greiðslufalls.

Víxlar þeir, er sveitabanki ábyrgist fyrir félagsmann sinn, skulu jafnan meðtaldir innan takmarka láns hans samkv. 5. gr., og varasjóðsgjald greiðist af þeim eins og öðrum útlánum rekstrarlánafélaga samkv. 4. gr. d., enda skulu allir slíkir víxlar tilfærðir í bókum sveitabanka.

10. gr.

Auk viðskipta sveitabanka við Búnaðarbanka Íslands, með eða án milligöngu sparisjóða og annara peningastofnana, geta sveitabankar selt víxla sína eða tekið lán hvar sem vera skal.

11. gr.

Um sparisjóðsstarfsemi sveitabanka gilda hin almennu löggjafarákvæði um sparisjóði, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

12. gr.

Stjórn sveitabanka skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni nafnaskrá yfir félagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, í skrifstofu sýslumanns.

Samtímis skal og senda nafnaskrá félagsmanna til peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við, og til Búnaðarbanka Íslands.

13. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal stjórn sveitabanka senda peningastofnun þeirri, er félagið skiptir við, og Búnaðarbankanum, afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Ennfremur tilkynning um breytingar á samþykktum félagsins og nafnaskrá yfir stjórnendur þess og starfsmenn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er félagsmanni sveitabanka rétt að veðsetja honum einu nafni tiltekna flokka búpenings síns, framleiðslutækja og jarðarafurða, er hann á á hverjum tíma eða eignast kann, til tryggingar skuldbindingum sínum við bankann.

Lausafjárveð sveitabanka víkur aðeins fyrir forgangskröfum samkv. 82. og 83. gr. skiptalaga, nr. 3, 12. apríl 1878, en gengur fyrir kröfum samkv. 84. gr. sömu laga.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld fyrir slík veðskjöl.

Sveitabankar hafa lögtaksrétt fyrir öllum kröfum á hendur félagsmönnum sínum.

II. KAFLI.

Um bústofnslánafélög.

15. gr.

Bústofnslánadeild Búnaðarbankans og umboðsskrifstofur hans veita lán til bústofnslánafélaga í sveitum.

16. gr.

Bústofnslánafélögin skulu starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með þeim skyldum og réttindum, sem ákveðin eru í þeim lögum.

Ákvæði 4. gr. þessara laga, stafliðir a, b, c, d, f og g, gilda einnig fyrir bústofnslánafélögin.

17. gr.

Stjórn bústofnslánafélags skal þegar eftir aðalfund senda stjórn Búnaðarbankans afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar, ennfremur skrá yfir útlán félagsins og tryggingar, er félagsmenn hafa sett félaginu fyrir lánum sínum. Auk þess tilkynning um breytingar á samþykktum félagsins og nafnaskrá yfir félagsmenn, stjórnendur þess og starfsmenn.

Bústofnslánafélög geta falið stjórn sveitabanka í sama hreppi að fara með sín mál. En ætíð skal halda aðgreindum fjárhag og reikningum sveitabanka og bústofnslánafélaga. Reikningsár bústofnslánafélaga er almanaksárið.

18. gr.

Bústofnslánafélög veita félögum sínum lán til þess að auka bústofn sinn, eða til að koma upp bústofni. Ennfremur má veita félagsmönnum lán til að kaupa verkfæri til jarðyrkju og heyvinnu. Aldrei má skuld félagsmanns við félagið nema meiru en 2000 kr.

Utanfélagsmönnum má ekki lána.

19. gr.

Útlán bústofnslánafélaga til bústofnskaupa skulu veitast til eigi lengri tíma en 10 ára og með jöfnum afborgunum. Lán til verkfærakaupa veitast eigi til lengri tíma en 5 ára.

20. gr.

Hver félagsmaður skal setja félaginu veð eða aðra tryggingu fyrir lánum sínum.

Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í búfé lántakanda eða öðrum þeim tryggingum, er félagsstjórnin tekur gildar. Séu lánin veitt gegn veði í búfé eingöngu, mega þau ekki nema meiru en helmingi verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá.

21. gr.

Stjórn bústofnslánafélags ber ábyrgð á því gagnvart bústofnslánadeild Búnaðarbankans, að lánsfé sé eingöngu notað til þess, sem ákveðið er í 47.

gr. laga um Búnaðarbanka Íslands. Verði félagsstjórn þess vör, að félagsmaður hafi notað lánið til annars en aukningar á bústofni sínum eða til verkfærakaupa, eða hann hefir fargað aftur af bústofni eða verkfærum, þá er lánið þegar afturkræft. Brot gegn þessum ákvæðum skulu varða 20—200 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð, nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.

22. gr.

Nú flytur félagsmaður bústofnslánafélags burtu af félagssvæðinu, og er þá skuld hans við félagið þegar fallin í gjalddaga.

23. gr.

Ákvæði 51. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands, 1. og 2. málsgr., gilda einnig fyrir bústofnslánafélög, að því leyti er við á.

24. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sveitabanka og bústofnslánafélög og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþykktum slíkra félaga.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 384. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Fyrri málsgr. 4. gr. laganna falli burt.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lán til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi eða landi, sem að nokkru leyti hefir verið ræktað af lántakanda sjálfum síðustu fimm árin, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sé $3^1/_2$% í 50 ár.

Lán þessi skulu standa án afborgunar og vaxta fyrstu fimm árin.

3. gr.

a. Í stað orðanna í 1. málsgr. 9. gr. laganna: »4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs« komi: 5% landverðs að viðbættum 3% húsaverðs.
b. Aftan við sömu grein bætist ný málsgr.:

Ef lán er endurgreitt fyrir umsaminn tíma, er lánþega að jafnaði skylt að endurgreiða til sjóðsins þann vaxtamun, sem verið hefði á láninu, ef það hefði verið tekið í veðdeild bankans.

4. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til fjögurra fyrirmyndarbúa, eins í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgjaldskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með stofnun þeirra og hafi sjálf yfirumsjón með rekstri þeirra.

5. gr.

Fyrri málsgr. 18. gr. laganna falli burt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun stjórnar Búnaðarbankans og í samráði við landsstjórnina. Er það að mestu lagfæringar á nokkrum agnúum, sem orðið hefir vart við lög þessi, eftir að farið var að starfrækja þau.

Nánar í framsögu.

Nd. 385. Frumvarp

til laga um Menntaskóla á Akureyri.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á Akureyri skal vera skóli með fjórum óskiptum bekkjum, er nefnist Menntaskólinn á Akureyri. Skal hann, þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, starfrækja gagnfræðadeild með þrem bekkjum, og er heimilt, með samþykki kennslumálaráðuneytisins, að skipta einum þeirra.

2. gr.

Takmark skólans er að búa nemendur undir athafnalíf bæði í andlegum og verklegum efnum og gera þá hæfa til að stunda nám við háskóla og aðrar æðri menntastofnanir.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

4. gr.

Í Menntaskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, norðurlandamál, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sagnfræði, trúarbrögð, félagsfræði, bókmenntafræði og listasögu, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og hagnýt vinnubrögð.

Heimilt skal kennslumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum, ef skólameistari mælir með breytingunni.

5. gr.

Íslenzk tunga og náttúruvísindi skulu vera höfuðnámsgreinar í skólanum. Lesskrá skal haga svo, að auðvelt sé að halda nemendum til sjálfstæðra námsiðkana, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

6. gr.

Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokapróf Menntaskólans er stúdentspróf. Ljúka má námi í einstökum námsgreinum í öðrum og þriðja bekk Menntaskólans, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskírteinum.

Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kennslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því.

Heimilt er skólameistara að sleppa nemanda við árspróf, enda hafi hann lofsamlega einkunn eftir veturinn.

7. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð. Þá skal og í reglugerð setja nánari ákvæði um inntökupróf, bekkjarpróf og stúdentspróf.

8. gr.

Heimilt er utanskólamönnum að taka próf úr öllum bekkjum Menntaskólans. Þeir, sem standast prófin í fyrstu þrem bekkjum skólans, hafa leyfi til að setjast í skólann, eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum. Skólameistari má þó bregða út af þessari reglu, ef úrlausn nemanda í einhverri grein sannar, að hann sé gæddur frábærlega góðum gáfum.

9. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í Menntaskólann: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, verði að minnsta kosti 16 ára það ár, sem þeir stunda nám í bekknum. Þó getur kennslumálaráðuneytið veitt einkar þroskuðum nemendum undanþágu, ef þeir eru orðnir 14 ára. Aldurstakmark þeirra, sem

setjast í aðra bekki, svarar til inntökualdurs; 2) að þeir séu ekki haldnir neinum næmum sjúkdómi; 3) að siðferði þeirra sé óspillt.

10. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrsta bekk Menntaskólans verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í íslenzku: Geta ritað venjulegt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenzkrar málfræði og höfuðdrætti í íslenzkum bókmenntum, bæði á þjóðveldistímanum og síðan um 1800; 2) Í norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rétt venjulegt bókmál á dönsku eða sænsku og geta ritað villulítinn stíl almenns efnis á öðruhvoru því máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið létt mál og gert villulítinn stíl um auðvelt efni. 4) Í þýzku: Hafa numið undirstöðuatriði málsins, eftir nánari ákvæðum kennslumálastjórnarinnar. 5) Vera leikinn í að reikna brot og tugabrot, vaxtareikning og almennustu þætti flatarmáls- og rúmmálsfræði. 6) Í sögu: Hafa glöggt yfirlit um æfi frægra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslands og almennri veraldarsögu. 7) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og dýrafræði. Ennfremur aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 8) Í landafræði: Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabréf.

11. gr.

Kennslustundir í hverjum bekk skulu vera 30—33 á viku. Á laugardögum skal kennsla eigi standa lengur en til hádegis.

12. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. Kennslu og prófum ár hvert skal lokið 30. maí, nema í þriðja og fjórða bekk skólans enda prófin í júní. Um skólaleyfi skal ákveðið í reglugerð.

13. gr.

Fastir kennarar skulu vera 7 og er einn þeirra jafnframt skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kennslu allri, húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, ljóss og hita. Fyrir umsjón með heimavist nemenda og risnu vegna skólans fær skólameistari 2000 kr.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Skólameistari og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar eftir launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Svo skal og leita álits skólameistara um skipun fastra kennara.

14. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26

stundir. Heimilt er kennslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukennslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir, eða önnur sérstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

15. gr.

Til þess að geta orðið skipaður fastur kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kennslugreinum sínum, hafa kynnt sér allítarlega kennsluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar skólum og hafa sýnt með að minnsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem með afburðum í kennslu hafa sýnt, að þeir séu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

16. gr.

Skólameistari boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Kennarafundi skulu fastir kennarar og aukakennarar skólans sækja, og hafa þeir atkvæðisrétt. Ennfremur sækja þeir stundakennarar fundi, er þess óska, eða skólameistari kveður til sérstaklega, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt.

17. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn, og skal hann líta eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

18. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans.

19. gr.

Kennslugjöld skal greiða í skólasjóð Menntaskólans, og ákveður kennslumálastjórnin í samráði við fræðslumálastjóra og skólameistara hæð þeirra. Aldrei skulu færri en fjórði hluti nemenda undanþegnir skólagjaldi.

Skólasjóði þessum má verja til námsstyrks, til fræðandi ferðalaga nemendanna og að öðru leyti til hvers þess, er verða má til að bæta og prýða skólann og efla heilbrigt skólalíf. Nánari fyrirmæli um meðferð skólasjóðs verða ákveðin í reglugerð.

20. gr.

Í heimavist skólans skulu þeir nemendur, er þar búa, njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, og ganga utanbæjarnemendur þar fyrir. Nemendur úr Menntaskólanum skulu hafa rétt til $^2/_3$ hluta heimavistanna, en nemendur úr gagnfræðadeild til $^1/_3$ hluta. — Skylt er kennurum skólans að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

21. gr.

Um gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri fer eftir reglugerð, sem kennslumálaráðuneytið setur.

22. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, er kveður nánar á um einstök atriði, er hann varða, svo sem verksvið skólameistara og kennarafunda, umsjón með skólahúsi, skyldur kennara til umsjónar með nemendum skólans, skólaleyfi og annað, er þurfa þykir.

23. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bág við þessi lög.

Nd. 386. Tillaga

til þingsályktunar um takmörkun áfengisveitinga í sambandi við alþingishátíðina

Flm: Haraldur Guðmundsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Héðinn Valdimarsson.

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að sjá um, að útsölustaðir áfengisverzlunarinnar í Reykjavík og Hafnarfirði verði lokaðir vikuna 24.—30. júní í sumar, og að áfengi verði eigi um hönd haft í opinberum veizlum, sem haldnar verða í sambandi við alþingishátíðina.

Nd. 387. Tillaga

til þingsályktunar um lyfjaverzlun.

Flm: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga gildandi lyfjataxta, gæði lyfja og fyrirkomulag lyfjaverzlunarinnar yfir höfuð og leggja árangur þeirra athugana og tillögur til umbóta fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Frv. til laga um einkasölu ríkisins á lyfjum var á síðasta Alþingi vísað frá með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

»Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram endurskoðun á nú-

gildandi lyfjataxta og athugi, hver ráð muni vænlegust til þess að lækka verð lyfja fyrir almenning, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Þrátt fyrir samþ. dagskrártill. þessarar, hefir ríkisstjórnin eigi, svo vitað sé, gert hið minnsta til þess að lækka verð lyfja fyrir almenning, en um nauðsyn þess, að hafizt sé handa í því efni og öruggt eftirlit haft með gæðum lyfja orkar ekki tvímælis. Þess má geta, að fyrir nokkru hefir verið prentuð stórmerkileg ritgerð eftir Vilm. Jónsson héraðslækni á Ísafirði, »um lyf og lyfjaverzlun«, og virðist fyllsta tilefni til þess, að taka tillögur hans til nákvæmrar athugunar.

Nd. 388. Tillaga

til þingsályktunar um skilning á 5. málsgr. 14. gr. laga um varnir gegn berklaveiki, nr. 60, 14. júní 1929.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skilja beri 5. málsgr. 14. gr. laga um varnir gegn berklaveiki svo, að jafnan beri að semja fyrirfram fyrir hálft eða heilt ár í senn við ljóslækningastofur og sjúkrahús um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra sjúklinga. Við þá samninga er rétt að leggja til grundvallar kostnað á Vífilsstöðum, þar með talin hæfileg húsaleiga fyrir hælið og læknisbústaði, en taka tillit til alls aðstöðumunar, svo sem áhvílandi skulda, verðmunar, einkum á mjólk og rafmagni. Náist ekki samningar á þessum grundvelli, getur ríkisstjórnin tilkynnt hámark daggjalda og annars kostnaðar, en minnst með sex mánaða fyrirvara.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt beiðni sjúkrahússtjórnarinnar á Ísafirði. Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. $^{8}/_{2}$ 1930, og svar héraðslæknisins á Ísafirði, dags. $^{22}/_{2}$ 1930, upplýsa málavexti til fulls. Eru þau prentuð hér á eftir.

Fylgiskjal I.

»ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 8. febrúar 1930.

Út af kostnaði við berklavarnir yfirstandandi ár skal þetta tekið fram:

Heilbrigðisstjórnin viðurkennir ekki aðrar ljóslækningastofur en í Kristnesi og á Vífilsstöðum og Röntgenstofuna í Reykjavík. Sjúklingar, sem fá ljós-

lækningar á öðrum stöðum, gera það á eigin ábyrgð og eru ríkissjóði óviðkomandi.

Skilyrði fyrir ríkisstyrk samkvæmt 14. gr. berklavarnalaganna er, að daggjald í sjúkrahúsum, sem rekin eru sem einkafyrirtæki, sé ekki hærra en 5 kr. fyrir fullorðna og 4 kr. fyrir börn innan 12 ára aldurs, eins og í heilsuhælunum í Kristnesi og á Vífilsstöðum, og felist í því allur meðlagskostnaður, þar með talin lyf og læknishjálp.

Annað skilyrði er, að berklasjúklingar séu hafðir í sérstökum stofum og eigi innan um aðra sjúklinga, og ennfremur að loftrými í sjúkrastofum sé eigi minna en svo, að svari 15 teningsmetrum á hvert sjúkrarúm.

Þetta tilkynnist sjúkrahússtjórninni hér með til staðfestingar á símskeyti ráðuneytisins til sjúkrahússins í dag.

Jafnframt fylgir til athugunar endurrit af bréfi landlæknis til dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. f. m., um sama.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

Til

sjúkrahússins á Ísafirði«.

„Fylgiskjal II.

Ísafirði, 22. febr. 1930.

Sjúkrahúsnefndin á Ísafirði hefir falið mér undirrituðum að svara og mótmæla skeyti atvinnumálaráðuneytisins til sjúkrahússins um kostnað við berklavarnir, dags. 8. þ. m., og bréfi ráðuneytisins frá sama degi til staðfestingar skeytinu, ásamt meðfylgjandi bréfi landlæknis, dags. 6. f. m.

Nefndin leyfir sér enn á ný að mótmæla þessum aðförum ríkisstjórnarinnar og krefjast þess, að sjúkrahúsinu verði greidd meðgjöf með úrskurðuðum styrkhæfum berklasjúklingum samkvæmt taxta sjúkrahússins og reikningum þess, nema fyrirfram sé samið um annað, samkvæmt skýrum fyrirmælum 5. málsgr. 14. gr. berklavarnalaganna.

Þessi framkoma ráðuneytisins kemur mjög flatt upp á nefndina, þar sem hún hefir fyrir nokkru, samkvæmt tilmælum skrifstofustjórans, sent uppkast að samningi um meðgjöf með berklasjúklingum, kostuðum af ríkissjóði, og hefir skrifstofustjórinn látið í ljós, að hann teldi samninginn mjög aðgengilegan, væri þess fýsandi, að að honum yrði gengið, og furðaði sig jafnvel á, að sjúkrahúsið sæi sér fært að komast af með svo lág gjöld, sem þar var stungið upp á.

Þessari samningsumleitun dettur ráðuneytinu ekki í hug að svara, en til-

kynnir í þess stað, hvað því þóknist að greiða með úrskurðuðum styrkhæfum berklasjúklingum og með hvaða skilyrðum, eins og vér hefðum hér ekkert um að segja og aldrei hefði til mála komið að viðurkenna oss sem samningsaðila.

Daggjöldin, sem ráðuneytið vill nú ákveða, eru drjúgt fyrir neðan þau afarsanngjörnu gjöld, sem vér stungum upp á. Ef vér ættum að sætta oss við þau, hlytum vér að tapa stórfé á hverjum berklasjúklingi, og er ríkisstjórnin með þessu að velta nokkrum hluta af þeim berklakostnaði, sem ríkinu ber að greiða, yfir á Ísafjarðarkaupstað. Látum það vera, þó að heimildarlaust sé, að ríkissjóður vildi láta Ísafjarðarkaupstað kosta að einhverju leyti sjúkrahúsvist sinna eigin berklasjúklinga. En meiri hluti þeirra berklasjúklinga, sem liggja á sjúkrahúsi Ísafjarðar, eru utanbæjarmenn, úr nærliggjandi sýslum, og er því hér verið að gera tilraun til að láta Ísafjarðarkaupstað greiða stórfé í berklastyrk með utanbæjarmönnum. Og viljum vér ekki trúa því, að það sé vilji ríkisstjórnarinnar að fremja þann ójöfnuð, jafnvel þó að hún teldi sig hafa stoð í lögum til þess.

Þó furðar nefndina á því, að ráðuneytið skuli enn vitna til Vífilsstaða, er það vill lækka daggjöld vor, eftir að vér höfum sýnt fram á í bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 17. des. 1928, að taxtar sjúkrahússins hér eru lægri en kostnaðurinn hefir reynzt á Vífilsstöðum, ef rétt er reiknað. Látum vér fylgja afrit af þessu bréfi voru, með því að svo lítur út, sem ráðuneytið hafi eigi kynnt sér það nægilega.

Í símskeyti og bréfi ráðuneytisins gætir fáránlegs misskilnings, þar sem svo lítur út, sem það telji, að sjúkrahús hafi samkv. berklavarnalögunum styrk til að annast berklasjúklinga. Það talar um, að »skilyrði fyrir ríkisstyrk« skuli vera, að »daggjald í sjúkrahúsum« sé svo og svo, loftrými á sjúkling ákveðið o. s. frv. En samkv. berklavarnalögunum ber sjúkrahúsum enginn styrkur til berklavarna, heldur er gert ráð fyrir, að berklaveikir sjúklingar séu styrktir til sjúkrahúsvistar, ljóslækninga o. fl., og eru engin skilyrði sett fyrir því, önnur en þau, að sjúklingarnir séu ekki svo efnum búnir, að slíkur styrkur sé talinn óþarfur. Þarf engum orðum að því að eyða, hvílík fjarstæða það væri að neita bláfátækum, berklaveikum manni um styrk, af því að sjúkrahús það, sem hann er fluttur á, verður að krefjast hærri daggjalda en ráðuneytið vill tilskilja, eða getur ekki uppfyllt önnur skilyrði. Og enn meiri fjarstæða er það fyrir það, að langflestir berklasjúklingar úti um land, sem flytja þarf af heimilum sínum, eiga einskis annars úrkosta en að fara á næsta sjúkrahús, hvernig svo sem það er úr garði gert. Svo er það hér vestra, að ógerningur má heita að koma sjúklingum á heilsuhælin og í hæsta lagi einum og einum eftir mánaða bið. Er allt að því eins algengt, að heilsuhælislæknarnir senda sjúklinga af sér, til að leggjast hér á sjúkrahúsið. Og svipaða sögu munu önnur héruð, fjarliggjandi heilsuhælunum, hafa að segja.

Líkt er að segja um þá ákvörðun ráðuneytisins, að neita að greiða ljóslækningakostnað berklasjúklinga til annara en fárra ákveðinna ljóslækningastöðva. Með því móti yrði fjöldi berklasjúklinga útilokaður frá því, að gera megi á þeim lækningatilraunir með ljósum, því að margir eru svo settir, að þeir verða annaðhvort að fá að skipta við þá ljósstofu, sem næst er, eða vera án ljóslækninga alla. Iðulega senda heilsuhælislæknarnir eða læknir Röntgenstofunnar í Reykja-

vík berklasjúklinga, sem leitað hafa þeirra héðan að vestan, hingað aftur, með fyrirmælum um að ganga hér í ljós. Og er lítil sanngirni að neita þeim um styrk, sem nemur nokkrum krónum á viku, en gjalda fullkominn meðlagskostnað með öðrum, sem ef til vill stendur líkt á fyrir, en komast inn á heilsuhælin. Vér fáum heldur ekki betur séð en að ráðuneytið bresti alla heimild til þessara ráðstafana. Berklavarnalögin gera ráð fyrir, að kostnaður við ljóslækningar berklasjúklinga greiðist af ríkissjóði, og þegar sjúklingur, sem er löglega úrskurðaður berklaveikur og styrkhæfur, nýtur ljóslækninga á sjúkrahúsi eða ljóslækningastofu, ber ríkissjóði að greiða fyrir hann ljósakostnaðinn eins og annan kostnað. Í berklavarnalögunum er engin heimild til að löggilda vissar ljóslækningastofur, en ógilda aðrar, fremur en að löggilda viss sjúkrahús og ógilda önnur. Og oss er ekki kunnugt um, að sú heimild felist í nokkrum öðrum lögum. Telji heilbrigðisstjórnin þörf á slíkum löggildingum, til tryggingar almenningsheill, ber henni fyrst að fá sett lög, sem heimila þær ráðstafanir.

Þangað til ljóslækningastofa sjúkrahússins á Ísafirði verður löglega ógilt munum vér því krefjast greiðslu úr ríkissjóði fyrir úrskurðaða styrkhæfa berklasjúklinga, sem njóta þar ljóslækninga.

Vér viljum biðja ráðuneytið að íhuga, að hverju misrétti er stefnt með þessum ráðstöfunum. Þeir berklasjúklingar, sem búa nálægt heilsuhælunum og Röntgenstofunni í Reykjavík, eða aðallega Reykvíkingar og Akureyringar, verða þeir einu, sem fyllilega fá að njóta berklavarnalaganna. Aðrir, sem fjær búa, verða að greiða meira og minna úr eigin vasa, fyrir það, sem hinir fá ókeypis, ella verða útilokaðir frá því að geta notið sjúkrahúsvistar og ljóslækninga, því að til lengdar verða ekki rekin sjúkrahús af einstökum sveitarfélögum fyrir heil byggðarlög, til þess að tapa á hverjum sjúklingi, né ókeypis ljóslækningastofur. Er þetta jafnóþolandi fyrir því, þó að ámóta hlunnindi til handa Reykjavík og Akureyri á kostnað annara landshluta séu engan veginn einsdæmi.

Út af bréfi landlæknis, dags. 6. jan. s. l., sem ráðuneytið virðist byggja þessar ráðstafanir sínar á, viljum vér taka fram eftirfarandi:

Vér neitum því, að meiri ágreiningur sé um gagnsemi ljóslækninga við ýmsum tegundum af berklaveiki en um fjöldamargar aðrar lækningatilraunir við sömu veiki, sem landlæknir virðist ekkert hafa á móti að séu viðhafðar á kostnað ríkissjóðs.

Hverjir hafa á móti því, að rétt sé að reyna ljósböð, auk góðrar almennrar aðhlynningar við beina- og kirtlaberklum, einkum í börnum og unglingum? Eða til þess að styrkja menn, nýstaðna upp úr brjósthimnubólgu, einkum ungt fólk? Slík tilfelli eru almennast valin til ljósameðferðar hér á Ísafirði, og vér neitum því, að það sé svo hættuleg lækningaaðferð, að hún krefjist, fremur en læknisstörf yfirleitt, mikillar sérfræðikunnáttu.

Það er beinlínis villandi í þessu sambandi að benda til Englands, þar sem allri læknisfræðinni er skipt sem smæst upp á milli sérfræðinga. Berklaveikin heyrir þar öll undir marga sérfræðinga, geislalækningarnar ekki fremur en annað. Öll sú mikla flokkun í sérfræðigreinir er vísindunum vafalaust til meira gagns en sjúklingunum í sumum tilfellum. Og hefir undirritaður með eigin augum séð

þess ýms sorgleg dæmi. Í Englandi fást engir við að svæfa sjúklinga við uppskurði á sjúkrahúsum, aðrir en læknar, sem eru svæfingarsérfræðingar, og mun þó landlæknir ekki telja þörf á að krefjast slíks hér á landi.

Eftir ítrustu kröfum erlendis mundu ljóslækningar berklasjúklinga heyra undir tvo sérfræðinga, berklalækni og geislalækni. Ef farið væri eftir þeim kröfum, eru þær þrjár ljóslækningastofur, sem landlæknir vill löggilda, fjarri því að vera fullnægjandi eftir þeim erlendu fyrirmyndum. Læknarnir á Vífilsstöðum og Kristnesi eru engir geislasérfræðingar og læknir Röntgenstofunnar enginn berklafræðingur. Ef fullkomið samræmi væri í öllu, ætti að krefjast þess, að Röntgenstofan ein stundaði ljóslækningar og því aðeins berklasjúklinga, að þeir væru sendir þangað frá Vífilsstöðum og undir stöðugu eftirliti læknanna þar.

Annars er það einnig mjög villandi, er landlæknir talar um geislafræði (radiologi) sem erfiða fræðigrein og hættulega sjúklingunum, ef sérþekkingu skortir, þar sem hann gerir þetta auðsjáanlega í því skyni að telja ráðuneytinu trú um, að hættulegt sé að láta aðra en sérfræðinga fara með kvartslampa. Geislalækningar yfirleitt eru hættulegar og vandasamar af því, að undir þær heyra Röntgen- og radíumlækningar, sem mjög er vandfarið með. Hinsvegar er mjög auðvelt að fara með kvartslampa og almennum læknum hér á landi trúað fyrir mörgu, sem er margfalt hættulegra og vandasamara. Vér nefnum t. d. af berklalækningum gullsaltslækningar, pneumothoraxmeðferð og ýmsar skurðlækningar, sem landlæknir hefir enn ekki sett út á, að aðrir en sérfræðingar reyndu í vissum tilfellum, þegar þeir treysta sér til þess.

Skurðlækningar eru með erfiðustu sérfræðigreinum, en þar með er ekki sagt, að almennum læknum megi ekki trúa fyrir að fást við sitt af hverju, sem undir þá grein heyrir.

Þess skal getið, að undirritaður hefir nýlega dvalið í Englandi og sá þar mikið notað kvartsljós. Og þrátt fyrir alla sérfræðingana var alls ekki talið nauðsynlegt, að þeir stunduðu kvartslampalækningarnar. Má nefna til dæmis hinar mörgu stöðvar í Lundúnum, sem The Borough Counsils hafa til að fylgjast með heilsufari barna og leiðbeina mæðrum um meðferð á þeim. Þá hafa a. m. k. sumar sína kvartslampastöð, þar sem veikluð börn, einkum þau, sem grunuð eru um beinkröm eða berklaveiki, eru geisluð. Mæðurnar fá þar líka gjarnan ljósböð, ef þær eru linar til heilsu eftir fæðingar eða mjólka illa. Þessum ljóslækningastofum var ekki einu sinni talið nauðsynlegt að læknar stjórnuðu, hvað þá sérfræðingar, heldur voru þær í höndum hjúkrunarkvenna.

Þá skal nefndin geta þess, að ummæli landlæknis um þetta mál þykir henni koma úr hörðustu átt, þar sem ljóslækningatækin voru á sínum tíma keypt hingað til sjúkrahússins, ekki síst fyrir hans hvatningu, með því að hann taldi þau svo nauðsynleg til berklalækninganna.

Um hin önnur atriði í bréfi landlæknis, þar sem hann ræður ráðuneytinu til að krefjast ýmsra skilyrða af sjúkrahúsum, sem hýsa berklaveika, svo sem ákveðið loftrými, að berklaveikir séu ekki hafðir á stofu með öðrum sjúklingum o. s. frv., getum vér verið fáorðir, með því að vér munum sennilega allra sjúkrahúsa skárst hér á landi geta uppfyllt þau skilyrði.

En vér getum þó ekki stillt oss um að gera hér við nokkrar athugasemdir frá almennu sjónarmiði.

Yfirleitt eru tillögur landlæknis í þessu bréfi hans leiðinlega fjarri lífinu og öllum veruleika, eins og hann gerist hér á landi.

Vér höfum skilið berklavarnalögin svo, að þau væru fyrst og fremst sóttvarnalög. Og sá skilningur einn réttlætir þá sérstöðu, sem berklaveikir sjúklingar eru látnir hafa til styrktar af almannafé. Fyrir því teljum vér, að fyrst eigi að leitast við að verja heilbrigða fyrir því að smitast af berklaveikum sjúklingum, síðan að hjálpa þeim til bata, sem batavon eiga, en hjúkra öllum, sem mannúðlegast að hægt er, eftir öllum atvikum og kringumstæðum.

Nú hagar svo til hér á landi, að öll tæki til að framkvæma þetta, svo sem raunar aðrar heilbrigðisráðstafanir, eru mjög ófullkomin. Eru oft engin tök á að svara jafnvel lágum kröfum, hvað þá hinum ítrustu. Mega þó þeir, sem aðalframkvæmdirnar hafa með höndum, læknarnir, aldrei láta hendur fallast, heldur leitast við að bjarga öllu eins og bezt gengur eftir atvikum.

Víst væri ákjósanlegt, að til væru næg sérstök sjúkrahús fyrir berklaveika, svo að aldrei þyrfti að hafa saman í húsi berklaveika sjúklinga og aðra sjúklinga. Og vissulega þyrftu öll sjúkrahús, sem berklaveika sjúklinga hýsa, að vera svo stór og rúmgóð, að aldrei ræki nauðung til að hafa berklaveikar manneskjur með öðrum en berklaveikum á stofu, og loftrými auk þess að vera nægilegt. Líka væri mikið í það varið, að berklaveikir sjúklingar ættu jafnan aðgang að sérfræðingum, ekki eingöngu til geislalækninga, heldur og til annarar meðferðar.

En framan í þá staðreynd verður að horfa, að ekkert af þessu er fyrir hendi, og í hinni daglegu baráttu við berklaveikina standa læknarnir iðulega í þeim sporum, svo sem algengast er í lífinu, að þurfa að velja á milli tveggja kosta og hvorugs góðs. Vér höldum því fram, að þeim beri þá jafnan að velja skárri kostinn af tveimur illum. En ef fara á eftir kröfum landlæknis, sem hann hefir auðsjáanlega samið í skrifstofu sinni, en ekki á orustuvellinum, mundu þeir oftlega vera neyddir til að velja verri kostinn.

Þetta viljum vér sýna með nokkrum dæmum, sem hafa það sér til ágætis að vera tekin beint úr lífinu:

Kona kemur hér til bæjarins og sezt upp hjá systur sinni, bláfátækri ekkju, sem á fjögur börn ung, sitt á hverju árina. Húsakynnin eru ein herbergiskytra undir súð og vel í lagt, að 5 rúmmetrar af lofti hafi komið á hvern mann. Aðkomukonan er svo veik, að læknis er strax vitjað. Hún hefir lungnaberkla á háu stigi og mjög smitandi. Á nú læknirinn í þessu falli að taka »tommustokk« og mæla loftrýmið í herbergi á sjúkrahúsinu, þar sem rúm er autt hjá öðrum smitandi berklasjúklingum, og ef minna en 15 rúmmetrar koma á hvert rúm, á hann þá að láta konuna dúsa þar sem hún er, þegar ekki er um annað að velja en þetta tvennt? Almenningsheill væri illa borgið með slíkri fávizku. Andi berklavarnalaganna segir nei. Vér segjum nei. En landlæknir og ráðuneytið segja já. Og ef læknirinn fer sínu fram og flytur konuna, á ekki eingöngu að hefnast á henni og neita henni um berklastyrk, heldur líka á sjúklingunum, sem fyrir liggja á stofunni, og taka styrkinn af þeim! Eða þá að láta greiðslufallið koma niður á sjúkrahúsinu.

Sjómaður á einum fiskibátnum veikist af blóðspýtingi. Hann á ekkert heimili í landi. Nú er til rúm á sjúkrahúsinu í ágætu tveggja manna herbergi, en í öðru rúminu liggur áttrætt gamalmenni, sem fengið hefir slag, eða sjúklingur dauðvona af krabbameini. Í hitt rúmið má ekki flytja berklasjúklinginn, en stöðva heldur útgerðina og láta hann kyrran í lúkarnum við 14. mann, því að landlæknir og ráðuneytið segja, að sjúklinga með lungnaberkla megi ekki láta á stofu með öðrum sjúklingum.

Í einni kjallaraholunni hér, sólarlausri, rakri og kaldri, veikist barn af hilus-berklum, eða unglingur af brjósthimnubólgu. Þarna er allt af skornum skammti, matur, hjúkrun og þrifnaður, og batahorfurnar litlar, nema hægt sé að skipta um verustað. Í sjúkrahúsinu er autt rúm í ágætri stofu, en að vísu eru þar ekki berklasjúklingar. Nú eru engin líkindi til, að þessi berklasjúklingur sé smitandi né á nokkurn hátt hættulegur fyrir hina sjúklingana, en samt má ekki láta hann í auða rúmið. Heldur á að láta hann vera kyrran þar sem hann er og svipta hann þar með mjög góðum horfum til bata og ofurselja hann berklaveikinni og gera hann þar með ef til vill að mannsaldursómaga og handbendi hins opinbera. Því að sjúklingurinn er vissulega með lungnaberkla og kemur undir hann landlæknis og ráðuneytisins, þó að slíkir sjúklingar séu á sjúkrahúsum um allar jarðir óhikað hafðir innan um aðra sjúklinga.

Vér viljum ekki þreyta ráðuneytið á að telja upp fleiri dæmi, þó að af nógu sé að taka, með því að vér álítum, að þessi nægi til að sýna fram á, hvernig þær reglur geta gefizt í praxis, sem samdar eru inni á skrifstofum, með engri hliðsjón af virkileikanum, eftir erlendum formúlum, sem ef til vill eru á sama hátt til orðnar, jafneifitt að fara eftir og alls ekki farið eftir. Að minnsta kosti hefir undirritaður séð með eigin augum slík þrengsli á frægum sjúkrahúsum í Lundúnum, og þó einkum í Parísarborg, að annað eins mun vera fátítt hér á landi.

Enginn læknir gerir það að gamni sínu að hrúga saman berklaveikum sjúklingum og öðrum sjúklingum né þrengja að þeim úr hófi fram. En nauðsynin brýtur öll lög og reglur. Það eina, sem hér stoðar, er að hlynna svo að sjúkrahúsunum í landinu, að þau sjái sér fært að svara fyllri kröfum en þau geta nú. En aðfarir heilbrigðisstjórnarinnar lofa ekki góðu í því efni. Jafnframt því sem hún gerir kröfurnar vill hún þröngva svo kosti sjúkrahúsanna, að mörg þeirra geta áreiðanlega ekki risið undir.

Nú munum vér sýna ráðuneytinu fram á, hver áhrif sú niðurfærsla daggjaldanna, sem það vill fyrirskipa, hlýtur að hafa á rekstur sjúkrahússins á Ísafirði.

Þegar sjúkrahúsið tók til starfa, árið 1925, hvíldi á því 100 þús. kr. skuld, og hafði sú upphæð verið tekin að láni til byggingarinnar. Þrátt fyrir þá háu taxta, sem ráðuneytið virðist hyggja að vér höfum haft, var í árslok 1928 ekki búið að greiða af skuldinni nema kr. 11529,15. Er það óhæfilega lítil afborgun og minni en svo, að hægt sé að búast við, að lánardrottnarnir láti sér jafnlítið nægja til lengdar. Árið 1928, síðasta árið, sem hefir verið gert upp, er reikningslega bezta ár sjúkrahússins og eina árið, sem það hefir haft lítilsháttar afgang,

ca. 3000 kr., ef útistandandi skuldir eru taldar affallalausar, en ef hæfilega er dregið frá fyrir vanhöldum, mun láta nærri, að það hafi staðið í járnum.

Nú hefir gjaldkerinn reiknað út, að ef taxti sá, sem ráðuneytið vill nú skammta sjúkrahúsinu, hefði gilt árið 1928, hefðu tekjur þess lækkað um ca. 17 þús. kr., eða með öðrum orðum ca. 17 þús. kr. halli orðið á rekstrinum.

Vér vonum í lengstu lög, að ráðuneytið fáist til að athuga þetta mál betur en það virðist hafa gert, breyti þessari fyrirætlun sinni og sýni oss þá sanngirni, að vér neyðumst ekki til að höfða mál til að reyna að ná þeim rétti, sem vér teljum víst að sé vor megin. Vér höfum sýnt, með því samningsuppkasti, sem vér höfum undirskrifað og sent ráðuneytinu, að vér erum fúsir til að teygja oss langt til friðsamlegs samkomulags.

Virðingarfyllst

Vilm. Jónsson.

Ed. 389. Nefndarálit

um frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir ekkert við frv. þetta að athuga og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 1. apríl 1930.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Jóh. Jóhannesson.

Nd. 390. Frumvarp

til laga um jöfnunarsjóð ríkisins.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson og Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Af tekjum ríkissjóðs, þá er þær fara fram úr 12 milljónum króna á ári, skal leggja hundraðshluta í sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður ríkisins.

2. gr.

Tilgangur jöfnunarsjóðs ríkisins er að koma jöfnuði á verklegar framkvæmdir ríkissjóðs í landinu og atvinnu við þær frá ári til árs.

3. gr.

Þegar árstekjur ríkissjóðs nema meiru en 12 milljónum króna á ári, skal leggja í jöfnunarsjóð ríkisins af því, sem þar er fram yfir, eins og hér segir:

Af fyrstu milljón króna, eða minna, sem tekjur ríkissjóðs fara fram úr 12 milljónum króna, skal leggja 10 af hundraði í jöfnunarsjóð ríkisins. Af næstu tveim milljónum króna, eða minna, skal leggja 20 af hundraði í jöfnunarsjóð, og af því, sem árstekjur ríkissjóðs fara fram úr 15 milljónum króna, skal leggja 25 af hundraði í jöfnunarsjóð.

4. gr.

Að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og stjórnar Búnaðarfélags Íslands skal ríkisstjórnin verja fé til verklegra framkvæmda fyrir ríkissjóð, þegar atvinnubrestur er hjá verkalýð landsins og afturkippur í framkvæmdum atvinnurekenda.

Eftir tillögum sömu aðilja skal og heimilt að veita kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag, fé úr jöfnunarsjóði til verklegra framkvæmda bæjar- eða sveitarfélags. Skal fjárframlagið notað í samræmi við tilgang jöfnunarsjóðs, sbr. 2. gr., og sé lagt fram að minnsta kosti tvöfalt fjárframlag úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði á móti framlagi jöfnunarsjóðs.

5. gr.

Reikninga jöfnunarsjóðs ríkisins skal leggja fyrir Alþingi ásamt landsreikningum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1931.

Greinargerð.

Eins og frumvarp þetta ber með sér, er aðaltilgangur þess að leggja í sjóð nokkuð af tekjum ríkissjóðs, þá er þær fara fram úr tiltekinni fjárhæð, og verja til verklegra framkvæmda ríkisins, þegar hart er í ári. Ekki er það ætlunin, að nokkuð sé dregið úr framkvæmdum þeim, sem fjárlög gera ráð fyrir, þótt fé jöfnunarsjóðs sé tekið til notkunar, svo sem segir í frv.

Framkvæmdir þær, sem gerðar eru fyrir fé jöfnunarsjóðs, eiga einmitt að bæta úr því atvinnuleysi, sem stafar af illu árferði, og því, að atvinnurekendur landsins draga úr atvinnurekstri sínum. Í slíku árferði minnka tekjur ríkissjóðs og borgast verr. Er þá og meiri tregða hjá ríkisstjórninni að ráðast í framkvæmdir, sem henni væri heimilt — en ekki skylt — að gera, þegar hún sér fram á minnk-

andi tekjur ríkissjóðs, heldur en þegar vel árar. En væri hinsvegar til sjóður frá góðu árunum, svo sem frv. fer fram á, mætti til hans grípa og auka framkvæmdir ríkissjóðs, til að bæta úr vinnubresti hjá verkalýð landsins.

Einnig er gert ráð fyrir, að veita megi fé úr jöfnunarsjóði til bæjarfélaga og kauptúna, sem eru sérstakt hreppsfélag, sé því varið til verklegra framkvæmda fyrir bæjar- eða sveitarfélagið, í samræmi við tilgang jöfnunarsjóðs. En á móti framlagi jöfnunarsjóðs komi að minnsta kosti tvöfalt framlag frá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

Til þess að sýna, hversu mikið fé hér sé um að ræða, eru teknar hér upp tekjur ríkissjóðs eins og þær hafa orðið samkvæmt landsreikningum árin 1922—1928.

En þessi ár urðu tekjur ríkissjóðs sem hér segir:

1922	kr. 10.2	millj.
1923	— 9.0	—
1924	— 11.6	—
1925	— 16.8	—
1926	— 13.1	—
1927	— 11.8	—
1928	— 14.2	—

Á þessu tímabili fara tekjur ríkissjóðs 3 ár fram úr 12 milljónum, og mundu tekjur jöfnunarsjóðs hafa orðið þessar samkv. 3. gr. frv.:

1925	kr. 950	þús.
1926	— 120	—
1928	— 340	—

Þessar fjárhæðir ættu þá að vera til taks til að auka framkvæmdir ríkisins, þegar harðnar í ári. Er það í rauninni ekki annað en það, sem hver forsjáll maður gerir, að geyma afganginn frá góðu árunum til verri tíma.

Nd. 391. Breytingartillögur

við frv. til laga um Menntaskóla á Akureyri.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Síðari málsl. greinarinnar, orðin »Skal hann, þar . . . einum þeirra«, falli burt.
2. Við 8. gr. Annar málsl. greinarinnar, orðin »Þeir, sem standast . . . leyfir«, falli burt.
3. Við 13. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Fastir kennarar skulu vera 4.

4. Við 19. gr. Greinin falli burt.
5. Við 20. gr. Annar málsl. greinarinnar, orðin »Nemendur úr . . . til $^1/_3$ hluta«, falli burt.
6. Við 21. gr. Greinin falli burt.

Nd. 392. Frumvarp

til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Tilgangur Fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja bátaútveg landsmanna með hagkvæmum lánum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er:

I. Eignir hins gamla Fiskiveiðasjóðs, í peningum og skuldabréfum, eins og þær verða, er lög þessi öðlast gildi.
II. Tillag úr ríkissjóði, 1 milljón króna. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1941.
III. Hundraðsgjald af útfluttum fiskiafurðum samkvæmt því, sem ákveðið verður í sérstökum lögum, þar til höfuðstóll sjóðsins nemur 8 milljónum króna.

3. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, allt að $1^1/_2$ milljón kr., sem tryggð skulu með stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um stærð bréfanna, útlit, útdrátt og aðra meðferð þeirra, í reglugerð sjóðsins.

4. gr.

Fé Fiskveiðasjóðs má eingöngu lána til:

a. Skipakaupa, allt að 35 rúmlesta. Þó má veita lán til kaupa á stærri skipum, ef fé er fyrir hendi.
b. Stofnsetningar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar, svo sem til hagnýtingar fiskiúrgangi, íshúsa og kælihúsa.

5. gr.

Lán til kaupa á nýjum skipum má veita til 12 ára, en þeim mun skemur, sem nemur fyrningu, til kaupa á eldri skipum.

Skipakaupalán mega nema allt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 20000 kr. til eins lánþega. Veita má þó samvinnufélögum fiskimanna lán til skipakaupa allt að 20000 kr. á skip.

Lán til iðjufyrirtækja má veita til 15 ára, og mega þau nema $^3/_5$ stofnkostnaðar fyrirtækjanna. Þó skal lán í einn stað eigi fara fram úr 35000 kr. Vextir lána samkvæmt grein þessari skulu ekki að jafnaði fara fram úr $5^1/_2$%, og greiðast þeir fyrirfram. Hver lántakandi Fiskveiðasjóðs greiðir 1% af lánsupphæð í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið.

6. gr.

Lán úr Fiskveiðasjóði má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn fasteignarveði, allt að $^3/_5$ af virðingarverði þess, ef ekki hvíla neinar skuldbindingar á veðinu á undan veðrétti sjóðsins.
b. Gegn fyrsta veðrétti í skipum, allt að helmingi virðingarverðs, enda gangi þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum öðrum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.

7. gr.

Heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs að leggja árlegt aukagjald, sem nemi allt að $^1/_4$%, á lán með veði í skipunum. Gjald þetta skal lagt í sérstakan sjóð, sem ávaxtast eins og varasjóður, og skal því varið til að bæta Fiskveiðasjóði þann halla, sem hann kann að bíða vegna sjóveða í veðsettum skipum. Nánari fyrirmæli um þetta skulu sett í reglugerð Fiskveiðasjóðs.

8. gr.

Leggja skal í varasjóð, auk stofngjalds lánþega eftir 5. gr., 50% af árlegum tekjuafgangi Fiskveiðasjóðs, þar til varasjóður nemur 20% af útlánum sjóðsins, en þaðan af svo mikið, sem þarf til að halda því hlutfalli tryggingar. Varasjóð skal ávaxta á öruggum stað, og má eigi festa hann í áhættulánum.

9. gr.

Eignir þær, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Fiskveiðasjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

10. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðstjórninni eigendaskiptin þegar í stað.

11. gr.

Verð húsa á fasteignum, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal því aðeins teljast til virðingarverðs fasteignarinnar, að húsin séu vátryggð í vátryggingarstofnun, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að Fiskveiðasjóður annist vátryggingar þeirra eigna, sem veðsettar eru fyrir láni úr sjóðnum, og innheimti iðgjöldin á gjalddögum lánsins, ef stjórn sjóðsins ákveður svo.

12. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það eigi er svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

13. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það Fiskveiðasjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóðurinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóðurinn ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóðurinn getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

14. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóðnum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

15. gr.

Fiskveiðasjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, er veita sjóðnum handveðsrétt, eru undanþegnar stimpilgjaldi.

16. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn Fiskveiðasjóðs, þar til samningar takast við Útvegsbanka Íslands um rekstur sjóðsins, eftir fyrirmælum 10. gr. laga nr. 2 1930. Útlánsfé Fiskveiðasjóðs skal skipt sem jafnast eftir bátaútgerð í hverjum hluta landsins.

17. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins, er birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal síðan birta hann í B-deild Stjórnartíðinda.

18. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögunum.

19. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1931, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 52, 10. nóv. 1905, um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, og lög nr. 29, 16. nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrirmæli í lögum, skipulagsskrá og reglugerð, er fara í bág við lög þessi.

Nd. 393. Frumvarp

til laga um fiskveiðasjóðsgjald.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af öllum íslenzkum fiskiafurðum, þar á meðal síld og síldarafurðum, hverju nafni sem nefnast, sem fluttar eru til útlanda, skal umfram lögmælt útflutningsgjald til ríkissjóðs greiða í Fiskveiðasjóð Íslands $^1/_8$ % gjald af verði afurðanna.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra í skip (fob) á þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, að frádregnu útflutningsgjaldi, eða söluverð erlendis (cif), að frádregnu útflutningsgjaldi og flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi. Ef fiskiafurðir eru sendar óseldar, skal lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má að verðar séu með umbúðum, fluttar á skip. Sendandi eða umboðsmaður hans er skyldur til að gefa lögreglustjóra

eða innheimtumanni ríkissjóðs vottorð, að viðlögðum drengskap, um hvort hið senda er selt eða ekki, og ef selt er, þá söluverð og söluskilmála.

3. gr.

Nú sannar sendandi það, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefir sett á hinar útfluttu óseldu fiskiafurðir, sé hærra en hann hefir selt þær, og er fjármálaráðuneytinu þá heimilt að endurgreiða mismuninn.

4. gr.

Til fiskiafurða þeirra, er getur í 1. gr., telst allskonar fiskur, þar á meðal síld og hverskonar fiskafurðir eða síldarafurðir, sem verkaðar eru eða fluttar milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiðin hafi farið fram utan landhelgi.

5. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skipið er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Gjaldið greiðist lögreglustjóra, þar sem varan er tekin, eða ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar sem skip leggur frá landi.

6. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, er ræðir um í lögum þessum, er skyldur að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, taka ákvæði þessi einnig til skipstjóra og afgreiðslumanna skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir fiskveiðasjóðsgjaldinu.

8. gr.

Lögreglustjórar eða tollstjóri skulu gera reikningsskil fyrir fiskveiðasjóðsgjaldinu, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem sannur verður að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það fiskveiðasjóðsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefir grun um, að skilríki þau, er í 6. gr. getur, séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða lætur frá landi, eða á annan veg útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni.

Kostnað, er af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931 og gilda þar til er höfuðstóll Fiskveiðasjóðs Íslands nemur 8 milljónum króna.

Nd. 394. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 346 [Vegalög].

Frá Sigurði Eggerz.

Við II. Aftan við brtt. bætist nýr liður:

Laxárdalsvegur, frá Búðardal um Laxárdal og Laxárdalsheiði að vegamótum þjóðvegar utan Borðeyrar.

Ed. 395. Frumvarp

til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927.

Flutningsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.

1. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Nú er meðlagsúrskurður (18. gr.) löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki, samkvæmt lögum 16. desember 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.

Nú er fúlga samkvæmt löglega birtum meðlagsúrskurði eigi greidd í tæka tíð, og skal þá þeim, er fúlguna á að taka, rétt að heimta hana greidda sér af dvalarsveit sinni, með þeim hætti, sem segir í lögum um greiðslu meðlaga af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því sem við verður komið.

2. gr.

36. gr. laganna orðist þannig:

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf fátækrastjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin, eða illa fari um þau.

Engu síður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum sveitabörnum, og ekki er fátækrastjórn heimilt að taka sveitabörn frá góðum heimilum, þar sem vel fer um þau, þótt lægra meðlag fáist greitt með þeim annarsstaðar.

Ekki má fátækrastjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

Nú gerir framfærslusveit foreldra með börnum, eða móður með börnum eða barni, kröfu um lögflutning þeirra, og getur framfærslusveit þá aðeins krafizt lögflutnings þeirra, að hægt sé að veita þeim öllum eða báðum góðan dvalarstað á sama heimili.

Þegar lögflutningur er ekki heimill af þessum ástæðum, er framfærslusveit allt að einu skylt að greiða meðlag til styrkþega af sinni hálfu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breytingartillögur þær, sem felast í frv. þessu, eru fram komnar eftir áskorun mæðrastyrksnefndarinnar og byggðar á reynslu þeirri, sem nefndin hefir fengið við starfsemi sína til hjálpar ekkjum og öðrum einstæðum mæðrum.

Eftir að lög nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, gengu í gildi, mun það hafa verið algild regla, að dvalarsveit móðurinnar greiddi umtölulaust meðlag barnsföður, ef konan hafði löglegan úrskurð í höndum. En um haustið 1928 fer bæjarstjórn Reykjavíkur að færast undan því að greiða meðlög barnsföður, ef móðirin gæti talizt einfær um að sjá um barnið, eftir mati fátækrafulltrúa. Sumarið 1929 var leitað úrskurðar stjórnarráðsins um þetta atriði, og var því svarað á þá leið, að samkv. 19. gr. fátækralaganna væri sveitinni því aðeins skylt að greiða meðlagið, að aðrir framfærslumenn barnsins gætu ekki séð fyrir barninu, og neitaði stjórnarráðið í því tilfelli, sem um var spurt, að sveitinni bæri að greiða móðurinni meðlag föðurins, af því að kona þessi var nú orðin gift og sæmilega stæð.

Samkvæmt lögunum um rétt óskilgetinna barna (1921) (lög nr. 46, um afstöðu foreldra til óskilg. barna) á uppeldi barnsins að vera samkvæmt högum þess foreldris, sem betur er statt, og má dæma hvort fyrir sig til þess að sjá eitt fyrir barninu. Sé þessu framfylgt, þá ætti úrskurður yfirvaldsins að taka tillit til ástæðna beggja foreldra, og gæti þá ekki komið fyrir, að vel stæð kona færi að

hafa sveitina fyrir féþúfu. En hitt er bersýnilegt, að það léttir innheimtuna á barnsmeðlögum, að hægt sé að taka meðlögin af sveitarfé og fari um endurgjald þeirra sem um annan sveitarstyrk til barnsföður. Enda hefir sveitin betri aðstæður til að ganga að föðurnum, hóta honum skylduvinnu o. s. frv., en móðirin hefir, ef sveitin vísar frá sér krófum hennar og hún á ein að eiga í því að innheimta féð hjá föðurnum.

Það er eftirtektarvert, að dauðahlutfallstala óskilgetinna barna lækkar um helming á 4 ára tímabilinu 1920—25, eða fyrstu árin eftir að lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna eru í gildi, frá því sem var á næsta tímabili á undan, 1916—20, eða úr 111,5 af þúsundi niður í 63,5 af þúsundi. Á sömu tímabilum breytist dánartala skilgetinna barna úr 62,6 ‰ niður í 50,6 ‰. Seinni skýrslur eru enn ekki komnar fram opinberlega.

Þó margar ástæður geti verið til þessarar lækkunar, þá má telja víst, að lögin um rétt óskilgetinna barna hafi átt sinn þátt í því að færa niður barnadauðann, og þá einkum þetta atriði, að móðirin var talin eiga skilyrðislausan rétt til þess að fá meðlagið greitt af dvalarsveit sinni.

Mæðrastyrksnefndin leggur því eindregið til, að fátækralögunum sé breytt í samræmi við lögin um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, þannig að móðurinni sé tryggður skýlaus réttur til að fá meðlag samkv. löglegum meðlagsúrskurði greitt af dvalarsveit sinni.

Við 2. gr. 2. málsgr.

Nefndin telur mjög varhugavert að flytja börn af heimilum, þar sem vel fer um þau, og hefir orðið þess vör, að fósturmæður barna, sem ekki hafa verið svo vel stæðar, að þær gætu haft börnin meðgjafarlaust, hafa átt á hættu, að börnin væru tekin af þeim, ef þær vildu krefjast meðgjafar, ýmist af sveitinni fyrir hönd dáins foreldris, eða af föður, sem ekkert heimili átti til að bjóða barninu, og það þó þessar konur hefðu gengið börnunum í móður stað frá því þau voru nýfædd. 2. málsgr. 2. gr. frv. á að koma í veg fyrir, að slíkt geti átt sér stað.

Við 2. gr. 4. málsgr.

Þó fátækralögin taki fram, að ekki megi taka börn frá foreldrum án leyfis þeirra, nema heimili þeirra geti talizt siðspillandi, þá hefir framkvæmdin orðið sú, að oft hefir komið fyrir, að hrepparnir hafa heimtað slíkar fjölskyldur fluttar og neitað framlagi til þeirra, en dvalarsveit látið framkvæma flutning, til þess að losa sig við útgjöld. Var Alþingi bent á þetta atriði á síðasta þingi, er lögð var fyrir það tillaga, sem samþykkt var á fjölmennum kvennafundi hér í Reykjavík og fór í þá átt að breyta svo fátækralögunum, að sundrun heimila vegna fátækraflutnings gæti ekki átt sér stað. Samþykkti efri deild Alþingis þá í einu hljóði þingsályktunartillögu í sömu átt og tillaga fundarins. Væntir því mæðrastyrksnefndin, að Alþingi samþykki nú breytingu þá í síðustu málsgr. 2. gr. ofanritaðs frv., sem tryggir mæðrum rétt til þess að halda börnum sínum hjá sér.

Ed. **396. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Flutningsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.

1. gr.

26. gr. laganna orðist þannig:

Sé barnsfúlga sú, sem barnsföður (meðlagsskyldum) er skylt að borga með óskilgetnu barni, samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, ekki greidd á réttum eindaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt, áður en eitt ár er liðið frá eindaga, að krefjast þess, að fúlgan verði greidd henni af sveitarfé í dvalarsveit hennar. Beiðni barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum og löglega birtur, og lífsvottorð barnsins, enda láti móðirin uppi þá skýringu um framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds), sem hún er fær um.

Meðlagið telst sveitarstyrkur til handa barnsföður (meðlagsskyldum) frá dvalarsveit móður, og fer um endurgjald á honum sem öðrum sveitarstyrk.

2. gr.

31. gr. laganna orðist þannig:

Nú líður meira en 12 mánuðir frá því, að konan varð heil, þangað til hún leitar dvalarsveitar út af gjaldkræfu framlagi, samkvæmt 29. gr. og 30. gr., og er dvalarsveit þá eigi skylt að inna það af hendi.

3. gr.

Lög nr. 15, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Við 1. gr.

Breyting sú, sem 1. gr. frv. fer fram á, er að felldur sé úr 26. gr. laga nr. 15, 31. maí 1927, þessi kafli:

Þó eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, sem barnið dvelur í. En upphæð meðalmeðgjafar með óskilgetnum börnum ákveður atvinnumálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag um 3 ár í senn, og skal miða meðalmeðlag við aldur barna, hinn sama á öllu landinu, —

og þar með numið úr gildi það ákvæði, að dvalarsveit óskilgetins barns beri aldrei að greiða meira en meðalmeðlag, eins og það er ákveðið fyrir hvern

þriggja ára tíma; en hinsvegar gert skylt að greiða meðlagið samkvæmt því, sem ákveðið er í meðlagsúrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni.

Þar sem meðlagsúrskurður ákveður oft aðra upphæð meðlags en hið lögákvarðaða meðalmeðlag, virðist ranglátt að einskorða meðlag, sem greitt er af dvalarsveit barns fyrir hönd barnsföður, við meðalmeðlag. Hitt er réttlátara, að fylgja þar eins og jafnan, er meðlagsúrskurður liggur fyrir, því ákvæði, sem í honum er sett um meðlagsupphæðina.

Við 2. gr.

Fresturinn á greiðslu á barnsfararkostnaði frá dvalarsveit er aðeins 6 mánuðir, en þar sem barnsfaðernismál má höfða innan árs frá fæðingu barnsins, og það dregst oft að höfða slík mál, þó að víst sé um faðernið, vegna þess að margar stúlkur leita ekki aðstoðar yfirvaldanna fyrr en í síðustu lög, þá hefir nefndin orðið þess vör, að alloft fæst barnsfararkostnaðurinn ekki greiddur af því að ekki er snúið sér til sveitarinnar fyrr en 6 mánaða fresturinn er liðinn. Er þá umstangsmikið að leita úrskurðar stjórnarráðsins og þurfa að bíða eftir honum. Finnst því nefndinni, að hentugra væri, að sami frestur gilti um greiðslu á barnsfararkostnaði af sveitarfé og gildir um höfðun barnsfaðernismáls.

Ed. 397. Frumvarp

til laga um Menntaskóla á Akureyri.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á Akureyri skal vera skóli með fjórum óskiptum bekkjum, er nefnist Menntaskólinn á Akureyri. Skal hann, þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, starfrækja gagnfræðadeild með þrem bekkjum, og er heimilt, með samþykki kennslumálaráðuneytisins, að skipta einum þeirra.

2. gr.

Takmark skólans er að búa nemendur undir athafnalíf bæði í andlegum og verklegum efnum og gera þá hæfa til að stunda nám við háskóla og aðrar æðri menntastofnanir.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

4. gr.

Í Menntaskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, norðurlandamál, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sagnfræði, trúarbrögð, félagsfræði, bókmenntafræði og listasögu, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og hagnýt vinnubrögð.

Heimilt skal kennslumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum, ef skólameistari mælir með breytingunni.

5. gr.

Íslenzk tunga og náttúruvísindi skulu vera höfuðnámsgreinar í skólanum. Lesskrá skal haga svo, að auðvelt sé að halda nemendum til sjálfstæðra námsiðkana, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

6. gr.

Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokapróf Menntaskólans er stúdentspróf. Ljúka má námi í einstökum námsgreinum í öðrum og þriðja bekk Menntaskólans, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskírteinum.

Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kennslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því.

Heimilt er skólameistara að sleppa nemanda við árspróf, enda hafi hann lofsamlega einkunn eftir veturinn.

7. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð. Þá skal og í reglugerð setja nánari ákvæði um inntökupróf, bekkjarpróf og stúdentspróf.

8. gr.

Heimilt er utanskólamönnum að taka próf úr öllum bekkjum Menntaskólans. Þeir, sem standast prófin í fyrstu þrem bekkjum skólans, hafa leyfi til að setjast í skólann, eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum. Skólameistari má þó bregða út af þessari reglu, ef úrlausn nemanda í einhverri grein sannar, að hann sé gæddur frábærlega góðum gáfum.

9. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í Menntaskólann: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, verði að minnsta kosti 16 ára það ár, sem þeir stunda nám í bekknum. Þó getur kennslumálaráðuneytið veitt einkar þroskuðum nemendum undanþágu, ef þeir eru orðnir 14 ára. Aldurstakmark þeirra, sem setjast í aðra bekki, svarar til inntökualdurs; 2) að þeir séu ekki haldnir neinum næmum sjúkdómi; 3) að siðferði þeirra sé óspillt.

10. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrsta bekk Menntaskólans verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í íslenzku: Geta ritað venjulegt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenzkrar málfræði og höfuðdrætti í íslenzkum bókmenntum, bæði á þjóðveldistímanum og síðan um 1800; 2) Í

norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rétt venjulegt bókmál á dönsku eða sænsku og geta ritað villulítinn stíl almenns efnis á öðruhvoru því máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið létt mál og gert villulítinn stíl um auðvelt efni. 4) Í þýzku: Hafa numið undirstöðuatriði málsins, eftir nánari ákvæðum kennslumálastjórnarinnar. 5) Vera leikinn í að reikna brot og tugabrot, vaxtareikning og almennustu þætti flatarmáls- og rúmmálsfræði. 6) Í sögu: Hafa glöggt yfirlit um æfi frægra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslands og almennri veraldarsögu. 7) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og dýrafræði. Ennfremur aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 8) Í landafræði: Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabréf.

11. gr.

Kennslustundir í hverjum bekk skulu vera 30—33 á viku. Á laugardögum skal kennsla eigi standa lengur en til hádegis.

12. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. Kennslu og prófum ár hvert skal lokið 30. maí, nema í þriðja og fjórða bekk skólans enda prófin í júní. Um skólaleyfi skal ákveðið í reglugerð.

13. gr.

Fastir kennarar skulu vera 7 og er einn þeirra jafnframt skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kennslu allri, húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, ljóss og hita. Fyrir umsjón með heimavist nemenda og risnu vegna skólans fær skólameistari 2000 kr.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Skólameistari og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar eftir launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Svo skal og leita álits skólameistara um skipun fastra kennara.

14. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26 stundir. Heimilt er kennslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukennslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir, eða önnur sérstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

15. gr.

Til þess að geta orðið skipaður fastur kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kennslugreinum sínum, hafa kynnt sér allítarlega kennsluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar

skólum og hafa sýnt með að minnsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem með afburðum í kennslu hafa sýnt, að þeir séu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

16. gr.

Skólameistari boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Kennarafundi skulu fastir kennarar og aukakennarar skólans sækja, og hafa þeir atkvæðisrétt. Ennfremur sækja þeir stundakennarar fundi, er þess óska, eða skólameistari kveður til sérstaklega, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt.

17. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn, og skal hann líta eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

18. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans.

19. gr.

Í heimavist skólans skulu þeir nemendur, er þar búa, njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, og ganga utanbæjarnemendur þar fyrir. Nemendur úr Menntaskólanum skulu hafa rétt til $^2/_3$ hluta heimavistanna, en nemendur úr gagnfræðadeild til $^1/_3$ hluta. — Skylt er kennurum skólans að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

20. gr.

Um gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri fer eftir reglugerð, sem kennslumálaráðuneytið setur.

21. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, er kveður nánar á um einstök atriði, er hann varða, svo sem verksvið skólameistara og kennarafunda, umsjón með skólahúsi, skyldur kennara til umsjónar með nemendum skólans, skólaleyfi og annað, er þurfa þykir.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bág við þessi lög.

Nd. 398. Frumvarp

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum, enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér eignir og hefir tekjur af þeim, eða af atvinnu, eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hér á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða öðrum fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, sem þeir fá fyrir þau störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitagjöldum þeirra íslenzkra og erlendra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattlöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í hvorutveggja ríkjanna.

3. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

a. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
b. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög.
c. Önnur félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 4 félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan félaga, ef ósk kemur fram um það frá félaginu, um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks félaga.

Slík félög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hér á landi, en eiga hér eignir og hafa tekjur af þeim, eða af starfsemi, sem hér eða héðan er rekin, skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

4. gr.

Undanþegið öllum tekjuskatti er konungur og borðfé hans og ættmanna hans, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög, kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og ennfremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar og sendikonsúlar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða alþjóðlegri stofnun innlendri, eigi hér fasteignir eða hafi tekjur af þeim, reki atvinnu eða eigi hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hér á landi.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem ræðir um í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 500 kr., greiðist af honum 0,6%.

Af	500	til	1000	kr.	greiðist	3	kr.	af	500	kr.	og	0,8% af afgangi
—	1000	—	2000	—	—	7	—	—	1000	—	—	0,5— — —
—	2000	—	3000	—	—	22	—	—	2000	—	—	2 — — —
—	3000	—	4000	—	—	42	—	—	3000	—	—	3 — — —
—	4000	—	5000	—	—	72	—	—	4000	—	—	4 — — —
—	5000	—	6000	—	—	112	—	—	5000	—	—	5 — — —
—	6000	—	7000	—	—	162	—	—	6000	—	—	6 — — —

Af	7000	til	8000	kr.	greiðist	222	kr.	af	7000	kr.	og	7	%	af	afgangi
—	8000	—	9000	—	—	292	—	—	8000	—	—	8	—	—	—
—	9000	—	10000	—	—	372	—	—	9000	—	—	9	—	—	—
—	10000	—	11000	—	—	462	—	—	10000	—	—	10	—	—	—
—	11000	—	12000	—	—	562	—	—	11000	—	—	11	—	—	—
—	12000	—	13000	—	—	672	—	—	12000	—	—	12	—	—	—
—	13000	—	14000	—	—	792	—	—	13000	—	—	13	—	—	—
—	14000	—	15000	—	—	922	—	—	14000	—	—	14	—	—	—
—	15000	—	16000	—	—	1062	—	—	15000	—	—	15	—	—	—
—	16000	—	17000	—	—	1212	—	—	16000	—	—	16	—	—	—
—	17000	—	18000	—	—	1372	—	—	17000	—	—	17	—	—	—
—	18000	—	19000	—	—	1542	—	—	18000	—	—	18	—	—	—
—	19000	—	20000	—	—	1722	—	—	19000	—	—	19	—	—	—
—	20000	—	25000	—	—	1912	—	—	20000	—	—	19,5	—	—	—
—	25000	—	30000	—	—	2887	—	—	25000	—	—	20	—	—	—
—	30000	—	35000	—	—	3887	—	—	30000	—	—	21	—	—	—
—	35000	—	40000	—	—	4937	—	—	35000	—	—	22	—	—	—
—	40000	—	50000	—	—	6037	—	—	40000	—	—	23	—	—	—
—	50000	—	70000	—	—	8337	—	—	50000	—	—	24	—	—	—
—	70000	—	100000	—	—	13137	—	—	70000	—	—	25	—	—	—
—	100000	og	þar yfir		—	20637	—	—	100000	—	—	26	—	—	—

Skattgjald samkvæmt 2. gr. reiknast þó aldrei lægra en 5% af tekjum.

7. gr.

Skattgjald innlendra félaga og stofnana, er um ræðir í 3. gr., reiknast þannig:

Þegar skattskyldar-tekjur í hlutfalli við innborgað hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé, nema undir 2%, greiðist 5% af þeim.

2—	5%	greiðist	5	%	af	fyrstu	2%	og	10%	af	afgangi
5—10—		—	8	—	—	—	5—	—	15—	—	—
10—20—		—	11½	—	—	—	10—	—	20—	—	—
20—50—		—	15¾	—	—	—	20—	—	25—	—	—
50%	og	þar yfir	$21^{3}/_{10}$	—	—	—	50—	—	30—	—	—

Með innborguðu hlutafé eða stofnfé skal telja varasjóð þann, sem félaginu kann að hafa safnazt af arði, sem lagður hefir verið til hliðar í því skyni, eins og sá sjóður var í byrjun næsta reikningsárs á undan niðurjöfnuninni.

Skattgjald innlendra félaga og stofnana án innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, svo og skattgjöld útlendra félaga, reiknast eftir reglunum í 6. gr., þó aldrei lægra en 5% af hinum skattskyldu tekjum.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 6%.

8. gr.

Tekjuskattinn eftir 6. og 7. gr. má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn.

9. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennta, eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.
b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 12. gr. d.); ennfremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og allskonar styrktarfé.
c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur; ennfremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.
d. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt bréf sé eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annari arðberandi innstæðu.
e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlazt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku.

10. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem í 3. gr. segir, teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til að greiða hluthöfum og félagsmönnum í vexti eða arð af innborguðu fé, heldur einnig þær tekjur, sem varið er til afborgana af skuldum á árinu, óvenjulegra fyrninga og yfirfærslu á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði.

Skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins á milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og allra iðgjaldatekna þess.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga til að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vátryggðum.

Loks getur fjármálaráðherra sett ákvæði um það, hvenær félög þessi skuli hafa skilað framtölum sínum og reikningum.

Samvinnufélögum ber ekki að telja með tekjum sínum lögboðið tillag til varasjóðs, samkv. 24. gr. laga nr. 30, 27. júní 1921, né verðlagsuppbót þá, er þau úthluta félagsmönnum sínum af eigin vöruskiptum þeirra af innlendum og erlendum vörum, hvort heldur sem verðlagsuppbótin er færð þeim til tekna í viðskiptareikningi eða stofnsjóðsreikningi, en verðlagsuppbótin á innlendum vörum er skattskyld hjá hinum einstöku félagsmönnum sem afrakstur af atvinnu þeirra. Þar á móti er allur ágóði af viðskiptum við utanfélagsmenn, sem ekki fellur til varasjóðs, samkv. 7. lið 3. gr. fyrrnefndra laga, skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félag ekki gert grein fyrir hlutfallslegum viðskiptum við félagsmenn og utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur þess.

Nánari ákvæði má setja með reglugerð.

11. gr.

Til tekna telst ekki:

a. **Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, — hinsvegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði, — ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbréfum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða hún falli undir ákvæði í 9. gr. e. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.**
b. **Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, eftirgjöf skulda eða þess háttar.**
c. **Tekjuliðir, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða af lántöku.**
d. **Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, er skattgreiðandi fær í endurgjaldsskyni fyrir tilkostnað sinn, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.**

12. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. **Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald til frádráttar, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur.**

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar

fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann sjálfur hefir lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé.

b. Tap á atvinnurekstri, er á skattárinu verður eða þá fyrst kemur í ljós. Tapi á atvinnurekstri frá sama ári má aldrei skipta á fleiri ár, og skal þegar tekið til frádráttar, er það er fullreynt.

c. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og séu færðar fullnægjandi sönnur fyrir tapinu. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er sannreynt þykir, að hún er töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.

d. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefir haft í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættum hvíla.

e. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur skal draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald en 300 krónur.

f. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem ræðir um í staflið a.

g. Af framlagi af ársarði samvinnufélaga, öðru en því, sem um ræðir í 10. gr., og hlutafélaga til varasjóðs má draga ⅓ hluta, er skal vera undanþeginn tekjuskatti og koma til frádráttar skattskyldum tekjum. Ef nokkur upphæð úr varasjóði síðar er notuð til úthlutunar til félagsmanna, eða á annan hátt notuð í einhverjum þeim tilgangi, sem ekki var tilætlunin þegar varasjóðurinn myndaðist, þá skal telja helming þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna á því ári. Sem varasjóð samkvæmt þessari gr. og 3. málslið 7. greinar má ekki telja eftirlaunasjóði, arðjöfnunarsjóði eða aðra slíka sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja fjárhag fyrirtækisins sjálfs.

h. Helming þess, er áfallið hefir og greitt hefir verið í útsvar og tekju- og eignarskatt á árinu.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi (sbr. 2. gr. og síðari málsgr. 3. gr.), má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

13. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign hennar eða sératvinnu.

Tekjur barna, sem í foreldrahúsum eru (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn), skal telja sérstaklega til skattgjalds.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

14. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 12. gr., skal draga sem hér segir:

1. Fyrir einstakling 800 kr.
2. Fyrir hjón, sem samvistum eru, 1600 kr.
3. Framfærslueyrir fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem eru ekki fullra 14 ára í byrjun þess almanaksárs, er skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt, 500 kr. fyrir hvert barn. — Sama er um aðra skyldu framfærlinga.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri, eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar.

Frá hreinum tekjum innlendra félaga og stofnana, eins og þær eru ákveðnar samkv. 12. gr., skal draga 4% af innborguðu stofnfé eða hlutafé, innborguðum hlutum af tryggingarsjóði og þess háttar.

Að loknum frádrætti samkv. þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn og við hann miðast skattgjaldið samkv. 6. og 7. gr.

Ef tekjurnar eftir allan löglegan frádrátt nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

15. gr.

Skattinn skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila, eða hann sýni, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattanefnd þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

II. KAFLI.

Um eignarskatt.

16. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða í skatt í ríkissjóð sem hér segir:

Af fyrstu 5000 kr. greiðist enginn skattur.

Af	5000	til	15000	kr.	greiðist	1 ‰	af	því,	sem	er	umfram	5000 kr.
—	15000	—	20000	—	—	10 kr.	af	15000	kr.	og	1,2 ‰	af afgangi
—	20000	—	30000	—	—	16 —	—	20000	—	—	1,5 —	—
—	30000	—	50000	—	—	31 —	—	30000	—	—	2 —	—
—	50000	—	100000	—	—	71 —	—	50000	—	—	3 —	—
—	100000	—	200000	—	—	221 —	—	100000	—	—	4 —	—
—	200000	—	500000	—	—	621 —	—	200000	—	—	5 —	—
—	500000	—	1000000	—	—	2121 —	—	500000	—	—	6 —	—
—	1000000	og	þar yfir		—	5121 —	—	1000000	—	—	7 —	—

Nemi skatturinn samkvæmt þessu ekki 1 krónu, skal honum sleppt.

17. gr.

Eignarskattinn eftir 16. gr. má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn.

18. gr.

Eignarskatt greiði allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign og eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en skattur er á lagður.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða aðeins eignarskatt af eignum sínum hér á landi, og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 16. gr., þó aldrei lægri en 2 ‰ af hinum skattskyldu eignum.

19. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

20. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 16. og 18. gr., allar fasteignir og allt lausafé skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar og verðbréf, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi, húsgögn og aðrir innanstokks-

munir og skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgrein 16. gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. — Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

21. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
b. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
c. Réttur til leigulauss bústaðar, eða önnur afnotaréttindi.
d. Bækur og fatnaður til einkaafnota.

22. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati.
b. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með gildandi verðlagsskrárverði.
c. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátryggðar.
d. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað.
e. Hlutabréf, skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema þau hafi annað gangverð eða áætlað söluverð.
f. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema færðar séu sönnur á, að þær séu minna virði.
g. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

23. gr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu.

24. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

III. KAFLI.

Um skattanefndir o. fl.

25. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur samkvæmt lögum þessum er ákveðinn af skattanefndum í hreppum og skattanefndum eða skattstjóra í kaupstöðum. Í skattanefnd sitja 3 menn. Í hreppum: Hreppstjóri eða sá, er að lögum gegnir starfi hans, einn maður tilnefndur af sýslumanni og einn kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum: Bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn kosinn af bæjarstjórn. Sé bæjarfógeti jafnframt bæjarstjóri kaupstaðarins, tilnefnir hann tvo menn í nefndina.

Skipa skal tvo varamenn, er taka sæti í skattanefndum í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn kýs bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, er bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefnd sjálf formann um stundarsakir.

26. gr.

Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra skattstjóra og varaskattstjóra. Hefir skattstjóri Reykjavíkur sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan Reykjavíkur.

Heimilt er fjármálaráðherra að gera sömu tilhögun um ákvörðun skatts í hinum öðrum kaupstöðum og sett er fyrir Reykjavík.

27. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og tveir menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður.

28. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í ríkisskattanefnd og jafnmarga varamenn. Formaður nefndarinnar heitir ríkisskattstjóri. Annar nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði, en hinn á sjávarútvegi og viðskiptum. Ríkisskattanefnd hefir skrifstofu í Reykjavík.

29. gr.

Enginn má sitja í skattanefnd, yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð,
2. sé fjárráður,
3. eigi heimili í skattumdæminu,
4. hafi náð lögaldri.

Í skattanefnd mega ekki sitja saman skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, hvorki sem aðalmenn né varamenn.

30. gr.

Sami maður má ekki eiga sæti nema í einni skattanefnd. Skattanefndarmenn, aðrir en bæjarstjórar, hreppstjórar og skattstjórar, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar meðnefndarmaður fer frá 3. hvert ár, eftir hlutkesti í fyrsta sinn. Ef nefndarmaður fer frá eða deyr áður en tími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja í nefndinni.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa svo oft sem vill. Nefndarstarfið er borgaraskylda, sem enginn löghæfur maður getur skorazt undan að gegna, nema hann hafi verið í skattanefnd í 6 ár samfleytt eða sé orðinn 60 ára gamall.

Skattstjórar í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (sbr. 26. gr.) og ríkisskattstjóri skulu skipaðir til 6 ára.

31. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar, er eigi hafa áður unnið heit embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, er þeir sitja, undirrita í gerðabók nefndarinnar drengskaparheit um það, að þeir skuli gegna starfinu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu um allt, er þeir fá vitneskju um í starfinu og varðar eignir og tekjur gjaldþegna.

32. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun eða kæru, ef það mál varðar sjálfan hann, konu, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini eða fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali, eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í nefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

33. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar fá laun fyrir störf sín sem hér segir:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annarsstaðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 8 krónum og ekki vera minni en 4 krónur fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.

b. Yfirskattanefndarmenn fá 8 krónur á dag og ferðakostnað. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
c. Borgun til skattstjóra, ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar fer eftir samningi við fjármálaráðherra.

Þóknun til skattanefnda og skattstjóra greiðist úr ríkissjóði. Formenn yfirskattanefnda úrskurða reikninga skattanefnda og greiða þá á manntalsþingum. Fjármálaráðuneytið úrskurðar reikninga yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

IV. KAFLI.

Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtur o. fl.

34. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir þegar skattanefnd tekur til starfa. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu sett í skatt þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda beri téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiði skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ráðuneytið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

35. gr.

Allir þeir, er hafa skattskyldar tekjur, skulu í Reykjavík fyrir 31. janúar, en annarsstaðar á landinu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert — eða ef þeir reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, í síðasta lagi 20. marz — afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastl. ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, er veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og á þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráða.

Nú þykist framteljandi ekki sjálfur vera fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar og eignir, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess, en hann er skyldur að láta skattanefnd í té allar upplýsingar, er hún þarf, til þess að gera framtal hans sem réttast.

Hvenær sem skattanefnd þykir þörf á, getur hún krafizt þess, að skattframteljendur leggi bækur sínar fyrir hana, eða einstaka nefndarmenn, eða einn eða tvo reikningsfróða menn utan nefndarinnar, er ekki séu keppinautar framteljanda.

36. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka, sparisjóða, hlutafélaga og annara félaga og

stofnana, eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um starfslaun, um skuldabréf, vaxtabréf og hlutabréf, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafé í bönkum og sparisjóðum, og annað því um líkt. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni.

37. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð og eign hvers eins. Þyki nefndinni skýrsla einhvers ófullnægjandi eða tortryggileg, skal hún skora á hann að láta nefndinni í té frekari skýringar og sannanir. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir til tekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir beztu vitund. Dvelji hann utanlands, eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum aðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri, enda skal hún vera að minnsta kosti 10% hærri heldur en skattmat næst á undan, og ef vanrækslа er ítrekuð, skal hækkunin vera minnst tvöföld á við hækkunina árið á undan.

38. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og af eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar.

39. gr.

Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignarskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal lögð fram 1. dag aprílmánaðar á þingstað hrepps eða öðrum hentugum stað, er skattanefnd hefir fyrirfram auglýst, og í kaupstöðum á bæjarþingstofunni eða skattstofunni, eða skrifstofu lögreglustjóra, og liggur skráin til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sérhver gjaldþegn getur krafizt munnlega upplýsinga um það hjá skattanefnd, eftir hverju hún hafi farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

40. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína bréflega fyrir formanni skattanefnd-

ar, eða skattstjóra, fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og bera upp aðfinningar um hvert það atriði á skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðréttir skrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem felldir eru, og sendir hana síðan, ásamt framtalsskýrslum, tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

41. gr.

Úrskurði skattanefndar, eða skattstjóra, má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert bréflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sé kæra ekki komin til formanns yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sinnt. Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur fyrir 30. maí og birtir aðilum úrslitin tafarlaust.

Yfirskattanefnd úrskurðar einnig, hvort og að hve miklu leyti skuli taka til greina umsóknir þær, sem henni hafa borizt frá skattanefndum um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, er getið er í 38. gr.

42. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldum sínum. Ef nefndinni virðast framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, svo sem að einhver sé vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan leiðrétta skrána eftir því, sem henni þykir rétt vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal hún tafarlaust tilkynna það skattanefnd og sömuleiðis þeim aðilum, er breyting varðar.

Yfirskattanefnd skal hafa lokið störfum sínum fyrir maímánaðarlok.

43. gr.

Úrskurði yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, enda sé það gert bréflega og kæran, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum, komin til formanns fyrir júlílok — annarskostar verður henni ekki sinnt. — Ríkisskattanefnd skal leggja úrskurð á kærur fyrir septemberlok og tilkynna lögreglustjóra úrslitin tafarlaust til birtingar aðilum.

44. gr.

Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er framkvæmd laga þessara varðar. Í því skyni getur hún krafizt allra upplýsinga hjá skattanefndum og yfirskattanefndum. Svo getur og ríkisskattstjóri ferðazt um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda, ef ástæða þykir til,

til þess að samræma skattframtal og skattákvörðun í hinum einstöku skattumdæmum, og yfir höfuð til að leiðbeina um allt það, er að skattframtali og skattákvörðun lýtur. Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en gera skal hún aðila aðvart áður en hún breytir skattgjaldi hans án þess að yfir því hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla.

45. gr.

Skattanefndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

Í gerðabækur skattanefnda og skattstjóra skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir.

46. gr.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té ókeypis endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar gefa Hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

47. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir eftirlit með því, að skattanefndir allar og skattstjórar ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefir það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa skattanefnda og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

48. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekjuskatt og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð til lögreglustjóra, eða tollstjóra, fyrir manntalsþing, og skal hann þá innheimta, eða endurgreiða, þann skatt síðar á árinu.

V. KAFLI.

Refsiákvæði.

49. gr.

Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur, eða gerir það ekki fyrr en framtalsfrestur er liðinn, eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali

eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattanefnd eða skattstjóra, þá skal ekki færa niður skatt hans, þótt hann kæri, nema hann sanni, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlað meira en fjórðungi hærra en í raun og veru var. Sé mismunurinn ¼ eða meiri, skal hann greiða skatt af hinum réttu upphæðum, að viðbættum ¼.

Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef gjaldþegn hefir fært gildar ástæður sér til afsökunar.

50. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við meira en 10 ár alls. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meiru en 10000 kr.

51. gr.

Sá, sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsgr. 50. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera bar, og því greitt minni skatt en honum bar skylda til.

52. gr.

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en 3 ár, enda sé skattálagningin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

53. gr.

Skattanefndarmönnum og skattstjórum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er að segja um þá, er veita nefndunum eða skattstjórum aðstoð við starf þeirra, eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

54. gr.

Nú gegnir ekki einhver skyldu sinni samkvæmt 36. gr., eða skorast undan að láta þar nefndar skýrslur af hendi, og sker fjármálaráðherra þá úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

55. gr.

Nú hefir skattanefnd eða skattstjóri ekki framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum, áður lögmæltur frestur er liðinn, og varðar það þá sektum, allt að 200 kr., og getur fjármálaráðuneytið auk þess skyldað hina brotlegu til þess að ljúka störfunum, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann, sem ekki hefir lögmæta afsökun.

56. gr.

Mál út af brotum þeim, er ræðir um í 50. gr., 1 málsgr., og 53. gr. laga þessara, skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 49. gr., 50. gr., 3. málsgr., 54. gr. og 55. gr. segir, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, en ekki skal slíkt mál höfða, nema skattþegn sjálfur, skattanefnd, skattstjóri eða fjármálaráðherra krefjist þess.

57. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför.

VI. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

58. gr.

Fjármálaráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd og skilning laga þessara, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattanefnda og skattstjóra. Ennfremur lætur hann gera fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

59. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinn lagður á árið 1931. Um leið og þau koma til framkvæmda eru úr gildi numin:

Lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Tilskipun nr. 84, 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Tilskipun nr. 41, 1. apríl 1922, um breyting á og viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Lög nr. 2, 26. marz 1923, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 39, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 7, 16. maí 1925, um breytingar og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921.

Nd. 399. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Hannesi Jónssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

Aftan við C 2 í 2. gr. laganna komi tveir nýir töluliðir:

a. Vesturhópsvegur, frá Múlavegi við Neðra-Vatnshorn að Hvolsbraut við suðurenda Vesturhópsvatns.
b. Skagastrandarvegur, frá Blöndubrú við Blönduós til Skagastrandar.

Ed. 400. Nefndarálit

um frv. til laga um refaveiðar og refarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Breytingar þær, sem frv. ráðgerir á núverandi löggjöf, eru aðallega þær: að setja heimildarlög um refaveiðar fyrir allt landið, í stað laga nr. 48, 28. nóv. 1919, og reglugerða þeirra, er einstakar sýslur hafa sett samkvæmt þeim, og að landeigendum og ábúendum er tryggður hálfur ágóði af yrðlingum veiddum í landi þeirra.

Loks eru svo settar almennar reglur um refarækt og sölu refa, er meðal annars tryggja, að refir séu ekki geymdir nema í tryggum girðingum eða öruggri vörzlu, er séu undir opinberu eftirliti.

Nefndin telur þessar breytingar í aðalatriðum til bóta, en telur þó ástæðulaust að landeigandi, sem hefir leigt jörð sína, hafi refaveiðatekjur af henni, heldur eigi þær að falla til ábúanda. Jafnframt því að ábúanda jarðar eru ákveðnar tekjur af refaveiðunum telur meiri hl. nefndarinnar eðlilegt, að hann beri þá tiltölulegan kostnað við þær.

Þá telur nefndin rétt að gera nokkrar smábreytingar á frv., sem lítið raska þó efni þess.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Önnur málsgrein orðist svo:
   Nú eiga tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman, og annast þeir þá í sameining um grenjaleitir.
2. Við 3. gr. Fyrri málsliður orðist svo:
   Hreppsnefndir skulu ráða einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu í þeim löndum, er þeim ber að leita samkv. 2. gr.
3. Við 5. gr. Síðasti málsliður orðist svo:
   Skal sá, er þannig varðveitir gren eða aðvarar skotmenn, fá hæfilega þóknun fyrir ómök sín.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ábúandi ber helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans. Allur annar refaveiðakostnaður greiðist af sveitarsjóði eða sveitarsjóðum [fjallskilasjóði], ef fleiri en einn hreppur eiga afrétt saman.
   Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni skiptast eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.
5. Við 8. gr. Greinin falli niður.
6. Við 9. gr. Í stað orðanna »gangnaniðurjöfnunarfund« — leitarsvæði« komi: 1. desember ár hvert.
7. Við 16. gr. Greinin falli niður.
8. Við 17. gr. Aftan við fyrri málslið bætist:
   og um lækniseftirlit með refaræktarbúum.
   Nánari grein verður gerð fyrir þessum brtt. í framsögu.

Alþingi, 3. apríl 1930.

Jón Jónsson,	Jónas Kristjánsson,	Jón Baldvinsson,
form., frsm.	fundaskrifari.	með fyrirvara.

Ed. 401. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 73, 22. nóv. 1907, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá hv. neðri deild; er með því sú breyting gerð á lögunum frá 1907, að flytja megi út tveggja vetra gömul hross, en það er ekki heimilt nú. Hefir nefndin athugað málið, og leggur hún til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. apríl 1930.

Jón Jónsson,	Jónas Kristjánsson,	Jón Baldvinsson,
form.	fundaskrifari.	frsm.

Nd. 402. Breytingartillögur

við frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá Pétri Ottesen.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til kaupa á slíkum bréfum, allt að $1^1/_2$ milljón kr., enda skal svo til haga um vexti bréfanna, verð þeirra og tímalengd útlána, að ríkissjóður verði skaðlaus af.
2. Við 4. gr. Fyrir »35« í a-lið kemur: 50.
3. Við 5. gr.
   a. Fyrir »20000« á tveim stöðum í annari málsgr. kemur: 30000.
   b. Fyrir »35000« í þriðju málsgr. kemur: 40000.

Nd. 403. Breytingartillögur

við frv. til laga um mat á kjöti til útflutnings.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: ef mikil brögð eru að.
2. Við 3. gr. Á eftir »ef þess er óskað« í fyrri málsgr. kemur: og samkvæmt tillögum yfirmatsmanns.
3. Við 5. gr. Fyrsta málslið annarar málsgr. skal orða svo: Yfirmatsmenn þessir skulu alls vera 6, og ákveður atvinnumálaráðuneytið umdæmi þeirra hvers um sig,

Nd. 404. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um rýmkun landhelginnar.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Hvað hefir ríkisstjórnin gert út af ályktun síðasta Alþingis um rýmkun landhelginnar?

Nd. 405. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   4. gr. laganna falli burt.
2. Við 2. gr.
   a. Síðari málsgr. verði síðari málsliður, en ekki sérstök málsgr.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
      Öll önnur lán úr sjóðnum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

Nd. 406. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 14. júní 1929, um héraðsskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 3. apríl 1930.

Ásg. Ásgeirsson, form. Sveinn Ólafsson, frsm. Jón Ólafsson.
Magnús Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Nd. 407. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu á tóbaki.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Árið 1928 kom fram frv. um einkasölu á tóbaki, og var því frv. vísað til fjárhagsnefndar þessarar háttv. deildar. Klofnaði nefndin í málinu eins og nú. Í minni hluta vorum við undirritaðir og skrifuðum allítarlegt álit um málið, er birt var í A-deild Alþingistíðinda á þskj. 543, og látum við okkur nægja að vísa til þessa nefndarálits. Óþolandi hringl í löggjöfinni væri það og, ef annað

árið væri samþykkt einokun á tóbaki og svo afnumin næsta ár, enda mundi ekki vekja traust á þinginu.

Alþingi, 3. apríl 1930.

Sig. Eggerz, frsm. Ólafur Thors.

Nd. 408. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Magnúsi Guðmundssyni og Jóni Sigurðssyni.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
Aftan við C 3 í 2. gr. laganna komi:
4. Hofsósbraut, frá Hofsósi til Hjaltadalsárbrúar.

Nd. 409. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Aftan við frv.greinina bætist:
Á eftir B. 2. í annari grein laganna kemur nýr liður:
Vegur af Akranesi vestan Hafnarfjalls að Hvítárbrú.

Ed. 410. Frumvarp

til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Tilgangur Fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja bátaútveg landsmanna með hagkvæmum lánum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er:

I. Eignir hins gamla Fiskiveiðasjóðs, í peningum og skuldabréfum, eins og þær verða, er lög þessi öðlast gildi.

II. Tillag úr ríkissjóði, 1 milljón króna. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1941.

III. Hundraðsgjald af útfluttum fiskiafurðum samkvæmt því, sem ákveðið verður í sérstökum lögum, þar til höfuðstóll sjóðsins nemur 8 milljónum króna.

3. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, allt að 1½ milljón kr., sem tryggð skulu með stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um stærð bréfanna, útlit, útdrátt og aðra meðferð þeirra, í reglugerð sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til kaupa á slíkum bréfum, allt að 1½ milljón kr., enda skal svo til haga um vexti bréfanna, verð þeirra og tímalengd útlána, að ríkissjóður verði skaðlaus af.

4. gr.

Fé Fiskveiðasjóðs má eingöngu lána til:

a. Skipakaupa, allt að 50 rúmlesta. Þó má veita lán til kaupa á stærri skipum, ef fé er fyrir hendi.
b. Stofnsetningar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar, svo sem til hagnýtingar fiskiúrgangi, íshúsa og kælihúsa.

5. gr.

Lán til kaupa á nýjum skipum má veita til 12 ára, en þeim mun skemur, sem nemur fyrningu, til kaupa á eldri skipum.

Skipakaupalán mega nema allt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 30000 kr. til eins lánþega. Veita má þó samvinnufélögum fiskimanna lán til skipakaupa allt að 30000 kr. á skip.

Lán til iðjufyrirtækja má veita til 15 ára, og mega þau nema ⅗ stofnkostnaðar fyrirtækjanna. Þó skal lán í einn stað eigi fara fram úr 35000 kr. Vextir lána samkvæmt grein þessari skulu ekki að jafnaði fara fram úr 5½%, og greiðast þeir fyrirfram. Hver lántakandi Fiskveiðasjóðs greiðir 1% af lánsupphæð í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið.

6. gr.

Lán úr Fiskveiðasjóði má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn fasteignarveði, allt að ⅗ af virðingarverði þess, ef ekki hvíla neinar skuldbindingar á veðinu á undan veðrétti sjóðsins.
b. Gegn fyrsta veðrétti í skipum, allt að helmingi virðingarverðs, enda gangi þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum öðrum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.

7. gr.

Heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs að leggja árlegt aukagjald, sem nemi allt að ¼%, á lán með veði í skipunum. Gjald þetta skal lagt í sérstakan sjóð, sem ávaxtast eins og varasjóður, og skal því varið til að bæta Fisk-

veiðasjóði þann halla, sem hann kann að bíða vegna sjóveða í veðsettum skipum. Nánari fyrirmæli um þetta skulu sett í reglugerð Fiskveiðasjóðs.

8. gr.

Leggja skal í varasjóð, auk stofngjalds lánþega eftir 5. gr., 50% af árlegum tekjuafgangi Fiskveiðasjóðs, þar til varasjóður nemur 20% af útlánum sjóðsins, en þaðan af svo mikið, sem þarf til að halda því hlutfalli tryggingar. Varasjóð skal ávaxta á öruggum stað, og má eigi festa hann í áhættulánum.

9. gr.

Eignir þær, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Fiskveiðasjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

10. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðstjórninni eigendaskiptin þegar í stað.

11. gr.

Verð húsa á fasteignum, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal því aðeins teljast til virðingarverðs fasteignarinnar, að húsin séu vátryggð í vátryggingarstofnun, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að Fiskveiðasjóður annist vátryggingar þeirra eigna, sem veðsettar eru fyrir láni úr sjóðnum, og innheimti iðgjöldin á gjalddögum lánsins, ef stjórn sjóðsins ákveður svo.

12. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það eigi er svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

13. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það Fiskveiðasjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóðurinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau

séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóðurinn ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóðurinn getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

14. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóðnum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

15. gr.

Fiskveiðasjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, er veita sjóðnum handveðsrétt, eru undanþegnar stimpilgjaldi.

16. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn Fiskveiðasjóðs, þar til samningar takast við Útvegsbanka Íslands um rekstur sjóðsins, eftir fyrirmælum 10. gr. laga nr. 2 1930. Útlánsfé Fiskveiðasjóðs skal skipt sem jafnast eftir bátaútgerð í hverjum hluta landsins.

17. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins, er birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal síðan birta hann í B-deild Stjórnartíðinda.

18. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögunum.

19. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1931, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 52, 10. nóv. 1905, um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, og lög nr. 29, 16. nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrirmæli í lögum, skipulagsskrá og reglugerð, er fara í bág við lög þessi.

Nd. 411. Frumvarp

til laga um mat á kjöti til útflutnings.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Allt kjöt, sem flutt er héðan af landi, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna. Slátrun skal fara fram í þrifalegum húsakynnum og svo rúmgóðum, að kjötið geti kólnað nægilega fljótt og skemmdalaust. Slátrunin skal vera þrifaleg og kjötið hreint og óskemmt. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur atvinnumálaráðuneytið reglur um meðferð kjötsins, læknisskoðun, frystingu, söltun og umbúðir og allt það, sem viðkemur kjötverkuninni.

2. gr.

Læknisskoðun og stimplun skal fara fram á öllu kjöti, sem til útflutnings er ætlað, áður en söltun eða frysting fer fram, samkvæmt lögum um merking á kjöti, nr. 7, 13. sept. 1912.

Nú reynist ókleift að fá hæfan lækni til stimplunar á einhverjum slátrunarstað, og getur þá stjórnarráðið veitt undanþágu frá stimpluninni fyrir eitt ár í senn, en ætíð skulu þær tunnur, sem óstimplað kjöt er saltað í, merktar sérstöku merki, og setur stjórnarráðið nánari reglur um það.

Frosið kjöt má ekki flytja úr landi, nema það sé áður skoðað af löggiltum lækni. Atvinnumálaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með og yfirmatsmaður á frosnu kjöti mælir með undanþágunni.

Læknir getur neitað að stimpla það kjöt, sem hann telur eigi hæft til útflutnings sökum megurðar, óhreininda og þess, að illa hefir verið flegið, eða annara skemmda. Skal læknir jafnframt tilkynna hlutaðeigandi yfirmatsmanni misfellurnar, ef mikil brögð eru að.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur, ef þess er óskað, og samkvæmt tillögum yfirmatsmanns, löggilt sláturhús og frystihús, þar sem fé er slátrað og kjötið fryst til útflutnings, ef húsin eru svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði,

að öruggt þyki, að hægt sé þess vegna að fullnægja ítarlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum. Atvinnumálaráðuneytið heldur skrá yfir þessi löggiltu hús, þar sem hvert þeirra hefir sérstakt löggildingarmerki.

Sérstaka reglugerð skal setja um allan útbúnað hinna löggiltu húsa.

4. gr.

Hverja saltkjötstunnu skal merkja á efra botn, eða báða botna, varanlegum og glöggum merkjum, bæði einkamerki hvers útflytjanda og tegundar- og flokksmerkjum kjötsins. Umbúðir um frosið kjöt skal merkja á sama hátt, og ennfremur sé festur merkimiði við hvert krof með greinilegu flokksmerki og einkamerki útflytjanda. Á aðra hlið merkimiðans sé prentað læknisvottorð, undirskrifað af lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið. Atvinnumálaráðuneytið setur nánari reglur um merkingu kjötsins og umbúðir.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar yfirmatsmenn á kjötinu. Skulu þeir sýna ábyggileg vottorð um það, að þeir hafi aflað sér þekkingar og æfingar á slátrunarstörfum í reglulegu sláturhúsi, ennfremur í meðferð kjöts, niðursöltun og frystingu. Þeir mega enga þóknun þiggja, hverju nafni sem nefnist, hjá neinum þeim, sem kjöt er metið fyrir, heldur ekki hjá skipstjórum á útflutningsskipum né öðrum, sem við útflutning kjötsins eru riðnir. Ekki mega þeir heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda né neinskonar milligöngu í því efni, er þeir hafi hagnað af.

Yfirmatsmenn þessir skulu alls vera 6, og ákveður atvinnumálaráðuneytið umdæmi þeirra hvers um sig. Að minnsta kosti einn þeirra skal hafa yfireftirlit með flokkun og meðferð á frosnu kjöti. Árleg laun yfirmatsmanns á frosnu kjöti skulu vera 800 krónur, en annara yfirkjötmatsmanna 600 kr., auk ferðakostnaðar eftir sanngjörnum reikningi, er atvinnumálaráðuneytið úrskurðar. Hvorttveggja þetta, svo og annar kostnaður, er fljóta kann af yfirmati kjötsins, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, þar sem fé er slátrað til útflutnings. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögu hlutaðeigandi yfirmatsmanns kjötsins í því umdæmi, að fengnum tillögum forstöðumanna sláturhúsa eða sláturfélaga.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt erindisbréfi.

Kaup kjötmatsmanna á hverjum stað ákveða yfirmatsmenn í samráði við forstöðumenn sláturhúsa eða hlutaðeigandi verzlanir, og greiðir útflytjandi kaupið. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi af þeim, er þeir meta hjá eða riðnir eru við útflutning kjötsins, né vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt eða leysir það illa af hendi, að dómi yfirkjötmatsmanns, og skal yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja hon-

um frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega matsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

7. gr.

Þar, sem kjöt er bæði fryst og saltað til útflutnings frá sama sláturhúsi, getur matsmaður á frystu kjöti einnig haft með höndum mat og eftirlit með söltun og annari meðferð á saltkjöti, enda sé þá þessa tvöfalda hlutverks getið í erindisbréfi hans.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur erindisbréf fyrir undirmatsmenn og setur þar nánari fyrirmæli um flokkun og mat kjötsins, um frystingu kjötsins, söltun þess og pæklun, um merking þess, um eftirlit með geymslu þess og útskipun, svo og um aðrar skyldur undirmatsmanna.

9. gr.

Kjötmatsmenn og yfirmatsmenn á kjöti skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparvottorð um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Atvinnumálaráðuneytið stilar þeim heitið.

10. gr.

Yfirmatsmenn á kjöti skulu ferðast um umdæmi sitt árlega, helzt á tímabilinu frá 1. sept. til 31. okt., og koma á hvern stað, þar sem fé er slátrað til útflutnings. Þeir skulu líta eftir húsum þeim, sem höfð eru til slátrunar, kjötgeymslu og niðursöltunar, og finna að því við hlutaðeigendur, sem þeim þykir ábótavant í þessum efnum. Nú er á einhverjum stað eigi kleift að reka sláturfé til sláturhúss, og getur atvinnumálaráðuneytið þá veitt undanþágu fyrir 1 ár í senn til þess, að slátra megi fénu úti á góðum blóðvelli, með þeim skilyrðum, er yfirmatsmaður setur, til þess að kjötið verði eigi fyrir neinum skemmdum, en sé hreint og vel verkað, en slíkt kjöt má þó ekki flytja út öðruvísi en saltað.

Yfirmatsmaður á frosnu kjöti skal, meðan slátrun stendur yfir að haustinu, koma svo oft á hvern slátrunarstað í umdæmi sínu, sem hann telur þörf og ástæður leyfa.

Yfirmatsmenn skulu líta eftir því, að á hverjum stað séu hæfir menn til slátrunarstarfa, kjötmats og kjötverkunar. Þeir skulu hvarvetna leiðbeina um slátrun og kjötmeðferð alla og leitast við að koma á sem beztri meðferð og fyllstu samræmi í meðferð og frágangi vörunnar. Yfirmatsmenn fá 3 krónur í dagpeninga fyrir þá daga, sem þeir eru á ferðalagi í framantöldum erindum, og telst það með ferðakostnaði.

Atvinnumálaráðuneytið getur kvatt yfirmatsmenn saltkjötsins til funda á þeim tíma, er því kemur saman um við þá, til þess að bera sig saman um hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum og koma sem beztu samræmi á kjötmatið og önnur störf kjötmatsmanna, ennfremur til þess að vera landsstjórn-

inni til ráðuneytis um reglur þær, er hún setur um mat og meðferð kjötsins, eða um breytingar á þeim reglum, sem í gildi eru.

Kaup fyrir þá daga, sem yfirmatsmenn eyða til funda þessara frá heimili sínu, greiðist úr ríkissjóði eftir samkomulagi við stjórnarráðið, en um ferðakostnaðinn fer samkvæmt 5. gr.

11. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út kjöt til sölu á útlendum markaði án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking þess, sæti 1000—3000 kr. sektum til ríkissjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot kjötmatsmanna og yfirkjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 15, 10. sept. 1919, um mat á saltkjöti til útflutnings.

Nd. 412. Breytingartillaga

við frv. til laga um lögskráning sjómanna.

Frá Ólafi Thors.

Við 9. gr.

a. 2. málsgr. orðist þannig:

Þegar lögskráð er úr skiprúmi, skulu þeir menn, er skrá á úr skiprúmi, mæta með sama hætti, ef þeir óska þess og eigi tálma veikindi eða önnur forföll.

b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

Skylt er lögskráningarstjóra að sinna lögskráningu alla virka daga frá kl. 9 árd. til kl. 9 síðd., og á helgum dögum, öðrum en föstudeginum langa og fyrri helgidegi stórhátíðanna, frá kl. 4—6 síðd.

Nd. 413. Frumvarp

til laga um lögskráningu sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Lögskráning sjómanna er tvennskonar, lögskráning í skiprúm og lögskráning úr skiprúmi.

2. gr.

Skylt er að lögskrá sjómenn á öllum íslenzkum skipum, sem eru 12 smálestir brúttó eða stærri.

3. gr.

Lögreglustjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Utan heimilisþinghár sinnar er þeim heimilt að fela hreppstjórum að framkvæma lögskráningar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur skipað sérstaka lögskráningarstjóra á þeim stöðum, þar sem ástæða þykir til að létta því starfi af lögreglustjóra. Einnig er lögreglustjóra heimilt að skipa fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar, til að framkvæma lögskráningar á hans ábyrgð, ef þess gerist þörf.

Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum fer lögskráning fram í því umdæmi, sem skipið þá er statt í.

4. gr.

Lögskrá skal í skiprúm:

1. Í hvert sinn, er nýr maður er ráðinn á skipið hér á landi.
2. Í hvert sinn, er nýr maður er ráðinn erlendis á íslenzkt skip. Íslenzkur ræðismaður lögskráir þá á skipið, ef til hans næst, en ella skal lögskráning fara fram í fyrstu höfn hérlendis, er skipið er afgreitt í eða fermir í eða affermir.
3. Í hvert sinn, er sjómenn eru ráðnir hér á landi í skiprúm á íslenzku skipi, sem statt er erlendis, skulu þeir lögskráðir áður en þeir fara af landi burt, og fer lögskráning þá fram þar, sem ráðningarsamningur er gerður við þá.
4. Í hvert sinn er íslenzkur sjómaður er ráðinn á erlent skip hér á landi.
5. Í fyrsta sinn á hverju almanaksári, er skip er afgreitt eða byrjar ferð frá hérlendri höfn, enda þótt engin breyting verði á skipshöfn eða ráðningarkjörum hennar.

Nú er ráðningarkjörum sjómanna, sem fyrir eru á skipinu, breytt með nýjum samningum, og fer þá um lögskráningu sem þeir séu ráðnir að nýju á skipið.

5. gr.

Lögskrá skal úr skiprúmi í hvert sinn, er vist manns lýkur á skipi, hvort sem hann er leystur úr skiprúmi, strýkur af skipi, andast í vistinni eða fer með öðrum hætti af skipi. Fari hann af skipi í hérlendri höfn, fer lögskráning fram þar, en ella í fyrstu höfn hérlendis, er skipið er afgreitt í eða fermt í eða affermt.

6. gr.

Lögskrá skal alla þá menn, sem ráðnir eru til vinnu á skipi og fara eiga með því, hver sem starfi þeirra er. Þó þarf eigi að lögskrá leiðsögumenn, eftirlitsmenn með farmi eða verkamenn, er vinna eiga að fermingu eða affermingu á höfnum innanlands, þó þeir fari með skipinu, enda séu þeim eigi ætluð önnur störf.

7. gr.

Eigi má skipstjóri leggja skipi úr höfn nema allir þeir skipsmenn, er skylt er að lögskrá samkv. 6. gr., hafi áður verið lögskráðir í skiprúm.

Nú ber svo til, að leggja þarf skipi úr höfn, til fiskiveiða hér við land eða annara ferða innanlands, á þeim tíma, er skrifstofa lögskráningarstjóra er lokuð og lögskrá þarf einn mann eða fleiri í skiprúm, og er þá rétt, að þeir fari með skipinu ólögskráðir, enda hafi skipstjóra eigi verið kunnugt um, að lögskrá þyrfti þá, áður en skrifstofu lögskráningarstjóra var lokað. Skipstjóri skal þó, áður en hann lætur úr höfn, tilkynna lögskráningarstjóra bréflega nöfn og heimili hinna ólögskráðu manna, svo skal hann og rita nöfn þeirra og ráðningarkjör á það samrit skipshafnarskrár, er hann hefir á skipinu. Þegar skipið næst kemur til hérlendrar hafnar, skal skipstjóri lögskrá menn þessa í skiprúm. Nú er sú ákvörðun tekin, eftir að skipið lætur úr höfn, að það fari til útlanda, og má þá enginn skipsmanna vera ólögskráður, þeirra er skylt var að lögskrá samkv. 6. gr.

8. gr.

Skipstjóra er skylt að sjá um, að skipsmenn séu lögskráðir í skiprúm og úr skiprúmi. Nú er svo ástatt sem segir í 3. lið 4. gr., og er skipstjóri eigi staddur þar sem lögskráning á að fara fram, og skal þá útgerðarmaður sjá um, að lögskráð sé.

9. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skulu menn þeir, er lögskráðir skulu, mæta sjálfir hjá lögskráningarstjóra ásamt skipstjóra, eða útgerðarmanni eða umboðsmanni hans, er svo stendur á sem segir í niðurlagi 8. gr. Nú er sá maður, er lögskráður skal, ráðinn á skipið af öðrum en skipstjóra eða útgerðarmanni, og skal þá sá maður, er réði hann, mæta við lögskráningu hans og undirrita ráðningarsamninginn í skipshafnarskrá og viðskiptabók.

Þegar lögskráð er úr skiprúmi, skulu þeir menn, er skrá á úr skiprúmi, mæta með sama hætti, ef þeir óska þess og eigi tálma veikindi eða önnur forföll.

Skylt er lögskráningarstjóra að sinna lögskráningu alla virka daga frá kl. 9 árd. til kl. 9 síðd., og á helgum dögum, öðrum en föstudeginum langa og fyrri helgidegi stórhátíðanna, frá kl. 4—6 síðd.

10. gr.

Við lögskráningu í skiprúm skal skipstjóri sýna:

1. Skipstjóraskírteini sitt.
2. Mælingarbréf skipsins og haffærisskírteini.
3. Atvinnuskírteini þeirra manna, er lögskráðir eru og skírteini þurfa að lögum til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu, sem þeir eru ráðnir til.
4. Skipshafnarskrá og aukaskrá, ef hún hefir verið gerð.
5. Viðskiptabækur þeirra manna, er lögskráðir skulu.

Við lögskráningu úr skiprúmi skal hann sýna skipshafnarskrá og sjóferðabækur.

11. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri rannsaka, hvort nokkuð í framlögðum skjölum sé því til fyrirstöðu, að menn þeir, sem skráðir skulu, megi vera á skipinu eða í þeirri stöðu, sem þeir eru ráðnir til. Reynist einhverju áfátt í þessu efni, skal hann neita að lögskrá þá menn, sem svo er ástatt um.

12. gr.

Þegar skipsmenn allir eru skráðir í skiprúm í senn, samkv. 5. lið 4. gr. eða endranær. skal skipstjóri láta gera skipshafnarskrá í tveimur samhljóða eintökum. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur reglur um gerð skipshafnarskrár. Nú eru nýir menn lögskráðir í skiprúm eftir að skipshafnarskrá er gerð, og skal þeim þá bætt við á skrána meðan hún endist, en á aukaskrá, sé hún fullrituð, og skal þess þá getið á aðalskránni, að aukaskrá hafi gerð verið.

13. gr.

Um viðskiptabækur og sjóferðabækur skipsmanna fer eftir ákvæðum sjómannalaganna og reglugerða þeirra, er settar verða samkvæmt þeim, sbr. og um sjóferðabækur lög nr. 40, 19. júní 1922, 20. gr.

14. gr.

Lögskráningarstjóri skal gæta þess, að skilríki þau öll, sem nefnd eru í 10. gr., séu fyrir hendi, er lögskráð er. Hann skal og gæta þess, að ritað sé í skipshafnarskrá og í viðskiptabók allt það, er þar skal ritað lögum samkvæmt, og að eigi sé ósamræmi milli þeirra. Komist hann að raun um, að misbrestur sé á þessu, skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt, en ella ritar hann vottorð sitt um lögskráninguna á skjöl þessi.

15. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri lesa upp ráðningarsamninginn í viðskiptabókinni eða skipshafnarskránni fyrir þeim, sem lögskráður skal, og spyrja hann að því, hvort hann sé samþykkur samningnum. Nú eru einhver þau ákvæði í samningnum, er lögskráningarstjóra virðist vera óvenjuleg, eða frábrugðin því, sem almennt tíðkast, og skal hann þá benda aðila á þau. Takist það eigi og vilji báðir aðiljar hlíta samningnum eins og hann er, skal lögskráning fara fram, ef samningurinn brýtur eigi í bág við lög; en lögskráningarstjóri skal þá rita athugasemd í viðskiptabókina og á skipshafnarskrána um það, hvað honum þótti athugavert við samninginn.

16. gr.

Skipstjóra á öðru skipi en íslenzku fiskiskipi er skylt að hafa gert upp reikning þess manns, er úr skiprúmi skal skráður, áður en lögskráning hans úr skiprúmi fer fram. Nú er maður ráðinn á skip í þjónustu annars en útgerðar-

manns, og skal þá sá, er hann vann hjá, hafa gert upp reikning hans, áður en hann er lögskráður úr skiprúmi. Hvor aðili um sig getur krafizt þess, að lögskráningarstjóri geri reikninginn upp eða rannsaki hann. Nú greinir aðila á um reikningsgerðina, og skal lögskráningarstjóri þá leita um sættir með þeim. Takist eigi sættir, getur hvor aðili um sig krafizt þess, að lögskráningarstjóri leggi úrskurð á málið. Úrskurði hans getur hvor aðili um sig skotið til sjódóms, og skal þá fé það, er aðila greinir á um, falið lögskráningarstjóra til geymslu, þar til fullnaðardómur hefir gengið um málið.

17. gr.

Nú er sjómanni heitið hluta af afla skips, farmgjaldi eða öðrum tekjum af ferðinni, eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni, og þetta kaup hans verður eigi ákveðið áður en hann er skráður úr skiprúmi, og þarf þá eigi að gera reikning hans upp, að því er til þess hluta kaupsins tekur, um leið og hann er skráður úr skiprúminu. Útgerðarmaður skal, er þannig stendur á, hafa gert sjómanninum reikningsskil, áður en 3 mánuðir eru liðnir frá því að sjómaðurinn var skráður úr skiprúmi. Vilji sjómaðurinn ekki hlíta reikningsskilunum, getur hann lagt málið undir lögskráningarstjóra samkvæmt því, sem segir í 16. gr.

18. gr.

Geti sjómaður eigi tekið á móti sjóferðabók og viðskiptabók sinni er hann er lögskráður úr skiprúmi, skal afhenda þær lögreglustjóra til varðveizlu og ráðstöfunar.

19. gr.

Um skil skipstjóra á kaupi, sem haldið er eftir samkv. 62. gr. sjómannalaganna, fer eftir 69. gr. sömu laga.

20. gr.

Þegar lögskráningarstjóri hefir ritað vottorð sitt um lögskráninguna á skipshafnarskrána, afhendir hann skipstjóra annað samrit hennar, en heldur hinu eftir sjálfur.

Nú fer lögskráning síðar fram í öðru umdæmi en þar, sem það samrit skipshafnarskrár, er lögskráningarstjóri hélt eftir, er geymt, og skal þá lögskráningarstjóri sá, er síðar lögskráir, halda eftir samriti af því, sem ritað er á samrit skipstjóra, eða á aukaskrá, hafi hún verið gerð, við hina síðari lögskráningu.

Nú skýrir skipstjóri frá því við lögskráningu, að skipshafnarskrá sín sé glötuð, og lögskráningarstjóri hefir eigi samrit hennar, og skal þá lögskráningarstjóri leggja fyrir skipstjóra að láta gera nýja skipshafnarskrá. Skal lögskráningarstjóri þá rannsaka, hvort hin nýja skrá sé rétt, með samanburði á henni við viðskiptabækur skipsmanna og önnur skilríki þeirra og með því að láta þá sjálfa skýra frá ráðningarkjörum sínum. Eigi að skrá alla skipsmenn úr skiprúmi, þarf að gera nýja skrá, en lögskráningarstjóri

skal þá rannsaka þau atriði, er lögskráningin gefur tilefni til, með þeim hætti, er áður var sagt.

21. gr.

Nú verða skipstjóraskipti á íslenzku skipi, og skal lögskráningarstjóri þá kveðja báða skipstjórana til sín, ef þess er kostur. Skal þá afhenda hinum nýja skipstjóra öll skjöl þau, er skipinu eiga að fylgja og fyrirrennari hans hafði undir höndum, jafnframt því að hann er lögskráður á skipið.

22. gr.

Lögskráningarstjóri skal jafnan, er lögskráning fer fram, rannsaka, hvort farið hefir verið eftir fyrirmælum laga um lögskráningu. Ef ætla má, að lögbrot hafi verið framið, skal hann gera þær ráðstafanir, sem með þarf til þess að ábyrgð verði komið fram fyrir brotið. Nú er lögskráningarstjóri eigi jafnframt lögreglustjóri, og skal hann þá tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra þessa málavexti.

23. gr.

Lögskráningarstjóra er skylt að hafa jafnan nægar birgðir af viðskiptabókum sjómanna, sjóferðabókum og skipshafnarskrám. Ef skipstjóri óskar þess, er lögskráningarstjóra skylt að fylla skjöl þessi út fyrir hann.

Fyrir störf þau, er lögskráningarstjóri innir af höndum samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir viðskiptabækur, sjóferðabækur og skipshafnarskrár, skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi, og renna þau í ríkissjóð. Gjald fyrir sjóferðabók greiðir hlutaðeigandi sjómaður sjálfur. Gjald fyrir aðstoð við reikningsgerð greiðir sá, er hennar óskar, en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanns.

24. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 50—500 króna sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

25. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

26. gr.

58. gr. laga nr. 27, 27. júní 1921, er úr lögum numin.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931.

Nd. 414. Breytingartillaga

við frv. til l. um lögskráning sjómanna.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 9. gr. Þriðju málsgr. skal orða svo:

Lögskráningarstjóra ber að sýna alla lipurð um lögskráningu utan venjulegs starfstíma, þegar nauðsyn krefur. Í Reykjavík skal lögskráningarstjóri sinna lögskráningu alla virka daga frá kl. 9 árd. til kl. 9 síðd., og á helgum dögum, öðrum en föstudeginum langa og fyrra helgidegi stórhátíða, frá kl. 4 til kl. 6 síðd.

Nd. 415. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. (HV, HStef og HJ) leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum minni háttar breytingum. Minni hl. (ÓTh og SE) er á móti frv. og mun leggja til, að það verði felt.

Þau ákvæði í þessu frv., sem mestum ágreiningi munu valda, eru um fyrirkomulag á stjórn útvarpsins og um heimild til ríkiseinkasölu á útvarpstækjum.

Nefndin hefir fengið umsögn um frv. frá útvarpsráðinu, símaverkfræðingnum, landssímastjóranum og útvarpsstjóranum. Meiri hluti útvarpsráðsins, símaverkfræðingur og útvarpsstjóri leggja til, að stjórn útvarpsins sjálfs sé í höndum útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Hvað hinn tekniska rekstur snertir, tekur símaverkfræðingur það beinlínis fram, að hann sjái ekkert því til fyrirstöðu, að útvarpið sjálft annist hann, og jafnvel að slíkt skipulag geti verið nauðsynlegt. Landssímastjóri og minni hluti útvarpsráðsins telja hinsvegar óráðlegt að aðskilja hinn tekniska rekstur útvarpsins frá landssímanum. Meiri hl. nefndarinnar sér ekkert því til fyrirstöðu, að sameiginleg vélgæzla verði höfð, ef hagkvæmt þætti, þó stofnanirnar séu hver annari óháðar.

Útvarpsráð og útvarpsstjóri leggja eindregið til, að einkasala á útvarpstækjum verði tekin upp. Landssímastjóri telur hinsvegar ýmislegt athugavert við einkasöluna, sérstaklega hvað snertir ákvæði 14. gr. frv. um verðlag á útvarpstækjum. Meiri hl. nefndarinnar telur, að fengnum upplýsingum, varhugaverða þá verðhækkun útvarpstækja, sem myndi leiða af samþykkt 15. gr. óbr., og kemur því með brtt. þar að lútandi.

Meiri hl. nefndarinnar telur vafasamt, að rétt sé að fjölga mönnum í útvarpsráðinu, en mun þó ekki koma með neina breytingu við það.

Af framanrituðum ástæðum leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrir »útvarpsstöð« komi: skipulag og rekstur útvarps.
2. Við 4. gr. Fyrir »útvarpsstöðvarinnar« í fyrstu málsgr. komi: útvarpsins.
3. Við 5. gr. Síðari málsliður fyrri málsgreinar orðist svo:
   Skal honum falið að annast allt, er lýtur að umsjón og rekstri útvarpsins (sbr. þó 3. gr.) og hafa á hendi allar fjárreiður þess og reikningshald.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   6. gr. orðist svo: Til þess að standa straum af rekstri útvarpsins skal greiða til þess árlegt afnotagjald af hverju útvarpstæki í landinu. Atvinnumálaráðherra ákveður afnotagjaldið um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Heimilt er atvinnumálaráðherra að fela pósthúsum og póstafgreiðslum landsins að annast innheimtu á ársgjöldum útvarpsnotenda samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.
   Útvarpsstjóri semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur útvarpsins, og skal hún send atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   7. gr. orðist svo: Eftir að lög þessi öðlast gildi og útvarpið er tekið til starfa, má enginn nota viðtæki fyrir útvarp, nema tilkynnt sé útvarpsstjórninni og lögboðið gjald greitt af tækinu. Hvert það útvarpstæki, sem ekki hefir verið tilkynnt útvarpsstjórn, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til útvarpsins.
6. Við 8. gr.
   a. Fyrir »Útvarpsstöðin« í upphafi greinarinnar komi: útvarpið.
   b. Fyrir »útvarpsstöðvarinnar« í síðari málslið fyrri málsgreinar komi: útvarpsins.
7. Við 9. gr.
   a. Fyrir »útvarpsstöðinni« í fyrri málsgrein komi: Útvarpinu.
   b. Fyrir »útvarpsstöðvarinnar« í síðari málsgrein komi: útvarpsins.
8. Við 10. gr.
   a. Fyrir »útvarpsstöðinni« í fyrri málslið fyrri málsgreinar komi: útvarpinu.
   b. Fyrir »útvarpsstöðinni« í síðari málslið fyrri málsgreinar komi: útvarpinu.
9. Við 11. gr. Fyrir »útvarpsstöðinni« í upphafi greinarinnar komi: útvarpinu.
10. Við 14. gr.
    a. Orðin »Söluverð á útvarpstækjum . . . í nágrannalöndunum« falli niður.
    b. Fyrir »útvarpsstöðvarinnar« í síðustu málsgrein komi: útvarpsins.

Alþingi, 3. apríl 1930.

Halldór Stefánsson, form.	Hannes Jónsson, fundaskr., frsm.	Héðinn Valdimarsson.

Fylgiskjal I.

ÚTVARPSRÁÐIÐ.

Reykjavík, 19. marz 1930.

Út af bréfi háttvirtrar fjárhagsnefndar í gær hefir útvarpsráðið á fundi sínum í dag samþykkt svofellda ályktun:

1. Útvarpsráðið telur ekki ástæðu til, að fjölgað sé í útvarpsráðinu að svo stöddu, en lætur það atriði ekki frekar til sín taka.
2. Útvarpsráðið er á einu máli um það, að leggja fjárreiður allar og reikningshald vegna stöðvarinnar og útvarpsins undir útvarpsstöðina. Dr. Alexander Jóhannesson er á móti því, að verkfræðileg yfirstjórn sé tekin undan landssímanum, en Helgi Hjörvar og Páll Ísólfsson eru því meðmæltir, ef engar sérstakar verkfræðilegar ástæður eru því til fyrirstöðu.
3. Um einkasölu á útvarpstækjum vísar útvarpsráðið til fyrri tillagna sinna. Útvarpsráðið telur æskilegt, að tillagna þess verði leitað á sínum tíma, er ákvörðun verður tekin um, hvernig einkasölunni verði fyrir komið.

Þetta er nefndinni hér með tjáð.

Virðingarfyllst

Helgi Hjörvar.

Alexander Jóhannesson.

Til

fjárhagsnefndar neðri deildar.

Fylgiskjal II.

SÍMAVERKFRÆÐINGURINN.

Reykjavík, 22. marz 1930.

Með bréfi, dags. 17. þ. m., hefir fjárhagsnefnd Nd. Alþingis óskað umsagnar minnar um breytingar á útvarpslögunum, sem felast í frv. á þskj. 238.

Breytingar þessar, sem frv. fer fram á, virðast mér yfirleitt til bóta, enda miða þær að því að gera stofnunina heilsteyptari.

Til þess að geta myndað sér skoðun um hið heppilegasta skipulag útvarpsins, er nauðsynlegt að gera sér fyrst grein fyrir aðaldráttunum í rekstri fyrirtækisins og í hverju hann er fólginn. Skal því hér stuttlega á það minnzt.

Útvarpsstengurnar verða reistar uppi á Vatnsendahæð, um 9 km. frá

Reykjavík, og þar verða sjálfar sendivélarnar í dálitlu húsi og 1 eða 2 menn til að hirða þær og gæta þeirra meðan útvarpað er. Þaðan liggur svo jarðstrengur til Reykjavíkur, og eftir honum berst til útvarpsvélanna allt það, sem útvarpað er, hvort heldur söngur eða tal, frá tækjunum í Reykjavík, en þar er fyrirtækinu ætlað að hafa bækistöð sína, í hinni nýju landssímastöðvarbyggingu, að mestu eina hæð hússins. Þar verður útvarpssalur (studio), þar sem hljómleikar, söngur, fyrirlestrar, upplestur o. fl. fer fram. Þó er hægt að tengja útvarpsstrenginn við taugar þaðan til ýmissa staða, svo sem til kirkna, fyrirlestrarsala o. fl., og verður þá að flytja á þá staði mikrofóninn (hljóðnemann), en það er tæki það, sem tekur á móti sjálfu talinu eða söngnum.

Í húsakynnum útvarpsins í Reykjavík situr útvarpsstjóri, verkfræðingur útvarpsins, gjaldkeri og annað skrifstofu- og aðstoðarfólk eftir þörfum. Útvarpsráðið heldur þar einnig fundi sína.

Samkvæmt skipulagi því, sem lagt er til grundvallar umræddu lagafrv., yrði fyrirkomulag rekstrarins í stuttu máli sem hér segir:

Útvarpsstjóri stjórnar fyrirtækinu sem sjálfstæðri stofnun. Útvarpsefni ræður útvarpsráðið með útvarpsstjóra sem nokkurskonar framkvæmdarstjóra.

Verkfræðingur útvarpsins er útvarpsstjóra til aðstoðar og gegnir störfum útvarpsstjóra í forföllum hans. Hann hefir á hendi umsjón með öllum tæknisknum rekstri fyrirtækisins, umsjón með gæzlu og aðgerð á vélum og tækjum, sér um lagningar tauga í hús þau, sem útvarpað skal úr, gerir nauðsynlegar mælingar o. fl. Verði einkasölu á viðtökutækjunum komið á, annast hann val á tækjum, prófun tækja, kennslu í meðferð tækja, sér um aðgerð tækja o. fl. Undir hann heyrir sérstaklega vélamaðurinn eða mennirnir, sem gæta vélanna í stöðinni á Vatnsendahæðinni. Hann ferðast út um land til leiðbeininga og til að kynna sér móttökuskilyrði á ýmsum stöðum og mæla sviðstyrkleika stöðvarinnar. Ennfremur hefir hann gát á truflunum við útvarpsmóttöku og sér um, að úr þeim verði bætt, og mælir og leiðbeinir í því efni, bæði í Reykjavík og úti um land. Þetta síðastnefnda atriði er þýðingarmikið og tímafrekt, enda er nú illa ástatt í því tilliti, bæði hér í Reykjavík og víða úti um land.

Gjaldkeri og aðrir starfsmenn útvarpsins hafa með höndum önnur rekstrarstörf fyrirtækisins, og er óþarfi að rekja það nánar hér. Dvel ég helzt við hin verkfræðilegu atriði málsins, enda geng ég út frá, að umsagnar minnar hafi verið óskað aðallega á því sviði.

Ekkert virðist mér því til fyrirstöðu, að útvarpið ráði sjálft ráðum sínum — landssímanum óháð — að því er hinn tekniska rekstur snertir, þar sem það verður hvort sem er að hafa sérfræðing (verkfræðing) í þjónustu sinni, því eins og að framan er sýnt fram á, gerir sjálfur reksturinn og líka tækjaverzlunin þetta nauðsynlegt, og það alveg eins þótt einhverjum öðrum yrði falin sjálf tækjasalan. Álít ég mjög hæpið, að nokkuð sparaðist við það, að hinn tekniski rekstur yrði látinn heyra undir landssímann (þ. e. símaverkfræðinginn), því hann yrði þá að hafa aðstoðarmann, sem sérstaklega hefði þessi útvarpsstörf með höndum. Starf hans við símann er nú þegar orðið svo umfangsmikið, að hann verður að hafa aðstoðarmenn.

Þar sem ætlazt er til, að útvarpið — í stað landssímans nú — taki að

sér fyrir veðurstofuna útsendingu veðurskeyta til útlanda, eða að veðurstofan noti útvarpsstöðina til þess, þá verður það mál landssímanum hvort sem er óviðkomandi og mælir frekar með en móti sjálfstæði stofnunarinnar.

Að svo miklu leyti, sem útvarpsstöðin á um leið fyrst um sinn að vera varastöð fyrir loftskeytasendingar til útlanda við sæsímabilanir, verður hvort sem er að vera samvinna milli útvarpsstjóra og landssímastjóra um það í hvert skipti, og getur stöðin notazt til þess alveg eins hvort heldur vélgæzlan á útvarpsstöðinni stendur undir útvarpsstjórninni eða landssímastjórninni, því sjálf skeytasendingin (símritunin) mundi fara fram á landssímastöðinni hér í bænum og berast eftir strengnum beint til sendivélanna í stöðinni á Vatnsendahæðinni.

Komi til þess, að landssíminn síðar starfrækti loftskeytastöð á sama stað og útvarpsstöðin og ef til vill í sömu byggingu, þá er hið sama að segja um það, að tæplega væri meiri ástæða til að blanda þeim rekstri saman þar heldur en inni í bænum, þar sem útvarpi og landssíma er ætlað að vera undir sama þaki, enda mundi einnig svo um loftskeytareksturinn, að eingöngu vélgæzlan yrði inn frá, en »lyklarnir« væru í landssímastöðinni, þar sem sjálf sendingin færi fram. En fari svo, að hagnaður virtist að sameiginlegri vélgæzlu, þá ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu, að svo gæti orðið, þótt stofnanirnar væru hvor annari óháðar, enda er atvinnumálaráðuneytið þar sameiginlegur yfirráðandi. Virðist sízt ástæða til að ætla, að það gengi verr heldur en t. d. þar sem sami maður er bæði póst- og símastjóri undir tveim sjálfstæðum stofnunum. En ef þess þætti þörf, mætti skjóta því inn í 5. gr. laganna: að ef loftskeytastöð yrði starfrækt á sama stað og útvarpsstöðin, og hagnaður virtist að því að hafa sameiginlega vélgæzlu, þá væri ráðherra heimilt að fela landssímanum vélgæzlu útvarpsstöðvarinnar.

Út á við (gagnvart útlöndum og á alþjóðafundum um útvarpsmál) er eðlilegast, að útvarpsstjóri komi fram fyrir hönd útvarpsins og ríkisstjórnarinnar, og verkfræðingur útvarpsins, ef verkfræðilegrar aðstoðar þarf í þeim efnum.

G. Hlíðdal.

Til

fjárhagsnefndar Nd. Alþingis.

Fylgiskjal III.

LANDSSÍMASTJÓRINN

Reykjavík, 22. marz 1930.

Sem svar við bréfi fjárhagsnefndar Nd. Alþingis, dags. 17. þ. m., leyfi ég mér að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um viðauka og breytingu á útvarpslögunum:

Rekstur útvarps greinist aðallega í:

1. Það, er lýtur að hinu útvarpaða efni, svo sem val þess, ráðning fyrirlesara eða listamanna, umsjón með, að þeir flytji fyrirlestra o. s. frv. á réttum tíma í útvarpssalnum, tilkynning til notendanna, hverju á að útvarpa o. s. frv.
2. Fjárhagsstjórn.
3. Innheimtur, greiðslur, reikningshald o. s. frv.
4. Stjórn útvarpstækja og tilheyrandi véla.

Hvern þessara fjögurra liða má aðskilja frá hinum og fela öðrum aðila án þess að nokkur ruglingur komi á starfsræksluna eða að ábyrgðin hvíli ekki á ákveðnum mönnum.

Í lögum nr. 31, 7. maí 1928, voru 1. og 2. liður lagðir undir útvarpsráð, sem hafði útvarpsstjóra sér til aðstoðar, en 3. og 4. liður undir landssímann.

Í breytingafrumvarpi því, er nú er fram komið, eru allir fjórir liðir lagðir undir útvarpsráð og útvarpsstjóra.

Innheimta, greiðslur og reikningshald var upphaflega lagt undir landssímann, bara af því það þótti mega spara talsvert fé með því, en landssíminn, sem slíkur, hefir engan sérstakan hag af að halda því.

Allt öðru máli gegnir um umsjón útvarpstækjanna, og er það skoðun mín, að ekki sé mögulegt, ef vel á að fara, að aðskilja verkfræðilega yfirstjórn loftskeytastöðva og útvarpsstöðva, enda mun það fyrirkomulag hvergi þekkjast í heiminum, ekki einu sinni þar sem útvarpið er rekið af einkafélögum, því jafnvel þar, sem lengst er gengið, er verkfræðileg yfirstjórn útvarps- og loftskeytatækja í landinu undir sama embættismanni, þótt þeir starfsmenn, er annast daglega rekstur inn, séu ráðnir og launaðir af einkafélögum.

Útvarps- og loftskeytastöðvar eru að kalla má byggðar eins; þær senda frá sér samskonar sveiflur, og trufla hver aðra, ef þær eru nálægt hver annari eða nota sömu eða líkar öldulengdir á sama tíma, nema sérstaklega sé til hagað. Sömu alþjóðareglugerðir eru bæði fyrir loftskeyti og útvarp, sömu alþjóðafundir ræða hvorttveggja í einu, því ef þetta væri ekki skipulagt í sama kerfi, truflaði það hvort annað.

Ef land vort ætlaði, fyrst af öllum, að taka upp það skipulag, að tveir jafnréttháir aðilar ættu hver í sínu lagi að semja um notkun öldulengdanna út á við, og báðir að hafa umsjón með, að alþjóðareglugerðum væri hlýtt í landinu, þá má búast við miklum glundroða, ef þeir af tilviljun væru ekki á alveg sama máli. Annars væri líka óvíst, hve slæmar afleiðingar það gæti haft, ef farið væri að semja við alþjóðabandalagið af tveim aðiljum, er ekki væru innbyrðis sammála.

Ennfremur er hér sérstaklega margt annað, sem gerir það nauðsynlegt að hafa stjórn tækjanna undir landssímanum. Það er tilætlunin, að útvarpsstöðin verði jafnframt notuð til skeytasendinga, fyrst og fremst veðurskeyti oft á dag, og svo önnur skeyti, þegar önnur sambönd bila. Auk þess eru talsverð líkindi til, að hér verði innan skamms sett upp stuttbylgju-loftskeytastöð til að annast skeyta- og talsamband við önnur lönd, og þá hætt við að nota sæsímann, og er hægt að koma þessari stöð fyrir í húsi útvarpsstöðvarinnar. Ennfremur er ekki ósennilegt, að hægt verði að flytja loftskeytastöðina, sem nú er á Melunum og

sem annast skipaviðskiptin, þangað líka. Gæti þá sami maður gætt allra stöðvanna þriggja, en húsið og lóðin á Melunum losnaði.

Enn er eitt atriði. Útvarpssalurinn og magnararnir fyrir hann eiga að vera í hinu nýja húsi landssímans við Austurvöll, og útvarpið hefir ekki ráð á að hafa sérstakar línur alstaðar til að leiða útvarpið eftir, sem ekki komi nálægt línum landssímans. Þessar línur verða að vera færar um að leiða útvarp án þess að bjaga tónana allt of mikið eða blanda þá sterkum truflunum; og tilhögun í húsi landssímans verður að vera þannig og svo um tæki hans búið, að útvarpið sé ekki stórskemmt með truflunum þaðan. Þetta verður vart séð um nema af manni, sem bæði þekkir gerð útvarpstækjanna og hvernig línur og tæki landssímans eru.

Hr. símaverkfræðingur Gunnlaugur Briem, er til þessa hefir haft með undirbúning útvarpsstöðvarinnar að gera, hefir tjáð mér, að hann telji ekki fært, eins og hér standa sakir, að aðskilja verkfræðilega yfirstjórn útvarps- og loftskeytatækja í landinu.

Ég verð því eindregið að ráða frá að taka 4. lið undan landssímanum.

Annars vil ég gera eftirfarandi athugasemdir við breytingafrumvarpið eftir röð greinanna:

1. gr.

Mér þykir óheppilegt að nota hér orðin »Um útvarpsstöð«, þar eð »útvarpsstöð« samkvæmt mæltu máli allra landa á eiginlega aðeins við senditækin, en þau gætu síðar orðið hér fleiri en eitt. Vildi ég því leggja til, að í þess stað kæmi: »Um útvarp« eða »Um skipulag og rekstur útvarps«.

2. gr.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, vil ég fastlega ráða frá að fella niður 2. gr. laganna að því er stöðvartækin snertir. Hinsvegar virðist ekkert nema kostnaðarauki vera því til fyrirstöðu að taka innheimtu, greiðslur og reikningshald undan landssímanum.

3. gr.

Mér virðist það ekki myndi verða til bóta að fjölga mönnum í útvarpsráði að sinni, en hins vegar vildi ég ráða til að breyta ákvæðinu í 4. gr. laganna um fulltrúa notendanna, þannig að einn af þrem mönnum í útvarpsráði skuli valinn af notendum, t. d. með skriflegri atkvæðagreiðslu eða á annan hátt, því það er óvíst, að nokkurntíma náist 4. hluti notendanna í eitt félag.

4. gr.

Afstaða útvarpsstjóra til útvarpsráðs virðist vera óljós. Í staðinn fyrir »útvarpsstöðvarinnar« í 3. línu komi »útvarpsins«.

5. gr.

Samkvæmt því, sem að framan er skýrt frá, vil ég leggja til, að hér verði tekið fram, að umsjón og rekstur stöðvartækjanna skuli falin landssímanum, sbr. 2. gr. Í staðinn fyrir »útvarpsstöðvarinnar« í 3. og 6. línu komi »útvarpsins«.

6. gr.

Í stað »útvarpsstöðvarinnar« í 1. línu komi »útvarpsins«, og í stað »stöðvarinnar« í 5. línu komi »útvarpsins«.

7. gr.

Í staðinn fyrir »stöðin« í 1. línu komi »útvarpið«, og í staðinn fyrir »útvarpsstöðinni« í 2. og 4. línu komi »útvarpsstjórninni«, og í staðinn fyrir »stöðvarinnar« í 5. línu komi »útvarpsins«.

8. og 9. gr.

falli niður, sbr. það sem áður er sagt í 2. og 5. gr.

10. gr.

Í staðinn fyrir »útvarpsstöðinni« í 3. og 6. línu komi »útvarpinu« eða »útvarpsstjórninni«.

11. gr.

Í staðinn fyrir »útvarpsstöðinni« komi »útvarpinu« eða »útvarpsstjórninni«.

12. og 13. gr.

Ég tel ríkiseinkasöluna ekki heppilegustu leiðina, eins og stendur, til að tryggja notendum góð og ódýr tæki, og álít það *mjög vafasamt*, hvort ríkið hefði nokkurn ágóða af einkasölu á þeim, nema með því að selja þau dýrara en nú er, en þá væri umsvifa- og áhættuminna að láta sölumenn greiða ákveðið gjald af hverju seldu tæki.

Ríkisstjórnin hefir þegar í gildandi símalögum heimild til að banna eða leyfa notkun eins eða annars útvarpstækis, líkt og rafveitan hér hefir fyrir raftæki, er nota á hér í Reykjavík. Ef þörf þætti, mætti bæta við þessa heimild um notkunarbann einnig sölubanni eða jafnvel innflutningsbanni á útvarpstækjum, sem ekki hefðu verið leyfð áður. Með því mætti tryggja, að hér yrðu ekki breidd út léleg eða ónýt tæki.

14. gr.

Ég vil geta þess, að ég hefi athugað verð á 10 útvarpstækjum af mismunandi gerð frá þeim verzlunum hér, er mest hafa selt, og borið verðið saman við verð sömu tækja í Danmörku, eftir að búið var að draga tollinn þar frá verðinu, og voru tækin þó að meðaltali 30% dýrari þar en hér. Þetta stafar bæði af því, að hér er yfirleitt einum millilið færra en í Danmörku við sölu útvarpstækja, og menn hafa látið sér hér nægja minni álagning; mér hefir ennfremur verið skýrt frá, að sum útlendu tækjafirmun hafi fallizt á að lækka innkaupsverðið hvað Ísland snerti sem svaraði gengismun á íslenzkri og danskri krónu.

Af þessu leiðir, að verðið hækkar samkvæmt 14. gr. talsvert frá því sem er. Það má því búast við, að þetta ákvæði verði ekki vinsælt meðal notendanna.

15. og 16. gr.

Ekkert að athuga.

Gísli J. Ólafson.

G. Briem.

Til

fjárhagsnefndar Nd. Alþingis.

Fylgiskjal IV.

ÚTVARPSSTJÓRINN.

Reykjavík, 2. apríl 1930.

Samkvæmt munnlegum tilmælum háttvirtrar fjárhagsnefndar neðri deildar leyfi ég mér hér með að senda nefndinni umsögn mína um frv. til laga um viðauka og breytingu á lögum um ríkisrekstur á útvarpi.

Ég hefi í utanför minni kynnt mér rekstur útvarps í nágrannalöndunum, og er þessi starfsemi hvarvetna algerlega sjálfstæð og óháð öðrum starfsgreinum, þannig að dagskrárvinna, framkvæmdarstjórn, fjárreiður allar og reikningshald er í höndum þar til kjörinna starfsnefnda; undir stjórn útvarpsráðs, en daglegu framkvæmdaeftirliti útvarpsstjóra. Þetta gildir jafnt þar, sem útvarpið er rekið af ríkinu, eins og í Danmörk, og þar sem það er í höndum hlutafélaga eða hlutafélags, eins og í Sviþjóð, Þýzkalandi og Englandi. Breytingarfrumvarp það, sem hér liggur fyrir, miðar í aðalatriðum til þess að færa útvarpið í það horf, sem aðrar þjóðir hafa tekið upp að fenginni allmikilli reynslu, og er frumvarpið því ótvíræðlega til bóta.

Það, sem einkum virðist orka tvímælis, samkvæmt umsögnum landssímastjóra og símaverkfræðings, er sambandið milli útvarpsstöðvarinnar og hins verkfræðilega eftirlits og framkvæmda. En samkvæmt kynningu minni af slíkri tilhögun erlendis virðist mér málið ekki flókið.

Í Danmörk, þar sem þessi mál eru algerlega í höndum ríkisins, eins og gert er ráð fyrir að hér verði, er útvarpinu, *með samningi milli útvarpsins og ríkissímans*, tryggð verkfræðileg aðstoð, eftirlit með rekstri stöðva, uppsetning tækja o. s. frv. Fyrir þessa aðstoð greiðir útvarpið ákveðna upphæð eftir samkomulagi, enda er útvarpssjóður Dana, sem hefir á fjórðu milljón kr. árstekjur, í höndum og undir stjórn útvarpsráðsins. Var mér tjáð, að þetta gæfist vel. Teldi ég hyggilegast að taka upp svipað fyrirkomulag hér og að útvarpinu verði með reglugerðarákvæðum tryggður aðgangur að verkfræðilegri aðstoð og umsjón með út-

varpstækjum og að því verði gert að greiða hlutfallslega fyrir þá vinnu, sem framkvæmd er í þess þágu, samkvæmt samningi milli útvarpsins og landssímans.

Ýmsar ákvarðanir, sem við væntanlega útfærslu og þroskun þessarar starfsgreinar verða teknar af stjórn útvarpsins, munu hafa í för með sér ýmiskonar verkfræðilegar framkvæmdir, og er einsætt að veita útvarpsstjórninni fullan ákvörðunarrétt um slíkar framkvæmdir innan þeirra takmarka, er lög og reglugerðir setja, eigi sízt þar sem ábyrgð öll á rekstri útvarpsins mun að almennu mati hvíla á herðum útvarpsstjórnarinnar.

Skal ég síðan leyfa mér að fara nokkrum orðum um einstök atriði frumv.

Ég legg til, að í stað I. kafla fyrirsagnar: »Um Útvarpsstöð« komi: *Um skipulag og rekstur útvarps*, með því að sá kafli fjallar ekki einungis um útvarpsstöðina, heldur og rekstur og skipulag útvarpsins í heild sinni.

Innheimta ársgjalda hjá útvarpsnotendum er hvarvetna í nágrannalöndunum falin pósthúsum og póstafgreiðslum. Er sú skipun byggð á því, að allur almenningur stendur í sambandi við pósthús og póstafgreiðslur. Í Danmörk er þessu sérstaklega haganlega fyrir komið.

Ég legg því til, að á eftir orðunum: »að fengnum tillögum útvarpsráðs og útvarpsstjóra« í 6. gr. komi: »Heimilt er atvinnumálaráðherra að fela, með ákvæðum reglugerðar, pósthúsum og póstafgreiðslum landsins að annast innheimtu á ársgjöldum útvarpsnotenda, samkvæmt samningi milli útvarpsstjórnar og póststjórnarinnar«.

Þá skal ég leyfa mér að skjóta því fram til athugunar háttvirtri nefnd, hvort fært mætti þykja eða hagkvæmt að leggja þá kvöð á embættismenn ríkisins að flytja stutt erindi einu sinni á ári endurgjaldslaust í útvarpið um starfsgreinar þær, er þeir veita forstöðu, ef þess yrði óskað af dagskrárráði. Vitanlega ættu starfsmenn ríkisins að eiga krófu til ferðakostnaðargreiðslu, ef þeir, samkvæmt óskum dagskrárráðs, tækju sér ferð á hendur til þess að inna af höndum slíka kvöð. Ef nefndinni kynni að sýnast fært eða hyggilegt að setja slík ákvæði, ættu þau að vera í sambandi við 11. gr. frv.

Fyrir einkasölu á útvarpstækjum er ekki fordæmi í nágrannalöndunum. Hinsvegar skal ég geta þess, að merkir menn við útvarpið danska töldu, að með því yrðu fyrirkomulagi okkar tryggðir yfirburðir og að sneitt yrði hjá óþægindum, sem danska útvarpið hefir átt við að stríða.

Í fyrsta lagi yrði komizt hjá því, að allskonar ófullkomin tæki yrðu seld hér á landi, en slíkt hefir tafið mjög fyrir almennri útvarpsnotkun í nágrannalöndunum og valdið því, að fjöldi manna hefir horfið frá henni, að minnsta kosti um stundarsakir.

Í öðru lagi á einkasalan að létta mjög undir með eftirliti með því, hverjir séu útvarpsnotendur og hverjir ekki. En slíkt eftirlit reynist allörðugt í nágrannalöndunum.

Og í þriðja lagi á að vera unnt að tryggja útvarpsnotendum skaplegt verð á tækjum og varahlutum, þar sem komizt yrði hjá óþörfum milliliðum og stofnað yrði til stærri innkaupa. Í því sambandi skal ég leyfa mér að benda

nefndinni á, að ég tel ekki rétt að taka neitt fram um söluverð á útvarpstækjum, eins og gert er í upphafi 14. gr. frv.

Virðingarfyllst

Jónas Þorbergsson.

Til

fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. 416. Breytingartillögur

við frv. til laga um fimmtardóm og við breytingartillögur á þingskj. 374.

Frá Jóni Jónssyni og Guðmundi Ólafssyni.

1. Við brtt. 374, 4. b.
   Aftan af brtt. falli: Þó má enginn fastur dómari vera eldri en 65 ára.
2. Á undan 64. gr. komi ný grein, er verði 64. gr., svo hljóðandi:
   Núverandi dómarar í hæstarétti skulu skipaðir aðaldómarar í fimmtardómi, ef þeir óska þess.

Nd. 417. Frumvarp

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Á 2. gr. vegalaga, nr. 41 1924, eru gerðar þessar breytingar:

I. Við A.
   1. Fyrir »Landeyjar, Eyjafjöll« í tölulið 1 kemur: Hvolhrepp inn Fljótshlíð að Teigi yfir Þverá.
   2. Aftan við tölulið 4 koma 2 nýir liðir:
      a. Skeiðabraut, frá vegamótum Suðurlandsvegar, norðan Flatholts upp Skeið og Hrunamannahrepp að Brúarhlöðum.
      b. Landbraut, frá þjóðveginum hjá Meiri-Tungu í Holtum upp Land að Múla.
   3. Á eftir tölulið 6 kemur nýr liður:
      Hafnarbraut, frá Höfn í Hornafirði á þjóðveginn.

II. Við B.
   1. Við tölul. 1. bætist:
      Frá Hnífsdal að Gemlufalli við Dýrafjörð.

2. Við tölul. 2 bætist:
og frá vegamótum norðan Gljúfurár að Kláffossbrú.
3. Á eftir tölul. 2 kemur nýr liður:
Laxárdalsvegur, frá Búðardal um Laxárdal og Laxárdalsheiði að vegamótum þjóðvegar utan Borðeyrar.

III. Við C.
1. Í stað orðanna í tölul. 1 »Um Tunguheiði . . . . að Þórshöfn« kemur: Kringum Tjörnes, um Kelduhverfi, Öxarfjörð, Þistilfjörð að Þórshöfn.
2. Aftan við tölul. 2 koma 2 nýir liðir:
a. Vesturhópsvegur, frá Múlavegi við Neðra-Vatnshorn að Hvolsbraut við suðurenda Vesturhópsvatns.
b. Skagastrandarvegur, frá Blöndubrú við Blönduós til Skagastrandar.
3. Aftan við tölul. 3 koma 3 nýir liðir:
a. Hofsósbraut, frá Hofsósi til Hjaltadalsárbrúar.
b. Eyjafjarðarbraut, frá Akureyri að Saurbæ.
c. Kópaskersbraut, frá Kópaskersvogi að vegamótum við Brunnárbrú.

IV. Við D.
Á eftir tölulið 4 kemur nýr liður:
Úthéraðsvegur, frá Eyvindarárbrú um Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá að Óshöfn.

Nd. 418. Frumvarp

til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Magnús Guðmundsson, Haraldur Guðmundsson, Sveinn Ólafsson, Einar Jónsson, Jóhann Þ. Jósefsson, Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnum að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslu- eða bæjarfélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir síns sýslu- eða bæjarfélags, þar sem þeir eiga heimili, 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis húsvist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla 6 mánaða tíma næsta vetur á eftir að vinnan hefir farið fram.

2. gr.

Nú lízt meiri hluta sýslunefndar eða bæjarstjórnar að starfræka lýðskóla með slíku fyrirkomulagi fyrir karlmenn, þá skal það með leynilegri atkvæðagreiðslu borið undir alla kjósendur til sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.

3. gr.

Ef meiri hluti allra kosningabærra manna samþykkir starfrækslu lýðskóla með áðurnefndu fyrirkomulagi, þá skal fullkomið skólahús, af þeirri stærð, er áætlað nemendatal í sýslunni eða bæjarfélaginu útheimtir, byggt á kostnað ríkissjóðs, á þeim stað, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður og yfirstjórn fræðslumála getur fallizt á.

4. gr.

Hætti sýslu- eða bæjarfélag að starfrækja skóla með þessu fyrirkomulagi áður en 20 ár eru liðin frá þeim tíma, að skólahúsið var fullgert, skal það falla aftur til ríkisins með fyrirfram ákveðinni lóð eða landi, til fullrar eignar og allra umráða, nema öðruvísi um semjist milli þeirra, er þá eiga hlut að máli.

5. gr.

Með reglugerð, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn semur og samþykkir og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal ákveða stjórn, tilhögun vinnunnar og skólans.

Þar má setja ákvæði um undanþágu að því er aldurstakmark nemenda snertir, svo og sektarákvæði gagnvart þeim, sem eru þess valdandi, að nemandi kemur eigi til skólavinnunnar, þegar hann er kallaður.

Skulu sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

Loks má í reglugerð setja ákvæði um það, að þann tíma skólaársins, er vinnan og skólinn stendur eigi yfir, sé hverjum nemanda heimilt að leita sér atvinnu þar, sem hann vill, án þess að leysa lausamennskuleyfi, og sömuleiðis ákvæði um það, að ef einhver nemandi vill eigi nota rétt sinn til skólans, þá standi plássið hverjum þeim opið, er stunda vill nám í skólanum lengur en 1 vetur.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni sýslumannsins í Rangárvallasýslu og er samhljóða frumvarpi, er flutt var á síðasta þingi. Vísast til greinargerðar, er þá fylgdi því (sjá Alþt. 1929 A, þskj. 98).

Nd. 419. Lög

um sveitabanka.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl).

I. KAFLI.

Um sveitabanka.

1. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands veitir rekstrarlán til bænda

og annara, er landbúnaðarframleiðslu stunda, eftir reglum þeim, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbankans veitir lán til sparisjóða, samvinnukaupfélaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að féð sé eingöngu notað til þess að lána það út aftur til sveitabanka, sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt lögum þessum. Auk þess getur sparisjóðsdeild bankans veitt sjálf lán beint til rekstrarlánafélaga.

Vexti af lánum þessum ákveður stjórn Búnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra.

3. gr.

Samvinnukaupfélög, er gerast milliliðir um rekstrarlán samkv. 2. gr., skulu halda þeirri starfsemi algerlega aðgreindri frá kaupfélagsstarfrækslu sinni, með sérstakri bókfærslu og aðskildum fjárhag.

4. gr.

Sveitabankar eru rekstrarlánafélög með skyldum og réttindum samvinnufélaga. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með þeim afbrigðum, er hér segir:

a. Félagsmenn skulu allir stunda einhverja tegund landbúnaðarframleiðslu og allir vera búsettir í sama byggðarlagi. Þeir mega ekki færri vera en 10 og ekki fleiri en 50. Þó mega félagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
b. Kjörtími stjórnenda skal eigi lengri vera en 2 ár, og er löglegt, að meiri hluti stjórnar gangi úr á sama ári.

   Annar endurskoðandi félagsins skal kosinn af félaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við um rekstrarlán samkvæmt lögum þessum.
c. Félagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.
d. Árgjald í varasjóð félagsins og aðra óskiptilega tryggingarsjóði skal ákveða í samþykktum, eigi minna samtals en svarar $^1/_2$% ársvöxtum af öllum útlánum félagsins. Allur tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð.
e. Sveitabanka er heimilt að taka við innlögum með sparisjóðskjörum frá mönnum, sem búsettir eru á félagssvæðinu, til útlána handa félagsmönnum eða ávöxtunar í tryggum peningastofnunum.
f. Félagsmaður getur jafnan sagt sig úr félagi með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en um ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins fer eftir lögum um samvinnufélög.
g. Undirskrift formanns og minnst helmings meðstjórnenda hans skuldbindur félagið.

5. gr.

Stjórn sveitabanka ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern félagsmann, í samráði við endurskoðendur, fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal

miða við búrekstur félagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks félagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr.

Utanfélagsmönnum má ekki lána.

6. gr.

Hver félagsmaður setur félaginu veð eða aðra tryggingu, er félagsstjórn telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma.

7. gr.

Lán sveitabanka má veita gegn víxlum, skuldabréfum eða í reikningslánsviðskiptum.

Víxillán má eigi veita til lengri tíma en 6 mánaða og eigi framlengja lengur en svo, að allur lánstíminn verði eitt ár. Reikningslán má veita til eins árs í senn.

8. gr.

Heimili og varnarþing sveitabanka má vera í kauptúni, þar sem félagsmenn hafa aðalviðskipti sín, þótt það sé utan félagssvæðis.

Þar getur og sveitabanki haft skrifstofu undir stjórn umboðsmanns, er annast reikningshald, fjárgeymslu og útborganir bankans og tekur við innlögum og greiðslum til hans. En lán má umboðsmaður sveitabanka ekki veita, né takast á hendur ábyrgð fyrir bankans hönd, nema eftir sérstökum fyrirmælum eða umboði bankastjórnar í hvert sinn.

9. gr.

Sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, er veita sveitabönkum lán, geta í þess stað keypt víxla einstakra félagsmanna með framsalsábyrgð félagsins. Slíka víxla getur stofnunin endurselt með framsalsábyrgð sinni til sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands, enda séu víxlarnir vistaðir þar eða á þá rituð yfirlýsing um, að útgefandi og ábekingar fráfalli afsögn vegna greiðslufalls.

Nú verður víxill, sem sveitabanki hefir ábyrgzt fyrir félagsmann sinn, eigi sýndur á greiðslustað til borgunar á gjalddaga, og glatast þá eigi víxilrétturinn, ef útgefandi og ábekingar hafa, með orðunum »án afsagnar« eða annari slíkri áritun á víxilinn, fráfallið afsögn vegna greiðslufalls.

Víxlar þeir, er sveitabanki ábyrgist fyrir félagsmann sinn, skulu jafnan meðtaldir innan takmarka láns hans samkv. 5. gr., og varasjóðsgjald greiðist af þeim eins og öðrum útlánum rekstrarlánafélaga samkv. 4. gr. d., enda skulu allir slíkir víxlar tilfærðir í bókum sveitabanka.

10. gr.

Auk viðskipta sveitabanka við Búnaðarbanka Íslands, með eða án milligöngu sparisjóða og annara peningastofnana, geta sveitabankar selt víxla sína eða tekið lán hvar sem vera skal.

11. gr.

Um sparisjóðsstarfsemi sveitabanka gilda hin almennu löggjafarákvæði um sparisjóði, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

12. gr.

Stjórn sveitabanka skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni nafnaskrá yfir félagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, í skrifstofu sýslumanns.

Samtímis skal og senda nafnaskrá félagsmanna til peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við, og til Búnaðarbanka Íslands.

13. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal stjórn sveitabanka senda peningastofnun þeirri, er félagið skiptir við, og Búnaðarbankanum, afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Ennfremur tilkynning um breytingar á samþykktum félagsins og nafnaskrá yfir stjórnendur þess og starfsmenn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er félagsmanni sveitabanka rétt að veðsetja honum einu nafni tiltekna flokka búpenings síns, framleiðslutækja og jarðarafurða, er hann á á hverjum tíma eða eignast kann, til tryggingar skuldbindingum sínum við bankann.

Lausafjárveð sveitabanka víkur aðeins fyrir forgangskröfum samkv. 82. og 83. gr. skiptalaga, nr. 3, 12. apríl 1878, en gengur fyrir kröfum samkv. 84. gr. sömu laga.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld fyrir slík veðskjöl.

Sveitabankar hafa lögtaksrétt fyrir öllum kröfum á hendur félagsmönnum sínum.

II. KAFLI.

Um bústofnslánafélög.

15. gr.

Bústofnslánadeild Búnaðarbankans og umboðsskrifstofur hans veita lán til bústofnslánafélaga í sveitum.

16. gr.

Bústofnslánafélögin skulu starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með þeim skyldum og réttindum, sem ákveðin eru í þeim lögum.

Ákvæði 4. gr. þessara laga, stafliðir a, b, c, d, f og g, gilda einnig fyrir bústofnslánafélögin.

17. gr.

Stjórn bústofnslánafélags skal þegar eftir aðalfund senda stjórn Búnaðarbankans afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar, ennfremur skrá yfir útlán félagsins og tryggingar, er félagsmenn hafa sett félaginu fyrir lánum sínum. Auk þess tilkynning um breytingar á samþykktum félagsins og nafnaskrá yfir félagsmenn, stjórnendur þess og starfsmenn.

Bústofnslánafélög geta falið stjórn sveitabanka í sama hreppi að fara með sín mál. En ætíð skal halda aðgreindum fjárhag og reikningum sveitabanka og bústofnslánafélaga. Reikningsár bústofnslánafélaga er almanaksárið.

18. gr.

Bústofnslánafélög veita félögum sínum lán til þess að auka bústofn sinn, eða til að koma upp bústofni. Ennfremur má veita félagsmönnum lán til að kaupa verkfæri til jarðyrkju og heyvinnu. Aldrei má skuld félagsmanns við félagið nema meiru en 2000 kr.

Utanfélagsmönnum má ekki lána.

19. gr.

Útlán bústofnslánafélaga til bústofnskaupa skulu veitast til eigi lengri tíma en 10 ára og með jöfnum afborgunum. Lán til verkfærakaupa veitast eigi til lengri tíma en 5 ára.

20. gr.

Hver félagsmaður skal setja félaginu veð eða aðra tryggingu fyrir lánum sínum.

Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í búfé lántakanda eða öðrum þeim tryggingum, er félagsstjórnin tekur gildar. Séu lánin veitt gegn veði í búfé eingöngu, mega þau ekki nema meiru en helmingi verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá.

21. gr.

Stjórn bústofnslánafélags ber ábyrgð á því gagnvart bústofnslánadeild Búnaðarbankans, að lánsfé sé eingöngu notað til þess, sem ákveðið er í 47. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands. Verði félagsstjórn þess vör, að félagsmaður hafi notað lánið til annars en aukningar á bústofni sínum eða til verkfærakaupa, eða hann hefir fargað aftur af bústofni eða verkfærum, þá er lánið þegar afturkræft. Brot gegn þessum ákvæðum skulu varða 20—200 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð, nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.

22. gr.

Nú flytur félagsmaður bústofnslánafélags burtu af félagssvæðinu, og er þá skuld hans við félagið þegar fallin í gjalddaga.

23. gr.

Ákvæði 51. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands, 1. og 2. málsgr., gilda einnig fyrir bústofnslánafélög, að því leyti er við á.

24. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sveitabanka og bústofnslánafélög og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþykktum slíkra félaga.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 420. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga um verðtoll.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum, svo og lög nr. 5, 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, skulu gilda til ársloka 1931.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt fyrir tilmæli fjármálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Með því að litlar líkur eru fyrir því, að frumvarp það um verðtoll, sem nú liggur fyrir Alþingi, nái fram að ganga sakir tímaskorts, verður óhjákvæmilegt að framlengja þau verðtollslög, sem nú gilda, svo að ríkissjóður missi ekki þær tekjur, sem verðtollurinn gefur. Verðtollurinn fellur úr gildi í árslok 1930, en hér er farið fram á, að hann gildi til ársloka 1931.

Nd. 421. Frumvarp

til laga um skurðgröfur ríkisins og rekstur þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, að kaupa 1 skurðgröfu á ári fyrst um sinn, er séu hentugar hér á landi.

2. gr.

Umsjón og starfræksla skurðgrafna þeirra, er ríkið á nú og keyptar verða, skal falin Búnaðarfélagi Íslands, en það skal hafa í sinni þjónustu mann, er hefir sérþekkingu í þeim efnum.

3. gr.

Búnaðarfélagi Íslands skal falið að láta gera mælingar, kort og áætlanir á þeim svæðum, þar sem áhugi er fyrir slíkum framkvæmdum og telja verður líklegt, að skurðgröfu verði við komið.

4. gr.

Nú hafa kort og áætlanir verið gerðar á einhverju svæði, og geta þá bændur á hlutaðeigandi svæði myndað með sér áveitufélög samkv. 42. — 44., 46. og 47. gr. vatnalaganna frá 1923, eða landþurkunarfélög samkv. 82. gr. sömu laga, og skal um stofnun þess félagsskapar og starfrækslu að öllu farið eftir fyrirmælum vatnalaganna.

5. gr.

Nú er landþurkunar- eða áveitufélag myndað samkv. 4. gr. Ber því þá réttur til, svo fljótt sem ástæður leyfa, að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu. Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og sér um viðhald þeirra, en umsjónarmaður skurðgrafnanna ræður verkstjóra til þeirra. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um rekstur skurðgrafnanna.

6. gr.

Af kostnaði þeim, er leiðir af starfrækslu skurðgrafnanna, þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og vátrygging, þar sem þess er þörf, greiðir ríkissjóður $^1/_3$, $^1/_3$ heimilast landþurkunar- eða áveitufélögunum að útvega sér að láni, en $^1/_3$ skulu landeigendur leggja fram sjálfir, um leið og verkið er framkvæmt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 422. Breytingartillaga

við frv. til laga um skurðgröfur ríkisins og rekstur þeirra.

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 1. gr. Við greinina bætist:

Heimild þessi nær einnig til þess að láta gera tilraunir um smíði og notkun á skurðgröfum.

Nd. 423. Frumvarp

til laga um vigt á síld.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Öll síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin.

Við vigt á síld skulu notaðar þar til hæfar vogir, er taki í einu að minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem síldin er vegin í.

Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af síld, og telst það verðeining.

2. gr.

Þar sem síld er vegin samkvæmt 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga vigtarmenn, sem annist vigt á síldinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Vigtarmenn sjá um, að vogir þær, sem notaðar eru, séu löggiltar og skoðaðar árlega, áður en byrjað er að nota þær.

3. gr.

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögunum varða sektum frá 20—2000 kr. Sektir renna í ríkissjóð.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 11. gr. tilskipunar um mælitæki og vogaráhöld, frá 13. marz 1925, að því leyti, er þau samrýmast ekki lögum þessum. Svo falla einnig úr gildi önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 424. Breytingartillaga

við frv. til laga um bændaskóla.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 10. gr. Á undan síðustu málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þeir einir, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá búfræðideild, eða hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræðingur.

Nd. 425. Breytingartillögur

við frv. til laga um skurðgröfur ríkisins og rekstur þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin »er séu hentugar hér á landi« kemur: af þeirri gerð, er henta þykir hér á landi.
2. Við 3. gr. Fyrir »korte« kemur: uppdrætti.
3. Við 4. gr.
   a. Fyrir »korte« kemur: uppdrættir.
   b. Fyrir »á hlutaðeigandi svæði« kemur: þar.

Ed. 426. Frumvarp

til laga um lögskráning sjómanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 411 með þessari breytingu:

Þriðja málsgr. 9. gr. hljóðar svo:

Lögskráningarstjóra ber að sýna alla lipurð um lögskráningu utan venjulegs starfstíma, þegar nauðsyn krefur. Í Reykjavík skal lögskráningarstjóri sinna lögskráningu alla virka daga frá kl. 9 árd. til kl. 9 síðd., og á helgum dögum, öðrum en föstudeginum langa og fyrra helgidegi stórhátíða, frá kl. 4 til kl. 6 síðd

Ed. 427. Lög

um Menntaskóla á Akureyri.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl).

1. gr.

Á Akureyri skal vera skóli með fjórum óskiptum bekkjum, er nefnist Menntaskólinn á Akureyri. Skal hann, þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, starfrækja gagnfræðadeild með þrem bekkjum, og er heimilt, með samþykki kennslumálaráðuneytisins, að skipta einum þeirra.

2. gr.

Takmark skólans er að búa nemendur undir athafnalíf bæði í andlegum og verklegum efnum og gera þá hæfa til að stunda nám við háskóla og aðrar æðri menntastofnanir.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir pilta og stúlkur.

4. gr.

Í Menntaskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, norðurlandamál, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sagnfræði, trúarbrögð, félagsfræði, bókmenntafræði og listasögu, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og hagnýt vinnubrögð.

Heimilt skal kennslumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum, ef skólameistari mælir með breytingunni.

5. gr.

Íslenzk tunga og náttúruvísindi skulu vera höfuðnámsgreinar í skólanum. Lesskrá skal haga svo, að auðvelt sé að halda nemendum til sjálfstæðra námsiðkana, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

6. gr.

Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokapróf Menntaskólans er stúdentspróf. Ljúka má námi í einstökum námsgreinum í öðrum og þriðja bekk Menntaskólans, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskírteinum.

Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kennslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því.

Heimilt er skólameistara að sleppa nemanda við árspróf, enda hafi hann lofsamlega einkunn eftir veturinn.

7. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð. Þá skal og í reglugerð setja nánari ákvæði um inntökupróf, bekkjarpróf og stúdentspróf.

8. gr.

Heimilt er utanskólamönnum að taka próf úr öllum bekkjum Menntaskólans. Þeir, sem standast prófin í fyrstu þrem bekkjum skólans, hafa leyfi til að setjast í skólann, eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn

úrslitum. Skólameistari má þó bregða út af þessari reglu, ef úrlausn nemanda í einhverri grein sannar, að hann sé gæddur frábærlega góðum gáfum.

9. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í Menntaskólann: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, verði að minnsta kosti 16 ára það ár, sem þeir stunda nám í bekknum. Þó getur kennslumálaráðuneytið veitt einkar þroskuðum nemendum undanþágu, ef þeir eru orðnir 14 ára. Aldurstakmark þeirra, sem setjast í aðra bekki, svarar til inntökualdurs; 2) að þeir séu ekki haldnir neinum næmum sjúkdómi; 3) að siðferði þeirra sé óspillt.

10. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrsta bekk Menntaskólans verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í íslenzku: Geta ritað venjulegt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni íslenzkrar málfræði og höfuðdrætti í íslenzkum bókmenntum, bæði á þjóðveldistímanum og síðan um 1800; 2) Í norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnveginn rétt venjulegt bókmál á dönsku eða sænsku og geta ritað villulítinn stíl almenns efnis á öðruhvoru því máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið létt mál og gert villulítinn stíl um auðvelt efni. 4) Í þýzku: Hafa numið undirstöðuatriði málsins, eftir nánari ákvæðum kennslumálastjórnarinnar. 5) Vera leikinn í að reikna brot og tugabrot, vaxtareikning og almennustu þætti flatarmáls- og rúmmálsfræði. 6) Í sögu: Hafa glöggt yfirlit um æfi frægra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslands og almennri veraldarsögu. 7) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og dýrafræði. Ennfremur aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 8) Í landafræði: Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabréf.

11. gr.

Kennslustundir í hverjum bekk skulu vera 30—33 á viku. Á laugardögum skal kennsla eigi standa lengur en til hádegis.

12. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. Kennslu og prófum ár hvert skal lokið 30. maí, nema í þriðja og fjórða bekk skólans enda prófin í júní. Um skólaleyfi skal ákveðið í reglugerð.

13. gr.

Fastir kennarar skulu vera 7 og er einn þeirra jafnframt skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kennslu allri, húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, ljóss og hita. Fyrir umsjón með heimavist nemenda og risnu vegna skólans fær skólameistari 2000 kr.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Skólameistari og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar eftir launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Svo skal og leita álits skólameistara um skipun fastra kennara.

14. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26 stundir. Heimilt er kennslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukennslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir, eða önnur sérstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

15. gr.

Til þess að geta orðið skipaður fastur kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kennslugreinum sínum, hafa kynnt sér allítarlega kennsluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar skólum og hafa sýnt með að minnsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem með afburðum í kennslu hafa sýnt, að þeir séu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

16. gr.

Skólameistari boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Kennarafundi skulu fastir kennarar og aukakennarar skólans sækja, og hafa þeir atkvæðisrétt. Ennfremur sækja þeir stundakennarar fundi, er þess óska, eða skólameistari kveður til sérstaklega, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt.

17. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn, og skal hann líta eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

18. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans.

19. gr.

Í heimavist skólans skulu þeir nemendur, er þar búa, njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, og ganga utanbæjarnemendur þar fyrir. Nemendur úr Menntaskólanum skulu hafa rétt til $^2/_3$ hluta heimavistanna, en nemendur úr gagnfræðadeild til $^1/_3$ hluta. — Skylt er kennurum skólans að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

20. gr.

Um gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri fer eftir reglugerð, sem kennslumálaráðuneytið setur.

21. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, er kveður nánar á um einstök atriði, er hann varða, svo sem verksvið skólameistara og kennarafunda, umsjón með skólahúsi, skyldur kennara til umsjónar með nemendum skólans, skólaleyfi og annað, er þurfa þykir.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bág við þessi lög.

Nd. 428. Breytingartillaga

við frv. til laga um vigt á síld.

Frá Sveini Ólafssyni, Jóhanni Jósefssyni og Ólafi Thors.

Við 1. gr. Á eftir 1. málsgr. komi: Ef seljandi óskar þess.

Ed. 429. Frumvarp

til laga um refaveiðar og refarækt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Um refaveiðar.

1. gr.

Skylt er sýslunefndum að sjá um, að hreppsnefndir hafi umsjón og eftirlit með eyðing refa, eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort heldur sem lönd þessi liggja innan eða utan sýslufélagsins.

Nú eiga tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman, og annast þeir þá í sameiningu um grenjaleitir.

Heimilt er sýslunefndum að veita þeim hreppum undanþágu frá grenjaleitum, er fullvíst þykir, að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum, eða þar hafi ekki fundizt dýr síðustu árin.

3. gr.

Hreppsnefnd eða þeir, er upprekstrarfélag velur eða sameiginlegur fjallskilafundur fleiri hreppa, skulu ráða einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu í þeim löndum, er þeim ber að annast um samkv. 2. gr. Skal hann (þeir) reiðubúinn til grenjavinnslu hvenær sem gren finnst, ásamt með vökumanni, sem ráðinn er af sömu aðiljum og skotmaður tekur gildan.

4. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 3. gr., að vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggi svo til, að ekki hafi náðzt í skotmann í tæka tíð.

5. gr.

Þegar gren finnst, hvort heldur er í grenjaleit eða ekki, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann gera það, en flýta skal hann sem mest för sinni og þegar í stað fara á grenið aftur og ekki yfirgefa það fyrr en skotmaður kemur. Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, þó finni. En skyldur er sá, sem vitneskju fær, að aðvara skotmann tafarlaust. Skal sá, er þannig varðveitir gren eða aðvarar skotmenn, fá hæfilega þóknun fyrir ómök sín.

6. gr.

Ábúandi ber helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans. Allur annar refaveiðakostnaður greiðist af sveitarsjóði eða sveitarsjóðum (fjallskilasjóði), ef fleiri en einn hreppur eiga afrétt saman.

Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni skiptast eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða trúnaðarmann upprekstrarfélags eða leitarsvæðis.

Nú er gren unnið að einhverju eða öllu leyti á þann hátt, er segir í niðurlagi 4. greinar, og skal þá sá, er dýrunum náði, fá borgun, sem ekki má vera undir helmingi þess, sem hinn ráðni skotmaður hefði fengið, og aldrei meiri en hann hefði haft.

8. gr.

Hreppsnefndir eða þeir, sem valdir hafa verið til þess að sjá um refaeyðing samkvæmt ákvæðum annarar málsgreinar 2. gr., skulu fyrir 1. desember ár hvert leggja fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við refaeyðing í afréttar- eða heimalöndum þeirra.

9. gr.

Nú vinnast hlaupadýr á öðrum tíma en grenjaleit fer fram, og á þá skotmaður 10 kr. fyrir hvert dýr, er hann sannar, að hann hafi unnið. Greiðist gjaldið úr hlutaðeigandi sýslusjóði.

10. gr.

Engu má raska á grenjum nema með samþykki og að fyrirsögn sveitarstjórna. Ekki má láta hunda hlaupa á gren á grenjavinnslutímanum né hafa þar óþarfan umgang eða hark.

11. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir öll þekkt gren og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við gren, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur og látið laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

12. gr.

Sýslunefndum er heimilt að setja með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið staðfestir, nánari reglur um framkvæmd laga þessara innan sýslunnar, svo sem um grenjaleitir, grenjavinnslu og kaupgreiðslu til skotmanna og annað, er lýtur að eyðing refa.

II. KAFLI.

Um refarækt.

13. gr.

Hver sá, er ætlar að setja á stofn refaræktarbú eða stunda refaeldi, þarf til þess leyfi sýslunefndar. Það telst refaræktarbú, þar sem refir eru aldir árlangt, en refaeldi þar, sem refir eru aldir skemmri tíma, hvort sem fleiri eru eða færri.

14. gr.

Bannað er að geyma refi öðruvísi en í fulltryggum girðingum eða annari öruggri vörzlu. Nú sleppur refur úr vörzlu og næst ekki. Skal þá eigandi sæta að minnsta kosti 200 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem sleppur.

15. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um öryggi refagirðinga, geymslu og flutning refa og um lækniseftirlit með refaræktarbúum. Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu hafa sérstakt eftirlit með því, að geymsla refa sé svo örugg sem reglugerð ákveður.

16. gr.

Eigi má flytja út refi lifandi, nema þeir séu fallegir og vel aldir og fylgi dýralæknisvottorð hverri útflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og hvort yrðlingar séu eða eldri dýr.

Þessi vottorð skulu staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

Eigi má flytja út yrðlinga fyrir 20. sept. Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

17. gr.

Hvert refaræktarbú og annað refaeldi er skyldugt að borga allan kostnað, er eftirlit og annað, er búið varðar, hefir í för með sér, eftir reikningi. Verði ágreiningur um reikning, sker sýslunefnd úr.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslusjóð þar sem brotið er framið, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallnar reglugerðir þær um grenjavinnslu og refarækt, er sýslunefndir hinna einstöku héraða hafa sett, að því leyti er þær koma í bága við lög þessi eða reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur um refagirðingar.

Svo eru úr gildi numin lög nr. 48, 28. nóv. 1919, að því er snertir eyðing refa, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 430. Nefndarálit

um frv. til laga um skráning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., og er aðalefni þess það, að flytja hin daglegu störf við skráningu skipa og endurskoðun skipamælinga úr stjórnarráðinu og til skrifstofu skipaskoðunarstjóra.

Telur nefndin rétt, að þessi breyting sé gerð, og hefir hún leitað álits

fjármálaráðherra, en hann telur, að kostnaður við þessi störf þurfi lítið eða ekkert að aukast við breytinguna.

Með þessum forsendum leggur nefndin til, að frv. sé samþykkt.

Alþingi, 5. apríl 1930.

Sveinn Ólafsson, form. Sigurjón Á Ólafsson, fundaskrifari. Ólafur Thors.

Ásgeir Ásgeirsson. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Nd. 431. Frumvarp

til laga um bændaskóla.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera tveir skólar á landi hér, er veiti bændaefnum nauðsynlega undirbúningsmenntun og sérþekking til undirbúnings stöðu þeirra. Skal annar skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór fyrirmyndarbú, rekin á kostnað ríkissjóðs, og veita skólastjórar þeim forstöðu. Þar skulu fram fara hagnýtar tilraunir á ýmsum sviðum landbúnaðarins, svo sem í jarðrækt, kynbótum búfjár og öðru, er að búfjárrækt lýtur.

Í landi skólajarðanna má, ef fært þykir, koma upp nýbýlum, er ætluð séu kennurum skólanna til ábúðar.

3. gr.

Við hvorn skóla skulu vera 4 fastir kennarar, og er einn þeirra skólastjóri. Hefir hann aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. Kennarar hafa allir leigulausa íbúð í skólanum. Fái kennarar ábúð á nýbýlum í landi skólajarðanna samkv. 2. gr., skulu þeir gjalda leigu fyrir landsnytjar og þau hús, er þeir fá til afnota umfram hæfilega kennaraíbúð. Að öðru leyti fer um launakjör kennara eftir launalögum.

4. gr.

Í hvorum skóla eru 2 deildir, búfræðideild með tveimur bekkjum og bændadeild, sem er aðeins einn bekkur.

Skólaárið er frá 15. október til 30. apríl í búfræðideild, en í bændadeild frá 15. október til 15. maí.

5. gr.

Þessi eru skilyrði fyrir inntöku í hvora deild:

a. Að umsækjandi í búfræðideild sé að minnsta kosti 17 ára, en í bændadeild 18 ára.
b. Að hann sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.
c. Að hann fullnægi um þekking þeim skilyrðum fyrir inntöku, sem sett verða í reglugerð.

6. gr.

Í búfræðideild skólans skal kennslan vera bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan skal fara fram með fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta.

Þessar námsgreinar skal kenna bóklega: Íslenzku, stærðfræði og reikningshald, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, hagsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, landafræði, einkum viðskiptalandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffæra- og lífeðlisfræði búfjár, jarðræktarfræði, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði og verkfærafræði.

Í bændadeild skal kenna allar hinar sömu námsgreinar sem í búfræðideild. Þó er skólastjóra heimilt að fella niður kennslu í einstöku undirbúningsnámsgreinum, ef hann telur fært.

Í bændadeild sé kennslan þeim mun yfirgripsminni sem námstíminn er þar styttri en í búfræðideild, og skal þá í öllum undirbúningsnámsgreinum leggja aðaláherzlu á það, sem nauðsynlegt er til skilnings á búfræðinni, og í henni á það, sem að mestu gagni má koma bændum í daglegu starfi þeirra.

Í báðum deildum skal ennfremur kenna: Handavinnu (smíðar), landmælingar, steinsteypugerð, söng, leikfimi og íþróttir, og auk þess í búfræðideild dráttlist og kortagerð.

Heimilt er atvinnumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum í hvorri deild skólans fyrir sig, ef skólastjóri mælir með.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar.

7. gr.

Auk kennslu samkv. 6. gr. skal veita verklega kennslu.

Fyrir nemendur búfræðideildar skal kennslan standa yfir eitt sumar. Leggja skal aðaláherzluna á að kenna öll venjuleg jarðabótastörf með nýtízkuaðferðum, einkanlega með hestum og hestverkfærum. Svo skulu og nemendur stunda heyskaparvinnu og önnur heimilisstörf, allt eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Fyrir nemendur bændadeildar skal kennslan standa yfir í 6—8 vikur fyrir eða eftir slátt, og skulu nemendur á þeim tíma vinna eingöngu að jarðabótum, eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Allir nemendur skólans skulu eiga kost á og hafa skyldu til að kynna sér og fylgjast með rekstri skólabúsins allan þann tíma, er þeir dvelja við skólann, og getur skólastjóri heimtað af þeim skýrslu eða ritgerðir, er sýni, að þeir hafi kynnt sér rekstur búsins.

Það skal vera aðalreglan, að nemendur búfræðideildar stundi verklega námið sumarið milli námsvetranna, en nemendur bændadeildar sumarið á undan námsvetrinum.

8. gr.

Gjalda skal nemendum, sem taka þátt í verklegu námi, kaup fyrir vinnu þeirra, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

9. gr.

Verklega námið skal fara fram á skólajörðunum, eftir því sem hægt er að koma við, en verði verkefni ekki nægilegt á skólastaðnum, skal skólastjóra skylt, í samráði við atvinnumálaráðuneytið, að útvega nemendum verklega kennslu annarsstaðar, á tilraunabúum og búum, er styrks njóta af opinberu fé. Semja má og við einstaka menn, ef þeir eru til þess hæfir, um að veita nemendum kennslu í jarðyrkju.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans.

10. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Heimilt er, að utanskólanemendur gangi undir ársprófin.

Að loknu verklegu námi hvorrar deildar skal og fara fram verklegt próf.

Enginn getur fengið burtfararprófsskírteini frá skólunum, fyrr en hann hefir staðizt burtfararpróf í jarðyrkju.

Þeir einir, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá búfræðideild, eða hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræðingur.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

11. gr.

Heimilt er, ef þörf krefur til þess að fá nemendur í aðaldeildir skólanna nægilega vel undirbúna, að hafa við skólana undirbúningsdeild, ef því verður við komið án aukins húsakosts, og fer þá um fyrirkomulag hennar og starf eftir reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

12. gr.

Búnaðarráðunautar og dýralæknar í opinberri þjónustu eru skyldir til að aðstoða við kennslu í bændaskólunum.

13. gr.

Skólastjóri skal sjá um það, að nemendur bændaskólanna eigi kost á ódýrri þjónustu á skólastaðnum og geti haft sameiginlegt mötuneyti, sem honum ber þó að hafa með eftirlit.

Heimavist skal vera í skólanum fyrir alla nemendur.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá, er meðal annars kveður nánar á um inntökuskilyrði, námsskeið í sambandi við skólana, fyrirkomulag kennslunnar og um próf.

15. gr.

Kostnaður við að gera skólana úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Svo greiðir hann og öll árleg útgjöld þeirra.

16. gr.

Út af breytingum þeim á rekstri skólabúanna, sem lög þessi hafa í för með sér, skal atvinnumálaráðuneytið leita samninga við núverandi skólastjóra. Ef viðunandi samningar nást ekki, koma ákvæði 2. gr. til framkvæmda þegar næst verða skólastjóraskipti.

Að öðru leyti koma lög þessi til framkvæmda 15. okt. 1930.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla, og lög nr. 25, 7. maí 1928, um viðauka við þau lög.

Nd. 432. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa og semja frumvarp til laga um alþýðutryggingar.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Fyrsta málsgr. orðast svo:

Alþingi ályktar að kjósa þriggja manna milliþinganefnd til þess að rannsaka, að hve miklu leyti sé rétt að koma hér á alþýðutryggingum, og undirbúa löggjöf um þau atriði tryggingamálanna, sem hún telur heppileg.

Ed. 433. Tillaga

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa og semja frv. til laga um alþýðutryggingar.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna milliþinganefnd til þess að undirbúa og semja frumvarp til laga um alþýðutryggingar, er ná yfir sjúkra-, elli-, örorku-, slysa- og mæðra- eða framfærslutryggingar.

Nefnd þessi skal jafnframt gera tillögur um ráðstafanir af hálfu ríkis og bæjarfélaga til varnar gegn atvinnuleysi, og hvort veita skuli stofnun þeirri, er verður látin annast alþýðutryggingarnar, einkarétt til þess að taka að sér líftryggingar hér á landi.

Nefndin skal hafa lokið störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi, og skal leggja frv. hennar og tillögur fyrir það.

Nd. 434. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1928.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allrækilega og borið það saman við landsreikninginn. Samkvæmt venju er frv. samið eftir tillögum endurskoðenda. Sú regla, að semja aukafjárlög algerlega eftir tillögum endurskoðenda, gagnrýnislaust, virðist nokkuð hæpin, því oft er skipt um endurskoðendur og því hætt við, að mismunandi reglum sé fylgt um það, hverjar umframgreiðslur eru teknar í aukafjárlög. Þó virðist þessa ekki hafa gætt svo mjög undanfarin ár. Á aukafjárlagafrumvarpi fyrir árið 1920—21, sem lagt var fyrir þingið 1923, voru gerðar allverulegar breytingar. Síðan hefir að mestu verið fylgt sömu reglu og þá var upp tekin um samning á frv. til aukafjárlaga, enda hafa þau verið samþykkt óbreytt eða þá með mjög smávægilegum breytingum. Í þetta frv. eru teknar umframgreiðslur á ýmsum liðum, sem áður hefir ekki þótt ástæða til að taka í fjáraukalagafrv., og er að sumu leyti gengið lengra í því efni en gert var við samningu fjáraukalagafrv. fyrir árið 1920—21. Nefndin sér ekki ástæðu til, að óbreyttu formi fjáraukalaga, að breyta þeirra meginreglu, sem gilt hefir um það, hvaða umframgreiðslum er leitað aukafjárveitinga fyrir eða ekki, og leggur því til, að felldir verði niður nokkrir liðir frv. Að vísu eru nokkrar fleiri umframgreiðslur, sem nú er leitað aukafjárveitinga fyrir, sem vafasamt má telja að eigi að vera í frv., en þar sem ekki virðist hafa verið nein föst regla um það, hvort þær væru teknar í aukafjárlög eða ekki, þá gerir nefndin engar breytingartill. um þær.

Niðurstöðutala rekstrarreiknings er			kr.	14255749.74
Gjöld samkv. áætlun fjárlaga...			—	10453877.97
		Mismunur	kr.	3801871.77
Sjóðaukning hefir orðið á árinu kr.	1070777.90			
Lausar skuldir hafa lækkað ... —	14831.22			
Samningsskuldir lækkað umfr. áætlun... ... ... —	53713.01	kr. 1139322.13		
Endurgreidd lán... ... ... kr.	37920.46			
Eytt af innstæðu ... ... —	116053.25	— 153973.71	kr.	985348.42
Raunverulega hafa þá gjöldin farið fram úr áætlun um... ...			kr.	2816523.35

Samkv. frv. er leitað aukafjárveitinga fyrir ... ... kr. 1822089.15
Nefndin leggur til, að þessi upphæð verði lækkuð um ... ... — 569142.66 kr. 1252946.49
Greitt er samkv. sérstökum lögum og fjáraukal. — 922481.23 — 2175427.72
Hafa þá gjöldin farið fram úr áætlun um... ... ... kr. 641095.63

á þeim liðum, sem talin eru lögboðin gjöld. Stærstu liðirnir, sem hér um ræðir, eru gjöld skv. berklavarnalögunum kr. 411651.94, gjöld skv. jarðræktarlögunum kr. 112069.43 og til Eimskipafélags Íslands kr. 98500.

Nefndin vill vekja athygli stjórnarinnar á því, hvort ekki muni rétt að taka upp annað form á fjáraukalögunum en verið hefir, þannig að teknar yrðu í fjáraukalög allar frávikningar frá fjárlögum, eins og tíðkast mun hjá nágrannaþjóðum vorum.

Nefndin sér ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frumvarpið að svo komnu. Leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. 20 f. Liðurinn falli burt.
2. — - — — g. Liðurinn falli burt.
3. — - — — i. Liðurinn falli burt.
4. — 5. — VII 2. Liðurinn falli burt.
5. — 8. — 5. Liðurinn falli burt.
6. — 9. — 1. Liðurinn falli burt.

Alþingi, 5. apríl 1930.

H. Stefánsson, formaður. Hannes Jónsson, fundaskr. og frsm. Héðinn Valdimarsson.

Nd. 435. Nefndarálit

um frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum 1928.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið frv. saman við landsreikninginn og ekkert fundið við hann að athuga reikningslega.

Tekjur og gjöld hafa hvorttveggja farið mikið fram úr áætlun.

Tekjuafgangur samkv. reikningnum er kr. 1078533.52.

Um athugasemdir endurskoðenda og tillögur til reikningsúrskurðar tekur nefndin fram, að hún er þeim samþykk í höfuðatriðum.

Að því er athugasemd endurskoðenda undir 3. lið snertir, um ósamræmið milli reikninga Landsbankans og ríkissjóðs, sem endurskoðendur hafa skotið til úrskurðar Alþingis, með því að þeir töldu svör stjórnarinnar ekki fullnægjandi, vill nefndin taka fram það, sem hér segir:

Í landsreikningnum er talið til eignar kr. 1500000.00 innskotsfé ríkissjóðs í Landsbankann, samkv. l. nr. 50 1913. Þessa upphæð hefir Landsbankinn nú afskrifað. Virðist nefndinni því ekki rétt að telja þessa upphæð, eins og stendur, með eignum ríkissjóðs, en viðurkennir hinsvegar, að líkur séu til, að Landsbankinn muni af aflafé sínu geta safnað þessu stofnfé, og þykir því rétt, að krafan um þessa upphæð sé færð innanstriks í skýrslunni um eignir og skuldir ríkissjóðs og sé ekki talin sem eign á annan eða meiri hátt en reikningar Landsbankans bera með sér, að til sé fyrir þessari kröfu á hverjum tíma, sbr. aths. landsbankanefndar við reikning 1928, sem er prentaður undir 3. lið í svari ríkisstjórnar.

Telur nefndin, að við svo búið megi standa að þessu sinni, en framvegis beri að fara eftir tillögum nefndarinnar um færslu á þessum lið reikningsins.

Nefndin vill að lokum benda á, að í skýrslu um eignir og skuldir ríkisins 31. des. 1928 er undir 13. lið skuldamegin enska lánið 1921, £ 119582-4-6, talið í íslenzkum kr. 2523184.95, og er þá pundið reiknað á kr. 21.10. Þar sem gengið hefir staðið svo lengi fast, virðist rétt að reikna með núverandi gengi, kr. 22.15, og vill nefndin benda á, að framvegis verði hið raunverulega verð pundsins lagt til grundvallar við færslu þessa liðs.

Alþingi, 4. apríl 1930.

H. Stefánsson, form., með fyrirvara.	Ólafur Thors.	Sig. Eggerz, frsm.	Héðinn Valdimarsson.

Ed. 436. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 11. gr. A. 8. (Endurskoðun skipamælinga).
   Liðurinn fellur burt.
2. — 12. — 8. (Jón Kristjánsson).
   Liðurinn fellur burt.
3. — 12. — 16. o. (Unnur Vilhjálmsdóttir).
   Liðurinn fellur burt.
4. — 12. — 16. p. (Lúðvíg Guðmundsson).
   Liðurinn fellur burt.

5. Við 13. gr. Stafliður F. verði stafliður D. og stafliðaröðin breytist samkvæmt því.
6. — 14. — A. b. 7. (Hallgrímskirkja).
Liðurinn fellur burt.
7. — 14. — B. I. d. (Kennsla í söng).
Liðurinn fellur burt.
8. — 14. — B. I. i. (Rekstrarstyrkur til rannsóknastofu).
Fyrir »2500« kemur 6000
9. — 14. — B. I. j. (N. Dungal).
Liðurinn fellur burt.
10. — 14. — B. II. c. (Jens Jóhannesson).
Liðurinn fellur burt.
11. — 14. — B. II. d. (Gunnar Bjarnason).
Liðurinn fellur burt.
12. — 14. — B. IX. a. (Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur).
a. Fyrir »6000« kemur 7500
b. Aftan við liðinn bætist:
Þar af til framhaldskennslu 1500.
13. — 14. — B. IX. e. (Framhaldsnám erlendis).
a. Fyrir »5000« kemur 4000
b. Athugasemdin (Þar af 1000 kr. til Jóns Sigurðssonar o. s. frv.) fellur niður.
14. — 14. — B. XIV. 1. b. Nýr liður:
Til vatnsveitu í skólann 9000
15. — 14. — B. XIV. 5. (Bygging héraðsskóla).
a. Fyrir »30000« kemur 40000
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 10000 kr. til leikfimihúss á Laugum.
16. — 14. — B. XX. (Íþróttakennsla).
Fyrir »4000« kemur 3000
17. — 14. — B. XXI. (Íþróttasamband Íslands).
Fyrir »6000« kemur 4000
18. — 14. — B. XXII. (Unnur Jónsdóttir).
Liðurinn fellur burt.
19. — 14. — B. XXIII. (Helgi Tryggvason).
Liðurinn fellur burt.
20. — 15. — 16., 17., 18., 19. og 20. (Sig. Skúlason, Árni Þórarinsson, Benedikt Björnsson, Margeir Jónsson og Oddur Oddsson).
Þessir 5 liðir falla niður.
21. — 15. — 28. (Páll Ísólfsson).
Fyrir »2500« kemur... 2000
22. — 15. — 29. (María Markan).
Liðurinn fellur burt.

23. Við 15. gr. 30. (Karlakór Reykjavíkur).
Liðurinn fellur burt.
24. — 15. — 31. (Þórður Kristleifsson).
Liðurinn fellur burt.
25. — 15. — 32. Nýr liður:
Til Guðmundar Kambans, til ritstarfa 2000
26. — 15. — 39. (Guðmundur Finnbogason).
Aftan við liðinn bætist: Lokagreiðsla.
27. — 16. — 18. (Landmælingar).
Fyrir »45000« kemur 55000
28. — 16. — 20. (Fiskifélagið).
Fyrir »90000« kemur 80000
29. — 16. — 22. (Eftirlit með skipum og bátum).
Upphæðin »8000« fellur niður, en í þess stað komi tveir nýir stafliðir:
a. Laun skipaskoðunarstjóra 6800
b. Til skrifstofukostnaðar, allt að 5000
30. — 16. — 25. (Mjöll).
Liðurinn fellur burt.
31. — 16. — 32. (Kvenfélagasamband Íslands).
a. Fyrir »10000« kemur 2000
b. Aftan við liðinn bætist: Til undirbúnings starfsemi sinnar.
32. — 16. — 32. Þrír nýir liðir:
a. Til sambands norðlenzkra kvenna 450
b. Til sambands austfirzkra kvenna 300
c. Til sambands sunnlenzkra kvenna 450
33. — 17. — 7. (Slysavarnir).
a. Fyrir »18000« kemur 14000
b. Athugasemd sú, sem stendur við þennan lið, falli burt, en í þess stað kemur:
Enda sé stjórnarráðinu send skýrsla um starfsemina.
34. — 17. — 11. (Stórstúka Íslands).
Fyrir »8000« kemur 10000
35. — 17. — 13.—19. (Slysa- og sjúkrasjóðir).
Á eftir 19. kemur aths.:
Fjárveitingarnar undir þessum tölulíðum eru bundnar því skilyrði, að jafnmikið fé að minnsta kosti komi annarsstaðar að og að stjórnarráðinu sé send skýrsla um starfsemina.
36. — 17. — 20. (Styrktarsj. Margrétar Bjarnadóttur).
Liðurinn fellur burt.
37. — 17. — 21. Þrír nýir liðir:
a. Til Elliheimilisins Grundar Rvík, byggingarstyrkur. 10000

b. Til gamalmennahælis á Ísafirði... 1000
c. Til gamalmennahælis á Seyðisfirði 1000

38. Við 18. gr. II. c. 10. (Þórður Ólafsson).
Fyrir »555« kemur 370

39. — 18. — II. c. 11. Nýr liður:
Til Helga P. Hjálmarssonar 475

40. — 18. — II. d. 5. (Guðrún Ólafsdóttir).
Fyrir »100« kemur 300

41. — 18. — II. f. 25. (Þóroddur Bjarnason).
a. Fyrir »1200« kemur 600
b. Nýr liður:
Til Sigríðar Guðmundsdóttur, ekkju Böðvars Þorlákssonar 300

42. — 18. — II. g. 6. (Guðmundur Friðjónsson).
Fyrir »1200« kemur 1500

43. — 18. — II. g. 10 (Stefán frá Hvítadal).
Fyrir »2000« kemur 1200

44. — 18. — II. g. 13. (Guðmundur Kamban).
Liðurinn fellur burt.

45. — 18. — II. i. 1. (Guðrún Jónsdóttir).
Liðurinn fellur burt.

46. — 18. — II. i. 27. Nýr liður:
Til Grónu Jónsdóttur ljósmóður. 200

47. — 22. — VII. (Ábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað).
Liðurinn fellur niður.

48. — 22. — VIII. (Ábyrgð fyrir kvennaskólann í Rvík).
Fyrir »40000« kemur: allt að 48000.

49. — 22. — IX. (Ábyrgð fyrir Súðavíkurhrepp).
Liðurinn fellur niður.

50. — 23. — Aftan við greinina bætast tvær málsgreinar:
a. Stjórninni er heimilt að endurgreiða Steinþóri Guðmundssyni fyrrv. skólastjóra iðgjöld þau, er hann hefir greitt í lífeyrissjóð barnakennara.
b. Stjórninni er heimilt, að fenginni reynslu, að kaupa 2 snjóbifreiðar, til flutninga á Holtavörðuheiði og Fagradal.

Ed. 437. Breytingartillaga

við frv. til laga um fræðslumálastjórn.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Fræðslumálastjóri hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., er hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 7000 kr., en skrifstofukostnaður greiðist eftir reikningi, samþykktum af ráðuneytinu.

Ed. 438. Lög

um löggilding verzlunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi.

(Afgreidd frá Ed. 7. apríl).

1. gr.

Í Selárvík í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Löggilding þessi kemur til framkvæmda, þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. 439. Frumvarp

til laga um fræðslumálastjórn.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra kennslu- og skólamála.

2. gr.

Fræðslumálastjóri stýrir framkvæmdum í kennslu- og skólamálum. Hann sér um að gildandi lögum og fyrirmælum um fræðslumál sé hlýtt og heimtar allar nauðsynlegar skýrslur um skólahald í landinu.

Álits fræðslumálastjóra skal leitað um öll skólamál, sem undir fræðslumálaráðuneytið falla. Þó er Háskóli Íslands undanskilinn ákvæðum þessara laga.

Kennslumálaráðuneytið getur falið fræðslumálastjóra fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af, enda sendi hann ráðuneytinu ársfjórðungslega skrá um þau mál, er þannig hafa verið afgreidd.

Nánar skal ákveða í reglugerð um skyldur og störf fræðslumálastjóra.

3. gr.

Fræðslumálastjóri hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., er hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 7000 kr., en skrifstofukostnaður greiðist eftir reikningi, samþykktum af ráðuneytinu.

4. gr.

Fyrir barnaskóla, héraðsskóla og gagnfræðaskóla skulu vera skólaráð.

Fræðslumálastjóri er formaður og framkvæmdarstjóri þeirra. Í skólaráði sitja auk hans:

1. Fyrir héraðs- og gagnfræðaskóla: Einn maður kosinn af félagi héraðsskólakennara og annar kosinn af föstum kennurum gagnfræðaskóla í kaupstöðum.
2. Um skólaráð barnaskóla fer eftir lögum nr. 19 1928, um fræðslumálanefndir.

Ráðuneytið setur reglugerð um kosningar, skyldur og störf skólaráða.

5. gr.

Skólaráð gera tillögur til kennslumálaráðuneytisins um námsskrár, kennslubækur, kennsluáhöld og tilhögun prófa, hvert á sínu sviði.

Kostnaður við skólaráð telst til skrifstofukostnaðar fræðslumálastjóra. Skólaráðsmenn gegna störfum endurgjaldslaust.

6. gr.

Við barnaskóla skal vera kennslueftirlit. Til eftirlitsins skulu skipaðir hinir hæfustu barnakennarar, einn fyrir hvert eftirlitssvæði til fimm ára í senn. Eftirlitssvæði skulu einkum fara eftir sýslum og kaupstöðum, en þó má víkja frá því, þegar annað þykir hentara.

Eftirlitsmenn skulu a. m. k. einu sinni á ári koma í hvert skólahérað í sínu umdæmi, á þeim tíma, sem kennsla fer fram, og senda skólanefnd og fræðslumálastjóra árlega skýrslu um fræðsluástand síns héraðs.

Eftirlitskennurum skal skylt að halda þau próf, sem fræðslumálastjórnin fyrirskipar, og veita leiðbeiningar um kennslu og skólaskipun. Fræðslumálastjórnin setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsvið eftirlitskennara og störf þeirra.

7. gr.

Laun og ferðakostnaður eftirlitskennara barnaskólanna greiðist úr ríkissjóði eftir þeim reglum, sem fræðslumálastjórnin setur. Launa- og ferðakostnaðargreiðslur til þeirra mega ekki fara fram úr 15 þús. kr. á ári, og falla þá niður launagreiðslur úr ríkissjóði til prófdómenda samkv. 18. gr. laga nr. 40 1926, um fræðslu barna. Kostnaður, sem af prófum leiðir, greiðist hér eftir úr sveitar- eða bæjarsjóðum, enda skulu skólanefndir skipa prófdómendur.

8. gr.

Til kennslueftirlits við aðra skóla skulu settir skólafróðir menn um stundarsakir, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

9. gr.

Fræðslumálastjóri hefir yfirstjórn kennslueftirlitsins og lítur eftir skólum sjálfur, eftir því sem ástæður leyfa.

10. gr.

Fræðslumálastjóri hefir yfirumsjón með þeim skólabókasöfnum og al-

þýðubókasöfnum, námskeiðum og fyrirlestrum, er styrk fá úr ríkissjóði, og heimtar um allt þetta árlegar skýrslur.

11. gr.

Fræðslumálastjóri skal árlega gefa út yfirlitsskýrslu um allt skólahald í landinu.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin ákvæði, er fara í bág við þessi lög.

Nd. 440. Tillaga

til þingsályktunar um styrk samkvæmt jarðræktarlögunum.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson og Jón Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að nema úr gildi breytingar þær viðvíkjandi jarðræktarstyrknum, sem gerðar voru á síðastliðnu ári og valda lækkun hans, en taka upp í þeirra stað hinar eldri reglur um styrkinn.

Ed. 441. Frumvarp

til laga um vigt á síld.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Öll síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin, ef seljandi óskar þess.

Við vigt á síld skulu notaðar þar til hæfar vogir, er taki í einu að minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem síldin er vegin í.

Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af síld, og telst það verðeining.

2. gr.

Þar sem síld er vegin samkvæmt 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga vigtarmenn, sem annist vigt á síldinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Vigtarmenn sjá um, að vogir þær, sem notaðar eru, séu löggiltar og skoðaðar árlega, áður en byrjað er að nota þær.

3. gr.

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögunum varða sektum frá 20—2000 kr. Sektir renna í ríkissjóð.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 11. gr. tilskipunar um mælitæki og vogaráhöld, frá 13. marz 1925, að því leyti, er þau samrýmast ekki lögum þessum. Svo falla einnig úr gildi önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 442. Frumvarp

til laga um skurðgröfur ríkisins og rekstur þeirra.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, að kaupa 1 skurðgröfu á ári fyrst um sinn, af þeirri gerð, er henta þykir hér á landi. Heimild þessi nær einnig til þess að láta gera tilraunir um smíði og notkun á skurðgröfum.

2. gr.

Umsjón og starfræksla skurðgrafna þeirra, er ríkið á nú og keyptar verða, skal falin Búnaðarfélagi Íslands, en það skal hafa í sinni þjónustu mann, er hefir sérþekkingu í þeim efnum.

3. gr.

Búnaðarfélagi Íslands skal falið að láta gera mælingar, uppdrætti og áætlanir á þeim svæðum, þar sem áhugi er fyrir slíkum framkvæmdum og telja verður líklegt, að skurðgröfu verði við komið.

4. gr.

Nú hafa uppdrættir og áætlanir verið gerðar á einhverju svæði, og geta þá bændur þar myndað með sér áveitufélög samkv. 42.—44., 46. og 47. gr. vatnalaganna frá 1923, eða landþurkunarfélög samkv. 82. gr. sömu laga, og skal um stofnun þess félagsskapar og starfrækslu að öllu farið eftir fyrirmælum vatnalaganna.

5. gr.

Nú er landþurkunar- eða áveitufélag myndað samkv. 4. gr. Ber því

þá réttur til, svo fljótt sem ástæður leyfa, að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu. Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og sér um viðhald þeirra, en umsjónarmaður skurðgrafnanna ræður verkstjóra til þeirra. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um rekstur skurðgrafnanna.

6. gr.

Af kostnaði þeim, er leiðir af starfrækslu skurðgrafnanna, þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og vátrygging, þar sem þess er þörf, greiðir ríkissjóður $^1/_3$, $^1/_3$ heimilast landþurkunar- eða áveitufélögunum að útvega sér að láni, en $^1/_3$ skulu landeigendur leggja fram sjálfir, um leið og verkið er framkvæmt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 443. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á áfengislögum, nr. 64, 7. maí 1928.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hlutinn telur frv. þetta, er felur í sér ýmsar leiðréttingar, skýringar og viðauka við áfengislögin, vera til bóta, og leggur því til að það verði samþykkt með 2 brtt. Taka vill minni hl. fram og leggja áherzlu á, að refsing fyrir hlutdeild verði aðeins beitt að því er snertir brot, er framin eru fyrir ávinningssakir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 4. gr. a-lið:

1. Fyrir »að áfengi sé nauðsynlegt til lækninga« komi: að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga.
2. Fyrir »nautna« komi: nautnar.

Alþingi, 7. apríl 1930.

Magnús Torfason, fram. Héðinn Valdimarsson.

Ed. **444. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir ekki orðið sammála um frumvarp þetta. Minni hl. nefndarinnar (JóhJóh) er á móti frv., en meiri hl. leggur til, að það gangi fram.

Því hefir verið haldið fram til andmæla gegn frv. þessu, að með kvöð þeirri, sem það leggur á læknakandidata, sé heft utanför þeirra læknaefna, til framhaldsnáms erlendis, sem kvaddir verða til að inna störf af hendi samkvæmt frv. Telur meiri hl. nefndarinnar þessa ástæðu mjög veigalitla, því frv. ákveður, að full laun skuli greidd fyrir þau störf, sem þeim yrðu falin. Munu margir læknanemar vera þann veg efnum búnir að afloknu prófi, að þeim kæmi vel að geta unnið sér inn nokkurt fé strax að prófi loknu og um leið fengið æfingu í lífsstarfi sínu. Þó að utanför frestaðist um eitt ár, virðist það ekki ætti að valda miklu tapi fyrir hlutaðeigendur, þar sem flestir lúka námi tiltölulega ungir, og ætti því framtíð þeirra sem lækna að vera jafntrygg, þó þeir legðu eitt ár í þjónustu ríkisins. Enda telur meiri hl. það rétt, að þeir kandidatar, sem hefðu á þennan hátt unnið fyrir þjóðfélagið, gengju fyrir öðrum umsækjendum um styrk til utanfarar, og leggur meiri hl. sérstaklega mikla áherzlu á þetta atriði.

Þá hefir því og verið haldið fram, að læknanemar að afloknu prófi hefðu ekki fjárráð til að kaupa nauðsynleg læknisáhöld og lyfjabirgðir og að óhæfa væri að skylda þá til þess, þar sem gera mætti ráð fyrir, að þeir gegndu ekki þessu starfi nema í bili. Viðurkennir meiri hl., að í sumum tilfellum hefir þessi mótbára við nokkur rök að styðjast, t. d. þar sem um læknishéröð er að ræða, sem læknir hefir flutt úr og engin áhöld eru því til, sem hægt væri að fá til notkunar. En meiri hl. lítur svo á, að í þeim héruðum, sem örðugast er að fá lækna og sem gera má ráð fyrir að oft þyrfti að neyta ákvæða frv. þessa, ef að lögum yrði, til þess að hægt væri að fullnægja kröfu og þörf íbúanna um viðunandi læknishjálp, þá væri það sjálfsagt, að ríkið legði til læknisáhöld og lyfjaforða, því að með því móti yrði oft léttara að fá menn til að gegna þar læknisstörfum og síður hætt við, að héraðsbúar þyrftu langtímum saman að búa við fjarlæga eða enga læknishjálp. Treystir meiri hl. heilbrigðisstjórn landsins til ráðstafana þeirra um þetta atriði, sem við framkvæmd laganna sýndu sig að vera nauðsynlegar.

Þá breytingu finnur meiri hl. ástæðu til að gera á frv., að stytta þann tíma, úr tveimur árum niður í sex mánuði, sem ríkisstjórninni er heimilt að krefjast, að kandídatar taki að sér störf í þágu hins opinbera að afloknu prófi. Leggur meiri hl. nefndarinnar því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna »á fyrstu tveimur árum« komi: á fyrstu sex mánuðum.

Alþingi, 4. apríl 1930.

Jón Baldvinsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.

Ed. 445. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

Frá fjárveitinganefnd.

Enn sem fyrr hefir nefndinni verið það ljóst, að fyllsta þörf væri á því að hraða afgreiðslu fjárlaganna í Ed. 76 dagar voru liðnir frá þingsetningu, er frv. var lagt fyrir deildina til 1. umr. Er þessa ekki getið hér til að áfellast Nd. fyrir seinlæti — enda að þessu sinni sérstakar og öldungis óvanalegar tafir og truflanir í þinginu, er stöfuðu af lokun Íslandsbanka —, heldur er á þetta drepið til stuðnings þeirri skoðun nefndarinnar, að hraða þyrfti afgreiðslu fjárlaganna í Ed. svo sem frekast væri unnt, ef þing ætti ekki að standa óhæfilega lengi.

Enda þótt fjvn. hafi lokið tillögum sínum til annarar umr. aðeins tveim sólarhringum eftir að deildin hafði vísað frv. til nefndarinnar, þá ber þó eigi að líta svo á, að störf nefndarinnar hafi eingöngu verið unnin á þeim tíma.

Í Nd. var tekin upp sú nýbreytni, að eldhúsdagsumræður færu ekki fram fyrr en við 3. umr. fjárl. að lokinni atkvæðagreiðslu. Af þessari breytingu leiddi það, að fjvn. Ed. gat fengið frv. fullbúið frá Nd. 10 dögum fyrr en ella hefði orðið. Nefndin reyndi að nota vel þennan tíma, enda hafði áður lesið yfir margt af þeim skjölum, er fyrir lágu.

Í fjárlagafrv. því, er stjórnin lagði fyrir þingið, voru útgjöld áætluð 12216600 kr. Við meðferð Nd. hækkuðu raunveruleg útgjöld um nálægt 536000 kr. Við athugun frv. kemur í ljós, að hækkun þessi skiptist þannig, talið í heilum þúsundum:

1.	Leiðréttingar	c. kr.	100000
2.	Samgöngumál...	- —	200000
3.	Verklegar framkv....	- —	75000
4.	Skólar	- —	70000
5.	Launabætur	- —	10000
6.	Persónulegir styrkir	- —	45000
7.	Líknarstarfsemi	- —	12000
8.	Ýmislegt	- —	24000
	Samtals ...	kr.	536000

Þar sem útgjöld í frv. eru eftir tillögum Nd. áætluð nál. 12800000 kr., eða uál. 870000 kr. hærri en í gildandi fjárlögum, og þar sem nefndinni er það ljóst, að eðlilega hljóta einhver útgjöld að bætast við í Ed., þá virtist nefndinni það bein skylda sín að gera tilraun til að draga úr þeim útgjöldum, sem þegar voru komin í frv. En nefndinni er óljúft að ráðast á nauðsynlegar verklegar framkvæmdir, fyrr en í síðustu lög. Ganga því lækkunartillögur nefndarinnar að þessu sinni aðallega út yfir persónustyrki og annað það, sem frekast má telja líks eðlis. Þess skal þó getið um stóran framkvæmdalið (13. gr. D., til Flugfélags Íslands

70000 kr.), að til orða kom að fella þann lið burtu, þótt ákvörðun sé frestað til 3. umræðu.

Verður svo hér á eftir gerð grein fyrir helztu breytingartillögum nefndarinnar, eða meiri hl. hennar, því að um ýmsar tillögur gat nefndin ekki öll orðið sammála.

12. gr.

Nefndin verður að leggja á móti því, að þingið veiti einstaklingum sjúkrastyrki. Þó er nefndinni ljóst, að margir kunna þeir menn að vera í landinu, er kæmi vel og jafnvel hefðu brýna þörf fyrir þesshättar hjálp, en nefndin telur ekki líkur til þess, að þingið hafi aðstöðu til að beita réttlæti í þessum efnum. Það verður handahóf, hverjir um slíka styrki sækja, og getur einnig orðið handahóf, hverjir af umsækjendum yrðu teknir til greina. Þess vegna leggur nefndin til, að niður falli sjúkrastyrkur til Unnar Vilhjálmsdóttur, 1000 kr., og styrkur til Lúðvígs Guðmundssonar til að leita sér lækninga erlendis, 2000 kr.

14. gr.

Við þessa gr. hefir nefndin gert 14 brtt. Eru 5 þeirra um að fella í burt styrki til náms erlendis.

Þar sem nú og að undanförnu hafa verið ætlaðar árl. í fjárlögum 24000 kr. til styrktar ísl. stúdentum í erlendum háskólum, og auk þess eru nú ætlaðar 12000 kr., sem menntamálaráðið úthlutar til ýmiskonar náms erlendis, þá verður nefndin að leggja á móti því, að þingið sé auk þessa að úthluta sérstökum einstaklingsstyrkjum í sama augnamiði. Enda var það ásetningur þingsins, er það lagði til upphæð þá, er menntamálaráðið úthlutar, að á þann hátt losaðist þingið algerlega við úthlutun erlendra námsstyrkja, með allri þeirri tímatöf og handahófi, er því fylgir.

Nefndin leggur til, að niður falli byggingarstyrkur til Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, 3000 kr., fyrsta greiðsla af þremur. Gert er ráð fyrir, að sú bygging kosti 45 þús. kr. Til er nú í peningum og greiðsluloforðum aðeins helmingur þeirrar upphæðar (c. 23000 kr.). Telur nefndin því of snemmt að ráðast í þá framkvæmd fyrr en meiru fé hefir verið safnað.

Þá leggur nefndin til, að rekstrarstyrkur til rannsóknastofu háskólans verði ákveðinn í einu lagi 6000 kr. Taldi nefndin ekki ósennilegt, að sameina mætti forstöðu stofunnar við forstöðu rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna (sbr. lög nr. 17, 14. júní 1929), og gerir þá jafnvel ráð fyrir, að samningar geti tekizt við Níels P. Dungal um forstöðuna.

Nefndin leggur til þrennskonar hækkun til skólanna: Iðnskólans í Reykjavík til framh.náms 1500 kr., Eiðaskóla til vatnsleiðslu 9000 kr., og Laugaskóla upp í kostnað við að reisa leikfimihús, 1000 kr.

Alla þessa liði telur nefndin mjög nauðsynlega.

Nefndin leggur til, að allmargir námsstyrkir og rithöfundastyrkir falli burt af þessari grein, með því að hún lítur svo á, að Alþingi eigi ekki að hafa slíka úthlutun með höndum; bæði sé hún of tímafrek fyrir þingið og stórhætta sé á, að það verði með því móti teningskast, hverjir hreppi styrkina, og loks séu

takmörk fyrir, hvað þingið megi veita í þessu skyni. Eðlilegast sé, að menntamálaráðið úthluti slíkum styrkjum, að því leyti sem þingið sér fært að veita fé til.

Þá virðist það mjög óeðlilegt, að ungir rithöfundar, svo sem Guðmundur Kamban, séu settir í 18. gr. á bekk með gömlum rithöfundum, og er því lagt til, að hann sé fluttur í 15. gr.

16. gr.

Atvinnumálaráðherra gaf þær upplýsingar, að ekki yrði hjá því komizt að hækka liðinn til landmælinga um 10000 kr., svo sem hér er gert ráð fyrir.

Nefndin leggur til, að styrkur til Fiskifélags Íslands sé lækkaður um 10 þús. kr. Byggir nefndin þessa tillögu sína á því, að Fiskifélagið hefir á undanförnum árum varið nokkru fé til styrktar fyrirtækjum, sem heyrir beint undir þingið að leggja fé til, ef þau á annað borð eru styrkt. Má þar til nefna, að Fiskifélagið varði um 27 þús. kr. árið 1929 til slíks, og skulu hér nefndar nokkrar upphæðir sem dæmi um styrkveitingar félagsins frá því ári:

Slysavarnafélag Íslands	kr.	6000
Bryggja á Akranesi	—	2000
Þorlákshöfn	—	3897
Brimbrjótur í Bolungavík	—	5000
Skálar á Langanesi	—	5000
	Kr.	21897

Verður ekki betur séð en Fiskifélagið hafi með tilgreindum fjárveitingum gengið inn á valdsvið Alþingis, þar sem þingið hefir veitt fé til lendingarbóta og bryggjugerða, og slysavarnafélag Íslands nýtur allverulegs styrks hjá ríkinu.

Lagt er til, að 22. liður 16. gr. sé sundurliðaður í tvo stafliði: laun skipaskoðunarstjóra, kr. 6800, og skrifstofukostnaður hans, kr. 5000. Er það gert í samræmi við lög nr. 20, 14. júní f. á. Jafnframt er lagt til, að niður falli liðurinn 11. gr. A. 8, kr. 1000.

Nefndin telur, að árangur af starfsemi »Mjallar« í Borgarnesi sé mjög vafasamur. Leggur því til, að styrkur sá, sem henni er ætlaður, kr. 6000, falli niður.

Þá lítur nefndin svo á, að Kvenfélagasamb. Ísl. hafi ekki nægilega búið sig undir þá starfsemi, er það byggst að framkvæma. Vill því ætla þessu félagasambandi 2000 kr., til undirbúnings starfsemi sinni, en ætlar fjórðungasamböndunum líkan styrk og að undanförnu.

17. gr.

Fyrir lágu umsóknir um styrk til gamalmennaheimila í Reykjavík, Ísafirði og Seyðisfirði. Nefndin viðurkennir tilgang þessarar starfsemi og leggur til, að elliheimilinu Grund í Reykjavík verði veittar 10000 kr., en gamalmennahælum á Ísafirði og Seyðisfirði 1000 kr. hvoru.

Þá leggur nefndin til, að slysavarnafélaginu og sjúkrasjóðum þeim, sem styrks njóta, sé gert að skyldu að senda stjórnarráðinu skýrslur um starfsemi

sína, og að skilyrði fyrir styrk til einstakra sjúkrasjóða sé, að þeir fái jafnmikið fé frá öðrum.

22. gr.

Nefndin leggur til, að niður falli ábyrgðir fyrir raforkuveitulánum á Siglufirði og í Súðavíkurhreppi. Þar sem rannsókn stendur yfir um raforkuveitumál landsins, þá telur nefndin ekki rétt, að ríkið stuðli að þessum framkvæmdum nú.

23. gr.

Ef snjóbifreið sú, sem þegar hefir verið keypt, gefur góða raun, leggur nefndin til, að keyptar verði tvær snjóbifreiðar til vöruflutninga, og ætlast til þess, að önnur verði notuð á Holtavörðuheiði, en hin á Fagradal.

Fyrir ýmsum breytingartillögum, sem hér eru ekki nefndar, verður gerð grein í framsögu.

Alþingi, 7. apríl 1930.

Jón Jónsson, form.	Páll Hermannsson, fundaskr. og frsm.	Ingibjörg H. Bjarnason.

Eiríngur Friðjónsson. Jóh. Jóhannesson.

Nd. 446. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta nokkuð og leitað sér upplýsinga um einstaka liði þess. Vill hún geta ýmsra athugasemda og upplýsinga viðvíkjandi frv., og eru þetta þær helztu:

4. gr. 1. Til umbóta og breytinga á pósthúsinu á Ísafirði. Hús þetta, sem er stórt og vandað, var byggt um 1920 og kostaði þá ca. 300 þús. kr. Árið 1928 keypti ríkisstjórnin það undir póst og síma á Ísafirði fyrir 35 þús. Síðan hefir verið varið til umbóta og breytinga á því þessari upphæð, 25592,08, og kostar því ríkið nú um 60 þús. Töluvert af húsi þessu er nú leigt út til annarar notkunar.

4. gr. 2. Til póst- og símahúss í Neskaupstað. Þar hefir sömuleiðis verið keypt hús til starfrækslu síma og pósts á staðnum. Húsið er 3 ára gamalt, hæfilega stórt til íbúðar fyrir umsjónarmann pósts og síma og starfrækslu hvorstveggja.

5. gr. 6. Aðgerð og breytingar Menntaskólans. Alls hefir verið kostað til þessa 46 þús. kr. á árunum 1929—30 samkv. upplýsingum frá húsameistara ríkisins. Liggur kostnaðurinn einkum í því, að komið hefir verið upp heimavistum

(28 talsins), bæði á lofti skólahússins og eins á lofti bókhlöðunnar (Íþöku) og ennfremur ýmsum endurbótum á henni.

5. gr. 12. Um Laugaskóla upplýstist það, að þessar 5000 kr. eru síðasta útborgun á byggingarstyrk ríkisins, sem þá nemur alls kr. 77 þús., en 13. liður sömu greinar (2. 772,21 fyrir gólfdúka) er eina fjárveitingin til skólans, sem ekki hefir komið fé á móti frá héraðinu.

Um húsmæðraskólann á Laugum, sem í þessari grein er einnig með 7000 kr. byggingarstyrk, fékk nefndin þær upplýsingar, að til hans er nú komið alls 31 þús. kr. úr ríkissjóði.

Fjárveiting 7. gr. 1. til sjómælinga á Húnaflóa (ca. 50 þús.) er kostnaður við úthald »Þórs« o. fl. þann tíma, sem hann var þar við mælingarnar síðastl. sumar. Sundurliðun á kostnaðinum eða tímalengdina hefir nefndin ekki fengið, en þykir upphæðin hinsvegar allhá. Þó má geta þess, að fyrir þessar mælingar fannst ný og skemmri siglingaleið frá Blönduósi inn í Hrútafjörðinn en áður þekktist.

Um 7. gr. 2. (húsaleigu, ljós og hita í teiknistofu ríkisins) vill nefndin segja það, að hún álítur sjálfsagt, að þessi liður verði eftirleiðis settur inn í fjárlögin, þar sem sýnt er af undanfarandi fjáraukalögum og eðli málsins, að hér er um árlega greiðslu að ræða, sem ekki verður komizt hjá.

7. gr. 4. Til flugferða. Nefndinni þykir þetta næsta mikil upphæð og álítur slíkar greiðslur utan fjárlaga, eftir »áskorunum« hinna og annara, mjög óviðeigandi.

Þá kemur *9. greinin.* Í henni eru þrír liðir, 2., 4. og 5., sem allir eru stílaðir á undirbúning alþingishátíðarinnar. Af þessum upphæðum er ekki nema nokkur hluti, sem alþingishátíðarnefndin vill samþykkja eða viðurkenna að hafa ávísað. Þó að fjárveitinganefnd álíti nokkuð aukaatriði, hvernig útgjöld þessi eru færð, þar sem þau öll eru greidd úr ríkissjóði og öllum er varið beint og óbeint til umbóta á Þingvöllum, þá áleit hún samt rétt að verða við tilmælum hátíðarnefndar, að breyta færslum á nokkrum upphæðum, og flytur í samræmi við það breytingartillögur við þá liði. Nokkur hluti þess kostnaðar verður tekinn út af frumvarpinu samkv. till. ríkisstjórnarinnar.

Að lokum vill nefndin geta þess, að henni virðist, að bókhald ríkisins muni eigi vera svo skýrt og greinilegt sem vera bæri, og greiðslur til samskonar fyrirtækja stundum færðar á mismunandi liði. Meðal annars er það álit hennar, að sjálfsagt sé að láta allar greiðslur til opinberra bygginga, sem kostaðar eru af ríkisfé að nokkru eða öllu leyti, ganga í gegnum skrifstofu húsameistara ríkisins, á sama hátt og greiðslur vegna vegamála ganga gegnum vegamálaskrifstofuna. En þeirri reglu er alls ekki fylgt. Ýmsar smærri athugasemdir hefir nefndin við frv., og mun þeirra verða getið við framsögu. Að lokum vill hún leggja til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 9. gr. 4. (Greiðsla til húsameistara o. s. frv.). Í stað »136872.44« kemur: 65690.24
2. — 9. — 4. (Greiðsla til húsameistara). Nýr liður: Ýmislegur kostnaður á Þingvöllum 23546.00
3. — 9. — 5. (Greiðsla til vegamálastjóra o. s. frv.). Í stað »44188.20« kemur 39567.47
4. — 9. — 5. (Greiðsla til vegamálastjóra o. s. frv.). Nýr liður: Kostnaður við vegagerð á Þingvöllum 10950.00

Alþingi, 7. apríl 1930.

Ing. Bjarnarson, form. | Bjarni Ásgeirsson, fundaskr. og framsögum. | Jörundur Brynjólfsson.

Jón Sigurðsson, með fyrirvara. | P. Ottesen, með fyrirvara. | Jón Ólafsson, með fyrirvara. | Haraldur Guðmundsson.

Ed. **447. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá Guðm. Ólafssyni og Jóni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   og með jafnháu tillagi úr sveitar- eða bæjarsjóði.
2. Við 3. gr. Á eftir orðinu »ríkissjóði« komi: og sveitar- eða bæjarsjóði.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr.:
   Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:
   Rétt er umsækjanda að kæra til sýslunefndar eða bæjarstjórnar yfir úthlutun ellistyrks.
   Kærur skulu bréflegar og komnar til formanns nefndarinnar innan tveggja mánaða frá úthlutun, enda hafi úthlutunarnefnd verið gefinn kostur á að láta í té umsögn um kæruna. Sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar svo kæruna á næsta fundi, og er henni heimilt að hækka styrk kæranda, ef hún telur ástæðu til. Hækkunin greiðist úr sveitar- eða bæjarsjóði.

Nd. **448. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á undan 1. gr. komi fyrirsögn: I. kafli. Um skipulag og rekstur útvarps.

2. gr.

2. gr. laganna falli niður. 3. gr. verði 2. gr.

3. gr.

4. gr. verði 3. gr. og orðist svo:

Atvinnumálaráðherra skipar fimm manna útvarpsráð til tveggja ára. Ráðherra velur formann þess, einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands, einn af prestastefnu þjóðkirkjunnar, einn af fræðslumálanefnd (sbr. lög nr. 19 1928, 1. gr.), en hinn fimmti skal valinn meðal þriggja manna, er félag útvarpsnotenda tilnefnir, enda séu þá í því félagi fjórði hver þeirra manna, sem útvarpsnotendur eru taldir og greitt hafa lögmælt gjöld eftir lögum þessum; ella velur ráðherra einnig hinn fimmta mann í útvarpsráðið.

Skipun útvarpsráðs skal miða við 1. júlí.

4. gr.

Fyrri liður 5. gr. verði 4. gr. og orðist svo:

Útvarpsráðið hefir yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi útvarpsins og ræður útvarpsefni, í samráði við útvarpsstjóra.

Þess skal stranglega gætt, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og að gætt verði fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum.

Ráðherra ákveður nánar um störf útvarpsráðs í reglugerð, svo og um þóknun fyrir störfin.

5. gr.

Seinni liður 5. gr. verði 5. gr. og orðist svo: Atvinnumálaráðherra skipar útvarpsstjóra með fullum árslaunum, að fengnum tillögum útvarpsráðs. Skal honum falið að annast allt, er lýtur að umsjón og rekstri útvarpsins (sbr. þó 3. gr.), og hafa á hendi allar fjárreiður þess og reikningshald.

Atvinnumálaráðherra skipar ennfremur aðra starfsmenn við útvarpsstöðina, eftir því sem þörf krefur, og ákveður laun þeirra, að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

6. gr.

6. gr. orðist svo: Til þess að standa straum af rekstri útvarpsins skal greiða til þess árlegt afnotagjald af hverju útvarpstæki í landinu. Atvinnumálaráðherra ákveður afnotagjaldið um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Heimilt er atvinnumálaráðherra að fela pósthúsum og póstafgreiðslum landsins að annast innheimtu á ársgjöldum útvarpsnotenda samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

Útvarpsstjóri semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur útvarpsins, og skal hún send atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

7. gr.

7. gr. orðist svo: Eftir að lög þessi öðlast gildi og útvarpið er tekið til starfa, má enginn nota viðtæki fyrir útvarp, nema tilkynnt sé útvarpsstjórninni og lögboðið gjald greitt af tækinu. Hvert það útvarpstæki, sem ekki hefir verið tilkynnt útvarpsstjórn, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til útvarpsins.

8. gr.

8. gr., sem er ný grein, orðist svo: Útvarpið skal hafa sama rétt og landssíminn um nauðsynlegar lagnir vegna starfsemi sinnar um lönd manna og lóðir og byggingar. Óheimilt er öllum að leggja svo nýjar lagnir, hvers kyns sem eru, að þær geti valdið baga eða óreglu á lögnum útvarpsins, sem fyrir eru, eða tækjum, sem standa í sambandi við þær.

Atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi um þessi atriði.

9. gr.

9. gr. (ný grein) orðist svo: — Nú hafa einstakir menn, sveitarfélög eða bæjarfélög raflagnir, vélar eða tæki, hverskonar sem eru, sem geta bagað eða valdið óreglu á notkun útvarpstækja, og er útvarpinu þá heimilt að gera, á kostnað eigenda, nauðsynlegar ráðstafanir um þau tæki eða lagnir, til þess að hindra truflanir, sem af þeim geta hlotizt.

Mönnum þeim, sem eru í þjónustu útvarpsins til þess að hindra slíkar truflanir, skal heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna og hús, ef nauðsyn er á vegna þessa starfs, enda fari þeir ekki um híbýli fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi.

10. gr.

10. gr. (ný grein) orðist svo: — Í kirkjum, leikhúsum og samkomuhúsum, skólum, veitingasölum og hvarvetna þar, sem almennar skemmtanir eru haldnar eða mannfundir, þar sem umræður fara fram, skal útvarpinu heimilt, án endurgjalds eða nokkurra kvaða, að leggja um húsið nauðsynlegar leiðslur fyrir útvarp og koma þar fyrir útvarpstækjum. En skylt skal útvarpinu að gera með lögnum þessum svo lítið rask og missmíði á húsakynnum sem verða má.

Réttur til að útvarpa því, sem um hönd er haft í húsakynnunum, er óviðkomandi þessum ákvæðum.

11. gr.

11. gr. (ný grein) orðist svo: — Heimilt skal útvarpinu að útvarpa án endurgjalds:

a) messugerðum,
b) hljómleikum og samsöngum, sem haldnir eru úti fyrir almenning, enda njóti flokkurinn styrks af almannafé,
d) umræðum á opinberum samkomum, stjórnmálafundum og öðrum almennum mannfundum.

12. gr.

Á undan 12. gr., sem er ný grein, komi: — II. kafli. Um einkasölu á útvarpstækjum. En greinin orðist svo: Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða einkasölu á útvarpstækjum. Skal þá engum öðrum en ríkisstjórninni eða þeim, sem hún felur það, heimilt að flytja inn í landið útvarpstæki né verzla með þau.

13. gr.

13. gr. (ný grein) orðist svo:

Útvarpstæki skal samkvæmt lögum þessum telja hvert það tæki, sem hægt er að nota til þess að taka við útvarpi, einnig tækjahluta og varahluti í útvarpstæki, og rafhlöð, sem notuð eru við útvarpstæki.

14. gr.

14. gr. (ný grein) orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölunnar.

Allur verzlunarhagnaður af einkasölunni rennur til útvarpsins.

15. gr.

15. gr. (ný grein) orðist svo:

Atvinnumálaráðherra ákveður með reglugerð allt nánara fyrirkomulag einkasölunnar, þar á meðal, hversu fara skuli um þau útvarpstæki, sem óseld kunna að vera hjá tækjasölum, þegar einkasalan hefst.

16. gr.

Á undan 16. gr. (sem er ný) kemur fyrirsögn: — III. kafli. Ýms ákvæði. En greinin orðist svo: Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Þó skulu brot gegn 12. gr. varða sektum frá 200—20000 kr.

Hvert það útvarpstæki, sem ólöglega er flutt inn í landið eða ætlað til sölu á óleyfilegan hátt, skal upptækt vera og andvirðið renna til einkasölunnar.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

17. gr.

8. gr. verður 17. gr.

18. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna hljóði svo: Um starfstíma núverandi útvarpsráðs fer eftir ákvæðum laga þessara, og skal hann samkvæmt þeim talinn frá 1. júlí næstkomandi.

19. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfesting konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 31, 7. maí 1928, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 449. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1928.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í stjórnarskránni stendur svo í 37. gr.: »Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum«. Í samræmi við þessi ákvæði sýnist sjálfsagt að taka allar umframgreiðslur í fjáraukalög, enda þó greiðslurnar séu heimilaðar í sérstökum lögum. Þessari reglu hefir þó ekki verið fylgt, og með réttu má segja, að engin föst regla hefir myndazt um, hvaða umframgreiðslur skyldu teknar í fjáraukalög. Minni hl. vill nú, að hér eftir verði fylgt ótvíræðum ákvæðum stjórnarskrárinnar í þessu efni.

Hinsvegar vill minni hl. eftir atvikum leggja til, að svo búið verði látið standa í þetta sinn og frv. verði því samþykkt óbreytt, en getur hinsvegar ekki fallizt á tillögur meiri hl. fjárhagsnefndar, að felldir verði niður liðir af fjáraukalagafrv., sem ættu að standa þar eftir þeirri meginreglu, sem minni hl. vill að framvegis gildi um samning fjáraukalaganna.

Alþingi, 8. apríl 1930.

Ólafur Thors. Sig Eggerz, frsm.

Ed. 450. Lög

um breyting á lögum nr. 73, 22. nóv. 1907, um útflutning hrossa.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl).

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. laganna skal orða svo:

Ennfremur er bannað að flytja til sölu á erlendum markaði yngri

hross en 3 vetra og eldri en 10 vetra. Hross 2 vetra má þó flytja út, ef þau eru falleg útlits og ekki lægri en 126 cm. eða 48 þuml. (bandmál).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 451. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi kr. 1.50 fyrir hvern gjaldskyldan mann, og með jafnháu tillagi úr sveitar- eða bæjarsjóði.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 3 kr. á ári, en kvenmaður 1 kr. 50 au.

3. gr.

12. gr. laganna skal orða svo:

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta öllu því gjaldi, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár í kaupstaðnum eða hreppnum, ennfremur $^2/_3$ af þeim styrk, sem lagður er til styrktarsjóðsins úr ríkissjóði og sveitar- eða bæjarsjóði á árinu, og hálfum vöxtum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

4. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Rétt er umsækjanda að kæra til sýslunefndar eða bæjarstjórnar yfir úthlutun ellistyrks.

Kærur skulu bréflegar og komnar til formanns nefndarinnar innan tveggja mánaða frá úthlutun, enda hafi úthlutunarnefnd verið gefinn kostur á að láta í té umsögn um kæruna. Sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar svo kæruna á næsta fundi, og er henni heimilt að hækka styrk kæranda, ef hún telur ástæðu til. Hækkunin greiðist úr sveitar- eða bæjarsjóði.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 452. Frumvarp

til laga um fimmtardóm.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Æðsti dómstóll ríkisins nefnist fimmtardómur. Á ensku heitir dómstóllinn The Supreme Court, og tilsvarandi heiti á öðrum erlendum málum.

2. gr.

Hæstarétt skal leggja niður þegar fimmtardómur tekur til starfa. Til fimmtardóms má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í héraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Synodalréttinn skipa 5 dómendur, forseti fimmtardóms, 2 aðaldómarar og 2 guðfræðingar, er forseti kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastsdóm í héraði, og í málum þeim gegn biskupum út af samsvarandi brotum, og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastsdómur tekur yfir.

2. kafli.

Um skipun fimmtardóms.

4. gr.

Fimmtardóm skipa 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar. Konungur skipar aðaldómara, en þeir kjósa sér forseta úr sínum hópi til eins árs í senn.

Aukadómarar eru 2 af kennurum lagadeildar háskólans, valdir samkvæmt reglum þeim, er í lögum þessum segir.

5. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómurum en 3.

Í öllum óbrotnum og einföldum málum, hvort sem heldur eru opinber mál eða einkamál, skipa fimmtardóm 3 aðaldómarar, og leggja þeir dóm á þau mál eftir reglum laga þessara.

Ef margbrotin mál eru, umfangsmikil eða vandasöm, þá skipa fimmtardóm 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar, og leggja þeir allir 5 dóm eða úrskurð á þau mál. Þó getur dómsmálaráðherra krafizt þess, að aukadómarar taki sæti í fimmtardómi í opinberum málum.

Aðaldómarar fimmtardóms skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort mál séu svo margbrotin, umfangsmikil eða vandasöm, að aukadómarar skuli til kvaddir.

6. gr.

Nú er ákveðið, að aukadómarar skuli kvaddir til málsmeðferðar, og snýr forseti dómsins sér þá til forseta lagadeildar háskólans og tilkynnir honum kvaðningu aukadómara. Velja lagadeildarkennarar þá 2 menn úr sínum hópi, og eru það aukadómarar fimmtardóms. Frjálst er lagadeildarkennurum að velja aukadómara til eins ákveðins máls í senn eða um tiltekið tímabil.

7. gr.

Ef autt verður sæti forseta, skal sá aðaldómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi. Ef autt verður sæti aðaldómara, skipa kennarar lagadeildar háskólans það, sbr. 6. gr.

Nú verður autt sæti dómara eða aukadómara þannig, að enginn af kennurum lagadeildar geti skipað það, og setur dómsmálaráðherra þá varadómara til bráðabirgða.

8. gr.

Aðaldómarar í fimmtardómi skulu, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa tekið lagapróf með 1. einkunn.
2. Hafa verið 3 ár hið skemmsta dómari í hæstarétti, skipaður kennari í lögum við háskólann, málaflutningsmaður við hæstarétt eða fimmtardóm, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, héraðsdómari, hæstaréttar- eða fimmtardómsritari.

   Rétt er að skipa þann dómara í fimmtardómi, sem hefir gegnt samanlagt alls 3 ár fleiri en einni af áðurnefndum stöðum. Þiggja má undan þessum skilyrðum, ef fimmtardómur mælir með því.
3. Séu eigi yngri en þrítugir og eigi eldri en sextugir.

   Undanþegnir þessu skilyrði við veitingu embætta í fimmtardómi eru þó þeir dómarar, er skipa hæstarétt þegar fimmtardómur tekur til starfa.
4. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri, kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, eða skyldir að öðrum eða mægðir

að fyrsta eða öðrum til hliðar, mega ekki samtímis eiga dómarasæti í fimmtardómi.

Heimilt er að víkja frá því skilyrði, að dómari hafi hlotið 1. einkunn við lögfræðipróf, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og dómurinn mælir með.

9. gr.

Eigi má fimmtardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skipta hann máli.
2. Ef hann er skyldur eða mægður aðila í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðila eða ákærða, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
3. Ef hann er skyldur eða mægður málaflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Ef hann hefir leiðbeint aðila í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.
5. Ef hann hefir fellt dóm eða úrskurð í málinu í héraði.
6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja megi hætt við að hann líti eigi óhlutdrægt á málavexti.

10. gr.

Bæði aðilar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í fimmtardómi geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki sæti í einstöku máli, af ástæðum þeim, er í 9. gr. segir.

Dómendur allir, er um slík mál fjalla, úrskurða þau atriði.

3. kafli.

Um fimmtardómsritara.

11. gr.

Konungur skipar fimmtardómsritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi.

12. gr.

Fimmtardómsritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til fimmtardóms.
2. Heldur bækur fimmtardóms.
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit úr bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.

6. Tekur við dómsgjöldum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau störf öll af hendi, er lög mæla fyrir, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf vinnur fimmtardómsritari fyrir synodalréttinn.

13. gr.

Fimmtardómur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af öllu því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal í hana skrá dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hefir verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hefir verið þingfest og hvenær dæmt, hvort ný gögn hafi verið lögð fram, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald fimmtardóms, og bætt við nýjum bókum, ef þurfa þykir, eftir tillögum fimmtardóms.

4. kafli.

Um launakjör.

14. gr.

Fastir dómarar í fimmtardómi hafa að árslaunum kr. 12000,00 hver, auk dýrtíðaruppbótar eftir gildandi launalögum. Forseti hefir að auki kr. 1000,00 á ári.

Aukadómarar í fimmtardómi fá sérstaka borgun fyrir hvert mál, er þeir dæma. Dómurinn ákveður þá þóknun.

Fimmtardómsritari hefir kr. 5000,00 í árslaun, auk dýrtíðaruppbótar.

5. kafli.

Um hvar fimmtardómur skuli haldinn og um þingleyfi.

15. gr.

Fimmtardóm skal halda í Reykjavík. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má fimmtardóm halda utan Reykjavíkur, ef dómendur ákveða svo og dómsmálaráðherra samþykkir.

16. gr.

Aðalþingleyfi fimmtardóms eru frá 1. júlí til 31. ágúst og frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Auk þess skal þingleyfi vera í dymbilviku og páskaviku.

Eigi skal dóm setja á helgum dögum þjóðkirkjunnar.

Heimilt er dómsmálaráðherra, eftir tillögum fimmtardóms, að lengja einstök þingleyfi, ef ástæður þykja til.

Einstök réttarhöld skulu að jafnaði eigi vara lengur en 8 tíma samfleytt.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum fimmtardóms, hvaða daga og á hvaða tíma dómþing skuli halda.

6. kafli.

Um málaflutningsmenn við fimmtardóm.

17. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararétt, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi.
2. Gegnt málaflutningsstörfum að afloknu prófi í 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða í skrifstofu hæstaréttarmálaflutningsmanns eða málaflutningsmanns við fimmtardóm sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.
3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að áliti fimmtardóms hæfur til þess að vera málaflutningsmaður við dóminn. Öll þau mál skulu vera þess eðlis, að bæði aðal- og aukadómarar dæmi þau, enda skal rétturinn fullskipaður með 5 dómendum ákveða, hvort þrautin sé hæfilega af hendi leyst. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að vera málaflutningsmaður við fimmtardóm.

Þeir, er verið hafa málaflutningsmenn við hæstarétt, áður en lög þessi gengu í gildi, eiga rétt til að flytja mál fyrir fimmtardómi.

18. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmennsku og samvizkusemi mál þau, er hann tekur að sér.

19. gr.

Fyrir leyfi til málaflutningsstarfs fyrir fimmtardómi skal greiða 500 kr. í ríkissjóð.

20. gr.

Hafa skulu málaflutningsmenn við fimmtardóm skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grennd.

Skylt er þeim að inna af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim. Þó er þeim rétt, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum málaflutningsmanni við fimmtardóm. Þegar mál eru skriflega flutt, eða þegar málaflutningsmaður getur ekki sjálfur sótt þing, sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

21. gr.

Skylt er málaflutningsmönnum við fimmtardóm að flytja opinber mál, er forseti dómsins skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim ekki skylt að annast fyrir fimmtardómi.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar, sér skipaðan ákveðinn málaflutningsmann við fimmtardóm, og skal honum þá sá maður skipaður, nema ef sérstakar ástæður mæla því í gegn. Sama gildir, ef dómsmálaráðherra æskir ákveðins sækjanda í opinberu máli.

22. gr.

Rétt er aðila, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda félags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir fimmtardómi. Einnig er aðila rétt að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema málaflutningsmaður sé við fimmtardóm, eða samband við aðila sé slíkt, sem nú er mælt.

23. gr.

Rétt er málaflutningsmanni við fimmtardóm að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af málsupphæð, og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

24. gr.

Ef málaflutningsmaður við fimmtardóm missir einhvers þeirra skilyrða, sem sett eru í 17. gr., þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu á meðan svo er ástatt. Sama er og ef hann hefir ekki skrifstofu í Reykjavík, flyzt búferlum eða hefir tekið að sér starf, sem ósamrýmanlegt er málaflutningi við fimmtardóm. Þegar þannig er, skal málaflutningsmaður afhenda leyfi sitt til málaflutnings fyrir fimmtardómi dómsmálaráðuneytinu, og skal leyfið þar geymt þar til aðili kann að nýju að uppfylla skilyrði til málaflutnings við fimmtardóm, þá skal honum afhent leyfisbréf sitt aftur endurgjaldslaust.

Dómsmálaráðherra getur, ef fimmtardómur leggur það til, svipt málaflutningsmann leyfi, ef fimmtardómur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberu máli, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

25. gr.

Allir málaflutningsmenn við fimmtardóm skulu skyldir að bindast félagssamtökum. Stjórn þessa félags, sem kosin skal af öllum málaflutningsmönnum við fimmtardóm til tveggja ára í senn, er skipuð þrem mönnum, formanni, varaformanni og einum meðstjórnanda. Félag þetta skal halda fundi, er velja á nýja stjórn, og eins ef mál koma upp, er snerta einhvern málaflutningsmann í félaginu. Að öðru leyti setur félag þetta sér sjálft reglur, í samræmi við lög þessi, og skulu reglurnar staðfestar af dómsmálaráðherra.

26. gr.

Stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm skal líta eftir, að allir málaflutningsmenn, sem í félaginu eru, reki störf sín með samvizkusemi og ráðvendni. Stjórnin hefir og rétt til að ákveða þóknanir málaflutningsmanna eða málskostnað, ef slíkt er undir hana borið af málaflutningsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra.

27. gr.

Virðist stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm einhver félagsmaður vanrækja málaflutningsskyldur sínar eða á annan hátt hegða sér svo ósæmilegt megi teljast, getur stjórnin veitt þeim áminningu, bannað málaflutningsmanni að flytja tiltekið mál, rekið hann úr félaginu um skeið eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru, eða úrskurðað í sektir allt að 300 kr. Þó á sá, sem fyrir slíkri kæru verður, rétt til þess að skýra mál sitt og koma fram með varnarástæður fyrir stjórnina, annaðhvort skriflega eða munnlega.

Rétt er málaflutningsmanni að áfrýja sektarúrskurði félagsstjórnar eða úrskurði um missi réttinda til dómsmálaráðherra, er þá gefur fullnaðarúrskurð í málinu, að fengnum upplýsingum frá báðum aðilum.

Dómsmálaráðherra hefir eftirlit með starfsemi félags málaflutningsmanna við fimmtardóm, enda gefur stjórn félagsins dómsmálaráðherra árlega skýrslu um störf félagsins og um það, hverjir félagsmenn hafi sætt viðurlögum eða áminningu.

7. kafli.

Um stefnur og stefnufresti.

28. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til fimmtardóms sem hér segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn fimmtardómsritara.

   Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður forseti í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það að minnsta kosti 14 dögum fyrir þingfestingardag, á þann

hátt er dómsmálaráðherra ákveður. Verði mál ekki flutt á þingfestingardegi, er réttinum heimilt að fresta því, þó ekki lengur en 4 mánuði.

2. Stefnufrest skal miða við fyrsta dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.

Fimmtardómsritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufresti, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

29. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalréttarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, sem gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til hæstaréttar. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar forseta, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unnt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sérstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar, að minnsta kosti viku tíma hvorum, fyrir þingfestingu.

8. kafli.

Um hvaða mál megi bera undir fimmtardóm.

30. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til fimmtardóms, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja málum eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun til hæstaréttar.

31. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til fimmtardóms, ef sakarefnið verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfélagsrétt manns eða þjóðfélagsskyldu, atvinnuréttindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til fimmtardóms, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sérákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til allt að einu.

Hvarvetna þess er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgrein, eftir því sem við á.

32. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til fimmtardóms, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en 31. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til hæstaréttar.

33. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til fimmtardóms, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður en 6 almanaksmánuðir séu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sérákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sé frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

34. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 33. gr., en máli hans hefir verið vísað frá rétti í fimmtardómi, og er honum þá rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 33. gr. sé liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

35. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sé liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 33. gr. segir. Ennfremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef alveg sérstaklega stendur á, svo sem ef aðila, án þess að honum verði um kennt, hefir eigi tekizt að koma fram fyrirhugaðri áfrýjun.

Áfrýjunarstefnu skal taka út á 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbréfs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfisbréfi fyrirgert.

Ákvæði 34. gr. skal hér gilda eftir því sem við á.

36. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

37. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum fimmtardóms, leyft að mál, sem þar hefir verið dæmt, eða í hæstarétti áður en lög þessi öðluðust gildi, verði að nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannazt, eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan myndi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sér um kenna.

38. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til fimmtardóms, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

39. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem áður hafa gilt fyrir hæstarétti sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir fimmtardómi.

40. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 33. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

9. kafli.

Um meðferð máls fyrir fimmtardómi.

41. gr.

Skjóta má dómsathöfn til fimmtardóms í því skyni að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytingar á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar, eða að dómsathöfn verði ómerk, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði aðeins breytt að efni til.

42. gr.

Aðilar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrétt sakarefnis, samkvæmt því er tíðkazt hefir, og eftir því, sem samrýmist lögum þessum.

43. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur í einkamálum má eigi bera fram í fimmtardómi, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tíðkazt hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv. með sama hætti og áður gilti um hæstarétt.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sér rétt til þess í áfrýjunarstefnu. Ennfremur skal hann leggja fram ný gögn eða afrit af þeim, og skýrslur um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður mál verða þingfest, til afnota handa hinum aðilanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

44. gr.

Málsaðilar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skipta, og leggja það fram í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður en mál skal sækja og verja, svo mörg eintök, sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðunum, enda þarf ekki fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

Stytta má frest þann, er getur um í grein þessari, eftir samkomulagi dómenda og beggja málflytjenda, ef ástæður þykja til.

45. gr.

Sókn hvers máls og vörn fyrir fimmtardómi skal munnleg vera, á íslenzku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir ekki þing, og
2. Ef dómurinn leyfir það og báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess.

46. gr.

Málsmeðferð hefst á því, að stefna er framlögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða, ef annarhvor málflytjandi eða dómurinn æskir þess. Þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja tala oftar en tvisvar. Ef aðili flytur ekki mál sitt sjálfur, er honum þó rétt að tala einu sinni.

Þegar mál eru skriflega flutt, er rétt að sókn og vörn sé tvisvar flutt.

47. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 46. gr. segir.

48. gr.

Fresti skal venjulega enga veita nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður en málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef fimmtardómur frestar opinberu máli til þess að nýrra gagna verði aflað. Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður fimmtardómur þá fresti til sóknar og varnar.

49. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar máls frá fimmtardómi, þá skal hann skýra fimmtardómsritara frá því, og greina ástæður, að minnsta kosti viku áður en mál skal þingfesta. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sér.

50. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

10. kafli.

Um dómsuppkvaðningu, atkvæðagreiðslu og dóma.

51. gr.

Dóma og úrskurði skal upp kveða svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið, ef mál er munnlega flutt, og má þá eigi fyrir taka munnlegan flutning annars máls, fyrr en dómur er genginn.

52. gr.

Áður en dómur er upp kveðinn, skulu fimmtardómendur þeir, er tekið hafa þátt í meðferð málsins, hafa með sér ráðagerð um efni og ástæður dóms og úrskurðar, og greiða þar atkvæði.

Engir hafa rétt til að vera við ráðagerðir nema dómarar og fimmtardómsritari. Forseti réttarins getur þó gefið öðrum leyfi til að vera við ráðagerðir, sé þess sérstaklega óskað.

Atkvæðagreiðslur fimmtardóms um mál, er munnlega hafa verið flutt, skulu munnlegar vera, opinberar og í heyranda hljóði. Sá af dómendum greiðir fyrst atkvæði og gerir grein fyrir því, sem með hlutkesti hefir verið til þess valinn, og því næst sá, sem næstur er í röð, eftir hlutkesti. Þó greiðir forseti ætíð atkvæði síðast. Hver dómari gerir í stuttu máli grein fyrir niðurstöðu sinni og ástæðum fyrir henni. Vísa má dómari til niðurstöðu og ástæðna dómara, sem greitt hefir atkvæði á undan honum, ef hann er því samþykkur.

53. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur saman atkvæði.

Niðurstöðu dóms ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, sker forseti úr.

Sé ágreiningur um upphæð peningagreiðslu eða annað það, er meta á og í tölum verður talið, þannig að enginn meiri hluti fáist, skal niðurstaðan verða meðaltalan.

54. gr.

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, er samkvæmt hlutkesti fær málsskjölin afhent, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Um frumvarp þetta ritar sá dómari, er næst fær málsskjölin í sínar hendur, álit sitt og tillögur, og þannig koll af kolli eftir hlutkesti, þó þannig, að forseti láti síðast uppi álit sitt.

Þegar skriflegt mál þannig hefir gengið á milli allra dómenda, skal fund halda um dóm eða úrskurð, og forsendur og niðurstöður ákveða eftir reglum þeim, er í 53. gr. segir.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls eða ómerkingu, en orðið hefir í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni dóms, eftir því, sem ástæður eru til, og gildir það jafnt, hvort mál er munnlega eða skriflega flutt.

Allar atkvæðagreiðslur um dóma og úrskurði skal skrá í sérstaka bók, sbr. 13. gr., tölulið 3.

55. gr.

Í dómi skal taka fram:

1. Hvern dag dómur sé upp kveðinn.
2. Nöfn aðilja, heimili og stöðu.
3. Stutt yfirlit yfir kröfur aðilja og málsatvik. Þó má vísa til áfrýjaðs dóms eða úrskurðar, að því leyti, sem þeir eru staðfestir óbreyttir að forsendum og niðurstöðu.
4. Ástæður fyrir dómsniðurstöðu, enda sé þar ákveðið og tæmandi gerð grein fyrir rökum þeim, er til grundvallar liggja fyrir niðurstöðu.
5. Dómsniðurstöðu eða úrskurðar.

Forseti sér um samning dóms.

Dómur skal undirritast af dómurum þeim, er tekið hafa þátt í uppkvaðningu hans.

56. gr.

Í dómi skal þess getið, hvort ágreiningur hafi verið um forsendur hans eða niðurstöðu, hvaða dómari hafi gert ágreining og í hverju sá ágreiningur hafi verið fólginn.

Ágreiningsatkvæði og rökstuðning fyrir þeim skal rita í dómabók og birta í dómasafni fimmtardóms.

57. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjanda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er fimmtardómur þó eigi bundinn við kröfu málflytjenda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

58. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í dóma fimmtardóms, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir fimmtardóms skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans, og nafni forseta undir.

Fimmtardómsritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit, sem engin eru úr bókum dómsins.

11. kafli.

Um réttargjöld, sektir o. fl.

59. gr.

Dómsmálagjöld í fimmtardómi skulu vera sem hér segir:

Fyrir útgáfu stefnu . . . . . 5 krónur

Fyrir þingfestingu	10	krónur
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—
Fyrir frest	5	—
Fyrir dómkvaðningu hvers manns .	5	—

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 300 krónum, greiðist hálft gjald.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

60. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sér fyrir dómi, fer eftir reglum, sem hingað til hafa gilt um hæstarétt. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur.

Nú virðist fimmtardómi aðili augljóslega hafa sagt vísvitandi rangt frá um atvik máls, er máli skipta, og skal þá beita sektum. Fyrir ástæðulausa áfrýjun máls er rétt að dæma áfrýjanda í sektir.

Allar slíkar sektir renna í ríkissjóð.

61. gr.

Ef áfrýjandi sækir ekki eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 kr. aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

12. kafli.

Um málskostnað fyrir fimmtardómi.

62. gr.

Dæma skal sækjanda og verjanda í opinberum málum hæfilegan málskostnað, miðað við hversu mál er stórt og umfangsmikið og hversu mikla vinnu þeir hafa lagt fram til sóknar og varnar.

63. gr.

Nú virðist fimmtardómi máli vera áfrýjað að ástæðulausu, og ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 29 frá 26. okt. 1917, um málskostnað einkamála, fyrir fimmtardómi, að svo miklu leyti sem við á.

13. kafli.

Ákvæði um stundarsakir.

64. gr.

Núverandi dómarar í hæstarétti skulu skipaðir aðaldómarar í fimmtardómi, ef þeir óska þess.

65. gr.

Fari svo, að ekki náist samkomulag við núverandi kennara lagadeildar háskólans um það, að þeir taki að sér aukadómarastörf í fimmtardómi, koma ákvæðin um aukadómara ekki til framkvæmdar fyrr en lagakennaraembættin eru veitt að nýju, enda fylgi þeim aukadómarastörf í fimmtardómi, eftir ákvæðum laga þessara.

Á meðan ekki koma til framkvæmda ákvæðin um aukadómara, telst fimmtardómur fullskipaður með 3 aðaldómurum, og leysir dómurinn þá þannig skipaður af hendi öll þau störf, sem undir hann eru lögð samkvæmt lögum þessum.

66. gr.

Fimmtardómur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til hæstaréttar, þegar lög þessi ganga í gildi, en eigi verið dæmd þar, í því ástandi sem þau voru, er fimmtardómur tekur til starfa. Ef málaflutningur var byrjaður fyrir hæstarétti, þá skal hann leiddur til lykta fyrir fimmtardómi, eftir þeim reglum, sem um málaflutning fyrir hæstarétti giltu. Málum þeim, sem stefnt hefir verið til hæstaréttar, án þess að málaflutningur hafi byrjað þegar lög þessi öðlast gildi, skulu dæmd eftir ákvæðum laga þessara.

14. kafli.

Niðurlagsákvæði.

67. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

68. gr.

Nú er hæstarétti eða einstökum hæstaréttardómara falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá fimmtardómur í staðinn. Þar sem í lögum er nefnd eða ákveðin áfrýjun til hæstaréttar eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur fimmtardómur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Aðaldómarar fimmtardóms eiga sæti í landsdómi.

69. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. janúar 1931.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi numin:

Lög nr. 22 frá 6. okt. 1919, um hæstarétt, lög nr. 37 frá 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 22/1919, lög nr. 19. frá 14. júní 1929, um breytingar á sömu lögum, svo og önnur ákvæði, er lög þessi brjóta í bága við.

Nd. 453. Nefndarálit

um frv. til laga um gagnfræðaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin er sammála um það, að tímabært sé að koma skipulagi á ungmennafræðslu í kaupstöðum, og leggur til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum. Jafnframt vill nefndin óska þess, að hæstvirt stjórn beri á næsta þingi fram tillögu um skipun iðnfræðslu, og telur þá sjálfsagt, að iðnfræðslan verði rekin í nánu sambandi við ungmennafræðsluna. Sérstaklega telur nefndin nauðsynlegt, að höfð sé hliðsjón af því samstarfi, þegar ráðstafanir eru gerðar um ungmennafræðslu fyrir Reykjavík. Nefndin telur og sjálfsagt, að slíkt samstarf fleiri skóla sé haft í huga, þegar ráðizt verður í húsbyggingu fyrir gagnfræðaskóla Reykjavíkur, því það er vafalaust, að talsvert má spara með því að hafa fleiri skóla undir sama þaki, a. m. k. að nokkuru leyti, og samstarfandi, bæði í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði, auk þess hagræðis, sem af samstarfi leiðir um kennsluna.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Í stað »fyrir landsstjórninа« komi: landsstjórninni.
2. Við 6. gr. Í stað »dönsku eða sænsku, enskuа í annari málsgrein komi: eitt Norðurlandamálanna eða ensku.
3. Við 18. gr. Í stað orðanna »sem síðar kynni að þykja heppilegt að reisa við hlið hansа í fyrri málsgrein komi: sem síðar yrði ákveðið að reka í sambandi við hann.
4. Á eftir 18. gr. komi ný grein, sem verður 19. gr., svo hljóðandi:

Heimilt skal ríkisstjórninni að taka lán til stofnfjárgreiðslu að sínum hluta, samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 37 1929, um héraðsskóla, að því leyti sem þörf krefur og árlegar fjárveitingar ekki hrökkva til.

5. Aftan við 20. gr. bætist: Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 68 1928, um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík.
6. Greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 8. apríl 1930.

Ásgeir Ásgeirsson, form. og frsm. Sveinn Ólafsson. Jón Ólafsson.

Bernh. Stefánsson. Magnús Jónsson.
fundaskr.

Ed.

454. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931 og við brtt. á þskj. 436.

I. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við 11. gr. 7. Nýr liður:
Styrkur til lögreglustjóra, til utanferða 2000

II. Frá *Páli Hermannssyni.*
1. Við 12. gr. 16. b. Nýr liður:
Til Hróarstungulæknishéraðs, sérstakur styrkur upp í kostnað við að reisa læknisbústað með sjúkrastofu 5000
2. Við 13. gr. B. XV. Nýr liður:
Styrkur til Gunnars Jónssonar, vegna kostnaðar við byggingu fyrir gesti á Fossvöllum 2000

III. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 13. gr. B. XV. Nýr liður.
Styrkur til Sveins Jónssonar, vegna kostnaðar við gistihúsbyggingu á Egilsstöðum 5000

IV. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við 14. gr. A. b. 5. Nýr liður:
Styrkur til þjónandi presta til utanferða 2000

V. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
1. Við 14. gr. B. IV. a. 5. (Námsstyrkur við Akureyrarskóla).
Fyrir »700« kemur 1200
2. Við 14. gr. B. IV. b. 6. (Dyravarzla við sama skóla).
Liðinn skal orða svo:
Til dyravörzlu 2000

VI. Frá *Guðmundi Ólafssyni.*
Við 14. gr. B. XII. 2. c. (Kvennaskólinn á Blönduósi).
Fyrir »4000« kemur 6000

VII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 14. gr. B. XV. 5. Nýr liður:
Til Bjargar Sigurðardóttur, til þess að kenna síldarmatreiðslu víðsvegar á landinu, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, gegn jafnmiklu fé annarsstaðar að 1000

VIII. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason.*
Við 15. gr. 15. (Björn K. Þórólfsson).
Fyrir »1000« kemur 1500

IX. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 15. gr. 17. (Árni Þórarinsson).
Fyrir »600« kemur 1500
Til vara 1200

X. Frá *Ingvari Pálmasyni* og *Jónasi Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 21. Nýr liður:
Til Ríkarðs Jónssonar, styrkur til útgáfu myndabókar með verkum hans 1500

XI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 41. Nýr liður:
Til Guðbrands Jónssonar, til þess að semja íslenzka miðaldamenningarsögu 1800

XII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
1. Við brtt. 436, 32, b. (við 16. gr. 32). (Samb. austf. kvenna).
Fyrir »300« kemur: 450
2. Við 16. gr. 45. Liðinn skal orða svo:
Til þess að gera laxastiga í Lagarfoss, $^2/_3$ kostnaðar, allt að 6600

XIII. Frá *Guðmundi Ólafssyni.*
Við 16. gr. 45. Nýr liður:
Til að rannsaka til fullnustu og gera laxgengan farveg Blöndu undan Enni, $^1/_3$ kostnaðar, allt að 2000

XIV. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 17. gr. 19. Nýir liðir:
a. Til sjúkrasjóðs verkamannafélags Akureyrar 300
b. Til sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Einingar á Akureyri ... 150

XV. Frá *Jóni Þorlákssyni* og *Birni Kristjánssyni.*
Við 17. gr. 22. Nýr liður:
Til Sesselju Sigmundardóttur, til þess að koma upp heimili fyrir veikluð eða vanrækt börn í samvinnu við Barnaheimilisnefnd kirkjunnar 5000

XVI. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
1. Við 18. gr. II. e. 8. Nýr liður:
Til Einars Hávarðssonar 150
2. Við 18. gr. II. i. 22. Nýr liður:
Til Þuríðar Jónsdóttur ljósmóður 300

XVII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 18. gr. II. i. 53. Nýr liður:
Til Jónínu Marteinsdóttur hjúkrunarkonu 300

XVIII. Frá *Ingvari Pálmasyni* og *Jóhannesi Jóhannessyni.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að greiða h/f »Eiríki rauða« tap af Grænlandsför m/s »Gotta« 1929 5000

XIX. Frá *Ingvari Pálmasyni* og *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að lána Finni Jónssyni málara allt að 10000 kr. til þess að byggja sér vinnustofu, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

XX. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 80 þús. króna rafmagnsstöðvarlán fyrir Neskaupstað, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gilda, enda sé lánið tekið innanlands.

XXI. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 22. gr. X. Nýir liðir:
a. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 150 þús. kr. láni fyrir Samvinnufélag sjómanna á Akureyri til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meiru en $^4/_5$ af kaupverði skipanna, fullbúinna til veiða, og greiðist að fullu á 10 árum. Lánið skal tryggt með gagnábyrgð Akureyrarkaupstaðar, fyrsta veðrétti í skipunum og sjálfskuldarábyrgð félagsmanna. Forstöðumaður félagsins og annar endurskoðandi skulu samþykktir af ríkisstjórninni. Taka verður lánið í innlendri lánsstofnun eða innanlands.
b. Að ábyrgjast lán til Síldareinkasölu Íslands. Skulu þau lán endurgreiðast að fullu áður en nokkrum síldareiganda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verk-

unarkostnaði, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1931 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. kr.

Nd. 455. Tillaga

til þingsályktunar um miðunarvita.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsókn fram fara um hentuga staði og stærð miðunarvita á ströndum landsins, og undirbúa framhaldandi byggingu þeirra ásamt vantandi ljósvitum, svo sem fært þykir og vitagjald hrekkur til, meðan á byggingu stendur.

Greinargerð.

Á síðari árum hefir mjög fjölgað miðunarvitum hjá grannþjóðum vorum, einkum með ströndum Norðursjávarins, og virðast þeir veita sjófarendum miklu meira öryggi í vetrarhríðum en nokkur önnur bjargarráðstöfun, sem enn er fundin. Sama má segja um þá litlu reynslu, sem hér er fengin um miðanir frá Dyrhólavita og loftskeytastöðvum til samanburðar. Ber farmönnum saman um það, að miðunin sé yfirleitt nákvæm og tækin nær óyggjandi, eins og þau fást nú bezt.

Hér við land, þar sem bæði eru tiltölulega miklar siglingar að vetri og stórhríðar algengar, er sýnilega meiri þörf miðunarvita en víðast annarsstaðar.

Vitagjald er hér tiltölulega hátt, og er því eigi sjaldgæft, að útlendir sjófarendur geri til vor kröfur um betri skipun vitamála og meira öryggi á siglingaleiðum með ströndum landsins en fengizt hefir.

Að vísu hefir vitagjaldi öllu verið varið í þarfir vitanna, beint og óbeint, en þrátt fyrir það skortir enn mikið á, að ströndin sé ennþá vel vitum búin, og þegar nú er fengin reynsla um haldkvæmi og öryggi miðunarvitanna, vill sjávarútvegsnefnd fyrir sitt leyti reyna að ýta undir skjótar framkvæmdir í þessu efni með flutningi framanritaðrar tillögu.

Nd. 456. Nefndarálit

um frv. til laga um aukna landhelgisgæzlu.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Í nefndinni hefir komið fram nokkur skoðanamunur um það, hvort ráðast eigi þegar í útvegun 3. strandvarnarskipsins, eða bíða frekari reynslu um þau

tvö skip, sem fengin eru. Ennfremur er nokkurt álitamál um stærð þess nýja skips, útbúnað þess og aukastörf, sem því mætti ætla. Komu í því sambandi einkum til greina björgunarstarfsemi, strandmælingar og hafrannsóknir.

Reynsla síðari ára sýnir, að strandvarnarskipin búin, nokkrum björgunartækjum, geta jafnframt landhelgisvörninni veitt fiskibátaflotanum ómetanlegt öryggi, ef þau eru svo nærri veiðistöðvum, að auðveldlega verði til þeirra náð, þegar óhöpp ber að höndum.

Heita má, að fiskjar sé leitað á vetrarvertíð með ströndum landsins vestan, sunnan og austan, milli Ísafjarðardjúps og Gerpis, en það svæði er víðáttumeira en svo, að öruggt geti talizt um strandvörn og björgun með tveim skipum, einkanlega ef annað þeirra er staðbundið, svo sem verið hefir undanfarið við Vestmannaeyjar.

Vér lítum svo á, að nýtt strandvarnarskip mætti að skaðlausu vera nokkru minna en þau, sem nú starfa, en að sjálfsögðu eigi miður búið björgunartækjum en þau eru.

Meiri hlutinn telur eftir atvikum rétt að gera ráð fyrir útvegun 3. strandvarnarskipsins, og leggur því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. apríl 1930.

Sveinn Ólafsson, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Ólafur Thors.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 457. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931 og við brtt. á þskj. 436.

I. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 15. gr. 28.

Til Árna Kristjánssonar, til þess að fullnuma sig í pianóleik 2000

Til vara 1500

II. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*

Við brtt. 436, 35. (Við 17. gr. 13.—19.).

Upphaf tillögunnar skal orða svo:

Fjárveitingarnar undir 13.—19. tölulið eru bundnar o. s. frv.

Ed. 458. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Halldóri Steinssyni.

Við II. 3. Nýr liður:

Á eftir tölul. 3 kemur nýr liður:

Snæfellsnesbraut, frá vegamótum austan Straumfjarðarár, um Staðarsveit og Breiðuvík að Hellissandi.

Ed. 459. Frumvarp

til laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Sóknarprestar fá greiddan ferða- og skrifstofukostnað embættis síns, með 500 eða 700 krónum hver, og fer upphæðin eftir stærð prestakalla, erfiðleikum og kostnaði við þjónustu þeirra.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrirfram til 5 ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

2. gr.

Ráðuneytið leggur sóknarprestinum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

3. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum þóknun eftir gjaldskrá, er ráðuneytið setur til 10 ára í senn.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930. Frá þeim degi eru úr gildi numin kgsbr. 11. des. 1812 og tilskipun 27. jan. 1847, að því leyti er hún fer í bága við lög þessi.

Greinargerð.

I.

Það mun almennt viðurkennt, að laun presta séu mjög lág, miðað við laun annara starfsmanna ríkisins, sem svipaðan námskostnað hafa, svo sem sýslumanna og lækna. Mun það ekki orka tvímælis, að prestar hafi orðið harðast úti þessara stétta, er sett voru launalögin 1919. Fyrir þann

tíma bjuggu prestar við nálega sömu launakjör sem læknar, en þetta er nú mjög á annan veg, þar sem læknar í meðalhéruðum hafa nú réttum þriðjungi hærri byrjunarlaun en prestar, auk þess sem læknaembættum fylgja margfalt hærri aukatekjur, svo að þær verða jafnvel sumstaðar aðaltekjur embættisins. Miðað við peningagildi og verðlag munu laun presta vera töluvert lægri nú en þau voru fyrir heimsstyrjöldina. Auk þess hefir aðstaða presta til búskapar breyzt mjög. Búrekstur, sem byggist á aðkeyptu vinnuafli, með bústofni keyptum fyrir lánsfé, mun ekki geta gefið hagnað til að bæta upp hin lágu laun. Mun og hagur presta, einkum hinna yngri, þeirra, er byrjað hafa prestsskap á styrjaldarárunum og síðan, en í þeim hóp er nálega helmingur þeirra presta, sem nú eru í embætti — vera lakari en nokkurrar annarar embættisstéttar hér á landi. Hlýtur slíkt ástand, ef það helzt til lengdar, að reynast allt annað en holt fyrir starf prestanna og andlegt líf þjóðarinnar.

Þegar um launakjör starfsmanna ríkisins er að ræða, er þess að gæta, að ýmsum embættum fylgir nokkur *stofnkostnaður*. Að því er tekur til presta mun stofnkostnaður vegna embættis eigi verða talinn lægri en hér segir:

1. Embættisbúningur (2 hempur og kragar)	Kr.	550,00
2. Reiðhestar, tveir, hvor á 300 kr.	—	600,00
3. Reiðtýgi með tösku	—	180,00
4. Skrifstofumunir	—	250,00
	Kr.	1580,00

Ríkið gerir starfsmönnum sínum að skyldu að greiða 7% af föstum launum í lífeyrissjóð. Það er viðurkennt, að starfsmenn eigi rétt á að fá endurgreiddan námskostnað sinn í starfslaunum. Mikil bókakaup eru óhjákvæmilegur kostnaðarliður innan ýmsra starfsgreina. Og loks má telja gjöld til stéttarfélags og ferðakostnað á stéttarfundi. Þessi *almenni embættiskostnaður* mun eigi verða lægri árlega hjá hverjum presti en hér segir:

1. Lífeyrisgjald, miðað við byrjunar laun	Kr.	140,00
2. Afborganir og vextir af námsskuldum í 20 ár, að meðaltali á ári	—	400,00
3. Bókakaup	—	200,00
4. Til stéttarfélags (útgáfu Prestafélagsrits)	—	30,00
5. Ferðir á kirkjufundi, að meðaltali á ári	—	60,00
Samtals	Kr.	830,00

Er hér sem alstaðar varlega áætlað; hvergi nærri gert ráð fyrir fullri endurgreiðslu námskostnaðar; yngstu prestarnir munu jafnvel flestir hafa stórum þyngri byrði af námsskuldum sínum en hér er talið. Það munu og

margir mæla, að ætla þyrfti ríflegri upphæð til bókakaupa en hér er gert, jafnvel þó að frumvarp kirkjumálanefndar um bókasöfn prestakalla verði óbreytt að lögum.

En auk þessa hafa prestar *að því leyti sérstöðu meðal starfsmanna ríkisins, að á þeim hvílir umfram aðra embættismenn sérstakur embættiskostnaður,* er þeir fá eigi endurgreiddan, svo sem skrifstofukostnaður, ferðakostnaður o. fl. — í kaupstöðum skiftir skrifstofukostnaðurinn mestu máli, en í sveitum ferðakostnaðurinn. Þessi sérstaki embættiskostnaður presta — umfram almennan embættiskostnað — mun í meðalhægu sveitaprestakalli eigi verða talinn lægri árlega en hér segir:

1. Fyrning á 2 hempum, 6% af kr. 500,00	Kr.	30,00
2. Fyrning kraga og stífing	—	15,00
3. Fyrning og viðgerðir á reiðtýgjum	—	25,00
4. Reiðföt og hlífðarföt	—	80,00
5. Fyrning tveggja reiðhesta (endast 10 ár hvor) ..	—	40,00
6. Hestaeldi	—	200,00
7. Hestajárn	—	10,00
8. Skrifstofukostnaður, svo sem ritföng, ljós og hitun	—	185.00
Samtals	Kr.	585,00
Ef bætt er hér við hinum almenna embættiskostnaði	—	830,00
Þá verður allur embættiskostnaður hvers prests eigi lægri en	Kr.	1415,00

Allir liðir hins sérstaka embættiskostnaðar eru hér sem varlegast áætlaðir. Fullvíst er að í kaupstöðum og í hinum erfiðari sveitaprestaköllum er þessi kostnaður mjög miklu hærri. Ýmsa fleiri kostnaðarliði mætti og nefna, svo sem risnu, og í sumum prestaköllum bátsferðir á sjó, kaup fylgdarmanns á vetrum og þóknun á annexíum. Einnig væri sanngjarnt að bæta hér við vöxtum og afborgun af stofnkostnaði embættis.

Byrjunarlaun presta, með dýrtíðaruppbót, eins og hún var greidd 1929 (40%), eru 2800 kr. Aukatekjur presta eru mismunandi, eftir mannfjölda prestakalla. Það mun fara mjög nærri, að aukatekjur séu árlega um 40—50 au. á mann í prestakallinu, ef miðað er við meðalháa verðlagsskrá, eða 200—250 kr. í prestakalli, er telur 500 manns, svo að tekjurnar verða þar alls eigi hærri en 3050 kr., og hefir presturinn þá 1635 kr. eftir, er hann hefir greitt embættiskostnaðinn.

Þess er ennfremur gætandi, að af þessum raunverulegu launum verður fjöldi presta að greiða lán og kvaðir á íbúðarhúsi, og er sú upphæð sumstaðar allhá.

Á þeim prestsetrum, þar sem eru nýbyggð hús, mun afgjald jarðar

og íbúðarhúss hvergi vera lægra en 1000—1100 kr., auk árlegs viðhalds á íbúðarhúsi, miðað við meðalstóra jörð. Er það ómótmælanleg staðreynd, þó ótrúleg kunni að þykja, að í sliku prestakalli getur presturinn eigi haft meira en 500—600 kr. umfram jarðarnytjarnar til framfæris sér og fjölskyldu sinni, til risnu, fylgdarmanna, bátsferða í sumum prestaköllum og annars kostnaðar, sem óhjákvæmilega fylgir starfinu. En auk þess, sem áður er sagt um búskap, sem byggður er á aðkeyptu vinnuafli og lánsfé, má taka það fram, að jarðnytjarnar gefa oft eigi verulegan arð, fyrst í stað a. m. k., og síst ungum prestum, er lítt kunna til búskapar, enda hafa þeir dvalið við nám og í kaupstöðum mikinn hluta uppvaxtarára sinna.

Það mun eigi vera furðuefni þeim, er líta með sanngirni á málavexti, þó að hagur presta sé óhægri en annara stétta. En það kann að vera ókleift einni stétt, þó hver sanngjarn maður sjái að hún sé misrétti beitt, að fá gagngerða bót launakjara sinna, meðan eigi fer fram almenn endurskoðun launalaganna. Efni 1. gr. frumvarps þessa raskar eigi þeim grundvelli, er launalögin hvíla á, heldur miðar það í áttina til samræmis og jafnréttis við aðrar stéttir. Þar er farið fram á, að sú stétt, sem lægra er launuð en aðrir, fái greiddan, með hóflegri upphæð, þann embættiskostnað, sem á henni hvílir *umfram aðrar embættisstéttir*, enda gefur að skilja, að löggjafarvaldið hefur, eftir sem áður, óbundnar hendur um ákvörðun á launum presta, þá er launalögin verða endurskoðuð. Og þar sem uppbót þessi er eigi miðuð við nema nokkurn hluta embættiskostnaðar, telur meiri hluti nefndarinnar (Jón Guðnason, Sveinbjörn Högnason og Þorsteinn Briem) rétt, að dýrtíðaruppbót greiðist af upphæðinni.

Rétt þykir að geta þess, að búist er við, að hærri upphæðin, 700 kr., verði veitt aðeins tiltölulega fáum prestaköllum, þeim, sem öðrum fremur eru erfið yfirferðar, eða útheimta kostnaðarsama þjónustu. Að öðru leyti þykir ekki heppilegt, að skifta prestaköllum í fleiri kostnaðarflokka en hér er gert. Þótt fáein hægustu prestaköllin fái samkvæmt þessu frumvarpi að tiltölu ríflegast greiddan embættiskostnað, þá er þar um litla upphæð að ræða, og auk þess eru aukatekjur allra lægstar í slíkum prestaköllum og þörfin fyrir launabót að því skapi meiri. Gera verður ráð fyrir, að þá er prestur þjónar í bili tveim prestaköllum og tekur fyrir hálf önnur prestslaun, þá fái hann og embættiskostnaðinn greiddan í sömu hlutföllum.

Heppilegast þykir að flokkun prestakalla að því er snertir embættiskostnaðinn sé ákveðin til aðeins 5 ára í senn, vegna breytinga, er kunna að verða á því tímabili á samgöngum o. fl., er áhrif hefir á embættiskostnaðinn.

II.

Embættisbækur presta, einkum prestsþjónustubækur og manntalsbækur, eru mikilsverð heimildarrit, enda geyma þær ýmsar upplýsingar um flest alla einstaklinga þjóðarinnar, sem hvergi er annarstaðar að fá, sízt jafn áreiðanlegar. Er því jafnan talið mikið tjón, ef þær bækur skemmast, eða ef eitthvað brestur á, að þær séu svo glögg heimildarrit,

sem vera mætti. En þó að til séu forn fyrirmæli um það, hvernig þessar bækur skuli færðar, þá er hvorttveggja, að þau eru nú úrelt orðin, enda eigi full trygging fyrir, að þeim sé framfylgt til hlítar. Prestar annast nú sjálfir um kaup á embættisbókum sínum, en kirkjur prestakallsins eiga að greiða andvirði þeirra. En í framkvæmdinni mun þetta oft vera svo, að prestarnir greiði andvirði bókanna úr eigin vasa. Af þessu fyrirkomulagi leiðir það, að oft eru keyptar í þessu skyni óvandaðar og óhentugar bækur, sem þola illa notkun og geymslu og eru orðnar lítt hæfar til afnota, er þær loks komast á Þjóðskjalasafnið. Úr þessu verður naumast bætt með öðru móti en því, að ríkisstjórnin leggi til bækurnar og láti löggilda þær, eins og segir í 2. gr. frumvarps þessa, enda ætti þá að komast samræmi á um bókfærslu presta og embættisbækur þeirra að verða glögg og aðgengileg heimildarrit.

III.

Prestar taka nú borgun fyrir aukaverk eftir verðlagsskrá (meðalalin). En verðlagsskrá hefir nú næsta litla þýðingu í viðskiptalífi þjóðarinnar, í samanburði við það, sem áður var. Meðalalinin er mjög mishá í sýslum landsins, eftir því hvaða vörutegundir komast inn í verðlagsskrána á hverjum stað. — Eftir núgildandi verðlagsskrá er t. d. meðalalin kr. 0,97 í Mýrasýslu, kr. 1,20 í Borgarfjarðarsýslu, kr. 1,45 í Skagafjarðarsýslu og kr. 1,78 í Reykjavík. Er ekki unnt að finna neina ástæðu, er mæli með því, að meira en fjórðungsmunur sé á greiðslu fyrir aukaverk presta, eftir því, hvoru megin Hvítár þau eru unnin, né að þau skuli greidd með nálega helmingi lægri upphæð í Borgarnesi en í Reykjavík. Er hér um misrétti að ræða, hvort sem litið er á hag presta eða sóknarbarna. Ennfremur verður meðalalinin, með þeim aurareikningi, er henni fylgir og breytingum frá ári til árs, að teljast fremur óviðfeldinn og óþægilegur mælikvarði fyrir gjaldskrá.

Með ákvæðum 3. gr. er ætlast til, að samræmi komist á um borgun fyrir aukaverk presta, hvar sem er á landinu. Endurskoðun gjaldskrár, á 10 ára fresti, ætti að tryggja samræmi hennar við verðlag á hverjum tíma.

Ed. 460. Frumvarp

til laga um bókasöfn prestakalla.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Stofna má bókasöfn prestakalla á þann hátt, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Í bókasöfn prestakalla má einungis kaupa bækur guðfræðilegs og andlegs efnis, vandaðar fræðibækur almenns efnis og úrvals skáldrit.

3. gr.

Nú vill sóknarprestur stofna eða auka við bókasafn prestakalls síns. Skal hann þá fyrir júnílok ár hvert senda „bókanefnd prestakalla“ skrá yfir bækur þær, er hann óskar að fá í bókasafnið og greiða ¼ verðs þeirra innbundinna og flutningsgjalds fyrirfram.

4. gr.

Bókanefnd prestakalla skipa 3 menn: Tveir guðfræðingar, og einn til vara, kosnir af prestastefnu — synodus — til 3 ára í senn og einn maður, sem sérstaklega er kunnur að smekkvísi og þekkingu í almennum bókmenntum og dóms- og kirkjumálaráðuneytið skipar til jafnlangs tíma. Skal bókanefndin annast um útvegun bóka í bókasöfn prestakalla og dæma um hvort bækur, sem útvega á, fái fullnægt skilyrðum 2. greinar, og veita leiðbeiningar þar að lútandi.

5. gr.

Nú hefir bókanefnd borizt beiðni um útvegun bóka samkvæmt 3 gr. og kemur beiðnin eigi í bága við fyrirmæli 2. greinar laga þessara. Útvegar hún þá bækurnar, en ráðuneytið ávísar bókanefndinni, eða bóksala hennar, ¾ kostnaðar úr ríkissjóði, gegn því að bækurnar verði eign bókasafns prestakallsins. Þó má ekkert ár verja meiru fé úr ríkissjóði í þessu skyni en 10 þús. kr. samtals.

6. gr.

Nú bjóða prestar landsins eitthvert ár fram meira fé til bókasafna prestakalla, en nemi 3333 krónum samtals og sker bókanefnd þá úr, hvaða ritum skuli hafna eða fresta til næsta árs að útvega, svo að framlag ríkissjóðs fari eigi fram úr því, sem áskilið er í 5. gr.

7. gr.

Um leið og bókanefnd sendir presti bækur til bókasafns prestakalls hans samkvæmt lögum þessum, sendir hún prófasti skrá yfir bækur þær, er bókasafninu þannig bætast. Ritar prófastur þá skrá inn í aðalskrá, er honum ber að gera yfir bækur þær, sem til eru í hverju bókasafni prestakalls í prófastdæmi hans.

8. gr.

Þegar prestur hefir veitt móttöku bókum samkvæmt lögum þessum, skal hann rita á þær nafn prestakalls síns og skrásetja. Prófastur lög-

gildir bóka undir bókaskrá prestakalls og ber honum á skoðunarferðum sínum að hafa eftirlit með því, að bækurnar séu vel geymdar.

9. gr.

Bókasafn prestakalls skal geymt þar sem prestur situr, enda er safnið í ábyrgð hans.

Prófasti er skylt að sjá um að safnið sé vátryggt gegn eldsvoða og greiðist iðgjaldið af framlagi ríkissjóðs.

Nú er prestakall prestslaust og gerir prófastur þá þær ráðstafanir, er þurfa þykir, til öryggis safninu.

Við prestaskifti skal fara fram úttekt á bókasafni prestakallsins og gerir prófastur þá fráfarandi presti að greiða bætur fyrir, ef á vantar og kenna má vangeymslu hans.

10. gr.

Nú er bókasafn prestakalls komið á stofn á prestsetrinu og má presturinn þá lána sóknarbörnum sínum bækur safnsins, er hann má án vera, enda er honum rétt að krefjast skaðabóta, ef bækur skemmast eða glatast. Og sérstaklega skal hann gera sér far um að benda ungmennum safnaða sinna á þær bækur safnsins, er hann hyggur vera þroska þeirra við hæfi og þeim fái að gagni komið til trúar- eða menningarþroska. Skylt er presti að gera útlánsskrá, er fylgir prestakallinu.

11. gr.

Sóknarprestur skal geta þess árlega í starfskýrslu sinni til biskups, hve mörg bindi eru í bókasafni prestakalls hans, ef til er. Svo og hve mörg bindi safninu hafa bætzt á árinu, og hve mörg bindi hafi verið í útlánum.

Þegar prestakall er auglýst til umsóknar skal þess getið, hvort bókasafn fylgi því og hve mikið.

12. gr.

Lög þessi ná eigi til þeirra kaupstaðarprestakalla, þar sem fyrir eru bókasöfn, er þegar njóta styrks úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fáir munu neita því, að aðstaða presta með þjóð vorri sé að mörgu leyti erfið. En fátt mun það vera, sem ungir prestar kvarta jafn almennt yfir sem bókaskorti. Flestir þeirra sitja þar, sem erfitt er eða ókleift að njóta almennra bókasafna, sem að nokkru verulegu gagni koma, og launin svo lág, að nær ekkert verður aflögu til bókakaupa. Nú mun mega víða leita til að finna þá menn, er standi jafn einangraðir í andlegu starfi sem sumir íslenzkir prestar. Getur þá vart hjá því farið, að andlegi áhuginn fari dofnandi með árunum og embættissvefninn sæki á, þegar einangrunin varnar öllum straumum og hræringum í andlegu lífi umheimsins að ná til

þeirra. En þannig mun eigi ósjaldan hafa farið um ýmsa þá, sem gengu með góðum vilja og heilum huga til starfsins. Ýmsir hinna áhugasamari presta hafa jafnan, er fjárhagur leyfði, reynt að fylgja þeirri reglu að verja $\frac{1}{12}$ launa sinna til bókakaupa. En sú er reynsla þeirra að sú upphæð nægir tæplega til þess að geta fylgst með í hinu merkasta, sem ritað er um guðfræðileg og andleg efni, og hafa því hinar aðrar greinar bókmenntanna orðið að vera nær algerlega á hakanum og prestarnir orðið að mestu leyti að láta sér nægja þau rit, er fá má að láni í lestrarfélögum sveitanna, þótt þau séu allvíða næsta ófullkomin, að öðru en nýjustu skemmtiritum.

En af ástæðum, sem öllum munu mega vera ljósar, eiga yngstu prestarnir þess alls eigi kost að verja $\frac{1}{12}$ launa sinna, eða jafnvel neinu, sem nemur, til annars en brýnustu nauðsynja heimilis síns. Er þó augljóst, að þá er þeim brýnust þörf góðra bóka, áður en einangrunin hefir sljófgað menntaáhugann, og er þeir, auk erfiðrar lífsbaráttu, eiga margir í andlegri baráttu, þegar lærdómur þeirra og lífsskoðun á að standast próf lífsins. Það mun alloftast að mestu komið undir hinni andlegu aðstöðu prestsins einmitt hin fyrstu prestsskaparár hans, hvort hann verður framvegis andlega vakandi leiðtogi, eða hann staðnæmist á þroskabraut sinni, svo að hann fær með hverju ári síður fullnægt þeim kröfum, sem gerðar eru til presta nú á tímum. Góður bókakostur er því hverjum presti andleg lífsnauðsyn.

Ekkert er þjóðinni skaðlegra en að búa svo í haginn fyrir menntamenn sína, er starfa eiga víðsvegar um byggðir landsins, að þeir „forpokist“ þegar á fyrstu árum. Virðist henni fátt nauðsynlegra en að tryggja starfshæfni embættismanna sinna, eftir því sem efni leyfa.

Með frumvarpi þessu er stofnað til þess skipulags, sem með tiltölulega litlum tilkostnaði ætti að reynast með tímanum mikilsvarðandi fyrir starfshæfni prestastéttar landsins.

Frumvarp þetta sem og frumvarp um utanfarir presta miða hvorugt að því að tryggja efnalega aðstöðu þeirra, heldur aðstöðu þeirra til starfsins, svo að þeir fái orðið hæfari menn og gagnlegri hver í sínum verkahring.

Bókasöfn prestakallanna gætu með líðandi árum orðið einn hinn bezti styrkur prestastéttarinnar til að rækja störf sín þannig, að andlegu lífi þjóðarinnar verði fyllri styrkur að.

Jafnvel þótt betra skipulag komi á bókasöfn landsins en enn er orðið, má telja það víst, að fæst hinna almennu bókasafna gætu, að nokkrum verulegum mun, fullnægt þeirri þörf, sem bókasöfnum prestakalla er ætlað. Hinsvegar gætu þau síðar, er almenn bókasöfn koma, verið þeim til styrktar og staðið í sambandi við þau.

Bókaþjóð sem oss Íslendingum ætti að vera það metnaðarmál að koma sem beztu skipulagi á um not bóka. Er ekki óviðeigandi að byrja þá viðleitni á prestsetrum landsins, sem mörg eru meðal hinna merkustu staða í bókmenntasögu þjóðarinnar.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—2. gr.

Ætlast er til að bækur þær, sem keyptar verða til bókasafnanna, séu fyrst og fremst sérfræðirit handa guðfræðingum. En jafnframt verður að telja nauðsynlegt, að til safna þessara megi og kaupa vönduð, almenn fræðirit, t. d. í uppeldis- og félagsmálum og um heimspekileg og söguleg efni, svo og um þær stefnur og skoðanir, er ráðandi eru eða mestum umbrotum valda í hinum andlega heimi á hverjum tíma. Þá þykir og sjálfsagt, að til þessara bókasafna megi og kaupa önnur merkustu rit bókmenntanna, svo sem úrvalsskáldrit.

Um 3. gr.

Ætlast er til að það fari eftir menntaáhuga hvers einstaks prests hvort bókasafn kemst á í prestakalli hans samkvæmt lögum þessum. Fyrir því er honum gert að skyldu að sýna þann áhuga í verki með því að leggja sjálfur fram nokkurn hluta af verði hverrar bókar, sem keypt er til safnsins. Hins vegar þykir ekki sanngjarnt, að framlag prests nemi meiru en fjórðungi verðsins, þar sem oft má gera ráð fyrir, að presturinn geti á miðjum aldri flutzt burtu í annað prestakall, og tapar hann þá algerlega framlagi sínu.

Nauðsynlegt þykir að allar bækur safnanna séu keyptar innbundnar, þar af leiðir að prestar verða sjálfir að kaupa guðfræðileg tímarit, er koma út í heftum. Og þar sem þesskonar rit eru að jafnaði miðuð við líðandi stund, þykir síður ástæða til að kaupa þau til bókasafnanna.

Um 4. gr.

Ákvæðin um bókanefnd þykja nauðsynleg því til tryggingar, að vandað verði val bókanna. En jafnframt er svo til ætlast, að bókanefndin fái komist að hagkvæmari viðskiftum um bókakaup en hver einstakur prestur.

Þar sem ætlast er til að söfnin verði fyrst og fremst guðfræðibókasöfn og að til þeirra komi framlög frá prestum, þykir rétt að tveir nefndarmenn séu guðfræðingar kosnir af prestum. En jafnframt þykir sjálfsagt að ríkisvaldið eigi fulltrúa í slíkri nefnd og að sá fulltrúi sé kunnur að smekkvísi og þekkingu í almennum bókmenntum. Ætti kennarinn í bókmenntasögu við Háskólann að jafnaði að vera bezt kjörinn til þess starfs.

Eigi er ætlast til að bókanefnd fái þóknun fyrir störf sín.

Um 5.—6. gr.

Virðist eigi þurfa skýringa við.

Um 7.—9. gr.

Ákvæði þessi eiga að tryggja eftirlit og viðhald bókasafnanna.

Um 10. gr.

Ætlast er til að aðalnot safnaðanna af bókasöfnum þessum verði þau, að prestar þeirra fái betri aðstöðu til þess að verða menntaðri og hæfari leiðtogar. En jafnframt því er ætlast til, að prestar láni sóknarbörnum sínum, og þá sérstaklega *kennurum* prestakallsins, bækur úr safninu, er hann má án vera. Er og einkum til þess ætlast, að prestur geri sér far um að leiðbeina ungmennum um val bóka og veiti þeim þannig stuðning til sjálfsnáms. Er þess þá vænzt, að það starf prestsins verði ekki aðeins ungmennunum sjálfum til gagns og þroska er stundir líða, heldur og prestinum sjálfum einhver hin bezta hjálp til að ná andlegu sambandi við sóknarbörn sín.

Um 11. gr.

Svo miklu máli skiftir það áhugasaman prest, hvort gott bókasafn fylgir prestakallinu eða ekki, að sjálfsagt þykir, að tekið sé fram um það þegar prestakall er auglýst til umsóknar. Og þar sem menntuðustu og beztu prestarnir leggja vitanlega mesta áherzlu á þetta atriði, er og með ákvæði þessu reynt að styðja að því að beztu söfnin haldist í höndum áhugasamra bókamanna, er láta þau að beztu gagni koma sér og öðrum.

Um 12. gr.

Ekki þykir brýn ástæða til þess, að ákvæði frumvarps þessa nái til þeirra prestakalla í kaupstöðum, þar sem þegar eru vönduð bókasöfn, styrkt af ríkisfé.

Ed. 461. Frumvarp

til laga um kirkjugarða.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Í kirkjugörðum þjóðkirkjunnar á hver maður rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt lögheimili eða óskað legstaðar. Sjóreknir menn og drukknaðir eiga legstað þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar í sókn, er þeir eru fyrst fluttir til byggða.

2. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups.

Sóknarnefnd hefir á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

3. gr.

1. Skylt er sveitar- eða bæjarfélagi því, er liggur innan sóknar, að leggja til ókeypis hæfilegt kirkjugarðstæði eða grafreit, svo og hleðslu- eða steypuefni — sand og möl — í girðingu, — þó svo, að kvaðir þær, er þegar eru á jörðum og lóðum þar, sem kirkjugarðar standa, haldist óbreyttar.
2. Þar, sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis, skal sveitar- eð bæjarfélagið kosta framræslu eða uppfyllingu landsins, svo að unnt verði að taka nægilega djúpar grafir og vatn standi ekki í gröfum.
3. Þar, sem kirkja er ekki í kirkjugarði, leggur sveitar- eða bæjarfélag veg frá kirkju að kirkjugarði og heldur honum akfærum. Ennfremur leggur sveitar- eða bæjarfélag til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga kirkjugarðs, ef þess er krafizt.
4. Í kaupstöðum og kauptúnum sér sveitar- eða bæjarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðri í kirkjugarðinum, úr vatnspípum innan garðs, þar sem við verður komið, eða úr brunni í nánd, þar sem engin óhollusta getur af honum stafað.
5. Nú hafa fleiri en eitt sveitarfélag, eða bæjarfélag og hreppur eða hreppshluti, sameiginlegan kirkjugarð, og skal þá skipta kostnaðinum niður á hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög, eða hluta þeirra, eftir mannfjölda í hverju þeirra fyrir sig.
6. Heimilt er, með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi hentuga lóð undir kirkjugarð, samkv. lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.
7. Rétt er sóknarnefnd, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka, er getur í 2. gr. og 3. lið þessarar greinar, að taka sjálf að sér framkvæmd þeirra að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu, en bæjar- eða sveitarstjórn kýs mann til að endurskoða reikninginn og sætir reikningurinn úrskurði ráðuneytisins, ef ágreiningur verður. Sveitar- eða bæjarstjórn greiðir síðan reikninginn innan mánaðar frá því endurskoðun hefir farið fram.

4. gr.

Sóknarmönnum er skylt að koma upp og halda við fjárheldri og viðeigandi girðingu um kirkjugarð sinn, með steinlímdu hliði og vandaðri grind, sem hægt er að tvílæsa.

5. gr.

Þegar girða þarf grafreit, gamlan eða nýjan, gerir lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur ályktun um fyrirkomulag girðingar og efni hennar. Girðing skal vera úr vel hlöðnu grjóti, steinsteypu eða öðru sæmilegu efni, að dómi prófasts.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju; skal þá vera klukka í sáluhliði eða líkhúsi til hringingar.

6. gr.

Sóknarnefnd sér um framkvæmd verksins við girðingu grafreita, samkvæmt því, er fyrir er mælt í lögum þessum. Að verkinu loknu gerir sóknarnefnd reikning yfir kostnaðinn og sætir hann úrskurði héraðsfundar.

7. gr.

Lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur tekur ákvarðanir um hvenær taka skal upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, enda komi samþykki prófasts til.

Nú sýnir söfnuður vanrækslu í þessu efni, skipar prófastur þá fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, telji hann garðinn eigi lengur greftrunarhæfan. Skjóta má úrskurði prófasts til biskups.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal sóknarnefnd leita álits héraðslæknis og fá vottorð hans um að kirkjugarðsstæði sé valið samkvæmt heilbrigðisreglum. Síðan skal hún gera uppdrátt í 3 eintökum að fyrirhuguðum kirkjugarði, eða viðbót. Skulu þar markaðir aðalgangsstígar ekki mjórri en 1½ m. og aðrir stígar ekki mjórri en 1¼ m. og öllu skipulagi garðsins vel fyrir komið. Mælikvarði uppdrátta þessara skal vera 1 á móti 200.

Sendir síðan sóknarnefnd uppdrætti þessa, ásamt vottorði héraðslæknis, biskupi til staðfestingar, ásamt umsögn sóknarprests og prófasts.

Vilji biskup ekki samþykkja uppdrætti þessa, ber hann málið undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, er leggur á það úrskurð að fengnu áliti sérfróðs manns um skipulag kirkjugarða.

Nú vill ráðuneytið ekki samþykkja uppdrátt og lætur það þá sérfróðan mann gera nýjan skipulagsuppdrátt í 3 eintökum og sendir biskupi.

Geymir síðan biskup uppdráttinn, en sóknarprestur og sóknarnefnd hvorn hinna.

8. gr.

Sóknarnefndir skulu, innan árs frá því, er lög þessi öðlast gildi, láta gera uppdrætti að kirkjugörðum þeim, sem nota má til nokkurrar frambúðar, að dómi prófasts. Skal mælikvarði uppdrátta þessara vera hinn sami sem að nýjum görðum. Þar skal marka fyrir legsteinum og að minnsta kosti öllum nýjustu leiðum.

Kallar prófastur eftir uppdráttum þessum í tæka tíð og sendir biskupi.

Lætur kirkjustjórnin þá sérfróðan mann gera tillögur um, hvernig skipulagi hvers kirkjugarðs verði bezt fyrir komið til frambúðar og gera uppdrætti þar að lútandi. Og fer um þá síðan sem um uppdrætti að nýjum görðum.

9. gr.

Sóknarnefndir skulu annast um að greftrun sé hagað samkvæmt staðfestum uppdrætti, enda er ekki heimilt að taka gröf annarsstaðar í kirkjugarði, en þar, sem sóknarnefnd eða umboðsmaður hennar leyfir.

Bannað er að taka gröf innan kirkju.

Jafnóðum og grafið er skulu leiðin mörkuð á uppdrætti sóknarnefndar og tölusett. En nafn hins jarðaða og greftrunardag ber að setja á legstaðaskrá, er fylgja skal uppdrættinum.

Sóknarprestur skal a. m. k. einu sinni á ári tölusetja á uppdrætti sínum ný leiði samkvæmt uppdrætti sóknarnefndar.

10. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar, að a. m. k. fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Skyldur er sá, er gröf lætur taka, að ganga vel frá legstaðnum svo fljótt, sem við verður komið, og færa burt úr garðinum grjót og mold, ef ekki er allt látið aftur ofan í gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur sóknarnefnd, eða umboðsmaður hennar, gera verkið á kostnað hlutaðeiganda.

11. gr.

1. Sóknarnefnd er skylt að annast um að allar götur og gangstígar garðsins séu snyrtilegir og vel við haldið. Skal hún sjá um að garðurinn sé sleginn, en þó með varúð, og að skepnur komist þar alls ekki inn.
2. Hlutaðeigendum ber að annast um að legstaðir séu jafnan vel og smekklega hirtir.
3. Vanræki hlutaðeigendur skyldur sínar samkvæmt 2. lið, skal sóknarnefnd eða umboðsmaður hennar halda leiðum við og hreinsa af þeim illgresi á kostnað þeirra hlutaðeigenda, er til næst, en ella á kostnað kirkjugarðsins.
4. Hlutaðeigendum er skylt að halda við girðingum og legsteinum á leiðum. En sé það vanrækt þrátt fyrir aðvörun sóknarnefndar, er henni heimilt að láta slétta yfir legstaðinn og flytja ónýtar eða óviðeigandi girðingar burtu, en setja slíka legsteina í skipulega röð á þeim stað í garðinum, er prófastur telur bezt fara á.

12. gr.

Rétt er sóknarnefnd að banna grafkapellur í kirkjugörðum, nema í sérstökum röðum og gegn gjaldi, sem ákveða má í reglugerð. Henni er og heimilt að setja reglur um fyrirkomulag girðinga um leiði, svo að sem bezt samræmi verði í garðinum.

Þar, sem líkbrennsla fer fram, en menn vilja þó geyma duftker með bálfararleifum í kirkjugarði, getur sóknarnefnd ákveðið, að kerin skuli grafin í sérstökum röðum, eða geymd í grafkapellum, er bæjarstjórn eða bálfararfélög reisa innan kirkjugarðs í því skyni. Hefir þá sóknarnefnd allar hinar sömu skyldur til eftirlits með viðhaldi grafkapellu og varðveizlu bálfararleifa sem með einstökum leiðum í kirkjugarði.

13. gr.

1. Sóknarnefnd er heimilt, með samþykki safnaðarfundar, að ráða sér-

stakan umsjónarmann kirkjugarðs og greiða honum þóknun fyrir starf sitt.

2. Hefir umsjónarmaður þá allt eftirlit með kirkjugarðinum á hendi, undir yfirumsjón sóknarnefndar og á ábyrgð hennar, og gefur hún honum erindisbréf.
3. Sóknarnefnd getur falið umsjónarmanninum að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi.
4. Einnig getur sóknarnefnd falið umsjónarmanni árlegt viðhald legstaða fyrir einstaka menn, er þess óska, og setur hún honum þá gjaldskrá.
5. Í kaupstöðum getur lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur veitt sóknarnefndinni, fyrir hönd kirkjugarðsins, einkaheimild til að nota líkvagna við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi, sem rennur í sjóð kirkjugarðsins.

14. gr.

Sóknarnefndir skulu stuðla að því, að legstaðir séu smekkvíslega prýddir, með blómplöntum þeim, er bezt þola veðráttufar landsins. Ber þeim í því skyni að sjá um eða fela manni innan sóknar fyrir sína hönd að annast fyrir þá, er þess óska, útvegun skrautplantna til gróðursetningar á leiðum.

15. gr.

Skógræktarstjórn landsins skal skylt að láta sóknarnefndum í té trjáplöntur til gróðursetningar meðfram girðingum kirkjugarða að innanverðu og meðfram gangstígum innan garðs. Skulu trjáplöntur þessar látnar ókeypis.

Ræktunarstöðvum, sem styrktar eru af almannafé, er skylt að láta sóknarnefndum, eða umboðsmönnum þeirra, í té blóma- og trjáplöntur til gróðursetningar á leiðum gegn vægu gjaldi.

16. gr.

Nú eru í einhverju prestakalli fullur ⅓ hluti íbúa í utanþjóðkirkjusöfnuði, er hefir safnaðarstjórn og prest, eða forstöðumann, er hlotið hefir staðfestingu ráðherra. Skulu þá sóknarnefnd þjóðkirkjusafnaðar og safnaðarstjórn slíks safnaðar kjósa hvor úr sínum hópi sérstaka kirkjugarðsstjórn. Skipa hana 5 menn, og á hvor safnaðanna þar fulltrúa eftir mannfjölda í hvorum þeirra fyrir sig. Sbr. þó 38. gr.

Hefir kirkjugarðsstjórnin þá á hendi allar skyldur og ábyrgð sóknarnefnda, að því er tekur til kirkjugarðsins.

Legstaðasjóðir.

17. gr.

Heimilt er að stofna legstaðasjóði í hverri sókn.

18. gr.

Í legstaðasjóð geta menn lagt fé, sem ávaxtast þar til viðhalds legstaðar þess, er hlutaðeigandi óskar.

19. gr.

Sóknarnefnd hefir á hendi stjórn sjóðsins undir yfirstjórn prófasts, og er henni skylt að ávaxta innlögin í Söfnunarsjóði Íslands, þannig, að hver legstaður hafi sérstaka viðskiptabók.

Stofnandi hvers sjóðs skal í samráði við sóknarnefnd setja fyrirmæli um, hvernig verja skuli útborguðu vaxtafé, til viðhalds og endurnýunar legstaðnum, og er sóknarnefnd þá skylt að sjá um, að þeim fyrirmælum sé fylgt.

Niðurlagðir kirkjugarðar.

20. gr.

Nú vilja sóknarmenn leggja kirkjugarð niður. Skal sóknarnefnd þá boða til almenns safnaðarfundar og auglýsa í fundarboðinu umræðuefni fundarins og tillögur sínar um það. Er sú ákvörðun gild, sem gerð er með ⅔ atkvæða atkvæðisbærra manna á lögmætum eða ályktunarfærum safnaðarfundi, ef samþykki prófasts og biskups kemur til.

21. gr.

Niðurlagðir kirkjugarðar skulu taldir meðal fornleifa og sér dóms- og kirkjumálaráðuneytið um að friðhelgi þeirra sé lýst á þingi.

22. gr.

Sóknarnefnd lætur gera griphelda girðingu um niðurlagðan kirkjugarð og heldur henni við á kostnað sóknarkirkjugarðsins, á meðan vel sést til leiða í kirkjugarðinum. Næstu 20 ár, eftir að kirkjugarður hefir verið lagður niður, má þar jarða einstaka menn, ef rúm leyfir og klukka er þar til hringingar, en skylt er þeim, er lætur grafa, að setja trausta girðingu um legstaðinn og leggja hæfilega fjárupphæð í legstaðasjóð, honum til viðhalds.

23. gr.

Nú eru liðin meira en 20 ár frá því er kirkjugarður var lagður niður og vill meiri hluti atkvæðisbærra manna á lögmætum safnaðarfundi slétta yfir garðinn og gera að grasreit. Skal það þá heimilt, ef ráðuneytið samþykkir, að fengnum tillögum biskups og fornmenjavarðar.

Eru þá öll minnismerki í garðinum á ábyrgð vandamanna hinna látnu, en heimilt er þeim að halda slíkum legstöðum óhögguðum, ef þeir halda þar við sómasamlegri girðingu.

Niðurlagðan grafreit má ekki nota til neins þess, er óviðurkvæmilegt er, að dómi prófasts. Ekki má þar neitt jarðrask gera, svo sem með kjall-

aragreftri eða skurðagerð, fyrr en 100 ár eru liðin frá því, er þar var síðast jarðað. Þó getur ráðuneytið, að fengnum tillögum biskups, veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar liðin eru 60 ár.

Nú hefir ráðuneytið leyft að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð. Getur það þá mælt svo fyrir, að þau minnismerki, sem þar eru og enginn hirðir um, séu flutt til sóknarkirkjugarðsins á kostnað hans, og komið þar fyrir í garðinum í skipulegri röð, á þeim stað, er prófastur telur bezt fara.

24. gr.

Prófastur felur sóknarpresti að gera skrá yfir alla legsteina og minnismerki í niðurlögðum kirkjugörðum, og skal þar öllum merkilegum eða fornum legsteinum lýst sérstaklega. Skrá þessa sendir prófastur biskupi. Leitar kirkjustjórnin þá álits fornmenjavarðar og skal síðan með þá legsteina fara svo sem hún mælir fyrir um.

25. gr.

Þar sem sjór brýtur gamla kirkjugarða eða niðurlagður kirkjugarður eyðist af uppblæstri, svo að bein framliðinna koma í ljós, ber prófasti að tilkynna kirkjustjórninni það. Gerir hún fornmenjaverði aðvart og getur hún þá með ráði hans gert þær ráðstafanir, er þurfa þykir. Er sóknarnefnd þá skylt, ef þess er krafizt, að láta færa bein framliðinna til greftrunar í kirkjugarði sóknarinnar, á kostnað kirkjugarðsins.

Um líkhús o. fl.

26. gr.

Sóknarnefnd er heimilt, ef safnaðarfundur samþykkir, að láta reisa líkhús við kirkju eða í kirkjugarði, á kostnað kirkjugarðsins. Ennfremur verkamannaskýli í kirkjugarði, eða við hann, með nauðsynlegum þægindum fyrir starfsmenn kirkjugarðsins.

27. gr.

Áður en sóknarnefnd framkvæmir verkið skal hún tilkynna það prófasti, en hann aftur kirkjustjórninni. Felur hún þá húsameistara að gera uppdrátt að byggingunni, og skal síðan fara eftir þeim uppdrætti, eða öðrum, er ráðuneytið samþykkir.

28. gr.

Líkhús skal vera úr steinsteypu og með steinsteyptu gólfi, eða öðru jafnhentugu til sótthreinsunar, að dómi héraðslæknis. Skulu veggir og gólf vandlega sléttuð og séð fyrir nægilegri loftræslu. Í líkhúsi og verkamannaskýli skal vera vatnsveita og frárennsli, ef við verður komið.

Um fjárhag kirkjugarða.

29. gr.

Sóknarnefnd er heimilt, að fengnu samþykki safnaðar- og héraðsfundar, að taka upp legkaup í sókn sinni, með samþykkt, er ráðuneytið staðfestir.

Sóknarnefndin innheimtir þá legkaupið gegn 6% innheimtulaunum.

30. gr.

Fyrir hver áramót skal sóknarnefndin gera fjárhagsáætlun fyrir kirkjugarðinn næsta ár.

Nú hrökkva ekki tekjur kirkjugarðsins fyrir útgjöldum, og skal sóknarnefndin þá jafna því, er á vantar, niður á útsvarsgreiðendur í sókninni, sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra, sbr. þó ákvæði 38. greinar.

Þó má hundraðsgjald þetta ekkert ár fara fram yfir 2%, nema safnaðarfundur leyfi.

Nú er í sókn meira en eitt sveitar- eða bæjarfélag, skal þá fyrst skipta gjaldinu niður á þau eftir íbúatölu hvers þeirra innan sóknarinnar.

Eindagi hundraðsgjaldsins er sá sami sem á útsvörum. Innheimtumönnum ríkissjóðs í kaupstöðum og oddvitum, eða innheimtumönnum sveitasjóða, er skylt að innheimta hundraðsgjaldið gegn 6% innheimtulaunum, ef sóknarnefnd óskar. Ella innheimtir sóknarnefnd gjaldið gegn sömu þóknun.

31. gr.

Lögtaksréttur fylgir öllum þeim gjöldum, sem mælt er fyrir í lögum þessum.

32. gr.

Um reikningshald kirkjugarðs- og legstaðasjóðs, svo og hvenær reikning skuli senda prófasti, og um ábyrgð sóknarnefndar, gilda sömu ákvæði sem um reikningshald safnaðarkirkna.

Um heimagrafreiti.

33. gr.

Heimilt er ráðherra að veita leyfi til að taka upp heimagrafreiti samkvæmt lögum þessum.

34. gr.

Nú óskar einhver að taka upp heimagrafreiti á jörð sinni, fyrir sig og konu sína og börn þeirra, og sendir hann þá beiðni um það til biskups.

Beiðninni skal fylgja vottorð héraðslæknis um að staðurinn sé vel valinn, og ennfremur fullnægjandi skipulagsuppdráttur af reitnum, ásamt uppdrætti af fyrirhugaðri girðingu.

35. gr.

Biskup leggur síðan beiðnina, ásamt fylgiskjölum, fyrir ráðuneytið ásamt tillögum sínum, og getur ráðherra veitt umsækjanda leyfið, ef hann fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

a. Setur hæfilegt veð fyrir því, að hann reisi í tæka tíð trausta og vandaða girðingu um reitinn samkvæmt uppdrætti.
b. Leggur hæfilega fjárhæð, að dómi ráðuneytisins, þó aldrei minna en 600 kr., í legstaðasjóð sóknarkirkjugarðsins, grafreitum til viðhalds, endurnýjunar og eftirlits.
c. Greiðir öll gjöld til kirkjugarðs sóknar sinnar, svo sem aðrir menn í sókninni.

36. gr.

Sóknarnefnd varðveitir viðskiptabækur legstaðasjóðs til viðhalds heimagrafreitum í sókninni, undir yfirstjórn prófasts. Er henni skylt að sjá um viðhald heimagrafreita í sókninni, ef vandamenn hinna látnu flytjast burt eða falla frá, og gilda þar um sömu reglur sem um viðhald þeirra legstaða í kirkjugarði, sem legstaðasjóður er lagður til.

37. gr.

Prófasti er skylt að hafa eftirlit með heimagrafreitum á yfirreiðum sínum.

Ferðakostnað prófasts til eftirlits með heimagrafreit greiðir jarðareigandi, nema biskup leyfi, að hann megi greiða af útborguðum vöxtum legstaðasjóðs.

Skjóta má ferðakostnaðarreikningi prófasts til úskurðar kirkjustjórnar.

Um grafreiti utanþjóðkirkjumanna.

38. gr.

Heimilt er viðurkenndum söfnuðum utan þjóðkirkjunnar að taka upp sérstakan grafreit, með samþykki ráðuneytisins.

Setur ráðuneytið þá safnaðarstjórninni allar hinar sömu reglur um skipulag, umgengni og viðhald slíkra grafreita, sem sóknarnefndum þjóðkirkjusafnaða, að því er við á. Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaða, er hafa sérstakan grafreit, eru ekki skyldir að greiða hundraðsgjald til kirkjugarðs sóknarinnar, meðan þeir halda reitnum sómasamlega við og fylgja settum reglum.

Um reglugerð, samþykktir o. fl.

39. gr.

Ráðuneytið gefur út reglugerð um kirkjugarða í samráði við biskup. Skal þar setja nánari ákvæði og leiðbeiningar um ýmis atriði, er snerta

kirkjugarða, svo sem um umgengni þeirra, útmælingu legstaða, ættargrafreiti, tilhögun á greftri o. fl. þess háttar.

40. gr.

Sóknarnefndum er heimilt, með leyfi safnaðar- og héraðsfundar, að setja nánari ákvæði um kirkjugarð og greftrun í samþykkt, er ráðherra staðfestir, samkvæmt tillögum biskups. Má þar setja ákvæði um legkaup, gjald fyrir grafkapellur og um gerð þeirra, lokunartíma kirkjugarða í kaupstöðum og það annað, sem nauðsynlegt þykir að haga eftir staðháttum.

41. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum 10—500 kr., enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Mál, sem rísa kann út af lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

42. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39, 8. nóv. 1901, um kirkjugarða og viðhald þeirra, lög nr. 29, 15. júní 1926 um líkhús. Ennfremur eru afnumin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

43. gr.

Meðan verið er að koma lögum þessum í framkvæmd er ráðuneytinu heimilt að taka sérfróðan mann, sér til aðstoðar, til að veita nauðsynlegar leiðbeiningar.

Athugasemdir.

Alkunna er, hve víða er áfátt um viðhald og hirðingu kirkjugarða, svo að nærri heggur þjóðarskömm sumsstaðar. Veldur því bæði rótgróinn vani og sinnuleysi almennings, svo og erfið aðstaða sóknarnefnda, þar sem þær hafa óvíða átt kost á leiðbeiningum og löggjöfin eigi heldur veitt þeim þá aðstoð sem skyldi.

Þó hafa prestar og sóknarnefndir víða beitt sér fyrir umbótum, einkum hin síðustu ár, svo að allvíða sér þess merki.

En einmitt þær sóknarnefndir, sem helzt hafa unnið að umbótum, hafa fundið tilfinnanlegast til ýmsra ágalla í löggjöf vorri um kirkjugarða. Og hafa kirkjumálanefndinni borizt um það kvartanir frá einstökum sóknarnefndum.

Í frumvarpi þessu er reynt að bæta úr þeim göllum, er framkvæmdarsömum sóknarnefndum hafa þótt tilfinnanlegastir á núverandi löggjöf í þessu efni. Og hefir verið reynt að sníða frumvarp þetta eftir því, sem við getur átt, bæði í fjölmennum kaupstöðum og sveitum.

Umbætur í þessu efni eru fyrst og fremst menningarmál.

Á því byggist sú meginhugsun frumvarpsins, að allir menn, utan

þjóðkirkjunnar sem innan hennar, hafi jafnan rétt til legstaða í kirkjugarði, og beri þar af leiðandi jafnar skyldur, nema þeir séu í viðurkenndum söfnuði, sem óskar að vera sér um grafreit.

Eru kirkjugarðarnir þá eigi kirkjumál einvörðungu, heldur verða þeir jafnframt að teljast til heilbrigðis- og menningarmála byggðarlagsins. Á þeirri hugsun byggjast kvaðir þær, sem lagðar eru á sveitar- og bæjarfélög samkvæmt frumvarpi þessu, enda eru þær í samræmi við og í beinu framhaldi af lagasetningum síðasta Alþingis, sbr. lög nr. 13, 14. júní 1929.

Þar sem frumvarpið er byggt á þeim grundvelli, að allir menn, utan þjóðkirkjunnar og innan, hafi sama rétt og skyldur að því er tekur til kirkjugarðanna, þá leiðir þar af, að kirkjugarðar verða að hafa sérstakt reikningshald og sérstakan fjárhag, einnig þar, sem sóknarkirkjan er safnaðarkirkja.

En þótt fjárhagur kirkju og kirkjugarðs sé aðskilinn, þykir sjálfsagt, að sóknarnefndirnar hafi áfram umsjón kirkjugarða og fjárhald. Hafa bæjar- og sveitarstjórnir þegar ærin verkefni, en ef fela ætti umsjón kirkjugarðanna sérstökum nefndum, mundu þær nefndir, eða kirkjugarðsstjórnir, oftast skipaðar sömu mönnum sem sóknarnefndirnar. Þar sem rétt þykir að kirkjugarðar séu áfram í umsjón sóknarnefndanna, verður prófastum og biskupi að bera öll yfirumsjón, enda er í frumvarpi þessu all-mjög hert á eftirlitsskyldu prófastanna.

Augljóst er, að öllum hinum nauðsynlegustu umbótum verður ekki komið fram með lagasetningu einni saman. En þar sem áhugi er víða að vakna meðal sóknarnefnda og safnaða í þessu efni, virðist rétt að löggjafarvaldið styðji að þeirri viðleitni með löggjöf í þá átt, er áhugasamir söfnuðir hafa óskað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari felst meginhugsun frumvarpsins, að í kirkjugörðum þjóðkirkjunnar eigi menn rétt til legstaðar hverrar trúar sem eru. Þar af leiðir, að allir hafa sömu skyldur gagnvart kirkjugarði sóknar sinnar, hvort sem þeir eru í þjóðkirkjunni eða utan hennar, nema þeir séu í utanþjóðkirkjusöfnuði, er hefir sérstakan grafreit.

Samkvæmt Kristnirétti Árna biskups 11. kap., sem enn er í gildi að þessu leyti, veitir lögheimili innan sóknar ekki rétt til legstaðar í kirkjugarði sóknarinnar, ef maður andast utan sóknar. Þykir því rétt að setja fyllri ákvæði hér að lútandi, svo og um sjórekna menn og þá, er í öræfum andast.

Um 2.—3. gr.

Þar sem réttur til legstaðar í kirkjugörðum er samkvæmt frumvarpi þessu ekki bundinn við það, að menn séu meðlimir þjóðkirkjunnar, þykir ekki rétt að kirkja og kirkjugarðar hafi sameiginlegan fjárhag, enda getur það valdið erfiðleikum í framkvæmd, sérstaklega í stórum kaupstöðum.

Þykir því sjálfsagt, að hver kirkjugarður sé sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi. Hinsvegar er talið rétt að fela söfnuðum umsjón kirkjugarða og ábyrgð, en ekki t. d. sveitar- eða bæjarstjórnum, er hafa með höndum svo margskonar óskyld störf.

Sjálfsagt þykir að fela biskupi eftirlit með því, að söfnuðir gæti skyldu sinnar.

Um 3. gr.

1. Ákvæðin í 1. lið um kirkjugarðsstæði eru í samræmi við lög nr. 13, 14. júní 1929 um kirkjugarðsstæði í Reykjavík, og kemur væntanlega eigi til framkvæmda, nema í þeim kaupstöðum, sem hinar fornu kvaðir á jörðum, þar sem kirkjur standa, ná eigi til.
2. Þar sem sveitar- eða bæjarfélagi er gert að skyldu að leggja til ókeypis *hæfilegt* kirkjugarðsstæði, verður því að bera skylda til að bæta úr því, sem á vantar að svo sé.
3. Vegur að kirkjugarði verður að teljast almenningi jafn-nauðsynlegur sem hreppa- og bæjarvegir. Síðari málsgrein í 3. lið tekur væntanlega aðeins til kaupstaðanna.
4. Þar sem nægilegt vatn til vökvunar er svo nauðsynlegt skilyrði blóma- og trjáræktar, sem ætti að vera höfuðprýði kirkjugarða, þykir þetta ákvæði nauðsynlegt.

Um 4.—6. gr.

Virðast eigi þurfa skýringa.

Um 7. gr.

Þó að safnaðarfundur hafi ákvörðunarvald um upptöku kirkjugarðs eða stækkun, þykir rétt að veita prófasti úrskurðarvald, ef söfnuður vanrækir skyldur sínar í því efni, þegar gamall kirkjugarður er útgrafinn.

Sjálfsagt þykir að setja fyrirmæli um skipulag nýrra kirkjugarða og þykir það auðveldara til eftirlits að uppdrættir séu sendir á einn stað til staðfestingar.

Ef eigi eru í einhverri sveit hæfir menn til að gera uppdrætti þessa, mun þess jafnan vera kostur að fá til þess trúnaðarmann Búnaðarfélags Íslands, er hann er á ferð um sveitina.

Um 8. gr.

Þar sem nýr kirkjugarður er fyrir skömmu upptekinn, eða eldri kirkjugarður verður notaður til verulegrar frambúðar, þykir rétt að stuðla að skipulegum greftri í honum með því að láta sóknarnefnd í té ókeypis góðan skipulagsuppdrátt. Og ber prófasti að sjá um að greftri sé hagað samkvæmt þeim uppdrætti.

Um 9.—10. gr.

Virðast eigi þurfa skýringar.

Um 11. gr.

Ræðir um hirðingu og umgengni kirkjugarða. Þykir óhjákvæmilegt að sóknarnefndir geti veitt þeim hlutaðeigendum nokkurt aðhald, er vanrækja að hirða um legstaði ættmanna sinna eða vandamanna, svo að óprýði sé að.

Um 12. gr.

Ef grafkapellur eru ekki bannaðar, sem þykir, ef til vill, of mikil takmörkun á frelsi einstaklingsins, þá virðist rétt að heimila sérstakt gjald af þeim og setja reglur um, að þær séu reistar í sérstökum röðum, þar sem bezt þykir fara á, svo að þær spilli eigi heildarsvip garðsins.

Þar sem lög nr. 41 3. nóv. 1915 veita heimild til að setja í reglugerð þau ákvæði um líkbrennslu, er nauðsynleg þykja, virðist eigi ástæða til að taka fram annað en hér er gert um bálfararleifarnar.

Um 13. gr.

Ákvæði þessi þykja nauðsynleg í kaupstöðum. Ákvæði í 5. lið veitir útfararstjórum aðhald um verðlag.

Um 14.—15. gr.

Þar sem vel hirtur blóma- og trjágróður er hin kostnaðarminnsta, en fegursta prýði í hverjum kirkjugarði, þykir rétt að stuðla að því og hvetja menn til þeirrar ræktarsemi, þann veg, sem hér er gert.

Þykir og sennilegt, að það örvi menn til meiri blóma- og trjáræktar yfirleitt, einkum þar sem líklegt má telja, að sóknarnefndir feli ungmennafélögunum að annast gróðursetningu trjáplantnanna og hirðingu þeirra.

Um 16. gr.

Þó söfnuðum utan þjóðkirkjunnar sé veitt heimild til að taka upp sérstakan grafreit, sbr. 38. gr., þykir rétt að fjölmennir utanþjóðkirkjusöfnuðir, er vilja nota kirkjugarð sóknarinnar, fái rétt til að taka þátt í stjórn kirkjugarðsins, að tiltölu við mannfjölda.

Um 17.—19. gr.

Legstaðasjóðir eru nýmæli. En þar sem vitað er, að ýmsir vilja gefa nokkurt fé til varðveizlu legstaða sinna, eða sinna nánustu, ef einhverjum aðilum bæri skylda til að sjá um að því fé yrði varið samkvæmt tilgangi gefanda, þá þykir rétt að setja þessi ákvæði. Er sóknarnefndum þar með gert að skyldu að annast um að fyrirmælum gefanda sé fylgt.

Líklegt er og, að ýmsir stofnendur legstaðasjóða setji þau ákvæði í stofnskrá, að er sjóðurinn hafi náð tiltekinni fjárhæð megi verja meiri eða minni hluta vaxtanna á annan veg til minningar um látinn ástvin.

Um 20.—25. gr.

Þótt víða hafi verið áfátt um hirðingu kirkjugarðanna, hefir þó

yfirleitt mest kveðið að vanrækslu niðurlagðra kirkjugarða. Hefir það að vonum oftlega sært tilfinningar þeirra manna, er þar eiga leiði dáinna vandamanna, svo sem foreldra eða ömmu og afa, þótt þeir hafi ekki fengið rönd við reist, þar sem löggjafarvaldið hefir veitt þeim litla aðstoð. Er hér því nokkuð hert á eldri ákvæðum um varðveizlu þeirra kirkjugarða, sem lagðir eru niður. Ennfremur er fornmenjaverði veitt hægari aðstaða til eftirlits með verndun menja í niðurlögðum kirkjugörðum.

Um 26.—28. gr.

Ræða um líkhús, verkamannaskýli í kirkjugarði o. fl. Eru ákvæðin miðuð við staðhætti í stærstu kaupstöðum landsins, aðallega í Reykjavík.

Um 29.—32. gr.

Ræða um fjárhag og reikningshald kirkjugarða. Þar sem 1. gr. frumvarpsins veitir öllum mönnum, hverrar trúar sem eru, jafnan rétt til legs í kirkjugarði, þykir og rétt að allir beri jöfn gjöld til kirkjugarðs, eftir efnum og ástæðum hvers eins, svo fremi þeir séu ekki í viðurkenndu trúarfélagi utan þjóðkirkjunnar, er hafi sérstakan grafreit fyrir safnaðarmeðlimi sína. Eigi þykir rétt að lögbjóða nefgildisskatt til kirkjugarðs, og er hér því lagt til niðurjöfnunargjald, og þykir einfaldast að því sé jafnað niður sem hundraðsgjaldi af útsvörum, og gjalddagi hinn sami sem á þeim.

Til þess að síður þurfi að taka lán það ár, sem kirkjugarður er byggður að nýju, þykir rétt að setja hámark hundraðsgjalds allt að 2% af útsvörum. En venjulega mundi hundraðsgjaldið eigi verða nema lítill hluti af þeirri upphæð.

Þar sem gjald þetta yrði venjulega mjög lágt á hvern mann, og gjalddagi hinn sami sem á útsvörum, þykir hentara, að sóknarnefnd geti falið oddvitum innheimtuna, ef hún óskar, gegn 6% þóknun.

En þótt telja verði hundraðsgjaldið hinn réttlátasta gjaldmáta, þykir þó rétt að veita einstökum söfnuðum heimild til þess að taka upp legkaup, svo sem segir í 29. gr.

Um 33.—37. gr.

Eigi þykir rétt að banna með öllu upptöku heimagrafreita. En þar sem eigendaskipti eru svo tíð á jörðum og nýr eigandi sýnir að jafnaði litla rækt gömlum heimagrafreit á jörð hans, þykir rétt að setja allströng skilyrði fyrir leyfum til upptöku nýrra heimagrafreita og þó sérstaklega að heimta gilda tryggingu fyrir viðhaldi þeirra.

Áður hafa a. m. k. 6 hundruð í jörðu verið sett að veði fyrir viðhaldi. En þar sem það getur oft komið sér illa fyrir þann, er síðar verður eigandi jarðarinnar, að hún sé þannig veðbundin, er lagt til, að sá, er beiðist leyfis til að taka upp heimagrafreit skuli í þess stað leggja a. m. k. 600 kr. í legstaðasjóð grafreitnum til viðhalds. Er þann veg reynt að

koma í veg fyrir, að einn maður geti bundið jörð sinni ævarandi bagga með upptöku heimagrafreits.

Um 38. gr.

Þykir rétt að veita heimild til þessa, einkum vegna utanþjóðkirkjusafnaða, er kynnu að reisa sér guðsþjónustuhús allfjarri sóknarkirkjunni.

Um 39.—41. gr.

Virðast eigi þurfa skýringa.

Um 42. gr.

Auk laga nr. 39 1901 og laga nr. 29 1926, eru nokkur ákvæði í lögum nr. 20 1890 um innheimtu og meðferð á kirknafé, og í lögum nr. 40 1909 um sóknargjöld, sem snerta fjárhald kirkna og kostnað við kirkjugarða og viðhald þeirra, en eigi þykir ástæða til að telja þessi ákvæði upp lið fyrir lið og afnema þau sérstaklega, með því að þetta getur ekki valdið neinum vafa eða ágreiningi.

Um 43. gr.

Þótt allt aðalstarfið við framkvæmd laga þessara hvíli á biskupi, prófastum og sóknarnefndum, þá verður oft ekki hjá því komist að leita sérfróðs manns um ýmsar leiðbeiningar. Þykir því rétt að ráðuneytið hafi heimild til þessa.

Ed. 462. Frumvarp

til laga um kirkjur.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Kirkjur og grafreitir eru friðhelgir staðir og má ekkert þar fram fara, er raski friðhelgi þeirra.

2. gr.

1. Skylt er að hafa kirkjur svo stórar, að þær rúmi í sætum a. m. k. ⅓ sóknarmanna, þar sem 1 prestur þjónar söfnuði en ⅙ þar sem messa er sungin tvisvar hvern helgidag.
2. Þegar ný kirkja er reist skal miða stærð hennar við væntanlega fólksfjölgun innan sóknar.

3. gr.

1. Prófasti ber að hafa gætur á, að kirkjur og grafreitir séu jafnan í því standi, bæði að smekkvísi, viðhaldi og umgengni, að samboðið sé helgi staðarins og þeirri lotningu, er hann á að vekja í hugum manna.

2. Prófastur úrskurðar, hvenær endurbygging kirkju er nauðsynleg. Skjóta má úrskurði prófasts til biskups.
3. Ráðuneytið felur húsameistara ríkisins eða öðrum hæfum manni að láta í té allar nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar, er hér að lúta, m. a. uppdrætti að nýjum kirkjubyggingum og endurbót kirkna.

4. gr.

Skylt er jafnan að hlíta fyrirmælum biskups og prófasts um alla hirðingu kirkna og grafreita, umgengni, endurbyggingu og viðhald.

5. gr.

Skylt er að setja hæfilega stóran ofn, eða önnur jafngóð hitunartæki, að dómi biskups, í hverja kirkju. Skal reykháf og hitunartækjum svo fyrir komið, að eigi sé óprýði að.

Skylt er að vátryggja kirkjur gegn eldsvoða í einhverju því brunabótafélagi, er kirkjustjórnin tekur gilt.

6. gr.

Nú er í ráði ný kirkjubygging eða gagnger endurbót kirkju, skal þá bera málið undir prófast. Leitar hann þá leiðbeiningar húsameistara eða annars byggingarfróðs manns, er kirkjustjórnin telur þar til hæfan, um verkið, og skal hlíta leiðbeiningum hans um framkvæmd verksins.

7. gr.

Rétt er sóknarpresti að banna hverja þá notkun kirkju, sem ekki er samboðin helgi hennar sem guðsþjónustuhúss kristins safnaðar. Skal því jafnan leita leyfis sóknarprests til annarlegrar notkunar kirkjunnar, enda ber hann ábyrgð á, að ekki sé gagnstætt fyrirmælum æðri stjórnarvalda, almennu velsæmi og allsherjarreglu.

8. gr.

Bannað er að halda fundi um almenn ágreiningsmál í kirkju.

9. gr.

Bannað er að geyma í kirkju annað en gripi hennar og áhöld.

II. Safnaðarkirkjur.

10. gr.

Safnaðarkirkja er sjálfseignarstofnun í umsjón og ábyrgð safnaðar, undir yfirstjórn biskups og kirkjustjórnar.

11. gr.

Sóknarnefnd hefir á hendi umsjón og fjárhald safnaðarkirkju. Skal hún fyrir hönd safnaðar rækja allar þær skyldur, er hvílt hafa á eigendum og forráðamönnum kirkna, að því er tekur til viðhalds og hirðingar. Ber hún f. h. safnaðar ábyrgð á, að gætt sé tilhlýðilegrar smekkvísi og umönnunar um allt, er kirkju og grafreit varðar. Og ber henni að hlíta úrskurðum biskups og prófasts í því efni, skv. almennum ákvæðum 1.—9. greinar.

12. gr.

1. Sóknarnefnd annast innheimtu á tekjum kirkjunnar og kemur sjóðeign hennar á vöxtu í Hinum almenna kirkjusjóði. Annast hún reikningshald og fjárreiður kirkjunnar, og skal jafnan senda prófasti reikning yfir tekjur og gjöld hennar á liðnu ári, eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Sóknarnefndarmenn rita allir nafn sitt á reikninginn, enda bera þeir, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð kirkjufjánna.
2. Fyrir ómak sitt fær sóknarnefnd 6% í innheimtulaun af lögboðnum árstekjum kirkjunnar.
3. Þar sem lögreglustjóri situr í sókninni, er honum skylt að taka að sér innheimtuna, gegn 6% innheimtulaunum, ef sóknarnefnd óskar og kirkjustjórn samþykkir. Þar sem skipaður er sérstakur tollstjóri tekur skylda þessi til hans.

13. gr.

Nú telur prófastur fyrirsjáanlegt, að endurreisa þurfi safnaðarkirkju, eða gera gagngera endurbót á henni innan 10 ára, en þykir sýnilegt, að sjóður kirkjunnar verði eigi orðinn svo mikill, að nemi hálfum kostnaði, getur hann þá, með samþykki biskups, úrskurðað hækkun kirkjugjalda um allt að 100%, og skal sá tekjuauki jafnan lagður á vöxtu í hinum almenna kirkjusjóði.

14. gr.

Skylt er söfnuði að taka að sér til umsjónar og fjárhalds hverja þá léns- eða bændakirkju, er eigandi eða lénsdrottinn óskar, með þeim skilmálum, er segir í 15. gr., ef biskup samþykkir.

15. gr.

1. Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með 2 óvilhöllum, byggingafróðum mönnum gera nákvæma úttekt á kirkjunni, eigum hennar, áhöldum og gripum. Skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og gripi hennar og áhöld.
2. Álag skal miða bæði við fyrningu hússins og byggingarkostnað á hverjum tíma, þar sem kirkja er eigi að stærð við hæfi sóknarinnar.
3. Eigandi eða lénsdrottinn greiðir álagið í hendur sóknarnefndar, er tekur við kirkjunni og fé hennar fyrir hönd safnaðarins.
4. Skjóta má úttekt kirkju til yfirúttektar, og skal þá að minnsta kosti helmingur yfirúttektarmanna skipaður byggingarfróðum mönnum.

5. Heimilt er sóknarnefnd að taka við kirkju án þess að regluleg úttekt fari fram, ef samþykki biskups kemur til og héraðsprófastur stjórnar afhendingu kirkjunnar.

16. gr.

Nú er kirkja reist á þeim stað, er kirkja hefir eigi verið á áður, og skal þá sveitar- eða bæjarfélag það, er í hlut á, leggja til ókeypis hentuga lóð undir kirkjuna, ásamt hæfilegu svæði umhverfis, ef þess er krafizt. Þar, sem skipulagsnefnd hefir eigi ákveðið kirkjustæði, skal kirkja sett þar, sem prófastur ákveður, í samráði við sóknarnefnd og húsameistara ríkisins, eða annan byggingafróðan mann, er kirkjustjórnin kveður til. Skjóta má úrskurði prófasts til biskups.

III. Bændakirkjur og lénskirkjur.

17. gr.

Skylt er ábúanda lénskirkjujarðar að hafa umsjón lénskirkju og fjárhald, nema prófastur feli öðrum.

Skylt er sóknarnefnd að annast innheimtu á tekjum lénskirkju gegn 6% innheimtulaunum, ef þess er krafizt.

18. gr.

Eigendum bændakirkna og lénsdrottnum lénskirkna er skylt að hlíta almennum ákvæðum um endurbyggingu kirkna, hirðingu, hitun og viðhald.

19. gr.

1. Nú setur kirkjueigandi eða lénsdrottinn ofn eða önnur jafngóð hitunartæki í kirkju sína, er honum þá heimilt að jafna hálfum stofnkostnaðinum á sóknarmenn, sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra, enda hafi kostnaðarreikningur verið endurskoðaður af sóknarnefnd og úrskurðaður af prófasti.
2. Nú er í sókn meira en eitt sveitar- eða bæjarfélag, skal þá fyrst skipta gjaldinu niður á þau, eftir tölu safnaðarmanna, innan hvers þeirra. Eigandi eða forráðamaður annast innheimtu gjaldsins.
3. Heimilt er kirkjueiganda eða forráðamanni að jafna niður árlegum eldsneytiskostnaði og brunabótaiðgjaldi á sama hátt.

Eindagi á gjöldum þessum er 5 vikum eftir að þau eru auglýst.

20. gr.

Nú hefir eigandi bændakirkju vanrækt hirðingu, viðhald eða endurbyggingu kirkju sinnar, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar prófasts, eða eigi hlýtt almennum ákvæðum laga þessara, 1.—9. gr., að því er eigi tekur til safnaðarkirkna sérstaklega, og er þá kirkjustjórninni skylt að höfða þegar í stað mál á hendur kirkjueiganda til þess að fá hann dæmdan til

þess, að viðlögðum dagsektum, að bæta úr göllunum, eða endurbyggja kirkjuna.

IV. Kirkjunefndir o. fl.

21. gr.

Í hverri sókn skal kjósa kirkjunefnd.

22. gr.

Kirkjunefnd skipa 5—7 menn, eftir mannfjölda sóknarinnar.

23. gr.

Kirkjunefnd skal kjósa á safnaðarfundi, þegar kosning sóknarnefndarmanna á fram að fara.

Um kosningu í kirkjunefnd, kjörtímabil, kosningarrétt og kjörgengi fer sem til sóknarnefnda.

24. gr.

Verksvið kirkjunefndar er að vinna að því, ásamt sóknarnefndinni, að glæða hlýjan hug manna til kirkju sinnar og gangast fyrir frjálsum samtökum um að auka fegurð hennar og prýði með góðum gripum og á hvern þann veg, er bezt þykir við eiga.

Sérstaklega skal kirkjunefnd gangast fyrir að útvega kirkju sinni fagra altaristöflu og gott hljóðfæri og altarisbúnað, þar sem einhverju þessu er áfátt.

25. gr.

Menningarsjóður skal eigi sjaldnar en 3. hvert ár veita 1800 kr. til 1—3 verðlauna fyrir fegurstu altaristöflur eftir íslenzka listamenn. Skal dómnefnd skipuð biskupi, eða manni, er hann nefnir til og 2 mönnum, er menntamálaráðið skipar. Menntamálaráðið styrkir síðan kirkjunefndir til kaupa á altaristöflum þeim, er verðlaun hafa hlotið, með tillagi úr Menningarsjóði, er nemi allt að helmingi verðs.

26. gr.

Kirkjustjórnin annast um að gerðir verði, svo oft sem þurfa þykir, fyrirmyndar uppdrættir að kirkjum og kirkjugörðum, er bezt þykja eiga við íslenzka staðhætti og útbýtir þeim meðal sóknar- og kirkjunefnda landsins. Skulu fylgja þeim stuttar skýringar og kostnaðaráætlun.

Útgáfu uppdrátta þessara kostar Menningarsjóður.

27. gr.

Rétt er að geyma hverskonar kirkjuforngripi í kirkjum þeim, er þá hafa átt, ef þær eru svo vandaðar, að dómi biskups og fornmenjavarðar, að tryggt megi teljast.

28. gr.

Nánari ákvæði um viðhald kirkna, kirkjuskoðun og eftirlit, svo og búnað þeirra og prýði, setur biskup í reglugerð, er ráðherra staðfestir.

29. gr.

Lögtaksréttur fylgir öllum þeim gjöldum, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

30. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum 10—500 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Mál, sem rísa út af lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

31. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 16. nóv. 1907 um umsjón og fjárhald kirkna. Ennfremur eru afnumin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Kirkjumálanefndin hefir samið frumvarp þetta samkvæmt áskorun síðustu prestastefnu og ýmsra héraðsfunda. — Frumvörp um ýms þau atriði, sem hér eru upp tekin, hafa áður verið lögð fyrir Alþingi, svo sem t. d. frv. um hitun kirkna. Og þar sem ennfremur hefir þótt nauðsynlegt, að fá ýmsar breytingar og viðauka við lög nr. 22, 16. nóv. 1907, um umsjón og fjárhald kirkna, þykir rétt að sett séu heildarlög bæði um umsjón, fjárhald, hitun, notkun og önnur þau nauðsynlegustu atriði, sem þótt hefir vanta í löggjöfina um hirðingu og viðhald kirknanna.

Þótt ýmsir söfnuðir landsins hafi á síðari árum sýnt lofsverðan áhuga á að koma upp myndarlegum kirkjum og prýða þær og fegra á ýmsan hátt, hefir sú viðleitni sumstaðar eigi borið tilætlaðan árangur, m. a. vegna þess, að söfnuðir hafa eigi notið svo fullkominna leiðbeininga, sem æskilegt hefði verið. Þykir því nauðsynlegt að setja um það nánari ákvæði. Að því lúta ýms atriði í frumvarpi þessu, svo sem í 6. og 26. gr. og víðar. Að öðru leyti skal vísað til athugasemda við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þykir ekki þurfa skýringa.

Um 2. gr.

Löghelgar venju þá, er hingað til hefir verið fylgt, er kirkjur hafa verið reistar af nýju.

Um 3. gr.

1. Hér er hert á eftirlitsskyldu prófasta.
2. Löghelguð gömul venja.
3. Ákvæði þetta á að veita meiri tryggingu fyrir því, að vandað sé til kirkjubygginga og endurbætur á þeim komi að notum.

Um 4. gr.

Þykir ekki þurfa skýringa.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. málsgreinar talin sjálfsögð heilbrigðisráðstöfun. „Ofnlaus kirkja eigi messufær á vetrardag", að dómi landlæknis. Vátrygging timburkirkna sjálfsögð, er eldfæri eru komin. Iðgjald af steinkirkju svo lágt, að eigi þarf að fráfælast. — Um hitun bændakirkna og lénskirkna vísast til athugasemda við 19. gr.

Um 6. gr.

Ákvæði þessi þykja nauðsynleg því til tryggingar, að verkið sé vandað.

Um 7. gr.

Það þykir nauðsynlegt, að einhver *einn* maður beri ábyrgð á því, að kirkja sé eigi notuð til annars en þess, sem samboðið er helgi hennar. Og á kirkjustjórnin hægra með að koma þeirri ábyrgð fram á hendur sóknarprestinum en öðrum.

Um 8.—9. gr.

Þykja eigi þurfa skýringa.

II. kafli.

Safnaðarkirkjur eru nú 207 á landinu. Þótt hirðingu þeirra og umgengni sé víða áfátt, telur biskup þó, að yfirleitt sé safnaðarkirkjum sýnd meiri ræktarsemi og þeim betur viðhaldið en léns- og bændakirkjum. Er hér því reynt að gera söfnuðum auðveldara að taka að sér kirkju sína til umsjónar og fjárhalds, en jafnframt er söfnuðum og lögð sú skylda á herðar að taka í umsjón sína hverja þá kirkju, er eigandi óskar, með þeim skilyrðum, er segir í 15. gr.

Um 10. gr.

Nafnið „safnaðarkirkja" merkir eigi það, að söfnuðurinn hafi óbundinn eignarrétt á kirkjunni og megi t. d. skipta sjóði hennar og andvirði upp meðal safnaðarmanna, ef hún væri lögð niður. Safnaðarkirkja verður því að teljast sérstök sjálfseignarstofnun, er söfnuðurinn hefir umsjón með og ber ábyrgð á. Er það í samræmi við kirkjulöggjöf annara Norðurlandaþjóða, þar sem safnaðarkirkjur eru nefndar „sjálfseignarkirkjur". Að öðru leyti þarf greinin eigi skýringar.

Um 11. gr.

Hér er kveðið fastar á um skyldur sóknarnefnda en í núgildandi lögum.

Um 12. gr.

Nauðsynlegt þykir að kirkjureikningar séu sendir prófasti fyrir aprílok, svo að hann hafi nægan tíma til að kalla eftir þeim, ef dráttur verður, og endurskoðun þeirra geti farið fram fyrir héraðsfund.

Venjulega hefir formaður sóknarnefndar innheimtuna á hendi og allar fjárreiður kirkjunnar, en nauðsynlegt er að sóknarnefndin *öll* beri ábyrgð kirkjufjánna.

Í sumum kaupstöðum hefir það orðið að samkomulagi með lögreglustjóra (tollstjóra í Reykjavík) og sóknarnefnd, að hann annist innheimtu kirkjugjaldanna, gegn 6% innheimtulaunum. Og þar sem sóknarnefndir verða þar, hvort sem er, að fela sérstökum manni innheimtuna fyrir sína hönd, þykir rétt að lögfesta þetta fyrirkomulag, þar sem sóknarnefnd óskar.

Um 13. gr.

Kirkjur þær, sem reistar eru að mestu fyrir lánsfé, verða að jafnaði að tvíborga byggingarkostnaðinn, vegna vaxtagreiðslunnar. Þykir því varhugavert, að ráðist sé í kirkjubyggingu, ef taka þarf til láns meira en helming kostnaðar. Og það því fremur sem Almenni kirkjusjóðurinn mun vart geta lánað meira en þriðjung kostnaðarverðs, svo að hlíta verður almennum vaxtakjörum banka eða sparisjóða um það, er á vantar. Þykir því nauðsyn til bera, að kirkjur eigi nokkra upphæð í sjóði, þegar að því kemur, að endurbygging eða gagnger endurbót er nauðsynleg.

Um 14.—15. gr.

Þar sem eigandi bændakirkju býr stundum sjálfur í allt öðru héraði, og á jafnvel eigi heimilisfang hér á landi, eða margir menn eiga kirkjuna í félagi, er augljóst, að oft verður eigi bót á ráðin um hirðingu hennar og viðhald, nema að sóknuður taki sjálfur að sér kirkjuna til umsjónar og fjárhalds. Verður því vart hjá því komizt að leggja sóknuðinum þessa skyldu á herðar, þar sem svo stendur á.

En þar, sem nauðsynlegt þykir að gera sóknuðum að skyldu að taka að sér þær kirkjur, er lakast hefir verið við haldið, virðist rétt að sóknuðunum sé almennt lögð þessi skylda á herðar, þegar eigandi eða lénsdrottinn óskar. Ríkissjóður getur verið bæði eigandi og lénsdrottinn kirkna. Hann er eigandi nokkurra bændakirkna, á þeim þjóðjörðum, sem kirkja er á. Og þar sem sóknarprestur er kominn undir hin nýju launakjör, hefir afhent kirkjujarðir til hreppstjóra og hefir prestsetrið á leigu samkvæmt mati, þá er ríkissjóður sá eiginlegi lénsdrottinn. Hann hefir tekið undir sig jarðeignina — lénið — og verður því að bera ábyrgð á kirkjunni, með því að öðrum er ekki til að dreifa. Flestar hinar svonefndu lénskirkjur eru nú komnar í hendur safnaðanna, en telja verður æskilegt, einnig frá

sjónarmiði löggjafarvaldsins, fyrir hönd ríkissjóðs, að söfnuðirnir taki einnig að sér til umsjónar og fjárhalds þær lénskirkjur, sem eftir eru.

En ef söfnuðir eiga eigi frjálst val um það, hvort þeir taki við kirkju eða ekki, þá verða þeir hinsvegar að njóta aðstoðar og verndar löggjafarinnar, svo að réttur þeirra verði ekki algerlega fyrir borð borinn. Að því lúta ákvæði 15. greinar. Þar sem prófastur hefir í höndum allar skoðunargerðir á kirkjunni og skrá yfir gripi hennar og áhöld, og með því, að hann verður að skrásetja þegar allt það, er sóknarnefnd tekur við, þykir nauðsynlegt, að hann sé oddviti úttektar og stjórni henni. Þá þykir sjálfsagt, að úttektarmenn séu byggingafróðir menn, eða a. m. k. 2 þeirra, ef um yfirúttekt er að ræða. Og enn liggur það í hlutarins eðli, að taka verður tillit til þess, ef kirkjan hefir aldrei verið fullgerð, eða er eigi nægilega stór fyrir söfnuðinn.

Hinsvegar er þess vænzt, að venjulega verði kirkja afhent söfnuði eftir samningi milli eiganda eða lénsdrottins og sóknarnefndar. Verður því síðasta málsgrein 15. gr. mest notuð í framkvæmdinni. Af þeim ástæðum sem þegar eru fram teknar, þykir nauðsynlegt, að prófastur stjórni, eigi að síður, afhendingu kirkjunnar, þó að regluleg úttekt fari eigi fram.

Um 16. gr.

Fyrsta málsgrein þessarar greinar skiptir aðallega máli þar, sem verzlunarstaður hefir risið upp í sókninni og hentara þykir að flytja kirkjuna þangað. Þykir þá sanngjarnt, að verzlunarstaðurinn, ef hann er svo stór, að hann sé orðinn sérstakt sveitarfélag, leggi til lóð undir nýju kirkjuna, svo að sveitin, sem oftast hefir óþægindi af kirkjufærslunni, þurfi ekki þar að auki að taka á sig, að sínum hluta, gjöld vegna lóðarkaupa.

Ef ágreiningur verður um hvað sé hæfilegt svæði umhverfis kirkju, sætir það mál vitanlega úrskurði ráðuneytisins.

Í kaupstöðum og kauptúnum ákveður skipulagsnefnd kirkjustæði samkvæmt lögum, og leitar þá væntanlega álits menntamálaráðs. En í sveitum virðist rétt, að prófastur sé oddamaður, ef sóknarnefnd og húsameistara kynni að greina á.

Bændakirkjur og lénskirkjur.

Bændakirkjur eru nú 59 á landinu og á ríkissjóður 7 þeirra, að meðtalinni Dómkirkju landsins. Lénskirkjur eru sjö að tölu á landinu. Auk þess er ein kirkja „kaupstaðarkirkja“, er verður að teljast undir þennan flokk.

Þótt sumum bændakirkjum sé prýðilega viðhaldið og eigendunum til mikils sóma, þá er viðhald þeirra *yfirleitt* mikið lakara en safnaðarkirkna, samkvæmt skýrslu biskups. Hefir því þótt nauðsyn til bera, að setja strangari ákvæði gagnvart þeim bændakirkjueigendum, er vanrækja skyldur sínar.

Um 17. gr.

„Ábúandi lénskirkjujarðar“ er hver sá sóknarprestur, er situr á því prestssetri, þar sem enn er lénskirkja. Ennfremur ábúandi hverrar þeirrar jarðar, er lénskirkja er á, svo sem á gömlum prestssetursjörðum, sem nú eru í bændaábúð.

Þar sem presti og ábúanda er hægara en öðrum að hafa umsjón kirkju, sem er á heimilinu, virðist rétt að gera þeim að skyldu að taka að sér starf þetta, fremur öðrum.

Um 18. gr.

Þykir eigi þurfa skýringa.

Um 19. gr.

Þótt svo verði að líta á, að kirkja sé eigi messufær án upphitunartækja á vetrardag, þá þykir sanngjarnt, að söfnuður taki að hálfu leyti þátt í stofnkostnaði ofna eða annara jafngóðra hitunartækja — að dómi biskups — í bændakirkjum og lénskirkjum. Ennfremur þykir sanngjarnt, að söfnuður greiði eldsneytiskostnað og brunabótaiðgjald.

Niðurjöfnun gjalda þessara þykir rétt, að fari eftir efnum og ástæðum og er þá einfaldast að leggja þau á sem hundraðsgjald af útsvörum.

Um 20. gr.

Þess mun dæmi að kirkjueigandi hefir árum saman vanrækt að gera hinar bráðnauðsynlegustu endurbætur á kirkju sinni, þrátt fyrir áskoranir sóknarnefndar og safnaðar og margítrekaðar áminningar prófasts. Þykir því nauðsyn til bera að setja hér enn skýrari ákvæði en nú eru í lögum.

Um 21.—24. gr.

Hin síðari ár hefir víða vaknað áhugi á því, að prýða kirkjurnar og gera þær vistlegar. Hafa því í allmörgum söfnuðum myndazt frjáls samtök um samvinnu í þessa átt, og hefir það borið góðan árangur. Hefir þá þótt vel gefast að hafa sérstaka nefnd sóknarnefndinni til aðstoðar um forgöngu og framkvæmd. Þannig hafa fastar kirkjunefndir komizt á í nokkrum prestaköllum, og hafa þær þegar unnið sýnilegt gagn.

Þar sem slíkur áhugi er vaknaður, er löggjafar að vísu ekki þörf á því sviði. En hinsvegar getur kirkjulöggjöfin vart látið það með öllu afskiptalaust, hversu umgengni og prýði kirknanna er háttað og beðið þess, að áhuginn komi af sjálfu sér. Það þykir því rétt að styðja að því, að slík starfsemi, sem hér um ræðir, geti komizt á í hverjum söfnuði landsins.

Þar sem hér er eingöngu um það að ræða, að kjósa menn til að hafa forgöngu að frjálsu starfi og samtökum, þykir ekki rétt að tiltaka verksvið kirkjunefnda nánar en gert er í 24. gr.

Samkvæmt fenginni reynslu þykir rétt að kirkjunefndirnar séu skipaðar konum og leiti þær samvinnu við kvenfélög eða ungmennafélög, ef til eru í sveitinni, en eigi þykir ástæða til að taka það fram í lögum.

Þetta er mál, sem teljast verður tímabært og krefst lausnar. Eftir því, sem húsakostur þjóðarinnar batnar og kröfurnar aukast á því sviði með ári hverju, verður hirðuleysi um guðshúsin og ræktarleysi gagnvart þeim tilfinnanlegra, og lýsir í raun og veru vöntun menningar og fegurðartilfinningar í kirkjuhaldi þjóðarinnar.

Um 25. gr.

Það er menningarmál, að fá innlend listaverk í kirkjurnar, þar á meðal altaristöflur. Þykir því ástæða til að hvetja og styðja listamenn vora til að stunda þessa grein málaralistar, svo að vér þurfum þar síður hjá erlendum þjóðum lán að taka. Þar sem menntamálaráðið hefir, lögum samkvæmt, íhlutunarrétt um kaup á altaristöflum, þykir við eiga, að einmitt Menningarsjóðurinn styðji þessa viðleitni, og verðlaun og styrkur til kaupa á altaristöflum þeim, er verðlaun hljóta, veitist úr þeim sjóði.

Um 26. gr.

Þar sem svo mjög er áfátt um byggingarstíl kirkna í landinu og smekkur manna í því efni, að vonum, enn lítt þroskaður, þykir rétt að þeir aðilar, er hafa á hendi forgöngu og framkvæmd þessara mála í sveit sinni, eigi þess kost að sjá úrvalsuppdrætti, er geti verið þeim til leiðbeiningar og fyrirmyndar. Má þess vænta, að það glæði áhuga safnaðanna á að eignast fögur kirkjuhús.

Um 27. gr.

Vel vandaðar steinkirkjur virðast engu síður kjörinn staður til varðveizlu kirkjuforngripa en sá húsakostur, sem nú er veittur fornmenjasafninu.

Um 28.—30. gr.

Virðast ekki þurfa skýringa.

Um 31. gr.

Auk laga nr. 22, 16. nóv. 1907, eru nokkur ákvæði í lögum nr. 20, 1890 um innheimtu og meðferð á kirknafé, og í lögum nr. 40 1909 um sóknargjöld, sem snerta fjárhald kirkna og viðhald þeirra, en eigi þykir ástæða til að tína þessi ákvæði úr og afnema þau sérstaklega, þar sem þetta getur ekki valdið neinum ágreiningi.

Ed. 463. Frumvarp

til laga um veiting prestakalla.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Þá er prestakall losnar, fer um veitingu þess svo sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Heimilt skal söfnuði að kalla sér prest, eða prestefni, til þjónustu prestakallsins.

3. gr.

Jafnskjótt og prestakall losnar, tilkynnir biskup, svo fljótt, sem verða má, sóknarnefnd eða sóknarnefndum þess, innan hve langs tíma köllun skuli hafa farið fram. Skal fresturinn jafnan ákveðinn svo stuttur, sem tært þykir í hvert sinn. (Að jafnaði ekki lengri en mánuður).

4. gr.

Þá er sóknarnefndir hafa fengið tilkynningu um köllunarfrest þann, er þeim er veittur, skal oddviti sóknarnefndar í heimakirkjusöfnuði prestakallsins kalla allar sóknarnefndir þess á sameiginlegan fund, til að undirbúa köllun prests í prestakallið.

5. gr.

Nú er tala atkvæðisbærra safnaðarmanna í sóknum prestakallsins misjöfn, svo að munar meiru en 200, skal þá deila tölu sóknarnefndarmanna í hverri sókn í tölu þeirra manna, er atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum sóknarinnar, og hefir þá hver sóknarnefndarmaður 1 atkvæði fyrir hvert hundrað, sem út kemur. Nú kemur út lægri tala en hundrað og veitir hún 1 atkvæði.

6. gr.

Jafnskjótt og sóknarnefndir hafa komið sér saman um ákveðinn prest eða prestsefni skulu þær, hver í sinni sókn, tilkynna söfnuðunum ákvörðun sína. Skal það gert með umburðarbréfi (bréfum) á hvert heimili prestakallsins og rita allir sóknarnefndarmenn nöfn sín undir það og geta þess, ef ágreiningur hefir orðið milli þeirra. Skal húsbóndi, húsfreyja eða einhver heimilismaður rita nafn sitt og dagsetningu á bréfið, til viðurkenningar um, að það hafi komið á heimilið.

7. gr.

Í umburðarbréfi sóknarnefnda skal ákveðinn hæfilegur frestur til mótmæla sóknarmanna, aldrei skemmri en 5 dagar frá því, er öll heimili prestakallsins hafa fengið að vita um ákvörðun sóknarnefnda.

8. gr.

Hverjum þeim manni, er atkvæðisrétt hefir á safnaðarfundum í prestakallinu, er heimilt að bera fram mótmæli gegn ákvörðun sóknarnefnda. Skulu þær í umburðarbréfum sínum tiltaka stað og stund, þar sem mótmæli séu fram borin. Skal vera ákveðinn a. m. k. einn staður í sókn hverri til þess, og skulu ekki færri en 2 sóknarmenn, eða menn, sem þeir kveðja til, verða viðstaddir á hverjum stað. Þeim, sem mótmæli bera fram,

er heimilt að tilnefna einn mann á hverjum stað með sóknarnefndarmönnum til eftirlits. Votta þeir síðan, að allt hafi löglega fram farið.

9. gr.

Í kaupstöðum landsins og annarstaðar, þar sem umburðarbréfum samkv. 6. gr. verður ekki við komið á svo skömmum tíma vegna fjölmennis, skulu sóknarnefndir auglýsa ákvörðun sína á þann hátt, er kirkjustjórnin ákveður á hverjum stað.

10. gr.

Nú koma fram mótmæli samkvæmt 8. gr. gegn köllun þess prests, sem sóknarnefndir hafa komið sér saman um, frá a. m. k. ¼ hluta allra þeirra, sem atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum í prestakallinu, og ferst þá köllun þess prests fyrir.

11. gr.

Nú hafa ekki komið fram mótmæli frá að minnsta kosti ¼ hluta allra þeirra, er kosningarrétt eiga á safnaðarfundum í prestakallinu. Sendir sóknarnefnd þá köllunarbréf sitt, er kærufrestur (sbr. 17. gr.) er á enda, til biskups ásamt mótmælum, sem fram kunna að hafa komið og kærum. Þá er úrskurður hefir fallið um kærur þær, sem kunna að hafa fylgt, tilkynnir biskup hlutaðeigandi presti köllunina, — og verði hann við henni, sendir biskup köllunarbréf til ráðuneytisins, sem veitir þá þegar embættið samkvæmt því.

12. gr.

Nú hefir söfnuði ekki tekizt að kalla sér prest innan hins ákveðna tíma, og skulu sóknarnefndir þá þegar tilkynna það prófasti og biskupi í símskeyti. Auglýsir biskup þá jafnskjótt prestakallið til umsóknar og skal umsóknarfrestur ekki skemmri en 4 vikur.

13. gr.

Þá er umsóknarfrestur er útrunninn, sendir biskup sóknarnefndum umsóknirnar og álit sitt um umsækjendur. Leitar hann jafnframt álits þeirra um hvern umsækjandann þeir óski helzt að fá. Á sama hátt tilkynnir hann þetta einnig prófasti og kirkjuráði og leitar álits þeirra um veitinguna.

14. gr.

Nú er að minnsta kosti þriðjungur allra sóknarnefndarmanna, sbr. 5. og 6. gr., ekki sammála meiri hlutanum um val prests og skulu þeir þá semja sérálit og senda með sem ósk minni hlutans.

15. gr.

Nú fer álit þessara þriggja aðila, sóknarnefnda eða meiri hluta þeirra, prófasts og kirkjuráðs saman, eða að minnsta kosti annar aðilinn, prófastur eða kirkjuráð, er sammála óskum sóknarnefnda eða meiri hluta þeirra, sbr. 5. gr., og skal þá jafnan veita embættið samkvæmt því. Og fari

óskir minni hluta sóknarnefnda, sbr. 14. gr., samaa við álit bæði prófasts og kirkjuráðs, skal veiting einnig fara fram samkvæmt því.

Nú er prófastur meðal umsækjenda um prestakall innan prófastsdæmisins, kemur þá álit biskups um umsækjendur í stað álits prófasts.

Nú á umsækjandi sæti í kirkjuráði og tekur þá varamaður hans sæti í ráðinu í hans stað.

16. gr.

Nú getur veiting ekki farið fram samkvæmt 11. eða 15. gr. Leitar þá ráðherra álits biskups um veitinguna og veitir síðan embættið.

17. gr.

Kærur um ólöglega framkvæmd köllunar skulu sendar sóknarnefndaroddvita innan 3ja daga eftir að köllun hefir fram farið, en hann sendir þær biskupi ásamt umsögn sóknarnefndar. Leggur ráðuneytið síðan samkvæmt tillögum biskups úrskurð á kærurnar og hvort köllun skuli fram fara að nýju.

18. gr.

Undanskilin veitingarákvæðum laga þessara skulu vera 2 prestaköll, meðal hinna hægustu á landinu, þau er ráðherra ákveður síðar, eftir tillögum kirkjuráðs.

19. gr.

Prestaköll þessi skulu njóta launakjara, er að minnsta kosti séu ¼ hærri en í öðrum prestaköllum landsins.

20. gr.

Prestaköll þessi skulu veitt þeim prestum einum, sem hafa áunnið sér viðurkenningu sem kennimenn, rithöfundar, skáld, fræðimenn eða þeim, er teljast sérstaklega hæfir til að verða síðar kennarar í guðfræði. Þessi prestaköll skulu því ekki auglýst til umsóknar, heldur veitir ráðherra þau eftir tillögum kirkjuráðs.

21. gr.

Kostnaður við köllun presta greiðist úr sjóði sóknarkirkju, ef hún er safnaðarkirkja, annars jafnar sóknarnefnd kostnaðinum niður á gjaldendur sóknarinnar.

Nú er í prestakalli fleiri en ein sókn, og skiptist þá kostnaðurinn á kirkjurnar eftir tölu safnaðarmanna í hverri sókn.

II. KAFLI.

Um embættaskipti innan þjóðkirkjunnar.

22. gr.

Sóknarprestum þjóðkirkjunnar skal heimilt að hafa skipti á prestaköllum um stundarsakir, ef sóknarnefndir samþykkja og kirkjustjórn

leyfir. Fer þá fram úttekt á undan og eftir á öllu því, er fylgir hvoru prestakallinu fyrir sig, svo sem við venjuleg prestaskipti, og ber þá hver prestur ábyrgð á prestsetri og öðru því, er prestakalli því fylgir, er hann þjónar. Þó er prestunum heimilt, með leyfi biskups, að skipta um prestaköll allt að 6 mánuðum án þess að regluleg úttekt fari fram, ef prófastur hvors þeirra um sig er því samþykkur og hann afhendir prestakallið.

23. gr.

Nú óska prestar að skipta að fullu og öllu um prestaköll. Skulu þá sóknarnefndir beggja prestakallanna, ef þær eru skiptunum samþykkar gera tilraun til köllunar, á sama hátt sem þá, er prestakall losnar. Takist sú köllun á löglegan hátt, án þess að gildar kærur hafi fram komið, veitir ráðherra prestaköllin samkvæmt því.

Sektarákvæði.

24. gr.

Hvorki sóknarnefndarmaður né nokkur annar, sem staddur er í herbergi því, þar sem mótmæli samkvæmt 8. gr. fara fram, má beinlínis eða óbeinlínis gera nokkra tilraun til að snúa hug mótmælanda.

Brot gegn ákvæðum þessum varða einföldu fangelsi, ekki skemur en viku, eða sektum ef málsbætur eru, þó ekki undir 20 kr. — Önnur brot gegn lögum þessum varða allt að 200 kr. sektum til prestlaunasjóðs.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 frá 3. nóv. 1915 um veitingu prestakalla.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1931 og skal þá fara fram ný kosning í allar sóknarnefndir á landinu, áður en þau koma til framkvæmda.

Greinargerð.

Það mun nú því sem næst almennt viðurkennt, að meginhugsun laga nr. 32 1915 sé rétt, — sú, að láta söfnuðina sem mest sjálfráða í vali presta sinna. Átti það fyrst og fremst að tryggja betri samvinnu milli presta og safnaða. — Hinu verður aftur á móti ekki neitað, enda almennt viðurkennt, að margir agnúar hafa komið í ljós við framkvæmd þeirra.

Við fyrirspurnum þeim, sem kirkjumálanefnd hefir beint til presta og safnaða um þessi efni, hafa svör presta verið nær einróma í þá átt, að halda verði fast við þá meginhugsun laga nr. 32 1915, að söfnuðir ráði algerlega veitingu prestakalla, ef þeir eru nær einhuga um prestsval, en eigi

hinsvegar nokkuð á hættu, ef þeir hleypa af stað æsingum og sundrung innbyrðis.

Svör safnaðanna sýna einnig flest, að þeir eru heldur ekki allskostar ánægðir með prestskosningalögin og hafa fundið ýmsa galla við framkvæmd þeirra.

Síðasta prestastefna og margir héraðsfundir hafa eindregið óskað breytinga í þá átt, sem hér er lagt til.

Æsingar og undirróður er nú orðið svo algengt við prestskosningar, að fremur má teljast til undantekninga, ef þær fara að öllu friðsamlega fram. Er það þó öllum ljóst, hvílík hætta kirkjulegri starfsemi er af þessu búin. Æsingarnar sundra kröftum safnaðarstarfseminnar og verða þess valdandi, að fjöldi presta á ákveðinn andstöðuflokk strax, er þeir koma til safnaðanna. Fer það að vonum, að allir eru ekki jafn lagnir á að jafna það og vinna samhug safnaða sinna í starfinu, þegar svo er um búið í byrjun. Reynist oft á því sviði, sem annarsstaðar, að það sé hægara að vekja sundrungina en eyða henni. —

Vegna þessa og annara agnúa prestkosninganna er svo komið, að margir hinna beztu og hæfustu manna innan prestastéttarinnar eru mjög tregir til að sækja um önnur prestaköll, þótt þeir annars óskuðu að skipta um starfssvið og gætu með því móti betur notið hæfileika sinna. Þannig stuðlar margt að því, að prestkosningalögin ná ekki tilgangi sínum í framkvæmdinni. Það er ekki nema í orði, að fólkið sjálft, eða söfnuðurnir, ráði um val prests, heldur verður það bæði tilviljun, sem ræður um það hverjir sækja í hvert sinn, sem og hvort kosning verður lögmæt.

Tilgangur þessa frumvarps er sá, að reyna að bæta úr þessum augljósustu göllum prestkosningalaganna. Er hér haldið meginhugsun þeirra, að veitingavaldið sé hjá söfnuðum sjálfum og réttur samhuga safnaðar aukinn, þar sem hann getur sjálfur kallað sér prest og á ekki eins og nú bundin atkvæði um þau ein prestsefni, er sótt hafa um prestakallið.

Samkvæmt þessu frumvarpi, ef að lögum verður, lætur söfnuðurinn ekki lengur tilviljun eina ráða um það, hverjir sækja um prestakallið, heldur snýr hann sér þegar til þess manns, eða manna, innan prestastéttarinnar eða í guðfræðingahóp, sem hann hefir helzt augastað á. Hefir hann þá fullt vald til að ráða sér prest án íhlutunar kirkjustjórnar. En takist köllun ekki, þá er, með ákvæðum 12.—15. gr., söfnuði tryggt það vald um veitinguna, sem öll sanngirni mælir með og honum gæti að fyllstum notum orðið, þegar svo er komið, að skoðanir manna eru mjög skiptar. Samþykki kirkjulegs aðila, biskups, prófasts og kirkjuráðs ætti að vera trygging þess, að söfnuðir legðu meiri alúð við val sitt, og enda réttmætt að álits þeirra gæti að einhverju, ef sundrung er innan safnaðanna. Þá virðist það og til bóta, að prestar eða prestsefni hafi eigi lengur slíka hvöt til að fara í prestaköllin á meðan undirbúningur kosninga fer fram, eins og núgildandi veitingalög gefa þeim. Það mun hugur manna innan prestastéttarinnar að setja það ákvæði í stéttarreglur sínar (codex eticus), að

prestar megi ekki fara í prestaköll fyrr en köllunarfrestur er liðinn, nema þá eftir ósk sóknarnefnda.

Frumvarp þetta ætti einnig að stuðla að því, að vekja almennan áhuga um val sóknarnefnda, þar sem þær fá meiri áhrif um val prests, og verður að telja það framför. Að sjálfsögðu verður að kjósa allar sóknarnefndir að nýju, um leið og lög þessi koma til framkvæmda. Að öðru leyti skal vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—2. gr.

Köllun virðist að mörgu leyti hin æskilegasta lausn veitingar við prestsembætti. Söfnuður getur þá leitast við að fá þann prest, sem hann hefir helzt augastað á, og er þá með öllu einráður, ef hann er einhuga í því efni. Er hann þar að öllu frjálsari en eftir núgildandi lögum. Presturinn er hinsvegar laus við að þurfa ætíð að bjóða sig fram og láta dæma um sig og starfshæfileika sína af þeim, sem oft hafa lítinn kunnugleik til þess. Samstarf með söfnuði og presti er ekki tryggt á annan hátt betur en þegar söfnuðurinn hefst handa um að fá hann og hann kemur til þeirra samkvæmt eindreginni ósk þeirra. Þar ætti traustið að vera víst á báðar hliðar, og er þá líklegra farsælt samstarf, er svo er byrjað.

Um 3. gr.

Frestur til köllunar er ákveðinn svo stuttur, til þess að koma fremur í veg fyrir, að æsingar og undirróður geti komizt að. Sér söfnuður þá, að vald hans til köllunar hverfur, ef æsingar fá lausan taum.

Um 4. gr.

Ætlast er til að sóknarnefndirnar leiti fyrir sér um vilja safnaðarmanna, á safnaðarfundum eða á annan hátt, áður en þær gera ákveðna tillögu um köllun.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar á að tryggja hverjum söfnuði innan prestakalls jafnrétti móti öðrum söfnuðum þess við köllunina, eða frumkvæðið að henni. Verður þar að miða við mannfjölda, eftir því, sem við verður komið.

Um 6. gr.

Sjálfsagt þykir, að söfnuður í heild hafi úrskurðarvaldið um köllunina, og verða því sóknarnefndir jafnan að leita álits þeirra. Rétt er að söfnuðir viti ef sóknarnefndir eru ekki einhuga í áliti sínu.

Um 7. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 8. gr.

Réttara þykir að láta aðeins þá greiða atkvæði, sem eru mótfallnir ákvörðun sóknarnefnda. Er það bæði fyrirhafnarminna og enda síður hætt við æsingum.

Um 9. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 10. gr.

Það virðist réttmætt að söfnuðir fái ekki slíkt ótakmarkað vald til veitingar, nema sá samhugur sé um hana, sem hér er gert ráð fyrir.

Um 11. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 12. gr.

Umsóknarfrestur er hér settur styttri en núverandi prestskosningalög ákveða hann, vegna þess að köllunarfrestur er genginn á undan, og því sennilegt, að þeir, sem hug hefðu á að sækja um prestakallið, hefðu frétt um að það væri laust, og auk þess slæmt að lengja svo mjög þann tíma, sem prestakallið yrði að vera prestslaust.

Um 13. gr.

Eðlilegt er, að álits safnaðar sé leitað fyrst og fremst, enda ræður það mestu um veitinguna síðar. Prófastur á að vera sá kirkjulegur aðili innan héraðs, sem kunnugastur er bæði þörf safnaðarins og aðstöðu til starfs hjá honum, auk þess sem hann er líklegur til að þekkja flesta umsækjendur meira og minna. En kirkjuráð á að vera færast um að dæma um hæfileika og verðleika umsækjanda.

Um 14. gr.

Sjá skýringar við næstu grein.

Um 15. gr.

Það þykir réttmætt, að sóknarnefndir eða meiri hluti þeirra ráði veitingu, ef hann fær samþykki kirkjulegs aðila, prófasts eða kirkjuráðs. Gefur það honum ríkari ástæðu til að vanda álit sitt og láta enga hlutdrægni koma þar til greina, og það því fremur þegar minni hlutinn, sbr. 14. gr., getur ráðið meiru, — eða alveg ráðið veitingunni, ef samþykki beggja hinna kirkjulegu aðila fæst, prófasts og kirkjuráðs. Þetta hvorttveggja á að gefa sóknarnefndum aðhald, bæði gagnvart æsingum og hlutdrægni, ef þess gerðist þörf. En vald safnaðar aftur aukið að mun, þar sem þannig eru tvær leiðir fyrir óskir hans, þótt köllun hafi farizt fyrir. Er þá ósennilegt mjög, að honum takist ekki ekki að ráða mestu um úrslit veitingarinnar.

Um 16. gr.

Þetta er sama ákvæði og nú gildir, ef ekki fæst meiri hluti við kosningu, og sést þá, að söfnuði eru opnaðar fleiri leiðir til að ráða veitingu, og réttur hans í því efni rýmkaður.

Um 17. gr.

Kærufrestur er ákveðinn svo stuttur til þess að hægt sé að hraða köllun-inni svo sem föng eru á. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringa.

Um 18.—20. gr.

Ákvæði greina þessara eru með öllu nýmæli í íslenzkri kirkjulöggjöf, — en þekkjast erlendis. Þau eiga að bæta, þótt ekki verði nema að litlu leyti, aðstöðu presta til vísindaiðkana og ritstarfa, — jafnframt því, sem þetta væri nokkurskonar viðurkenning þjóðarinnar til þeirra manna lið-inna í prestastétt, sem mestu hafa þar afrekað á sviði bókmenntanna. — Sýndi þá þjóðin, að hún teldi það nokkurs virði, að slík iðja væri áfram stunduð af starfsmönnum kirkjunnar. — Þessa er því fremur þörf, þar sem flest prestaköll landsins eru orðin það stór og erfið þjónustu, að fæstir þjónar kirkjunnar munu eiga þess nokkurn kost að stunda þá iðju að nokkrum mun, þótt hugur þeirra hneigist að því. Enda fer það stöðugt þverrandi, sem prestar leggja fram á því sviði. Þá er það Háskóla vorum ekki með öllu hættulaust, að þeir menn, sem líklegastir þykja til að takast á hendur kennarastöður við hann síðar, eigi hvergi athvarf nema í erfið-um og oft afskekktum prestaköllum, þar sem þeir hafa enga möguleika til að iðka fræði sín á vísindalegan hátt og fylgjast með í því, sem merkast kemur fram á hverjum tíma í þeirra fræðigrein.

Jafnvel þótt prestaköll þessi yrðu ekki nema tvö, þykir þetta svo miklu skipta fyrir starf kirkjunnar og aðstöðu til menningaráhrifa, að vart þykir horfandi í þann örlitla útgjalda-auka, er ákvæði þessi hafa í för með sér.

Um 21. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 22.—23. gr.

Prestakallaskipti hafa áður verið heimiluð og gáfust oft vel. Oft gæti það verið bæði presti og söfnuði holt að skipta um stundarsakir. Það gæti orðið presti ný hvöt til að leggja sig fram, ef hann kæmi um stund út úr daglegu umhverfi, þar sem hann starfar ár eftir ár, — og enda veitt hon-um reynslu, sem honum mætti síðar að gagni verða heima fyrir. Enginn prestur er svo fullkominn, að hann fái í starfsemi sinni fullnægt hverju sóknarbarni sínu. Ætti það því að vera ávinningur fyrir söfnuðinn að fá nýjan prest um stundarsakir, jafnvel þótt sóknarpresturinn sé yfirleitt vel látinn. Eru þessi ákvæði sett samkvæmt ósk nokkurra presta í kaupstöð-um og verzlunarstöðum.

Um 24. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 25. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 26. gr.

Þar sem sóknarnefndir eru nú ekki kosnar með þetta verkefni fyrir augum, sem þeim er hér falið, þykir þetta sjálfsagt ákvæði.

Ed. 464. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 436 [Fjárlög].

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 25. (Við 15. gr. 32). (Guðmundur Kamban).
Fyrir »2000« kemur 2800

Nd. 465. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1928.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr,

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögum 1928, eru veittar kr. 1252946,49 til útgjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Ráðuneytið o. fl.

			kr.	kr.
Við	1. b.	Til risnu	4000,00	
—	2.	Til utanferða ráðherra	4290,51	
—	4.	Annar kostnaður	21485,08	
—	5.	Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum.	1386,70	
—	6. b.	Til pappírs og prentunar...	3808,90	
	c.	Til kostnaðar við sendingar	1910,48	
—	7.	Til viðhalds og umbóta á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum..	8786,50	
				45668,17

II. Hagstofan.

Við	2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	5833,89	
—	4.	Húsaleiga, hiti, ljós m. m.	325,85	
—	5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður ...	3431,72	
—	6.	Til að gefa út manntalið 1703. ...	199,48	
				9790,94
			Flyt ...	55459,11

			kr.	kr.
		Flutt ...	55459,11	
		III. Utanríkismál o. fl.		
Við	1. d.	Til skrifstofuhalds	1796,54	
—	4.	Kostnaður við sambandslaganefnd...	1163,78	
			2960,32	
				58419,43
		3. gr.		
		Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:		
		A. Dómgæzla og lögreglustjórn:		
Við	4. a.	Laun	1133,88	
—	5. a.	Laun fulltrúa og skrifara..	11437,00	
—	b.	Laun tollvarða	2671,67	
—	d.	Hiti og ljós...	985,76	
—	e.	Innheimtukostnaður	9343,00	
—	6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	4050,00	
—	8.	Landhelgisgæzla...	38786,55	
—	10.	Til hegningarhúsa	299,28	
—	11.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála	65087,22	
			133794,36	
		B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:		
—	1. a.	Burðareyrir	8679,31	
—	b.	Embættisskeyti	19978,82	
—	2.	Brunaábyrgðargjöld o. fl....	11548,55	
—	3.	Til embættiseftirlitsferða	4312,57	
—	4.	Til skattanefndakostnaðar..	8343,98	
—	5.	Eyðublöð o. fl.	24387,94	
			77251,17	
				211045,53
		4. gr.		
		Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:		
		Til læknaskipunar og heilbrigðismála:		
Við	8.	Til geislalækningastofu ríkisins ...	1347,65	
—	11.	Til nuddlækningastofu Jóns Kristjánssonar	1000,00	
—	17.	Geðveikrahælið á Kleppi...	14000,20	
		Flyt	16347,85	269464,96

		kr.	kr.	kr.
	Flutt ...	16347,85	... ...	269464,96
Við 18.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	5321,10		
— 20. a.	Landsspítalinn	45000,00		
— b.	Viðbótarbygging á Kleppi	40000,00		
— j.	Heilbrigðiseftirlit alþýðuskóla... ...	945,10		
			... ...	
				107614,05

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

Til samgöngumála.

A. Póstmál.

Við 2.	Póstflutningur	15048,34		
— 3. a.	Skrifstofukostnaður	2135,03		
			17183,37	

B. Vegabætur.

— I. 3.	Ferðakostnaður o. fl....	5611,91		
— 4.	Aðstoðarmenn og mælingar	9444,09		
— 5.	Skrifstofukostnaður	1335,59		
— II. a. 1.	Kjalarnesvegur	6969,98		
— 4.	Norðurárdalsvegur	7745,11		
— 6.	Húnavatnssýsluvegur	2925,86		
— 7.	Vallhólmsvegur	12953,01		
— 8.	Þelamerkurvegur	5669,58		
— 10.	Vopnafjarðarvegur	1739,54		
— 13.	Biskupstungnabraut	6881,42		
— b.	Viðhald og umbætur	99691,82		
— III.	Brúargerðir	129784,35		
— IV.	Slitlag akvega...	20000,00		
— V.	Fjallvegir	5978,39		
— VI. 1.	Til áhalda	3077,10		
— VII. 1.	Til akfærra sýsluvega...	9294,60		
— XI.	Gistingarstyrkur	175,68		
			329278,03	

C. Samgöngur á sjó.

— 1. a.	Til strandferða	9254,28		
— 2.	Til bátaferða	6800,00		
			16054,28	
		Flyt ...	362515,68	377079,01

			kr.	kr.
		Flutt ...	362515,68	377079,01

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

Við	I.	Til viðauka símakerfa o. fl.... ...	3261,30	
—	II.	Til nýrra símalagninga	20983,71	
—	III. 2.	Kostnaður af aðalskrifstofu	596,34	
—	3.	Ritsímastöðin í Reykjavík	12945,53	
—	4.	Þráðlausa stöðin í Reykjavík ...	3601,89	
—	5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	11363,70	
—	6.	Áhaldahúsið	230,92	
—	7.	Ritsímastöðin á Akureyri	2063,51	
—	8.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði	2752,58	
—	9.	— - Ísafirði	2893,94	
—	10.	— - Borðeyri	2046,03	
—	11.	— - Hafnarfirði ...	1610,09	
—	13.	— - Siglufirði	3881,49	
—	15.	Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	5200,12	
—	IV.	Eyðublöð o. fl.	5174,31	
—	V.	Viðbót og viðhald stöðvanna	18595,93	
—	VII.	Viðhald landssímanna	35395,60	
		Slysatrygging	871,20	
				133468,19

E. Vitamál.

Við	I. 3.	Til skrifstofuhalds	1471,11	
—	4.	Ferðakostnaður m. m.	763,60	
—	II.	Laun vitavarða...	667,83	
—	III.	Rekstrarkostnaður vitanna	6519,30	
—	V. a.	Til vitabygginga	15820,90	
—	b.	Til leiðarljósa	5850,63	
				31093,37
				527077,24

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

Til kirkju- og kennslumála.

A. Andlega stéttin.

Við	b. 7.	Til húsabóta á prestssetrum		1805,11

B. Kennslumál.

—	I. í.	Ljós, hiti, ræsting	1500,00		
		Flyt ...	1500,00	1805,11	904156,25

			kr.	kr.	kr.
		Flutt ...	1500,00	1805,11	904156,25
Við	j. 3.	Ýms gjöld	3100,00		
—	II. b.	Nám á sængurkvennastofnun ...	1193,75		
—	III. b. 2.	Eldiviður og ljós	1335,53		
—	3.	Til skólahússins	1197,76		
—	4.	Stundakennsla o. fl.	1302,00		
—	10.	Ýmisleg gjöld	487,28		
—	11.	Verðlaunabækur...	37,95		
—	IV. b. 1.	Auka- og stundakennsla	2585,00		
—	2.	Framhaldsnám	4200,00		
—	3.	Bækur og kennsluáhöld	345,92		
—	4.	Eldiviður og ljós	880,58		
—	6.	a. og b. Dyravarzla	350,00		
—	8.	Til skólahússins...	591,98		
—	9.	Ýmisleg gjöld	2563,99		
—	V. b. 7.	Ýmisleg gjöld	420,29		
—	VI. b. 4.	Ýmisleg gjöld	265,60		
—	VII. b. 1.	Stundakennsla	360,00		
—	2.	Húsnæði	750,00		
—	VIII. 2c. 1.	Verklegt nám	1529,90		
—	3.	Eldiviður og ljós	815,58		
—	4.	Ýmisleg gjöld	81094,67		
—	XI. 1.	Laun	400,00		
—	XIII. 4.	Farkennsla og eftirlit með heimafræðslu	782,50		
—	5.	Til prófdómara við barnapróf .	9392,56		
—	XIV. 1. b.	Aðstoðarkennsla...	700,00		
—	c. 1.	Til búnaðarnáms	50,00		
—	4.	Ýmisleg gjöld	1190,45		
—	3.	Til nýrra héraðsskóla	5000,00		
—	XV. 1.	Til húsmæðraskóla á Staðarfelli	3300,00		
—	XVI.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja	11391,19		
				139114,48	
					140919,59

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmennta og lista.

Við	1. c.	Til aðstoðar	200,00		
—	2. c.	Ýms gjöld	501,80		
—	3. b.	Til aðstoðar	230,00		
		Flyt ...	931,90	... ...	1045075,84

			kr.	kr.	kr.
		Flutt ...	931,80	... ...	1045075,84
Við	d.	Til áhalda og aðgerða	500,00		
— 5.	b.	Viðhald og áhöld	300,00		
— 6.		Til kaupstaðarbókasafna...	80,00		
— 32.		Til landskjálftarannsókna	23,75		
— 42.		Ferðastyrkur til útlanda	7734,00		
				... ...	9569,55

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja.

Við 11.		Fjárkláðalækningar	475,95		
— 14.	c.	Til veðurathugana utan Reykjavíkur	1652,74		
—	d.	Til veðurskeyta o. fl.	300,00		
—	f.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	5028,20		
— 18.		Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra	5504,75		
— 23.		Til markaðsleitar erlendis	2735,00		
				... ...	15696,64

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

Til almennrar styrktarstarfsemi.

Við 3.		Styrkur til sjúkrasamlaga...	2004,45		
— 7.		Til slysatryggingar	3070,24		
— 8.		Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis	682,21		
				... ...	5756,90

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. er veitt:

Óviss útgjöld			143501,46

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 25. gr. er veitt:

Væntanleg fjáraukalög	1800,00		
Þingsályktanir...	31546,10		
		... ...	33346,10
	Samtals ...		1252946,49

Sþ.

466. Tillaga

til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 19. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Sameinað Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum Alþingis verði frestað frá síðari hluta aprílmánaðar til 26. júní 1930.

Ed.

467. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um fimmtardóm.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefndinni hefir í dag borizt umsögn lagadeildar háskólans um ofannefnt frv. og þykir mér rétt, að það sé prentað eins og hin álitin, sem um var beðið, svo að háttv. deildarmönnum gefist kostur á að kynna sér það áður en málið verður afgreitt frá deildinni.

Alþingi 9. apríl 1930.

Jóh. Jóhannesson.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS.
LAGADEILDIN.

Reykjavík, 7. apríl 1930.

Samkvæmt beiðni allsherjarnefndar efri deildar í bréfi 12. febrúar lætur lagadeild háskólans hér með uppi álit sitt um „Frumvarp til laga um fimmtardóm“, og er álitið á þessa leið.

1. *Nafnið* á hinum fyrirhugaða æðsta dómstól teljum vér eigi réttnefni. „Fimmtardómurinn“ gamli á Alþingi hét, að því er oss virðist, svo af því, að 4 voru dómar fyrir á Alþingi, fjórðungsdómarnir. Hér á landi eru nú engir slíkir dómar, og eigi hinar allra minnstu líkur til þess, að þeir verði nokkurn tíma settir, enda mundu þeir vera þarflitlir, dýrir og falla illa inn í réttar- og dómaskipun nútíðarinnar. Núverandi nafn dómstólsins er nú fast orðið, og virðist vera vel við það unandi. Í 1. gr. frv. er dóminum gefið heiti á útlendum málum. Er þar heiti hans núverandi, sem þó á að leggja niður, beinlínis lögleitt á útlendum málum,

því að á ensku á hann að heita „*Supreme Court*“, á dönsku og norsku mundi hann eftir 1. gr. eiga að heita „*Højesteret*“, á sænsku „*Högsta Domstolen*“, á þýzku „*Höchstes Gericht*“, o. s. frv. Eftir þessu á dómstóllinn að mega halda hinu gamla heiti sínu erlendis, en eigi á Íslandi.

2. Breytingar þær á æðsta dómstóli landsins, sem ráðgerðar eru í frv., eru svo litlar, að vel hefði mátt koma þeim að í frv. um breyting á hæstaréttarlögunum. Ákvæði 2. gr. frv. um, að hæstiréttur skuli lagður niður, er því þarflaust. Raunhæfa þýðing mun það aðallega hafa að því leyti sem tekur til núverandi hæstaréttardómara. Í frv. er ekkert sagt um það af eða á, hvort þeir skuli taka sæti sem aðaldómarar í fimmtardómi. Þó er lítilsháttar ráðagerð í þá átt í 3. lið 8. gr. Af því, sem síðar er fram komið í máli þessu, virðist þó nú vera full ástæða til að kveða skýrar á um þetta og ákveða í lögunum, að núverandi dómarar í hæstarétti *skuli* skipaðir aðaldómarar í fimmtardómi, ef þeir óska þess.

3. *Skipun dómsins.* Vér teljum réttast, að dómendur þeir, sem hverju sinni skipa dóminn, ákveði menn í laus dómarasæti og velji sér því einnig forseta, helzt til nokkurra ára í senn. Þar með er fengið skipunarvald svo ópólitiskt sem framast er kostur. Og það teljum vér öllu máli skipta, að dómstóllinn sé sem allra lausastur við pólitik og dægurþras. Teljum vér skipunarvaldið sé í betri höndum hjá dómstólnum sjálfum en hjá pólitiskri stjórn. Um *dómaraskilyrðin almennu* (8. gr. frv.) athugast það, að 3. tölul. má eigi vera eins og hann er. *Aldurshámark* dómara *60* ár er allt of lágt. Fjöldi manna heldur fullum kröftum miklum mun lengur. Ef ófrávíkjanlegt aldurstakmark skyldi setja, þá væri 70 ár sýnu nær því rétta, enda er það mjög títt, að æðstu dómarar annarstaðar hafi gegnt og gegni embætti sínu svo aldraðir og þaðan af eldri. Það er því eigi heldur nokkur ástæða til þess, að núverandi hæstaréttardómarar *megi* alls eigi gegna embætti í hinum fyrirhugaða dómi lengur en til 65 ára aldurs. Það teljum vér *algerlega ótækt* að afnema dómararaunina, sem ákveðin er í 4. tölul. 6. gr. hæstaréttarlaganna. Prófraunin á að varna því, að ódómhæfir menn vegna þekkingarskorts öðlist sæti í dóminum, og þeirrar varnar getur hæglega orðið þörf, og svo þykir oss engin ástæða til að víkja nokkru sinni frá kröfunni um 1. prófseinkunn dómaraefna. Meðan sú einkunn er bæði dómaraskilyrði og málflutningsmanns, rækja menn miklu betur laganám en ella, og virðing réttarins og traust eykst að öðru jöfnu við það, að einungis færustu mennirnir geti starfað við hann. Einn af oss (Ó. L.) telur það til bóta, að málflutningsmönnum við hæstarétt eða fimmtardóm er skipað framar en áður, þar sem taldir eru upp þeir menn, sem gengir eru í dóminn.

Þess skal loks getið, að einn af oss (E. A.) telur áðurnefnd aldursfyrirmæli 3. töluliðs 8. gr. brjóta bág við 57. gr. stjórnarskrárinnar.

Vér teljum mjög æskilegt að breyta tölu dómenda þannig, að þeir verði 5 eins og í upphafi var ákveðið, því að fækkun þeirra í 3 úr 5 var mjög misráðin. Því er bót að ákvæði 5. gr. um *auka*dómara, en hinsvegar er erfitt að finna notandi reglur um það, hvenær kalla skuli þá til. Reglan um *hlutkesti* mun að öllu samanlögðu verða bezt, þá er kalla skal til dómendur meðal kennara laga-

deildar, eins og það er nú haft, og því réttara að breyta ákvæðum 6. og 7. gr. í samræmi við það.

4. *Launa-ákvæðin* teljum vér til bóta (14. gr. frv.), því að hæstaréttardómarar eru nú of lágt launaðir.

5. Miklu teljum vér réttara, að eigi séu dómleyfi lögákveðin, heldur sé sama lag haft á því atriði sem nú er.

6. *Málflutningsmenn.* Samkvæmt skoðun vorri um það, hver sé heppilegasta aðferðin við skipun dómara, sbr. 3. að framan, teljum vér rétt, að dómurinn veiti mönnum málflutningsleyfi og svipti þá því og hafi yfirleitt það vald yfir þeim, sem dómsmálaráðherra er ætlað í frv. Vér leggjum mjög mikla áherzlu á það, að skilyrðinu í 1. tl. 13. gr. hæstaréttarlaganna um 1. prófseinkunn sé haldið, af sömu ástæðum sem um dómarana segir. Einnig þykir oss einsætt, að veita skuli eigi að eins *málflutningsmönnum,* heldur líka *dómurum* æðsta dómstólsins og *kennurum lagadeildar,* sem líka eru varadómarar þar, heimild til málflutnings fyrir hæstarétti, ef þeir slepptu embættum sínum. Eigi teljum vér ástæðu til að meina aðilja að láta nákomna venzlamenn sína, þá er í 18. gr. hæstaréttarlaganna segir (foreldri, börn o. s. frv.), flytja mál sitt í hæstarétti og teljum því rétt að bæta ákvæði í þessa átt í 22. gr. frv. Einn af oss (Ó. L.) sér þó enga þörf á því ákvæði.

7. Í 10. kafla frv. (um *dómsuppkvaðning* o. fl.) eru nokkur ákvæði, sem athuga þarf:

a) Í aths. frv. segir, að *ráðagerð* dómara og atkvæðagreiðslur í munnlega fluttum málum skuli vera *opinberar.* Slíkt segir hvergi í frv. Þar segir, að þessar athafnir skuli vera *munnlegar,* en *munnlegur* og *opinber* þarf ekki að fara saman. Vér teljum ráðagerðir dómaranna og atkvæðagreiðslur eiga að fara fram *innan luktra dyra.* Hitt virðist oss rétt, að *ágreiningsatkvæði* sé birt í dómasafni réttarins. Þar á móti er þá óþarft að geta þess í dómi, hvort dómarar séu sammála eða ekki (1. málsgr. 56. gr. frv.).

b) 3. málsgr. 53. gr., sbr. 2. málsgr. 54. gr. niðurl. má eigi svo vera. Með því lagi getur dómsniðurstaða orðið fjarri öllum sanni. Tökum dæmi: Aðili hefir krafizt 100000 kr. skaðabóta. Dómarar eru 3. Einn vill dæma honum 100000 kr., annar 50000 kr., en hinn þriðji 30000 kr. Eftir meðaltalsreglu 3. málsgr. 53. gr. ætti aðili að fá (100000 & 50000 & 30000) : 3 — kr. 60000,00. Með þeirri upphæð hefir enginn dómara greitt atkvæði, og 2 eru fyrir neðan það. Í dæminu á aðili að fá kr. 50000,00. — Atkvæði tveggja dómara eru fyrir því, að *minna* skuli hann eigi fá. Og er þetta sú regla, sem nú mun talin eiga að gilda.

Þótt vér teljum nokkur ákvæði frv. horfa til bóta frá því sem nú er, þá verðum vér þó að láta það álit vort í ljós, að ef eigi eru bættir þeir gallar, sem vér teljum vera á frv., og þá sérstaklega um *aldur, prófseinkunn* og *raun dómendanna, prófseinkunn* málflutningsmanna o. fl., þá teljum vér eigi rétt að gera frv. að lögum. Vér teljum og, að dómstóllinn eigi að *halda nafni sínu,* því er hann nú hefir, og *niðurlagningarákvæðið* og *fyrirsögn frv.* o. fl. verði því breytt í samræmi við það, ef frv. á að ganga fram. Annars skulum vér geta þess að lokum, að oss er eigi kunnugt, að hæstaréttarlögin hafi reynzt öðruvísi en vel.

Vér þorum beinlínis að fullyrða, að bæði dómarar og málaflutningsmenn hafi unað og uni þeim prýðilega. Enda er engin breyting fyrirhuguð í frv. á málsmeðferð í hæstarétti, sem nokkru máli skipti. Fyrirmæli hæstaréttarlaganna eru að því leyti tekin upp í frv. Ef Alþingi vildi hverfa að fjölgun fastra dómenda í hæstarétti og láta veiting þeirra embætta vera með þeim hætti, sem vér teljum heppilegasta, eða að minnsta kosti eigi með ótryggara hætti en segir í 6. gr. hæstaréttarlaganna, einkum 4. tölulið, þá teldum vér vel farið, enda væri um skipun dómsins og málsmeðferð að engu spillt.

Ólafur Lárusson, Einar Arnórsson Magnús Jónsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Sþ. **468. Tillaga**

til þingsályktunar um nýja kjördæmaskipun.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta þing breytingar á kjördæmaskipuninni, er tryggi kjósendum jafnan rétt til áhrifa á skipun Alþingis, hvar sem þeir búa á landinu.

Ed. 469. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árið 1931.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1931 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlazt til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	260000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1200000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1500000
4.	Aukatekjur	475000	
5.	Erfðafjárskattur	30000	
6.	Vitagjald	350000	
7.	Leyfisbréfagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	360000	
9.	Skólagjöld	20000	
10.	Bifreiðaskattur	70000	
			1315000
11.	Útflutningsgjald		1100000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	425000	
13.	Tóbakstollur	1025000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	850000	
	Flyt ...	2300000	3915000

	kr.	kr.
Flutt ...	2300000	3915000
15. Annað aðflutningsgjald	200000	
16. Vörutollur	1500000	
17. Verðtollur	1700000	
		5700000
18. Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		50000
19. Pósttekjur	500000	
20. Símatekjur	1600000	
		2100000
21. Útvarpstekjur		100000
22. Víneinkasala		575000
Samtals ...	... ...	12440000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2. Tekjur af kirkjum		100
3. Tekjur af silfurbergi		1000
4. Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		10000
2. Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	20000	
3. Væntanlega útdregið af þeim bréfum	24000	
		44000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Aðrir vextir...		50000
Samtals ...	... ...	112000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
4. Tekjur Menningarsjóðs		15000
5. Skemmtanaskattur		75000
Samtals ...	... ...	170000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1931 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.— 20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	140622	
2. Dönsk lán, danskar kr. 162164,82 á 121.70	197354	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8046 - 3 - 6 á 22.00	177015	
		514991
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	167127	
2. Dönsk lán, danskar kr. 357319,14 á 121,70	434857	
3. Enska lánið 1921, £ 2552 - 17 - 11 á 22,00	56163	
		658147
III. Framlag til Landsbankans, 18. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1273138

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins...		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		225000
2. Til yfirskoðunar landsreikninga		4200
Samtals ...	... ...	229200

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun...	35400		
b. Til risnu	8000		
		43400	
2. Til utanferða ráðherra..		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		75000	
4. Annar kostnaður		44000	
5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum		27000	
Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.			
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	12000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
		13900	
Flyt ...		209300	

		kr.	kr.
	Flutt ...	209300	
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans	10000	
			219300
II.	Hagstofan:		
1.	Laun	13000	
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	13000	
3.	Prentun eyðublaða.	2000	
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	5000	
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	25000	
6.	Til að gefa út manntalið 1703...	1000	
			59000
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra 20000		
	b. Húsaleiga... 5000		
	c. Kostnaður við embættið 20000		
	d. Til skrifstofuhalds... 17000		
		62000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	6000	
5.	Gengismunur af upphæðunum í 8. gr. 10. gr. III 1—3	25000	
			109000
	Samtals ...	... ...	387300

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
a.	Laun..	31400	
b.	Annar kostnaður, allt að	5000	
	Þar af 3000 kr. til ritara.		36400
	Flyt ...	... ...	36400

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	36400
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		150000
3.	Laun hreppstjóra..		25000
4.	Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
	a. Laun 2 fulltrúa og 3 skrifara	25000	
	b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
	c. Ýms gjöld, allt að..	5000	
	d. Til samningar spjaldskrár yfir afsals- og veðmálabækur	3000	
			37200
5.	Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
	a. Laun 4 skrifara	15120	
	b. Laun 6 tollvarða...	30380	
	c. Húsaleiga..	4500	
	d. Hiti og ljós	2000	
	e. Innheimtukostnaður	16000	
	f. Ýms gjöld, allt að	18000	
			86000
6.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa og 3 skrifara	23700	
	b. Húsaleiga	4000	
	c. Hiti og ljós	2400	
	d. Ýms gjöld	2900	
			33000
	Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
7.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		100000
8.	Styrkur til lögreglustjóra, til utanferða		2000
9.	Til landhelgisgæzlu, gegn allt að 300000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
10.	Framlag til landhelgissjóðs		20000
11.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
12.	Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		10000
13.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
14.	Borgun til sjódómsmanna		2000
15.	Borgun til setu- og varadómara		5000
	Samtals A. ...	... ...	833600

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	35000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		80000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		60000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		15000
Samtals B. ...	... ...	186000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		255000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, allt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn		9450
Styrkurinn skiptist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. —		
Flyt ...	... ...	266450

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	266450
16. Til Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, og til Múlahrepps 250 kr., 550 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna byggðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. 20. Til Árneshrepps í Strandasýslu 600 kr., sé héraðið læknislaust. — 21. Til Loðmundarfjarðarhrepps 150 kr. — 22. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sérstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta héraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1000	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiptist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		3000
6. Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík		1000
7. Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hvor um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.		
Flyt ...	... ...	272950

			kr.	kr.
		Flutt ...	... ...	272950
8.	Til geislalækningastofu ríkisins..			12000
9.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar			2500
10.	Styrkur til héraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sér nýrrar læknisþekkingar			3000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.			
11.	Holdsveikraspítalinn			62940
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		7800	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna	12000		
	2. Viðurværi 40 manna (ca. 130 a. á dag)	18740		
	3. Klæðnaður	1500		
	4. Lyf og sáraumbúðir	1400		
	5. Eldsneyti	7600		
	6. Ljósmeti	2000		
	7. Húsbúnaður og áhöld	1800		
	8. Viðhald á húsum	2500		
	9. Þvottur og ræsting..	1500		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemmtanir	600		
	12. Skattar o. fl.	3500		
	13. Ýmisleg gjöld	1500		
			55140	
			62940	
12.	Geðveikrahælið á Kleppi:			
	I. Gamli spítalinn			59625
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		6800	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna	13500		
	2. Búrekstur	16000		
	3. Matvæli	32000		
	4. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum	3500		
	5. Lyf og sáraumbúðir	500		
		Flyt ... 65500	6800	413015

		kr.	kr.
Flutt ...	65500	6800	413015
6. Ljós og hiti	10000		
7. Viðhald og áhöld	10000		
8. Þvottur og ræsting...	3000		
9. Skemmtanir	750		
10. Skattar m. m....	2500		
11. Óviss gjöld	1400		
		93150	
Þar frá dragast þessar tekjur:		99950	
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
Mismunur ...		59625	
II. Nýi spítalinn			43000
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6500	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	32000		
2. Matvæli	36000		
3. Fatnaður sjúklinga	1000		
4. Fatnaður starfsfólks	1000		
5. Lyf og sáraumbúðir	5000		
6. Ljós og hiti	10000		
7. Viðhald og áhöld	5000		
8. Þvottur og ræsting	4000		
9. Skattar og tryggingar	3000		
10. Skemmtanir	1000		
11. Óviss útgjöld	1500		
		99500	
Þar frá dregst:		106000	
Innborgað frá sjúklingum		63000	
Mismunur ...		43000	
13. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			2800
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		6800	
B. Laun aðstoðarlæknis		6000	
Flyt ...		12800	458815

		kr.	kr.
	Flutt ...	12800	458815
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	28000		
2. Viðurværi..	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting..	5500		
6. Viðhald húsa...	4800		
7. Viðhald véla	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	4000		
10. Óviss gjöld	2640	223140	
		235940	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000	233140	
	Mismunur ...	2800	
14. Heilsuhælið í Kristnesi:			
Rekstrarkostnaður			3000
15. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, allt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að sjúklingar, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhéraðssjúklingar.		18000	
b. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknabústaði ..		18000	
c. Til Hróarstungulæknishéraðs, sérstakur styrkur upp í kostnað við að reisa læknisbústað með sjúkrastofu		5000	
d. Bólusetningarkostnaður		3500	
e. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		18000	
f. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands		2000	
g. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum		7000	
	Flyt ...	71500	461815

	kr.	kr.
Flutt ...	71500	461815
h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
i. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfélagsins Líknar, gegn a. m. k. jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur ...	4000	
j. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	500	
k. Til félags íslenzkra hjúkrunarkvenna	700	
l. Til geitnalækninga, gegn að minnsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	500	
m. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
n. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
o. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
		85700
16. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		38000
Samtals ...	... ...	585515

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

A. Póstmál.	kr.	kr.
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	109800	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
c. Bréfhirðingamenn...	22000	
		211800
2. Póstflutningur		200000
3. Annar kostnaður:		
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	15000	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
d. Önnur gjöld	60000	
		115500
Samtals A. ...	... ...	527300

		kr.	kr.
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, allt að	6000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, allt að	24000	
	5. Skrifstofukostnaður, allt að	8000	
			51400
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjósarvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 20000		
	2. Stykkishólmsvegur 20000		
	3. Holtavörðuheiðarvegur 60000		
	4. Vesturlandsvegur 40000		
	5. Húnavatnssýsluvegur 15000		
	6. Langadalsvegur 10000		
	7. Blönduhlíðarvegur 25000		
	8. Öxnadalsvegur 10000		
	9. Vaðlaheiðarvegur 60000		
	10. Þistilfjarðarvegur 15000		
	11. Jökulsárhlíðarvegur 10000		
	12. Biskupstungnabraut 20000		
	13. Skaftártunguvegur 10000		
	14. Vopnafjarðarvegur 10000		
		325000	
	b. Viðhald og umbætur	200000	
			525000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		150000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		70000
V.	Fjallvegir		25000
VI.	1. Til áhalda, allt að	20000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
			20300
VII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ... ... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annars-	40000	
	Flyt ...	40000	841700

		kr.	kr.
	Flutt ...	40000	841700
	staðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	80000	
			120000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti	300	
	2. - Skjálfandafljóti	300	
	3. - Blöndu	300	
			900
IX.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		250
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
XI.	Styrkur til Sigurðar Daníelssonar, til byggingar á Kolviðarhóli, síðari greiðsla		6000
	enda hvíli sú kvöð framvegis á húseiganda að halda þar uppi gistingu og greiðasölu fyrir ferðamenn, undir eftirliti og samþykki atvinnumálaráðherra hvað verðlag áhrærir. Jafnframt fellur niður árlegt ríkissjóðstillag til gistihússins.		
XII.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn		3000
	Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum við þjóðbraut.		
XIII.	Til byggingar í Bakkaseli		25000
XIV.	Til byggingar útihúsa í Fornahvammi		4000
XV.	Styrkur til Þorsteins Þorsteinssonar, til þess að reisa gistihús á Húsafelli		4000
XVI.	Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925		5000
	Samtals B. ...	... ...	1014850
	C. Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	200000	
	b. Eimskipafélags Íslands	60000	
	c. H/f Skaftfellings	24000	
			284000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		91200
	Samtals C. ...	... ...	375200

	kr.	kr.
D.		
Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra	7800	
Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	6500	
3. Til verkfróðrar aðstoðar	7000	
4. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	6200	
5. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
		30000
II. Laun vitavarða..		28000
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III. Rekstrarkostnaður vitanna		115000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V. Til að reisa nýja vita		80000
VI. Til áhaldakaupa		10000
VII. Ýmislegt		30000
VIII. Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sé það fé fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ...		97000
Af upphæðinni skal verja 6000 kr. til bryggjugerðar í Grindavík, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að, enda séu almenningi tryggð afnot af bryggjunni.		
IX. Til viðgerðar öldubrjótnum í Bolungavík, helmingur kostnaðar (þar af endurveiting kr. 3742,52) allt að		7500
Verkið sé unnið undir eftirliti vitamálastjórnarinnar.		
Samtals D. ...	... ...	407500
E.		
Til Flugfélags Íslands h/f.		
1. Styrkur til flugferða	20000	
Flyt ...	20000	... ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	20000	... ...
2.	Til flugvélakaupa...	50000	
	Framlagi þessu (í tölul. 2) er stjórninni heimilt að verja til hlutakaupa í flugfélaginu.		70000
	Samtals E. ...	... ...	70000
	F.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl..		45000
II.	Til einkasíma í sveitum		30000
III.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi héruð		100000
IV.	Til kaupa fjölsímatækja, Reykjavík—Akureyri, fyrri greiðsla		75000
V.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1.	Laun samkvæmt launalögum	360000	
2.	Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna ...	20000	
3.	Ritsímastöðin í Reykjavík	40000	
4.	Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	250000	
6.	Áhaldahúsið	3000	
7.	Ritsímastöðin á Akureyri	15000	
8.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði	16000	
9.	Ritsímastöðin á Ísafirði...	11000	
10.	Símastöðin á Borðeyri	6000	
11.	Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
12.	Símastöðin í Vestmannaeyjum	7000	
13.	Símastöðin á Siglufirði	7500	
14.	Til aukaritsímaþjónustu	3000	
15.	Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	115000	
16.	Afborgun og vextir af láni til L. M. Ericsson o. fl.	141000	
17.	Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, allt að 14100		
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 14000		
	Flyt ... 28100	1013000	250000

		kr.	kr.
	Flutt .. 28100	1013000	250000
	c. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		31700	
	18. Til Steindórs Björnssonar	1200	
	19. Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			1046500
VI.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
VII.	Viðbót og viðhald stöðvanna		55000
VIII.	Til að reisa lofttalstöðvar á Ísafirði og Horni ...		10000
IX.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að		10000
X.	Viðhald landssímanna		180000
XI.	Áframhaldsgjald		25000
XII.	Til kennslu fyrir símamenn...		3000
XIII.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XIV.	Ýms gjöld		7000
	Samtals F. ...	... ...	1628000
	G. Útvarp.		
I.	Stofnkostnaður. Afborgun og vextir af láni til Marconifélagsins í London		178000
II.	Starfrækslan.		
	1. Laun útvarpsstjóra	9300	
	2. Útvarpsráð og útvarpsefni	33700	
	3. Viðhald, ræsting, ljós, hiti, rafmagnsgæzla ...	40000	
	4. Yms gjöld	20000	
			103000
	Samtals G. ...	... ...	281000

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stéttin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8800	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að	2000	
		10800
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	260000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Styrkur til þjónandi presta til utanferða	2000	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
		290650
Samtals A. ...	... ...	301450
B.		
Kennslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	93000	
b. Til héraðslæknisins í Reykjavík fyrir kennslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Til kennslu í söng	1000	
e. Til kennslu í bókhaldi	400	
Flyt ...	96400	

		kr.	kr.
	Flutt ...	96400	
f.	Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hér halda fyrirlestra í háskólanum, allt að	2000	
g.	Námsstyrkur	15000	
h.	Húsaleigustyrkur	9000	
i.	Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans	6000	
j.	Til kennsluáhalda læknadeildar...	1000	
k.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kennslu í efnafræði	2800	
l.	Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	4000	
m.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara og dyravarðar ... ... 4000 auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.		
	2. Ýms gjöld 5000		
		9000	
n.	Ferðastyrkur vegna stúdentaskipta	750	
o.	Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, þriðja greiðsla af fjórum	2500	
p.	Til stúdentagarðs (endurveiting)	25000	
			173450
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b.	Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs ... ... Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.	12000	
c.	Til Jens Jóhannessonar læknis, til sérfræðináms í háls-, nef- og eyrnalækningum	1200	
			37200
	Flyt ...	... ...	210650

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	210650
III. Menntaskólinn almenni:			
a. Laun		74200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	1000		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	7000		
3. Til skólahússins utan og innan ...	3000		
4. Til stundakennslu og til prófdómenda, allt að	25000		
5. Húsaleigustyrkur handa 15 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ...	1125		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2800		
7. Læknisþóknun	500		
8. Til kennslutækja	2000		
9. Ýmisleg gjöld	3500		
10. Til verðlaunabóka	200		
11. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
		48125	
			122325
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		29000	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakennslu	12000		
2. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
3. Til bóka og kennsluáhalda	2000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	1200		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
Flyt ...	23700	29000	332975

		kr.	kr.
Flutt ...	23700	29000	332975
6. Til dyravörzlu	2000		
7. Til viðhalds	2000		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		30700	
			59700
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakennsla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	3000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		15500	
			34500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1500		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Til áhaldakaupa	10000		
5. Ýmisleg gjöld	2500		
		15800	
			29300
VII. Vélstjóraskólinn:			
a. Laun		8800	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	1000		
2. Húsnæði	5400		
Flyt ...	6400	8800	456475

		kr.	kr.
Flutt ...	6400	8800	456475
3. Ljós og hiti	1300		
4. Ræsting	700		
5. Til prófhalda	800		
6. Ýms gjöld	500		
		9700	
			18500

Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minnsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.

VIII. Bændakennsla:

1. Til bændaskólans á Hólum:
   - a. Laun 9650
   - b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu 1450
   - c. Önnur gjöld:
     1. Til verklegs náms, allt að 2500
     2. Til kennsluáhalda ... 800
     3. Til eldiviðar og ljósa... 3500
     4. Ýmisleg gjöld 3000
     — 9800

   20900

2. Til bændaskólans á Hvanneyri:
   - a. Laun 8550
   - b. Til smíða- og leikfimikennslu ... 1300
   - c. Önnur gjöld:
     1. Til verklegs náms, allt að 2400
     2. Til kennsluáhalda... ... 500
     3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000
     4. Ýmisleg gjöld 3000
     — 8900

   18750

Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstím-

Flyt ...		39650	474975

	kr.	kr.
Flutt ...	39650	474975
ann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kennslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sé í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3. Til steinsteypukennslu	4000	
		43650
IX. Iðnfræðsla:		
a. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	7500	
Þar af til framhaldskennslu 1500 kr.		
b. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	2000	
c. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, til skólahalds	1200	
d. Til Iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds	800	
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar.		
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
e. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	5000	
Þar af 1000 kr. til Jóns Sigurðssonar, til þess að nema nýjustu aðferðir við byggingar úr járnbentri steinsteypu.		16500
X. Verzlunarskólar:		
a. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	6000	
b. Til Sambands samvinnufélaganna, til þess að halda uppi verzlunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	6000	
		12000
XI. Ljósmæðraskólinn:		
1. Laun forstöðumanns	1000	
Flyt ...	1000	547125

		kr.	kr.
	Flutt ...	1000	547125
2. Til verklegrar kennslu:			
a. Laun þriggja ljósmæðra í Rvík ...	900		
b. Annar kostnaður, allt að	500		
		1400	
3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, allt að		6700	
			9100
XII. Kvennaskólar:			
1. Til kvennaskólans í Reykjavík:			
a. Húsaleigustyrkur	5000		
b. Rekstrarkostnaður, gegn að minnsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	21000		
c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að	4000		
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ...	1000		
		31000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:			
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	14000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að...	2000		
c. Til endurbóta á skólahúsinu ...	6000		
		22000	
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			
			53000
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að...	2000		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, allt að	1000		
		8600	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		300000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót		30000	
	Flyt ...	338600	609225

		kr.	kr.
	Flutt ...	338600	609225
4.	Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, allt að... ...	7000	
5.	Til prófdómara við barnapróf	10000	
6.	Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkv. skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, allt að	40000	
7.	Til fræðslumálarits...	800	
8.	Utanfararstyrkur handa barnakennurum	3000	
			399400
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	a. Laun	10500	
	b. Til hannyrða, leikfimi og smíðakennslu	2000	
	1. Til kennsluáhalda ... 800		
	2. Til eldiviðar og ljósa ... 4000		
	3. Ymisleg gjöld 3000		
	4. Til viðhalds skólahúss og húsgagna... 2000		
	5. Til smíðastofu og smíðatólakaupa 1000		
		10800	
	c. Til vatnsveitu í skólann	9000	
			32300
2.	Til gagnfræðaskóla í Reykjavík...		3000
3.	Til héraðsskóla samkv. l. nr. 32 1929		55000
4.	Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur og Akureyrar, allt að		35000
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sé minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kennslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
5.	Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, allt að helmingi kostnaðar...		40000
	Þar af 10000 kr. til leikfimihúss á Laugum. Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sé ákveðinn, áætlun og teikning samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði		
	Flyt ..	165300	1008625

	kr.	kr.
Flutt ...	165300	1008625
reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn héraðseign.		
5. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^2/_3$ kostnaðar, allt að	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sé samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.		
6. Til bókasafna við unglingaskóla	2000	
7. Til þess að gefa út kennslubækur handa skólum	3000	
		190300
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
2. Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað.	5000	
Styrkir samkvæmt tölul. 1.—2 eru bundnir því skilyrði hvor um sig, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerðir skólanna.		
3. Til þess að reisa húsmæðraskóla, allt að helmingi byggingarkostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sé ákveðinn, áætlun og teikning samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni.		
4. Til kvenfélagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	6000	
Noti félagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
5. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal.	1500	
		37500
XVI. Til kennslu heyrnar- og málleysingja m. m.		26000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
Flyt ...	... ...	1262425

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1262425
XVII.	Blindrakennsla:		
	1. Til kennslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að	1000	
	2. Til Sigurbjargar Sveinsdóttur, til framhaldsnáms á blindraskóla í Kaupmannahöfn	1200	
	3. Til blindra manna, til þess að nema körfugerð og þesskonar iðnað innanlands, samkv. nánari fyrirmælum atvinnumálaráðuneytis	2400	
			4600
XVIII.	Sundkennsla o. fl.:		
	1. Til sundkennslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennsla þessi fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfé, njóti kennslunnar ókeypis.	300	
	2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkennslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	3000	
	3. Til sundkennslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkennslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
	4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda séu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, allt að	20000	
			26300
XIX.	Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kennslu í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		1800
XX.	Til íþróttakennslu		4000
XXI.	Til Íþróttasambands Íslands		6000
XXII.	Til Helga Tryggvasonar, utanfararstyrkur til þess að kynna sér hraðritunarkennslu og skólamál ...		1500
XXIII.	Til Skáksambands Íslands		1500
	Samtals B. ...	... ...	1308125

15. gr.

Til vísinda, bókmennta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. bókavarðar, 500 kr., og til 2. bókavarðar 1000 kr.	1500	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ..	15000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	2000	
j. Ýmisleg gjöld	1000	
		47460
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6600	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		13100
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7300	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, allt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, allt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	1500	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
Þjóðminjasafnið sé opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
f. Til Hóladómkirkju, til endurbóta	1000	
		14850
4. Náttúrufræðifélagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
Flyt ...	... ...	78810

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	78810
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til þriggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar...	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði ... ... enda skal starfrækja safnið í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar.	1000	
		7000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenzka bókmenntafélags . ... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenzka fornbréfasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafélagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að félagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ...		6800
12. Til Fornleifafélagsins		800
13. Til Sögufélagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14. Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar að		1200
15. Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái þjóðskjalasafnið afrit af skránni		1500
Flyt ...	... ...	113910

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	113910
16.	Til útgáfu allt að 20 arka af þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1500
17.	Til Ríkarðs Jónssonar, styrkur til útgáfu myndabókar með verkum hans		1500
18.	Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, allt að		5000
19.	Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
20.	Til Leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1500
21.	Til Leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		1000
22.	Til Arndísar Björnsdóttur, til leiklistarnáms erlendis .		2000
23.	Til Sigrúnar Magnúsdóttur, til leiklistarnáms við leikskóla konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn		2000
24.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		2000
25.	Til Maríu Markan, til lokanáms í söngleiklist		1500
26.	Til Karlakórs Reykjavíkur, til söngnáms		1000
27.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		6000
28.	Til Halldórs Kiljans Laxness, til ritstarfa		2000
29.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sé safnið eign ríkisins		2400
30.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum, enda sé handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
31.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
32.	Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga		1500
33.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
			8000
	Flyt ...	... ...	163610

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	163610
34.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga, lokagreiðsla ...		2000
35.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sé nýtt ...		1000
36.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		1000
37.	Til Guðbrands Jónssonar, til þess að semja íslenzka miðaldamenningarsögu		1800
38.	Til Stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja upplýsingaskrifstofu		1200
39.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
40.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sé almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
	b. Til sama, til aðstoðar	1200	
			8000
41.	Til fréttastofu blaðamannafélagsins		2500
42.	Til þess að kaupa Grænlands-bókasafn Einars Benediktssonar handa Landsbókasafni		5000
43.	Ferðastyrkur til útlanda		6000
44.	Til Menningarsjóðs (sbr. tekjul. 5. gr. 4.)		15000
45.	Til þjóðleikhúss (sbr. tekjul. 5. gr. 5.)		75000
46.	Þóknun fyrir störf menntamálaráðs Íslands (sbr. 1. gr. laga nr. 7, 12. apríl 1928)		3000
	Samtals ...	... ...	289110

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		250000
	Flyt ...		250000

		kr.	kr.
	Flutt ...		250000
2.	Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, allt að		10000
	Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfélag Íslands.		
3.	Til sandgræðslu		40000
	Þar af 5000 kr. til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi.		
4.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		430000
5.	Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
6.	Tillag til Búnaðarbankans:		
	a. Til byggingar- og landnámssjóðs	200000	
	b. Til bústofnslánadeildar	50000	
	c. Til ræktunarsjóðs:		
	1. Afgjöld þjóðjarða 30000		
	2. Kostnaðartillag 7000		
	3. Hluti af útflutningsgjaldi 63000		
		100000	
	d. Til lánadeildar smábýla	50000	
			400000
7.	Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna, samkv. lögum um verkamannabústaði...		33000
8.	Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		50000
9.	Til að rannsaka og gera tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, gegn fimmtungs framlagi frá hlutaðeigandi héruðum, allt að		15000
10.	Til Garðyrkjufélags Íslands:		
	Laun garðyrkjustjóra		4000
11.	Til skógræktar:		
	a. Laun	11910	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	16000	
	c. Til Hákonar Á. Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms...	1200	
			29110
12.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	900	
			17900
	Flyt ...	... ...	1294010

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1294010
13.	Til rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna		20000
14.	Til fjárkláðalækninga		6000
15.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		500
16.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	4800	
	b. Til aðstoðar	5600	
	c. Húsaleiga	3000	
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
	e. Til áhaldakaupa	800	
			15400
17.	Til veðurstofu Íslands:		
	a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
	b. Til aðstoðar	12350	
	c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	10000	
	d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
	e. Til loftskeytatækja	800	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	4000	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
	h. Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum	2000	
			56600
18.	Til landmælinga		55000
19.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
20.	Til Fiskifélagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		80000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
21.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	16600	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfé.		
	c. Laun 4 ullarmatsmanna	2200	
	d. — 6 kjötmatsmanna	5000	
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	10000	
			42000
	Flyt ...	... ...	1575510

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1575510
22.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra:		
	a. Laun skipaskoðunarstjóra	6800	
	b. Til skrifstofukostnaðar, allt að...	5000	
			11800
23.	Til markaðsleitar erlendis		10000
24.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
25.	Til Sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga ... ... Þar af 800 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði á Norður- og Austurlandi.		6000
26.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði		1000
27.	Til Guðmundar Einarssonar myndhöggvara, til þess að setja upp leirbrennsluverksmiðju		5000
28.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
29.	Til Ingu L. Lárusdóttur, til þess að safna fyrirmyndum forns listiðnaðar í söfnum erlendis		3000
30.	Til Kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna ...		600
31.	Til Kvenfélagasambands Íslands, til undirbúnings starfsemi sinni		2000
32.	Til sambands norðlenzkra kvenna		450
33.	Til sambands austfirzkra kvenna		450
34.	Til sambands sunnlenzkra kvenna		450
35.	Til Bandalags kvenna		450
36.	Til kvenréttindafélags Íslands		500
37.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
38.	Handa Ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Félagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið.		7500
39.	Til Bandalags skáta		500
40.	Til Dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		1000
41.	Laun húsagerðarmeistara...		7800
42.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita, á móti bygginga- og landnámssjóði ... ... enda greiðist engin borgun fyrir leiðbeiningarnar.		4000
	Flyt ...	... ...	1651810

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1651810
43.	Til Hjálpræðishersins í Reykjavík, byggingarstyrkur til gistihúss, síðari greiðsla		5000
44.	Til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts...		10000
45.	Til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Hornafjarðarfljóts og Hólmsár (fyrri greiðsla)		4000
46.	Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, síðari greiðsla		6000
47.	Til þess að gera laxastiga í Lagarfoss, 1/3 kostnaðar, allt að		3300
48.	Til að rannsaka til fullnustu og gera laxgengan farveg Blöndu undan Enni, 1/3 kostnaðar, allt að... ...		2000
49.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
50.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		8000
51.	Til vatnsrennslismælinga		2000
	Samtals ...	... ...	1699910

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga ... ... Þar af til greiðslu legukostnaðar Eiðs Kvarans erlendis, 5 kr. fyrir legudag, þó ekki yfir 1500 kr.		800000
2.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3.	Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafélags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		7000
4.	Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík...		3500
5.	Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6.	Til slysatryggingar		10000
7.	Til slysavarna, allt að ... ... enda sé stjórnarráðinu send skýrsla um starfsemina.		14000
	Flyt ..	... ...	895000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	895000
8.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9.	Til bjargráðasjóðs		24000
10.	Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11.	Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		10000
12.	Til Rauðakrossfélags Íslands		1000
13.	Til slysatryggingarsjóðs félagsins Dagsbrúnar		500
14.	Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		300
15.	Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		400
16.	Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Framsóknar í Reykjavík		500
17.	Til sjúkrasjóðs Félags járnsmiðanema í Reykjavík ...		200
18.	Til styrktarsjóðs sjómannafélags Vestmannaeyja		500
19.	Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins Drífanda í Vestmannaeyjum		500
	Fjárveitingarnar undir 13.—19. tölul. eru bundnar því skilyrði, að jafnmikið fé að minnsta kosti komi annarsstaðar að og að stjórnarráðinu sé send skýrsla um starfsemina.		
20.	Til sjúkrasjóðs verkamannafélags Akureyrar		300
21.	Til sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Einingar á Akureyri		150
22.	Til Elliheimilisins Grundar Rvík, byggingarstyrkur ...		10000
23.	Til gamalmennahælis á Ísafirði		1000
24.	Til gamalmennahælis á Seyðisfirði		1000
25.	Tillag til Alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
26.	Til Sesselju Sigmundardóttur, til þess að koma upp heimili fyrir veikluð eða vanrækt börn í samvinnu við Barnaheimilisnefnd kirkjunnar		5000
	Samtals ...	... ...	997350

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	36439,64	
	b. Embættismannaekkjur og börn	17457,65	
	c. Prestsekkjur	5977,44	
	Flyt ...	59874,73	

			kr.	kr.
		Flutt	59874,73	
d.	Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923		2500,00	
e.	— — — — 51 1921		1000,00	
II.	Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			63374,73
a.	Embættismenn:			
1.	Til Sigurðar Magnússonar læknis ...	600,00		
2.	— Sigurðar Kvarans héraðslæknis	405,00		
3.	— Þorvalds Pálssonar læknis... ...	300,00		
			1305,00	
b.	Embættismannaekkjur og börn:			
1.	Til Magneu Ásgeirsson	200		
2.	— Ólivu Guðmundsson	175		
3.	— Theodóru Thoroddsen	800		
4.	— Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5.	— Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6.	— Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7.	— Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8.	— Rannveigar Tómasdóttur	600		
9.	— Önnu Gunnlaugsson	900		
10.	— Kristbjargar Marteinsdóttur	1200		
11.	— Kristínar Jacobson	600		
12.	— Guðnýjar Jónsdóttur	400		
13.	— Kirstínar Þ. Blöndal	300		
14.	— Guðlaugar Magnúsdóttur...	2000		
15.	— 2 barna hennar	200		
16.	— Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
17.	— Jenny Forberg	600		
18.	— Ástu Hallgrímsson	600		
19.	— Ástu Einarson	600		
20.	— Aðalbjargar Sigurðardóttur	1200		
21.	— Dómhildar Jóhannsdóttur	1200		
22.	— Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	1300		
23.	— Soffíu Johnsen læknisekkju	500		
24.	— Kristínar Þórarinsdóttur læknisekkju	400		
25.	— Sigríðar Blöndal læknisekkju... ...	300		
	Flyt ...	16725	1305,00	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt 16725	1305,00	63374,73
26. Til Hrefnu Einarsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með einu barni í ómegð	700		
		17425,00	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2. — Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4. — Sigurðar prófasts Gunnarssonar .	662,25		
5. — Guttorms Vigfússonar	600,00		
6. — Björns Þorlákssonar	208,00		
7. — Stefáns Jónssonar	370,00		
8. — Jóns Þorsteinssonar	390,00		
9. — Jóns Árnasonar	445,00		
10. — Þórðar Ólafssonar	370,00		
11. — Páls Stephensens	355,00		
12. — Helga P. Hjálmarssonar	475,00		
13. — Einars Jónssonar, sjá fjárl. 1930	3000,00		
		8480,25	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Auðar Gísladóttur	300,00		
2. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
3. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
4. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
5. — Guðrúnar Ólafsdóttur	300,00		
6. — Guðrúnar Pétursdóttur	300,00		
7. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
8. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
9. — Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	600,00		
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
11. — Kirstínar Pétursdóttur	300,00		
12. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
13. — Steinunnar Pétursdóttur	300,00		
14. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
15. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
16. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
17. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
Flyt ...	5367,10	27210,25	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt ...	5367,10	27210,25	63374,73
18.	Til Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
19.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
20.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
21.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
22.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
23.	— Önnu Stefánsdóttur	200,00		
24.	— Helgu Skúladóttur	227,06		
25.	— Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
26.	— Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L.L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	432.00		
27.	— Arndísar Pétursdóttur	137,90		
28.	— Guðnýjar Þorsteinsdóttur	173,56		
29.	— Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík	135,37		
30.	— Jakobínu Sigurgeirsdóttur frá Borg	157,44		
31.	— Kamillu Briem	170,57		
32.	— Kristínar Jónsdóttur prófastsekkju á Brjánslæk	300,00		
			8416,63	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3.	— Magnúsar Einarssonar	500,00		
4.	— Elínar Briem Jónsson	300,00		
5.	— Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6.	— Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7.	— Guðmundar Björnssonar	150,00		
8.	— Jóns Strandfelds...	150,00		
9.	— Einars Hávarðssonar	150,00		
10.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
11.	— Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
12.	— Páls J. Árdals	800,00		
13.	— Jóhannesar Sigfússonar	1800,00		
14.	— Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	700,00		
15.	— Sigurjóns Rögnvaldssonar... ...	200,00		
16.	— Astu Magnúsdóttur kennaraekkju	200,00		
			7160,00	
		Flyt ...	42786,88	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt ...	42786,88	63374,73
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:		
1.	Til Guðm. Kristjánssonar 300		
2.	— Böðvars Jónssonar 300		
3.	— Þóru Matthíasdóttur 300		
4.	— Vigdísar Steingrímsdóttur 300		
5.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts 200		
6.	— Jens Þórðarsonar 300		
7.	— Friðriks Möllers 1200		
8.	— Anínu Arinbjarnardóttur 200		
9.	— Eliesers Eiríkssonar 200		
10.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum 300		
11.	— Jóhannesar Þórðarsonar 300		
12.	— Guðm. Kristjánssonar 300		
13.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ... 600		
14.	— Friðriks Klemenzsonar 2000		
15.	— Óla P. Blöndals 1800		
16.	— Kristjáns Blöndals 1000		
17.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ... 300		
18.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ... 200		
19.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ... 300		
20.	— Ólafs Ólafssonar pósts 200		
21.	— Halldórs Benediktssonar pósts ... 200		
22.	— Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar 1000		
23.	— Friðriks Jónssonar pósts 450		
24.	— Einars Ólasonar fyrrum pósts ... 300		
25.	— Þórodds Bjarnasonar pósts 600		
26.	— Sigríðar Guðmundsdóttur, ekkju Böðvars Þorlákssonar 300		
		13450,00	
g.	Ritböfundar:		
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar 3500		
2.	— Valdimars Briems 1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum 500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ... 3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar 2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar 1500		
7.	— dr. Helga Péturss 4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu... 1000		
	Flutt ... 16700	56236,88	63374,73

		kr.	kr.
Flutt ...	16700	56236,88	63374,73
9. Til Einars Benediktssonar	4000		
10. — Stefáns frá Hvítadal	1200		
11. — Jakobs Thorarensens	1000		
12. — Sigurjóns Friðjónssonar	1000		
13. — Guðmundar Kambans	2000		
		25900,00	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Jakobínu Pétursdóttur	200,00		
2. — Guðrúnar Jónsdóttur	300,00		
3. — Arnbjargar Einarsdóttur	300,00		
4. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300,00		
5. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300,00		
6. — 1 barns hennar	100,00		
7. — Valgerðar Arnljótsdóttur	600,00		
8. — Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
		3300,00	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með barni hennar, sem er í ómegð	400		
2. — Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500		
3. — Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður	500		
4. — Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður	500		
5. — Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður	500		
6. — Oddnýjar Guðmundsdóttur, júbilljósmóður	500		
7. — Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ...	500		
8. — Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður ...	400		
9. — Kristínar Jónasdóttur ljósmóður ...	300		
10. — Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ...	300		
11. — Sigurlilju Einarsdóttur ljósmóður	300		
12. — Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
13. — Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
14. — Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
Flyt ...	5400	85436,88	63374,73

			kr.	kr.
	Flutt ...	5400	85436,88	63374,73
15.	Til Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður	200		
16.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
17.	— Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður	300		
18.	— Jakobínu Jensdóttur	300		
19.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
20.	— Sigurveigar Jónatansdóttur ljósmóður	300		
21.	— Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
22.	— Halldóru Metúsalemsdóttur ljósmóður	300		
23.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ...	200		
24.	— Margrétar Jónsdóttur ljósmóður ...	200		
25.	— Guðrúnar Jónasdóttur ljósmóður	200		
26.	— Guðrúnar Magnúsdóttur ljósmóður	200		
27.	— Gróu Jónsdóttur ljósmóður	200		
28.	— Þuríðar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
29.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
30.	— Páls Erlingssonar	1200		
31.	— Erlends Zakaríassonar	300		
32.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
33.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
34.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
35.	— Jakobs Björnssonar fyrv. síldarmatsmanns	1600		
36.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
37.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
38.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	800		
39.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
40.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
	Flyt ...	15600	85436,88	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt ...	15600	85436,88	63374,73
41.	Til Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
42.	— Halldóru Pétursdóttur Briem	600		
43.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
44.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
45.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
46.	— Henriette Kjær...	600		
47.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
48.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2400		
49.	— Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
50.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
51.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey...	300		
52.	— Halldóru Þórðardóttur	600		
53.	— Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrv. spítalaráðskonu	300		
54.	— Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu	500		
55.	— Jónínu Marteinsdóttur hjúkrunarkonu	300		
56.	— Guðleifar Erlendsdóttur fyrrv. hjúkrunarkonu	300		
57.	— Sigurðar Péturssonar fangavarðar	1000		
58.	— Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ...	300		
59.	— Susie Briem, ekkju Halldórs Briems	800		
60.	— Gunnlaugs Indriðasonar veðurfræðings	700		
			27700,00	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j.	Til ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar		1000,00	
k.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
				117136,88
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			70604,64
		Samtals	... ...	251116,25

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1931 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	... ...			1273138,00	
—	8. —	... ...			60000,00	
—	9. —	... ...			229200,00	
—	10. —	... ...			387300,00	
—	11. —	A.	833600,00			
—	11. —	B.	186000,00			
					1019600,00	
—	12. —	... ...			585515,00	
—	13. —	A.	527300,00			
—	13. —	B.	1014850,00			
—	13. —	C.	375200,00			
—	13. —	D.	407500,00			
—	13. —	E.	70000,00			
—	13. —	F.	1628000,00			
—	13. —	G.	281000,00			
					4303850,00	
—	14. —	A.	301450,00			
—	14. —	B.	1308125,00			
					1609575,00	
—	15. —	... ...			289110,00	
—	16. —	... ...			1693910,00	
—	17. —	... ...			997350,00	
—	18. —	... ...			251116,25	
—	19. —	... ...			100000,00	
—	20. —	... ...			10000,00	
						kr. 12809664,25

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	... ...			12440000,00	
—	3. —	... ...			34600,00	
—	4. —	... ...			112000,00	
—	5. —	... ...			170000,00	
						— 12756600,00
					Tekjuhalli	kr. 53064,25

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafélagi Íslands allt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufélaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1930, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sé framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum, sem nemi allt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

IV. Að greiða séra Kjartani Helgasyni fyrrv. prófasti í Hruna full prestslaun.

V. Að veita Halldóri Arnórssyni umbúðasmið eftirgjöf á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni, 5500 kr.

VI. Að veita eftirgjöf á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni Ostagerðarfélags Önfirðinga, kr. 9141,67.

VII. Að lána Finni Jónssyni málara allt að 10000 kr. til þess að byggja sér vinnustofu, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

VIII. Að ábyrgjast allt að 48000 kr. húsakaupalán fyrir kvennaskóla Reykjavíkur, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

IX. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 90000 kr. láni fyrir samvinnufélag Eskfirðinga, til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meira en 3/4 af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna og ábyrgð Eskifjarðarhrepps og Suður-Múlasýslu. Forstöðumaður félagsins og annar endurskoðandi skulu samþykktir af ríkisstjórninni. Taka verður lánið í innlendri lánsstofnun eða innanlands.

X. Að ábyrgjast lán til Síldareinkasölu Íslands. Skulu þau lán endurgreiðast að fullu áður en nokkrum síldareiganda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1931 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. kr.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1931, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

Stjórninni er heimilt að endurgreiða Steinþóri Guðmundssyni fyrrv. skólastjóra iðgjöld þau, er hann hefir greitt í lífeyrissjóð barnakennara.

Stjórninni er heimilt, að fenginni reynslu, að kaupa 2 snjóbifreiðar, til flutninga á Holtavörðuheiði og Fagradal.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1930 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 470. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1929.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1929, eru veittar samkv. 2.—9. gr. hér á eftir kr. 606109,28.

2. gr.

	kr.	kr.
Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:		
Til undirbúnings ríkisprentsmiðju		3374,34

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1. Til radio-móttökutækja handa Laugarnesspítala ..	1079,00	
2. Húsaleiga dr. Helga Tómassonar frá september 1928 til maí 1929	1753,63	
3. Til viðgerðar á húsinu nr. 12 í Kirkjustræti ...	7000,00	
4. Kostnaður vegna mænusóttar	3000,00	
		12832,63

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

1. Til umbóta og breytinga á pósthúsinu á Ísafirði	25592,08	
2. Til póst- og símahúss í Neskaupstað	17041,20	
3. Til aðgerðar á akbraut að Kristneshælinu	300,00	
		42933,28

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1. Til aðgerðar á húsum á Bergþórshvoli	441,86	
Flyt	441,86	59140,25

		kr.	kr.
	Flutt	441,86	59140,25
2.	Til aðgerða á prestssetrinu í Vallanesi...	3000,00	
3.	Kostnaður við uppfyllingu á kirkjugarði í Rvík	11801,90	
4.	Álag á Presthólakirkju	1500,00	
5.	Styrkur til húsmæðraskóla í Þingeyjarsýslu ...	7000,00	
6.	Aðgerð og breytingar á Menntaskólanum	26000,00	
7.	Aðgerð skólahússins á Eiðum...	10000,00	
8.	Til bændaskólans á Hvanneyri	2280,43	
9.	Styrkur handa Hallgrími Þorbergssyni, til að rannsaka nokkur skólamál í Noregi og Danmörku	1000,00	
10.	Til aðgerðar á Kennaraskólanum	2000,00	
11.	Styrkur til rekstrar Laugarvatnsskóla	3000,00	
12.	Til Laugaskóla: Byggingarstyrkur	5000,00	
13.	Til sama skóla fyrir gólfdúka...	2722,21	
14.	Til Knattspyrnufélags Reykjavíkur, styrkur til umbóta á nýkeyptu húsi félagsins...	2000,00	
			77746,40

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Styrkur til Guðm. Kambans	2400,00	
2.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar, fyrir girðingarefni ... ... d. kr.	1248,90	
3.	Til eirsteypu af ýmsum myndum í listasafni Einars Jónssonar ... ... d. kr.	2800,00	
4.	Styrkur handa söngkór til Danmerkurferðar ...	7500,00	
5.	Styrkur handa glímumönnum til Þýzkalandsfarar	2000,00	
			15948,90

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Til sjómælinga á Húnaflóa	51537,30	
2.	Til húsaleigu, ljósa og hita í teiknistofu húsameistara ríkisins...	4278,97	
3.	Til Skeiðaáveitunnar	6000,00	
4.	Til flugferða	32000,00	
5.	Til trjáplöntunar við ýmsar opinberar byggingar	1982,31	
			95798,58

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1.	Til frú Dómhildar Jóhannsdóttur, ekkju Magnúsar Kristjánssonar ráðherra	1680,00	
	Flyt	1680,00	248634,13

		kr.	kr.
	Flutt	1680,00	248634,13
2.	Til frú Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar póstmeistara, frá 1. maí	933,32	
3.	Til frú Sigríðar Blöndal, ekkju Björns Blöndals, fyrrv. héraðsl.	420,00	
4.	Til Jakobs Björnssonar, fyrrv. síldarmatsmanns, frá 1. marz til 31. des.	1866,66	
5.	Til Sigurðar Péturssonar, fyrrv. fangavarðar, frá 1. júlí	700,00	
6.	Til frú Halldóru Þórðardóttur, ekkju Gísla Guðmundssonar gerlafræðings, frá 1/10 1928	1030,00	
7.	Til Sig. H. Kvarans, fyrrv. héraðsl., frá 1. júní...	330,71	
8.	Til frú Kristbjargar Marteinsdóttur, ekkju Sigurðar Jónssonar ráðherra, frá 1. júní	490,00	
9.	Til frú Guðríðar Helgadóttur, ekkju síra Jóhs. L. L. Jóhannssonar, frá 1. apríl	453,60	
10.	Til ungfrú Sigríðar Magnúsdóttur, hjúkrunarkonu, frá 1. okt.	175,00	
			8079,29
	9. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:		
1.	Kostnaður við för 5. bekkinga Menntaskólans til Hornafjarðar...	2500,00	
2.	Greiðsla til hátíðanefndar Alþingis til undirbúnings hátíðarinnar...	128126,00	
3.	Til Magnúsar Torfasonar sýslumanns, til utanfarar...	3000,00	
4.	Greiðsla til húsameistara, vegna alþingishátíðarinnar, til flutnings og byggingar húsa á Þingvöllum o. fl.	65690,24	
5.	Ýmislegur kostnaður á Þingvöllum	23546,00	
6.	Greiðsla til vegamálastjóra, til ýmsra aðgerða á Þingvöllum vegna alþingishátíðarinnar	39567,47	
7.	Kostnaður við vegagerð á Þingvöllum...	10950,00	
8.	Til undirbúnings lögskipaðrar réttritunar	1000,00	
9.	Til útgáfu ríkisgjaldaskýrslna árin 1925 og 1927	6756,00	
10.	Til kostnaðar við kirkjumálanefnd..	7100,00	
11.	Til greiðslu á tunnutolli 1919...	61160,15	
			349395,86
	Samtals...		606109,28

Ed. 471. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir leitað álits landlæknis um frv. þetta. Upplýsir hann, að nú sem standi vanti lækna í Flateyjarhérað og Reykhólahérað og verði ekki sagt, að það stafi af læknaskorti og myndi það því óneitanlega verða til hagnaðar fyrir almenning, ef frv. yrði að lögum, þar sem það myndi þá miklu sjaldnar koma fyrir, að héruð stæðu læknislaus.

Hinsvegar telur hann mjög athugaverða annmarka vera á nýmæli því, sem frv. hefir inni að halda.

Þannig virðist honum ógerningur að heimta af nýjum kandidat, að hann fari í læknishérað rétt í bili, sem læknir hefir flutzt úr og tekið með sér læknisáhöld sín og lyfjabirgðir, því það myndi ógerningur fyrir fátækan og ef til vill stórskuldugan ungan mann að fá til umráða fjárhæð þá — mörg þúsund krónur —, sem þarf til þess að kaupa þegar í stað öll nauðsynleg læknisáhöld, lyfjabirgðir og lyfsöluáhöld.

Þá væri það og hart aðgöngu fyrir hlutaðeigandi ungan kandidat, sem byrjaður væri á framhaldsnámi í öðrum löndum, að vera kallaður heim fyrirvaralaust, til þess að þjóna læknishéraði í bili, en til þess felist heimild í frv.

Þá sé og hart fyrir ungan lækni, sem hefir aflað sér sérmenntunar í útlöndum og komið svo heim aftur og sett sig niður sem starfandi læknir í einhverjum kaupstað eða kauptúni, að vera kannske allt í einu sendur í eitthvert fjarlægt læknishérað til þess að gegna því í bili.

Loks telur landlæknir það munu vafalaust af flestum verða talið misrétti að leggja sérstaka kvöð á læknastéttina eina, án þess að um leið séu lagðar einhverjar áþekkar kvaðir á aðra, er líkt stendur á um, t. a. m. lögfræðinga, kennara og guðfræðinga.

Þá hefir nefndinni borizt mótmælaskjal gegn framgangi frv., undirskrifað af 58 læknisnemum, af þessum ástæðum:

1. Að í frv. felist kúgun við læknastéttina, sem ekki sé beitt við aðra starfsmenn ríkisins, og auk þess sé hinn mesti ójöfnuður, þar sem skylduvinnan komi aðeins niður á fáum kandidötum, en hinir slyppu við hana.
2. Að með þeim fjölda manna, sem hér nemi læknisfræði, telji þeir ástæðulaust að óttast, að ekki fáist nægir læknar í öll héruð landsins, svo framarlega sem lífvænleg kjör séu í boði og sanngjörnum reglum sé fylgt við embættaveitingar.
3. Að með frv. sé kandidötum gert erfiðara fyrir um siglingar til framhaldsnáms, er sé skaðlegt fyrir læknastéttina í heild sinni.
4. Að skylduvinnan kæmi mjög hart niður á þeim, sem í hyggju hefðu að stunda sérfræðinám, en læknanámið sé orðið svo dýrt, að ekkert virðist mega lengja það að óþörfu, og flestir kandidatar að afloknu prófi stórskuldugir og

hafi úr litlu fé að spila og geti því ekki aflað sér þess fjár, sem þurfi til að geta gegnt læknisembætti í bili.

Það er nú vitanlegt, að það eru helzt rýrustu læknahéruðin og hin sömu, sem lækna vantar í. Virðist mun tiltækilegra að bæta læknishéruð þessi upp, t. a. m. með því að reisa þar læknisbústaði og leggja héruðunum til læknisáhöld og lyfjaforða, heldur en að leggja sérstaka þunga og óviðurkvæmilega kvöð á eina stétt landsmanna, enda ætti ríkissjóði ekki að vera það um megn, þar sem um tiltölulega fá læknahéruð er að ræða.

Ég get því ekki orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum samferða, er þeir leggja til, að frv. nái fram að ganga, þótt ég viðurkenni, að brtt. þeirra við það dragi úr ókostum þess, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði felld.

Alþingi, 9. apríl 1930.

Jóh. Jóhannesson.

Nd. 472. Nefndarálit

um frv. til sjómannalaga.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. apríl 1930.

Erlingur Friðjónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	H. Steinsson.

Ed. 473. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á siglingalögum, nr. 56, 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir það eitt við frv. þetta að athuga, að verði breytingar þær, sem með því eru gerðar á siglingalögunum, samþykktar, ásamt breytingum þeim, sem leiða af samþykkt hinna nýju sjómannalaga, þá verða siglingalögin mjög óaðgengileg til notkunar, þar sem breytingar við þau verða þá í tvennum lögum. Til þess að bæta úr þessu, telur nefndin nauðsynlegt, að siglingalögin verði gefin út í einu lagi strax eftir að breytingarnar hafa hlotið staðfestingu. Vill því nefndin bæta ákvæði um það efni inn í frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, sem verður 8. gr., svo hljóðandi:

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal fella þau inn í meginmál siglingalaganna, nr. 56, 30. nóv. 1914, og jafnframt fella niður þær greinar siglingalaganna, sem numdar eru úr gildi með sjómannalögunum, og gefa siglingalögin út þannig breytt.

Alþingi, 10. apríl 1930.

Erlingur Friðjónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	H. Steinsson.

Nd. 474. Lög

um fræðslumálastjórn.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl).

1. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra kennslu- og skólamála.

2. gr.

Fræðslumálastjóri stýrir framkvæmdum í kennslu- og skólamálum. Hann sér um að gildandi lögum og fyrirmælum um fræðslumál sé hlýtt og heimtar allar nauðsynlegar skýrslur um skólahald í landinu.

Álits fræðslumálastjóra skal leitað um öll skólamál, sem undir fræðslumálaráðuneytið falla. Þó er Háskóli Íslands undanskilinn ákvæðum þessara laga.

Kennslumálaráðuneytið getur falið fræðslumálastjóra fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af, enda sendi hann ráðuneytinu ársfjórðungslega skrá um þau mál, er þannig hafa verið afgreidd.

Nánar skal ákveða í reglugerð um skyldur og störf fræðslumálastjóra.

3. gr.

Fræðslumálastjóri hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., er hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 7000 kr., en skrifstofukostnaður greiðist eftir reikningi, samþykktum af ráðuneytinu.

4. gr.

Fyrir barnaskóla, héraðsskóla og gagnfræðaskóla skulu vera skólaráð.

Fræðslumálastjóri er formaður og framkvæmdarstjóri þeirra. Í skólaráði sitja auk hans:

1. Fyrir héraðs- og gagnfræðaskóla: Einn maður kosinn af félagi héraðsskólakennara og annar kosinn af föstum kennurum gagnfræðaskóla í kaupstöðum.
2. Um skólaráð barnaskóla fer eftir lögum nr. 19 1928, um fræðslumálanefndir.

Ráðuneytið setur reglugerð um kosningar, skyldur og störf skólaráða.

5. gr.

Skólaráð gera tillögur til kennslumálaráðuneytisins um námsskrár, kennslubækur, kennsluáhöld og tilhögun prófa, hvert á sínu sviði.

Kostnaður við skólaráð telst til skrifstofukostnaðar fræðslumálastjóra. Skólaráðsmenn gegna störfum endurgjaldslaust.

6. gr.

Við barnaskóla skal vera kennslueftirlit. Til eftirlitsins skulu skipaðir hinir hæfustu barnakennarar, einn fyrir hvert eftirlitssvæði til fimm ára í senn. Eftirlitssvæði skulu einkum fara eftir sýslum og kaupstöðum, en þó má víkja frá því, þegar annað þykir hentara.

Eftirlitsmenn skulu a. m. k. einu sinni á ári koma í hvert skólahérað í sínu umdæmi, á þeim tíma, sem kennsla fer fram, og senda skólanefnd og fræðslumálastjóra árlega skýrslu um fræðsluástand síns héraðs.

Eftirlitskennurum skal skylt að halda þau próf, sem fræðslumálastjórnin fyrirskipar, og veita leiðbeiningar um kennslu og skólaskipun. Fræðslumálastjórnin setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsvið eftirlitskennara og störf þeirra.

7. gr.

Laun og ferðakostnaður eftirlitskennara barnaskólanna greiðist úr ríkissjóði eftir þeim reglum, sem fræðslumálastjórnin setur. Launa- og ferðakostnaðargreiðslur til þeirra mega ekki fara fram úr 15 þús. kr. á ári, og falla þá niður launagreiðslur úr ríkissjóði til prófdómenda samkv. 18. gr. laga nr. 40 1926, um fræðslu barna. Kostnaður, sem af prófum leiðir, greiðist hér eftir úr sveitar- eða bæjarsjóðum, enda skulu skólanefndir skipa prófdómendur.

8. gr.

Til kennslueftirlits við aðra skóla skulu settir skólafróðir menn um stundarsakir, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

9. gr.

Fræðslumálastjóri hefir yfirstjórn kennslueftirlitsins og lítur eftir skólum sjálfur, eftir því sem ástæður leyfa.

10. gr.

Fræðslumálastjóri hefir yfirumsjón með þeim skólabókasöfnum og al-

þýðubókasöfnum, námskeiðum og fyrirlestrum, er styrk fá úr ríkissjóði, og heimtar um allt þetta árlegar skýrslur.

11. gr.

Fræðslumálastjóri skal árlega gefa út yfirlitsskýrslu um allt skólahald í landinu.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin ákvæði, er fara í bág við þessi lög.

Nd. 475. Frumvarp

til laga um gagnfræðaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Reykjavík, Ísafirði og Akureyri skulu vera gagnfræðaskólar. Heimilt er ennfremur landsstjórninni að láta efna til gagnfræðaskóla á Siglufirði og Norðfirði, þegar kaupstaðir þessir óska þess og uppfylla skilyrði þessara laga.

2. gr.

Markmið gagnfræðaskólanna er að veita ungmennum, sem lokið hafa fullnaðarprófi barnafræðslunnar, kost á að afla sér frekari hagnýtrar fræðslu, bóklegrar og verklegrar, gera þá nýtari þegna þjóðfélagsins og hæfa til að stunda nám í ýmsum sérskólum.

3. gr.

Stofnkostnaður gagnfræðaskólanna greiðist að þrem fimmtu hlutum af hlutaðeigandi bæjarfélagi, en að tveim fimmtu hlutum úr ríkissjóði, enda samþykki kennslumálastjórnin skólastað, uppdrætti og lýsingu af skólahúsinu. Bæjarfélög þau, sem nefnd eru í 1. gr., skulu leggja til hæfilega skólalóð og leikvöll endurgjaldslaust, en kennslumálastjórnin teikningu, ef þess er óskað.

4. gr.

Gagnfræðaskólar skulu vera samskólar fyrir pilta og stúlkur. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær. Auk þess má gagnfræðaskóli, með leyfi kennslumálastjórnar, hafa framhaldsnám hinn þriðja vetur í hagnýtum fræðum, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Kennsla í hverri ársdeild má ekki standa skemur en sex mánuði (sbr. þó 16. gr.), og ekki lengur en sjö og hálfan mánuð.

5. gr.

Inntökuskilyrði í 1. bekk gagnfræðaskólanna eru þessi: 1. Að hafa lokið fullnaðarprófi barnafræðslunnar. 2. Að vera ekki haldinn af næmum sjúkdómi. 3. Að vera 14 ára að aldri. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá síðast talda skilyrðinu, ef honum virðist ástæða til, enda sé umsækjandi fullra 13 ára. Heimilt er og að ákveða í reglugerð próf í einstökum námsgreinum sem inntökuskilyrði. Ef fleiri sækja um inntöku í einhvern bekk gagnfræðaskóla en húsrúm leyfir, ræður prófeinkunn skólavist, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

6. gr.

Kennslan skal miða að því að glæða námfýsi nemenda og koma þeim til að starfa á eigin hönd, og skal um námsefni jafnan höfð hliðsjón af því, hvað ætla má að komi nemendum að gagni í lífinu. Sérstakt tillit skal taka til atvinnuhátta landsins og skólahéraðsins, einkum að loknu fyrsta árs námi.

Þessar námsgreinar skal kenna í gagnfræðaskólum: Íslenzku og íslenzkar bókmenntir, sögu, eitt Norðurlandamálanna eða ensku, landafræði, náttúrufræði, almennan reikning, ásamt undirstöðu í flatarmáli og rúmmálsfræði. Þau atriði félags- og lögfræði, sem mest koma við daglegu lífi. Ennfremur dráttlist, söng, íþróttir og hagnýt vinnubrögð.

Heimilt er skólastjórum að veita nemendum undanþágu frá einstökum námsgreinum, einkum erlendum tungumálum, enda leggi þeir þá því meiri stund á önnur námsefni skólans, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

7. gr.

Eftir nám í fyrsta bekk skal ljúka ársprófi; eftir nám í öðrum bekk gagnfræðaprófi. Eftir nám í framhaldsbekk prófi því, sem reglugerð ákveður. Skólastjóri ræður skyndiprófum. Þau skulu vera skrifleg og fyrirvaralaus.

8. gr.

Kennarar gagnfræðaskólanna prófa hver í sinni kennslugrein og eru prófdómendur hver hjá öðrum við árspróf. Kennslumálaráðuneytið skipar prófdómendur við burtfararpróf, og velja þeir verkefnin við prófin.

9. gr.

Fimm manna skólanefnd hefir yfirumsjón hvers gagnfræðaskóla. Kýs bæjarstjórn með hlutfallskosningu fjóra menn til þriggja ára, en kennslumálaráðuneytið skipar hinn fimmta, sem jafnframt er formaður, til jafnlangs tíma. Þó getur kennslumálaráðuneytið falið skólanefnd barnaskólanna umsjón gagnfræðaskóla, þegar bæjarstjórn óskar þess.

10. gr.

Hver skólanefnd semur reglugerð fyrir sinn skóla um kennslu, próf og annað, er lýtur að starfi skólans, en kennslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd

skal vera í ráðum með skólastjóra um bóka- og áhaldakaup, annast fjárstjórn skólans og gera til kennslumálastjórnarinnar tillögur um skipun skólastjóra og ráðningu kennara.

11. gr.

Skólastjórar við gagnfræðaskólana skulu skipaðir af kennslumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefndar. Fasta kennara ræður kennslumálaráðuneytið, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Heimilt er skólanefnd að segja kennara upp starfi með eins árs fyrirvara. Auk skólastjóra er heimilt að ráða einn fastan kennara fyrir fyrstu 30 nemendurna og úr því einn kennara fyrir hverja 30 nemendur eftir meðaltali síðustu 3 ára. Í nýjum gagnfræðaskóla skal tala fastráðinna kennara ákveðin þrjú fyrstu árin af skólanefnd í samráði við kennslumálastjórnina.

Kennarar, sem ráðnir eru með föstum samningi, skulu kenna 27 stundir á viku, en skólanefnd ákveður kennsluskyldu skólastjóra, með samþykki kennslumálastjórnarinnar.

Skólastjóri setur stundakennara fyrir hvert skólaár, með samþykki skólanefndar.

12. gr.

Fyrir mánaðardvöl hvers reglulegs nemanda í gagnfræðaskóla skal greiða úr ríkissjóði í skólasjóð 16 krónur, gegn 24 króna lágmarksframlagi úr hlutaðeigandi bæjarsjóði.

13. gr.

Innanbæjarnemendur skulu ganga fyrir öðrum um skólavist og að jafnaði njóta ókeypis kennslu. Þó má skólanefnd, þegar sérstök ástæða þykir til, með samþykki kennslumálastjórnarinnar ákveða skólagjöld, sem nemi 20 kr. um skólaárið fyrir stúlku, en 40 kr. fyrir pilt. Aldrei má þó leggja skólagjald á meira en helming innanbæjarnemenda. Utanbæjarstúlkur greiði 40 kr. í skólagjald, en utanbæjarpiltar 80 kr. yfir skólaárið.

14. gr.

Nú eru haldin námsskeið við gagnfræðaskóla í bóklegum eða verklegum fræðum, eigi skemur en 2 mánuði og kennsla hvers nemanda 12 stundir á viku eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 6 kr. fyrir mánaðarkennslu hvers nemanda, gegn 9 kr. lágmarksframlagi úr bæjarsjóði. Nemendur greiði kennslugjald í hlutfalli við námstímann eftir ákvörðun skólanefndar. Nánari fyrirmæli um námsskeið þessi skulu sett í reglugerð hvers gagnfræðaskóla.

15. gr.

Ríkissjóðstillög og hið lögmælta framlag bæjarsjóðs, svo og kennslugjöld renna í skólasjóð, og stendur hann straum af rekstri skólans. Nú nægja

ekki þessar tekjur til rekstrar gagnfræðaskóla, og greiðist þá úr hlutaðeigandi bæjarsjóði það, sem á vantar rekstrarkostnaðinn.

16. gr.

Í reglugerð fyrir gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum má ákveða, að námstíminn sé skemmri en 6 mánuðir árlega, en þó skulu próf þaðan vera hin sömu og við aðra gagnfræðaskóla, enda sé samanlagður kennslutími til prófs þar jafnlangur og í öðrum hliðstæðum skólum.

17. gr.

Við gagnfræðaskólann í Reykjavík skipar kennslumálastjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri njóta sömu launakjara og forstöðumaður Kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara og fastir kennarar við þann skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði, enda greiðist enginn ríkissjóðsstyrkur fyrir hina fyrstu 30 nemendur þessa skóla. Þessi sérstöku hlunnindi gagnfræðaskólans í Reykjavík falla niður um leið og þeir menn láta þar af störfum, sem nú gegna þessum embættum.

18. gr.

Ríkissjóður lætur á árunum 1930, 1931 og 1932 reisa hús handa gagnfræðaskólanum í Reykjavík. Leggur bærinn til ókeypis lóð, sem kennslumálaráðuneytið tekur gilda, þar sem séð er fyrir eðlilegri vaxtarþörf skólans og annara skóla og skyldra stofnana, sem síðar yrði ákveðið að reka í sambandi við hann. Ennfremur skal Reykjavíkurbær leggja til vatn með kostnaðarverði úr hitaveitu bæjarins til að hita skólabygginguna. Ríkissjóður leggur fram $^{3}/_{5}$ byggingarkostnaðar, allt að 90 þús. kr., en Reykjavíkurbær $^{2}/_{5}$ hluta.

Meðan ekki er komin til afnota fyrir gagnfræðaskóla Reykjavíkur (núverandi ungmennaskóla) bygging sú, er hér um ræðir, skal Reykjavíkurbæ skylt að sjá skólanum fyrir húsrúmi, sem kennslumálastjórnin tekur gilt, en landsstjórnin greiðir $^{3}/_{5}$ húsaleigunnar.

19. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að taka lán til stofnfjárgreiðslu að sínum hluta, samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 37 1929, um héraðsskóla, að því leyti sem þörf krefur og árlegar fjárveitingar ekki hrökkva til.

20. gr.

Ungmennafræðsla í kauptúnum og sveitum, sem hvorki þessi lög né lög nr. 37 1929, um héraðsskóla, taka til, skal styrkt samkvæmt reglum, er kennslumálastjórnin setur, af því fé, sem árlega er til þess veitt í fjárlögum.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi að því er snertir ákvæði 18. gr. þegar í stað, en að öðru leyti 1. okt. 1930. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 68 1928, um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík.

Ed.

476. Lög

um vigt á síld.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl).

1. gr.

Öll síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin, ef seljandi óskar þess.

Við vigt á síld skulu notaðar þar til hæfar vogir, er taki í einu að minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem síldin er vegin í.

Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af síld, og telst það verðeining.

2. gr.

Þar sem síld er vegin samkvæmt 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga vigtarmenn, sem annist vigt á síldinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Vigtarmenn sjá um, að vogir þær, sem notaðar eru, séu löggiltar og skoðaðar árlega, áður en byrjað er að nota þær.

3. gr.

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögunum varða sektum frá 20—2000 kr. Sektir renna í ríkissjóð.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 11. gr. tilskipunar um mælitæki og vogaráhöld, frá 13. marz 1925, að því leyti, er þau samrýmast ekki lögum þessum. Svo falla einnig úr gildi önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd.

477. Nefndarálit

um frv. til laga um bændaskóla.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og hefir það tekið þar nokkrum breytingum frá því, er það var lagt fyrir Alþingi, eins og milliþinganefndin í landbúnaðarmálum hafði gengið frá því. Helzta breytingin er sú, að sett eru ákvæði um sérstakar deildir (bændadeildir) við skólana með eins vetrar námi. Jafnvel þó sumir nefndarmanna líti svo á, að þessi breyting orki nokkurs tvímælis, hefir þetta þó ekki verið gert að ágreiningsatriði innan nefndarinnar.

Meiri hluta nefndarinnar þykir ekki rétt að einskorða opinberan rekstur skólabúanna.

Þar sem búin eiga að vera rekin til fyrirmyndar, virðist rétt, að um þau séu haldnir glöggir búreikningar, er sýni ljóslega stofnkostnað hinna ýmsu framkvæmda og umbóta og starfrækslukostnað hverrar búgreinar.

Rétt virðist, að tilraunastarfseminni sé haldið aðgreindri frá búrekstrinum.

Óhugsandi er, að hægt sé að nema allar sömu námsgreinir í bændadeildunum eins og í búfræðideildunum. Sjálfsagt er að leggja aðaláherzluna á jarðræktarfræði og húsdýrafræði.

Nefndin telur varhugavert að ætla nemendum að vera við verklegt nám allt sumarið milli námsvetranna. Heyskapartíminn er sá tími ársins, er menn sízt geta verið að heiman (t. d. frá foreldrum sínum), og því hætta á, að slíkt ákvæði yrði til að draga úr aðsókn að skólunum.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

I. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór fyrirmyndarbú, rekin á kostnað ríkissjóðs, ef hentara þykir, og veita skólastjórar þeim forstöðu.

Þar skulu færðir búreikningar um allar greinir búrekstrarins.

Á skólabúunum skal ríkisstjórnin láta fara fram hagnýtar tilraunir á ýmsum sviðum landbúnaðarins, svo sem í jarðrækt, garðrækt, kynbótum búfjár og öðru, er að búfjárrækt lýtur.

Í landi skólajarðanna má stofna nýbýli til ábúðar fyrir kennara skólans.

II. Við 6. gr.

1. Við 2. málsgrein:

a. Á eftir »stærðfræði« komi: (talnafræði, flatar- og rúmmálsfræði).

b. Fyrir »hagsögu« komi: búnaðarsögu.

c. Á eftir »verkfærafræði« komi: og land- og hallamælingar.

2. Í stað 3. og 4. málsgreinar komi ein málsgrein, svo hljóðandi:

Í bændadeild skal leggja höfuðáherzlu á kennslu í jarðræktarfræði og húsdýrafræði. Kenna skal og aðrar námsgreinir eftir því sem skólastjóri telur fært, og sé kennslan þeim mun yfirgripsminni sem námstiminn er styttri en í búfræðideild, enda skal í öllum undirbúningsnámsgreinum leggja aðaláherzlu á það, sem nauðsynlegt er til skilnings á búfræðinni, og í sérgreinum búfræðinnar á það, sem að mestu gagni má koma bændum í daglegu starfi þeirra.

III. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Auk kennslu samkv. 6. gr. skal veita verklega kennslu:

Fyrir nemendur búfræðideildar í öllum venjulegum jarðabótastörfum með nýtísku aðferðum, einkanlega með hestum og hestaverkfærum, svo og notkun dráttarvéla og annara jarðyrkjuverkfæra. Mega nemendur velja um, hvort þeir stunda verklega námið allt sumarið milli námsvetranna, eða 6—8

vikna tíma að vorinu hvort árið eftir að skóla er lokið. Nemendur, er stunda verklegt nám allt sumarið, skulu einnig taka þátt í heyskaparvinnu og öðrum heimilisstörfum, allt eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Fyrir nemendur bændadeildar skal kennslan standa yfir í 6—8 vikur fyrir eða eftir slátt sumarið eftir námsveturinn, og skulu nemendur á þeim tíma vinna eingöngu að jarðabótum, eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Allir nemendur skólans skulu eiga kost á og hafa skyldu til að kynna sér og fylgjast með rekstri skólabúsins allan þann tíma, er þeir dvelja við skólann, og getur skólastjóri heimtað af þeim skýrslu eða ritgerðir, er sýni, að þeir hafi kynnt sér rekstur búsins.

Alþingi, 10. apríl 1930.

Lárus Helgason, form.	Bernh. Stefánsson, frsm.	Jón Sigurðsson, fundaskr.

Einar Jónsson. Þorleifur Jónsson.

Nd. 478. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarpið er komið til nefndarinnar frá háttv. Ed. Eftir að nefndin hefir athugað frv., álítur hún rétt, að það gangi fram með nokkrum breytingum, sem ganga í þá átt, að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og tryggja, að þær hlöður, sem styrktar verða, séu vel gerðar.

Nefndinni er það ljóst, að takmörk eru fyrir því, hve langt má ganga á þessari braut vegna getu ríkissjóðs. Því leggur hún til, að 50 aurar á dagsverk verði að nægja, og í samræmi við það vill hún færa hámarksupphæðina til einstaklinga niður í 500 kr., og sömuleiðis að árlega hámarksupphæðin til hlöðubygginga færist niður í 50 þús. kr.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. 2. málsgr. Fyrir »kr. 0,75« komi: kr. 0,50. Fyrir »750 kr.« komi: 500 kr.
2. Við 3. málsgr. Fyrir »75 þús.« komi: 50 þús.
3. 4. málsgr. orðist þannig:

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að veggir hlöðunnar séu gerðir úr steinsteypu eða steinlímdir, og þak úr bárujárni (og timbri) eða steinsteypu.

Eigi veitist styrkur á hlöður, sem taka minna en 100 hesta heys. Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um gerð á umræddum hlöðum og ákveður, hvernig þær skuli lagðar í dagsverk.

Alþingi, 10. apríl 1930.

Lárus Helgason, form. og frsm. Þorleifur Jónsson. Jón Sigurðsson, fundaskr.

Bernh. Stefánsson. Einar Jónsson.

Nd. 479. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta á að bæta úr einstöku agnúum á lögunum, er komið hafa í ljós, þegar farið er að veita lán úr sjóðnum, og fellst nefndin á þær breytingar frv., er lúta að þessu. En auk þess vill nefndin bera fram brtt. við 3. gr. laganna, er á að tryggja það, að hinir efnaminni menn gangi fyrir að fá lán úr sjóðnum, eins og tilætlunin er.

Þá líta flestir nefndarmenn svo á, að það sé eigi í samræmi við hlutverk sjóðsins að veita lán til fyrirmyndarbúa, á meðan aðalverkefni hans er í byrjun, og vill því nefndin fella niður 4. gr. frv.

Nefndin ræður hv. deild til að samþykkja frv. með brtt. á þskj. 405, með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

1. Framan við frv. komi ný grein, þannig hljóðandi:
   C-liður 3. gr. laganna orðist þannig: að hann sendi afrit af skattskrá sinni fyrir síðastl. ár um eignir og skuldir, staðfest af skattanefnd.
2. Við 3. gr. a. Í stað »3 %« komi: 4 %.
3. Við 4. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 10. apríl 1930.

Lárus Helgason, form. Þorleifur Jónsson, frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr.

Bernh. Stefánsson. Einar Jónsson.

Nd. 480. Breytingartillaga

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna »og fellur þá jafnframt úr gildi ákvæði 3. málsgreinar 60. gr. stjórnarskrárinnar um gjaldskyldu« komi: og fellur þá jafnframt niður gjaldskylda utankirkjumanna til Háskóla Íslands.

Ed. 481. Nefndarálit

um frv. til laga um mat á kjöti til útflutnings.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur eindregið til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1930.

Jón Jónsson, form.	Jónas Kristjánsson, fundaskr. og frsm.	Jón Baldvinsson.

Ed. 482. Nefndarálit

um frv. til laga um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

Frá fjárveitinganefnd.

Með skírskotun til greinargerðar þeirrar, er fylgir frv., leggur nefndin til, að það verði samþykkt óbreytt.
Nánar í framsögu.

Alþingi, 11. apríl 1930.

Jón Jónsson, form., frsm.	Ingibjörg H. Bjarnason.	Páll Hermannsson, fundaskr.

Jóh. Jóhannesson. Erlingur Friðjónsson.

Nd. 483. Breytingartillaga

við frv. til laga um refaveiðar og refarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

6. gr. orðist þannig:

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á víðavangi, eru eign þess sveitarfélags eða sveitarfélaga, er annast um grenjavinnslu á því svæði samkv. 2. gr., enda greiði sveitarfélagið eða sveitarfélögin allan kostnað við grenjavinnsluna.

Heimilt er þó ábúanda að taka þátt í grenjavinnslunni á þann hátt að bera helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans. Allur annar refaveiðakostnaður greiðist þá af sveitarsjóði eða sveitarsjóðum (fjallskilasjóði), ef fleiri en einn hreppur eiga afrétt saman.

Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni skiptast þá einnig eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.

Tilkynning ábúanda um, að hann kjósi að taka þátt í grenjavinnslunni, skal vera skrifleg og afhent hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, eða fjallskilastjóra þar, sem fleiri hreppar eiga afrétt saman, fyrir fyrsta sumardag áður en grenjavinnslan fer fram.

Nd. 484. Breytingartillaga

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929.

Flm.: Pétur Ottesen, Jón Ólafsson, Jón Sigurðsson.

Við 9. gr. 3. Liðurinn fellur niður.

Nd. 485. Þingsályktun

um lækkun vaxta.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að koma því til leiðar, að vextir bankanna og annara lánsstofnana verði lækkaðir hið bráðasta.

Ed. 486. Nefndarálit

um frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er ekki að öllu leyti ánægð með þá meðferð, sem frv. þetta hefir fengið í hv. Nd., þar sem tekið hefir verið út úr frv. ákvæði um rekstrarlánadeild. Einnig telur nefndin að hinum upphaflega tilgangi sjóðsins, að veita smábátaútveginum hagkvæm lán, hafi verið spillt með því að færa stærð þeirra skipa, sem láns geta notið úr sjóðnum, úr 35 smálestum upp í 50 smálestir, eins og gert var við atkvæðagreiðslu í Nd. móti tillögum sjávarútvegsnefndar þingdeildarinnar. En þar sem mjög er liðið á þingtímann og óttast má, að frv. næði ekki fram að ganga, ef gerðar yrðu á því breytingar, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Þó ritar einn nefndarmanna undir með fyrirvara.

Alþingi, 11. apríl 1930.

Erlingur Friðjónsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	H. Steinsson, m. fyrirv.

Ed. 487. Nefndarálit

um frv. til laga um fiskveiðasjóðsgjald.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt, en þó ritar einn nefndarmanna undir með fyrirvara.

Alþingi, 11. apríl 1930.

Erlingur Friðjónsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	H. Steinsson, með fyrirvara.

Ed. 488. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 14. júní 1929, um héraðsskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1930.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Erlingur Friðjónsson, fundaskr.	Jón Þorláksson.

Nd. 489. Frumvarp

til laga um innflutningsgjald af benzíni til viðhalds vegum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Auk vörutolls skal greiða innflutningsgjald af benzíni, er sé 7 aurar af hverju kg.

2. gr.

Innflutningsgjaldinu skal varið til þess að greiða kostnað við umbætur og viðhald akfærra þjóðvega, til viðbótar þeirri upphæð, sem árlega er veitt í fjárlögum. Skulu þeir vegir ganga fyrir, þar sem mest er umferð bifreiða.

Þegar kemur í ljós við lok reikningsárs, að einhver hluti innflutningsgjaldsins er óeyddur, skal leggja þá upphæð í sérstakan sjóð, er landsstjórnin geymir. Skal nota sjóð þann, er þannig myndast, til viðbótar árlegum tekjum af innflutningsgjaldinu, þegar þurfa þykir, samkvæmt tillögum vegamálastjóra.

3. gr.

Í reglugerð, er fjármálaráðherra setur, skal setja ákvæði um endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni, er sönnur eru færðar á, að notað hafi verið eða notað verði til annara véla en bifreiða.

4. gr.

Af öllum benzínbirgðum, sem til eru í landinu þá er lög þessi ganga í gildi og nema meiru en 500 kg. hjá sama eiganda eða á sama stað, skal greiða sama gjald, 7 aura af hverju kg.

5. gr.

Um innheimtu innflutningsgjaldsins fer eftir lögum um vörutoll.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 27. júní 1921, um bifreiðaskatt.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930.

Frv. þetta er samið af vegamálastjóra og er borið fram fyrir tilmæli fjármálaráðherra. Fylgdi því svo hljóðandi

Greinargerð:

Í flestum löndum, er ég þekki til, er nú lögtekinn skattur á bifreiðar, sem varið er til vegabóta, en í framkvæmdinni er skatturinn með ýmsu móti. Hér á

landi er skatturinn samkvæmt lögum nr. 56, 27. júní 1921, miðaður við hestorkutölu vélarinnar og greiðist árlega af fólksbifreiðum 8 kr. og af vörubifreiðum 2 kr. fyrir hverja hestorku vélarinnar. Þessi skattur verður nokkuð óréttlátur, því hann stendur alls ekki í réttu hlutfalli við notkun bifreiðarinnar eða slit það, sem hún veldur á vegum. Mun nú víðast horfið frá hestorkuskattinum, að minnsta kosti sem aðalskatti af bifreiðum. Á síðari árum hefir víðast rutt sér til rúms sú stefna að leggja skattinn á benzín, gúmmí eða eftir þyngd bifreiða, annaðhvort einn þessara skattstofna eða fleiri.

Fyrir Alþingi lá 1927 frumvarp um innflutningsgjald af benzíni kr. 2.50 á hver 50 kg. (þskj. 112), sem átti að koma í stað hestorkuskattsins. Frumvarpið náði ekki samþykki Alþingis, en var afgreitt í neðri deild með rökstuddri dagskrá (þskj. 435), svo hljóðandi:

„Í trausti þess, að stjórnin safni gögnum til undirbúnings endurskoðaðri löggjöf um skatt af bifreiðum og leggi fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um þetta efni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Núverandi bifreiðaskattur.

Skatturinn hefir numið sem hér segir og er jafnframt greind tala bifreiða hér á landi þau ár, er ég hefi fengið skýrslur lögreglustjóra og sýslumanna þar um.

Skattur	Tala bifreiða		
	fólksbifr.	vörubifr.	bifhjól
1922 kr. 21024.—			
1923 — 20575.—			
1924 — 23674.—			
1925 — 24687.—			
1926 — 37325.—			
1927 — 41102.—	230	345	59
1928 — 58117.—	300	453	67
1929 um 75000.—	429	636	86

Hefir skatturinn þannig vaxið mikið hin síðari ár, enda bifreiðum fjölgað á 2 árum um nálægt 85%.

Í 5. gr. laga um bifreiðaskatt er ákvæði um, hvernig verja skuli skattinum. Eru þau á þessa leið:

„Af skattinum skal stofna sérstakan sjóð, sem landsstjórnin geymir. Heimilt er að verja fé úr sjóðnum, eftir tillögum vegamálastjóra, til þess að greiða aukakostnað, er af því stafar að gera slitlag á vegum utan kaupstaða úr grjótmulningi, er hæfir umferð bifreiða, þegar slíkir vegir eru endurbyggðir eða endurnýja þarf slitlag þeirra. Skulu þeir vegir ganga fyrir, þar sem mest er umferð bifreiða".

Þessi grein hefir aldrei komið til framkvæmda að því leyti, að enginn sjóður hefir verið stofnaður, heldur hefir skattinum verið varið árlega jafn-

óðum til viðhalds og umbóta yfirleitt á þjóðvegum, jafnhliða fjárveitingunni í 13. gr. B. fjárlaganna. Hefir greiðsla á þessum lið fjárlaganna orðið undanfarin ár sem hér greinir:

Greiddur viðhaldskostnaður:

1922	kr.	119253.—
1923	—	129039.—
1924	—	194793.—
1925	—	284461.—
1926	—	344992.—
1927	—	298575.—
1928	—	349691.—

Hér er bifreiðaskatturinn meðtalinn, að svo miklu leyti sem hann hefir farið til vegabóta. En þess skal getið, að flest þessi 7 ár hefir nokkuð af bifreiðaskattinum ekki farið til vegabóta, en runnið beint í ríkissjóð.

Umferð um akvegina hefir aukizt gífurlega á undanförnum árum og jafnframt vegaslitið og umbótaþörf veganna.

Sú stefna er nú ríkjandi í flestum löndum, er ég þekki til, að bifreiðaskattinum er að miklu eða öllu leyti varið til viðhalds og umbóta á akvegunum. Tel ég og nauðsynlegt að hverfa ekki frá þeirri stefnu hér. Er ella hætt við, að nokkur afturkippur myndi verða um fjárveitingar til nýbygginga. Samkvæmt núgildandi lögum er skatturinn mjög lágur á vörubifreiðum, og veit ég ekki til, að annarsstaðar sé gerður þannig neinn verulegur munur á skatti af fólks- og vörubifreiðum, og er þá frekar hærri á þeim síðartöldu. Má að vísu telja nokkra sérstöðu í þessu efni hér á landi, þar sem engar járnbrautir eru, en flutningar víðast langir og dýrir. Ég tel þó ekki þessa ástæðu svo mikilvæga, að varhugavert sé að fella niður þessa ívilnun fyrir vörubifreiðarnar.

Auk hestorkuskattsins er hér þessi innflutningstollur á bifreiðum og því, sem þarf til rekstrar þeim:

	Vörutollur	Verðtollur
Fólksbifreiðar	20 kr. á t.	10%
Vörubifreiðar	20 „ „ „	0—
Bifhjól	60 „ „ „	10—
Bifreiðahlutir	20 „ „ „	—60 kr. 0— og 10%
Hjólabarðar	60 „ „ „	0—
Gúmmíslöngur	60 „ „ „	0—
Benzín	6 „ „ „	0—

Þessir tollar eru allir miklum mun lægri en í Noregi, Danmörku og Svíþjóð.

Samanburður er nokkuð óviss í sumum liðum, en samkvæmt nýbirtri skýrslu norskri eru bifreiðaskattar á Norðurlöndum þessir (1928), og eru þá taldir allir verðtollar og skattar, sem lagðir eru á bifreiðarnar sjálfar og það,

sem þarf til rekstrar þeim, en ekki venjulegir þungatollar. Hefi ég bætt við tölum héðan til samanburðar.

	Tala bifreiða	Skattar og verðtollur á bifreið að meðaltali	Hér af fer til veganna
Danmörk	106000	gullkr. 260	ca. 98,5%
Noregur	41000	— 212	— 43 —
Svíþjóð	143000	— 174	— 87 —
Ísland	820	— 135	— 43 —

Skýrsla þessi sýnir glöggt, að í Noregi og á Íslandi er aðeins varið tæplega helming bifreiðaskattsins í þarfir veganna, enda er og í Noregi mjög ákveðin hreyfing í þá átt að afla vegunum meiri tekna af bifreiðaskattinum.

Til viðhalds og nauðsynlegustu umbóta á þjóðvegunum þarf nú ekki minna en 400 þús. kr. árlega, og fer sú upphæð hækkandi með hverju ári, vegna aukinnar umferðar og vegna þess að kröfur verða gerðar til betra viðhalds en nú er.

Er því mjög heppilegt og æskilegt að hafa skattstofn, sem gefur vaxandi tekjur með vaxandi þörfum. Það gerir að vísu hestorkuskatturinn, sem nú er, að nokkru, en hann vex aðeins með fjölda bifreiðanna, en ekki með notkun þeirra. Notkunin fer þó mjög vaxandi, er vegakerfið stækkar og vegirnir batna.

Ýmsar tegundir bifreiðaskatta.

Þessir skattstofnar geta sérstaklega komið til greina:

Hestorkur bifreiða.
Þyngd bifreiða.
Benzín.
Hjólabarðar og gúmmíslöngur.

Þyngdar- og hestorkuskatturinn eru nokkuð áþekkir hvað kosti og ókosti snertir, en þyngdarskatturinn er þó víða notaður jafnframt skatti á benzíni og gúmmí, og er þá mismunandi skattstiginn eftir þyngd bifreiðanna. Í Danmörku þannig allt frá 100 kr. fyrir léttar bifreiðar, er vigta 1000 kg., til 500 kr. fyrir fólksbifreiðar, er vigta 2500 kg., og jafnvel hærri, allt að 30 kr. fyrir hver 100 kg. eiginþunga enn þyngri bifreiða. Þar er og þungaskatturinn 20—30% hærri af vörubifreiðum en af fólksbifreiðum.

Í Noregi er þungaskatturinn 6 kr. fyrir hver 100 kg. bifreiðarinnar.

Í Svíþjóð er þessi skattur 10 kr. fyrir hver 100 kg., en þó koma 400 kg. til frádráttar við útreikning skattsins. Lægsti skattur er 75 kr. á bifreið.

Hestorkuskattur er hvorki í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð, en hann mun vera í Þýzkalandi jafnframt benzíntolli, sem er 7 pf. á hvert kg., og einnig í Englandi, en er þar eingöngu á einkabifreiðum.

Skattur á bifreiðabarða og gúmmíslöngur hefir að mörgu leyti sömu kosti og skattur á benzín, með því að skatturinn verður því hærri, sem bifreiðin er notuð meira. En hann hækkar einnig því meir, sem ekið er á vondum vegum, og er það að vísu ókostur, sem ekki verður undan komizt, en mun þó gæta minna jafnóðum og vegirnir verða endurbættir.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er bifreiðaskattinum skipt eftir vissum hlutföllum milli þeirra aðila, sem annast viðhald veganna, en að öðru leyti verða héruðin sjálf að annast styrklaust viðhald héraða- og innansveitavega. Hér á landi er árlega veittur talsverður styrkur til sýsluveganna, sumpart til nýbyggingar akvega, en sumpart líka til viðhaldsins, þar sem eru sýsluvegasjóðir. Mér þykir því að svo stöddu ekki rétt að gera ráð fyrir, að bifreiðaskattinum verði varið til annara vega en þjóðveganna, enda er bifreiðaumferð um þá yfirleitt langmest, og þá einnig vegaslitið.

Tillögur um breytingar á bifreiðaskattinum hér.

Mér þætti hæfilegt að miða bifreiðaskattinn við, að ætla mætti, að hann nægði nú til að greiða ekki minna en helming viðhaldsins, og þyrfti hann þá að nema um 200 þús. kr.

Að mínu áliti gæti komið til greina benzínskattur eingöngu, eða jafnframt nokkrum hjólbarða- og gúmmískatti. Hestorkuskattinn tel ég óheppilegan, með því að hann kemur niður með nokkru misrétti á ýmsar tegundir bifreiða, sem fer eftir því, hvernig gerð vélarinnar er, en alls ekki eftir sliti því, sem þær valda á vegunum. Skal ég t. d. nefna, að samkvæmt núgildandi lögum er skattur á

Ford	5	manna	bifreið	kr.	192.00
Chevrolet	5	—	—	—	174.00
Fiat	7	—	—	—	216.00
Buick	7	—	—	—	262.00
Studebaker	7	—	—	—	290.00

Eru þó 7 manna bifreiðarnar nær helmingi þyngri en hinar og ekki verður sagt, að Fiat bifreiðar sliti vegunum minna en aðrar, en samt sleppa þær með lægstan skatt.

Nær væri að innleiða þungaskatt jafnframt benzín- eða gúmmískatti, t. d. svipaðan skatt og er í Noregi, 6 kr. á hver 100 kg. af þunga bifreiðarinnar. Myndi sá skattur nema:

Af	venjulegri	5	manna	bifreið	um	kr.	60.00
—	—	7	—	—	—	—	108.00—120.00
—	—	1½	tons	flutningabifreið	um	kr.	60.00

Væri þá og sú leið fær til þess að létta skattinn á flutningabifreiðum að nokkru, að hafa skattstigann lægri á þeim, eða sleppa þeim jafnvel alveg við þungaskattinn, sem með 6 kr. gjaldi myndi nema á þeim um 40 þús. kr. En eins og fyrr er minnzt á, þykir mér þó ekki ástæða til þess að ívilna þeim um skatt.

Um ókosti þungaskattsins vil ég að öðru leyti geta þess, að innheimta á honum er tiltölulega nokkuð fyrirhafnarmikil, sérstaklega ef til greina kæmi að sleppa bifreiðum við þungaskatt, ef þær eru ekki notaðar nokkurn hluta ársins. og eigandi afhendir lögreglustjóra einkennisnúmer bifreiðarinnar þann tíma.

Innflutningur á benzíni, hjólabörðum og gúmmíslöngum hefir verið þessi undanfarin ár:

	1924	1925	1926	1927	1928	Meðalverð 1928
Benzín kg.	507958	910304	1203684	1826000	3075867	0,282
Hjólabarð. —	22204	27997	33644	37837	48231	5,80
Gúmmísl. —	1149	5764	2450	8220	9186	3,58

Í skýrslunni, sem er fengin hjá Hagstofunni, eru meðtaldir hjólabarðar og gúmmíslöngur á reiðhjól, svo og vatnsslöngur og aðrar gúmmíslöngur, en ekkert af þessu nemur neinu verulegu.

Í Noregi er jafnframt þungaskattinum skattur á hjólabarða og gúmmíslöngur kr. 1.50 á kg., en í Svíþjóð og Danmörku er jafnframt þungaskattinum skattur á benzíni, 7 aur. á l. í Danmörku, en 5 aur. í Svíþjóð. Í Svíþjóð er ennfremur skattur á hjólabörðum og gúmmíhringjum 2 kr. á kg.

Í Noregi hefir mikið verið rætt um að koma á benzínskatti í viðbót við þá skatta, sem fyrir eru, eða jafnvel að hækka gúmmískattinn í 2 kr. á kg. og fella niður þungaskattinn. Mun þó engin breyting á orðin enn.

Bæði benzín-, hjólabarða- og gúmmíhringjaskattur eru nokkuð réttlátir skattar, en benzínskattinn er vafalaust miklu auðveldast að innheimta, með því að innflytjendur benzíns eru mjög fáir og það er yfirleitt nú orðið flutt til landsins í stórum slöttum í einu. Til þess að skatturinn nái þeirri upphæð, er ég tel nauðsynlega, þyrfti hann að vera mjög hár, nærri 4 kr. á kg., ef ætti að taka hann sem hjólabarða- og gúmmískatt. Er þá orðin mikil hætta á innsmyglun til þess að komast undan tolli, og verður vafalaust eftirlit með innflutningi og innheimtu skattsins örðugri og dýrari en innheimta sömu upphæðar í benzínskatti.

Örðugleikar þessir verða og nokkuð svipaðir, jafnvel þó skattstiginn yrði lægri, en jafnframt lagður skattur á benzín. Með því að ekki verður heldur haldið fram með réttu, að þessir skattar jafni hvor annars annmarka, þá tel ég ekki þörf þeirra beggja.

Sá ókostur hefir með réttu verið talinn benzínskatti til ógildis, að nokkuð benzín er notað til annara þarfa en bifreiðaaksturs. Hafa því í Danmörku og Svíþjóð og annarsstaðar þar, sem benzínskattur er notaður til umbóta akvegum, jafnframt verið sett ákvæði í lögin, sem heimila endurgreiðslu skattsins til þeirra, sem sönnur færa á, að þeir hafi ekki notað benzínið til bifreiða. Meðal þeirra notenda gætir mest flugvéla, vissra tegunda vélbáta og vélvagna á járnbrautum. Eru þá og jafnframt ákvæði um, að endurgreiðsla komi því aðeins til greina, að benzínnotkun hlutaðeiganda nemi fram yfir víst lágmark, og eru þau eðlilega mjög mismunandi og venjulega sett af hlutaðeigandi ráðuneyti eða tollstjórn.

Samkvæmt upplýsingum frá Fiskifél. Íslands eru mjög lítið notaðar í fiskibáta vélar, sem eingöngu brenna benzíni. Í einstaka bátum eru vélar, sem settar eru í gang með benzíni, en brenna síðan steinolíu. Verður því benzínnotkun vélbátanna tiltölulega lítil. Notkun til flugvéla hér á landi er og mjög lítil, svo og til annara véla eða iðju, en þar sem gert er ráð fyrir, að skattinum verði eingöngu

varið til vegabóta, þá er sjálfsagt að heimta endurgreiðslur skatts af þessu benzíni, og er eðlilegt, að fjármálaráðherra setji þar um sérstakar reglur.

Í sambandi við benzínskattinn vil ég láta þess getið, að unnið er nú að því af ýmsum hugvitsmönnum að smíða bifreiðavélar, sem gangi fyrir steinolíu og hráolíu. Hefir enn ekki tekizt að leysa þá örðugleika, sem því eru samfara, en vel má vera, að takist áður mjög mörg ár líða að leysa þessa þraut. Verður þá rekstur bifreiða miklum mun ódýrari en nú er, og benzínskattur kemur þá að litlu haldi til þess að afla tekna til vegabóta. Verður þá að afla þeirra tekna á annan hátt.

Útsöluverð á benzíni er nú 44,5 aur. hvert kg., eða 32 aur. hver líter. Munar því að vísu talsvert um þann skatt, sem hér er lagt til að ákveðinn verði, því sennilega hækkar útsöluverð á benzíni um það, er honum nemur, þó ekki sé það fullvíst, ef ráða má af reynslu í öðrum löndum. Þægindi eru það vafalaust bifreiðaeigendum, að greiðsla skattsins fer fram jafnóðum og benzínið er keypt, og verður hann þá naumast eins tilfinnanlegur.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um, hve þungur skatturinn er, þá vil ég geta þess, að ætla má, að bifreiðar þær, sem hér eru mest notaðar, muni eyða nálægt 14,5 kg. af benzíni á 100 km. akstri. Nemur þá skatturinn nálægt 1 kr. fyrir þessa vegarlengd. Með því að gera ráð fyrir, að bifreiðar flytji að meðaltali 5 farþega eða 1000 kg., þá sést þó, að ekki er um tilfinnanlega hækkun á flutningsgjöldum að ræða vegna skatts þess, sem hér er gerð tillaga um. Þætti mér nokkuð líklegt, að telja mætti, að eðlileg hækkun næmi frekum 1% á fargjöldum, en 1—1½% á vöruflutningsgjöldum, miðað við áætlaðan mismun á benzínskattinum og núverandi hestorkuskatti.

Nd. 490. Breytingartillaga

við frv. til laga um refaveiðar og refarækt (þskj. 429).

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Við 9. gr. Á eftir orðunum »að hann hafi unnið« komi: Sýslunefnd getur þó hækkað eða lækkað gjald þetta.

Ed. 491. Frumvarp

til laga um refaveiðar og refarækt.

(Eftir eina umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um refaveiðar.

1. gr.

Skylt er sýslunefndum að sjá um, að hreppsnefndir hafi umsjón og eftirlit með eyðing refa, eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort heldur sem lönd þessi liggja innan eða utan sýslufélagsins.

Nú eiga tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman, og annast þeir þá í sameiningu um grenjaleitir.

Heimilt er sýslunefndum að veita þeim hreppum undanþágu frá grenjaleitum, er fullvíst þykir, að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum, eða þar hafi ekki fundizt dýr síðustu árin.

3. gr.

Hreppsnefnd eða þeir, er upprekstrarfélag velur eða sameiginlegur fjallskilafundur fleiri hreppa, skulu ráða einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu í þeim löndum, er þeim ber að annast um samkv. 2. gr. Skal hann (þeir) reiðubúinn til grenjavinnslu hvenær sem gren finnst, ásamt með vökumanni, sem ráðinn er af sömu aðiljum og skotmaður tekur gildan.

4. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 3. gr., að vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggi svo til, að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð.

5. gr.

Þegar gren finnst, hvort heldur er í grenjaleit eða ekki, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann gera það, en flýta skal hann sem mest för sinni og þegar í stað fara á grenið aftur og ekki yfirgefa það fyrr en skotmaður kemur. Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, þó finni. En skyldur er sá, sem vitneskju fær, að aðvara skotmann tafarlaust. Skal sá, er þannig varðveitir gren eða aðvarar skotmenn, fá hæfilega þóknun fyrir ómök sín.

6. gr.

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á víðavangi, eru eign þess sveitarfélags eða sveitarfélaga, er annast um grenjavinnslu á því svæði samkv. 2. gr., enda greiði sveitarfélagið eða sveitarfélögin allan kostnað við grenjavinnsluna.

Heimilt er þó ábúanda að taka þátt í grenjavinnslunni á þann hátt að bera helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans. Allur annar refaveiðakostnaður greiðist þá af sveitarsjóði eða sveitarsjóðum (fjallskilasjóði), ef fleiri en einn hreppur eiga afrétt saman.

Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni skiptast þá einnig eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.

Tilkynning ábúanda um, að hann kjósi að taka þátt í grenjavinnslunni, skal vera skrifleg og afhent hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, eða

fjallskilastjóra þar, sem fleiri hreppar eiga afrétt saman, fyrir fyrsta sumardag áður en grenjavinnsla fer fram.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða trúnaðarmann upprekstrarfélags eða leitarsvæðis.

Nú er gren unnið að einhverju eða öllu leyti á þann hátt, er segir í niðurlagi 4. greinar, og skal þá sá, er dýrunum náði, fá borgun, sem ekki má vera undir helmingi þess, sem hinn ráðni skotmaður hefði fengið, og aldrei meiri en hann hefði haft.

8. gr.

Hreppsnefndir eða þeir, sem valdir hafa verið til þess að sjá um refaeyðing samkvæmt ákvæðum annarar málsgreinar 2. gr., skulu fyrir 1. desember ár hvert leggja fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við refaeyðing í afréttar- eða heimalöndum þeirra.

9. gr.

Nú vinnast hlaupadýr á öðrum tíma en grenjaleit fer fram, og á þá skotmaður 10 kr. fyrir hvert dýr, er hann sannar, að hann hafi unnið. Sýslunefnd getur þó hækkað eða lækkað gjald þetta.

Greiðist gjaldið úr hlutaðeigandi sýslusjóði.

10. gr.

Engu má raska á grenjum nema með samþykki og að fyrirsögn sveitarstjórna. Ekki má láta hunda hlaupa á gren á grenjavinnslutímanum né hafa þar óþarfan umgang eða hark.

11. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir öll þekkt gren og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við gren, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur og látið laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

12. gr.

Sýslunefndum er heimilt að setja með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið staðfestir, nánari reglur um framkvæmd laga þessara innan sýslunnar, svo sem um grenjaleitir, grenjavinnslu og kaupgreiðslu til skotmanna og annað, er lýtur að eyðing refa.

II. KAFLI.

Um refarækt.

13. gr.

Hver sá, er ætlar að setja á stofn refaræktarbú eða stunda refaeldi,

þarf til þess leyfi sýslunefndar. Það telst refaræktarbú, þar sem refir eru aldir árlangt, en refaeldi þar, sem refir eru aldir skemmri tíma, hvort sem fleiri eru eða færri.

14. gr.

Bannað er að geyma refi öðruvísi en í fulltryggum girðingum eða annari öruggri vörzlu. Nú sleppur refur úr vörzlu og næst ekki. Skal þá eigandi sæta að minnsta kosti 200 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem sleppur.

15. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um öryggi refagirðinga, geymslu og flutning refa og um lækniseftirlit með refaræktarbúum. Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu hafa sérstakt eftirlit með því, að geymsla refa sé svo örugg sem reglugerð ákveður.

16. gr.

Eigi má flytja út refi lifandi, nema þeir séu fallegir og vel aldir og fylgi dýralæknisvottorð hverri útflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og hvort yrðlingar séu eða eldri dýr.

Þessi vottorð skulu staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

Eigi má flytja út yrðlinga fyrir 20. sept. Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

17. gr.

Hvert refaræktarbú og annað refaeldi er skyldugt að borga allan kostnað, er eftirlit og annað, er búið varðar, hefir í för með sér, eftir reikningi. Verði ágreiningur um reikning, sker sýslunefnd úr.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslusjóð þar sem brotið er framið, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallnar reglugerðir þær um grenjavinnslu og refarækt, er sýslunefndir hinna einstöku héraða hafa sett, að því leyti er þær koma í bága við lög þessi eða reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur um refagirðingar.

Svo eru úr gildi numin lög nr. 48, 28. nóv. 1919, að því er snertir eyðing refa, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **492. Nefndarálit**

við frv. til laga um verðfesting pappírsgjaldeyris.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Frv. þetta hefir verið rætt og athugað í nefndinni í sambandi við frv. til myntlaga, er einnig lá fyrir nefndinni.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessara mála. Undirritaður vill afgreiða gengismálið með samþykkt frv. um verðfesting pappírsgjaldeyris, en tveir nefndarmenn (HStef og HJ) vilja fella það frv., en samþykkja frv. til myntlaga. Einn nefndarmanna (HV) vill fella bæði frv.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 11. apríl 1930.

Ólafur Thors.

Ed. **493. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1929.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1929, eru veittar samkv. 2.—9. gr. hér á eftir kr. 606118,28.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:	kr.	kr.
Til undirbúnings ríkisprentsmiðju		3374,34

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Til radio-móttökutækja handa Laugarnesspítala ..	1079,00	
2.	Húsaleiga dr. Helga Tómassonar frá september 1928 til maí 1929	1753,63	
3.	Til viðgerðar á húsinu nr. 12 í Kirkjustræti ...	7000,00	
4.	Kostnaður vegna mænusóttar	3000,00	
			12832,63

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

1.	Til umbóta og breytinga á pósthúsinu á Ísafirði	25592,08	
2.	Til póst- og símahúss í Neskaupstað	17041,20	
3.	Til aðgerðar á akbraut að Kristneshælinu	300,00	
			42933,28
		Flyt	59140,25

		kr.	kr.
	Flutt ...		59140,25
	5. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:	kr.	
1.	Til aðgerðar á húsum á Bergþórshvoli...	441,86	
2.	Til aðgerða á prestssetrinu í Vallanesi...	3000,00	
3.	Kostnaður við uppfyllingu á kirkjugarði í Rvík	11801,90	
4.	Álag á Presthólakirkju	1500,00	
5.	Styrkur til húsmæðraskóla í Þingeyjarsýslu ...	7000,00	
6.	Aðgerð og breytingar á Menntaskólanum	26000,00	
7.	Aðgerð skólahússins á Eiðum...	10000,00	
8.	Til bændaskólans á Hvanneyri	2280,43	
9.	Styrkur handa Hallgrími Þorbergssyni, til að rannsaka nokkur skólamál í Noregi og Danmörku	1000,00	
10.	Til aðgerðar á Kennaraskólanum	2000,00	
11.	Styrkur til rekstrar Laugarvatnsskóla	3000,00	
12.	Til Laugaskóla: Byggingarstyrkur	5000,00	
13.	Til sama skóla fyrir gólfdúka...	2722,21	
14.	Til Knattspyrnufélags Reykjavíkur, styrkur til umbóta á nýkeyptu húsi félagsins...	2000,00	
			77746,40
	6. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:		
1.	Styrkur til Guðm. Kambans	2400,00	
2.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar, fyrir girðingarefni ... ... d. kr.	1248,90	
3.	Til eirsteypu af ýmsum myndum í listasafni Einars Jónssonar ... ... d. kr.	2800,00	
4.	Styrkur handa söngkór til Danmerkurferðar ...	7500,00	
5.	Styrkur handa glímumönnum til Þýzkalandsfarar	2000,00	
			15948,90
	7. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:		
1.	Til sjómælinga á Húnaflóa	51537,30	
2.	Til húsaleigu, ljósa og hita í teiknistofu húsameistara ríkisins...	4278,97	
3.	Til Skeiðaáveitunnar	6000,00	
4.	Til flugferða	32000,00	
5.	Til trjáplöntunar við ýmsar opinberar byggingar	1982,31	
			95798,58
	8. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:		
1.	Til frú Dómhildar Jóhannsdóttur, ekkju Magnúsar Kristjánssonar ráðherra	1680,00	
	Flyt	1680,00	248634,13

		kr.	kr.
	Flutt	1680,00	248634,13
2.	Til frú Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar póstmeistara, frá 1. maí	933,32	
3.	Til frú Sigríðar Blöndal, ekkju Björns Blöndals, fyrrv. héraðsl.	420,00	
4.	Til Jakobs Björnssonar, fyrrv. síldarmatsmanns, frá 1. marz til 31. des.	1866,66	
5.	Til Sigurðar Péturssonar, fyrrv. fangavarðar, frá 1. júlí	700,00	
6.	Til frú Halldóru Þórðardóttur, ekkju Gísla Guðmundssonar gerlafræðings, frá 1/10 1928	1030,00	
7.	Til Sig. H. Kvarans, fyrrv. héraðsl., frá 1. júní...	330,71	
8.	Til frú Kristbjargar Marteinsdóttur, ekkju Sigurðar Jónssonar ráðherra, frá 1. júní	490,00	
9.	Til frú Guðríðar Helgadóttur, ekkju síra Jóhs. L. L. Jóhannssonar, frá 1. apríl	453,60	
10.	Til ungfrú Sigríðar Magnúsdóttur, hjúkrunarkonu, frá 1. okt.	175,00	
			8079,29

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1.	Kostnaður við för 5. bekkinga Menntaskólans til Hornafjarðar...	2500,00	
2.	Greiðsla til hátíðanefndar Alþingis til undirbúnings hátíðarinnar...	128126,00	
3.	Til Magnúsar Torfasonar sýslumanns, til utanfarar...	3000,00	
4.	Greiðsla til húsameistara, vegna alþingishátíðarinnar, til flutnings og byggingar húsa á Þingvöllum o. fl.	65690,24	
5.	Ýmislegur kostnaður á Þingvöllum	23546,00	
6.	Greiðsla til vegamálastjóra, til ýmsra aðgerða á Þingvöllum vegna alþingishátíðarinnar...	39576,47	
7.	Kostnaður við vegagerð á Þingvöllum...	10950,00	
8.	Til undirbúnings lögskipaðrar réttritunar	1000,00	
9.	Til útgáfu ríkisgjaldaskýrslna árin 1925 og 1927	6756,00	
10.	Til kostnaðar við kirkjumálanefnd..	7100,00	
11.	Til greiðslu á tunnutolli 1919...	61160,15	
			349404,86
	Samtals...		606118,28

Nd. 494. Lög

um skráning skipa.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl).

1. gr.

Eigi má skip skrá á landi hér og óheimilt er skipi að hafa íslenzkan fána, nema fullnægt sé skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann eiga ríkisfang á Íslandi og hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti samfleytt síðasta árið, eða hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign félags, þar sem félagi hver ber fulla ábyrgð á skuldum þess, þá skulu ⅔ félaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
3. Ef skip er eign félags, þar sem sumir félagar bera fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing hér á landi, enda eigi hver af stjórnendum félagsins hluti í félaginu og fullnægi einnig skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
4. Ef skip er eign félags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal félag eða stofnun eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi, enda fullnægi stjórnendur skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang, og ef félag er, þá skulu þeir einnig eiga hver hlut í því.

Skip þau, er lögum samkvæmt hafa verið tekin á skrá yfir íslenzk skip áður en lög þessi koma til framkvæmdar, skulu þó hafa rétt til að standa á skrá og nota íslenzkan fána, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum þessarar greinar um heimilisfang eigenda eða stjórnenda.

2. gr.

Bannað er íslenzkum skipum að hafa annan fána en þjóðfána Íslands, svo sem hann er ákveðinn í konungsúrskurði nr. 41, 30. nóv. 1918, sbr. konungsúrskurð nr. 1, 12. febr. 1919.

3. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir yfirumsjón með mælingu skipa og skrásetningu. Heimilt er ráðuneytinu að fela skipaskoðunarstjóra ríkisins að framkvæma öll þau daglegu störf, sem að endurskoðun, mælingu skipa og skrásetningu þeirra lýtur. Skal í því skyni sett á stofn sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist skráningarstofa ríkisins.

Skipaskoðunarstjóra skal heimilt að taka nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og greiðist kostnaður við hana úr ríkissjóði af skrifstofufé skipaskoðunarinnar.

4. gr.

Lögsagnarumdæmi hvert á landi hér er skipaskráningarumdæmi, en lögreglustjórar hafa skráningu á hendi. Fjármálaráðuneytið löggildir skipaskrár í umdæmi hverju. Skulu þær vera þrjár:

1. Skrá yfir opna báta, sem eru skoðunarskyldir. Þó skal einnig færa á skrá þá báta, sem stunda fiskveiðar að staðaldri, þó minni séu en um getur í 5. gr. l. nr. 58 frá 14. júní 1929.
2. Skrá yfir öll skip og báta með þilfari allt að 30 rúmlestum brúttó.
3. Skrá yfir önnur skip yfir 30 rúmlestir brúttó. Halda skal skráningarstofa ríkisins aðalskrá ásamt efnisskrá yfir öll skip, sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum þessum, en úrskurðarvald um mælingu skipa og skráningu er hjá fjármálaráðuneytinu.

5. gr.

Umdæmaskrár skulu greina um hvert skip í dálki sér:

1. Skráningarstafi skips, nafn þess, heimilisfang þess og smíðastöð.
2. Hverskonar skip það sé, lögun þess og aðalmál (lengd, dýpt og breidd).
3. Smálestatal skips og með hvaða aðferð það sé reiknað.
4. Nafn, stöðu og heimildarbréf eiganda þess. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er eign hlutafélags eða stofnunar, þá skal bóka nafn þess eða hennar og heimilisfang stjórnenda og nafn útgerðarstjóra.
5. Skráningarár og skráningardag.

6. gr.

Lögreglustjóri skráir hvert skip í sína skrá (sbr. 4. gr.) í áframhaldandi töluröð (1, 2, 3 o. s. frv.), eftir því hvenær skrásetningar er beiðzt. Þó skal skráningarstofunni heimilt að veita lögreglustjórum leyfi til að gefa nýskráðu skipi umdæmistölu skips, sem strikað hefir verið út.

Skip yfir 30 smálestir skal skrá þar í lögsagnarumdæmi, er eigandi vill hafa heimilisfang þess, en smærri skip þar, er eigandi á heima. Nú eru þeir fleiri en einn (2. og 3. tölul. 1. gr.) og eiga ekki allir heima í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá skrá skip á heimilisfangi þess, er þeir kjósa til þess.

7. gr.

Nú vill aðili láta skrá skip sitt, og skal hann þá senda lögreglustjóra, þar sem skipi er ætlað heimilisfang, skriflega beiðni um það. Ef skip er þar ekki, þá skal senda beiðni til lögreglustjóra þar, sem skipið er.

Þessi skilríki skulu fylgja skráningarbeiðni:

1. Skipasmíðaskírteini, ásamt heimildarbréfi eiganda eða eigenda, ef eigendaskipti hafa orðið að skipi síðan það var smíðað. Vera skulu skjöl þess í frumriti og eftirriti, og skal geyma eftirrit í skjalasafni lögreglustjóra.
2. Skýrsla aðila um önnur þau atriði, er með þarf, svo að skip megi skrásetja (sbr. 5. gr.).

3. Yfirlýsing eiganda eða eigenda (2. og 3. tölul. 1. gr.), að viðlögðum drengskap, um það, að hann eða þeir sé í raun réttri eigandi eða eigendur skipsins, en ekki aðeins í orði kveðnu, og ef eigandi er félag eða stofnun (4. tölul. 1. gr.), þá skal fylgja samskonar yfirlýsing stjórnenda allra um það, að fullnægt sé skilyrðum þeim, er í 4. tölulið 1. gr. segir. Ennfremur skal fylgja drengskaparheit um það, að þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins skuli ekki verða notað til þess að útvega öðru skipi réttindi skipa, skrásettra hér á landi, né sama skipi, ef það kemst í eign þess eða þeirra, sem ekki mega láta skrá skip sín hér. Yfirlýsingar þessar skal annaðhvort undirrita í viðurvist lögreglustjóra þess, er skráningu annast, eða notarii publici.

Fjármálaráðuneytinu eða skráningarstofunni í umboði þess er heimilt að undanþiggja menn framlagningu þeirra skírteina, er hér segir, ef öflun þeirra er sérstökum örðugleikum bundin, enda sé réttur aðila til að láta skrá skip sitt vafalaus og nauðsynlegar upplýsingar til þess að skráning megi fara fram með öðrum hætti fengnar.

Nú þykir lögreglustjóra grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá hér skip sitt, eða hann eigi í raun réttri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber lögreglustjóra þá að láta fram fara rannsókn að hætti opinberra mála um öll þau atriði, er máli kunna að skipta.

8. gr.

Nú telur lögreglustjóri eftir atvikum, að undangenginni rannsókn samkv. 7. gr., aðila tvímælalaust fullnægja öllum lögmæltum skilyrðum, og skal hann þá skrásetja skipið. Annarskostar sendir lögreglustjóri skráningarstofunni skjöl þau, er í 7. gr. segir, ásamt rannsókn sinni og greinargerð um málið. Skráningarstofan skal þá gera tillögur um málið og senda þær síðan fjármálaráðuneytinu ásamt rannsókn lögreglustjóra, greinargerð og öðrum skjölum. Leggur síðan ráðuneytið fyrir lögreglustjóra að skrá skipið, rannsaka málið betur eða neita skilmálalaust um skráningu. Nú býður ráðuneytið rækilegri rannsókn, og skal lögreglustjóri þá senda skráningarstofunni skjölin að nýju, þegar rannsókn er lokið, enda skal þá svo með fara sem fyrr segir.

9. gr.

Nú skrásetur lögreglustjóri skip, og skal hann þá jafnskjótt sem þess er kostur senda skráningarstofunni öll þau skilríki, sem honum hafa í hendur komið samkvæmt 7. og 8. gr., mælingu skips og aðra fræðslu um það, er hann má í té láta og máli skiptir. Skal skráningarstofan athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þörf þykir, getur skráningarstofan látið nýja mælingu fara fram. Skráningarstofan getur og krafizt nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Ef skráningarstofan telur skip ranglega skráð, þá tilkynnir hún það ráðuneytinu skriflega, sem þá getur fyrirskipað rannsókn samkvæmt 7. gr. Að því búnu sker ráðuneytið úr því, svo sem í 8. gr. er mælt, hvort skráning skuli standa eða skip aftur strikað af skrá.

10. gr.

Nú vill aðili ekki una við úrskurð fjármálaráðuneytisins samkvæmt 8. og 9. gr., og getur hann þá lagt málið undir úrlausn dómstólanna. Fer það mál að hætti opinberra lögreglumála, bæði í héraði og í æðra dómi, en leysa skal með dómi úr því, hvort skrá skuli skip aðila eða ekki.

11. gr.

Nú telur skráningarstofan skip réttilega skráð, og tekur hún þá skipið á aðalskipaskrá. Ef skipið er yfir 30 smálestir brúttó, þá gefur ráðuneytið út þjóðernis- og skráningarskírteini handa skipinu í því formi, er ráðuneytið ákveður. En ef skip er minna, þá gefur skráningarstofan út mælingarbréf því til handa, nema sigla eigi því til annara landa; fær það þá þjóðernisskírteini auk mælingarbréfsins, sem ráðuneytið gefur út.

Rita skal mælingaskírteini skips og allt það, er greina skal í skipaskrá samkvæmt 5. gr., á þjóðernisskírteini. Skírteini skal síðan, ásamt fylgiskjölum, þegar senda lögreglustjóra, og bókar hann það, er með þarf, í skipaskrá, leiðréttir smálestatal skips, ef þess gerist þörf, og ritar nafn skipstjóra, ásamt greinargerð um heimild hans til þeirrar atvinnu, á þjóðernisskírteini og fær aðila það síðan í hendur.

Nú er skip, þegar á að skrá það, ekki í umdæmi, þar sem því er ætlað heimilisfang (sbr. 1. málsgr. 7. gr.), og skal þá lögreglustjóri, er látið hefir af hendi þjóðernis- og skráningarskírteini, senda skjöl þau öll, er skráningu skipsins varða, til lögreglustjóra á heimilisfangi þess, og skal hann síðan skrásetja skipið.

12. gr.

Á hvert skrásett skip skal marka nettó smálestatal þess og skráningarstafi þess á þiljubitann við aðallestaropið að aftan, ef það má verða, en ella annarsstaðar, þar sem því verður við komið og vel fer á því. Þegar merki þessi eru orðin ólæsileg eða með öllu máð af, þá verður skip ekki lengur viðurkennt skrásett íslenzkt skip.

Stöfum þeim, er skip fær á aðalskrá, má ekki breyta, meðan skráning stendur óhögguð. Eru þeir skráningarstafir skips, enda skal marka þá á það.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip, þar sem vel ber á því, með greinilegu latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit, eða dökku letri með ljósleitum undirlit. Ef nafn skips er tvö orð eða fleiri, þá skal ávallt vera að minnsta kosti eins bókstafs bil milli orðanna.

Ef skip siglir til annara landa, þá skal setja nafn þess þar að auk með sama hætti á báðar skipshliðar, enda skal, svo fljótt sem unnt er, marka bæði að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir, öðrumegin í desímetrum en hinumegin í enskum fetum.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott, nema það sé gert til að forða því undan hættu í ófriði. Ekki má heldur nefna skip öðru nafni en það er skráð undir. Og eigi má breyta nafni á skrásettu skipi, nema eigenda-

skipti verði, enda samþykki skráningarstofan breytinguna og óbreyttir haldist skráningarstafir skipsins.

13. gr.

Nú er skip byggt erlendis fyrir aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyrr en það er komið í íslenzkt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiptafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 7. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur í fyrsta sinn í íslenzka höfn, enda sé skírteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Nú þykir viðskiptafulltrúa grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi í raun réttri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, þar til fjármálaráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefir skorið úr málinu.

Jafnskjótt sem viðskiptafulltrúi gefur út þjóðernisskírteini, sendir hann skráningarstofunni eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar beiðist, á að afhenda honum samkv. 7. gr. Skráningarstofunni ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgðaþjóðernisskírteininu, ef það reynist að vera ólöglega útgefið.

Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hverskonar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé byggt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbréfi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um smálestatal skips, lögun þess og lýsing.
5. Hversu lengi skírteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rétt að krefjast þess af næsta viðskiptafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skráningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenzka höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur skírteini viðskiptafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

14. gr.

Þjóðernis- og skráningarskírteini skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það við tollgreiðslu skips samkvæmt kröfu yfirvalda og fyrirliða landvarnarskipa eða viðskiptafulltrúa landsins erlendis. Bannað er að rita nokkuð á skírteini eða breyta nokkru í því, nema lögreglustjóri, þar sem skip er skrásett, geri það, eða viðskiptafulltrúi landsins erlendis.

15. gr.

Nýtt þjóðernisskírteini skal gefa út í stað eldra, ef þess er krafizt, enda sé þá eldra skírteini skilað aftur um leið:

1. Ef nafni skips er breytt.
2. Ef viðskiptafulltrúi hefir gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða. Rannsaka skal þá eftir þörfum öll atriði, er skráningu varða, svo sem í 7. sbr. 8. gr. segir.
3. Ef þjóðernisskírteini glatast. Nú glatast skírteini erlendis, og gefur þá viðskiptafulltrúi landsins þar út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (sbr. 13. gr.), og skal þar frá því skýrt, hvers vegna skírteinið sé út gefið. Skal sá, er biður um skírteinið, gefa skýrslu um það, hvernig það hefir glatazt.
4. Ef skrásettu skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernisskírteini þess stendur um það, hverskonar skip það sé, smálestatal þess eða lýsing að öðru stendur ekki heima, þá skal skrá skip af nýju, nema hallkvæmara þyki að skrá breytingarnar á skírteinið. Ef breyting er skráð á skírteini, sendir lögreglustjóri skráningarstofunni þegar skýrslu um það.
5. Ef aðili fer annars fram á að fá nýtt skírteini.
6. Ef skrásett skip tekur heimilisfang í öðru skráningarumdæmi. Aðili skýrir þá lögreglustjóra, þar sem skip var skráð, frá ósk sinni um flutninginn, en hann sendir lögreglustjóra á hinu nýja heimili skipsins skjölin, og verður skipið svo skrásett af nýju.

16. gr.

Ef eigendaskipti verða að skipi eða skipshluta, enda glati skip ekki fyrir það rétti til að sigla undir íslenzkum fána, eða skipstjóraskipti verða, eða ef breyting verður á einhverjum þeirra atriða, sem skrásett eru samkvæmt 5. gr., þá ber eiganda eða eigendum, og ef eigendaskipti hafa orðið, bæði fyrrverandi og núverandi eiganda, að skýra lögreglustjóra, þar sem skip er skráð, frá því innan 4 vikna, ásamt sönnunum fyrir heimild sinni og þeim öðrum skilríkjum, sem nauðsyn er á, svo að skráin verði leiðrétt samkvæmt því.

Svo skal skrá breytingar á þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins, nema út verði gefið nýtt skírteini.

Nú verða slíkar breytingar, sem hér segir, erlendis, og skal þá næsti viðskiptafulltrúi landsins rita þær á skírteinið og senda skráningarstofunni þegar skýrslu um þær.

Rétt er, að rannsókn samkvæmt 7. sbr. 8. gr. fari fram um öll þau atriði, er eigendaskipti eftir þessari grein varða.

17. gr.

Strika skal skip af skrá og skila skal lögreglustjóra þegar þjóðernisskírteini skips, ef þess er kostur, ásamt skriflegri skýrslu um atburði:

1. Ef skip ferst, er höggið upp eða ónýtt með öðrum hætti. Nú fer svo um skip erlendis, og skal þá skila viðskiptafulltrúa Íslands þar þjóðernisskírteini þess, en hann sendir það síðan skráningarstofunni ásamt skýrslu um atburði.
2. Ef skip eða skipshluti verður eign manns, félags eða stofnunar og fyrirgerir

þess vegna rétti til að nota íslenzkan fána. Er þá eiganda eða eigendum skylt, að sama hætti sem í 16. gr. segir, að skýra lögreglustjóra frá breytingunni innan 4 vikna frá því er hún varð. Ef eigendaskipti verða erlendis, ber skipstjóra eða eiganda að skýra næsta viðskiptafulltrúa Íslands frá þeim og skila honum skírteininu og öðrum skjölum skipsins, enda skal hann senda skráningarstofunni þau svo fljótt sem þess er kostur. Þar, sem enginn viðskiptafulltrúi er fyrir hönd Íslands, skal skipstjóri eða eigandi skips útvega vottorð embættismanns, er löggildur sé að þarlandslögum til þess að láta slík vottorð af hendi um breytinguna, og senda skjölin síðan skráningarstofunni. Nú verða eigendaskipti að skipi eða skipshluta vegna skipta á búi eða uppboðssölu, og skal þá skiptaráðandi eða uppboðshaldari, og ef breytingin varð erlendis, viðskiptafulltrúi landsins þar, gera það, sem með þarf.

3. Ef skip er dæmt óbætandi erlendis, þá skal enn svo með fara sem áður er sagt.

Nú er þjóðernisskírteini ekki skilað og skip er enn til, og skal þá ógilda skírteini með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

18. gr.

Lögreglustjóri skýrir skráningarstofunni jafnskjótt sem unnt er frá hverri breytingu, sem í 16. og 17. gr. segir.

Nú verður ágreiningur um rétt aðilja til að hafa skip áfram skráð á Íslandi, eða grunur kemur um það, að sá réttur sé glataður eða hafi aldrei verið til nema í orði kveðnu, og skal þá lögreglustjóri skýra skráningarstofunni frá því svo fljótt sem auðið er, enda fer um rannsókn þessa máls og úrskurð eins og 7., 8. og 10. gr. segir.

19. gr.

Ef eigandi æskir þess og sérstök ástæða er til þess, þá getur fjármálaráðuneytið veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til þess að fara hér hafna á milli áður en það sé skrásett, enda hefir slíkt leiðarbréf sama gildi hér við land sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini.

Ennfremur er fjármálaráðuneytinu rétt, að fenginni umsögn skráningarstofunnar, að veita skipi, ef nauðsyn ber til að það fari þegar til útlanda, þjóðernisskírteini til bráðabirgða til siglinga þangað, enda hafi skráningarstofan fengið í hendur skráningarskjöl skips, en þó brestur eitthvað á til þess, að skráning megi þegar fram fara. Í bráðabirgðaskírteini skal greina öll þau atriði, sem í 13. gr. 1.—5. tölul. getur. Bráðabirgðaskírteinið gildir ekki lengur en í 2 ár, en þó getur ráðuneytið lengt frestinn, ef sérstakar ástæður hamla skráningu skipsins. Um leið og skip fær bráðabirgðaskírteini, skal marka á það smálestatal og skráningarstafi eftir 12. gr.

20. gr.

Lögreglustjóra er skylt að láta í té, gegn 5 króna endurgjaldi fyrir hvert skip, ágrip úr skipaskrá. Skráningarstofan lætur og í té, með sömu skilyrðum, staðfest eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteinum og mælingarbréfum. Greina skal á eftirriti, hvers vegna það var af hendi látið.

21. gr.

Það varðar sektum, 100—200 kr. á hverja brúttó smálest skips:

1. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, útvegar skráningu á skipi eða þjóðernis- og skráningarskírteini með vísvitandi röngum skýrslum, enda þótt hann bresti skilyrði 1. gr. laga þessara til þess að láta skrá skipið hér.
2. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, leynir eða vanrækir að skýra frá breytingum þeim á högum sínum eða sameigenda sinna, er valda missi þeirra skilyrða, er í 1. gr. segir.
3. Ef aðili, sem fengið hefir skip skráð með þeim hætti, sem í 1. tölul. segir, áður en lög þessi öðlast gildi, heldur áfram að hafa það á skrá hér eftir að lögin eru komin til framkvæmdar.

Nú hefir aðili, eða umboðsmaður hans, framið annað refsivert athæfi til þess að koma fram brotum þeim, er í 1.—3. tölul. greinar þessarar segir, svo sem skjalafals, og skal hann þá jafnframt sæta lögmæltri refsingu fyrir það athæfi.

22. gr.

Það varðar 50—100 kr. sektum á hverja brúttó smálest skips, ef aðili, eða umboðsmaður hans, fremur nokkra þá athöfn, er miðar til að koma í framkvæmd þeim verknaði, er í 1. tölulið 21. gr. segir, en það tekst ekki.

Ákvæði síðustu málsgr. 21. gr. eiga hér við.

23. gr.

Skip, ásamt veiðarfærum og afla, ef því er að skipta, er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 21. og 22. gr., enda má kyrrsetja veðið og selja síðan, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

24. gr.

Ef aðili útvegar sér annars eða lætur útvega sér ranglega skráningu á skipi sínu, þjóðernis- og skráningarskírteini eða leiðarbréf (19. gr.), vanrækir skyldur sínar samkvæmt 2., 12., 13., 14., 15., 16. eða 17. gr. laga þessara eða brýtur þær með öðrum hætti, eða brýtur fyrirmæli í reglugerð, er stjórnarvöld setja samkvæmt lögum þessum, þá varðar það sektum, allt að 2000 kr., enda liggi ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

25. gr.

Taka má sektir eftir lögum þessum fjárnámi í búi hinna seku, enda ábyrgist eigandi skips eða eigendur, ef fleiri eiga skip en einn, allir fyrir einn og einn fyrir alla greiðslu sekta. Sama er um stjórnendur félaga og stofnana.

26. gr.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd laga þessara, að því leyti, sem þess verður þörf og innan þeirra takmarka, sem í þeim eru sett.

27. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum og reglum, settum samkvæmt 26. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og reglum þeim, er í 26. gr. segir, skulu renna í ríkissjóð.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa, og lög 14. júní 1929 um breytingu á þeim lögum.

Nd.

495. Lög

um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl).

1. gr.

Í stað 1. gr. laga nr. 76 28. nóv. 1919 komi:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Utan kaupstaða skulu launin greidd á manntalsþingi, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Launin skal miða við manntal umdæmisins við síðustu áramót, þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 300 krónur.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaunin vera 300 krónur, að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í kaupstöðum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr. í byrjunarlaun.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka eftir 5 ár um 50 krónur, og eftir önnur 5 ár um 50 krónur. Þó mega launin án dýrtíðaruppbótar aldrei fara fram úr 1500 krónum.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðluðust gildi, taka launabót eftir þjónustualdri.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1931.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 76, 28. nóv. 1919, inn í meginmál laga nr. 14 22. okt. 1912, og gefa þau út svo breytt sem yfirsetukvennalög.

Sþ. **496. Tillaga**

til þingsályktunar um sæsímasambandið við útlönd.

Frá atvinnumálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila atvinnumálaráðherra að útvega konungsúrskurð, er heimili, að leyfi h/f Mikla norræna ritsímafélagsins í Kaupmannahöfn til þess að starfrækja sæsímann milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands verði sagt upp á þessu ári, svo að leyfið falli úr gildi 1. janúar 1932.

Greinargerð.

Þegar leyfi Mikla norræna ritsímafélagsins til þess að stofna og starfrækja neðansjávarritsíma milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands var á enda þann 1. sept. 1926, var samningurinn endurnýjaður með leyfisbréfi útgefnu 31. júlí 1926. Samkvæmt 1. gr. leyfisbréfsins getur hvor samningsaðilja sagt samningnum upp með eins árs fyrirvara frá næstu áramótum að telja.

Í bréfi landssímastjóra, dags. 3. marz þ. á., sem prentað er hér á eftir sem fylgiskjal, er gerð ítarleg grein fyrir þeim ástæðum, sem gera það æskilegt, að ríkisstjórnin útvegi sér heimild til þess að segja upp sæsímasamningnum við Mikla norræna ritsímafélagið á þessu ári, svo að taka megi upp loftskeytarekstur í stað sæsímasambandsins frá 1. janúar 1932, ef þetta þykir tiltækilegt að fengnum þeim undirbúningi, sem ráð er fyrir gert í bréfi landssímastjórans. Og með því að gera virðist mega ráð fyrir, að loftskeytarekstur á símskeytum til útlanda geti bæði orðið öruggari fyrir almenning og jafnframt til sparnaðar, þykir rétt að ríkisstjórnin afli sér á yfirstandandi Alþingi heimildar til þess að segja upp umræddum samningi, svo að loftskeytarekstur geti hafizt frá 1. janúar 1932.

Það skal tekið fram, að atvinnumálaráðuneytinu hefir borizt álit símaverkfræðingsins, loftskeytastöðvarstjórans og landssímastöðvarstjórans hér í bænum um málið, og eru þeir því meðmæltir, að veitt verði heimild sú, sem í tillögu þessari felst til uppsagnar á sæsímasamningnum, enda þótt þeir áætli hagnaðinn af loftskeytarekstri minni en landssímastjóri gerir ráð fyrir.

Fylgiskjal.

LANDSSÍMASTJÓRINN. Reykjavík, 3. marz 1930.

Sæsímabilunum hefir fjölgað mjög á síðustu árum og hefir stundum ekki verið hægt að senda neitt skeyti gegnum sæsímann svo vikum skipti. Þá hefir verið reynt að koma skeytunum áfram þráðlaust með aðstoð loftskeytastöðvarinnar í Reykjavík og loftskeytastöðva í Noregi, Færeyjum og Bretlandi. Loftskeytastöðin hér er alls ekki gerð fyrir slík viðskipti, er hún bæði allt of afllítil og getur ekki afgreitt nema tiltölulega fá skeyti á dag, og hinsvegar er hún upptekin af skipaviðskiptunum. Með hinum tíðu símslitum samfara hraðvaxandi skeytafjölda horfir hér til mikilla vandræða á næstu árum, ef ekki verður við gert í tæka tíð. Hér á eftir fer tafla yfir sæsímabilanir á undanförnum árum:

Ár	1907	1911	1916	1917	1918	1919	1921
Bilanafjöldi	2	1	1	1	1	1	2
Dagafj. sem sæs. var bilaður[1])	31	8	30	1	18	9	31
Ár	1923	1924	1925	1926	1927	1928	1929
Bilanafjöldi	2	2	1	1	1	4	3
Dagafj. sem sæs. var bilaður ...	4	11	7	8	6	45	22

Sæsímasamningurinn við Mikla norræna ritsímafélagið fellur úr gildi 1. janúar 1932, ef honum er sagt upp 12 mánuðum áður. Það þótti því tímabært að rannsaka, hvort hægt væri að fá betra samband við önnur lönd.

Nú eru flest lönd að koma á talsambandi sín á milli, hvar sem þau eru á hnettinum. Þannig getur símanotandi í Miðevrópu nú fengið talsamband við mann í Ameríku eða Asíu. Það var því talið rétt að athuga um leið, hvað það myndi kosta að koma Íslandi í talsamband við önnur lönd.

Kostnaðar vegna virðist aðeins vera kleift að nota mjög stuttar öldur fyrir svona samband.

Því var Marconifélagið á Englandi beðið að rannsaka þetta nánar og koma fram með tilboð fyrir stöð, er gæti annazt þessi viðskipti. Þetta félag hefir verið brautryðjandi í hagnýtingu mjög stuttra rafaldna fyrir loftskeytaviðskipti, og mun hafa mesta reynslu á því sviði. Það hefir reist stuttbylgjustöðvar, er tengja saman brezka heimsveldið í öllum heimsálfum, og hafa þær reynzt ágætlega. Hver þessara stöðva afgreiðir margfalt meir en viðskiptin milli Íslands og útlanda nema.

Nú er kominn hingað maður frá Marconifélaginu með tilboð í stuttbylgjustöð fyrir bæði skeyta- og talsamband, og má koma tækjunum fyrir í byggingum þeim, er síminn á fyrir.

Í þessu tilboði er fólgin stöð, er gefur 2 kw. orku í loftnetið og er byggð

---

1) Sambandið milli Reykjavíkur og útlanda hefir slitnað enn oftar, er landlínan hefir bilað.

fyrir tvær öldulengdir; ennfremur 4 loftskeytastengur úr stáli 21—32 metra háar, þrjú mjög fullkomin viðtæki fyrir bæði mjög stuttar og mjög langar öldur.

Stöðin kostar í tilboðinu 330000 ísl. krónur, ef hún er gerð aðeins fyrir loftskeytaviðskipti, en 119000 kr. meir, ef hún er jafnframt gerð fyrir talsamband, þannig, að hver símanotandi hér geti hringt símanotanda t. d. í Kaupmannahöfn upp heiman frá sér. Ef það nægir, að talsamband fáist aðeins frá einum stað í Reykjavík, verður kostnaðurinn talsvert lægri, en enn eru ekki fengnar upplýsingar um hve miklu það munar.

Marconifélagið býðst ennfremur til að lána tilboðsupphæðina, þannig, að hún endurgreiðist á 5 árum.

Stofnkostnaður stuttbylgjustöðvar:

	a. Skeytasamband.	b. Skeyta- og talsamband.
Samkv. tilboði Marconis	330000 kr.	449000 kr.
Annar stofnkostnaður (jarðstr., varalampar o. fl.)	24000 —	27000 —
Samtals	354000 kr.	476000 kr.

Rekstrarkostnaður stuttbylgjustöðvar:

	a. Skeytasamband.	b. Skeyta- og talsamband.
Vextir og fyrning 12 %...	42500 kr.	57000 kr.
Viðh. og raforka (2000 klst.) ...	13000 —	13500 —
Samtals	55500 kr.	70500 kr.

Hagnaður af að nota loftskeytastöð í stað sæsíma:

Ár		1928	1930	1932	1934	1936
Orðafj. í útl. skeytum...		1850000	2030000	2240000	2460000	2680000
Tekjuauki við loftskeytarekstur í stað sæsíma[1])	kr.	67000	74000	81000	87000	93000
Kostnaðarauki við loftskeytarekstur í stað sæsíma	—	26000	26000	26000	26000	26000
Hagnaður landssímans af að hefja loftskeytarekstur	—	41000	48000	55000	61000	67000
Hagnaður almennings vegna lægri taxta við loftskeyti	—	60000	66000	73000	80000	82000
Hagnaður landss. og almennings á Íslandi ... ... Samtals	kr.	81000	92000	103000	114000	125000

1) Að undanförnu hefir skeytataxtinn verið miðaður við, að íslenzk króna væri dálítið lægri í hlutfalli við gullfranka en bankagengi er, og hefir landssíminn því haft talsvert meiri tekjur vegna gengisgróðans. Þar eð óvíst er, hve lengi verður leyft að reikna skeytataxtann með því gengi, er hér til varúðar reiknað með raunverulegu bankagengi í íslenzkum krónum í hlutfalli við gullfranka. Orðafjöldinn er áætlaður fram í tímann eftir breytingum hans á síðustu 4 árum.

Tekjurnar við loftskeytareksturinn eru reiknaðar þannig, að gjald það, 16 1/2 ctm., sem Mikla norræna félagið fær nú af hverju orði gegnum sæsímann til Bretlands, skiptist milli beggja loftskeytastöðvanna, þannig að í hlut stuttbylgjustöðvarinnar hér koma 8 1/4 ctm.

Ennfremur er reiknað með að terminalgjaldið á Íslandi, Danmörk og Noregi og Svíþjóð hækki upp í það, sem það er fyrir viðskipti við önnur lönd.

Við loftskeytareksturinn hlýtur skeytagjaldið þó að lækka fyrir nokkur lönd, t. d. Noreg, því þá fellur transitgjaldið burtu.

Skeytataxtarnir myndu þá breytast sem hér segir:

Lönd:	Danmörk,	Holland,	Noregur,	Rússland,	Svíþjóð,	Þýzkal.
Núverandi taxtar ctm.	38 1/2	50 1/2	45	80	45	55
Nýir taxtar við loftskeytarekstur ctm.	35 1/2	49 1/2	36 1/2	70 1/2	43 1/2	45 1/2

Fyrir önnur lönd helzt sami taxti og áður.

Ef auk þess fengist beint samband við stöðvar í Svíþjóð, Þýzkalandi og á Spáni, yrði skeytagjaldið fyrir þessi lönd miklu lægra.

Vegna hinna lækkuðu skeytagjalda mætti búast við, að orðafjöldinn ykist mun meira en hér hefir verið gert ráð fyrir, þannig að hagnaðurinn við loftskeytareksturinn yrði enn meiri.

Við loftskeytareksturinn sparast, miðað við núverandi skeytafjölda, laun 6 símritara á Seyðisfirði, sem nema nú 19418 kr., en með þeim orðafjölda, er símaður yrði t. d. árið 1936, myndu sparast 8 símritarar þar með 25000 kr. launum, auk þess losnar húsrúm á Seyðisfirði, og tækin, sem þar eru, má nota annarsstaðar, ennfremur má nota ritsímalínuna milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar til annara viðskipta nokkurn hluta dags. Má áætla þennan sparnað samanlagðan minnst 35000 kr. árlega. Hér frá drægist aukin gæzla stuttbylgjustöðvarinnar, sem mætti áætla um 5000 kr. Í Reykjavík myndi sennilega eftir fyrsta árið sparast minnst einn maður við símritun vegna hins aukna hraða afgreiðslunnar. Til varúðar skal þó ekki tekið tillit til þessa nú, en mannsparnaður o. fl. talinn svara til 35000 — 5000 = 30000 kr. árlega. Þá má reikna, að útgjöldin við loftskeytarekstur verði 56000 — 30000 = 26000 kr. hærri árlega en við sæsímarekstur.

Nú ber að athuga það, hvort loftskeytasambandið verður eins öruggt og sæsímasambandið.

Af reynslu þeirri, sem þegar er fengin af rekstri annara slíkra stöðva síðustu 4 árin, er álitið, að hér muni vera hægt að senda 20—30 orð á mínútu hverri allan sólarhringinn allan ársins hring, og yfir 40 orð á mínútu alltaf nema milli kl. 3—6 á vetrarnóttum, og 70—200 orð á mínútu alltaf nema milli kl. 1—8 á vetrarnóttum.

Með þessu er hægt að annast margfalt meiri viðskipti en hægt er að vænta hér á næsta mannsaldri.

Það er þó ekki hægt að ábyrgjast, að enga klukkustund geti brugðið frá þessu góða sambandi, sérstaklega á vetrarnóttum, því mjög stuttar öldur berast þá stundum nokkuð óreglulega. En jafnvel þótt eitthvað mjög óvenjulegt kæmi fyrir einhvern dag, þá væri ávallt hægt að halda góðu sambandi við önnur lönd

með útvarpsstöðinni, sem gæti annazt öll viðskipti á meðan, og ennfremur má nota loftskeytastöðina, sem nú er hér, sem auka-varastöð.

Marconifélagið vill ábyrgjast, að sambandið verði svo tryggt, að að minnsta kosti haldist það 18 tíma hvern dag að meðaltali í hvaða mánuði ársins sem er, og að aldrei séu meir en tveir samliggjandi dagar, sem ekki fáist yfir 9 tíma samband hvern dag.

Þegar nú þess er gætt, að hin mjög ófullkomna loftskeytastöð hér hefir vegna sæsímabilana orðið að bjarga skeytaviðskiptunum í 45 daga árið 1928, og 22 daga árið 1929, og enn oftar á þessum árum vegna bilana á landlínunni til Seyðisfjarðar, þá er það tryggt, að með góðri stuttbylgjustöð hér verður sambandið eigi aðeins miklu betra en áður, heldur verður það líka alveg öruggt með útvarpsstöðinni sem varastöð. Hinsvegar ætti að hlífast við að nota útvarpsstöðina til slíkra viðskipta nema þegar alveg nauðsynlegt er, því hún er miklu dýrari í rekstri og öldulengd hennar er ekki ætluð til þessa; auk þess kæmi reksturinn nokkurn hluta dags í bága við útvarpið.

Hér hefir ekki verið minnzt á það, hvort nokkuð gæti fengizt upp úr sæsímanum, t. d. ef hann yrði tekinn upp og seldur eða notaður annarsstaðar. Það virðist þó ekki tímabært að taka það til meðferðar fyrst um sinn, meðal annars þar sem enn er ekki ljóst, hver sé eigandi sæsímans.

Að öllu athuguðu virðist því mega ráða, að það muni borga sig vel, bæði fyrir landssímann og almenning, að bráðlega verði breytt um rekstur og sambandinu við útlönd haldið uppi með loftskeytum. Ætti landssíminn að græða um og yfir 60000 krónur á því árlega, og almenningur á Íslandi annað eins, og þessi hagnaður ætti að aukast mikið með ári hverju.

Ennfremur er með þessu fenginn möguleiki til að koma á talsambandi við önnur lönd. Og síðar má sennilega nota stöðina til þráðlausra myndasendinga milli Íslands og útlanda.

Talsamband við önnur lönd.

Ef stuttbylgjustöðin er auk þess útbúin með tækjum fyrir talsamband, þannig að hver símanotandi hér geti talað við annan símanotanda í öðru landi, þá kostar stöðin 119000 + 3000 (varalampar) = 122000 kr. meir. Aukinn rekstrarkostnaður þess vegna yrði:

Vextir og fyrning talútbúnaðar 12% af 122000	14600 kr.
Viðhald o. fl.	3400 —
	18000 kr.

Ef töluð væru 5 samtöl á dag, yrði kostnaðurinn um 10 kr. fyrir hvora talstöð, og þyrfti þá hvert samtal ekki að kosta yfir 22—25 kr. Ef samtölin yrðu 10 á dag, yrði kostnaðurinn um 5 kr. fyrir hvora stöð, eða viðtalsgjaldið um 12 kr. Þetta er svo lágt verð í hlutfalli við fjarlægðina, að það má eins vel búast við allt of mikilli eftirspurn, og að það yrði að hækka gjaldið til þess að samtölin drægju ekki of mikið frá skeytunum.

Talsvert lægri yrði kostnaðurinn, ef aðeins væri talað frá einum stað í bænum, og væri líklega réttara að byrja með því.

Það er búizt við því, að talsambandið sé sæmilegt allan ársins hring nema á nóttum á vetrum.

Að lokum þykir rétt að athuga, hvort hægt sé að koma stöðinni upp án þess að ríkissjóður þurfi beint að leggja fram nokkurn eyri í stofnkostnað.

Marconifélagið býðst til að láta stöðina af hendi fullgerða fyrir lok ársins 1931 gegn £ 3581.8.0 eða 79500 króna greiðslu á ári í 5 ár, og fari fyrsta greiðsla fram í lok ársins 1932; svarar þetta til 6½% vaxta láns affallalaust. Umboðsmaður Marconis telur víst, að félagið sé fúst að breyta þessu þannig, að

1.	greiðslan verði	£ 3000	= 66500
2.	—— —	£ 3500	= 77600
3.	—— —	£ 3800	= 84300
4.	—— —	£ 3800	= 84300
5.	—— —	£ 3800	= 84300

Þar við bætist svo 13000 kr. árlega fyrir eiginlegum rekstrarkostnaði stöðvar (viðhaldi, raforku o. fl.), svo að árlegu útgjöldin verða alls 80000, eftir fyrsta árið hækkandi upp í nærri 100000 kr. eftir 5. árið, en úr því aðeins um 13000 kr. árlega. Árið 1928 voru tekjur landssímans af útlendu skeytunum 318000 kr. Ef reiknað er með sama gullfrankagengi og nú við skeytataxtann, má ætla, að tekjurnar af útlendu skeytunum yrðu við loftskeytarekstur 500000 kr. árið 1934, eða 182000 kr. hærri en þær voru 1928 við sæsímarekstur, og hækkuðu um 40000 kr. árlega, án þess að rekstrarkostnaðurinn ykist svo nokkru nemi. Jafnvel þótt af einhverjum orsökum yrði að reikna með hærra gengi á íslenzkri krónu við taxtann á skeytum til útlanda, ætti landssímanum ekki að verða það erfitt að standa straum af þessum árlegu greiðslum í fimm ár.

Að vísu yrðu útgjöldin dálítið meiri fyrsta árið en hér er gert ráð fyrir, því sparnaðurinn kemur ekki allur fram þá, því ekki er hægt að segja upp 6—8 símriturum allt í einu. Auk þess er allur stofnkostnaðurinn um 24000 kr. hærri vegna jarðstrengs, varalampa, húsbreytinga og ófyrirsjáanlegra útgjalda.

Yrði talsambandið tekið með, ykist árlega greiðslan um hér um bil þriðjung.

Þegar fyrstu 5 árin væru liðin, yrðu árlegu útgjöldin mjög lág, því stöðin væri þá búin að borga sig upp. Útgjöldin yrðu þá fyrir skeytareksturinn um 25000 kr., fyrir viðhald og raforku með 3000 klst. rekstri, og nærri því engin fyrir talsambandið; myndi landssíminn þá fá mjög mikinn hreinan ágóða af stöðinni.

Í Englandi eru til stöðvar, sem eru reiðubúnar að hefja viðskipti við stöðina hér, og í Danmörku er nú verið að reisa mjög öfluga stuttbylgjustöð.

Í ráði er að koma stuttbylgjustöðinni fyrir í húsi útvarpsstöðvarinnar á Vatnsendahlíð. Ennfremur er verið að rannsaka, hvort ekki sé mögulegt að koma loftskeytastöðinni fyrir skipaviðskiptin, sem nú er á Melunum, líka þar fyrir. Ef það væri hægt, myndi vinnast mjög margt, fyrst og fremst lækkaði gæzlukostnaður stöðvanna mjög mikið, því sami maður gæti gætt þeirra allra í einu; myndi

þá sparnaðurinn af þessu falla til allra stöðvanna. Í öðru lagi myndi losna um hús og stóra lóð á Melunum. Í þriðja lagi myndu útvarpsnotendur truflast ólíkt minna þegar loftskeytastöðin væri að senda. Í fjórða lagi myndi vera miklu minna um truflanir fyrir loftskeytaviðtökuna frá skipum.

Ég leyfi mér því að leggja til, að ríkisstjórnin útvegi sér heimild hjá yfirstandandi Alþingi til að mega segja upp sæsímasamningnum við Mikla norræna ritsímafélagið, og að hún heimili landssímanum að ræða málið við símastjórnir nágrannalandanna á þeim grundvelli, að ef það þá þykir muni verða landssímanum og öllum almenningi til mikils hagnaðar að hefja loftskeytarekstur frá 1. janúar 1932, þá verði það gert og sæsímasamningnum sagt upp fyrir næstu áramót. Ennfremur sé landssímanum falið að gera nú þegar drög að samningi við Marconifélagið um kaup á þessari stuttbylgjustöð, ef fært þykir þá með talsambandsútbúnaði, en samningurinn verði ekki gildandi fyrr en ríkisstjórnin samþykkir hann þegar búið er að ræða málið við símastjórnir nágrannalandanna. Landssímanum sé ennfremur falið að undirbúa málið þannig, að stöðin geti í tæka tíð tekið að sér öll skeytaviðskiptin við útlönd.

Gísli J. Ólafson.

G. Briem.

Til
atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Ed. 497. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 2. gr. 17. (Verðtollur).
Fyrir „1700000“ kemur 1760000

II. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 12. gr. 10. Nýr liður:
Styrkur til Þóru Havsteen, til þess að setja á stofn nudd- og gigtlækningastofu á Akureyri 5000

III. Frá *Jóni Jónssyni.*
Við 13. gr. B. XV. (Styrkur til að reisa gistihús á Húsafelli).
Liðurinn fellur niður.

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. F. V. 16. (Afb. og vextir af láni til L. M. Ericsson o. fl.).
Liðinn skal orða svo: Afborgun og vextir af láni frá L. M. Ericsson o. fl.

V. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 13. gr. F. V. 17. b. (Launauppbót símritara).
Liðinn skal orða svo:
Símritara og fl. 14000
Hækkun launa á þessum lið skiptist milli allra hlutaðeigandi starfsmanna, hvort sem þeir eru skipaðir eða settir.

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. G. I. („Afborgun og vextir af láni til Marconifélagsins í London").
Orðist svo: Afborgun og vextir af láni frá Marconifélaginu í London.

VII. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Jónu Guðbjartsdóttur, til framhaldsnáms í bókverzlunarfræði erlendis 2000
Til vara 1800

VIII. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 14. gr. B. II. c. Nýr liður:
Til Gunnars Bjarnasonar, til þess að ljúka námi í vélaverkfræði í Mittweida í Þýzkalandi 900

IX. Frá *Jónasi Kristjánssyni.*
Við 14. gr. B. II. c. Nýr liður:
Til Kristins Björnssonar læknis, til þess að ljúka skurðlækninganámi í Paris 3000

X. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. III. b. 4. (Stundakennsla við Menntaskólann).
a. Fyrir „25000" kemur 27000
b. Við liðinn bætist aths.:
Af upphæð þessari má verja allt að 2000 kr. til stundakennara í námsgreinum þeim, er Guðm. Bárðarson kennir.

XI. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 14. gr. B. IV. 8. (Gagnfræðaskólinn á Akureyri). Nýr liður:
Til byggingar lesstofu fyrir nemendur skólans og eldhúss fyrir heimavist hans 30000

XII. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason* og *Jónasi Kristjánssyni.*
Við 14. gr. B. XIX. Nýr liður:
Til Soffíu Stefánsdóttur, til þess að halda uppi námsskeiðum fyrir konur og karla í teikningu og tréskurði allt árið 1500
Til vara 1200

XIII. Frá *Ingvari Pálmasyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. XXI. Nýr liður:
Til Unnar Jónsdóttur, utanfararstyrkur til þess að fullnuma sig í íþróttakennslu 1200

XIV. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 15. gr. 6. (Til kaupstaðarbókasafna). Nýr liður:

Handa bókasafni norðuramtsins á Akureyri, til bygginga yfir safnið, gegn jafnmiklu framlagi frá Akureyrarkaupstað 35000

XV. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 15. gr. 15. Nýr liður:
Til Árna Þórarinssonar, til ritstarfa 1100

XVI. Frá *Jóni Baldvinssyni* og *Ingibjörgu H. Bjarnason.*
Við 15. gr. 15. Nýr liður:
Til Sigurðar Skúlasonar, til þess að halda áfram rannsóknum í menningarsögu þjóðarinnar 700

XVII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 15. gr. 24. Nýr liður:
Til Sigurðar Skagfield, til lokanáms í sönglist 1500

XVIII. Frá *Jóni Baldvinssyni* og *Birni Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 24. Nýr liður:
Til Eggerts Stefánssonar söngvara, í eitt skipti fyrir öll 3000

XIX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 25. Nýr liður:
Til Árna Kristjánssonar, til þess að fullnuma sig í pianóleik 1600

XX. Frá *Jónasi Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 26. Nýr liður:
Til Þórðar Kristleifssonar, utanfararstyrkur til söngfræði- og söngkennslunáms 1000

XXI. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
1. Við 15. gr. 29. Nýr liður:
Til Finns Sigmundssonar, til þess að semja skrá yfir íslenzkar rímur og kanna sögu þeirra 2000
Til vara 1500
2. Við 15. gr. 30. Nýr liður:
Til Jóhanns Sveinssonar frá Flögu, til þess að semja kennslubók í almennri skólasögu 2000
Til vara 1500

XXII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 16. gr. 1. (Búnaðarfélag Íslands).
Aftan við liðinn bætist aths.:
Þar af 8000 krónur til Kvenfélagasambands Íslands.

XXIII. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
1. Við 16. gr. 9.
Orðin: „gegn fimmtungs framlagi frá hlutaðeigandi héruðum“ falli burt.
2. Við 16. gr. 9. Nýr liður:
Framlag til taugakerfa í raforkuveitum til almenningsþarfa 75000

XXIV. Frá *Guðmundi Ólafssyni.*
Við 16. gr. 40. Nýr liður:
Til Fiskiræktarfélagsins Blöndu, ⅓ rekstrarkostnaðar, allt að 500

XXV. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 16. gr. 47. Liðurinn orðist þannig:
Til þess að gera laxastiga í Lagarfoss, ⅗ kostnaðar, allt að 6000

XXVI. Frá *Jóni Jónssyni.*
Við 17. gr. 19.
Athugasemdin færist aftur fyrir 21. lið og í stað tölunnar „19“ komi talan: 21.

XXVII. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 18. gr. II. g. 13. Nýr liður:
Til Unnar Benediktsdóttur skáldkonu 1000

XXVIII. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við 18. gr. II. i. 28. Nýr liður:
Til Sigríðar Narfadóttur 300

XXIX. Frá *Jóni Þorlákssyni* og *Birni Kristjánssyni.*
Við 18. gr. II. i. 60. Nýr liður:
Til C. A. Möllers fyrrv. símastöðvarstjóra 400

XXX. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 22. gr. II. Nýr liður:
Að endurgreiða Jónasi Lárussyni 4000 krónur upp í kostnað við sýningu íslenzkra matvæla í Kaupmannahöfn 1926.

XXXI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. IV. Nýir liðir:
a. Að fenginni reynslu, að kaupa 2 snjóbifreiðar, til flutninga á Holtavörðuheiði og Fagradal.
b. Að gefa Árneshreppi eftir ½ af 11650 kr. skuld hans við ríkissjóð.
c. Að gefa Grunnavíkurhreppi eftir af skuld hans við ríkissjóð kr. 262,50 og alla ógreidda vexti, gegn því að hreppurinn greiði eftirstöðvarnar, 3000 kr., með jöfnum afborgunum á næstu 12 árum.
d. Að gefa Gerðahreppi upp skuld hans við viðlagasjóð, að upphæð 37000 kr.

XXXII. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að láta athuga og gera áætlun um endurbyggingu sjóvarnargarðs á Siglufirði og greiða síðan úr ríkissjóði helming kostnaðar við framkvæmd verksins, gegn jafnmiklu frá Siglufjarðarkaupstað.

XXXIII. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að láta reisa vinnu- og hressingarhæli fyrir 30 berklaveika menn að Reykjum í Ölfusi, og taka til þess lán, allt að 50 þús. kr.

XXXIV. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 22. gr. VII. Nýr liður:

Að greiða víxilskuldir með áföllnum vöxtum vegna byggingar húss þess, er nú hefir verið tekið til afnota fyrir Vinnuhæli á Eyrarbakka, með allt að 8600 kr.

XXXV. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*

Við 22. gr. IX. Nýr liður:

Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 150 þús. kr. láni fyrir Samvinnufélag sjómanna á Akureyri til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meiru en ⅘ af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskveiða, og greiðist að fullu á 10 árum. Lánið skal tryggt með gagnábyrgð Akureyrarkaupstaðar, fyrsta veðrétti í skipunum og sjálfskuldarábyrgð félagsmanna. Forstöðumaður félagsins og annar endurskoðandi skulu samþykktir af ríkisstjórninni. Taka verður lánið í innlendri lánsstofnun eða innanlands.

XXXVI. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 23. gr.

Síðasta málsgrein greinarinnar fellur burt.

Ed. 498. Nefndarálit

um frumvarp til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin sendi frv. þetta borgarstjóranum í Reykjavík til umsagnar, aðallega út af ákvæðum frv. viðvíkjandi því, að Reykjavíkurbær gefi lóð undir Háskólann. Hefir borgarstjóri svarað nefndinni með bréfi dags. 29. marz, sem prentað er með áliti þessu (fskj. 1). Ennfremur hefir háskólaráðið haft málið til meðferðar á fundi sínum 22. marz, að tilkvöddum borgarstjóra og bæjarverkfræðingi, og er eftirrit úr gerðabókinni, sem fylgdi bréfi borgarstjóra, prentað hér með (fskj. 2).

Nefndin fellst eindregið á það, að staður sá austan við Suðurgötu, gegnt Íþróttavellinum á Melunum, en sunnan við Hringbraut, sem borgarstjóri bendir á í bréfi sínu, sé miklu betur fallinn fyrir Háskólann en staður sá í Skólavörðuholtinu, sem frv. ráðgerir í samræmi við uppástungur skipulagsnefndar, og telur borgarstjóra hafa unnið máli þessu þarft verk með því að gefa yfirlit yfir hina miklu annmarka, sem eru á því að reisa Háskólann í Skólavörðuholtinu, og benda jafnframt á hinn staðinn. Stúdentagarðinum hefir einnig verið fyrirhuguð lóð í Skólavörðuholtinu, við hlið lóðar þeirrar, sem eftir skipulagsuppdrættinum var ætluð Háskólanum, og vill nefndin, þótt eigi komi þessu máli beinlínis við, láta uppi það álit sitt, að mjög æskilegt væri að fá samkomulag við bæjarstjórn

Reykjavíkur um skipti á lóðum fyrir Stúdentagarðinn, þannig að hann gæti fengið lóð við hlið háskólalóðarinnar á þeim stað, sem borgarstjóri hefir stungið upp á.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, aðallega þeim, er leiða af því, að æskilegt þykir að fá aðra lóð undir Háskólann en þá, sem frv. tiltekur.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Orðin »á lóð þeirri . . . í því skyni« falli burt.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar samkvæmt 1. gr., er það, að samkomulag náist við bæjarstjórn Reykjavíkur um, að Reykjavíkurbær gefi Háskólanum til kvaðalausrar eignar 8—10 hektara af landi á þeim stað, sem kennslumálaráðherra og háskólaráði þykir hentugt.

Alþingi, 11. apríl 1930.

Páll Hermannsson, form.	Jón Þorláksson, frsm.	Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.

Fylgiskjal I.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. marz 1930.

Menntamálanefndin hefir sent mér til umsagnar frv. til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands og óskað umsagnar minnar um 2. gr. frv., að því leyti er hún snertir Reykjavíkurbæ.

Í 2. gr. frv. er það gert að skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar, að Reykjavíkurbær gefi Háskólanum c. 9 hektara stóra landsneið í Skólavörðuholtinu og mýrinni þar niður af til sérkvaðalausra afnota um aldur og ævi, en í greinargerðinni fyrir frv. er svo að orði komizt, að landsstjórnin geri hiklaust ráð fyrir því, að Reykjavíkurbær sjái sæmd sína í því að gefa Háskólanum nægilega lóð og taki svo ríflega til, að endast megi til að bæta úr vaxandi þörf margra kynslóða.

Ég leyfi mér fyrst að vekja athygli háttvirtrar nefndar á því, að Háskóli Íslands er stofnun, sem ríkið starfrækir vegna allrar þjóðarinnar og ekki að neinu leyti fyrir íbúa Reykjavíkur sérstaklega, og virðist það mjög einkennilegt, ef velferð þessarar merku stofnunar á að velta á því, hvort Reykjavíkurborg vilji leggja álitlega fjárfúlgu til húsbyggingar fyrir Háskólann. Enn furðulegra virðist, að landsstjórnin skuli leggja slíkt lagafrv. fyrir hið háa Alþingi, án

þess fyrst að leita til bæjarstjórnar Reykjavíkur. Hér er sem sé ekki um neina smámuni að ræða, heldur um verðmæti, sem sjálfsagt ekki yrði metið minna en 250—300 þús. kr. til fasteignamats, og ekki allt fullkomin eign Reykjavíkurborgar. Ef selja ætti það af landinu, sem borgin á, mætti sjálfsagt fá fyrir það minnst 400 þús. kr., og þar sem ætlazt er til, að byggingarkostnaður verði 600 þús. kr., yrði framlag Reykjavíkur c. $^2/_5$ hlutar af öllum kostnaðinum.

Verð ég að mótmæla því, að löggjafarvaldið setji lög um slíkt fjárframlag úr bæjarsjóði Reykjavíkur, án þess að áður sé leitað samþykkis bæjarstjórnarinnar. Með þessu vil ég alls ekki halda því fram, að bæjarstjórnin verði ófús á að verða við tilmælum Alþingis eða ríkisstjórnarinnar um hæfilega lóð handa Háskólanum, ef slík tilmæli koma og unnt verður að koma sér saman um stærð og legu lóðarinnar.

Ég sný mér þá að því að skýra fyrir hv. nefnd, hvaða annmarkar eru á því, að bæjarstjórn Reykjavíkur geti látið af hendi alla þá lóð, sem lýst er í 2. gr. frumvarpsins.

Skipulag bæjarins gerir ráð fyrir, að Háskólinn verði reistur við Skólavörðutorg á lóð austan við torgið við hliðina á væntanlegum Stúdentagarði. Er lóð þessi sem næst 1 hektar, eða 3,14 dagsláttur að stærð, og hefir hingað til verið talin nægilega stór til þessara nota, eins og meðal annars sést af bréfi dómsmálaráðherra til Háskólans, dags. 8. jan. 1929, og sem prentað er með greinargerðinni, er fylgir frumvarpinu. Þar segir: »Lóð Háskólans þarf að vera mjög stór, ef unnt væri ekki minni en 2—3 dagsláttur, til að gera ráð fyrir nægilegu olnbogarúmi um ókomnar aldir«.

Í janúarmánuði 1929 sneri háskólaráðið sér til bæjarstjórnar Reykjavíkur með beiðni um lóð fyrir Háskólann, og samþykkti bæjarstjórnin þá í marzmánuði að ætla Háskólanum svæðið milli Skólavörðutorgs og Barónsstígs fyrir norðan Stúdentagarðinn, um einn hektara að stærð, en gerði að svo stöddu ekki ályktun um afhendingu landsins. Þetta var munnlega tilkynnt rektor Háskólans, sem og fékk eftirrit af ályktuninni, svo sem sjá má af bréfi háskólaráðsins til dómsmálaráðherra, dags. 16. apríl 1929. — Við þetta situr.

Nú er krafizt að fá auk þessarar lóðar 3,1 hektara stóra lóð austan af fyrrnefndri lóð milli Barónsstígs og Hringbrautar og 5 hektara af landi norðanvert við Hringbraut í áframhaldi af þessari lóð, eða alls um 28 dagsláttur. Ég læt hér með fylgja uppdrátt (nr. 1.) sem sýnir afstöðuna.

Svæðið milli Barónsstígs og Hringbrautar hefir verið ætlað til ýmsra skólabygginga, svo sem gagnfræðaskóla, iðnskóla, verzlunarskóla o. fl., eða til samskólans, þegar að því kemur, að sú góða lausn fæst á skólamálunum í borginni. Þetta er eini staðurinn, sem borgin hefir til umráða til slíkra skólabygginga, sem öllum kemur saman um, að reistar muni verða á næstu árunum fram undan, og þar getur orðið sæmilega rúmt um skólana. Í greinargerð fyrir frumvarpinu er minnzt á, að skólabyggingar fyrir ungmennafræðsluna gætu staðið norðanvert við Skólavörðutorgið, en þar er alls ekki nægilegt landrými og þess utan er þetta eini staðurinn í borginni, sem hægt er að nota undir geyma fyrir heitt vatn, ef unnt á að vera að hagnýta til fulls jarðhita þann, sem til er í landi Reykjavíkur, og ekki síður, ef takast skyldi að koma upp hitaveitu fyrir alla borgina, eða

mikinn hluta hennar, en svo miklar líkur eru til þess, að sú hugsun komist í framkvæmd áður en mjög langt líður, að ekkert vit væri í því að girða fyrir möguleikana til þess með því að reisa skólabyggingar á þessu svæði.

Vegna þessa fæ ég ekki séð, að nokkur möguleiki sé á því, að bæjarstjórnin geti afhent þetta umrædda svæði til Háskólans.

Þá er loks landið norðanvert við Hringbraut í áframhaldi af fyrrnefndri lóð. Því hefir ekki verið ráðstafað til neins sérstaks vestanvert við fyrirhugaða járnbrautarstöð, en að takmörkum þess svæðis, sem er ætlað til járnbrautarinnar — eða langferðabifreiða, ef engin kemur járnbraut —, eru aðeins c. 4 hektarar. Eru þetta að miklu leyti erfðafestulönd, sem ekki eru fullkomin eign borgarinnar, en það virðist ekki útilokað, að þessa landspildu mætti ætla Háskólanum, ef þörf hans krefðist þess að fá hana til viðbótar við 1 hektar við Skólavörðutorg.

Hvað snertir land það í heild, sem frumvarpið ætlast til, að Háskólinn fái til umráða, leyfi ég mér að benda á, að það virðist mjög óhentugt til nota hans. Það er langt, en tiltölulega mjótt og liggur í miklum halla. Tvær umferðargötur, önnur 15 metra, hin 25 metra breið, skipta landinu í 3 hluta. Þetta hlýtur að vera mjög óhentugt og eykur mjög girðingarkostnað, auk þess sem landið er mjög óaðgengilegt til ræktunar, nema að nokkru leyti neðanvert við Hringbraut. Mundi það verða ærið kostnaðarsamt að koma löndum þessum í það ástand, að Háskólanum hæfði og hann gæti haft þeirra nokkur not.

Ef það er rétt skoðun, að Háskólinn þurfi 8—9 hektara land til sinna þarfa í framtíðinni, en um það skal ég ekki deila, jafnvel þótt mér þyki hér ekki skorið við neglur, þá virðist mér mjög óhyggilegt að ætla honum það land, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, enda tel ég, samkvæmt framansögðu, ógerlegt fyrir bæjarstjórnina að láta af hendi það land, sem ætlað er fyrir aðrar skólabyggingar.

Ég hefi því reynt að koma auga á einhvern annan stað, þar sem Háskólinn gæti verið vel settur í borginni, og þar sem nægilega stórt landrými væri til að færa út kvíarnar eftir þörfum, og leyfi ég mér að benda á svæðið austan við Suðurgötu gegnt Íþróttavellinum á Melunum, en sunnan við Hringbraut. Þar hagar svo til, að Reykjavíkurbær á land allt næst fyrir austan Suðurgötu, en þar fyrir neðan taka við erfðafestulönd, kálgarðar og tún. Á þessum stað er mögulegt að ætla jafnvel allt að 16,5 hektara stórt samfellt land til þarfa Háskólans, og meginið af því, sem er ræktað land, þyrfti ekki að kaupa fyrr en Háskólinn hefði þess þörf. Aðalbyggingin mundi verða reist efst í landinu nálægt Suðurgötu á lóð bæjarins og öll lóðin yrði ein heild, suður og austur frá byggingunni. — Læt ég fylgja uppdrátt (nr. 2), sem sýnir afstöðu þessa lands.

Háskólaráðið boðaði mig á fund með sér síðastliðinn laugardag út af lagafrumvarpinu og benti ég ráðinu á þennan stað. Háskólaráðið skoðaði báða staðina, ásamt bæjarverkfræðingnum og mér. Álit ráðsins er í fundargerð þess 22. þ. m., sem mér hefir verið sent afrit af í því skyni, að ég láti það fylgja þessari umsögn minni, og legg ég það hér með.

Ef lög um byggingu fyrir Háskóla Íslands verða sett á þessu þingi, er tæplega hægt að gera ráð fyrir því, að lóðamálið verði útkljáð áður, þar sem bæjarstjórnin hefir ekki haft tækifæri til að taka afstöðu til þess, og að sjálfsögðu

þurfa kennslumálaráðherra og nefndir Alþingis að kynna sér þessa nýju uppástungu. Samningar um þetta hljóta að taka nokkurn tíma, en eins og ég hefi áður tekið fram, virðist ekki geta komið til greina, að Alþingi sama sem skyldi bæjarstjórn Reykjavíkur með lögum til þess að leggja fram úr bæjarsjóði fé til tryggingar fyrir Háskóla Íslands. Slíka aðferð mætti skoða sem lítilsvirðingu á bæjarstjórninni og gæti hæglega orðið til þess að tefja úrlausn málsins. Mundi ég því telja hagkvæmast að orða 2. gr. frumvarpsins þannig:

»Landsstjórninni er falið að leita samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um afhendingu hæfilegrar lóðar til háskólabyggingarinnar á þeim stað og með þeim kjörum, sem kennslumálaráðherra og háskólaráð aðhyllast«.

Jafnframt þyrfti að breyta 1. gr. frumvarpsins á þá leið, sem háskólaráðið hefir bent á.

Ef menntamálanefndin skyldi óska frekari upplýsinga í tilefni af þessu máli, er ég fús að koma til viðtals við hana.

K. Zimsen.

Til

menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

EFTIRRIT

úr gerðabók háskólaráðsins, 22. marz 1930.

— — —

I. *Lóð undir fyrirhugaða háskólabyggingu.* Vegna frumvarps til laga um bygging fyrir Háskóla Íslands hafði háskólaráðið fengið borgarstjóra og bæjarverkfræðing til þess að mæta á fundinum.

Borgarstjóri skýrði frá því, að hann hefði fengið nefnt frumvarp til umsagnar. Er í frumvarpinu, 2. gr., gert að skilyrði fyrir fjárframlagi til háskólabyggingar, að Reykjavíkurbær gefi háskólanum til sérkvaðalausra afnota um aldur og ævi landsneið frá Skólavörðutorgi milli lóðar landsspítalans og væntanlegs íþróttavallar niður að Hringbraut og 5 ha. af landi neðanvert við Hringbraut, í áframhaldi af ofannefndri byggingarlóð háskólans.

Borgarstjóri skýrði frá því, að umrætt land yrði ekki unnt að láta af hendi með því að halda því skipulagi, sem ráðgert hefði verið, þar sem öðrum skólum hefði jafnframt verið fyrirhuguð lóð á þessu svæði, og ennfremur hlyti land háskólans með þessum hætti að verða tvískorið af götum og lóðin að öðru leyti mjög óhagkvæm, með því að hún verði hlutfallslega mjög mjó. Borgarstjóri benti á það, að bæði nægilega stór og vel löguð lóð gæti fengizt austanvert við Íþróttavöllinn núverandi og sunnanvert við Hringbraut og niður í mýri, eftir þörfum.

Lóð þessi yrði að minnsta kosti jafnstór þeirri lóð, sem um getur í 2. gr. frumvarpsins.

Háskólaráðið, ásamt borgarstjóra og bæjarverkfræðingi, skoðaði bæði þessi lönd, og var það einhuga álit háskólaráðsins, að síðarnefnda landið væri miklu betur fallið til háskólabygginga og afnota handa háskólanum.

Háskólaráðið telur æskilegt, að 2. gr. frumvarpsins verði orðuð á þessa leið:

»Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar, er, að Reykjavíkurbær gefi háskólanum til kvaðalausrar eignar 8—10 ha. af landi á þeim stað, er kennslumálaráðherra og háskólaráði þykir hentugt«.

Úr 1. gr. frumvarpsins falli niður orðin » — — á lóð þeirri — — — háskólanum í því skyni«.

— — —

Ed. 499. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

I. Frá *Jónasi Kristjánssyni.*

1. Við 15. gr. 14. Nýr liður:
   Til Odds Oddssonar, til ritstarfa um íslenzka þjóðhætti ... 600
2. Við 15. gr. 15. Nýr liður:
   Til Margeirs Jónssonar, til fræðistarfa, er snerta mál og menningarsögu Íslands 600

II. Frá *Jóni Baldvinssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*

Við 15. gr. 29. Nýr liður:
Til Benedikts Björnssonar, til ritstarfa 1200

Nd. 500. Breytingartillaga

við frv. til laga um Menntaskólann í Reykjavík.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Aftan við 2. gr. bætist:

Í sambandi við menntaskólann skal reka gagnfræðadeild með þrem bekkjum og skal miða námskröfur í tveim neðri bekkjunum við inntökupróf menntaskólans.

Nd. 501. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Minni hl. sér sér ekki fært að leggja til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 12. apríl 1930.

Ásg. Ásgeirsson, form. Jón Ólafsson, frsm.

Nd. 502. Frumvarp

til laga um bændaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera tveir skólar á landi hér, er veiti bændaefnum nauðsynlega undirbúningsmenntun og sérþekking til undirbúnings stöðu þeirra. Skal annar skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór fyrirmyndarbú, rekin á kostnað ríkissjóðs, ef hentara þykir, og veita skólastjórar þeim forstöðu.

Þar skulu færðir búreikningar um allar greinir búrekstrarins.

Á skólabúunum skal ríkisstjórnin láta fara fram hagnýtar tilraunir á ýmsum sviðum landbúnaðarins, svo sem í jarðrækt, garðrækt, kynbótum búfjár og öðru, er að búfjárrækt lýtur.

Í landi skólajarðanna má stofna nýbýli til ábúðar fyrir kennara skólans.

3. gr.

Við hvorn skóla skulu vera 4 fastir kennarar, og er einn þeirra skólastjóri. Hefir hann aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. Kennarar hafa allir leigulausa íbúð í skólanum. Fái kennarar ábúð á nýbýlum í landi skólajarðanna samkv. 2. gr., skulu þeir gjalda leigu fyrir landsnytjar og þau hús, er þeir fá til afnota umfram hæfilega kennaraíbúð. Að öðru leyti fer um launakjör kennara eftir launalögum.

4. gr.

Í hvorum skóla eru 2 deildir, búfræðideild með tveimur bekkjum og bændadeild, sem er aðeins einn bekkur.

Skólaárið er frá 15. október til 30. apríl í búfræðideild, en í bændadeild frá 15. október til 15. maí.

5. gr.

Þessi eru skilyrði fyrir inntöku í hvora deild:

a. Að umsækjandi í búfræðideild sé að minnsta kosti 17 ára, en í bændadeild 18 ára.
b. Að hann sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.
c. Að hann fullnægi um þekking þeim skilyrðum fyrir inntöku, sem sett verða í reglugerð.

6. gr.

Í búfræðideild skólans skal kennslan vera bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan skal fara fram með fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta.

Þessar námsgreinar skal kenna bóklega: Íslenzku, stærðfræði (talnafræði, flatar- og rúmmálsfræði) og reikningshald, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, landafræði, einkum viðskiptalandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffæra- og lífeðlisfræði búfjár, jarðræktarfræði, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði og verkfærafræði og land- og hallamælingar.

Í bændadeild skal leggja höfuðáherzlu á kennslu í jarðræktarfræði og húsdýrafræði. Kenna skal og aðrar námsgreinir, eftir því sem skólastjóri telur fært, og sé kennslan þeim mun yfirgripsminni sem námstíminn er styttri en í búfræðideild, enda skal í öllum undirbúningsnámsgreinum leggja aðaláherzlu á það, sem nauðsynlegt er til skilnings á búfræðinni, og í sérgreinum búfræðinnar á það, sem að mestu gagni má koma bændum í daglegu starfi þeirra.

Í báðum deildum skal ennfremur kenna: Handavinnu (smíðar), landmælingar, steinsteypugerð, söng, leikfimi og íþróttir, og auk þess í búfræðideild dráttlist og kortagerð.

Heimilt er atvinnumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum í hvorri deild skólans fyrir sig, ef skólastjóri mælir með.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar.

7. gr.

Auk kennslu samkv. 6. gr. skal veita verklega kennslu:

Fyrir nemendur búfræðideildar í öllum venjulegum jarðabótastörfum með nýtísku aðferðum, einkanlega með hestum og hestaverkfærum, svo og notkun dráttarvéla og annara jarðyrkjuverkfæra. Mega nemendur velja um, hvort þeir stunda verklega námið allt sumarið milli námsvetranna, eða 6—8 vikna tíma að vorinu hvort árið eftir að skóla er lokið. Nemendur, er stunda

verklegt nám allt sumarið, skulu einnig taka þátt í heyskaparvinnu og öðrum heimilisstörfum, allt eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Fyrir nemendur bændadeildar skal kennslan standa yfir í 6—8 vikur fyrir eða eftir slátt sumarið eftir námsveturinn, og skulu nemendur á þeim tíma vinna eingöngu að jarðabótum, eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Allir nemendur skólans skulu eiga kost á og hafa skyldu til að kynna sér og fylgjast með rekstri skólabúsins allan þann tíma, er þeir dvelja við skólann, og getur skólastjóri heimtað af þeim skýrslu eða ritgerðir, er sýni, að þeir hafi kynnt sér rekstur búsins.

8. gr.

Gjalda skal nemendum, sem taka þátt í verklegu námi, kaup fyrir vinnu þeirra, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

9. gr.

Verklega námið skal fara fram á skólajörðunum, eftir því sem hægt er að koma við, en verði verkefni ekki nægilegt á skólastaðnum, skal skólastjóra skylt, í samráði við atvinnumálaráðuneytið, að útvega nemendum verklega kennslu annarsstaðar, á tilraunabúum og búum, er styrks njóta af opinberu fé. Semja má og við einstaka menn, ef þeir eru til þess hæfir, um að veita nemendum kennslu í jarðyrkju.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans.

10. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Heimilt er, að utanskólanemendur gangi undir árspróf in.

Að loknu verklegu námi hvorrar deildar skal og fara fram verklegt próf.

Enginn getur fengið burtfararprófsskírteini frá skólunum, fyrr en hann hefir staðizt burtfararpróf í jarðyrkju.

Þeir einir, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá búfræðideild, eða hliðstæð um skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræðingur.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

11. gr.

Heimilt er, ef þörf krefur til þess að fá nemendur í aðaldeildir skólanna nægilega vel undirbúna, að hafa við skólana undirbúningsdeild, ef því verður við komið án aukins húsakosts, og fer þá um fyrirkomulag hennar og starf eftir reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

12. gr.

Búnaðarráðunautar og dýralæknar í opinberri þjónustu eru skyldir til að aðstoða við kennslu í bændaskólunum.

13. gr.

Skólastjóri skal sjá um það, að nemendur bændaskólanna eigi kost á ódýrri þjónustu á skólastaðnum og geti haft sameiginlegt mötuneyti, sem honum ber þó að hafa með eftirlit.

Heimavist skal vera í skólanum fyrir alla nemendur.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá, er meðal annars kveður nánar á um inntökuskilyrði, námsskeið í sambandi við skólana, fyrirkomulag kennslunnar og um próf.

15. gr.

Kostnaður við að gera skólana úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Svo greiðir hann og öll árleg útgjöld þeirra.

16. gr.

Út af breytingum þeim á rekstri skólabúanna, sem lög þessi hafa í för með sér, skal atvinnumálaráðuneytið leita samninga við núverandi skólastjóra. Ef viðunandi samningar nást ekki, koma ákvæði 2. gr. til framkvæmda þegar næst verða skólastjóraskipti.

Að öðru leyti koma lög þessi til framkvæmda 15. okt. 1930.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla, og lög nr. 25, 7. maí 1928, um viðauka við þau lög.

Ed. 503. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

I. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 13. gr. B. I. 2. (Laun aðstoðarverkfræðings).

Fyrir »5600« kemur 6780

II. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 15. gr. 32. Nýr liður:

Til Snorra Arinbjarnar listmálara 1200

Til vara 1000

Ed. 504. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Minni hl. (BK og JÞ) mun ekki geta fylgt frv. óbreyttu, en meiri hl. leggur til, að það verði samþykkt eins og það liggur nú fyrir.

Alþingi, 12. apríl 1930.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Jón Jónsson.

Ed. 505. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Meiri hluti menntamálanefndar er samþykkur meginhugsun frumvarpsins og teldi heppilegt, að fyrirkomulag það, sem þar er stungið upp á, væri prófað. En þar sem nú er komið mjög nærri þinglokum og engin von þess, að frv. verði útrætt, sér meiri hl. ekki ástæðu til að bera fram þær breytingartillögur, sem hann að öðrum kosti teldi rétt að gera á frv.

Alþingi, 12. apríl 1930.

Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm. meiri hl.	Sveinn Ólafsson.

Nd. 506. Nefndarálit

um frv. til myntlaga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fyrir nefndina kom, auk þessa frv., frv. um verðfesting á pappírsgjaldeyri. Þessi tvö frv. stefna bæði að sama marki: að festa gengi íslenzkrar krónu

í því gildi, sem hún er í nú, og þar með að festa allt verðlag í landinu, að því leyti sem það er háð gengi verðmiðilsins. Hinsvegar leggja frv. tvær mismunandi leiðir að markinu.

Sundurleitar skoðanir voru ríkjandi um málið í nefndinni. Þrír nefndarmenn (HJ, HStef og ÓTh) vilja festa gildi verðmiðilsins og verðlagsins í núverandi gildi, en skilur á um þær tvær leiðir, sem í þessum tveimur frv. felast. Tveir nefndarmenn eru hækkunarmenn, en munu þó fylgja hækkuninni af mismunandi ástæðum.

Gengismálið hefir verið dagskrármál og deilumál í landinu síðan fyrir síðustu alþingiskosningar. Núverandi stjórn og stjórnarflokkur, sem hefir verið og er eindregið fylgjandi festingunni, hefir raunverulega framfylgt henni í verki síðan Framsóknarflokkurinn tók við stjórn, en hefir skort atkvæðamagn í annari þingdeildinni til þess að fá hana lögfesta. Með myntlagafrv. er bent á þá leið, sem Framsóknarflokkurinn vill fara að markinu, sem ótvírætt þá einföldustu í framkvæmd, hagkvæmustu og annmarkaminnstu leið, sem farin verði.

Reynt var að fá samkomulag um þá afgreiðslu málsins, að leggja myntlagafrv. til grundvallar, en bæta við nýrri frvgrein, þar sem svo væri ákveðið, að fara mætti inn á þá leið, er felst í frv. um verðfestingu pappírsgjaldeyris, ef endurreist verður myntsamband Norðurlanda, og ef það þætti þá tiltækilegra, en sú tilraun til málamiðlunar varð árangurslaus.

Með því, sem að framan er sagt, höfum við einnig gert grein fyrir afstöðu okkar um verðfesting pappírsgjaldeyris.

Alþingi, 12. apríl 1930.

Halldór Stefánsson, form., frsm. Hannes Jónsson, fundaskr.

Nd. 507. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við l. nr. 24, 15. júní 1926, um bryggjugerð í Borgarnesi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar mælir með því, að frv. þetta verði samþykkt, og er tilgangur þess sá, að gera uppskipun og útskipun ódýrari í Borgarnesi en annars yrði. Einn nefndarmaður (MG) var ekki á fundi og hefir því óbundið atkvæði.

Alþingi, 12. apríl 1930.

Gunnar Sigurðsson, form. Héðinn Valdimarsson, frsm., fundaskr. Hákon Kristófersson,

Magnús Torfason.

Nd. 508. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35 7. maí 1928.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Upphaf 5. gr. orðist svo:

Aftan við 15. gr. bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi, o. s. frv.

Nd. 509. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

c-liður 3. gr. laganna orðist þannig: að hann sendi afrit af skattskrá sinni fyrir síðastl. ár um eignir og skuldir, staðfest af skattanefnd.

2. gr.

4. gr. laganna falli burt.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lán til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi eða landi, sem að nokkru leyti hefir verið ræktað af lántakanda sjálfum síðustu fimm árin, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sé $3^1/_2$% í 50 ár. Lán þessi skulu standa án afborgunar og vaxta fyrstu fimm árin.

Öll önnur lán úr sjóðnum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

a. Í stað orðanna í 1. málsgr. 9. gr. laganna: »4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs« komi: 5% landverðs að viðbættum 4% húsaverðs.

b. Aftan við sömu grein bætist ný málsgr.:

Ef lán er endurgreitt fyrir umsaminn tíma, er lánþega að jafnaði skylt að endurgreiða til sjóðsins þann vaxtamun, sem verið hefði á láninu, ef það hefði verið tekið í veðdeild bankans.

5. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgjaldskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með stofnun þeirra og hafi sjálf yfirumsjón með rekstri þeirra.

6. gr.

Fyrri málsgr. 18. gr. laganna falli burt.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. 510. Viðaukatillaga

við tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til þess að ná eignarhaldi á lóðum undir þjóðhýsi.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson og Jörundur Brynjólfsson.

Aftan við tillögugreinina bætist:

Ennfremur heimilar Alþingi ríkisstjórninni að festa kaup á lóð og húseign K. F. U. M., sem er ein ofangreindra eigna, ef samningar takast, sem stjórnin telur viðunandi, en ella verði eign þessi tekin eignarnámi, að fenginni heimild með bráðabirgðalögum, áður ný mannvirki verði þar reist.

Ed. 511. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

Frá dómsmálaráðherra.

1. Við 13. gr. E. (Flugfélag).
   Stafliðurinn falli burt.

2. Við 15. gr. 27. Nýr liður:
   Til Guðmundar Kambans, til ritstarfa 2700

3. Við 18. gr. II. g. 11. (Jakob Thorarensen).
   Fyrir »1000« kemur 1200

4. Við 18. gr. II. g. 13. (Guðmundur Kamban).
   Liðurinn fellur burt.

Nd. 512. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Nú gerir maður þurrheyshlöðu, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, sem nemi kr. 0.50 á hvert metið dagsverk. Þó veitist engum hærri upphæð en 500 kr.

Styrkir til þurrheyshlöðubygginga skulu ekki fara fram úr 50 þús. kr. alls á ári.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að veggir hlöðunnar séu gerðir úr steinsteypu eða steinlímdir, og þak úr bárujárni (og timbri) eða steinsteypu.

Eigi veitist styrkur á hlöður, sem taka minna en 100 hesta heys. Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um gerð á umræddum hlöðum og ákveður, hvernig þær skuli lagðar í dagsverk.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930.

Nd. 513. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Málsgreinin »Styrkir til . . . alls á ári« falli burt.

Nd. 514. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931 og við brtt. á þskj. 497.

I. Frá *dómsmálaráðherra.*

Við brtt. 497, IX (Kristinn Björnsson).

Aftan við tillöguna bætist:

Til vara 1500

II. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við brtt. 497, XIX (Árni Kristjánsson).
Fyrir »1600« komi: 1300

III. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við brtt. 497, XXIII, 2.
Aftan við málslið tillögunnar bætist: utan kaupstaða.

VI. Frá *Guðmundi Ólafssyni.*
Við 16. gr. 48.
Fyrir »1/3 kostnaðar« komi: 3/5 kostnaðar.

Nd. 515. Nefndarálit

um frv. til laga um Menntaskólann í Reykjavík.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu frv. Leggur minni hl. til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 12. apríl 1930.

Bernh. Stefánsson. Sveinn Ólafsson, frsm.

Ed. 516. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. fjárhagsnefndar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. apríl 1930.

Ingvar Pálmason, form. og frsm. meiri hl. Jón Baldvinsson, fundaskr.

Ed. 517. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa og semja frv. til laga um alþýðutryggingar.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir rætt og athugað þessa tillögu og leggur meiri hl. nefndarinnar það til, að hún verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (BK) var

ekki á fundi, þegar ákvörðun var tekin, og hefir hann því óbundið atkvæði um tillöguna.

Alþingi, 12. apríl 1930.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr. og frsm.

Nd. 518. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árið 1931.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1931 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlazt til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	260000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1200000	
3.	Lestagjald af skipum	40000	
			1500000
4.	Aukatekjur	475000	
5.	Erfðafjárskattur	30000	
6.	Vitagjald	350000	
7.	Leyfisbréfagjöld	10000	
8.	Stimpilgjald	360000	
9.	Skólagjöld	20000	
10.	Bifreiðaskattur	70000	
			1315000
11.	Útflutningsgjald		1100000
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	425000	
13.	Tóbakstollur	1025000	
14.	Kaffi- og sykurtollur	850000	
	Flyt ...	2300000	3915000

	kr.	kr.
Flutt ...	2300000	3915000
15. Annað aðflutningsgjald	200000	
16. Vörutollur	1500000	
17. Verðtollur	1760000	
		5760000
18. Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ...		50000
19. Pósttekjur	500000	
20. Símatekjur	1600000	
		2100000
21. Útvarpstekjur		100000
22. Vínеinkasala		575000
Samtals ...	... ...	12500000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..		30000
2. Tekjur af kirkjum		100
3. Tekjur af silfurbergi		1000
4. Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar.		3500
Samtals ...	... ...	34600

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		10000
2. Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	20000	
3. Væntanlega útdregið af þeim bréfum	24000	
		44000
4. Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5. Aðrir vextir...		50000
Samtals ...	... ...	112000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
4. Tekjur Menningarsjóðs		15000
5. Skemmtanaskattur		75000
Samtals ...	... ...	170000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1931 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.— 20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	140622	
2. Dönsk lán, danskar kr. 162164,82 á 121.70	197354	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8046 - 3 - 6 á 22.00	177015	
		514991
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	167127	
2. Dönsk lán, danskar kr. 357319,14 á 121,70	434857	
3. Enska lánið 1921, £ 2552 - 17 - 11 á 22,00	56163	
		658147
III. Framlag til Landsbankans, 18. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	1273138

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins...		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		225000
2. Til yfirskoðunar landsreikninga		4200
Samtals ...	... ...	229200

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun...	35400		
b. Til risnu	8000		
		43400	
2. Til utanferða ráðherra..		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		75000	
4. Annar kostnaður		44000	
5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum		27000	
Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.			
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl.	900		
b. Til pappírs og prentunar	12000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1000		
		13900	
Flyt ...		209300	

		kr.	kr.
	Flutt ...	209300	
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans	10000	
			219300
II.	Hagstofan:		
1.	Laun	13000	
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	13000	
3.	Prentun eyðublaða.	2000	
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	5000	
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	25000	
6.	Til að gefa út manntalið 1703...	1000	
			59000
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra 20000		
	b. Húsaleiga... 5000		
	c. Kostnaður við embættið 20000		
	d. Til skrifstofuhalds... 17000		
		62000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
4.	Kostnaður við sambandsleganefnd	6000	
5.	Gengismunur af upphæðunum í 8. gr. 10. gr. III 1—3	25000	
			109000
	Samtals ...	... ...	387300

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
a.	Laun..	31400	
b.	Annar kostnaður, allt að	5000	
	Þar af 3000 kr. til ritara.		36400
	Flyt ...	... ...	36400

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	36400
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		150000
3. Laun hreppstjóra		25000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 3 skrifara	25000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
c. Ýms gjöld, allt að	5000	
d. Til samningar spjaldskrár yfir afsals- og veðmálabækur	3000	
		37200
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun 4 skrifara	15120	
b. Laun 6 tollvarða	30380	
c. Húsaleiga	4500	
d. Hiti og ljós	2000	
e. Innheimtukostnaður	16000	
f. Ýms gjöld, allt að	18000	
		86000
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun fulltrúa og 3 skrifara	23700	
b. Húsaleiga	4000	
c. Hiti og ljós	2400	
d. Ýms gjöld	2900	
		33000
Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
7. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		100000
8. Styrkur til lögreglustjóra, til utanferða		2000
9. Til landhelgisgæzlu, gegn allt að 300000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		10000
13. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		15000
14. Borgun til sjódómsmanna		2000
15. Borgun til setu- og varadómara		5000
Samtals A. ...	... ...	833600

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	35000	
b. Fyrir embættisskeyti	45000	
		80000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		60000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		15000
Samtals B. ...	... ...	186000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		255000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, allt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn		9450
Styrkurinn skiptist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. —		
Flyt ...	... ...	266450

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	266450
16. Til Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, og til Múlahrepps 250 kr., 550 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna byggðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. 20. Til Árneshrepps í Strandasýslu 600 kr., sé héraðið læknislaust. — 21. Til Loðmundarfjarðarhrepps 150 kr. — 22. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sérstakan lækni, 2000 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta héraðslækna		1500
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1000	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1000	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
Ferðastyrkurinn skiptist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		3000
6. Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík		1000
7. Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hvor um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og geti skýrslu um það.		
Flyt ...	... ...	272950

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	272950
8.	Til geislalækningastofu ríkisins..		12000
9.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10.	Styrkur til héraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sér nýrrar læknisþekkingar		3000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
11.	Holdsveikraspítalinn		62940
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7800	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 12000		
	2. Viðurværi 40 manna (ca. 130 a. á dag) 18740		
	3. Klæðnaður 1500		
	4. Lyf og sáraumbúðir 1400		
	5. Eldsneyti 7600		
	6. Ljósmeti 2000		
	7. Húsbúnaður og áhöld 1800		
	8. Viðhald á húsum 2500		
	9. Þvottur og ræsting.. 1500		
	10. Greftrunarkostnaður 500		
	11. Skemmtanir 600		
	12. Skattar o. fl. 3500		
	13. Ýmisleg gjöld 1500		
		55140	
		62940	
12.	Geðveikrahælið á Kleppi:		
	I. Gamli spítalinn		59625
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	6800	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna 13500		
	2. Búrekstur 16000		
	3. Matvæli 32000		
	4. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum 3500		
	5. Lyf og sáraumbúðir 500		
	Flyt ... 65500	6800	413015

		kr.	kr.
Flutt ...	65500	6800	413015
6. Ljós og hiti	10000		
7. Viðhald og áhöld	10000		
8. Þvottur og ræsting...	3000		
9. Skemmtanir	750		
10. Skattar m. m....	2500		
11. Óviss gjöld	1400		
		93150	
Þar frá dragast þessar tekjur:		99950	
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
Mismunur ...		59625	
II. Nýi spítalinn			43000
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6500	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	32000		
2. Matvæli	36000		
3. Fatnaður sjúklinga	1000		
4. Fatnaður starfsfólks	1000		
5. Lyf og sáraumbúðir	5000		
6. Ljós og hiti	10000		
7. Viðhald og áhöld	5000		
8. Þvottur og ræsting	4000		
9. Skattar og tryggingar	3000		
10. Skemmtanir	1000		
11. Óviss útgjöld	1500		
		99500	
Þar frá dregst:		106000	
Innborgað frá sjúklingum		63000	
Mismunur ...		43000	
13. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			2800
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		6800	
B. Laun aðstoðarlæknis		6000	
Flyt ...		12800	458815

		kr.	kr.
	Flutt ..	12800	458815
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	28000		
2. Viðurværi..	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting..	5500		
6. Viðhald húsa...	4800		
7. Viðhald véla	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld...	11000		
9. Flutningskostnaður..	4000		
10. Óviss gjöld	2640	223140	
		235940	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	1000	233140	
	Mismunur ...	2800	
14. Heilsuhælið í Kristnesi:			
Rekstrarkostnaður			3000
15. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, allt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að sjúklingar, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhéraðssjúklingar.		18000	
b. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknabústaði ..		18000	
c. Til Hróarstungulæknishéraðs, sérstakur styrkur upp í kostnað við að reisa læknisbústað með sjúkrastofu		5000	
d. Bólusetningarkostnaður		3500	
e. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		18000	
f. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands		2000	
g. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum		7000	
	Flyt ...	71500	461815

	kr.	kr.
Flutt ...	71500	461815
h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
i. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfélagsins Líknar, gegn a. m. k. jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur ...	4000	
j. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	500	
k. Til félags íslenzkra hjúkrunarkvenna	700	
l. Til geitnalækninga, gegn að minnsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að	500	
m. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sjer gervilimi	4000	
n. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
o. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
		85700
16. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		38000
Samtals ...	... ...	585515

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

A. Póstmál.	kr.	kr.
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	109800	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
c. Bréfhirðingamenn...	22000	
		211800
2. Póstflutningur		200000
3. Annar kostnaður:		
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi...	15000	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	24000	
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
d. Önnur gjöld	60000	
		115500
Samtals A. ...	... ...	527300

		kr.	kr.
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	6780	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, allt að	6000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, allt að	24000	
	5. Skrifstofukostnaður, allt að	8000	
			52580
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjósarvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði 1/4 kostnaðar 20000		
	2. Stykkishólmsvegur 20000		
	3. Holtavörðuheiðarvegur 60000		
	4. Vesturlandsvegur 40000		
	5. Húnavatnssýsluvegur 15000		
	6. Langadalsvegur 10000		
	7. Blönduhlíðarvegur 25000		
	8. Öxnadalsvegur 10000		
	9. Vaðlaheiðarvegur 60000		
	10. Þistilfjarðarvegur 15000		
	11. Jökulsárhlíðarvegur 10000		
	12. Biskupstungnabraut 20000		
	13. Skaftártunguvegur 10000		
	14. Vopnafjarðarvegur 10000		
		325000	
	b. Viðhald og umbætur	200000	
			525000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúalögum		150000
IV.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		70000
V.	Fjallvegir		25000
VI.	1. Til áhalda, allt að	20000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
			20300
VII.	Til sýsluvega:		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ... ... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annars-	40000	
	Flyt ...	40000	842880

		kr.	kr.
	Flutt ...	40000	842880
	staðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	80000	
			120000
VIII.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti	300	
	2. - Skjálfandafljóti	300	
	3. - Blöndu	300	
			900
IX.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		250
X.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
XI.	Styrkur til Sigurðar Daníelssonar, til byggingar á Kolviðarhóli, síðari greiðsla		6000
	enda hvíli sú kvöð framvegis á húseiganda að halda þar uppi gistingu og greiðasölu fyrir ferðamenn, undir eftirliti og samþykki atvinnumálaráðherra hvað verðlag áhrærir. Jafnframt fellur niður árlegt ríkissjóðstillag til gistihússins.		
XII.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn		3000
	Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum við þjóðbraut.		
XIII.	Til byggingar í Bakkaseli		25000
XIV.	Til byggingar útihúsa í Fornahvammi		4000
XV.	Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925		5000
	Samtals B. ...	... ...	1012030
	C.		
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	200000	
	b. Eimskipafélags Íslands	60000	
	c. H/f Skaftfellings	24000	
			284000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum...		91200
	Samtals C. ...	... ...	375200

	kr.	kr.
D.		
Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra	7800	
Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, hjeraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	6500	
3. Til verkfróðrar aðstoðar	7000	
4. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	6200	
5. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
		30000
II. Laun vitavarða..		28000
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III. Rekstrarkostnaður vitanna		115000
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V. Til að reisa nýja vita		80000
VI. Til áhaldakaupa		10000
VII. Ýmislegt		30000
VIII. Til bryggjugerða og lendingarbóta, allt að 1/3 kostnaðar, gegn 2/3 annarsstaðar að, enda sé það fé fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ...		97000
Af upphæðinni skal verja 6000 kr. til bryggjugerðar í Grindavík, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að, enda séu almenningi tryggð afnot af bryggjunni.		
IX. Til viðgerðar öldubrjótnum í Bolungavík, helmingur kostnaðar (þar af endurveiting kr. 3742,52) allt að		7500
Verkið sé unnið undir eftirliti vitamálastjórnarinnar.		
Samtals D. ...	... ...	407500
E.		
Til Flugfélags Íslands h/f.		
1. Styrkur til flugferða	20000	
Flyt ...	20000	... ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	20000	... ...
2.	Til flugvélakaupa	50000	
	Framlagi þessu (í tölul. 2) er stjórninni heimilt að verja til hlutakaupa í flugfélaginu.		70000
	Samtals E. ...	... ...	70000
	F.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseignum á Seyðisfirði o. fl.		45000
II.	Til einkasíma í sveitum		30000
III.	Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi héruð		100000
IV.	Til kaupa fjölsímatækja, Reykjavík—Akureyri, fyrri greiðsla		75000
V.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	360000	
	2. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna ...	20000	
	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	40000	
	4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	250000	
	6. Áhaldahúsið	3000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	15000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	16000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði...	11000	
	10. Símastöðin á Borðeyri	6000	
	11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
	12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	7000	
	13. Símastöðin á Siglufirði	7500	
	14. Til aukaritsímaþjónustu	3000	
	15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	115000	
	16. Afborgun og vextir af láni frá L. M. Ericsson o. fl.	141000	
	17. Til uppbótar á launum:		
	a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, allt að 14100		
	b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927.. 14000		
	Flyt ... 28100	1013000	250000

		kr.	kr.
	Flutt .. 28100	1013000	250000
	c. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. 3600		
		31700	
	18. Til Steindórs Björnssonar	1200	
	19. Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
			1046500
VI.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		40000
VII.	Viðbót og viðhald stöðvanna		55000
VIII.	Til að reisa lofttalstöðvar á Ísafirði og Horni ...		10000
IX.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að		10000
X.	Viðhald landssímanna		180000
XI.	Áframhaldsgjald		25000
XII.	Til kennslu fyrir símamenn...		3000
XIII.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XIV.	Ýms gjöld		7000
	Samtals F. ...	... ...	1628000
	G. Útvarp.		
I.	Stofnkostnaður. Afborgun og vextir af láni frá Marconifélaginu í London		178000
II.	Starfrækslan.		
	1. Laun útvarpsstjóra	9300	
	2. Útvarpsráð og útvarpsefni	33700	
	3. Viðhald, ræsting, ljós, hiti, rafmagnsgæzla ...	40000	
	4. Yms gjöld	20000	
			103000
	Samtals G. ...	... ...	281000

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stéttin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8800	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að	2000	
		10800
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs...	260000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Styrkur til þjónandi presta til utanferða	2000	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924.	20000	
		290650
Samtals A. ...	... ...	301450
B.		
Kennslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	93000	
b. Til héraðslæknisins í Reykjavík fyrir kennslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Til kennslu í söng	1000	
e. Til kennslu í bókhaldi	400	
Flyt ...	96400	

	kr.	kr.
Flutt ...	96400	
f. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hér halda fyrirlestra í háskólanum, allt að	2000	
g. Námsstyrkur	15000	
h. Húsaleigustyrkur	9000	
i. Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans	6000	
j. Til kennsluáhalda læknadeildar...	1000	
k. Fyrir starf við gerlarannsókn og kennslu í efnafræði	2800	
l. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	4000	
m. Önnur gjöld:		
1. Til ritara og dyravarðar ... ... 4000 auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.		
2. Ýms gjöld 5000		
	9000	
n. Ferðastyrkur vegna stúdentaskipta	750	
o. Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, þriðja greiðsla af fjórum	2500	
p. Til stúdentagarðs (endurveiting)	25000	
		173450
II. Námsstyrkur erlendis:		
a. Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum ...	24000	
b. Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs ... ... Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.	12000	
c. Til Jens Jóhannessonar læknis, til sérfræðináms í háls-, nef- og eyrnalækningum	1200	
d. Til Gunnars Bjarnasonar, til þess að ljúka námi í vélaverkfræði í Mittweida í Þýzkalandi... ...	900	
e. Til Kristins Björnssonar læknis, til þess að ljúka skurðlækninganámi í París	1500	
		39600
Flyt ...	... ...	213050

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	213050
III. Menntaskólinn almenni:			
a. Laun		74200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	1000		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	7000		
3. Til skólahússins utan og innan ...	3000		
4. Til stundakennslu og til prófdómenda, allt að	27000		
Af upphæð þessari má verja allt að 2000 kr. til stundakennara í námsgreinum þeim, er Guðm. Bárðarson kennir.			
5. Húsaleigustyrkur handa 15 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ...	1125		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	2800		
7. Læknisþóknun	500		
8. Til kennslutækja	2000		
9. Ýmisleg gjöld	3500		
10. Til verðlaunabóka	200		
11. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
		50125	
			124325
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		29000	
b. Önnur gjöld:			
1. Til aukakennara og stundakennslu	12000		
2. Vegna kostnaðar við skólastjórn ...	2000		
3. Til bóka og kennsluáhalda	2000		
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	1200		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
Flyt ...	23700	29000	337375

		kr.	kr.
Flutt ...	23700	29000	337375
6. Til dyravörzlu	2000		
7. Til viðhalds	2000		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		30700	
			59700
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakennsla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámsskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	3000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		15500	
			34500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	1500		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Til áhaldakaupa	10000		
5. Ýmisleg gjöld	2500		
		15800	
			29300
VII. Vélstjóraskólinn:			
a. Laun		8800	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	1000		
2. Húsnæði	5400		
Flyt ...	6400	8800	460875

		kr.	kr.
Flutt ...	6400	8800	460875
3. Ljós og hiti	1300		
4. Ræsting	700		
5. Til prófhalda	800		
6. Ýms gjöld	500		
		9700	
			18500

Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minnsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.

VIII. Bændakennsla:

1. Til bændaskólans á Hólum:
   a. Laun 9650
   b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu 1450
   c. Önnur gjöld:
      1. Til verklegs náms, allt að 2500
      2. Til kennsluáhalda ... 800
      3. Til eldiviðar og ljósa ... 3500
      4. Ýmisleg gjöld 3000
      9800
   20900

2. Til bændaskólans á Hvanneyri:
   a. Laun 8550
   b. Til smíða- og leikfimikennslu ... 1300
   c. Önnur gjöld:
      1. Til verklegs náms, allt að 2400
      2. Til kennsluáhalda 500
      3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000
      4. Ýmisleg gjöld 3000
      8900
   18750

Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstím-

Flyt ...		39650	479375

	kr.	kr.
Flutt ...	39650	479375
ann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kennslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sé í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3. Til steinsteypukennslu	4000	
		43650
IX. Iðnfræðsla:		
a. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar ... ... Þar af til framhaldskennslu 1500 kr.	7500	
b. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	2000	
c. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, til skólahalds	1200	
d. Til Iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds .. .. Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar. Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.	800	
e. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis ... ... Þar af 1000 kr. til Jóns Sigurðssonar, til þess að nema nýjustu aðferðir við byggingar úr járnbentri steinsteypu.	5000	
		16500
X. Verzlunarskólar:		
a. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	6000	
b. Til Sambands samvinnufélaganna, til þess að halda uppi verzlunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..	6000	
		12000
XI. Ljósmæðraskólinn:		
1. Laun forstöðumanns	1000	
Flyt ...	1000	551525

		kr.	kr.
	Flutt ...	1000	551525
2. Til verklegrar kennslu:			
a. Laun þriggja ljósmæðra í Rvík ...	900		
b. Annar kostnaður, allt að	500		
		1400	
3. Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, allt að		6700	
			9100
XII. Kvennaskólar:			
1. Til kvennaskólans í Reykjavík:			
a. Húsaleigustyrkur	5000		
b. Rekstrarkostnaður, gegn að minnsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	21000		
c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að	4000		
d. Námsstyrkur til sveitastúlkna ...	1000		
		31000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:			
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði	14000		
b. 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að...	2000		
c. Til endurbóta á skólahúsinu ...	6000		
		22000	
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.			
			53000
XIII. Almenn barnafræðsla:			
1. Umsjón fræðslumála:			
a. Laun fræðslumálastjóra	5600		
b. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að...	2000		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, allt að	1000		
		8600	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót		300000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót...		30000	
	Flyt ...	338600	613625

		kr.	kr.
	Flutt ...	338600	613625
4.	Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, allt að... ...	7000	
5.	Til prófdómara við barnapróf	10000	
6.	Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkv. skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, allt að	40000	
7.	Til fræðslumálarits...	800	
8.	Utanfararstyrkur handa barnakennurum	3000	
			399400
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	a. Laun	10500	
	b. Til hannyrða, leikfimi og smíðakennslu	2000	
	1. Til kennsluáhalda ... 800		
	2. Til eldiviðar og ljósa ... 4000		
	3. Ymisleg gjöld 3000		
	4. Til viðhalds skólahúss og húsgagna... 2000		
	5. Til smíðastofu og smíðatólakaupa 1000		
		10800	
	c. Til vatnsveitu í skólann	9000	
			32300
2.	Til gagnfræðaskóla í Reykjavík...		3000
3.	Til héraðsskóla samkv. l. nr. 32 1929		55000
4.	Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur og Akureyrar, allt að		35000
	Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sé minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kennslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.			
5.	Til þess að reisa hjeraðsskóla í sveitum, allt að helmingi kostnaðar		40000
	Þar af 10000 kr. til leikfimihúss á Laugum.			
	Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sé ákveðinn, áætlun og teikning samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði			
	Flyt ..		165300	1013025

	kr.	kr.
Flutt ...	165300	1013025
reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn héraðseign.		
5. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, $^2/_5$ kostnaðar, allt að	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sé samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.		
6. Til bókasafna við unglingaskóla	2000	
7. Til þess að gefa út kennslubækur handa skólum	3000	
		190300
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
2. Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað.	5000	
Styrkir samkvæmt tölul. 1.—2 eru bundnir því skilyrði hvor um sig, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerðir skólanna.		
3. Til þess að reisa húsmæðraskóla, allt að helmingi byggingarkostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sé ákveðinn, áætlun og teikning samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni.		
4. Til kvenfélagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	6000	
Noti félagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
5. Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal.	1500	
		37500
XVI. Til kennslu heyrnar- og málleysingja m. m.		26000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
Flyt ...	... ...	1266825

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1266825
XVII. Blindrakennsla:		
1. Til kennslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að	1000	
2. Til Sigurbjargar Sveinsdóttur, til framhaldsnáms á blindraskóla í Kaupmannahöfn	1200	
3. Til blindra manna, til þess að nema körfugerð og þesskonar iðnað innanlands, samkv. nánari fyrirmælum atvinnumálaráðuneytis	2400	
		4600
XVIII. Sundkennsla o. fl.:		
1. Til sundkennslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennsla þessi fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfé, njóti kennslunnar ókeypis.	300	
2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkennslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ...	3000	
3. Til sundkennslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkennslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda séu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, allt að	20000	
		26300
XIX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kennslu í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		1800
XX. Til Soffíu Stefánsdóttur, til þess að halda uppi námsskeiðum fyrir konur og karla í teikningu og tréskurði allt árið		1200
XXI. Til íþróttakennslu		4000
XXII. Til Íþróttasambands Íslands		6000
XXIII. Til Unnar Jónsdóttur, utanfararstyrkur til þess að fullnuma sig í íþróttakennslu		1200
XXIV. Til Helga Tryggvasonar, utanfararstyrkur til þess að kynna sér hraðritunarkennslu og skólamál ...		1500
XXV. Til Skáksambands Íslands		1500
Samtals B. ...	... ...	1314925

15. gr.

Til vísinda, bókmennta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. bókavarðar, 500 kr., og til 2. bókavarðar 1000 kr.	1500	
c. Til aðstoðar	4500	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands	15000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	2000	
j. Ýmisleg gjöld	1000	
		47460
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6600	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		13100
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7300	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, allt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, allt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	1500	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
Þjóðminjasafnið sé opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
f. Til Hóladómkirkju, til endurbóta	1000	
		14850
4. Náttúrufræðifélagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
Flyt		78810

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	78810
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
7. Aukastyrkur til þriggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar...	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði	1000	
enda skal starfrækja safnið í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar.		
		7000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1000
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenzka bókmenntafélags		3400
enda haldi það áfram útgáfu hins íslenzka fornbréfasafns sem að undanförnu.		
11. Til Þjóðvinafélagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að félagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ...		6800
12. Til Fornleifafélagsins		800
13. Til Sögufélagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14. Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar að		1200
15. Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái þjóðskjalasafnið afrit af skránni		1500
Flyt ...	... ...	113910

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	113910
16. Til útgáfu allt að 20 arka af þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1500
17. Til Ríkarðs Jónssonar, styrkur til útgáfu myndabókar með verkum hans		1500
18. Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, allt að		5000
19. Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
20. Til Leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað.		1500
21. Til Leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		1000
22. Til Arndísar Björnsdóttur, til leiklistarnáms erlendis .		2000
23. Til Sigrúnar Magnúsdóttur, til leiklistarnáms við leikskóla konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn		2000
24. Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum...		2000
25. Til Maríu Markan, til lokanáms í söngleiklist		1500
26. Til Árna Kristjánssonar, til þess að fullnuma sig í pianóleik		1300
27. Til Karlakórs Reykjavíkur, til söngnáms		1000
28. Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		6000
29. Til Halldórs Kiljans Laxness, til ritstarfa		2000
30. Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sé safnið eign ríkisins		2400
31. Til Finns Sigmundssonar, til þess að semja skrá yfir íslenzkar rímur og kanna sögu þeirra...		1500
32. Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum, enda sé handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
33. Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
34. Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga		1500
35. Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1200	
		8000
Flyt ...	... ...	166410

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	166410
36. Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga, lokagreiðsla ...		2000
37. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sé nýtt ...		1000
38. Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		1000
39. Til Guðbrands Jónssonar, til þess að semja íslenzka miðaldamenningarsögu		1800
40. Til Stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja upplýsingaskrifstofu		1200
41. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
42. a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót .. .. enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sé almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
b. Til sama, til aðstoðar	1200	
		8000
43. Til fréttastofu blaðamannafélagsins		2500
44. Til þess að kaupa Grænlands-bókasafn Einars Benediktssonar handa Landsbókasafni		5000
45. Ferðastyrkur til útlanda		6000
46. Til Menningarsjóðs (sbr. tekjul. 5. gr. 4.)		15000
47. Til þjóðleikhúss (sbr. tekjul. 5. gr. 5.)		75000
48. Þóknun fyrir störf menntamálaráðs Íslands (sbr. 1. gr. laga nr. 7, 12. apríl 1928)		3000
Samtals ...	... ...	291910

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins... ...		250000
Flyt ...		250000

	kr.	kr.
Flutt ...		250000
2. Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, allt að		10000
Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfélag Íslands.		
3. Til sandgræðslu		40000
Þar af 5000 kr. til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi.		
4. Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		430000
5. Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
6. Tillag til Búnaðarbankans:		
a. Til byggingar- og landnámssjóðs	200000	
b. Til bústofnslánadeildar	50000	
c. Til ræktunarsjóðs:		
1. Afgjöld þjóðjarða 30000		
2. Kostnaðartillag 7000		
3. Hluti af útflutningsgjaldi 63000		
	100000	
d. Til lánadeildar smábýla	50000	
		400000
7. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna, samkv. lögum um verkamannabústaði...		33000
8. Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		50000
9. Til að rannsaka og gera tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, gegn fimmtungs framlagi frá hlutaðeigandi héruðum, allt að		15000
10. Til Garðyrkjufélags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		4000
11. Til skógræktar:		
a. Laun	11910	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	16000	
c. Til Hákonar Á. Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms...	1200	
		29110
12. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	900	
		17900
Flyt ...	... ...	1294010

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1294010
13.	Til rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna		20000
14.	Til fjárkláðalækninga		6000
15.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		500
16.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	4800	
	b. Til aðstoðar	5600	
	c. Húsaleiga	3000	
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
	e. Til áhaldakaupa	800	
			15400
17.	Til veðurstofu Íslands:		
	a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
	b. Til aðstoðar	12350	
	c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	10000	
	d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
	e. Til loftskeytatækja	800	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	4000	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
	h. Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum	2000	
			56600
18.	Til landmælinga		55000
19.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
20.	Til Fiskifélagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		80000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
21.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskyfirmatsmanna	16600	
	b. Launauppbót fiskyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfé.		
	c. Laun 4 ullarmatsmanna	2200	
	d. — 6 kjötmatsmanna	5000	
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	10000	
			42000
	Flyt ...	... ...	1575510

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	1575510
22.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra:		
	a. Laun skipaskoðunarstjóra	6800	
	b. Til skrifstofukostnaðar, allt að...	5000	
			11800
23.	Til markaðsleitar erlendis		10000
24.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
25.	Til Sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga ... ... Þar af 800 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði á Norður- og Austurlandi.		6000
26.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði		1000
27.	Til Guðmundar Einarssonar myndhöggvara, til þess að setja upp leirbrennsluverksmiðju		5000
28.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
29.	Til Ingu L. Lárusdóttur, til þess að safna fyrirmyndum forns listiðnaðar í söfnum erlendis		3000
30.	Til Kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna ...		600
31.	Til Kvenfélagasambands Íslands, til undirbúnings starfsemi sinni		2000
32.	Til sambands norðlenzkra kvenna		450
33.	Til sambands austfirzkra kvenna		450
34.	Til sambands sunnlenzkra kvenna		450
35.	Til Bandalags kvenna		450
36.	Til kvenréttindafélags Íslands		500
37.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
38.	Handa Ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Félagið geti landsstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið.		7500
39.	Til Bandalags skáta		500
40.	Til Dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		1000
41.	Til Fiskiræktarfélagsins Blöndu, 1/3 rekstrarkostnaðar, allt að		500
42.	Laun húsagerðarmeistara...		7800
43.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita, á móti bygginga- og landnámssjóði ... ... enda greiðist engin borgun fyrir leiðbeiningarnar.		4000
	Flyt ...	... ...	1652310

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	1652310
44. Til Hjálpræðishersins í Reykjavík, byggingarstyrkur til gistihúss, síðari greiðsla		5000
45. Til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts...		10000
46. Til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Hornafjarðarfljóts og Hólmsár (fyrri greiðsla)		4000
47. Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, síðari greiðsla		6000
48. Til þess að gera laxastiga í Lagarfoss, $^3/_5$ kostnaðar, allt að		6000
49. Til að rannsaka til fullnustu og gera laxgengan farveg Blöndu undan Enni, $^3/_5$ kostnaðar, allt að... ...		2000
50. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
51. Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa...		8000
52. Til vatnsrennslismælinga		2000
Samtals ...	... ...	1697110

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

	kr.	kr.
1. Styrkur til berklasjúklinga ... ... Þar af til greiðslu legukostnaðar Eiðs Kvarans erlendis, 5 kr. fyrir legudag, þó ekki yfir 1500 kr.		800000
2. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3. Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafélags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga.		7000
4. Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík...		3500
5. Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6. Til slysatryggingar		10000
7. Til slysavarna, allt að ... ... enda sé stjórnarráðinu send skýrsla um starfsemina.		14000
Flyt ..	... ...	895000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	895000
8. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
9. Til bjargráðasjóðs		24000
10. Tillag til ellistyrktarsjóða...		45000
11. Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		10000
12. Til Rauðakrossfélags Íslands		1000
13. Til slysatryggingarsjóðs félagsins Dagsbrúnar		500
14. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		300
15. Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		400
16. Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Framsóknar í Reykjavík		500
17. Til sjúkrasjóðs Félags járnsmíðanema í Reykjavík ...		200
18. Til styrktarsjóðs sjómannafélags Vestmannaeyja		500
19. Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins Drífanda í Vestmannaeyjum		500
20. Til sjúkrasjóðs verkamannafélags Akureyrar		300
21. Til sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Einingar á Akureyri		150
Fjárveitingarnar undir 13.—21. tölul. eru bundnar því skilyrði, að jafnmikið fé að minnsta kosti komi annarsstaðar að og að stjórnarráðinu sé send skýrsla um starfsemina.		
22. Til Elliheimilisins Grundar Rvík, byggingarstyrkur ...		10000
23. Til gamalmennahælis á Ísafirði		1000
24. Til gamalmennahælis á Seyðisfirði		1000
25. Tillag til Alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
26. Til Sesselju Sigmundardóttur, til þess að koma upp heimili fyrir veikluð eða vanrækt börn í samvinnu við Barnaheimilisnefnd kirkjunnar		5000
Samtals ...	... ...	997350

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:		
a. Embættismenn	36439,64	
b. Embættismannaekkjur og börn	17457,65	
c. Prestsekkjur	5977,44	
Flyt ...	59874,73	

		kr.	kr.
	Flutt	59874,73	
d. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923		2500,00	
e. — — — — 51 1921		1000,00	
II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			63374,73
a. Embættismenn:			
1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ...	600,00		
2. — Sigurðar Kvarans héraðslæknis	405,00		
3. — Þorvalds Pálssonar læknis... ...	300,00		
		1305,00	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ...	450		
7. — Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8. — Rannveigar Tómasdóttur	600		
9. — Önnu Gunnlaugsson	900		
10. — Kristbjargar Marteinsdóttur	1200		
11. — Kristínar Jacobson	600		
12. — Guðnýjar Jónsdóttur	400		
13. — Kirstínar Þ. Blöndal	300		
14. — Guðlaugar Magnúsdóttur...	2000		
15. — 2 barna hennar	200		
16. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
17. — Jenny Forberg	600		
18. — Ástu Hallgrímsson	600		
19. — Ástu Einarson	600		
20. — Aðalbjargar Sigurðardóttur	1200		
21. — Dómhildar Jóhannsdóttur	1200		
22. — Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	1300		
23. — Soffíu Johnsen læknisekkju	500		
24. — Kristínar Þórarinsdóttur læknisekkju	400		
25. — Sigríðar Blöndal læknisekkju... ...	300		
Flyt ...	16725	1305,00	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt 16725	1305,00	63374,73
26. Til Hrefnu Einarsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með einu barni í ómegð	700		
		17425,00	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325,00		
2. — Guðlaugs Guðmundssonar	500,00		
3. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780,00		
4. — Sigurðar prófasts Gunnarssonar .	662,25		
5. — Guttorms Vigfússonar	600,00		
6. — Björns Þorlákssonar	208,00		
7. — Stefáns Jónssonar	370,00		
8. — Jóns Þorsteinssonar	390,00		
9. — Jóns Árnasonar	445,00		
10. — Þórðar Ólafssonar	370,00		
11. — Páls Stephensens	355,00		
12. — Helga P. Hjálmarssonar	475,00		
13. — Einars Jónssonar, sjá fjárl. 1930	3000,00		
		8480,25	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Auðar Gísladóttur	300,00		
2. — Bjargar Einarsdóttur	500,00		
3. — Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
4. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
5. — Guðrúnar Ólafsdóttur	300,00		
6. — Guðrúnar Pétursdóttur	300,00		
7. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
8. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
9. — Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	600,00		
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
11. — Kirstínar Pétursdóttur	300,00		
12. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
13. — Steinunnar Pétursdóttur	300,00		
14. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
15. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
16. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
17. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
Flyt ...	5367,10	27210,25	63374,73

			kr.	kr.
	Flutt ...	5367,10	27210,25	63374,73
18.	Til Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
19.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
20.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
21.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
22.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
23.	— Önnu Stefánsdóttur	200,00		
24.	— Helgu Skúladóttur	227,06		
25.	— Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
26.	— Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L.L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	432.00		
27.	— Arndísar Pétursdóttur	137,90		
28.	— Guðnýjar Þorsteinsdóttur	173,56		
29.	— Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík	135,37		
30.	— Jakobínu Sigurgeirsdóttur frá Borg	157,44		
31.	— Kamillu Briem	170,57		
32.	— Kristinar Jónsdóttur prófastsekkju á Brjánslæk	300,00		
			8416,63	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur ...	360,00		
3.	— Magnúsar Einarssonar	500,00		
4.	— Elínar Briem Jónsson	300,00		
5.	— Steinunnar Frímannsdóttur ...	450,00		
6.	— Þórunnar Stefánsdóttur	400,00		
7.	— Guðmundar Björnssonar	150,00		
8.	— Jóns Strandfelds...	150,00		
9.	— Einars Hávarðssonar	150,00		
10.	— Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
11.	— Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
12.	— Páls J. Árdals	800,00		
13.	— Jóhannesar Sigfússonar	1800,00		
14.	— Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	700,00		
15.	— Sigurjóns Rögnvaldssonar... ...	200,00		
16.	— Astu Magnúsdóttur kennaraekkju	200,00		
			7160,00	
		Flyt ...	42786,88	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt ...	42786,88	63374,73
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:		
1.	Til Guðm. Kristjánssonar 300		
2.	— Böðvars Jónssonar 300		
3.	— Þóru Matthíasdóttur 300		
4.	— Vigdísar Steingrímsdóttur 300		
5.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts 200		
6.	— Jens Þórðarsonar 300		
7.	— Friðriks Möllers 1200		
8.	— Anínu Arinbjarnardóttur 200		
9.	— Eliesers Eiríkssonar 200		
10.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum 300		
11.	— Jóhannesar Þórðarsonar 300		
12.	— Guðm. Kristjánssonar 300		
13.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ... 600		
14.	— Friðriks Klemenzsonar 2000		
15.	— Óla P. Blöndals 1800		
16.	— Kristjáns Blöndals 1000		
17.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ... 300		
18.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts ... 200		
19.	— Steindórs Hinrikssonar pósts ... 300		
20.	— Ólafs Ólafssonar pósts 200		
21.	— Halldórs Benediktssonar pósts ... 200		
22.	— Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar 1000		
23.	— Friðriks Jónssonar pósts 450		
24.	— Einars Ólasonar fyrrum pósts ... 300		
25.	— Þórodds Bjarnasonar pósts 600		
26.	— Sigríðar Guðmundsdóttur, ekkju Böðvars Þorlákssonar 300		
		13450,00	
g.	Ríthöfundar:		
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar 3500		
2.	— Valdimars Briems 1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum 500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ... 3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar 2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar 1500		
7.	— dr. Helga Péturss 4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu... 1000		
	Flutt ... 16700	56236,88	63374,73

		kr.	kr.
	Flutt ... 16700	56236,88	63374,73
9.	Til Einars Benediktssonar 4000		
10.	— Stefáns frá Hvítadal 1200		
11.	— Jakobs Thorarensens 1200		
12.	— Sigurjóns Friðjónssonar 1000		
13.	— Guðmundar Kambans 2000		
14.	— Unnar Benediktsdóttur skáldkonu 1000		
		27100,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:		
1.	Til Jakobínu Pétursdóttur 200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur 300,00		
6.	— 1 barns hennar 100,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur 600,00		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson 1200,00		
		3300,00	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með barni hennar, sem er í ómegð 400		
2.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður 500		
3.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður 500		
4.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður 500		
5.	— Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður 500		
6.	— Oddnýjar Guðmundsdóttur, júbilljósmóður 500		
7.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ... 500		
8.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður ... 400		
9.	— Kristínar Jónasdóttur ljósmóður ... 300		
10.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ... 300		
11.	— Sigurlilju Einarsdóttur ljósmóður 300		
12.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður 300		
13.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður 200		
14.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm. 200		
	Flyt ... 5400	86636,88	63374,73

			kr.	kr.
	Flutt ...	5400	86636,88	63374,73
15.	Til Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður	200		
16.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
17.	— Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður	300		
18.	— Jakobínu Jensdóttur	300		
19.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
20.	— Sigurveigar Jónatansdóttur ljósmóður	300		
21.	— Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
22.	— Halldóru Metúsalemsdóttur ljósmóður	300		
23.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ...	200		
24.	— Margrétar Jónsdóttur ljósmóður ...	200		
25.	— Guðrúnar Jónasdóttur ljósmóður	200		
26.	— Guðrúnar Magnúsdóttur ljósmóður	200		
27.	— Gróu Jónsdóttur ljósmóður	200		
28.	— Þuríðar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
29.	— Sigríðar Narfadóttur	300		
30.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
31.	— Páls Erlingssonar	1200		
32.	— Erlends Zakaríassonar	300		
33.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
34.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
35.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
36.	— Jakobs Björnssonar fyrv. síldarmatsmanns	1600		
37.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
38.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
39.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	800		
40.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
	Flyt ...	15600	86636,88	63374,73

			kr.	kr.
	Flutt ...	15600	86636,88	63374,73
41.	Til Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
42.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
43.	— Halldóru Pétursdóttur Briem	600		
44.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
45.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
46.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
47.	— Henriette Kjær...	600		
48.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
49.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2400		
50.	— Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
51.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
52.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey...	300		
53.	— Halldóru Þórðardóttur	600		
54.	— Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrv. spítalaráðskonu	300		
55.	— Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu	500		
56.	— Jónínu Marteinsdóttur hjúkrunarkonu	300		
57.	— Guðleifar Erlendsdóttur fyrrv. hjúkrunarkonu	300		
58.	— Sigurðar Péturssonar fangavarðar	1000		
59.	— Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ...	300		
60.	— Susie Briem, ekkju Halldórs Briems	800		
61.	— Gunnlaugs Indriðasonar veðurfræðings	700		
			28000,00	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j.	Til ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar		1000,00	
k.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
				118636,88
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			71204,64
		Samtals	... ...	253216,25

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Til gjalda árið 1931 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	... ...			1273138,00	
—	8. —	... ...			60000,00	
—	9. —	... ...			229200,00	
—	10. —	... ...			387300,00	
—	11. —	A.	833600,00			
—	11. —	B.	186000,00			
					1019600,00	
—	12. —	... ...			585515,00	
—	13. —	A.	527300,00			
—	13. —	B.	1012030,00			
—	13. —	C.	375200,00			
—	13. —	D.	407500,00			
—	13. —	E.	70000,00			
—	13. —	F.	1628000,00			
—	13. —	G.	281000,00			
					4301030,00	
—	14. —	A.	301450,00			
—	14. —	B.	1314925,00			
					1616375,00	
—	15. —	... ...			291910,00	
—	16. —	... ...			1697110,00	
—	17. —	... ...			997350,00	
—	18. —	... ...			253216,25	
—	19. —	... ...			100000,00	
—	20. —	... ...			10000,00	
						kr. 12821744,25

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	... ...		12500000,00	
—	3. —	... ...		34600,00	
—	4. —	... ...		112000,00	
—	5. —	... ...		170000,00	
					— 12816600,00
			Tekjuhalli	kr.	5144,25

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafélagi Íslands allt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufélaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1930, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sé framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum, sem nemi allt að 1/4 stofnkostnaðar. Styrkurinn sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

IV. Að greiða séra Kjartani Helgasyni fyrrv. prófasti í Hruna full prestslaun.

V. Að fenginni reynslu, að kaupa 2 snjóbifreiðar, til flutninga á Holtavörðuheiði og Fagradal.

VI. Að gefa Árneshreppi eftir helming af 11650 kr. skuld hans við ríkissjóð.

VII. Að gefa Grunnavíkurhreppi eftir af skuld hans við ríkissjóð kr. 262,50 og alla ógreidda vexti, gegn því að hreppurinn greiði eftirstöðvarnar, 3000 kr., með jöfnum afborgunum á næstu 12 árum.

VIII. Að gefa Gerðahreppi upp skuld hans við viðlagasjóð, að upphæð 37000 kr.

IX. Að láta athuga og gera áætlun um endurbyggingu sjóvarnargarðs á Siglufirði og greiða síðan úr ríkissjóði helming kostnaðar við framkvæmd verksins, gegn jafnmiklu frá Siglufjarðarkaupstað.

X. Að veita Halldóri Arnórssyni umbúðasmið eftirgjöf á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni, 5500 kr.

XI. Að láta reisa vinnu- og hressingarhæli fyrir 30 berklaveika menn að Reykjum í Ölfusi, og taka til þess lán, allt að 50 þús. kr.

XII. Að veita eftirgjöf á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni Ostagerðarfélags Önfirðinga, kr. 9141,67.

XIII. Að lána Finni Jónssyni málara allt að 10000 kr. til þess að byggja sér vinnustofu, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

XIV. Að ábyrgjast allt að 48000 kr. húsakaupalán fyrir kvennaskóla Reykjavíkur, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

XV. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 90000 kr. láni fyrir samvinnufélag Eskfirðinga, til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meira en 3/4 af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna og ábyrgð Eskifjarðarhrepps og Suður-Múlasýslu. Forstöðumaður félagsins og annar endurskoðandi skulu samþykktir af ríkisstjórninni. Taka verður lánið í innlendri lánsstofnun eða innanlands.

XVI. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 150 þús. kr. láni fyrir samvinnufélag sjómanna á Akureyri til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meiru en 4/5 af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskveiða, og greiðist að fullu á 10 árum. Lánið skal tryggt með gagnábyrgð Akureyrarkaupstaðar, fyrsta veðrétti í skipunum og sjálfskuldarábyrgð félagsmanna. Forstöðumaður félagsins og annar endurskoðandi skulu samþykktir af ríkisstjórninni. Taka verður lánið í innlendri lánsstofnun eða innanlands.

XVII. Að ábyrgjast lán til Síldareinkasölu Íslands. Skulu þau lán endurgreiðast að fullu áður en nokkrum síldareiganda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1931 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. kr.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1931, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

Stjórninni er heimilt að endurgreiða Steinþóri Guðmundssyni fyrrv. skólastjóra iðgjöld þau, er hann hefir greitt í lífeyrissjóð barnakennara.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1930 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 519. Tillaga

til þingsályktunar um kaup á sauðnautum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórn að gera ráðstafanir til, að keypt verði 2—4 sauðnaut, og heimila að verja fé úr ríkissjóði í því skyni.

Ed. 520. Nefndarálit

um frv. til laga um lögskráning sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, eftir því sem tími hefir unnizt til, og telur nauðsyn á, að lög séu sett um lögskráning sjómanna, þar sem telja má

víst, að breytingar þær á siglingalögunum frá 30. nóv. 1914, er nú liggja fyrir Alþingi, verði samþykktar, en með þeim lögum verður ákvæðum um lögskráning kippt burtu úr siglingalögunum.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1930.

Erlingur Friðjónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm.	H. Steinsson.

Ed. 521. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Aðeins einn nefndarmanna (PH) er þó ákveðinn í því að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Hinir tveir setja það skilyrði fyrir fylgi sínu við frv. út úr deildinni, að komið verði áður til Ed. frv. það um benzínskatt, sem nú liggur fyrir Nd. Einnig hafa þeir fleira við frv. að athuga og skrifa því undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 14. apríl 1930.

Páll Hermannsson, form. og frsm.	H. Steinsson, fundaskr., m. fyrirv.

Jón Jónsson,
með fyrirvara.

Ed. 522. Nefndarálit

um frv. til laga um skurðgröfur ríkisins og rekstur þeirra.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar er sammála um frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1930.

Jón Jónsson, form.	Jónas Kristjánsson, fundaskr., frsm.

Ed. 523. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, og þótt henni dyljist ekki, að hér sé um verulega mikla upphæð að ræða til hafnarbóta í Vestmannaeyjum og að gera megi ráð fyrir nýjum fjárframlögum til hafnarinnar á komandi árum, þá sér hún sér ekki fært að leggjast á móti frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1930.

Erlingur Friðjónsson.	Ingvar Pálmason,	H. Steinsson,
form.	fundaskr.	frsm.

Sþ. 524. Tillaga

til þingsályktunar um greiðslu á enska láninu.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Jón Jónsson og Hannes Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að hægt sé að greiða að fullu enska lánið frá 1921 undir eins og heimilt er samkvæmt lánssamningnum.

Sþ. 525. Þingsályktun

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 19. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 14. apríl).

Sameinað Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum Alþingis verði frestað frá síðari hluta aprílmánaðar til 26. júní 1930.

Ed. 526. Lög

um framlenging á gildi laga um verðtoll.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

Lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum, svo og lög nr. 5, 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, skulu gilda til ársloka 1931.

Ed. 527. Lög

um breyting á siglingalögum, nr. 56, 30. nóv. 1914.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

1. gr.

32. gr. laganna orðist þannig:

Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og sjómannalögunum og þeim reglugerðum og fyrirskipunum, sem gerðar hafa verið samkvæmt þeim.

2. gr.

Tilvitnanirnar til 52., 108. og 50. gr. í 4. málsgr. 42. gr. laganna falli niður.

3. gr.

176. grein laganna orðist þannig:

Skyldir eru farþegar að fara að öllu eftir fyrirmælum þeim, sem gerð eru um góða háttsemi og reglu á skipinu.

Ákvæði 54. og 61. gr. sjómannalaganna taka og til þeirra.

4. gr.

Fyrri málsgrein 254. gr. laganna orðist þannig:

Ef skipstjóri hefir ekki á skipinu eitt eintak af lögum þeim, reglugerðum og fyrirskipunum, sem getur í 32. gr., sætir hann allt að 100 króna sektum.

5. gr.

255. gr. laganna orðist þannig:

Vanræki skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri það, sem þeim er boðið í 41.—44. gr. og 48. gr. laga þessara, sbr. 45.—48. gr. sjómannalaganna, um skráning í leiðarbók, dagbók eða vélarbók, geymslu þeirra og sýningu, varðar það 10—500 króna sektum.

Hafi skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri með vilja ritað rangt leiðarbók, dagbók eða vélarbók, eða ónýtt hana með öllu af ásettu ráði, dregið hana undan eða gert ólæsilega, varðar það fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu allt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

264. gr. laganna orðist þannig:

Hafi skipstjóri orðið sekur um brot gegn síðari málsgr. 255. gr., eða gegn niðurlagsákvæði 259. gr., eða 1. málsgr. 260. gr. eða gegn 261. gr., þá má ákveða í refsidóminum, að dómfelldi ennfremur skuli sviptur rétti til skipstjórnar, um ákveðinn tíma eða ævilangt. Skal þá jafnframt taka fram í dómin-

um, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur rétti til skipstjórnar.

Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal, svo fljótt sem unnt er, senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftirrit af dóminum, svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi.

Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn, og sérstakar ástæður mæla með því, getur konungur, eftir tillögum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar, enda þótt sá tími, sem til er greindur í dóminum, sé eigi liðinn.

7. gr.

279. gr. laganna orðist þannig:

Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 258. gr. og í upphafsákvæði 259. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn nema sá krefjist þess, er misgert var við.

Mál út af brotum gegn niðurlagsákvæði 259. gr. eða gegn 260., 261. eða 262. gr. skulu lögð fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin. Sé um algerðan skiptapa að ræða, hafi skip steytt grunni og orðið að leita hjálpar annara, eða hafi annað sjóslys orðið, er manntjón hlauzt af eða annað verulegt tjón, má eigi fella niður málssókn fyrr en leitað hefir verið umsagnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931.

Ed. **528. Sjómannalög**

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

I. KAFLI.

Um ráðningarsamning skipstjóra.

1. gr.

Útgerðarmanni ber að sjá um, að gerður sé skriflegur samningur við skipstjóra um ráðningarkjör hans.

2. gr.

Sé eigi annað ákveðið í samningnum um lengd ráðningartímans, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, með þriggja mánaða fyrirvara, og sé ráðningu þá slitið í íslenzkri höfn, er skipið kemur í til fermingar eða affermingar. Þó er skipstjóra rétt, eftir 18 mánaða starfstíma á skipinu, að

segja ráðningarsamningi sínum upp, með 3 mánaða fyrirvara, til ráðningarslita í fermingar- eða affermingarhöfn erlendis.

3. gr.

Útgerðarmaður getur vikið skipstjóra úr stöðu hans hvenær sem er.

Sé honum vikið úr stöðu, áður en ráðningartími hans er úti, og án þess, að heimild sé til þess samkv. 4. og 5. gr., þá á hann rétt á bótum fyrir tjón það, er frávikningin bakar honum.

Sé annað eigi sannað um upphæð tjónsins, á hann rétt á þriggja mánaða kaupi, og auk þess ferðakostnaði og fæðispeningum til hafnar þeirrar, er ráðningu skyldi slitið í samkv. samningnum, eða til íslenzkrar hafnar, hafi honum verið vikið úr stöðu erlendis, og komi ákvæði 2. gr., um ráðningarslit í íslenzkri höfn, til greina.

4. gr.

Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni sakir veikinda eða meiðsla, er gera hann óhæfan til skipstjórnar, á hann rétt á þriggja mánaða kaupi frá ráðningarslitum.

Eigi hann sjálfur sök á veikindunum eða meiðslunum, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðist á skipið, á hann eigi rétt á kaupi lengur en hann gegnir starfi sínu.

5. gr.

Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni vegna ódugnaðar, óráðvendni eða vegna stórkostlegra yfirsjóna eða hirðuleysis við starf hans, á hann ekki rétt á kaupi lengur en hann gegnir starfi sínu.

6. gr.

Farist skip, eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanna um ófyrirsjáanlegan tíma, er ráðningu skipstjóra þar með slitið, sé eigi annað ákveðið í samningi. Skipstjóri er þó skyldur til að dvelja á staðnum, þar til skipverjum, skipi og farmi hefir verið ráðstafað, og á hann rétt á kaupi þann tíma og dvalarkostnaði.

Um rétt skipstjóra til ferðakostnaðar heim til sín, kaups og fæðispeninga á heimleið og bóta fyrir muni, er farizt hafa, fer eftir því, sem ákveðið er um skipverja í 41. gr.

7. gr.

Um kaupgreiðslu, er skipstjóri deyr, um umönnun hans og heimsendingu, er sjúkdóm ber að höndum, um greftrun hans og meðferð eftirlátinna muna hans fer eftir því, sem ákveðið er um skipverja í 24. og 28.—30. gr.

8. gr.

Sé skipstjóra heitið hluta af farmgjaldi eða afla skips eða af öðrum tekjum af ferðinni eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni, og ráðningu er slitið, áður en ferðinni er lokið eða reikningsárið er liðið, þá á hann rétt á að fá svo mikinn hluta þessarar þóknunar, sem svarar til aflafengs hans, ef um hluta

af afla er að ræða, ella til starfstíma hans, að tiltölu við ferðina alla eða reikningsárið allt.

Eigi skipstjóri samkv. 3., 4. eða 6. grein rétt á kaupi fyrir lengri tíma en hann gegnir starfi sínu, eða sé kaupgjald reiknað eftir 7. sbr. 24. gr., skal þóknun sú, sem ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar, ef aðila greinir á um upphæð hennar, ákveðin með mati lögskráningarstjóra, þó svo, að hver aðili um sig getur lagt það mat undir úrskurð sjódóms.

II. KAFLI.

Um skiprúmssamning skipverja.

1. Um samningsgerðina.

9. gr.

Skipstjóri ræður fyrir hönd útgerðarmanns stýrimann, vélstjóra og aðra skipverja og segir þeim upp.

Skipstjóri skal, ef því verður við komið, ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu þeirra skipverja, er starfa við vélgæzluna.

Skipstjóri má eigi ráða neinn mann á skip, er hann veit, að ráðinn er annarsstaðar.

10. gr.

Eigi má hafa börn yngri en 14 ára til vinnu á skipi.

Yngri menn enn 18 ára mega eigi vera kyndarar eða kolamokarar, og eigi hjálpardrengir við vélgæzlu, þeir sem yngri eru en 16 ára.

11. gr.

Sérhver skipverji, sem ráðinn er á skip, stærra en 12 smál. brúttó, skal hafa sjóferðabók eða sjóferðavottorð. Skipstjóri geymir sjóferðabækur eða sjóferðavottorð skipverja, meðan skipverji er í skiprúminu.

Sérhver samningur um ráðningu í skiprúm á skipi, sem stærra er en 12 smálestir brúttó, skal gerður skriflega. Skal hann skráður á skipshafnarskrá og báðir aðilar undirrita hann í skipshafnarskránni. Í samningnum skal meðal annars greina:

1. fullt nafn skipverja, fæðingarár og dag, fæðingarstað og heimili,
2. stöðu hans á skipinu,
3. ferð þá eða tímabil, sem skipverji er ráðinn til, hvar ráðningu skuli slitið og uppsagnarfrest, sé um það samið,
4. umsamið kaup, og sé það ákveðið í einu fyrir ferðina, þá hve lengi búizt er við að sú ferð standi yfir,
5. umsamið kaup fyrir aukavinnu eða eftirvinnu,
6. önnur hlunnindi, er skipverji kann að vera ráðinn fyrir.

Þegar skipverji er ráðinn á skip, skal skipstjóri afhenda honum viðskiptabók, skipverja að kostnaðarlausu. Í viðskiptabók skal skiprúmssamn-

ingurinn skráður, svo og það, hvenær skipverji kemur í skiprúm eða fer úr því, uppsögn á samningi, og hvenær hún fer fram, greiðslur allar á kaupi, aflahlut eða annari þóknun. Sé vísað til kaupgjaldsskrár í skiprúmssamningi, skal skipstjóri sjá um að eftirrit af skránni sé á skipinu, til afnota fyrir skipverja.

Í viðskiptabók skulu vera prentuð ákvæði laga og reglugerða, er mestu varða fyrir sjómannastéttina.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um gerð viðskiptabóka, svo og sjóferðabóka og sjóferðavottorða.

2. Um ráðningartímann.

12. gr.

Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma, eða með tilteknum uppsagnarfresti, en eigi ákveðið hvar hann fari af skipi, og endi ráðningartíminn meðan skip er í ferð, þá skal samningurinn gilda þar til skipið kemur til hafnar, þar sem ferma skal það eða afferma.

13. gr.

Sé eigi annað ákveðið um lengd ráðningartímans, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, þannig, að skipverji fari úr skiprúmi á ráðningarstað eða í höfn, er ferma skal eða afferma skipið í. Sé skipverji íslenzkur og ráðinn á skipið í íslenzkri höfn, geta aðilar þó aðeins sagt samningi upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi í íslenzkri fermingar- eða affermingarhöfn.

Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi stýrimanna og vélstjóra skal vera einn mánuður, ef öðruvísi er ekki um samið, en 7 dagar á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenzkum fiskiskipum 1 dagur.

14. gr.

Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma eða til ákveðinnar ferðar, og verði hann kyrr á skipinu, eftir að ráðningartíminn er liðinn eða ferðinni lokið, en eigi gerður nýr samningur, þá getur hvor aðila um sig sagt samningnum upp, samkvæmt 13. gr.

15. gr.

Skipverji, sem verið hefir í skiprúmi í 1½ ár frá því ráðningarsamningur síðast var gerður við hann, getur, enda þótt öðruvísi sé um samið, og þrátt fyrir ákvæði 13. gr. um brottför úr skiprúmi í íslenzkri höfn, farið úr skiprúmi í fermingar- eða affermingarhöfn skipsins, hafi hann áður sagt skiprúmssamningnum upp með þeim fyrirvara, sem greinir í 2. málsgr. 13. gr.

16. gr.

Skipverja, sem rétt hefir til að fara úr skiprúmi samkv. samningi eða samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal þó skylt að vinna nauðsynleg

störf á skipinu, sé þess krafizt, þó eigi lengur en í 2 daga, eða ef skipið er seglskip, í 4 daga, frá því skipið kom til hafnar.

Ef gefa skal sjóferðaskýrslu eða halda sjóferðapróf, er skipverji skyldur til að dvelja þar á staðnum þar til því er lokið, gegn kaupi og dvalarkostnaði þann tíma.

17. gr.

Ef lög eða yfirvöld í erlendri höfn, þar sem skipverji skyldi fara úr skiprúmi, banna honum landsvist eða heimta þær tryggingar fyrir landsvistarleyfi hans, er hann eigi getur sett, skal honum skylt að gegna áfram stöðu sinni á skipinu, þar til það kemur til hafnar, sem hann getur farið úr skiprúmi í.

3. Um kaup skipverja.

18. gr.

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips, tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags, og að honum meðtöldum, er þjónustu hans á skipinu lýkur, eða sé hann skráður úr skiprúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum, enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum.

Skipverji á ekki rétt á kaupi um þann tíma, er hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi.

Þurfi að reikna kaup fyrir mánuð eða brot úr mánuði, telst mánuðurinn 30 dagar.

19. gr.

Greiðslu á kaupi getur skipverji einungis krafizt, þegar skipið er í höfn, og aðeins einu sinni á viku.

Kaupið greiðist í peningum, hafi skipverji ekki óskað að fá það greitt með ávísun á útgerðina. Greiðslu má krefjast í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, með því gengi, er bankar þar þá greiða fyrir mynt þá, sem kaupið er talið í í samningnum.

Ef íslenzkur skipverji, sem staddur er erlendis, óskar að senda kaup sitt heim til Íslands, eru íslenzkir ræðismenn skyldir til að veita honum aðstoð til þess ókeypis. Ríkissjóður ábyrgist peningasendingar þessar. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um peningasendingar skipverja.

20. gr.

Skipverji getur krafizt þess, að ⅔ hlutar af ógreiddu kaupi hans séu greiddir nafngreindum manni eftir ávísun.

Ávísanagreiðslur má eigi stöðva né lækka án samþykkis skipverjans fyrr en ráðningu hans er slitið, nema svo sé, að sá hluti kaupsins, er eigi var ávísað, hrökkvi eigi fyrir greiðslum á sektum, er skipstjóri hefir lagt á hann samkv. lögum þessum, skaðabótakröfum, er útgerðin á á hendur honum og

rísa af starfi hans á skipinu, og kröfum yfirvalda á hendur honum, sem útgerðarmanni að lögum er skylt að tryggja með því að halda eftir kaupi skipverjans.

21. gr.

Skipstjóra er heimilt að halda eftir þriðjungi af þeim hluta kaups, er skipverji sjálfur getur tekið á móti, þar til skipverji fer úr skiprúmi, þó aldrei hærri upphæð en hálfsmánaðarkaupi.

22. gr.

Sé samið um ákveðna upphæð í kaup fyrir ferðina, skal farið eftir áætlun þeirri um lengd ferðarinnar, sem gerð er í viðskiptabókinni, ef reikna þarf kaup eftir tímalengd.

Standi ferðin lengur yfir en áætlað var, er skipverji réðist á skipið, á hann rétt á tiltölulegri viðbót við kaupið, sé eigi öðruvísi um samið. Standi ferðin skemur yfir, á hann allt að einu rétt á hinu umsamda kaupi að fullu.

23. gr.

Fækki skipverjum meðan ferð stendur yfir, skal kaup það, er við það sparast, meðan skipið er í hafi, skiptast milli þeirra, sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda með borgun fyrir yfirvinnu.

24. gr.

Deyi skipverji, telst kaup hans til dánardags, og að þeim degi meðtöldum, enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups, vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum.

Sé skipverji íslenzkur, og hafi hann verið í þjónustu útgerðarmannsins í síðustu sex mánuði áður en hann dó, skal útgerðarmaður greiða ekkju hans eða ólögráða börnum viðbótarkaup um einn mánuð.

Hverfi skip, og verði eigi upplýst, hvenær það fórst, skal kaupið reiknast eins og dauða skipverja hefði að höndum borið, er sá tími var liðinn, sem skip slíkt sem þetta þurfti á þeim tíma árs til ferðar sinnar til ákvörðunarstaðar síns, þaðan sem síðast spurðist til þess.

25. gr.

Komi það í ljós, er reikningar eru gerðir upp, að skipverji hafi fengið meira greitt en honum bar, þá er það fé eigi afturkræft, ef svo er, að ráðningu skipverja sé slitið af þeim ástæðum einhverjum, sem ræðir um í 24. gr., 1. málsgr. 32. gr., 34. eða 38—41. gr.

4. Um umönnun skipverja í veikindum og útför hans.

26. gr.

Skipverji er skyldur til að láta lækni rannsaka heilsufar sitt, ef skipstjóri krefst þess, enda sé það gert skipverja að kostnaðarlausu.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur með reglugerð skipað fyrir um læknisskoðun skipverja.

27. gr.

Veikist skipverji eftir að hann er kominn í skiprúm eða slasist, skal skipstjóri sjá um, að hann fái nauðsynlega umönnun á skipinu eða í landi, þar með talið fæði, hjúkrun, læknishjálp og lyf, og húsnæði, sé hann utan heimilis síns.

Ef ástæða er til að ætla, að skipverji sé haldinn sjúkdómi, sem hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, láta lækni skoða sjúklinginn. Sé eigi öruggt, að verjast megi smithættu á skipinu, skal skipstjóri láta flytja sjúklinginn í land.

Geti sjúkur skipverji eigi sjálfur gætt muna sinna, skal skipstjóri annast um þá.

Sé skipverji skilinn sjúkur eftir erlendis, skal skipstjóri fela hann umsjá íslenzks ræðismanns, eða sjá honum sjálfur fyrir góðri umönnun, ef ræðismaður er eigi á þeim stað, og tilkynna þetta þeim ræðismanni, sem næstur er.

28. gr.

Útgerðarmaður greiðir allan kostnað af umönnun sjúkra skipverja, meðan ráðningu þeirra er eigi slitið.

Sé skipverji veikur eða slasaður, er ráðningu hans er slitið, á hann rétt á að útgerðarmaður kosti umönnun hans í veikindunum, í allt að sex vikur, eða í allt að tólf vikur, sé skipverji íslenzkur og njóti umönnunar erlendis. Þetta tímabil telst frá því að skipverji er skráður úr skiprúmi, eða frá því skipið lét úr höfn, hafi hann eigi verið skráður úr skiprúmi. Sé íslenzkur skipverji skilinn eftir erlendis, á hann auk þess rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi. Sé hægt að útvega honum stöðu, eigi lægri en þá, er hann áður hafði, og eigi ver launaða, á skipi, sem fara á hingað til lands, eða til hafnar, sem hægara er að senda hann frá heim til sín, þá er hann skyldur að taka þeirri stöðu, ef heilsa hans leyfir.

Eigi skipverji sjálfur sök á veikindunum eða slysinu, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðist á skipið, skal hann sjálfur bera kostnaðinn við umönnun sína vegna veikindanna, bæði áður en ráðningu var slitið og eftir, og ferð sína heim, og má þá draga kostnað þann, sem útgerðarmaður hefir haft af þessu, frá kaupi skipverjans.

Sé ráðningu skipverja, sem haldinn er smitandi berklaveiki, slitið, greiðir ríkissjóður kostnað þann við umönnun hans og heimferð, sem útgerðarmaður skyldi greiða samkv. annari málsgr. þessarar greinar.

Sé ráðningu íslenzks skipverja, sem haldinn er smitandi kynsjúkdómi, slitið erlendis, greiðir ríkissjóður kostnaðinn við umönnun hans vegna veikindanna, eftir að ráðningu hans var slitið.

29. gr.

Deyi skipverji, skal skipstjóri gera útför hans sæmilega og tilkynna vandamönnum hans látið.

Skipstjóri skal í votta viðurvist láta gera skrá yfir muni hins látna, sem á skipinu eru. Deyi skipverji erlendis, skal skipstjóri afhenda næsta ræðismanni íslenzkum skrá þessa. Reynist vandkvæði á að geyma muni þessa á skipinu, skal skipstjóri annaðhvort afhenda ræðismanni þá eða selja þá með sem heppilegustum hætti.

30. gr.

Deyi skipverji af sjúkdómi, slysum eða meiðslum og útgerðarmenn áttu að kosta umönnun hans, þá skulu þeir og kosta útförina.

Deyi íslenzkur skipverji á þeim tíma, að ríkissjóði bar að greiða kostnaðinn við umönnun hans, ber ríkissjóði einnig að greiða útfararkostnað hans.

31. gr.

Verði skipstjóri að skilja veikan eða slasaðan skipverja eftir erlendis í umsjá ræðismanns, er honum skylt að setja tryggingu fyrir kostnaði þeim við umönnun skipverjans og annað, sem útgerðarmanni er skylt að greiða, samkv. 28. og 30. gr.

Kaup það, er skipverji kann að eiga inni, skal greitt ræðismanni, og má skipverji eigi ráðstafa því, án leyfis ræðismanns, meðan hann er í umsjá hans.

Geti skipstjóri eigi fengið aðstoð íslenzks ræðismanns og verði því að greiða kostnað við umönnun íslenzks skipverja vegna veikinda, er útgerðarmanni eigi bar að greiða, getur hann krafizt þess, að það fé sé endurgreitt sér úr ríkissjóði.

Ákvæði næstu málsgr. hér að framan gilda einnig um kostnað vegna erlends skipverja, enda færi skipstjóri sönnur á það með læknisvottorði, að nauðsynlegt hafi verið að flytja skipverjann í land, annaðhvort sjálfs hans vegna eða vegna annara manna á skipinu, og að heilsufari hans hafi í engu verið áfátt, er hann réðist á skipið.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um umönnun, greftrun og heimsendingu skipverja samkv. lögum þessum.

5. Um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi.

32. gr.

Sé skipverji eigi vinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa, eða sé hann haldinn sjúkdómi, er hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, þá getur skipstjóri vikið honum úr skiprúmi. Á skipverji þá rétt á fullu kaupi sínu þar til ráðningu er slitið, og auk þess í einn mánuð frá ráðningarslitum, sé hann stýrimaður eða vélstjóri, eða í 7 daga, sé hann í annari stöðu á skipinu.

Sé skipverji sjálfur valdur að veikindunum eða slysinu, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðist á skipið, á hann rétt á kaupi aðeins fyrir þann

tíma, sem hann var vinnufær þeirra vegna, hvort sem honum er vikið úr skiprúmi eða eigi.

33. gr.

Skipstjóri getur ennfremur vikið skipverja úr skiprúmi:

1. ef hann reynist óhæfur til þess starfa, sem hann var ráðinn til,
2. ef hann kemur ekki til skips á ákveðnum tíma, og skipið á að láta úr höfn, eða ráða verður annan mann í hans stað,
3. ef hann verður sekur um mikil afglöp í starfi sínu, svo sem það, að óhlýðnast hvað eftir annað skipunum yfirmanna sinna, að beita ofbeldi við yfirmenn sína, að misþyrma öðrum mönnum á skipinu, eða er hvað eftir annað drukkinn við störf sín,
4. ef hann verður sekur um þjófnað eða annan meiri háttar glæp, ef hann leynir manni á skipsfjöl, eða tollskyldum varningi, eða þeim varningi, sem útflutningsbann er á á fráfararstað skipsins eða innflutningsbann á ákvörðunarstað þess,
5. ef hann ber ágreining, sem rís af starfi hans á skipinu, undir erlend stjórnarvöld.

Skipstjóri skal, ef þess er kostur, halda próf eftir fyrirmælum 64. gr., áður en hann víkur skipverja úr skiprúmi samkv. þessari grein.

Skipverji, sem vikið er úr skiprúmi samkv. þessari grein, á ekki rétt á kaupi lengur en hann gegndi starfi sínu.

34. gr.

Ef skipverja er vikið úr skiprúmi, áður en ráðningartími hans er liðinn og án þess að heimild sé til þess í 32. eða 33. gr., þá á hann rétt á ferðakostnaði til þeirrar hafnar, er ráðningu skyldi slitið í samkv. samningnum, eða til íslenzkrar hafnar, ef ákvæði 13. gr. um ráðningarslit í íslenzkri höfn eiga við. Ennfremur á hann rétt á kaupi meðan á ferðinni stendur, þó eigi skemmri tíma en uppsagnarfresti þeim nam, sem hann átti kröfu til.

6. Um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi.

35. gr.

Ef skipverji sannar, að hann eigi kost á að verða skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri, eða að hann eigi kost á æðri stýrimanns- eða vélstjórastöðu en hann þá er í, eða að ástæður hans hafi breytzt svo frá því hann réðist á skipið, að það sé velferðarmál fyrir hann að geta losnað úr skiprúminu, þá á hann rétt á að krefjast lausnar, ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað, og auki það ekki útgerðarmanni kostnað.

Þegar þannig stendur á, á skipverji aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma, sem hann er í skiprúminu.

36. gr.

Ef illkynjuð farsótt geisar á áætlunarstað skipsins, og fái skipverji eigi

vitneskju um það fyrr en eftir að hann réðist á skipið, þá er honum rétt að krefjast lausnar úr skiprúmi þegar í stað, ef ferð er eigi hafin, en ella í fyrstu höfn, er skipið kemur í, eftir að hann fékk vitneskju um þessi atvik. Kaup tekur hann þá aðeins til þess tíma, er hann gengur úr skiprúminu.

Sama gildir, ef það kemur í ljós eftir að skipverji réðist á skipið, að hætta er á að skipið verði hernumið eða verði fyrir tjóni af hernaðarvöldum, eða þess háttar hætta eykst til muna, frá því sem áður var.

37. gr.

Ef skipverji er ráðinn til ákveðinnar ferðar og ferðinni er breytt til muna, á hann rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi þegar í stað, ef ferð er ekki hafin, en ella í fyrstu höfn, er skipið kemur í, eftir að hann fékk vitneskju um breytinguna.

Skipverji, sem fer úr skiprúmi af því að ferð skipsins var breytt, á rétt á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum til ráðningarstaðarins, fari hann úr skiprúmi áður en ferð var hafin, en ella til þess staðar, er ráðningu skyldi slitið á samkvæmt samningnum.

38. gr.

Ef skip er óhaffært eða íbúðir skipverja bersýnilega heilsuspillandi, og skipstjóri bætir eigi úr þessu, eða ef skipstjóri neitar að láta skoða skipið samkvæmt 59. gr., þá á skipverji rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr.

39. gr.

Ef skipverji sannar, að skipstjóri hafi misþyrmt honum, eða aðrir menn hafi misþyrmt honum á skipinu og skipstjóri eigi veitt sér vernd, þó þess væri beiðst, eða hann sannar, að skipstjóri láti hann eigi fá sæmilegt fæði, þá á hann rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr.

40. gr.

Ef skip missir rétt til að sigla undir íslenzkum fána, eiga skipverjar rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakosnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr.

Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóraskipti verði á skipinu, eða skipti verði á útgerðarmanni.

7. Um slit skiprúmssamnings, er skip verður fyrir sjótjóni.

41. gr.

Farist skip, eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanna um ófyrirsjáanlegan tíma, er skiprúmssamningi slitið, nema öðruvísi sé um samið. Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur, er sjóferðaskýrsla er

tekin, og á hann rétt á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma, er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna eða hann þarf að bíða eftir ferð heimleiðis.

Ef skiprúmssamningi íslenzks skipverja er slitið erlendis af þeim sökum, er segir í fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi, og greiðist kostnaður þessi úr ríkissjóði. Auk kaups þess, er skipverji á rétt á samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann og rétt á kaupi meðan hann er á heimleið, þó eigi fyrir lengri tíma en tvo mánuði, sé hann stýrimaður eða vélstjóri, og eigi fyrir lengri tíma en einn mánuð, sé hann í lægri stöðu á skipinu. Skipverja er skylt að ganga í skiprúm á öðru skipi, samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar 28. gr., og á hann þá eigi rétt á kaupi frá útgerðarmanni skips þess, er fórst, fyrir þann tíma, sem hann er í hinu skiprúminu.

Bætur fyrir eignir íslenzkra skipverja, þær er farizt hafa við slysið, er útgerðarmanni skylt að greiða samkvæmt reglum, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur.

Eigi skipverji samkv. 32., 34. eða 37.—41. gr. rétt á kaupi fyrir lengri tíma en hann gegnir starfi sínu, eða sé kaupgjald reiknað samkv. 24. gr. og hafi honum verið heitið einhverri slíkri þóknun, sem ræðir um í fyrri málsgr. 8. gr., skal sú þóknun ákveðin svo sem segir í síðari málsgr. 8. gr. Eigi skal sú þóknun skerða kaupgjald annara skipverja.

8. Um erlenda skipverja.

42. gr.

Konungur getur ákveðið, að erlendir skipverjar á íslenzkum skipum skuli njóta hlunninda þeirra, er íslenzkum skipverjum eru veitt í 28. og 41. grein, enda njóti þá íslenzkir skipverjar sama réttar um þessi efni sem innlendir í heimalandi hinna erlendu skipverja.

9. Um miskliðir út af ráðningunni.

43. gr.

Ef skipverji er óánægður með reikningsgerð skipstjóra, þá á hann rétt á að lögskráningarstjóri rannsaki reikninginn, hvort sem skipverji er skráður úr skiprúmi eða eigi.

Ef skipið er statt erlendis og ágreiningur rís milli skipstjóra og skipverja út af reikningsgerð skipstjóra eða starfi skipverja, skal leggja þann ágreining undir úrskurð þess ræðismanns íslenzks, er fyrst næst til.

Báðum aðiljum er skylt að hlíta úrskurði ræðismannsins, þar til unnt er að leggja málið fyrir íslenzka dómstóla.

III. KAFLI.

Um skipsstörfin.

1. Um yfirmenn skipsins.

44. gr.

Skipstjóri hefir í öllum efnum hið æðsta vald á skipinu.

45. gr.

Það er skylda stýrimanns einkanlega að vera skipstjóra til aðstoðar við siglinguna og mælingar þær og reikninga, er þar að lúta, svo og við bókun í leiðarbók eða dagbók skipsins. Hann skal og líta eftir öðrum skipverjum, eftir skipinu sjálfu, áhöldum þess og útbúnaði, að svo miklu leyti, sem annað eigi leiðir af ákvæðum 47. greinar. Hann skal sjá um nauðsynlega skrásetningu á farmi, sem fer í skip eða úr skipi, líta eftir fermingu og affermingu og búlkun farms og vista.

Riti stýrimaður leiðarbók eða dagbók, ábyrgist hann, að rétt sé ritað.

46. gr.

Ef skipstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi, og beri eitthvað það að höndum, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, skal stýrimaður, eða sá þeirra, sem æðstur er, ráða fram úr því, er eigi má fresta.

Deyi skipstjóri eða verði hann óhæfur til skipstjórnar eða víki hann úr stöðu sinni, kemur stýrimaður, eða sá þeirra, sem æðstur er, í hans stað, þar til nýr skipstjóri tekur við skipstjórn.

47. gr.

Það er skylda vélstjóra einkanlega að stjórna vélgæzlunni. Hann ber ábyrgð á rekstri, meðferð og viðhaldi vélarinnar og leiðslum þeim og útbúnaði, sem til hennar heyra, svo og þess hluta af bol skipsins, sem lykur um katla og vélarúm, ásamt tilheyrandi kolabyrgjum, vatnsgeymum og ásgöngum. Hann lítur eftir eldsneytisforða skipsins og öðrum vélarnauðsynjum, veitir þeim móttöku og athugar magn þeirra og gæði. Hann lítur ennfremur eftir vélgæzlumönnum skipsins og vistarverum þeirra.

Vélstjóri skal tafarlaust tilkynna skipstjóra, ef hann verður var við galla á þeim hlutum skips, eða á áhöldum þeim eða útbúnaði, er nefndur er hér að framan.

Vélstjóri ritar í vélarbók og ábyrgist að rétt sé ritað.

48. gr.

Ef vélstjórar eru fleiri en einn á skipi, ber yfirvélstjóri ábyrgð á vélgæzlunni í heild sinni. Hann skiptir verkum milli hinna vélstjóranna.

Ef yfirvélstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi og beri eitthvað það

að höndum, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, skal sá hinna vélstjóranna, sem æðstur er, ráða fram úr því, sem eigi má fresta.

2. Almennar starfsskyldur.

49. gr.

Skipstjóri og aðrir yfirmenn skulu koma sómasamlega fram við undirmenn sína. Líkamlegri refsingu má aldrei beita.

Allir skulu skipsmenn hegða sér sómasamlega, kurteislega og friðsamlega og gæta nákvæmlega þeirra fyrirmæla, sem sett verða um góða siðu og reglu á skipinu. Þegar skipverji fær skipun frá yfirboðara sínum, skal hann láta á sér skilja með skýrum svörum, að hann hafi skilið skipunina.

50. gr.

Skipverji skal hlýða skipunum yfirboðara sinna, er að starfinu lúta, vera umhyggjusamur um skip og farm og yfirleitt vinna störf sín með áhuga og trúmennsku.

Tjón það, er skipverji veldur með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, skal honum skylt að bæta. Dómstólarnir geta þó fært skaðabótaupphæðina niður, með hæfilegu tilliti til þess, hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipverja og annara atvika.

3. Um upphaf vistar skipverja, fjarveru hans og farangur.

51. gr.

Skipverji er skyldur að koma á ákveðnum tíma í skiprúmið. Eftir það má hann eigi fara frá skipi leyfislaust.

Eigi má neita skipverja um landgönguleyfi í frístundum hans, nema því aðeins, að nauðsynlegt sé, að hann fari eigi frá skipinu, vegna öryggis skips, farms eða manna, sem á skipinu eru, vegna nauðsynlegra skipstarfa eða vegna þess, að skipið er búið til brottferðar eða flytja á það til innan hafnar.

Geti skipverji eigi komið á skip á réttum tíma, skal hann tafarlaust skýra skipstjóra frá því.

52. gr.

Ef skipverji kemur eigi til skiprúms síns á ákveðnum tíma, fer frá skipi í leyfisleysi eða kemur eigi á réttum tíma aftur til skips úr landgönguleyfi, getur skipstjóri látið flytja hann á skip með aðstoð lögreglunnar, sé skipið eigi nægilega mannað án hans eða sé skipverji ölvaður.

53. gr.

Ef skipverji strýkur, getur skipstjóri selt með haganlegum hætti muni þá, er hann lét eftir á skipinu.

Nemi söluverð munanna og kaup það, er skipverji á inni, meiru en skaðabótakröfu útgerðarmanns, skal farið með afganginn samkv. ákvæðum 69. gr.

54. gr.

Skipverja er heimilt að hafa með sér á skipinu hæfilega mikið af farangri, er hann þarf til eigin nota, enda sé það eigi til baga fyrir skip eða farm og eigi hætt við, að af því stafi óregla á skipinu. Verzlunarvörur fyrir sig eða aðra má hann eigi hafa á skipinu, nema með leyfi skipstjóra.

Skipverja er skylt að greiða venjulegt farmgjald fyrir varning, sem hann hefir ólöglega með sér á skipinu, og bæta skaða þann, er af því hlýzt.

Ef skipstjóri hefir grun um, að ólöglegur varningur sé á skipinu, getur hann látið rannsaka hirzlur skipverja. Skipverjar þeir, er rannsakað er hjá, mega vera viðstaddir rannsóknina. Varning, sem skipverji hefir með sér ólöglega, getur skipstjóri tekið í sínar vörzlur, látið flytja á land eða varpa útbyrðis, ef nauðsyn krefur.

4. Um vinnu á skipi, viðurværi skipverja og aðbúð.

55. gr.

Þegar verkum er skipt, skal taka tillit til stöðu hvers skipverja á skipinu og þess gætt eftir föngum, að hann taki framförum í kunnáttu í starfi sínu.

Þeim manni, er verkum stjórnar, er skylt að gæta þess, að fylgt sé nauðsynlegum varúðarreglum gegn slysum og sjúkdómum.

56. gr.

Á sunnudögum eða öðrum helgidögum, sem lögteknir eru hér á landi, má eigi setja skipverja til vinnu við þau störf, sem fresta má.

Skipverjum skal, ef þess er kostur, gefið tækifæri til að halda guðsþjónustu á skipinu á helgidögum þessum.

57. gr.

Skipstjóri skal sjá um, að skipverjar fái nægan mat og góðan, og skal hann um það efni hlíta reglugerð, er ráðherra setur um viðurværi skipverja á íslenzkum skipum.

Ef nauðsyn ber til að matur sé dreginn af skipverjum á ferð, skal greiða þeim sanngjarnar bætur þess.

58. gr.

Skipstjóri skal hafa eftirlit með heilbrigðismálum og hreinlæti á skipinu. Hann skal gæta þess, að fylgt sé nákvæmlega reglugerð þeirri, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur um vistarverur skipverja, viðhald á þeim og hreinlæti í þeim.

5. Um haffærisskoðun.

59. gr.

Ef meiri hluti skipshafnar ber sig upp við skipstjóra yfir því, að skipið sé eigi haffært í ferð þá, sem því er ætluð, eða yfirvélstjóri, og umkvartanirnar lúta að þeim hluta skips, áhalda þess eða útbúnaðar, er hann hefir umsjón með, þá er skipstjóra skylt að láta fara fram aukaskoðun á skipinu, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum um eftirlit með öryggi skipa, og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim lögum. Komi kvörtunin fram í erlendri höfn, þar sem aukaskoðun getur eigi farið fram samkvæmt áðurnefndum reglum, skal skipstjóri snúa sér til yfirvaldanna þar á staðnum og fara fram á, að skoðunarmenn séu útnefndir til að dæma um haffæri skipsins.

Reynist það við skoðunina, að umkvartanirnar um óhaffæri skipsins höfðu eigi við skynsamleg rök að styðjast, skulu þeir, sem kærðu, greiða kostnaðinn við skoðunina og skaðabætur svo sem segir í annari málsgr. 50. gr.

Ef skoðunargerð fer fram erlendis samkvæmt grein þessari, skal ræðismaður sá, er málið hefir haft með höndum, en ella skipstjóri, tafarlaust senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skýrslu um skoðunina.

6. Um agavald skipstjóra.

60. gr.

Skipstjóri, eða sá, sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, getur þröngvað skipverjum til hlýðni með valdi, ef það er nauðsynlegt til að halda góðri reglu á skipinu.

Þá er skip er í háska statt, eða skipverjar gera samblástur, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að þrífa til hverskyns nauðsynjaúrræðis til að koma á hlýðni og góðri reglu, og er hver af skipverjum skyldur til að veita yfirmanni sínum aðstoð sína, jafnvel ótilkvaddur.

Bíði sá tjón við þetta, er mótþróann sýndi, á enginn ábyrgð á því, ef yfirmaður beitti eigi meira harðræði en atvik kröfðu.

61. gr.

Drýgi skipverji meiri háttar glæp og sé skipið eigi statt í innlendri höfn, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, taka bráðabirgðaskýrslu um málið, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 64. gr. Ef glæpurinn var unninn í landi eða landhelgi annars ríkis, skal rannsókn þessi því aðeins fara fram, að yfirvöld á þeim stað reki eigi málið.

Þar til íslenzkur ræðismaður eða íslenzk yfirvöld geta tekið málið í sínar hendur, skal skipstjóri gæta þess efir föngum, að sakborningur hverfi eigi á burt, og er heimilt að byrgja hann inni eða hefta á annan hátt, ef þörf krefur, og ábyrgist skipstjóri, að hann sé ekki harðara leikinn en vera þarf.

IV. KAFLI.

Um refsivald skipstjóra.

62. gr.

Skipstjóri má refsa skipverja með kaupmissi í einn til sjö daga fyrir þessar yfirsjónir:

1. Komi hann eigi í skiprúmið á ákveðnum tíma, fari hann frá skipi í leyfisleysi eða komi eigi á ákveðnum tíma til skips úr landgönguleyfi.
2. Vanræki hann að tilkynna forföll, er valda því, að hann kemur eigi til skips á ákveðnum tíma.
3. Valdi hann hættu eða tjóni með hirðuleysi í starfi sínu.
4. Víki hann af verði, er hann hefir verið settur við stýri eða skipuð útsýn, eða komið er þar að honum sofandi eða ölvuðum, eða sé hann endranær ölvaður við störf sín.
5. Sói hann matvælum eða fari hann ótilhlýðilega með þau á annan hátt.
6. Leyni hann óviðkomandi manni á skipi eða hleypi manni á skip í leyfisleysi.
7. Flytji hann áfengi á skip eða annan varning, sem honum er óheimilt að hafa á skipi samkvæmt ákvæðum 54. gr.
8. Hegði hann sér ósæmilega við yfirmenn sína eða óhlýðnist skipunum þeirra, er að starfi hans lúta.
9. Taki hann þátt í barsmíðum eða gæti hann á annan hátt ekki góðrar háttsemi og reglu á skipinu.

63. gr.

Refsingu þessari má eigi beita á skipum, sem eru í innanlandssiglingum né á öðrum skipum, meðan þau eru stödd í íslenzkri höfn, og eigi fyrir yfirsjónir, sem drýgðar eru í íslenzkri höfn og unnt var að kæra áður en skipið lét úr höfninni.

Eigi má úrskurða skipverja refsingu fyrr en 12 klukkustundir eru liðnar frá því að yfirsjónin var drýgð, og eigi síðar en vika er liðin, nema sérstök nauðsyn sé til þess, að frá því sé vikið.

64. gr.

Skipstjóri skal í viðurvist tveggja prófvotta, er hann sjálfur kveður til meðal hinna reyndustu manna af skipshöfninni, halda próf, áður en hann beitir refsivaldi sínu. Annar prófvotturinn skal vera stýrimaður eða vélstjóri, ef þess er kostur, en hinn úr flokki undirmanna skipsins. Þó skulu þeir báðir vera úr flokki yfirmanna, ef þess eru föng, þá er stýrimaður eða vélstjóri er hafður fyrir sök.

Við prófið skal yfirheyra skipverja þann, er fyrir sök er hafður, svo og vitni þau, er með þarf til sönnunar í málinu. Prófvottarnir geta látið skipstjóra leggja spurningar fyrir þá, sem yfirheyrðir eru. Framburður hinna yf-

irheyrðu og úrskurður skipstjóra skal ritaður í leiðarbók skipsins eða dagbók, eða í sérstaka prófbók, og skal lesa það, sem bókað var, upp fyrir þeim, sem hlut eiga að máli. Skipstjóri og prófvottarnir staðfesta með undirskrift sinni, að rétt sé bókað, og geta vottarnir látið bóka þær athugasemdir, er þeim þykir prófið gefa tilefni til.

Hafi skipstjóri eigi farið að svo sem hér var lýst, er úrskurður hans um refsingu ógildur.

65. gr.

Þegar refsing er ákveðin, skal eigi eingöngu tekið tillit til þess, hve mikilvæg yfirsjónin var eða til atvikanna, er hún var framin, heldur einnig til hegðunar hins seka að undanförnu. Refsingu skal eigi beitt, ef yfirsjónin er smávægileg og ætla má, að áminning nægi.

Skipstjóri getur eigi kært skipverja fyrir yfirvöldunum vegna yfirsjónar, er hann hefir refsað honum fyrir, nema fyrirvari hafi verið gerður um það í refsiúrskurðinum.

66. gr.

Ef ástæða þykir til þess, getur skipstjóri gefið eftir, að nokkru eða öllu leyti, sekt sem hann hefir úrskurðað. Úrskurður um eftirgjöf sektar skal ritaður í leiðarbók eða dagbók skipsins, eða í prófbókina, og undirritaður af skipstjóra og tveim vottum, en er ógildur ella.

67. gr.

Ef skipverji vill eigi una við refsingu, er skipstjóri hefir úrskurðað honum, og sé hann erlendis, getur hann borið fram kæru sína fyrir ræðismann, en gera verður hann það í síðasta lagi þá er hann fer úr skiprúmi.

Úrskurði ræðismanns skal hlíta fyrst um sinn við samningu lokareiknings skipverjans, en heimilt er hvorum aðila um sig, á ársfresti þaðan frá, að skjóta málinu til sjódóms á heimili útgerðarinnar hér á landi.

Skipverji, sem kæra vill úrskurð skipstjóra, getur krafizt þess að fá eftirrit af prófunum og úrskurðinum, staðfest af skipstjóra.

68. gr.

Hafi skipverji eigi kært úrskurð skipstjóra fyrir ræðismanni, getur hann lagt kæru sína undir úrskurð sjódóms á heimili útgerðar skipsins hér á landi, en gera skal hann það, áður en ár er liðið frá því hann fór úr skiprúmi. Mál samkvæmt 67. og 68. gr. sæta meðferð einkalögreglumála.

69. gr.

Kaup það, sem haldið er eftir samkvæmt 62. gr., skal skipstjóri greiða til lögskráningarstjóra eða ræðismanns, er skipverji er skráður úr skiprúmi, og láta fylgja staðfest eftirrit af prófunum og úrskurðinum, og skal það sent atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu ásamt kaupinu. Sé skipverji eigi skráður úr skiprúmi, skal skipstjóri sjálfur senda ráðuneytinu kaupið og eftirritið.

Fé því, er þannig safnast, skal varið til hagsmuna sjómönnum eða vandamönnum þeirra, eftir fyrirmælum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

V. KAFLI.

Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip.

70. gr.

Ákvæði laga þessara gilda einnig, eftir því sem við á, um aðra menn, er ráðnir eru á skip af útgerðarmanni eða skipstjóra, en ekki teljast til venjulegra skipverja. Ákvæði 13., 32., 37. og 41. gr., um stýrimenn og vélstjóra, gilda og um bryta.

71. gr.

Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip, gilda 10., 26., 27., 4. og 5. málsgr. 28. gr., 29., 31., 49., 50., 54., 57., 58., 60., 61., 85. og 87. grein þessara laga, eftir því sem við á.

Menn þessir eru skyldir til að vinna þau verk eftir megni, sem skipstjóra þykir nauðsyn til öryggis skipinu.

72. gr.

Ákvæði 71. greinar 1. málsgr. gilda og um sjómenn, sem sendir eru heim að tilhlutun ræðismanns.

Gegn hæfilegri þóknun er þeim skylt að aðstoða eftir megni við vinnu á skipinu, sé þess krafizt, þó svo, að jafnan skal tekið tillit til fyrri stöðu þeirra.

VI. KAFLI.

Um refsingar.

73. gr.

Ef skipstjóri misbeitir valdi því, sem honum er veitt í 60. gr. og í 1. málsgr. 61. gr., eða refsivaldi sínu, eða beiti hann ónauðsynlegri harðneskju við skipverja, vanræki skyldur sínar við veika eða slasaða skipverja, eða láti hann skipverja eigi fá lögboðið viðurværi, varðar það sektum, 10—1000 kr., eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

74. gr.

Í refsidómi samkvæmt 73. gr. má ennfremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða, að dómfelldi skuli sviptur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma eða æfilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur rétti til skipstjórnar.

Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unnt er senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftirrit af dóminum svo og skipstjóra-

skírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi.

Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn og sérstakar ástæður mæla með því, getur konungur, eftir tillögum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar, enda þótt sá tími, sem til er greindur í dóminum, sé eigi liðinn.

75. gr.

Brjóti útgerðarmaður eða skipstjóri annars á móti skyldum þeim, sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum, þá varðar það 10—1000 króna sektum.

76. gr.

Ákvæði 73.—75. greinar gilda einnig um þann mann, sem gengur í stað skipstjóra í forföllum hans eða fjarveru.

77. gr.

Ef skipverji ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, er hann var skyldur til að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi, þá varðar það 5—500 króna sektum.

78. gr.

Ef skipverji, í þeim tilgangi að koma sér hjá vinnu á skipi, annaðhvort vanrækir að koma til skips á ákveðnum tíma eða hverfur frá skipi, þá skal hann sæta sektum fyrir strok.

Strjúki skipverji er svo er ástatt, að skipi eða mönnum er með því stefnt í voða, eða séu að öðru leyti miklar sakir, getur refsingin orðið fangelsi eða betrunarhúsvinna allt að einu ári.

Strjúki skipverji með kaup, er hann hefir eigi unnið fyrir, skal honum refsað fyrir svik, hvort sem hann er kominn í skiprúmið eða eigi, nema ætla megi, að tilgangur hans hafi eigi verið sá, að draga sér kaup það, sem hann hafði fengið greitt, en hafði enn eigi unnið fyrir.

79. gr.

Hver, sem tælir skipverja til stroks eða hjálpar honum, með ráðum eða í verki, til að strjúka, sæti sektum eða fangelsi.

80. gr.

Ef skipverji rís upp móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því, þá sætir hann 5—500 króna sektum, eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

81. gr.

Ef skipverji ræðst á skipstjóra eða annan yfirmann sinn með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, varðar það fangelsi eða hegningarvinnu, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru. Séu málsbætur, má beita sektum.

82. gr.

Ef skipverjar, eða nokkur hluti þeirra, gerir samblástur, þá varðar það fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru. Þó getur refsing hvatamanna eða foringja samblástursins orðið hegningarvinna allt að 6 árum, svo og refsing annara samblástursmanna, ef þeir hafa beitt líkamlegu ofbeldi eða mikið fjártjón hefir hlotizt af samblæstrinum.

83. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi samkvæmt 59. grein, og það reynist við skoðunargerðina, að engin skynsamleg rök voru til að telja skipið óhaffært, þá varðar það 5—500 króna sektum, eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

84. gr.

Verði skipverji valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, þá varðar það fangelsi eða sektum.

Sé hinn seki stýrimaður eða vélstjóri, má ennfremur ákveða í dóminum, að hann skuli sviptur rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar, um ákveðinn tíma eða ævilangt. Í dóminum má þó heimila honum að gegna lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu en þeirri, er hann áður hafði, þann tíma, sem tiltekinn er í dóminum. Um eftirrit af dóminum og um atvinnuskírteini dómfellda fari svo sem segir í 74. gr.

Þegar eitt ár að minnsta kosti er liðið frá dómsuppsögn, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, ef ástæða þykir til þess, veitt stýrimanni eða vélstjóra, sem sviptur hefir verið rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar, heimild til að gegna nánara tiltekinni lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu, eða jafnvel, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt honum aftur að fullu atvinnuréttindi þau, er hann var sviptur, hvorttveggja, enda þótt sá tími, sem til var greindur í dóminum, eigi sé liðinn.

85. gr.

Hafi skipverji varning með sér á skipi án leyfis skipstjóra, og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af varningi þessum, þá varðar það 5—500 króna sektum eða fangelsi.

86. gr.

Ef skipverji fer frá skipi, og er skipið í háska statt og hann gætir eigi þess, sem góðum sjómanni er skylt að gæta, varðar það hann sektum eða einföldu fangelsi.

87. gr.

Verði skipverji sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðrum hætti en áður var sagt, eða raski hann góðri háttsemi eða reglu, varðar það 5—500 króna sektum.

88. gr.

Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 77. gr., 1. málsgr. 78. gr., 79., 80., 85.

og 87. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn, nema sá krefjist þess, er misgert var við, skipstjóri eða útgerðarmaður. Krafa um málssókn skal gerð svo fljótt sem unnt er, og í síðasta lagi áður en ár er liðið frá því, að yfirsjónin var drýgð.

Mál út af brotum gegn 84. og 86. gr. skulu lögð fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin. Sé um algerðan skiptapa að ræða, hafi skip steytt á grunni og orðið að leita hjálpar annara, eða hafi annað sjóslys orðið, er mannfjón hlauzt af eða annað verulegt tjón, má eigi fella niður málssókn fyrr en leitað hefir verið umsagnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Mál út af brotum gegn 2. og 3. málsgr. 78. gr., 81., 82. og 84. gr. skulu sæta almennri meðferð sakamála, en mál út af brotum gegn 73., 75., 77. gr. 1. málsgr. 78. gr., 80., 83., 85., 86. og 87. gr. skulu rekin sem almenn lögreglumál.

89. gr.

Hafi skipverji orðið sekur um yfirsjón og sætt refsingu fyrir hana eftir 62. gr., og verður mál höfðað um það á hendur honum, þá skal dómurinn kveða á um sekt hans með réttmætri hliðsjón af hinni fyrri refsingu hans, og má þá færa refsinguna niður fyrir það, sem ella er ákveðið fyrir þá yfirsjón, eða fella refsinguna niður með öllu.

90. gr.

Mál þau, er ræðir um í þessum kafla, skulu rekin í sjódómi.

91. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

VII. KAFLI.

Um gildi laga þessara og afnám eldri lagaákvæða.

92. gr.

Með lögum þessum eru 30. gr., 2. málsgr. 39. gr., 49.—52. gr., upphafsákvæði 1. málsgr. 66. gr., 67.—73., 75.—113. gr., 253. gr., 2. málsgr. 254. gr., 257. og 265.—277. gr. siglingalaga nr. 56, 30. nóvember 1914, úr lögum numdar.

93. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931.

Ed. 529. Lög

um mat á kjöti til útflutnings.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

1. gr.

Allt kjöt, sem flutt er héðan af landi, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna. Slátrun skal fara fram í þrifalegum húsakynnum og svo rúmgóðum, að kjötið geti kólnað nægilega fljótt og skemmdalaust. Slátrunin skal vera þrifaleg og kjötið hreint og óskemmt. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur atvinnumálaráðuneytið reglur um meðferð kjötsins, læknisskoðun, frystingu, söltun og umbúðir og allt það, sem viðkemur kjötverkuninni.

2. gr.

Læknisskoðun og stimplun skal fara fram á öllu kjöti, sem til útflutnings er ætlað, áður en söltun eða frysting fer fram, samkvæmt lögum um merking á kjöti, nr. 7, 13. sept. 1912.

Nú reynist ókleift að fá hæfan lækni til stimplunar á einhverjum slátrunarstað, og getur þá stjórnarráðið veitt undanþágu frá stimpluninni fyrir eitt ár í senn, en ætíð skulu þær tunnur, sem óstimplað kjöt er saltað í, merktar sérstöku merki, og setur stjórnarráðið nánari reglur um það.

Frosið kjöt má ekki flytja úr landi, nema það sé áður skoðað af löggiltum lækni. Atvinnumálaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með og yfirmatsmaður á frosnu kjöti mælir með undanþágunni.

Læknir getur neitað að stimpla það kjöt, sem hann telur eigi hæft til útflutnings sökum megurðar, óhreininda og þess, að illa hefir verið flegið, eða annara skemmda. Skal læknir jafnframt tilkynna hlutaðeigandi yfirmatsmanni misfellurnar, ef mikil brögð eru að.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur, ef þess er óskað, og samkvæmt tillögum yfirmatsmanns, löggilt sláturhús og frystihús, þar sem fé er slátrað og kjötið fryst til útflutnings, ef húsin eru svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að öruggt þyki, að hægt sé þess vegna að fullnægja ítarlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum. Atvinnumálaráðuneytið heldur skrá yfir þessi löggiltu hús, þar sem hvert þeirra hefir sérstakt löggildingarmerki.

Sérstaka reglugerð skal setja um allan útbúnað hinna löggiltu húsa.

4. gr.

Hverja saltkjötstunnu skal merkja á efra botn, eða báða botna, varanlegum og glöggum merkjum, bæði einkamerki hvers útflytjanda og tegundar-

og flokksmerkjum kjötsins. Umbúðir um frosið kjöt skal merkja á sama hátt, og ennfremur sé festur merkimiði við hvert krof með greinilegu flokksmerki og einkamerki útflytjanda. Á aðra hlið merkimiðans sé prentað læknisvottorð, undirskrifað af lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið. Atvinnumálaráðuneytið setur nánari reglur um merkingu kjötsins og umbúðir.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar yfirmatsmenn á kjötinu. Skulu þeir sýna ábyggileg vottorð um það, að þeir hafi aflað sér þekkingar og æfingar á slátrunarstörfum í reglulegu sláturhúsi, ennfremur í meðferð kjöts, niðursöltun og frystingu. Þeir mega enga þóknun þiggja, hverju nafni sem nefnist, hjá neinum þeim, sem kjöt er metið fyrir, heldur ekki hjá skipstjórum á útflutningsskipum né öðrum, sem við útflutning kjötsins eru riðnir. Ekki mega þeir heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda né neinskonar milligöngu í því efni, er þeir hafi hagnað af.

Yfirmatsmenn þessir skulu alls vera 6, og ákveður atvinnumálaráðuneytið umdæmi þeirra hvers um sig. Að minnsta kosti einn þeirra skal hafa yfireftirlit með flokkun og meðferð á frosnu kjöti. Árleg laun yfirmatsmanns á frosnu kjöti skulu vera 800 krónur, en annara yfirkjötmatsmanna 600 kr., auk ferðakostnaðar eftir sanngjörnum reikningi, er atvinnumálaráðuneytið úrskurðar. Hvorttveggja þetta, svo og annar kostnaður, er fljóta kann af yfirmati kjötsins, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, þar sem fé er slátrað til útflutnings. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögu hlutaðeigandi yfirmatsmanns kjötsins í því umdæmi, að fengnum tillögum forstöðumanna sláturhúsa eða sláturfélaga.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt erindisbréfi.

Kaup kjötmatsmanna á hverjum stað ákveða yfirmatsmenn í samráði við forstöðumenn sláturhúsa eða hlutaðeigandi verzlanir, og greiðir útflytjandi kaupið. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi af þeim, er þeir meta hjá eða riðnir eru við útflutning kjötsins, né vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt eða leysir það illa af hendi, að dómi yfirkjötmatsmanns, og skal yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega matsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

7. gr.

Þar, sem kjöt er bæði fryst og saltað til útflutnings frá sama sláturhúsi, getur matsmaður á frystu kjöti einnig haft með höndum mat og eftirlit

með söltun og annari meðferð á saltkjöti, enda sé þá þessa tvöfalda hlutverks getið í erindisbréfi hans.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur erindisbréf fyrir undirmatsmenn og setur þar nánari fyrirmæli um flokkun og mat kjötsins, um frystingu kjötsins, söltun þess og pæklun, um merking þess, um eftirlit með geymslu þess og útskipun, svo og um aðrar skyldur undirmatsmanna.

9. gr.

Kjötmatsmenn og yfirmatsmenn á kjöti skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparvottorð um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Atvinnumálaráðuneytið stilar þeim heitið.

10. gr.

Yfirmatsmenn á kjöti skulu ferðast um umdæmi sitt árlega, helzt á tímabilinu frá 1. sept. til 31. okt., og koma á hvern stað, þar sem fé er slátrað til útflutnings. Þeir skulu líta eftir húsum þeim, sem höfð eru til slátrunar, kjötgeymslu og niðursöltunar, og finna að því við hlutaðeigendur, sem þeim þykir ábótavant í þessum efnum. Nú er á einhverjum stað eigi kleift að reka sláturfé til sláturhúss, og getur atvinnumálaráðuneytið þá veitt undanþágu fyrir 1 ár í senn til þess, að slátra megi fénu úti á góðum blóðvelli, með þeim skilyrðum, er yfirmatsmaður setur, til þess að kjötið verði eigi fyrir neinum skemmdum, en sé hreint og vel verkað, en slíkt kjöt má þó ekki flytja út öðruvísi en saltað.

Yfirmatsmaður á frosnu kjöti skal, meðan slátrun stendur yfir að haustinu, koma svo oft á hvern slátrunarstað í umdæmi sínu, sem hann telur þörf og ástæður leyfa.

Yfirmatsmenn skulu líta eftir því, að á hverjum stað séu hæfir menn til slátrunarstarfa, kjötmats og kjötverkunar. Þeir skulu hvarvetna leiðbeina um slátrun og kjötmeðferð alla og leitast við að koma á sem beztri meðferð og fyllstu samræmi í meðferð og frágangi vörunnar. Yfirmatsmenn fá 3 krónur í dagpeninga fyrir þá daga, sem þeir eru á ferðalagi í framantöldum erindum, og telst það með ferðakostnaði.

Atvinnumálaráðuneytið getur kvatt yfirmatsmenn saltkjötsins til funda á þeim tíma, er því kemur saman um við þá, til þess að bera sig saman um hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum og koma sem beztu samræmi á kjötmatið og önnur störf kjötmatsmanna, ennfremur til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um reglur þær, er hún setur um mat og meðferð kjötsins, eða um breytingar á þeim reglum, sem í gildi eru.

Kaup fyrir þá daga, sem yfirmatsmenn eyða til funda þessara frá heimili sínu, greiðist úr ríkissjóði eftir samkomulagi við stjórnarráðið, en um ferðakostnaðinn fer samkvæmt 5. gr.

11. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út kjöt til sölu á útlendum markaði án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking þess, sæti 1000—3000 kr. sektum til ríkissjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot kjötmatsmanna og yfirkjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 15, 10. sept. 1919, um mat á saltkjöti til útflutnings.

Ed. 530. Lög

um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem til er tekið í lögum þessum, að láta ríkissjóð taka að sér greiðslu lána þeirra úr veðdeild Landsbankans og Viðlagasjóði, sem hvíla á eigendum jarða í Skeiðahreppi í Árnessýslu vegna Skeiðaáveitunnar.

2. gr.

Jarðir þær, sem átt er við í 1. gr., eru þessar: Fjall (tvö býli), Framnes, Birnustaðir, Reykir, Húsatóftir (tvö býli), Hlemmiskeið (tvö býli), Brjámsstaðir, Votamýri, Blesastaðir, Skeiðháholt, Kálfhóll, Kílhraun, Borgarkot, Langamýri, Arakot, Brúnavallakot, Syðri-Brúnavellir, Útverk, Miðbýli, Vorsabær, Efri-Brúnavellir og Árhraun.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra má því aðeins nota heimild þá, sem felst í 1. gr., að fullnægt sé eftirfarandi skilyrðum:

1. Að allir eigendur jarðanna, sem nefndar eru í 2. gr., skuldbindi sig til þess að hlíta lögum þessum.
2. Að þeir eigendur jarðanna, sem að áliti þriggja manna nefndar, er atvinnumálaráðherra skipar, þurfa þess, vegna skuldbindinga, er ekki koma áveitunni við, leiti nauðasamninga við lánardrottna sína, og nái þeim, með kjörum, sem nefndin telur ekki ofvaxið fjárhag þeirra.
3. Að hreppsnefnd Skeiðahrepps, með samþykki lögmæts hreppsfundar,

ábyrgist gagnvart ríkissjóði, að eigendur jarða þeirra, sem í 2. gr. getur, greiði á árunum 1930—1980, í gjalddaga 20. október ár hvert, 2% af höfuðstóli lánanna, sem tekin hafa verið til áveitunnar og hvíla á eigendum jarðanna, eins og hann verður þegar lög þessi öðlast gildi.

4. gr.

Til þess að bæta ríkissjóði gjöld, sem hann hefir af lögum þessum, ef heimild 1. gr. verður notuð, er lagður verðhækkunarskattur á jarðirnar, sem taldar eru í 2. gr., og er hann tvennskonar, verðhækkunarskattur eftir fasteignamati og verðhækkunarskattur við sölu.

5. gr.

Til grundvallar verðhækkunarskatti eftir fasteignamati skal leggja landverð jarðanna eins og það er talið í jarðamatsbókinni frá 1921, og kemur hann fyrst til framkvæmda við mat það, sem á fram að fara árið 1940. Skattur þessi nemur 10% af hækkun landverðsins og greiðist með jöfnum afborgunum og 6% ársvöxtum á næstu 10 árum eftir hvert almennt fasteignamat. Heimilt er þó jarðeiganda að greiða hann fyrr, ef hann óskar.

Skattur þessi greiðist í síðasta sinni af verðhækkun, sem verða kann við fasteignamatið 1980, og skal því falla burtu í síðasta lagi 1990.

Skatturinn telst aðeins af þeirri hækkun landverðsins, sem orðið hefir á síðustu 10 árum, nema í fyrsta skipti telst hann af hækkun þess á síðustu 20 árum.

Sýslumaður innheimtir skattinn á manntalsþingum og gerir ríkissjóði skil fyrir honum á sama hátt og öðrum tekjum hans. Fjármálaráðherra ákveður, hvernig reikningshaldi skuli háttað.

6. gr.

Söluskatturinn miðast við fasteignamat (landverð og húsaverð) eins og það er á þeim tíma, sem sala fer fram. Skatturinn nemur 20% af því, sem söluverðið er hærra en fasteignamatið, og greiðist hann sýslumanni áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því, er fullsamið var um söluna. Bæði kaupandi og seljandi eru ábyrgir fyrir greiðslu skattsins.

Nú hefir seljandi gert húsabætur eða túnbætur síðan síðasta jarðamat fór fram, og skal þá sýslumaður, ef þess er óskað, láta fram fara mat á, hversu mikið jörðin muni hafa hækkað í verði við umbæturnar, eftir þeim reglum, sem fasteignamatsnefndir fylgja. Þegar svo stendur á sem hér segir, greiðist skatturinn af mismun söluverðs og samanlögðu fasteignamatsverði og verði umbótanna.

Skattur samkvæmt þessari grein greiðist ekki, þegar jörð fellur í arf til maka, afkomenda eða fósturbarna. Annars greiðist hann jafnan, er sala fer fram, frá því er lög þessi öðlast gildi og til ársloka 1980.

Sýslumaður gerir árleg skil fyrir skattinum á sama hátt og segir í 5. gr.

7. gr.

Nú greiðir jarðeigandi að fullu hluta jarðar sinnar af stofnkostnaði áveitunnar áður en 10 ár eru liðin frá því lög þessi öðlast gildi, og er þá jörð hans undanþegin öllum skatti samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Jarðirnar, sem taldar eru í 2. gr., eru að lögveði fyrir greiðslum öllum, er ræðir um í 3.—6. gr. laga þessara, næst á eftir því, sem nú hvílir á þeim. Lögveð þetta hefir uppfærslurétt, þannig, að þegar það er greitt, sem nú hvílir á, kemur lögveðið næst á eftir almennum opinberum sköttum.

9. gr.

Lög þessi ná ekki til þeirra jarða á áveitusvæðinu, sem eru utan Skeiðahrepps.

10. gr.

Ríkissjóður hefir lögtaksrétt fyrir greiðslum samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um viðhald og starfrækslu Skeiðaáveitunnar. Þar skal taka til, hvernig áveitumálum skuli stjórnað, skylda ábúendur til að halda áveitunni við, kveða á um framlög til hennar og annað, sem með þarf, til þess að hún komi að sem fyllstum notum. Reglugerð þessi gildir sem lög fyrir áveitufélagið og má ákveða sektir fyrir brot gegn henni. Þegar reglugerðin verður gefin út, fellur úr gildi samþykkt um félagsáveitu í Skeiðahreppi, 24. september 1917.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 531. Lög

um refaveiðar og refarækt.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

I. KAFLI.

Um refaveiðar.

1. gr.

Skylt er sýslunefndum að sjá um, að hreppsnefndir hafi umsjón og eftirlit með eyðing refa, eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort heldur sem lönd þessi liggja innan eða utan sýslufélagsins.

Nú eiga tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman, og annast þeir þá í sameiningu um grenjaleitir.

Heimilt er sýslunefndum að veita þeim hreppum undanþágu frá grenjaleitum, er fullvíst þykir, að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum, eða þar hafi ekki fundizt dýr síðustu árin.

3. gr.

Hreppsnefnd eða þeir, er upprekstrarfélag velur eða sameiginlegur fjallskilafundur fleiri hreppa, skulu ráða einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu í þeim löndum, er þeim ber að annast um samkv. 2. gr. Skal hann (þeir) reiðubúinn til grenjavinnslu hvenær sem gren finnst, ásamt með vökumanni, sem ráðinn er af sömu aðiljum og skotmaður tekur gildan.

4. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 3. gr., að vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggi svo til, að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð.

5. gr.

Þegar gren finnst, hvort heldur er í grenjaleit eða ekki, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann gera það, en flýta skal hann sem mest för sinni og þegar í stað fara á grenið aftur og ekki yfirgefa það fyrr en skotmaður kemur. Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, þó finni. En skyldur er sá, sem vitneskju fær, að aðvara skotmann tafarlaust. Skal sá, er þannig varðveitir gren eða aðvarar skotmenn, fá hæfilega þóknun fyrir ómök sín.

6. gr.

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á víðavangi, eru eign þess sveitarfélags eða sveitarfélaga, er annast um grenjavinnslu á því svæði samkv. 2. gr., enda greiði sveitarfélagið eða sveitarfélögin allan kostnað við grenjavinnsluna.

Heimilt er þó ábúanda að taka þátt í grenjavinnslunni á þann hátt að bera helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans. Allur annar refaveiðakostnaður greiðist þá af sveitarsjóði eða sveitarsjóðum (fjallskilasjóði), ef fleiri en einn hreppur eiga afrétt saman.

Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni skiptast þá einnig eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.

Tilkynning ábúanda um, að hann kjósi að taka þátt í grenjavinnslunni, skal vera skrifleg og afhent hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, eða

fjallskilastjóra þar, sem fleiri hreppar eiga afrétt saman, fyrir fyrsta sumardag áður en grenjavinnsla fer fram.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða trúnaðarmann upprekstrarfélags eða leitarsvæðis.

Nú er gren unnið að einhverju eða öllu leyti á annan hátt, er segir í niðurlagi 4. greinar, og skal þá sá, er dýrunum náði, fá borgun, sem ekki má vera undir helmingi þess, sem hinn ráðni skotmaður hefði fengið, og aldrei meiri en hann hefði haft.

8. gr.

Hreppsnefndir eða þeir, sem valdir hafa verið til þess að sjá um refaeyðing samkvæmt ákvæðum annarar málsgreinar 2. gr., skulu fyrir 1. desember ár hvert leggja fram sundurliðaðan reikning fyrir tekjur og kostnað við refaeyðing í afréttar- eða heimalöndum þeirra.

9. gr.

Nú vinnast hlaupadýr á öðrum tíma en grenjaleit fer fram, og á þá skotmaður 10 kr. fyrir hvert dýr, er hann sannar, að hann hafi unnið. Sýslunefnd getur þó hækkað eða lækkað gjald þetta.

Greiðist gjaldið úr hlutaðeigandi sýslusjóði.

10. gr.

Engu má raska á grenjum nema með samþykki og að fyrirsögn sveitarstjórna. Ekki má láta hunda hlaupa í gren á grenjavinnslutímanum né hafa þar óþarfan umgang eða hark.

11. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir öll þekkt gren og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við gren, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur og látið laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

12. gr.

Sýslunefndum er heimilt að setja með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið staðfestir, nánari reglur um framkvæmd laga þessara innan sýslunnar, svo sem um grenjaleitir, grenjavinnslu og kaupgreiðslu til skotmanna og annað, er lýtur að eyðing refa.

II. KAFLI.

Um refarækt.

13. gr.

Hver sá, er ætlar að setja á stofn refaræktarbú eða stunda refaeldi, þarf til þess leyfi sýslunefndar. Það telst refaræktarbú, þar sem refir eru

aldir árlangt, en refaeldi þar, sem refir eru aldir skemmri tíma, hvort sem fleiri eru eða færri.

14. gr.

Bannað er að geyma refi öðruvísi en í fulltryggum girðingum eða annari öruggri vörzlu. Nú sleppur refur úr vörzlu og næst ekki. Skal þá eigandi sæta að minnsta kosti 200 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem sleppur.

15. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um öryggi refagirðinga, geymslu og flutning refa og um læknisefirlit með refaræktarbúum. Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu hafa sérstakt eftirlit með því, að geymsla refa sé svo örugg sem reglugerð ákveður.

16. gr.

Eigi má flytja út refi lifandi, nema þeir séu fallegir og vel aldir og fylgi dýralæknisvottorð hverri útflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og hvort yrðlingar séu eða eldri dýr.

Þessi vottorð skulu staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

Eigi má flytja út yrðlinga fyrir 20. sept. Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

17. gr.

Hvert refaræktarbú og annað refaeldi er skyldugt að borga allan kostnað, er eftirlit og annað, er búið varðar, hefir í för með sér, eftir reikningi. Verði ágreiningur um reikning, sker sýslunefnd úr.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslusjóð þar sem brotið er framið, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallnar reglugerðir þær um grenjavinnslu og refarækt, er sýslunefndir hinna einstöku héraða hafa sett, að því leyti er þær koma í bága við lög þessi eða reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur um refagirðingar.

Svo eru úr gildi numin lög nr. 48, 28. nóv. 1919, að því er snertir eyðing refa, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 532. Lög

um aukna landhelgisgæzlu.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem verða má, láta kaupa eða byggja nýtt skip til landhelgisgæzlu.

2. gr.

Til kaupa eða byggingar skipsins skal verja fé úr landhelgissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 533. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við 1. gr. 1. málsgr. Fyrir orðin »sem nemi kr. 0,50« komi: allt að kr. 0,50.

Ed. 534. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Nú gerir maður þurrheyshlöðu, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, allt að kr. 0,50 á hvert metið dagsverk. Þó veitist engum hærri upphæð en 500 kr.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að veggir hlöðunnar séu gerðir úr steinsteypu eða steinlímdir, og þak úr bárujárni (og timbri) eða steinsteypu.

Eigi veitist styrkur á hlöður, sem taka minna en 100 hesta heys. Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um gerð á umræddum hlöðum og ákveður, hvernig þær skuli lagðar í dagsverk.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930.

Ed. 535. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Jónasi Kristjánssyni.

Á eftir III. lið C. 3. a. komi nýr liður:
Siglufjarðarbraut, frá Siglufirði að Fljótaárbrú.

Nd. 536. Leiðrétting

við greinargerð með frv. til laga um fasteignaskatt (þskj. 138).

Síðasta málsgrein á bls. 478 í A-deild (bls. 9 á lausa þingskjalinu) átti að hljóða svo:

Samkv. frv. mundi hann greiða, ef heimildin er notuð:

Húsaskatt 5 ‰ af kr. 8 þús.	=	kr. 40.00
Jarðskatt 1.6 % af kr. 5 þús.	=	kr. 80.00
Samtals kr.		120.00

Skattgjald hans mundi því hækka um 15 krónur.

Ed. 537. Frumvarp

til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á árunum 1934—1940 er landsstjórninni heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands. Höfuðbyggingin má kosta allt að 600 þúsundum króna, og skal verkið framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum, eða með lántöku eftir heimild Alþingis. Svo skal hagað byggingunni, að taka megi nokkurn hluta hússins til afnota fyrir Háskólann, þótt byggingin sé ekki fullger.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar samkvæmt 1. gr., er það, að samkomulag náist við bæjarstjórn Reykjavíkur um, að Reykjavíkurbær gefi Háskólanum til kvaðalausrar eignar 8—10 hektara af landi á þeim stað, sem kennslumálaráðherra og háskólaráði þykir hentugt.

3. gr.

Landsstjórninni heimilast að ætla húsrúm fyrir kennslu í uppeldisvísindum í væntanlegri háskólabyggingu og að láta reisa heimavist fyrir kennaraefni á þeim hluta lóðarinnar, sem ætlaður verður fyrir sjálfstæðar smábyggingar.

Sþ. 538. Tillaga

til þingsályktunar um endurheimt íslenzkra handrita frá Danmörku.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson, Jörundur Brynjólfsson, Héðinn Valdimarsson, Pétur Ottesen, Jón Auðunn Jónsson, Jón Ólafsson, Haraldur Guðmundsson, Jón Jónsson, Hannes Jónsson, Magnús Guðmundsson, Gunnar Sigurðsson, Magnús Jónsson, Halldór Stefánsson, Jóhann Jósefsson, Sigurður Eggerz.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar samninga við dönsk stjórnarvöld um heimflutning íslenzkra handrita, fornra og nýrra, frá Danmörku, svo sem safns Árna Magnússonar og þeirra handrita, er konungur hefir fengið héðan fyrr á tímum og geymd eru í dönskum söfnum.

Greinargerð.

Um rök þessarar ályktunar er vísað til ritgerðar dr. Páls Eggerts Ólasonar prófessors, er hann nefnir: »Nokkur orð um endurheimt íslenzkra handrita«. Ritgerð þessi hefir verið send öllum alþingismönnum.

Nánara í framsögu.

Ed. 539. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í þessu máli. Meiri hlutinn sér ekki fært að af-

greiða málið á þessu þingi, en minni hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. — Nánar í framsögu.

Alþingi, 14. apríl 1930.

H. Steinsson.

Ed. 540. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Dalvík.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir klofnað í þessu máli. Meiri hlutinn sér ekki fært að afgreiða það á þessu þingi, en minni hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. — Nánar í framsögu.

Alþingi, 14. apríl 1930.

H. Steinsson.

Ed. 541. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar telur ekki fært að afgreiða frv. á þessu þingi, en minni hlutinn leggur hinsvegar til, að það verði samþykkt óbreytt. — Nánar í framsögu.

Alþingi, 14. apríl 1930.

H. Steinsson.

Ed. 542. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1928.

Frá fjárhagsnefnd.

Í frv. stjórnarinnar var farið fram á útgjaldaheimild, að upphæð alls kr. 1822089,15, en í Nd. hefir upphæðin verið færð niður í kr. 1252946,49. Tveir nefndarmenn (BK og JÞ) hefðu talið réttara að samþykkja alla þá upphæð,

sem farið var fram á í stjfrv., en gera þó ekki ágreining út af þessu. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1930.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr. og frsm.
Jón Þorláksson.	Björn Kristjánsson.

Ed. 543. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1928.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir haft nauman tíma til athugunar á landsreikningnum að þessu sinni, þar sem frv. var fyrst vísað til nefndarinnar í dag, en með því að líkur eru til, að þingið standi ekki nema nokkra daga hér eftir, vill nefndin afgreiða málið án tafar. Hefir neðri deild athugað frv. þetta og gefið út allítarlegt nefndarálit. Með skírskotun til þess, sem þar er tekið fram, leggur nefndin til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 14. apríl 1930.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Jón Þorláksson.
	Björn Kristjánsson.	

Nd. 544. Breytingartillögur

við frv. til laga um geldingu húsdýra.

I. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*
Fyrirsögn frv. verði:
Frv. til laga um geldingu hesta og nauta.

II. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 4. gr. Greinina skal orða svo:
Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1932.

Nd. 545. Frumvarp

til laga um geldingu hesta og nauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Hesta og naut, sem gelda þarf, skal svæfa áður en gelding fer fram.

2. gr.

Sýslunefndir hlutist til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með svæfingarefni (Cloroform) og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Þeim skal heimilt að gera kaup á svæfingarefni hindrunarlaust, þar sem leyfð er sala á því.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1931.

Nd. 546. Breytingartillögur

við frv. til laga um innflutningsgjald af benzíni til viðhalds vegum.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 1. gr. Í stað »7« komi: 3.
2. 6. gr. falli niður.
3. 7. gr. orðist svo:

Lög þessi gilda frá 1. júlí 1930 til 30. júní 1931.

Nd. 547. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík.

Frá minni hluta fjárveitinganefndar.

Nefndin hefir eigi fengizt til að taka mál þetta fyrir á fundi eða taka afstöðu til þess, en við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 13. apríl 1930.

Haraldur Guðmundsson, frsm. minni hl. Jón Ólafsson.

Ed. 548. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929.

Frá fjárveitinganefnd.

Frv. þetta var fyrst í gær, 14. apríl, tekið til 1. umr. hér í deildinni og fengið fjárveitinganefnd til athugunar, og nú er komið að þinglausnum eða þingfrestun.

Háttv. Nd. hefir með öðrum orðum setið með frv. allt þingið að heita má. Þetta verður nefndin að telja mjög óheppileg vinnubrögð, þar sem Ed. er með því útilokuð frá að athuga málið nokkuð gaumgæfilega.

Nefndin hefir nú íhugað frv. á einum fundi og sér ekki fært að verja lengri tíma til þess.

Eftir þessa stuttu athugun verður nefndin að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, enda virðist frv. ekki lakara rökstutt en oft hefir átt sér stað.

Nefndin verður þó að líta svo á almennt, að æskilegast sé, að sem minnst sé borgað út umfram það, sem fjárlög eða önnur lög mæla fyrir, nema sérstök nauðsyn sé fyrir hendi.

Í þessu sambandi vill nefndin benda á, að hún telur orka tvímælis eftir gögnum, sem fyrir liggja, hvort nauðsyn hafi verið að greiða nema lítið af því, sem talið er í 6. gr., svo og 4. lið 7. gr., sem er allhá upphæð, því að enda þótt stjórninni t. d. berist áskoranir um einstakar fjárveitingar frá Pétri eða Páli, einstökum þingmönnum eða miðstjórnum flokka, þá virðist það út af fyrir sig ekki nægar ástæður.

Alþingi, 15. apríl 1930.

Jón Jónsson, form., frsm. Páll Hermannsson, fundaskr. Erlingur Friðjónsson.

Ingibjörg H. Bjarnason. Jóh. Jóhannesson.

Nd. 549. Breytingartillaga

við frv. til laga um innflutningsgjald af benzíni til viðhalds vegum.

Flutningsm.: Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson.

Við 2. gr. Fyrri málsgrein skal orða svo:

Innflutningsgjaldinu skal varið til þess að greiða kostnað við umbætur og viðhald akfærra þjóðvega og sýsluvega í landinu, og skal um skiptingu framlags til einstakra vega af fé því, er á ári hverju kemur inn á þennan hátt, farið eftir tillögum vegamálastjóra og miðað við brýnustu þarfir á hverjum stað.

Ed. **550. Lög**

um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl).

1. gr.

Tilgangur Fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja bátaútveg landsmanna með hagkvæmum lánum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er:

I. Eignir hins gamla Fiskiveiðasjóðs, í peningum og skuldabréfum, eins og þær verða, er lög þessi öðlast gildi.

II. Tillag úr ríkissjóði, 1 milljón króna. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1941.

III. Hundraðsgjald af útfluttum fiskiafurðum samkvæmt því, sem ákveðið verður í sérstökum lögum, þar til höfuðstóll sjóðsins nemur 8 milljónum króna.

3. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, allt að 1½ milljón kr., sem tryggð skulu með stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um stærð bréfanna, útlit, útdrátt og aðra meðferð þeirra, í reglugerð sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til kaupa á slíkum bréfum, allt að 1½ milljón kr., enda skal svo til haga um vexti bréfanna, verð þeirra og tímalengd útlána, að ríkissjóður verði skaðlaus af.

4. gr.

Fé Fiskveiðasjóðs má eingöngu lána til:

a. Skipakaupa, allt að 50 rúmlesta. Þó má veita lán til kaupa á stærri skipum, ef fé er fyrir hendi.

b. Stofnsetningar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar, svo sem til hagnýtingar fiskiúrgangi, íshúsa og kælihúsa.

5. gr.

Lán til kaupa á nýjum skipum má veita til 12 ára, en þeim mun skemur, sem nemur fyrningu, til kaupa á eldri skipum.

Skipakaupalán mega nema allt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 30000 kr. til eins lánþega. Veita má þó samvinnufélögum fiskimanna lán til skipakaupa allt að 30000 kr. á skip.

Lán til iðjufyrirtækja má veita til 15 ára, og mega þau nema ⅔ stofnkostnaðar fyrirtækjanna. Þó skal lán í einn stað eigi fara fram úr 35000 kr. Vextir lána samkvæmt grein þessari skulu ekki að jafnaði fara fram úr

5½%, og greiðast þeir fyrirfram. Hver lántakandi Fiskveiðasjóðs greiðir 1% af lánsupphæð í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið.

6. gr.

Lán úr Fiskveiðasjóði má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn fasteignarveði, allt að ⅔ af virðingarverði þess, ef ekki hvíla neinar skuldbindingar á veðinu á undan veðrétti sjóðsins.
b. Gegn fyrsta veðrétti í skipum, allt að helmingi virðingarverðs, enda gangi þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum öðrum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.

7. gr.

Heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs að leggja árlegt aukagjald, sem nemi allt að ¼%, á lán með veði í skipunum. Gjald þetta skal lagt í sérstakan sjóð, sem ávaxtast eins og varasjóður, og skal því varið til að bæta Fiskveiðasjóði þann halla, sem hann kann að bíða vegna sjóveða í veðsettum skipum. Nánari fyrirmæli um þetta skulu sett í reglugerð Fiskveiðasjóðs.

8. gr.

Leggja skal í varasjóð, auk stofngjalds lánþega eftir 5. gr., 50% af árlegum tekjuafgangi Fiskveiðasjóðs, þar til varasjóður nemur 20% af útlánum sjóðsins, en þaðan af svo mikið, sem þarf til að halda því hlutfalli tryggingar. Varasjóð skal ávaxta á öruggum stað, og má eigi festa hann í áhættulánum.

9. gr.

Eignir þær, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Fiskveiðasjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

10. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðstjórninni eigendaskiptin þegar í stað.

11. gr.

Verð húsa á fasteignum, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal því aðeins teljast til virðingarverðs fasteignarinnar, að húsin séu vátryggð í vátryggingarstofnun, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að Fiskveiðasjóður annist vátryggingar þeirra eigna, sem veðsettar eru fyrir láni úr sjóðnum, og innheimti iðgjöldin á gjalddögum lánsins, ef stjórn sjóðsins ákveður svo.

12. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það eigi er svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

13. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það Fiskveiðasjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóðurinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóðurinn ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóðurinn getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

14. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóðnum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

15. gr.

Fiskveiðasjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, er veita sjóðnum handveðsrétt, eru undanþegnar stimpilgjaldi.

16. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn Fiskveiðasjóðs, þar til samningar takast við Útvegsbanka Íslands um rekstur sjóðsins, eftir fyrirmælum 10. gr. laga nr. 2 1930. Útlánsfé Fiskveiðasjóðs skal skipt sem jafnast eftir bátaútgerð í hverjum hluta landsins.

17. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt

yfirlit yfir hag sjóðsins, er birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal síðan birta hann í B-deild Stjórnartíðinda.

18. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögunum.

19. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1931, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 52, 10. nóv. 1905, um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, og lög nr. 29, 16. nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrirmæli í lögum, skipulagsskrá og reglugerð, er fara í bág við lög þessi.

Ed. 551. Lög

um fiskveiðasjóðsgjald.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl).

1. gr.

Af öllum íslenzkum fiskiafurðum, þar á meðal síld og síldarafurðum, hverju nafni sem nefnast, sem fluttar eru til útlanda, skal umfram lögmælt útflutningsgjald til ríkissjóðs greiða í Fiskveiðasjóð Íslands $^1/_8$ % gjald af verði afurðanna.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra í skip (fob) á þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, að frádregnu útflutningsgjaldi, eða söluverð erlendis (cif), að frádregnu útflutningsgjaldi og flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi. Ef fiskiafurðir eru sendar óseldar, skal lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má að verðar séu með umbúðum, fluttar á skip. Sendandi eða umboðsmaður hans er skyldur til að gefa lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs vottorð, að viðlögðum drengskap, um hvort hið senda er selt eða ekki, og ef selt er, þá söluverð og söluskilmála.

3. gr.

Nú sannar sendandi það, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefir sett á hinar útfluttu óseldu fiskiafurðir, sé hærra en hann hefir selt þær, og er fjármálaráðuneytinu þá heimilt að endurgreiða mismuninn.

4. gr.

Til fiskiafurða þeirra, er getur í 1. gr., telst allskonar fiskur, þar á meðal síld og hverskonar fiskafurðir eða síldarafurðir, sem verkaðar eru eða fluttar milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiðin hafi farið fram utan landhelgi.

5. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skipið er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Gjaldið greiðist lögreglustjóra, þar sem varan er tekin, eða ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skip leggur frá landi.

6. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, er ræðir um í lögum þessum, er skyldur að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, taka ákvæði þessi einnig til skipstjóra og afgreiðslumanna skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir fiskveiðasjóðsgjaldinu.

8. gr.

Lögreglustjórar eða tollstjóri skulu gera reikningsskil fyrir fiskveiðasjóðsgjaldinu, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem sannur verður að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það fiskveiðasjóðsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefir grun um, að skilríki þau, er í 6. gr. getur, séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða lætur frá landi, eða á annan veg útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni.

Kostnað, er af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931 og gilda þar til er höfuðstóll Fiskveiðasjóðs Íslands nemur 8 milljónum króna.

Ed. 552. Lög

um gagnfræðaskóla.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl).

1. gr.

Í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Reykjavík, Ísafirði og Akureyri skulu vera gagnfræðaskólar. Heimilt er ennfremur landsstjórninni að láta efna til gagnfræðaskóla á Siglufirði og Norðfirði, þegar kaupstaðir þessir óska þess og uppfylla skilyrði þessara laga.

2. gr.

Markmið gagnfræðaskólanna er að veita ungmennum, sem lokið hafa fullnaðarprófi barnafræðslunnar, kost á að afla sér frekari hagnýtrar fræðslu, bóklegrar og verklegrar, gera þá nýtari þegna þjóðfélagsins og hæfa til að stunda nám í ýmsum sérskólum.

3. gr.

Stofnkostnaður gagnfræðaskólanna greiðist að þrem fimmtu hlutum af hlutaðeigandi bæjarfélagi, en að tveim fimmtu hlutum úr ríkissjóði, enda samþykki kennslumálastjórnin skólastað, uppdrætti og lýsingu af skólahúsinu. Bæjarfélög þau, sem nefnd eru í 1. gr., skulu leggja til hæfilega skólalóð og leikvöll endurgjaldslaust, en kennslumálastjórnin teikningu, ef þess er óskað.

4. gr.

Gagnfræðaskólar skulu vera samskólar fyrir pilta og stúlkur. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær. Auk þess má gagnfræðaskóli, með leyfi kennslumálastjórnar, hafa framhaldsnám hinn þriðja vetur í hagnýtum fræðum, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Kennsla í hverri ársdeild má ekki standa skemur en sex mánuði (sbr. þó 16. gr.), og ekki lengur en sjö og hálfan mánuð.

5. gr.

Inntökuskilyrði í 1. bekk gagnfræðaskólanna eru þessi: 1. Að hafa lokið fullnaðarprófi barnafræðslunnar. 2. Að vera ekki haldinn af næmum sjúkdómi. 3. Að vera 14 ára að aldri. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu

frá síðast talda skilyrðinu, ef honum virðist ástæða til, enda sé umsækjandi fullra 13 ára. Heimilt er og að ákveða í reglugerð próf í einstökum námsgreinum sem inntökuskilyrði. Ef fleiri sækja um inntöku í einhvern bekk gagnfræðaskóla en húsrúm leyfir, ræður prófeinkunn skólavist, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

6. gr.

Kennslan skal miða að því að glæða námfýsi nemenda og koma þeim til að starfa á eigin hönd, og skal um námsefni jafnan höfð hliðsjón af því, hvað ætla má að komi nemendum að gagni í lífinu. Sérstakt tillit skal taka til atvinnuhátta landsins og skólahéraðsins, einkum að loknu fyrsta árs námi.

Þessar námsgreinar skal kenna í gagnfræðaskólum: Íslenzku og íslenzkar bókmenntir, sögu, eitt Norðurlandamálanna eða ensku, landafræði, náttúrufræði, almennan reikning, ásamt undirstöðu í flatarmáli og rúmmálsfræði. Þau atriði félags- og lögfræði, sem mest koma við daglegu lífi. Ennfremur dráttlist, söng, íþróttir og hagnýt vinnubrögð.

Heimilt er skólastjórum að veita nemendum undanþágu frá einstökum námsgreinum, einkum erlendum tungumálum, enda leggi þeir þá því meiri stund á önnur námsefni skólans, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

7. gr.

Eftir nám í fyrsta bekk skal ljúka ársprófi; eftir nám í öðrum bekk gagnfræðaprófi. Eftir nám í framhaldsbekk próf því, sem reglugerð ákveður. Skólastjóri ræður skyndiprófum. Þau skulu vera skrifleg og fyrirvaralaus.

8. gr.

Kennarar gagnfræðaskólanna prófa hver í sinni kennslugrein og eru prófdómendur hver hjá öðrum við árspróf. Kennslumálaráðuneytið skipar prófdómendur við burtfararpróf, og velja þeir verkefnin við prófin.

9. gr.

Fimm manna skólanefnd hefir yfirumsjón hvers gagnfræðaskóla. Kýs bæjarstjórn með hlutfallskosningu fjóra menn til þriggja ára, en kennslumálaráðuneytið skipar hinn fimmta, sem jafnframt er formaður, til jafnlangs tíma. Þó getur kennslumálaráðuneytið falið skólanefnd barnaskólanna umsjón gagnfræðaskóla, þegar bæjarstjórn óskar þess.

10. gr.

Hver skólanefnd semur reglugerð fyrir sinn skóla um kennslu, próf og annað, er lýtur að starfi skólans, en kennslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd skal vera í ráðum með skólastjóra um bóka- og áhaldakaup, annast fjárstjórn skólans og gera til kennslumálastjórnarinnar tillögur um skipun skólastjóra og ráðningu kennara.

11. gr.

Skólastjórar við gagnfræðaskólana skulu skipaðir af kennslumálaráðu-

neytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefndar. Fasta kennara ræður kennslumálaráðuneytið, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Heimilt er skólanefnd að segja kennara upp starfi með eins árs fyrirvara. Auk skólastjóra er heimilt að ráða einn fastan kennara fyrir fyrstu 30 nemendurna og úr því einn kennara fyrir hverja 30 nemendur eftir meðaltali síðustu 3 ára. Í nýjum gagnfræðaskóla skal tala fastráðinna kennara ákveðin þrjú fyrstu árin af skólanefnd í samráði við kennslumálastjórnina.

Kennarar, sem ráðnir eru með föstum samningi, skulu kenna 27 stundir á viku, en skólanefnd ákveður kennsluskyldu skólastjóra, með samþykki kennslumálastjórnarinnar.

Skólastjóri setur stundakennara fyrir hvert skólaár, með samþykki skólanefndar.

12. gr.

Fyrir mánaðardvöl hvers reglulegs nemanda í gagnfræðaskóla skal greiða úr ríkissjóði í skólasjóð 16 krónur, gegn 24 króna lágmarksframlagi úr hlutaðeigandi bæjarsjóði.

13. gr.

Innanbæjarnemendur skulu ganga fyrir öðrum um skólavist og að jafnaði njóta ókeypis kennslu. Þó má skólanefnd, þegar sérstök ástæða þykir til, með samþykki kennslumálastjórnarinnar ákveða skólagjöld, sem nemi 20 kr. um skólaárið fyrir stúlku, en 40 kr. fyrir pilt. Aldrei má þó leggja skólagjald á meira en helming innanbæjarnemenda. Utanbæjarstúlkur greiði 40 kr. í skólagjald, en utanbæjarpiltar 80 kr. yfir skólaárið.

14. gr.

Nú eru haldin námsskeið við gagnfræðaskóla í bóklegum eða verklegum fræðum, eigi skemur en 2 mánuði og kennsla hvers nemanda 12 stundir á viku eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 6 kr. fyrir mánaðarkennslu hvers nemanda, gegn 9 kr. lágmarksframlagi úr bæjarsjóði. Nemendur greiði kennslugjald í hlutfalli við námstímann eftir ákvörðun skólanefndar. Nánari fyrirmæli um námsskeið þessi skulu sett í reglugerð hvers gagnfræðaskóla.

15. gr.

Ríkissjóðstillög og hið lögmælta framlag bæjarsjóðs, svo og kennslugjöld renna í skólasjóð, og stendur hann straum af rekstri skólans. Nú nægja ekki þessar tekjur til rekstrar gagnfræðaskóla, og greiðist þá úr hlutaðeigandi bæjarsjóði það, sem á vantar rekstrarkostnaðinn.

16. gr.

Í reglugerð fyrir gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum má ákveða, að námstíminn sé skemmri en 6 mánuðir árlega, en þó skulu próf þaðan vera hin sömu og við aðra gagnfræðaskóla, enda sé samanlagður kennslutími til prófs þar jafnlangur og í öðrum hliðstæðum skólum.

17. gr.

Við gagnfræðaskólann í Reykjavík skipar kennslumálastjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri njóta sömu launakjara og forstöðumaður Kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara og fastir kennarar við þann skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði, enda greiðist enginn ríkissjóðsstyrkur fyrir hina fyrstu 30 nemendur þessa skóla. Þessi sérstöku hlunnindi gagnfræðaskólans í Reykjavík falla niður um leið og þeir menn láta þar af störfum, sem nú gegna þessum embættum.

18. gr.

Ríkissjóður lætur á árunum 1930, 1931 og 1932 reisa hús handa gagnfræðaskólanum í Reykjavík. Leggur bærinn til ókeypis lóð, sem kennslumálaráðuneytið tekur gilda, þar sem séð er fyrir eðlilegri vaxtarþörf skólans og annara skóla og skyldra stofnana, sem síðar yrði ákveðið að reka í sambandi við hann. Ennfremur skal Reykjavíkurbær leggja til vatn með kostnaðarverði úr hitaveitu bæjarins til að hita skólabygginguna. Ríkissjóður leggur fram $^{2}/_{5}$ byggingarkostnaðar, allt að 90 þús. kr., en Reykjavíkurbær $^{3}/_{5}$ hluta.

Meðan ekki er komin til afnota fyrir gagnfræðaskóla Reykjavíkur (núverandi ungmennaskóla) bygging sú, er hér um ræðir, skal Reykjavíkurbæ skylt að sjá skólanum fyrir húsrúmi, sem kennslumálastjórnin tekur gilt, en landsstjórnin greiðir $^{2}/_{5}$ húsaleigunnar.

19. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að taka lán til stofnfjárgreiðslu að sínum hluta, samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 37 1929, um héraðsskóla, að því leyti sem þörf krefur og árlegar fjárveitingar ekki hrökkva til.

20. gr.

Ungmennafræðsla í kauptúnum og sveitum, sem hvorki þessi lög né lög nr. 37 1929, um héraðsskóla, taka til, skal styrkt samkvæmt reglum, er kennslumálastjórnin setur, af því fé, sem árlega er til þess veitt í fjárlögum.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi að því er snertir ákvæði 18. gr. þegar í stað, en að öðru leyti 1. okt. 1930. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 68 1928, um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík.

Ed. 553. Lög

um breyting á lögum nr. 37, 14. júní 1929, um héraðsskóla.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl).

Á eftir orðunum »að Núpi í Dýrafirði« í fyrri málsgr. 1. greinar laganna komi: Reykjum í Hrútafirði.

Ed. 554. Lög

um viðauka og breyting á lögum nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl).

1. gr.

Á undan 1. gr. komi fyrirsögn: I. kafli. Um skipulag og rekstur útvarps.

2. gr.

2. gr. laganna falli niður. 3. gr. verði 2. gr.

3. gr.

4. gr. verði 3. gr. og orðist svo:

Atvinnumálaráðherra skipar fimm manna útvarpsráð til tveggja ára. Ráðherra velur formann þess, einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands, einn af prestastefnu þjóðkirkjunnar, einn af fræðslumálanefnd (sbr. lög nr. 19 1928, 1. gr.), en hinn fimmti skal valinn meðal þriggja manna, er félag útvarpsnotenda tilnefnir, enda séu þá í því félagi fjórði hver þeirra manna, sem útvarpsnotendur eru taldir og greitt hafa lögmælt gjöld eftir lögum þessum; ella velur ráðherra einnig hinn fimmta mann í útvarpsráðið.

Skipun útvarpsráðs skal miða við 1. júlí.

4. gr.

Fyrri liður 5. gr. verði 4. gr. og orðist svo:

Útvarpsráðið hefir yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi útvarpsins og ræður útvarpsefni, í samráði við útvarpsstjóra.

Þess skal stranglega gætt, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og að gætt verði fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum.

Ráðherra ákveður nánar um störf útvarpsráðs í reglugerð, svo og um þóknun fyrir störfin.

5. gr.

Seinni liður 5. gr. verði 5. gr. og orðist svo: Atvinnumálaráðherra skipar útvarpsstjóra með fullum árslaunum, að fengnum tillögum útvarpsráðs. Skal honum falið að annast allt, er lýtur að umsjón og rekstri útvarpsins (sbr. þó 3. gr.), og hafa á hendi allar fjárreiður þess og reikningshald.

Atvinnumálaráðherra skipar ennfremur aðra starfsmenn við útvarpsstöðina, eftir því sem þörf krefur, og ákveður laun þeirra, að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

6. gr.

6. gr. orðist svo: Til þess að standa straum af rekstri útvarpsins skal

greiða til þess árlegt afnotagjald af hverju útvarpstæki í landinu. Atvinnumálaráðherra ákveður afnotagjaldið um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Heimilt er atvinnumálaráðherra að fela pósthúsum og póstafgreiðslum landsins að annast innheimtu á ársgjöldum útvarpsnotenda samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

Útvarpsstjóri semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur útvarpsins, og skal hún send atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

7. gr.

7. gr. orðist svo: Eftir að lög þessi öðlast gildi og útvarpið er tekið til starfa, má enginn nota viðtæki fyrir útvarp, nema tilkynnt sé útvarpsstjórninni og lögboðið gjald greitt af tækinu. Hvert það útvarpstæki, sem ekki hefir verið tilkynnt útvarpsstjórn, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til útvarpsins.

8. gr.

8. gr., sem er ný grein, orðist svo: Útvarpið skal hafa sama rétt og landssíminn um nauðsynlegar lagnir vegna starfsemi sinnar um lönd manna og lóðir og byggingar. Óheimilt er öllum að leggja svo nýjar lagnir, hvers kyns sem eru, að þær geti valdið baga eða óreglu á lögnum útvarpsins, sem fyrir eru, eða tækjum, sem standa í sambandi við þær.

Atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi um þessi atriði.

9. gr.

9. gr. (ný grein) orðist svo: — Nú hafa einstakir menn, sveitarfélög eða bæjarfélög raflagnir, vélar eða tæki, hverskonar sem eru, sem geta bagað eða valdið óreglu á notkun útvarpstækja, og er útvarpinu þá heimilt að gera, á kostnað eigenda, nauðsynlegar ráðstafanir um þau tæki eða lagnir, til þess að hindra truflanir, sem af þeim geta hlotizt.

Mönnum þeim, sem eru í þjónustu útvarpsins til þess að hindra slíkar truflanir, skal heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna og hús, ef nauðsyn er á vegna þessa starfs, enda fari þeir ekki um híbýli fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi.

10. gr.

10. gr. (ný grein) orðist svo: — Í kirkjum, leikhúsum og samkomuhúsum, skólum, veitingasölum og hvarvetna þar, sem almennar skemmtanir eru haldnar eða mannfundir, þar sem umræður fara fram, skal útvarpinu heimilt, án endurgjalds eða nokkurra kvaða, að leggja um húsið nauðsynlegar leiðslur fyrir útvarp og koma þar fyrir útvarpstækjum. En skylt skal útvarpinu að gera með lögnum þessum svo lítið rask og missmíði á húsakynnum sem verða má.

Réttur til að útvarpa því, sem um hönd er haft í húsakynnunum, er óviðkomandi þessum ákvæðum.

11. gr.

11. gr. (ný grein) orðist svo: — Heimilt skal útvarpinu að útvarpa án endurgjalds:

a) messugerðum,
b) hljómleikum og samsöngum, sem haldnir eru úti fyrir almenning, enda njóti flokkurinn styrks af almannafé,
d) umræðum á opinberum samkomum, stjórnmálafundum og öðrum almennum mannfundum.

12. gr.

Á undan 12. gr., sem er ný grein, komi: — II. kafli. Um einkasölu á útvarpstækjum. En greinin orðist svo: Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða einkasölu á útvarpstækjum. Skal þá engum öðrum en ríkisstjórninni eða þeim, sem hún felur það, heimilt að flytja inn í landið útvarpstæki né verzla með þau.

13. gr.

13. gr. (ný grein) orðist svo:

Útvarpstæki skal samkvæmt lögum þessum telja hvert það tæki, sem hægt er að nota til þess að taka við útvarpi, einnig tækjahluta og varahluti í útvarpstæki, og rafhlöð, sem notuð eru við útvarpstæki.

14. gr.

14. gr. (ný grein) orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölunnar.

Allur verzlunarhagnaður af einkasölunni rennur til útvarpsins.

15. gr.

15. gr. (ný grein) orðist svo:

Atvinnumálaráðherra ákveður með reglugerð allt nánara fyrirkomulag einkasölunnar, þar á meðal, hversu fara skuli um þau útvarpstæki, sem óseld kunna að vera hjá tækjasölum, þegar einkasalan hefst.

16. gr.

Á undan 16. gr. (sem er ný) kemur fyrirsögn: — III. kafli. Ýms ákvæði. En greinin orðist svo: Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Þó skulu brot gegn 12. gr. varða sektum frá 200—20000 kr.

Hvert það útvarpstæki, sem ólöglega er flutt inn í landið eða ætlað til sölu á óleyfilegan hátt, skal upptækt vera og andvirðið renna til einkasölunnar.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

17. gr.

8. gr. verður 17. gr.

18. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna hljóði svo: Um starfstíma núverandi útvarpsráðs fer eftir ákvæðum laga þessara, og skal hann samkvæmt þeim talinn frá 1. júlí næstkomandi.

19. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfesting konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 31, 7. maí 1928, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 555. Lög

um bændaskóla.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl).

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera tveir skólar á landi hér, er veiti bændaefnum nauðsynlega undirbúningsmenntun og sérþekking til undirbúnings stöðu þeirra. Skal annar skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór fyrirmyndarbú, rekin á kostnað ríkissjóðs, ef hentara þykir, og veita skólastjórar þeim forstöðu.

Þar skulu færðir búreikningar um allar greinir búrekstrarins.

Á skólabúunum skal ríkisstjórnin láta fara fram hagnýtar tilraunir á ýmsum sviðum landbúnaðarins, svo sem í jarðrækt, garðrækt, kynbótum búfjár og öðru, er að búfjárrækt lýtur.

Í landi skólajarðanna má stofna nýbýli til ábúðar fyrir kennara skólans.

3. gr.

Við hvorn skóla skulu vera 4 fastir kennarar, og er einn þeirra skólastjóri. Hefir hann aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. Kennarar hafa allir leigulausa íbúð í skólanum. Fái kennarar ábúð á nýbýlum í landi skólajarðanna samkv. 2. gr., skulu þeir gjalda leigu fyrir landsnytjar og þau hús, er þeir fá til afnota umfram hæfilega kennaraíbúð. Að öðru leyti fer um launakjör kennara eftir launalögum.

4. gr.

Í hvorum skóla eru 2 deildir, búfræðideild með tveimur bekkjum og bændadeild, sem er aðeins einn bekkur.

Skólaárið er frá 15. október til 30. apríl í búfræðideild, en í bændadeild frá 15. október til 15. maí.

5. gr.

Þessi eru skilyrði fyrir inntöku í hvora deild:

a. Að umsækjandi í búfræðideild sé að minnsta kosti 17 ára, en í bændadeild 18 ára.

b. Að hann sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.
c. Að hann fullnægi um þekking þeim skilyrðum fyrir inntöku, sem sett verða í reglugerð.

6. gr.

Í búfræðideild skólans skal kennslan vera bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan skal fara fram með fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta.

Þessar námsgreinar skal kenna bóklega: Íslenzku, stærðfræði (talnafræði, flatar- og rúmmálsfræði) og reikningshald, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, landafræði, einkum viðskiptalandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffæra- og lífeðlisfræði búfjár, jarðræktarfræði, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði og verkfærafræði og land- og hallamælingar.

Í bændadeild skal leggja höfuðáherzlu á kennslu í jarðræktarfræði og húsdýrafræði. Kenna skal og aðrar námsgreinir, eftir því sem skólastjóri telur fært, og sé kennslan þeim mun yfirgripsminni sem námstíminn er styttri en í búfræðideild, enda skal í öllum undirbúningsnámsgreinum leggja aðaláherzlu á það, sem nauðsynlegt er til skilnings á búfræðinni, og í sérgreinum búfræðinnar á það, sem að mestu gagni má koma bændum í daglegu starfi þeirra.

Í báðum deildum skal ennfremur kenna: Handavinnu (smíðar), landmælingar, steinsteypugerð, söng, leikfimi og íþróttir, og auk þess í búfræðideild dráttlist og kortagerð.

Heimilt er atvinnumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum í hvorri deild skólans fyrir sig, ef skólastjóri mælir með.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar.

7. gr.

Auk kennslu samkv. 6. gr. skal veita verklega kennslu:

Fyrir nemendur búfræðideildar í öllum venjulegum jarðabótastörfum með nýtísku aðferðum, einkanlega með hestum og hestaverkfærum, svo og notkun dráttarvéla og annara jarðyrkjuverkfæra. Mega nemendur velja um, hvort þeir stunda verklega námið allt sumarið milli námsvetranna, eða 6—8 vikna tíma að vorinu hvort árið eftir að skóla er lokið. Nemendur, er stunda verklegt nám allt sumarið, skulu einnig taka þátt í heyskaparvinnu og öðrum heimilisstörfum, allt eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Fyrir nemendur bændadeildar skal kennslan standa yfir í 6—8 vikur fyrir eða eftir slátt sumarið eftir námsveturinn, og skulu nemendur á þeim tíma vinna eingöngu að jarðabótum, eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Allir nemendur skólans skulu eiga kost á og hafa skyldu til að kynna sér og fylgjast með rekstri skólabúsins allan þann tíma, er þeir dvelja við skólann, og getur skólastjóri heimtað af þeim skýrslu eða ritgerðir, er sýni, að þeir hafi kynnt sér rekstur búsins.

8. gr.

Gjalda skal nemendum, sem taka þátt í verklegu námi, kaup fyrir vinnu þeirra, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um.

9. gr.

Verklega námið skal fara fram á skólajörðunum, eftir því sem hægt er að koma við, en verði verkefni ekki nægilegt á skólastaðnum, skal skólastjóra skylt, í samráði við atvinnumálaráðuneytið, að útvega nemendum verklega kennslu annarsstaðar, á tilraunabúum og búum, er styrks njóta af opinberu fé. Semja má og við einstaka menn, ef þeir eru til þess hæfir, um að veita nemendum kennslu í jarðyrkju.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans.

10. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Heimilt er, að utanskólanemendur gangi undir árspróﬁn.

Að loknu verklegu námi hvorrar deildar skal og fara fram verklegt próf.

Enginn getur fengið burtfararprófsskírteini frá skólunum, fyrr en hann hefir staðizt burtfararpróf í jarðyrkju.

Þeir einir, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá búfræðideild, eða hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræðingur.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

11. gr.

Heimilt er, ef þörf krefur til þess að fá nemendur í aðaldeildir skólanna nægilega vel undirbúna, að hafa við skólana undirbúningsdeild, ef því verður við komið án aukins húsakosts, og fer þá um fyrirkomulag hennar og starf eftir reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

12. gr.

Búnaðarráðunautar og dýralæknar í opinberri þjónustu eru skyldir til að aðstoða við kennslu í bændaskólunum.

13. gr.

Skólastjóri skal sjá um það, að nemendur bændaskólanna eigi kost á ódýrri þjónustu á skólastaðnum og geti haft sameiginlegt mötuneyti, sem honum ber þó að hafa með eftirlit.

Heimavist skal vera í skólanum fyrir alla nemendur.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gef-

ur út reglugerð fyrir þá, er meðal annars kveður nánar á um inntökuskilyrði, námsskeið í sambandi við skólana, fyrirkomulag kennslunnar og um próf.

15. gr.

Kostnaður við að gera skólana úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Svo greiðir hann og öll árleg útgjöld þeirra.

16. gr.

Út af breytingum þeim á rekstri skólabúanna, sem lög þessi hafa í för með sér, skal atvinnumálaráðuneytið leita samninga við núverandi skólastjóra. Ef viðunandi samningar nást ekki, koma ákvæði 2. gr. til framkvæmda þegar næst verða skólastjóraskipti.

Að öðru leyti koma lög þessi til framkvæmda 15. okt. 1930.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla, og lög nr. 25, 7. maí 1928, um viðauka við þau lög.

Ed. 556. Breytingartillaga

við till. til þál. á þskj. 433 (Alþýðutryggingar).

Frá Halldóri Steinssyni.

Upphaf tillgr. orðist svo:
Alþingi ályktar að skipa þriggja manna milliþinganefnd o. s. frv.

Nd. 557. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

I. Frá *Benedikt Sveinssyni.*

1. Við 12. gr. 7. Nýr liður:

Til Jóns Kristjánssonar nuddlæknis í Reykjavík .. enda veiti hann fátæku fólki ókeypis lækningu í	1200

nuddlækningastofu sinni, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um þær lækningar.

2. Við 12. gr. 15. o. Nýr liður:
Til Unnar Vilhjálmsdóttur, sjúkrastyrkur 1000

II. Frá *Gunnari Sigurðssyni* og *Sigurjóni Ólafssyni.*
Við 15. gr. 15. Nýr liður:
Til Odds Oddssonar, til ritstarfa um íslenzka þjóðhætti 1000

III. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 15. gr. 15. Nýr liður:
Til Benedikts Björnssonar skólastjóra, til ritstarfa .. 1500

IV. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 15. gr. 15. Nýr liður:
Til séra Árna Þórarinssonar, til ritstarfa 1500
Til vara 1200

V. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 16. gr. 9. Nýr liður:
Framlag til taugakerfa í raforkuveitum til almenningsþarfa 70000

VI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
1. Við 16. gr. 20 (Fiskifélagið).
Fyrir „80000“ kemur 90000
2. Við 18. gr. II. f. 25. (Þóroddur Bjarnason).
Fyrir „600“ kemur 1200

VII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 22. gr. XIV.
Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 600 þús. króna láni fyrir Siglufjarðarkaupstað, til raforkuveitu, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar, enda fái Fljótamenn rafmagn hjá orkuverinu með kostnaðarverði, svo mikið sem raforkuráðunautur landsstjórnarinnar telur hæfilegt eftir mannfjölda.

VIII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 22. gr. XVII. Nýr liður:
Að ábyrgjast 16 þús. kr. lán fyrir Reykhólalæknishérað. Lánið skal tryggt með gagnábyrgð Austur-Barðastrandarsýslu og greitt að fullu á 20 árum.

IX. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*

Við 23. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Stjórninni er heimilt að endurgreiða Finni Jónssyni fyrrv. póstmeistara á Ísafirði iðgjöld þau, er hann hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna.

Nd. 558. Nefndarálit

um frv. til laga um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Á síðasta þingi var frv. samhljóða þessu frv. vísað til ríkisstjórnarinnar vegna þess, að grundvallaratriði ýms, er afgreiðsla þess yrði að byggjast á, væru ekki nægilega upplýst. Jafnframt var veitt fé í fjárlögum til rannsóknar undirstöðuatriða málsins. Stjórnin hefir þegar skipað nefnd kunnáttumanna til þessara rannsókna. Hefir nefndin þegar unnið nokkurn hluta verkefnis síns, en á þó mikið eftir. Býst raforkuveitunefndin við að geta lokið rannsókn sinni fyrir næsta þing og geta þá lagt fram tillögur í málinu. Í skýrslu, er raforkuveitunefndin lét fjárhagsnefnd í té, segir, hvar komið er rannsókninni. Er sú skýrsla prentuð með áliti meiri hlutans.

Eins og málið liggur fyrir samkv. framansögðu, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem mál þetta, að ákvörðun síðasta Alþingis og tilstuðlun ríkisstjórnarinnar, hefir verið falið nefnd kunnáttumanna til rannsóknar og þeirri rannsókn er ekki lokið enn, þá telur deildin ekki tímabært að afgreiða frv. að þessu sinni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. apríl 1930.

Halldór Stefánsson, form.	Héðinn Valdimarsson.	Hannes Jónsson, fundaskr. og frsm.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðaskýrsla um rannsóknir á raforkuveitum utan kaupstaða.

Rannsóknir þessar eru enn aðeins á byrjunarstigi. Hingað til hefir einkum verið unnið að því, 1) að fá ábyggilegar upplýsingar um verð á öllu efni til raforkuvirkja og veitna og vinnu og annan kostnað, 2) að kynnast erlendri löggjöf um fjárreiður og styrk til raforkuveitna til almenningsþarfa og 3)

að gera lauslegar áætlanir um samveitur um sveitir Suðurlands, þ. e. Árnes- og Rangárvallasýslur.

Nefnd sú, er ráðherra hefir skipað til að framkvæma þessar rannsóknir, hefir haft bréfaviðskipti við erlenda og innlenda sala raforkuvirkja og við ýmsar opinberar stofnanir erlendis, sem með raforkumál fara. Hún hefir alveg nýlega fengið svör við fyrirspurnum sínum um erlenda löggjöf um fjárreiður og styrk til raforkuveitna. Hefir því ekki unnizt tími til að vinna úr þeim gögnum. — Hér mun því aðeins verða greint frá þeim rannsóknum, sem þegar hafa verið gerðar um kostnaðarhlið þessa máls, og áætlunum um samveitur Árnes- og Rangárvallasýslna, ásamt nokkrum athugunum, sem liggja til grundvallar þeim.

Það er kunnugt, að fyrir Alþingi munu verða lagðar áætlanir um samveitu um eina af stærstu sveitum Norðurlands, Skagafjörð. Þær munu vera gerðar á líkum grundvelli sem þær, er hér verður skýrt frá, og það haft fyrir augum, að þær gætu gengið inn í væntanlegar tillögur um heildarskipulag á raforkuveitum um land allt.

Í þessari bráðabirgðaskýrslu mun ekki verða reynt að áætla tekjur raforkuveitna, heldur aðeins áætlað verð orkunnar, er hún er komin til notenda, miðað við þann stofnkostnað, er eftirfarandi frumáætlanir sýna. Að vísu mætti ætla á tekjur og miða við erlenda reynslu um tekjur á mann til jafnaðar við ákveðna orkusölu; en víða bregður mjög út af meðaltekjum, þótt um sömu orkunotkun sé að ræða, og innlend reynsla er lítil um þetta atriði. Ber því að athuga það alveg sérstaklega.

Orkuþörf sveitanna.

Tekjur raforkuveitna eru náttúrlega komnar undir orkuþörfinni. En þótt það sé nokkurnveginn ákveðið, hve mikla orku þarf t. d. til sæmilegra ljósa og að fullu til suðu, er hitt nokkuð óvíst, hversu mikil raforka muni verða keypt í frjálsri verzlun. Kemur þar svo margt til greina, auk orkuþarfarinnar, s. s. t. d. verð raforkunnar, kaupgeta fólks og verðlag á öðrum orkugjöfum; ennfremur kunnátta fólks á að nota sér raforku. Skal þetta atriði ekki nánar rætt hér, aðeins þess getið, að ef til framkvæmda kæmi um samveitur til sveita, yrði sjálfsagt að semja við væntanlega notendur orkunnar fyrirfram, þannig að þeir skuldbindu sig til þess að kaupa orku í ákveðnum mæli, svo á föstum grundvelli væri að byggja um þetta atriði. En meðan hann er ekki fyrir hendi, verður að byggja áætlunina á orkuþörfinni og taka hvorttveggja til greina, að henni yrði að öllu leyti fullnægt með raforku eða aðeins að nokkru leyti.

Í þessari skýrslu verður í áætlunum um samveitur að jafnaði miðað við það, að raforkan sé notuð að fullu til ljósa og suðu, þar með talin upphitun vatns. Það svarar til þess, að mesta samtímis notkun í stöð sé 200 wött á mann. Nægir það einnig til lítilsháttar vélaiðju, en upphitun getur þá aðeins að nokkru leyti komið til greina. Til samanburðar má geta þess, að í sveitum Noregs var mesta samtímis notkun raforku árið 1927 um 220 wött á mann.

En þessi tala, 200 wött, segir ekki til um raunverulega notkun hvers einstaklings. Bæði er það, að þegar um stórar samveitur er að ræða, nota ekki nærri allir samtímis alla þá orku, sem þeir hafa til umráða, og hefir þá hver notandi meira en þessi 200 wött að meðaltali, eitt heimili (7 manns) yfir 2 hö. Og ennfremur verður orkunotkun heimilanna mjög mismunandi. Sum heimili láta sér nægja ½—1 kw; önnur taka miklu meira og nota rafmagnið bæði til vélaiðju og upphitunar.

Sem dæmi þeirrar vélanotkunar, er til greina kemur á sveitaheimilum, má nefna: vélar við mjólkurmeðferð, svo sem mjaltavél, skilvindu og strokka, drykkjarvatnsdælur fyrir menn og skepnur, lyftu fyrir hey, dælu fyrir mykju, mykjuvatn, tæki fyrir rúningu og afl fyrir smiðju.

Til fullrar upphitunar er talið, að þurfi allt að 700 wöttum á mann og um 2000 kwst. á mann á ári, miðað við fyllilega meðalkalda vetur og um 5,5 fermetra gólflöt á mann (2,5—3 metrar undir loft, þ. e. 13,5—16,5 ten.metrar á mann). Hér á landi mun fólk til sveita ekki almennt vera vant við nærri svo mikla upphitun. Óhætt mun að ætla, að 1600 kwst. á mann á ári gefi fyllilega þá upphitun, sem nú gerist almennt til sveita.

200 watta mesta samtímisnotkun (í stöð) á mann svarar til 800—1200 kwst. á ári. Þær notast þannig:

til ljósa	20	kwst.
— suðu	370	—
— véla	10	—
og — upphitunar	400—800	—

eða frá einum fjórða til helmings þess, sem þarf til fullrar upphitunar.

Haust- og vormánuði og hlýja kafla vetrarins mundi þessi raforkuhitun nægja eingöngu.

Orkuver og orkuverð.

Fyrir þremur árum síðan voru að tilhlutun ríkisstjórnarinnar gerðar áætlanir um virkjanir Tungufoss í Eystri-Rangá og fyrir tæpu ári síðan um virkjanir Árbæjarfoss í Ytri-Rangá. Áætlanir þessar eru um allt að 2250 haa virkjun í Árbæjarfossi og allt að 2100 haa virkjun í Tungufossi. Báðar virkjanirnar eru ódýrar. Árbæjarfoss liggur vel við samveitu um Árnes- og Rangárvallasýslu og betur en bæði Tungufoss og Sogið. — Skal hér athugað, hvað hvert árskilowatt kostar við stöðvarvegg við Árbæjarfoss samkvæmt þeim áætlunum, verði hann virktur t. d. til samveitu, er nái til 5000 manns.

Fyrsta virkjun: $2 \times 750 = 1500$ hö.

Mesta álag stöðvarinnar um 900 kw., eða um *180 wött á mann.* Stofnkostnaður stöðvar áætlaður um kr. 520000,—; árlegur rekstrarkostnaður 18% af þeirri upphæð, eða kr. 75000,—, og kostar þá árskilowattið við stöðvarvegg *kr. 83,—.*

Önnur virkjun: $3 \times 750 = 2250$ hö.

Mesta álag stöðvarinnar um 1300 kw. eða 260 wött á mann. Stofnkostnaður stöðvar áætlaður um kr. 520000,—; árlegur rekstrarskostnaður um kr. 93000,—, og kostar þá árskw. við stöðvarvegg *kr. 72,—.*

Ef Sogsstöðin verður byggð þegar á næstu árum, þá er náttúrlega réttara að sækja þangað orkuna í samveitur um Árnes- og Rangárvallasýslur, fremur en að leggja fé í ný orkuver á því svæði. Því að um margra ára bil verður um næga orku að ræða úr því veri. — Verð þeirrar orku fer eftir væntanlegum samningi við Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Háspenna.

Í raforkuveitum utan kaupstaða er ávallt riðstraumur (víxlstraumur). Það byggist á því, að riðstraum er tiltölulega hægt að spenna og afspenna. Því dreifðari sem byggðin er, því meir þarf að jafnaði að spenna orkuna. Koma þar þó einnig önnur atriði til greina, en það skiptir allmiklu, að orkan sé hæfilega spennt. Þarfnast þetta atriði því sérstakrar athugunar hér á landi.

Spennar, einangrarar og önnur veitutæki eru af mismunandi gerð, eftir því hvaða spennu þau eiga að notast við. Fyrir því varð fljótt ljós nauðsyn þess, að ákveða vissar normalspennur, þannig að gerð veitutækja yrði ekki allt of mismunandi og framleiða mætti ákveðnar gerðir fyrir almennan markað, en framleiðslan væri ekki bundin við ákveðnar pantanir eingöngu.

Alþjóða normalháspennur eru:

1000	Volt	45000	Volt
3000	—	*60000*	—
6000	—	80000	—
10000	—	*100000*	—
15000	—	150000	—
20000	—	*200000*	—
30000	—	300000	—

Þær ber þó fremur að skoða sem tillögur um normal-spennur, og er oft út frá þeim breytt, einkum ef um er að ræða spennur hærri en 60000 Volt.

Árið 1928 gaf rafmagnsmálastjóri norska ríkisins yfirlit yfir þær spennur, er þá voru í raforkusveitum Noregs, og bar jafnframt fram þessar tillögur um normal-spennur fyrir Noreg:

5000	Volt	(hæst	5500)
10000	—	(—	11000)
20000	—	(—	22000)
45000	—	(—	50000)

Þessar spennur eru nú notaðar þannig, að meginlínur flytja orkuna spennta um t. d. 45—50000 Volt frá orkuveri til hentugra staða á orkuveitusvæðinu. Þar er orkan afspennt í 5000 eða 20000 Volt eftir ástæðum (fer einkum eftir dreifð byggðarinnar), og í þeirri spennu er henni dreift út um sveitirnar. Við hvert býli eða hverfi er orkan enn afspennt niður í nothæfa spennu, 220 eða 380 Volt.

Norðmenn hallast nú einkum að því að nota 5000 Volt í hinum þéttbýlu hverfum í nánd við borgir landsins, en 20000 Volt í hinum stærri sveitaveitum, þar sem strjálbýli er orðið nokkuð. En frá fyrri tímum eru kerfi þeirra gerð fyrir ýmsar spennur, s. s. 6000, 7000, 10000, 15000 o. fl.

Í Danmörku er nú í sveitasamveitum einkum notuð 10000 Volta spenna, en sumstaðar um lítil svæði 2, 3, 4 eða 6 þúsund Volt.

Sænskar sveitasamveitur hafa oft, auk meginlína og hreppataugakerfis, enn eina millispennu, t. d. 1500 Volt fyrir hvert hverfi. Eru þá oft notaðir háspenntir hreyflar til þreskingar, en í sérstökum spenni við hvert býli er orkan afspennt í 220 Volt til ljósa og suðu. Sá spennir er lítill og ódýr, vegna þess hve spennan er lág.

Það er enn að mestu óreynt og órannsakað, hvaða spennur eiga bezt við hér á Íslandi. Í Reykjavík og við aðra kaupstaði og kauptún, sem sækja orkuna stutta leið, er alstaðar notuð 6000 Volta spenna (á Bíldudal þó 3000 Volt, einfasa). Í áætlun um hina nýju Sogsstöð er gert ráð fyrir því, að orkan verði flutt til Reykjavíkur í 60000 Volta spennu, en að seinna megi hækka hana upp í 100000 Volt. Þetta eru allt viðurkenndar normalspennur.

Í þeim áætlunum um samveitur um sveitir Suðurlands, sem nú mun verða skýrt frá, er gengið út frá 20000 Volta spennu í öllu sveitalínukerfinu, og að engar meginlínur með hærri spennu séu hafðar. Verður orkan þá flutt í 20000 Voltum frá sjálfu orkuverinu og heim að hverju býli. Þar sem þessari tilhögun verður við komið, þarf að vísu áspennir í orkuveri, því að rafall skilar ekki orku svo spenntri. En aðalspennustöð sparast í hverri sveit. — En því hærri sem hreppalínuspennan er, því stærri og dýrari eru spennistöðvarnar. Þarf því að athuga, hvort og að hverju leyti mætti spara hér með sænsku aðferðinni, að skjóta inn 3000—1500 Volta kerfi fyrir einstök bæjahverfi.

Þær athuganir, sem þegar hafa verið gerðar, benda að vísu í þá átt, að 20000 Volt sé hæfileg spenna fyrir allar stærri samveitur, sem til greina koma hér á landi. En þetta atriði er þó, svo sem þegar er sagt, engan veginn fullathugað, og er gerðar verða tillögur um heildarskipulag á raforkuveitum til almenningsþarfa um land allt, verður það nánar rannsakað.

Hreppalínukerfi og línugerð.

Þegar svo er til hagað, sem hér er gert ráð fyrir, að sama spenna er á öllu kerfi veitunnar, verða línur og spennistöðvar mjög af sömu gerð um allt veitusvæðið, en það er kostur hvað rekstur snertir.

Nú er víðátta og lengd hreppalínukerfisins nokkurn veginn ákveðin við legu býlanna, er veitusvæðið er tiltekið, og má því með nokkrum rétti segja, að þar verði litlu um þokað hvað kostnað snertir. En hinsvegar er þess að gæta, að í sveitaveitum er hreppalínukerfið ásamt spennistöðvum langstærsti kostnaðarliðurinn, og það verður því eitt aðalvandamálið að leysa: Hvernig verður hreppalínukerfið hér byggt sem ódýrast, og þó svo traust, að enginn bagi geti orðið að í rekstri þeirra? Því að hér kemur það til greina, að óvíða — eða hvergi — erlendis hafa verið byggðar raforkuveitur um svo strjálbyggð svæði, sem flestar sveitir Íslands eru, nema orkuþörf landbúnaðarins hafi verið meiri eða iðnver og kaupstaðir að einhverju miklu leyti borið kostnaðinn.

Það er því ekki unnt að fullrannsaka eða gera tillögur um raforkuveitur utan kaupstaða, nema rannsaka fyrst til hlítar, hverjar gerðir á lín-

um koma til greina og fá fullan samanburð á stofnkostnaði, gæðum og endingu þeirra.

Mismunur á gerð línanna liggur einkum í efni strengsins. Koma þar aðallega til greina eir, aluminium og járn (stál). Um þessi efni er það að segja til greiningar þeim, að eirinn flytur raforkuna greiðast, aluminium er mjög léttur málmur og verður einkum af þeirri ástæðu ódýrari en eir, og að járn flytur raforku fremur treglega, en er mjög miklu ódýrara en bæði eir og aluminium og auk þess þeim efnum báðum sterkara. En járn endist að vísu skemur en eir, vegna ryðgunar. — Vegna þess hve greiðlega eirinn flytur raforkuna, er notkun eirstrengs í raforkuveitutaugar langalgengust.

Rafmagnsstjóri Reykjavíkur og Jakob Guðjohnsen verkfræðingur hafa rannsakað nokkuð og gert samanburð á járni og eir í taugakerfum sveitasamveitna, og er sá samanburður aðallega byggður á sænskum tilraunum og útreikningum. Á ófriðarárunum, er eir var bæði dýr og víða ófáanlegur, tóku Svíar og Þjóðverjar að reyna ýms önnur línuefni, einkum járn. Því miður hafa ekki verið hér fyrir hendi nein gögn, er gæfu upplýsingar um, hver reynsla hefir orðið á þessum línum. Verður það að athugast nánar síðar. En nefndar rannsóknir og síðari athuganir hafa sýnt, að við 20000 Volta spennu er hvorki spennufall né orkurýrnun því til fyrirstöðu að nota járnstreng í því nær öllum „hliðarlínum“ í sveitasamveitum hérlendis, og að járnlínur eru frá einum þriðja til helmingi ódýrari en tilsvarandi eirlínur.

Lækkar því stofnkostnaður samveitna töluvert frá því, ef eir væri notaður eingöngu. Ef gengið er út frá 6% rentu, er á 10 árum rentusparnaður að járnlínum, miðað við tilsvarandi eirlínur, orðinn 25—40% af eirlínuverðinu. Verði þá járnstrengurinn tekinn niður og eirstrengur settur í hans stað, er fallinn á þá eirlínu aukakostnaður, sem nemur 15—20% af verði hennar. Eru þá enn eftir í hreinan sparnað 10—20%, eða 350—700 krónur á hvern kilometer.

Aluminiumlínur verða nokkru ódýrari en eirlínur, en koma af ýmsum ástæðum varla til greina hér.

Sveitir Íslands eru flestar byggðar þannig, að býlin standa dreifð og bæjarleiðir eru allar nokkurn veginn jafnlangar í hverri sveit. Þetta veldur því, að spennistöð verður víða að setja því nær við hvert býli. Í þéttbýlustu sveitum Suðurlands eru þó 2—3 býli um hverja þeirra. Kostnaður af spennistöðvum mun víðast hvar nema frá 1/6—1/4 af öllum stofnkostnaði veitutaugakerfisins. Þar sem um litla eða enga hreyfilnotkun yrði að ræða, mætti gera spennistöð og heimtaug einfasa og því nokkru ódýrari.

Heimtaugar, lagnir og tæki.

Hér verður gert ráð fyrir því, að hvert býli verði að greiða nokkurt heimtaugargjald. Verður það misjafnlega hátt og fer að einhverju leyti eftir jarðarmati. Sé gert ráð fyrir 600 kr. til jafnaðar á hvert býli, greiðist í heimtaugagjöldum sem svarar stofnkostnaði lágspennta kerfisins.

Áætlað hefir verið, hve mikinn hluta af stofnkostnaði bændur gætu fengið að leggja fram sem vinnu við flutning á efni til veitunnar, uppsetningu

á staurum og annað, og er hægt að ætla þeim að vinna af sér að þessum verkum um ⅔ af heimtaugargjaldinu, eða um 10% af öllum stofnkostnaði taugakerfis samveitnanna (miðað við samveitur um Árnes- og Rangárvallasýslur).

Innanhússlagnir á meðalstóru sveitabýli má áætla að kosti um 400 kr., en lampar og tæki til suðu og herbergjahitunar 5—600 kr. Frumkostnaður hvers býlis er þá til jafnaðar 15—1600 krónur, en af því má, samkv. ofanskráðu, greiða með vinnuframlagi um 400 kr.

Þess ber þó að gæta, að þessar 15—1600 kr. eru aðeins áætlaðar jafnaðartölur. Í raun og veru verður þessi frumkostnaður allmismunandi, eftir stærð heimilis og mati jarðar, og eftir því hve mikið er borið í þau rafmagnstæki, sem keypt verða.

LAUSLEGAR ÁÆTLANIR UM SAMVEITUR UM SVEITIR ÁRNES- OG RANGÁRVALLASÝSLNA.

1. Raforkuveita um Grafning og Flóa frá Sogsstöðinni.

Háspennukerfið.

Aðallínan frá Sogsstöðinni niður í Flóa er um 25 km að lengd. Þrjár leiðir koma aðallega til greina. Hin fyrsta er meðfram Úlfljótsvatni öðruhvorumegin, og síðan niður Grafninginn, með Ingólfsfjalli og niður að Ölfusárbrú og yfir ána rétt hjá brúnni. Hin önnur er niður Grafninginn, sem fyrr segir, og skammt suður fyrir Sogsbrú, en þaðan beint í suðaustur og að Hraungerði í Flóa. Væri þá yfir bæði Sogið og Hvítá að fara, en árnar renna báðar í mjóum farveg á þessu svæði. En hin þriðja leiðin liggur frá Kaldárhöfða suður Grímsnes, yfir Hvítá í nánd við Öndverðarnes og að Hraungerði. Þessar þrjár leiðir eru allar nokkurn veginn jafnlangar og því nokkurn veginn jafndýrar. Ef halda á aðallínunni áfram austur í Rangárvallasýslu, mundi önnur hin síðari valin.

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir, að aðallínan frá stöðinni liggi austanvert Úlfljótsvatnsins, en síðan beina leið suður Grafning, meðfram Ingólfsfjalli og að Ölfusárbrú. Þaðan og niður á Stokkseyri og Eyrarbakka liggi hún í boga austur á við. Út frá þessari aðallínu liggur marggreint kerfi um allan Flóann. Aðallínan frá Sogsstöð að Eyrarbakka er ca. 47 km. Á leiðinni frá Sogi að Ölfusárbrú eru 10 bæir tengdir við línuna, í Flóa 160 bæir, en auk þess húsaþyrpingin við Ölfusárbrú og kaupstaðirnir Stokkseyri og Eyrarbakki. Allt háspennta kerfið er þá að lengd um 147 (—150) km.

Ef gert er ráð fyrir 7 manns á hverjum bæ (1921 voru 7,1 manns að meðaltali á bæ), nær veitan til um 1250 manns utan kaupstaðanna, og 1220 manns á Stokkseyri og Eyrarbakka, eða samtals um 2470 manns.

Lágspennukerfi.

Lágspenntar línur eru samtals 50 km., eða að meðaltali 700 metrar við hverja spennistöð. Þar sem aðeins einn bær er við spennistöð, er lágspennt

taug miklu styttri en þetta, en séu þrír eða fleiri bæir, geta lágspenntar línur orðið hátt á annan kilometer samanlagt við þá stöð. Lágspenntu kerfi um Stokkseyri og Eyrarbakka mun sennilega þurfa að breyta nokkuð frá því, sem nú er, en sú breyting er ekki reiknuð með hér.

KOSTNAÐARÁÆTLUN.

1. Eir í öllum línum.

I. *Háspennuveitan.*		
a. *Taugar.*		
20 kv. veita 3 × 25 mm² eirlína 50 km. á	kr. 185000	
— — — 3 × 16 — — 100 — -	— 340000	
		525000
b. *Spennistöðvar*		
72 stauraspennistöðvar á kr. 1500	— 108000	
2 200 kVA spennistöð	— 20000	
1 20 — — í húsi	— 6000	
		134000
II. *Lágspennukerfi.*		
50 km. á kr. 2000		100000
III. *Ýmislegt.*		
Ófyrirséð og vaxtatöp ca. 6%		61000
	Samtals kr.	820000

Veitan nær til 2470 manns. Stofnkostnaður er því um 335 kr. á mann, eða um 2350 kr. á hvern bæ í sveit (7 menn) og 1670 kr. á hvert heimili í kauptúnunum (5 menn). En við þetta bætist svo hlutfallslega kostnaður af orkuveri eða orkukaupum.

Til samanburðar skal nú áætlaður kostnaður veitu, ef járn er notað í allar „hliðarlínur".

2. Eirstrengur í höfuðlínunni, en járnstrengur í „hliðarlínum".

I. *Háspennuveitan.*		
20 kV. veita 3 × 25 mm² eirlína 50 km. á kr. 3700 ..	kr. 185000	
— — — 3 × 25 mm² járnlína 100 km. á kr. 2000	— 200000	
		385000
Spennistöðvar sem fyrr		134000
II. Lágspennukerfi sem fyrr		100000
III. *Ýmislegt.*		
Ófyrirséð og vaxtatöp ca. 6%		41000
	Samtals kr.	660000

Stofnkostnaður verður þannig nærri 20% minni en þegar eirlína er notuð. Kostnaður er á hvern mann til jafnaðar ca. 270 kr., eða 1900 kr. á hvert býli. — 1350 kr. á heimili í kauptúnum.

Rekstrarkostnaður.

1. Eir í öllum línum.

Með heimtaugargjöldum fást inn 170x600=100000 kr. Séu þær notaðar til afskrifta, eru eftir 720000 kr. að renta og afborga.

Má þá áætla, að árlegur rekstrarkostnaður af þessari veitu verði sem hér segir:

I. *Föst útgjöld:*		
Í rentur og afborgun (10%)	kr. 72000	
Í viðhald (2,5% af 800000)	— 20000	
Gæzla og innheimta	— 20000	
		112000
II. *Orkukaup:*		
2500 x 9,2 = 500 kw. á kr. 80		40000
III. Ófyrirséð		8000
	Samtals kr.	160000

Árlegur kostnaður er þá um 65 kr. á mann, eða um 455 kr. til jafnaðar á hvert býli í sveit og um 325 kr. á hvert heimili í kauptúnum. Á hvert kw. í mestu samtímis notkun er þá kostnaðurinn við bæjarvegg ca. kr. 325,—.

2. Járn í „hliðarlínum".

I. Föst útgjöld:		
Renta og afborgun (10%)	kr. 56000	
Viðhald (2,5% af 660000)	— 20000	
Gæzla og innheimta	— 20000	
		96000
II. *Orkukaup:*		
500 kw. á kr. 80		40000
III. Ófyrirséð		7200
	Samtals kr.	145000 á ári.

Árlegur kostnaður er þá um 58 kr. á mann, eða um 10% lægra en við eirlínu.

Við meiri notkun rafmagns verður orkan tiltölulega ódýrari.

Ef „föst útgjöld“ eru sem hér er áætlað, en verð á orku við stöðvarvegg:

Við	1— 500	kwatta notkun	kr. 85,—	pr. kw.	
—	500— 750	— —	— 80,—	—	—
—	750—1000	— —	— 70,—	—	—
yfir	1000	— —	— 60,—	—	— fyrir
fyrstu	1000	kwöttin, en	— 50,—	—	— fyrir

það, sem notað er þar fram yfir,—

þá er kostnaður á orku við bæjarvegg, eftir notkun, sem hér segir:

		Eir í öllum línum.		Járn í hliðarlínum.	
Samtímis notkun á mann kw.	mesta álag í stöð kw.	Verð á árskw. við bæjar-vegg	Árl kostn. á 7 manna heimili	Verð á árskw. við bæjar-vegg	Árl. kostn. á 7 manna heimili
0,1	250	555,—	390,—	505,—	355,—
0,2	500	320,—	448,—	290,—	406,—
0,3	750	230,—	482,—	210,—	441,—
0,4	1000	180,—	504,—	165,—	462,—

Þess ber að gæta, að Flóinn er ein hin þéttbýlasta sveit landsins. Skal nú gerð lausleg áætlun um samveitur um mikinn hluta Árnessýslu og síðan um Rangárvallasýslu.

Uppsveitir Árnessýslu og flestar sveitir Rangárvallasýslu horfa allmiklu verr við samveitu en Flóinn. En ef Vestmannaeyjar tækju þátt í veitunni, horfði strax betur við.

2. Raforkuveita um mikinn hluta Árnessýslu.

Frá spennistöð við Hraungerði liggur eirlína upp Skeiðin að Efri-Brúnavöllum. Þar greinist línan og fer önnur grein hennar upp Hreppa, en hin um Biskupstungur. Í Hreppa- og Biskupstungnakerfinu og í öllum „hliðarlínum“ á Skeiðum er annaðhvort 16 mm² eirvírs-strengur eða 25 mm² járnstrengur.

Um Grímsnesið liggur lína um Búrfell, Klausturhóla, Minni-Borg og vestanvert við Apavatn upp í Laugardal. Ásamt Biskupstungnalínunni myndar hún hring um Apavatn. Má tengja Bisupstungnakerfið og þar með einnig Skeiða- og Hreppakerfið við Grímsneslínuna, og gefur það nokkuð öryggi gegn stöðvun sakir línubilana.

Þessi veita nær til

26 býla á Skeiðum
49 — í Hreppum
54 — í Grímsnesi, Laugardal og Biskupstungum.

Auk þess er áætluð grein frá Ölfusárbrú vestur og suður um Ölfusið að Grímslæk og Hrauni. Nær sú grein

46 býlum í Ölfusi,

en öll veitan um Árnessýslu nær þá til um 3800 manns. Í sýslunni bjuggu árið 1928 5152 manns. Veitan nær því til rúml. 70% sýslubúa.

Í Ölfus- og Skeiðalínunni eru samtals ca. 30 km. 25 mm² eirlína. Allur hinn hluti kerfisins er áætlaður með 16 mm² eirvír, eða 25 mm² járnvír.

Lágspennulínurnar eru:

í Ölfusi	=	10,33 km.
á Skeiðum	=	6,74 —
í Hreppum	=	13,2 —
í Biskupstungum	=	12,2 —
		42,50 km.

Kostnaðaráætlun.

1. Eirstrengur í öllum línum.

I. *Háspennt kerfi.*

a. *Taugar.*

3 x 25 mm² eirlína 30 km. á kr.	3700	kr. 111000	
3 x 16 — — 195 — - —	3400	— 665000	
			776000

b. *Spennistöðvar.*

116 stauraspennistöðvar á kr.	1500	kr. 174000	
			174000

II. *Lágspennt kerfi.*

42,5 km. á kr.	2000	kr. 85000	
			85000

III. *Ýmislegt.*

Ófyrirsjáanlegt og vaxtatöp um 6%		65000
Samtals kr.		1100000

Stofnkostnaður er þá fyrir alla Árnessýslu kr. 820000 + 1100000 = 1920000 kr., eða um 2 milljónir. En það eru um 525 kr. á hvern mann til jafnaðar, eða um 3675 kr. á 7 manna heimili í sveit.

2. Járnstrengur í öllum „hliðarlínum".

Stofnkostnaður Flóaveitu með járni í hliðarlínum er áður áætlaður kr. 660000,00. Í hinum hluta sýslunnar verður hann um kr. 1100000 ÷ 200 × 1400,00 = 1100000 ÷ 280000 = 820000,00.

Stofnkostnaður er þá fyrir alla Árnessýslu

kr. 1480000,00

eða um 390 kr. á mann, þ. e. 2730 kr. til jafnaðar á hvert býli (7 manns).

Rekstrarkostnaður.

1. Eir í öllum línum.

Veitan nær til 350 býla. Greiði þau að jafnaði 600 kr. í heimtaugargjald, fást við það 350 × 600 = 210000 kr., sem notast til afskrifta af lánum, svo eftir eru um 1800000 kr.

Áætlast þá rekstrarkostnaður sem hér segir:

I. *Föst útgjöld:*		
Rentur og afborgun (10%)	kr. 180000	
Viðhald	— 32000	
Gæzla og innheimtun	— 25000	
		237000
II. *Orkukaup:*		
3800 x 0,2 = 760 kw. á 70 kr.		53500
III. *Ófyrirséð*		19500
	Samtals kr.	310000

Árlegur kostnaður er þá um 81 kr. á mann, eða um 567 kr. á 7 manna býli í sveit.

2. Járn í öllum hliðarlínum.

Árlegur kostnaður fellur niður í ca. 67 kr. á mann.

3. *Raforkuveita um hluta Rangárvallasýslu.*

Raforkuveitan liggur um sveitirnar: Holt, Þykkvabæinn, neðri hluta Rangárvalla, Hvolhrepp, Fljótshlíð og Landeyjar. Höfuðlínan liggur frá Skálmholti í Flóa, yfir Þjórsá við brúna og þaðan sem næst í beina línu á Móeiðarhvol í Hvolhreppi, en þaðan um Garðsauka og um Fljótshlíð, en önnur grein frá Garðsauka niður Landeyjar.

Þessi veita nær til 210 býla og um 1600 manna. Lína frá Hraungerði að Garðsauka, um 42 km., er áætluð úr 25 mm² eirvír, allur hinn hluti kerfisins er annaðhvort um 16 mm² eirvír eða 22 mm² járnvír, en það er um 132 km. Lágspenntar línur eru samtals um 61 km.

Kostnaðaráætlun.

1. Eir í öllum línum.

I. *Háspennt kerfi.*		
a. *Taugar.*		
20 kv. lína: 3 x 25 mm² eirvír 42 km. á 3700 kr.	155000	
— — — 3 x 16 — — 132 — - 3400 —	450000	
		605000
b. *Spennistöðvar.*		
86 stauraspennistöðvar á 1500	kr. 130000	
Spennistöð í húsi í Þykkvabæ	— 8000	
		138000
II. *Lágspennt kerfi*		
61 km. á 2000 kr.		122000
III. Ýmislegt; ófyrirséð		75000
	Samtals kr.	940000

Stofnkostnaður er því um 590 kr. á mann.

2. Járn í öllum „hliðarlínum".

Stofnkostnaður lækkar niður í um 755000 kr., eða um 475 kr. á mann.

4. *Rekstrarkostnaður samveitu um Árnes- og Rangárvallasýslu.*

1. Eir í öllum línum.

Stofnkostnaður þessarar veitu er samtals kr. 2860000,—. Í heimtaugagjöldum greiðast

í Árnessýslu	kr.	200000
í Rangárvallasýslu 210 x 600	—	126000
Samtals kr.		326000

Eftir er þá að renta og afborga	kr.	2534000
Viðhald er		
í Árnessýsluveitunni	—	32000
í Rangárvallasýsluv. 174 x 50 kr.	—	8700
Samtals kr.		40700

Viðbótarkostnaður af gæzlu og innheimtu í Rangárvallasýslu áætlast 5000 kr. á ári.

Orkuverð áætlast fyrir 1000 kw. kr. 60,— pr. kw., en kr. 50,— fyrir hvert kw. þar yfir.

Rekstrarkostnaður áætlast þannig:

I. *Föst útgjöld:*			
Rentur, afborgun (10%)	kr.	253400	
Viðhald	—	40700	
Gæzla og innheimta	—	30000	
			3241000
II. *Orkukaup:*			
1000 kw. á kr. 60,—	kr.	60000	
80 kw. á kr. 50,—	—	4000	
			64000
III. Ýmislegt			26900
Samtals kr.			415000

Árlegur kostnaður er þá á mann um 77 kr., eða álíka og við veitu um Árnessýslu eina. Með 200 watta mestu samtímisnotkun á mann er þá verð árskwatts við bæjarvegg kr. 385,—.

2. Járn í öllum „hliðarlínum“.

Allur stofnkostnaður er 2235000 kr., en að frádregnum heimtaugargjöldum kr. 191000,—.

Rekstrarkostnaður áætlast þá:

I. *Föst útgjöld:*

Rentur og afborgun (10%)	kr.	191000	
Viðhald	—	40700	
Gæzla	—	30000	
			261700
II. Orkukaup			64000
III. Ýmislegt			24300
		Samtals kr.	350000

eða 65 kr. á mann á ári.

Árskwattið kr. 325,—.

1. tafla

sem sýnir fjölda þeirra manna, sem ná til veitunnar, lengd háspenntrar línu og fjölda spennistöðva til jafnaðar á hvert býli.

Heiti sveitanna:	Íbúafjöldi	Til veitunnar ná	Háspennt lína km/býli	Fjöldi spennistöðva á býli
Flói með Stokkseyri og Eyrarbakka	2550	2470	[1])0,82	0,42
Ölfus	450	350	0,73	0,44
Skeið	300	220	1,6	0,85
Grímsnes og Biskupstungur	950	380	1,6	0,74
Hreppar	630	390	1,3	0,7
Ölfus + Skeið + Grímsnes + Hreppar ..	2330	1340	1,3	0,66
Árnessýsla	5152	3800	1,07/0,64	0,55
Holt og Rangárvellir	1326	640	0,93	0,33
Hvolhreppur og Fljótshlíð	650	448	0,54	0,38
Landeyjar	688	525	0,92	0,53
Rangárvallasýsla	2669	1613	0,825	0,41
Árnes- + Rangárvallasýsla	8821	5400		

2. tafla.

Mesta samtímisnotkun 200 wött á mann.

Heiti sveitanna:	Eir í öllum línum. Stofnkostn.	Stofnk. á mann	Járn í hliðarlínum. Stofnkostn.	Stofnk. á mann	Eir í öllum línum. Árlegur rekstrark.	Á mann	Járn í hliðarlínum. Árlegur rekstrark.	Á mann
Flói og Grafningur .	820000	335	660000	270	160000	65	145000	60
Hinn hluti Árnessýslu	1100000		820000					
Árnessýsla	1920000	525	1480000	390	310000	81	255000	67
Rangárvallasýsla ...	940000	590	755000	475	170000	106	147000	92
Árnes- og Rangárvs.	2860000	530	2235000	415	415000	77	350000	65

1) Utan kauptúnanna.

Eftirmáli.

Tekjur.

Það var tekið fram í upphafi þessarar skýrslu, að enn er ekki fengin innlend reynsla, sem treysta megi, um tekjur af raforkusölu utan kaupstaða.

Eftirfarandi tafla sýnir erlenda reynslu um tekjur á mann til jafnaðar, og ennfremur tekjur af raforkusölu í nokkrum kaupstöðum og kauptúnum hér á landi.

Mesta samtímisnotkun wött/mann	Tekjur á mann erlendis	hérlendis	
50		30,—	Reykjavík, Akureyri.
100	32,—		
135		50,—	Bíldudalur.
150	38,—		
155		47,—	Sog 1.
200	42,—	(50)	
250	44,—	(52)	
300	47,—		

Það er ástæða til að ætla, að tekjur af raforkusölu verði tiltölulega meiri hér en erlendis, vegna þess að hér er eldsneyti allt dýrara. Þó er ekki auðvelt að segja að svo stöddu, hversu mikill sá munur má vera. Til bráðabirgða mætti byggja áætlun um tekjur raforkuveitna utan kaupstaða á meðaltölu milli erlendrar reynslu og þeirrar innlendu reynslu, sem fyrir hendi er, t. d. samkvæmt ofanskráðri töflu:

með mestu samtímisnotkun: 200 wött á mann
tekjur kr. 46,— á mann.

Styrkþörf.

20 kv lína frá Sogsstöð um Ölfusárbrú að Stokkseyri og Eyrarbakka mundi með spennistöðvum kosta um 200000 kr. og ná til um 1300 manns. Árlegur kostnaður af þeirri veitu yrði um 40 kr. á mann (200 wött/mann), og veitan ber sig því sjálf.

1. Flói og hluti af Grafningnum.

Tekjur 2470 × 46 kr. = 114000 kr.
Árleg útgjöld ..... kr. 160000/145000 —
Árlegur halli ..... — 46000/ 31000 —
= 64%/55,5% af kapitalgjöldum (að frádregnum heimtaugagjöldum).
Styrkþörf: kr. 460000/310000,—
= 56%/47% af öllum stofnkostnaði.

2. Árnessýsla.

Tekjur 3800 × 46 kr. = 175000 kr.
Árleg útgjöld ..... kr. 310000/255000 —
Árlegur halli ..... — 135000/ 80000 —
= 75%/62,5% af kapitalgjöldum.

Styrkþörf: kr. 1350000/800000,—
= 70%/54% af öllum stofnkostnaði.

3. Árnes- og Rangárvallasýslur.

Tekjur 5400 × 46 kr. = 250000 kr.
Árleg útgjöld ..... kr. 415000/350000 —
Árlegur halli ..... — 165000/100000 —
= 65%/52,5% af kapitalgjöldum.

Styrkþörf: kr. 1650000/1000000,—
= 57,5%/45% af öllum stofnkostnaði.

Rafveitur í kaupstöðum og kauptúnum, sem stendur til að koma upp.

1) Ísafjörður með Hnífsdal, 2600 manns, virkjun Fossár í Engidal, 400 hestöfl ..... kr. 450000
2) Bolungavík, 700 manns, virkjun Fossár í Hólshreppi, 260 hestöfl — 150000
Þessi kauptún hafa þegar fengið ríkisábyrgð fyrir lánunum.
3) Reykjavík (og Hafnarfjörður), 29000 manns. Virkjun Sogsins, 10000 hestöfl ..... — 6500000
4) Siglufjörður, 1700 manns. Virkju Fljótaár, 900 hestöfl ..... — 600000

Þessir síðastnefndu kaupstaðir hafa enn eigi sótt um ríkisábyrgð fyrir sínum lánum.

Samtals er þetta 7,7 millj. kr. fyrir 11560 hestöfl handa 34000 manns (auk þess afls, sem fyrir er, það er 2500 hestöfl), það verður að meðaltali 200 wött á mann nothæft afl í stöðvunum.

Þessi fyrirtæki eiga öll að geta borið sig sjálf, og þurfa því engan ríkissjóðsstyrk.

Rafveitur um sveitir, sem hafa verið rannsakaðar.

1) *Frá Soginu.*

Það liggur nærri, þegar Sogið hefir verið virkjað, sem í fyrsta lagi getur orðið sumarið 1932 eða 1933, að veita orku úr því um nálægar sveitir. Hefir verið áætluð veita frá því um Flóann með nokkrum hluta Grafnings niður á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Þessi veita er fyrir 600 kw. handa 2500 manns og er áætluð að kosta:

Framlag sveitarfélaga	kr.	100000
Lánsfé	—	250000
Styrkur	—	310000
Samtals	kr.	660000

Styrkurinn er miðaður við það, að fyrirtækið á eftir sé fjárhagslega sjálfstætt. Gert er þá ráð fyrir, að aflið kosti frá Sogsstöðinni 60—85 kr. á árskw. — eftir notkun. Styrkurinn þarf ekki allur að vera ríkissjóðsstyrkur, heldur má gera

ráð fyrir, að hlutaðeigandi hreppar eða væntanlegir notendur sjálfir leggi eitthvað fram.

Gerð hefir verið áætlun um að teygja þessa veitu lengra, a) um mikinn hluta Árnessýslu og b) auk þess um nokkurn hluta Rangárvallasýslu.

Væru Vestmannaeyjar teknar með, yrði veitan um Árnes- og Rangárvallasýslur hagstæðari, en áætlun hefir enn ekki verið gerð um það.

Þá er möguleiki að veita rafmagni um sveitirnar í nágrenni Reykjavíkur (Mosfellssveit og Seltjarnarneshrepp) og Hafnarfjörð (Bessastaðahrepp og Garðahrepp), ennfremur upp í Kjós og í nokkurn hluta Hvalfjarðar, Strandahrepp, Skilamannahrepp, Innri- og Ytri-Akraneshrepp og ef til vill eitthvað víðar. Áætlun hefir enn ekki verið gerð um þetta.

2) *Frá Tungufossi* í Eystri-Rangá eða Árbæjarfossi í Ytri-Rangá.

Að tilhlutun ríkisstjórnarinnar hafa verið gerðar 2 áætlanir, önnur um virkjun Tungufoss í Eystri-Rangá fyrir Fljótshlíð og Hvolhrepp, upp í 100—200 hestöfl handa 460 manns. Þessi áætlun nemur:

Lánsfé	kr.	140000
Styrkur	—	80000
Samtals	kr.	220000

Þá hefir einnig verið gerð áætlun um stærri veitu frá Tungufossi um hluta af Landeyjum með Vestmannaeyjum, 900—1000 hestöfl handa 4000 manns (3200 manns talið í Vestmannaeyjum), nemur

Lánsfé	kr.	800000
Styrkur	—	200000
Samtals	kr.	1000000

Einnig má teygja veituna nokkuð vestur eftir alla leið vestur og niður að Þykkvabæjarhverfinu, og versnar heildarútkoman ekki við það.

Áætlun um virkjun Árbæjarfoss gefur svipaða útkomu.

Meðan ekki er komin samanburðaráætlun um veitu frá Sogi alla leið út í Vestmannaeyjar, verður ekki sagt, hvort betra er að virkja annanhvorn fossinn eða teygja veituna frá Sogi.

3) *Veita um Skagafjörð.*

Áætlun hefir verið gerð um virkjun Reykjafoss í Svartá í Skagafirði, með veitu til Sauðárkróks og nokkurs hluta sýslunnar.

Veitan er upp í 600—900 hestöfl, handa 2000 manns, og kostar

Lánsfé	kr.	500000
Styrkur	—	220000
Samtals	kr.	720000

Til yfirlits yfir það, sem talið er hér að framan, er sett eftirfarandi tafla:

Tafla, er sýnir yfirlit yfir raforkuveitur, sem þegar hafa verið áætlaðar.

1. virkjun.	Mannfjöldi Kauptún	Sveitir	Orka hö.	Stofnkostn. kr.	Heimtaugagj. kr.	Styrkþörf kr.
Hluti af Árnes- og Rangárvallasýslum	1300	1200	„	660000	100000	310000
Hluti af Skagafjarðarsýslu	720	1300	600	720000	„	220000
Hluti af Borgarfjarðarsýslu	1500	500	1200	100000	„	350000
Samtals utan kaupstaða	3520	3000	1800	2380000	100000	880000
Reykjavík frá Sogi						
Hafnarfjörður						
Ísafjörður og Hnífsdalur						
Bolungavík						
Siglufjörður						
Samtals í kaupstöðum	34700		11560	7700000		
Alls í 1. virkjun	38220	3000	13360	10080000		880000
Viðbót.						
Hluti af Skagafjarðarsýslu	200	360	300	800000		260000
Hluti af Árnes- og Rangárvallasýslum		2900	„	1575000	225000	690000
Hluti af Borgarfjarðarsýslu		2500	„	2000000	200000	1000000
1. virkjun og viðbót.						
Hluti af Árnes- og Rangárvallasýslum	1300	4100	„	2235000	325000	1000000
Hluti af Skagafjarðarsýslu	920	2160	900	1520000		480000
Hluti af Borgarfjarðarsýslu	1500	3000	1200	300000	200000	1350000
Samtals utan kaupstaða	3720	9260	2100	6755000	525000	2830000
Reykjavík frá Sogi	26000		10000	6500000		
Hafnarfjörður	3000					
Ísafjörður og Hnífsdalur	3300		400	450000		
Bolungavík	700		260	150000		
Siglufjörður	1700		900	600000		
Samtals í kaupstöðum	34700		11560	7700000		
Alls í kaupstöðum og sveitum	38420	9260	13660	14455000		2830000

Þær veitur, sem hér eru taldar undir 1. virkjun, eru allar í nánu sambandi við kaupstaði eða kauptún og eru því mjög hagstæðar að því er styrk snertir í tiltölu við veitukostnað.

Raforkuveitur þær, sem tilgreindar eru í þessari töflu, ná til 38400 manns í kaupstöðum og kauptúnum og 9300 manns í sveitum, eða til samtals um 48000 manns, en það eru 45,5% af allri þjóðinni. Eru þá virkt ca. 13,6 þúsund hestorkur, eða um 200 wött á mann í stöð. Allur stofnkostnaður veitnanna er um 14,5 milljón krónur, en styrkþörf er áætluð tæpar 3 milljónir, — miðað við, að þær hafi í tekjur 46 kr. af hverjum notanda, —og nemi árlegar rentur og afborganir 10% af stofnkostnaði, en stjórn og gæzla þeirra sé gerð svo ódýr, sem unnt er, m. a. með því að sameina þær fyrir stór veitusvæði. Ennfremur að kauptún og nærliggjandi sveitir þeirra séu hvarvetna saman um veitu. Enda fellur styrkþörfin öll á slíkar sveitaraforkuveitur, en þær, sem eru fyrir kaupstaði og kauptún eingöngu, bera sig sjálfar. Er annars byggt á þeim forsendum, sem frá er skýrt að framan í þessari skýrslu. Er þá styrkþörf veitnanna talin sú upphæð, sem draga verður frá stofnkostnaði þeirra, til þess að þær geti síðar borið sig sem sjálfstæð fyrirtæki.

Þess verður þó að geta, að ekki er reiknað með því, að sveita-raforkuveitur leggi neitt fé til hliðar af tekjum sínum til stækkunar netsins, heldur verður hver viðbót við þær að njóta styrks í sama hlutfalli, en hlutaðeigandi nýir notendur kosta þær ella.

Um allar þessar veitur, nema e. t. v. Rafmagnsveitu Reykjavíkur (Sogsstöðina) er það að segja, að ekki er gert ráð fyrir því, að fé fáist til að byggja þær fyrir, nema gegn ábyrgð ríkissjóðs, enda hafa þegar verið veittar ábyrgðarheimildir til handa tveimur þeirra, en frá öðrum tveimur liggja nú fyrir Alþingi ábyrgðarbeiðnir til byrjunarvirkjunar.

Ekki er ástæða til að ætla, að á næstu 10 árum verði byggðar veitur fyrir meira fé en þær tæpar 15 milljónir, sem hér hafa verið áætlaðar. Verða þá í þær lagðar tæp hálf önnur milljón króna á ári til jafnaðar, en af þeirri upphæð eru um 300000 krónur styrkþörf.

Stofnkostnaður hinna áætluðu raforkuveitna skiptist þannig á milli sveita og kaupstaða: sveitaraforkuveitur (með nokkrum kauptúnum), sem ná til 13000 manna, kosta um 7 millj. kr.: kaupstaða- og kauptúnaveitur, sem ná til um 35000 manna, kosta um 8 millj. krónur.

Það er um tvær leiðir að ræða, ef styrkja skal raforkuveitur utan kaupstaða: Önnur er sú, að styrkurinn komi sem beint framlag ríkissjóðs (eða annara) að upphæð sem nemur styrkþörf veitnanna, eða um 300000 krónur á ári samkvæmt framanskráðu. Hinn hluti stofnkostnaðar, eða um 400000 kr. á ári, yrði að útvegast sem lánsfé.

Hin leiðin er sú, að ríkið sjái raforkuveitum utan kaupstaða fyrir lánsfé gegn svo lágu árlegu afgjaldi (5—6%), að veiturnar geti borið það, en ríkissjóður taki á sig að greiða rentumismuninn (4—5% af stofnkostnaði veitu, ef til grundvallar er lánsfé með 10% árlegum rentum og afborgunum). Með því móti yrðu árleg útlát ríkissjóðs til raforkuveitna utan kaupstaða samkvæmt ofanskráðu að meðaltali í næstu 10 ár 140—175 þús. krónur á ári.

Hvor leiðin sem farin yrði, þá virðist nauðsynlegt og sennilega óhjá-

kvæmilegt, að fjárútvegun til raforkuveitna landsins yrði að allra mestu leyti sameinuð undir hendi ríkisstjórnar eða einhverrar bankastofnunar ríkisins.

Vér álítum ekki enn fengna þá rannsókn og athugun þessara mála, sem grundvallarlöggjöf megi byggja á. Fyrir því teljum vér ekki ákjósanlegt, að afgreidd verði lög um þessi atriði nú á þessu þingi, en væntum, að fyrir næsta þing verði þau skilyrði fyrir hendi, að unnt verði að gera ákveðnar tillögur um raforkuveitulöggjöf.

Vér viljum þó benda á, að það er víst, að þær raforkuveitur, sem aðeins ná til sveitanna, og að einhverju litlu leyti til kauptúna, verða ekki byggðar án einhvers stuðnings af hendi ríkisins. Ef áhugi er fyrir því, að til byrjunarframkvæmda komi um slíkar raforkuveitur þegar á næstu árum, væri því æskilegt, að Alþingi nú þegar taki upp í fjárlög árlega fjárveitingu í þessu augnamiði, t. d. 150—200 þúsund krónur á ári, miðað við framangreindar áætlanir. Væri gerður úr þeim „raforkuveitusjóður", en heimildir til ráðstöfunar á því fé yrðu ekki gefnar fyrr en með væntanlegri löggjöf um þessi mál á næsta þingi.

Reykjavík, 18. marz 1930.

Geir G. Zoëga. Steingr. Jónsson. Jakob Gíslason.

Sþ. 559. Breytingartillaga

við viðaukatillögu á þskj. 510 *[Lóðir undir þjóðhýsi]*.

Frá Benedikt Sveinssyni og Jörundi Brynjólfssyni.

Upphaf viðaukatillögunnar skal orða svo:

Ennfremur lætur Alþingi í ljós, að rétt sé, að ríkisstjórnin, gegn væntanlegri heimild eftir á, festi kaup á o. s. frv.

Ed. 560. Þingsályktun

um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa og semja frv. til laga um alþýðutryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl).

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna milliþinganefnd til þess að undirbúa og semja frumvarp til laga um alþýðutryggingar, er ná yfir sjúkra-, elli-, örorku-, slysa- og mæðra- eða framfærslutryggingar.

Nefnd þessi skal jafnframt gera tillögur um ráðstafanir af hálfu ríkis og bæjarfélaga til varnar gegn atvinnuleysi, og hvort veita skuli stofnun þeirri,

er verður látin annast alþýðutryggingarnar, einkarétt til þess að taka að sér líftryggingar hér á landi.

Nefndin skal hafa lokið störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi, og skal leggja frv. hennar og tillögur fyrir það.

Sþ. 561. Þingsályktun

um ráðstafanir til þess að ná eignarhaldi á lóðum undir þjóðhýsi.

(Afgreidd frá Sþ. 15. apríl).

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita fyrir sér um kaup til handa landinu á lóðunum milli menntaskólans og stjórnarráðsins, neðan Skólastrætis, en ofan lækjar, ásamt húsum þeim og mannvirkjum, er á lóðunum standa, og leggja árangurinn af þeim samningaumleitunum fyrir næsta þing.

Nd. 562. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

I. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 13. gr. B. II. a. 14. Nýr liður:
Til Kópaskersbrautar 10000

II. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. F.
Fyrir „100000“ kemur 110000

III. Frá *Jóni A. Jónssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 26. Nýr liður:
Til Þórðar Kristleifssonar, utanfararstyrkur til söngfræði- og söngkennslunáms 1000

IV. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Gunnari Sigurðssyni.*
Við 16. gr. 31. (Kvenfélagasamband Íslands).
Fyrir „2000“ kemur 10000
Til vara 8000

V. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 17. gr. 22. (Elliheimilið Grund).
Fyrir „10000“ kemur 25000
Til vara 20000

VI. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

Við 22. gr. XVII. Nýr liður:

Að ábyrgjast, gegn endurábyrgð Norður-Ísafjarðarsýslu, ⅘ hluta kostnaðar við byggingu raforkustöðvar í Súðavíkurhreppi, allt að 60 þús. kr.

Ed. 563. Lög

um breyting á lögum nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl).

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Nú gerir maður þurrheyshlöðu, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, allt að kr. 0,50 á hvert metið dagsverk. Þó veitist engum hærri upphæð en 500 kr.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að veggir hlöðunnar séu gerðir úr steinsteypu eða steinlímdir, og þak úr bárujárni (og timbri) eða steinsteypu.

Eigi veitist styrkur á hlöður, sem taka minna en 100 hesta heys. Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um gerð á umræddum hlöðum og ákveður, hvernig þær skuli lagðar í dagsverk.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930.

Ed. 564. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Einn nefndarmanna (HSteins) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Annar nefndarmanna (IP) telur sér ekki fært að leggja til, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, en undirritaður vill afgreiða frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Í stað orðanna »kr. 370000 — þrjú hundruð og sjötíu þúsund krónar komi: ⅔ hluta kostnaðar við hafnargerðina, að frádregnum styrk ríkissjóðs, þó ekki yfir 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund króna.

Alþingi, 15. apríl 1930.

Erlingur Friðjónsson.

Ed. 565. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Dalvík.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Einn nefndarmanna (HSteins) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Annar nefndarmanna (IP) telur sér ekki fært að leggja til, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, en undirritaður vill afgreiða frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Í stað orðanna »kr. 150000« komi: 2/3 hluta kostnaðar við hafnargerðina, að frádregnum styrk ríkissjóðs, þó ekki yfir 150000 — hundrað og fimmtíu þúsund króna. —

Alþingi, 15. apríl 1930.

Erlingur Friðjónsson.

Ed. 566. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Einn nefndarmanna (HSteins) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Annar nefndarmanna (IP) telur sér ekki fært að leggja til, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, en undirritaður vill afgreiða frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Í stað orðanna »kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna« komi: 2/3 hluta kostnaðar við hafnargerðina, að frádregnum styrk ríkissjóðs, þó ekki yfir 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund króna. —

Alþingi, 15. apríl 1930.

Erlingur Friðjónsson.

Ed. **567. Lög**

um lögskráning sjómanna.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

1. gr.

Lögskráning sjómanna er tvennskonar, lögskráning í skiprúm og lögskráning úr skiprúmi.

2. gr.

Skylt er að lögskrá sjómenn á öllum íslenzkum skipum, sem eru 12 smálestir brúttó eða stærri.

3. gr.

Lögreglustjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Utan heimilisþinghár sinnar er þeim heimilt að fela hreppstjórum að framkvæma lögskráningar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur skipað sérstaka lögskráningarstjóra á þeim stöðum, þar sem ástæða þykir til að létta því starfi af lögreglustjóra. Einnig er lögreglustjóra heimilt að skipa fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar, til að framkvæma lögskráningar á hans ábyrgð, ef þess gerist þörf.

Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum fer lögskráning fram í því umdæmi, sem skipið þá er statt í.

4. gr.

Lögskrá skal í skiprúm:

1. Í hvert sinn, er nýr maður er ráðinn á skipið hér á landi.
2. Í hvert sinn, er nýr maður er ráðinn erlendis á íslenzkt skip. Íslenzkur ræðismaður lögskráir þá á skipið, ef til hans næst, en ella skal lögskráning fara fram í fyrstu höfn hérlendis, er skipið er afgreitt í eða fermir í eða affermir.
3. Í hvert sinn, er sjómenn eru ráðnir hér á landi í skiprúm á íslenzku skipi, sem statt er erlendis, skulu þeir lögskráðir áður en þeir fara af landi burt, og fer lögskráning þá fram þar, sem ráðningarsamningur er gerður við þá.
4. Í hvert sinn er íslenzkur sjómaður er ráðinn á erlent skip hér á landi.
5. Í fyrsta sinn á hverju almanaksári, er skip er afgreitt eða byrjar ferð frá hérlendri höfn, enda þótt engin breyting verði á skipshöfn eða ráðningarkjörum hennar.

Nú er ráðningarkjörum sjómanna, sem fyrir eru á skipinu, breytt með nýjum samningum, og fer þá um lögskráningu sem þeir séu ráðnir að nýju á skipið.

5. gr.

Lögskrá skal úr skiprúmi í hvert sinn, er vist manns lýkur á skipi, hvort sem hann er leystur úr skiprúmi, strýkur af skipi, andast í vistinni eða fer með öðrum hætti af skipi. Fari hann af skipi í hérlendri höfn, fer lögskráning fram þar, en ella í fyrstu höfn hérlendis, er skipið er afgreitt í eða fermt í eða affermt.

6. gr.

Lögskrá skal alla þá menn, sem ráðnir eru til vinnu á skipi og fara eiga með því, hver sem starfi þeirra er. Þó þarf eigi að lögskrá leiðsögumenn, eftirlitsmenn með farmi eða verkamenn, er vinna eiga að fermingu eða affermingu á höfnum innanlands, þó þeir fari með skipinu, enda séu þeim eigi ætluð önnur störf.

7. gr.

Eigi má skipstjóri leggja skipi úr höfn nema allir þeir skipsmenn, er skylt er að lögskrá samkv. 6. gr., hafi áður verið lögskráðir í skiprúm.

Nú ber svo til, að leggja þarf skipi úr höfn, til fiskiveiða hér við land eða annara ferða innanlands, á þeim tíma, er skrifstofa lögskráningarstjóra er lokuð og lögskrá þarf einn mann eða fleiri í skiprúm, og er þá rétt, að þeir fari með skipinu ólögskráðir, enda hafi skipstjóra eigi verið kunnugt um, að lögskrá þyrfti þá, áður en skrifstofu lögskráningarstjóra var lokað. Skipstjóri skal þó, áður en hann lætur úr höfn, tilkynna lögskráningarstjóra bréflega nöfn og heimili hinna ólögskráðu manna, svo skal hann og rita nöfn þeirra og ráðningarkjör á það samrit skipshafnarskrár, er hann hefir á skipinu. Þegar skipið næst kemur til hérlendrar hafnar, skal skipstjóri lögskrá menn þessa í skiprúm. Nú er sú ákvörðun tekin, eftir að skipið lætur úr höfn, að það fari til útlanda, og má þá enginn skipsmanna vera ólögskráður, þeirra er skylt var að lögskrá samkv. 6. gr.

8. gr.

Skipstjóra er skylt að sjá um, að skipsmenn séu lögskráðir í skiprúm og úr skiprúmi. Nú er svo ástatt sem segir í 3. lið 4. gr., og er skipstjóri eigi staddur þar sem lögskráning á að fara fram, og skal þá útgerðarmaður sjá um, að lögskráð sé.

9. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skulu menn þeir, er lögskráðir skulu, mæta sjálfir hjá lögskráningarstjóra ásamt skipstjóra, eða útgerðarmanni eða umboðsmanni hans, er svo stendur á sem segir í niðurlagi 8. gr. Nú er sá maður, er lögskráður skal, ráðinn á skipið af öðrum en skipstjóra eða útgerðarmanni, og skal þá sá maður, er réði hann, mæta við lögskráningu hans og undirrita ráðningarsamninginn í skipshafnarskrá og viðskiptabók.

Þegar lögskráð er úr skiprúmi, skulu þeir menn, er skrá á úr skiprúmi, mæta með sama hætti, ef þeir óska þess og eigi tálma veikindi eða önnur forföll.

Lögskráningarstjóra ber að sýna alla lipurð um lögskráningu utan venjulegs starfstíma, þegar nauðsyn krefur. Í Reykjavík skal lögskráningarstjóri sinna

lögskráningu alla virka daga frá kl. 9 árd. til kl. 9 síðd., og á helgum dögum, öðrum en föstudeginum langa og fyrra helgidegi stórhátíða, frá kl. 4 til kl. 6 síðd.

10. gr.

Við lögskráningu í skiprúm skal skipstjóri sýna:

1. Skipstjóraskírteini sitt.
2. Mælingarbréf skipsins og haffærisskírteini.
3. Atvinnuskírteini þeirra manna, er lögskráðir eru og skírteini þurfa að lögum til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu, sem þeir eru ráðnir til.
4. Skipshafnarskrá og aukaskrá, ef hún hefir verið gerð.
5. Viðskiptabækur þeirra manna, er lögskráðir skulu.

Við lögskráningu úr skiprúmi skal hann sýna skipshafnarskrá og sjóferðabækur.

11. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri rannsaka, hvort nokkuð í framlögðum skjölum sé því til fyrirstöðu, að menn þeir, sem skráðir skulu, megi vera á skipinu eða í þeirri stöðu, sem þeir eru ráðnir til. Reynist einhverju áfátt í þessu efni, skal hann neita að lögskrá þá menn, sem svo er ástatt um.

12. gr.

Þegar skipsmenn allir eru skráðir í skiprúm í senn, samkv. 5. lið 4. gr. eða endranær. skal skipstjóri láta gera skipshafnarskrá í tveimur samhljóða eintökum. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur reglur um gerð skipshafnarskrár. Nú eru nýir menn lögskráðir i skiprúm eftir að skipshafnarskrá er gerð, og skal þeim þá bætt við á skrána meðan hún endist, en á aukaskrá, sé hún fullrituð, og skal þess þá getið á aðalskránni, að aukaskrá hafi gerð verið.

13. gr.

Um viðskiptabækur og sjóferðabækur skipsmanna fer eftir ákvæðum sjómannalaganna og reglugerða þeirra, er settar verða samkvæmt þeim, sbr. og um sjóferðabækur lög nr. 40, 19. júní 1922, 20. gr.

14. gr.

Lögskráningarstjóri skal gæta þess, að skilríki þau öll, sem nefnd eru í 10. gr., séu fyrir hendi, er lögskráð er. Hann skal og gæta þess, að ritað sé í skipshafnarskrá og í viðskiptabók allt það, er þar skal ritað lögum samkvæmt, og að eigi sé ósamræmi milli þeirra. Komist hann að raun um, að misbrestur sé á þessu, skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt, en ella ritar hann vottorð sitt um lögskráninguna á skjöl þessi.

15. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri lesa upp ráðningarsamninginn í viðskiptabókinni eða skipshafnarskránni fyrir þeim, sem lögskráður skal, og spyrja hann að því, hvort hann sé samþykkur samningn-

um. Nú eru einhver þau ákvæði í samningnum, er lögskráningarstjóra virðist vera óvenjuleg, eða frábrugðin því, sem almennt tíðkast, og skal hann þá benda aðila á þau. Takist það eigi og vilji báðir aðiljar hlíta samningnum eins og hann er, skal lögskráning fara fram, ef samningurinn brýtur eigi í bág við lög, en lögskráningarstjóri skal þá rita athugasemd í viðskiptabókina og á skipshafnarskrána um það, hvað honum þótti athugavert við samninginn.

16. gr.

Skipstjóra á öðru skipi en íslenzku fiskiskipi er skylt að hafa gert upp reikning þess manns, er úr skiprúmi skal skráður, áður en lögskráning hans úr skiprúmi fer fram. Nú er maður ráðinn á skip í þjónustu annars en útgerðarmanns, og skal þá sá, er hann vann hjá, hafa gert upp reikning hans, áður en hann er lögskráður úr skiprúmi. Hvor aðili um sig getur krafizt þess, að lögskráningarstjóri geri reikninginn upp eða rannsaki hann. Nú greinir aðila á um reikningsgerðina, og skal lögskráningarstjóri þá leita um sættir með þeim. Takist eigi sættir, getur hvor aðili um sig krafizt þess, að lögskráningarstjóri leggi úrskurð á málið. Úrskurði hans getur hvor aðili um sig skotið til sjódóms, og skal þá fé það, er aðila greinir á um, falið lögskráningarstjóra til geymslu, þar til fullnaðardómur hefir gengið um málið.

17. gr.

Nú er sjómanni heitið hluta af afla skips, farmgjaldi eða öðrum tekjum af ferðinni, eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni, og þetta kaup hans verður eigi ákveðið áður en hann er skráður úr skiprúmi, og þarf þá eigi að gera reikning hans upp, að því er til þess hluta kaupsins tekur, um leið og hann er skráður úr skiprúminu. Útgerðarmaður skal, er þannig stendur á, hafa gert sjómanninum reikningsskil, áður en 3 mánuðir eru liðnir frá því að sjómaðurinn var skráður úr skiprúmi. Vilji sjómaðurinn ekki hlíta reikningsskilunum, getur hann lagt málið undir lögskráningarstjóra samkvæmt því, sem segir í 16. gr.

18. gr.

Geti sjómaður eigi tekið á móti sjóferðabók og viðskiptabók sinni er hann er lögskráður úr skiprúmi, skal afhenda þær lögreglustjóra til varðveizlu og ráðstöfunar.

19. gr.

Um skil skipstjóra á kaupi, sem haldið er eftir samkv. 62. gr. sjómannalaganna, fer eftir 69. gr. sömu laga.

20. gr.

Þegar lögskráningarstjóri hefir ritað vottorð sitt um lögskráninguna á skipshafnarskrána, afhendir hann skipstjóra annað samrit hennar, en heldur hinu eftir sjálfur.

Nú fer lögskráning síðar fram í öðru umdæmi en þar, sem það samrit skipshafnarskrár, er lögskráningarstjóri hélt eftir, er geymt, og skal þá lögskráningarstjóri sá, er síðar lögskráir, halda eftir samriti af því, sem ritað

er á samrit skipstjóra, eða á aukaskrá, hafi hún verið gerð, við hina síðari lögskráningu.

Nú skýrir skipstjóri frá því við lögskráningu, að skipshafnarskrá sín sé glötuð, og lögskráningarstjóri hefir eigi samrit hennar, og skal þá lögskráningarstjóri leggja fyrir skipstjóra að láta gera nýja skipshafnarskrá. Skal lögskráningarstjóri þá rannsaka, hvort hin nýja skrá sé rétt, með samanburði á henni við viðskiptabækur skipsmanna og önnur skilríki þeirra og með því að láta þá sjálfa skýra frá ráðningarkjörum sínum. Eigi að skrá alla skipsmenn úr skiprúmi, þarf að gera nýja skrá, en lögskráningarstjóri skal þá rannsaka þau atriði, er lögskráningin gefur tilefni til, með þeim hætti, er áður var sagt.

21. gr.

Nú verða skipstjóraskipti á íslenzku skipi, og skal lögskráningarstjóri þá kveðja báða skipstjórana til sín, ef þess er kostur. Skal þá afhenda hinum nýja skipstjóra öll skjöl þau, er skipinu eiga að fylgja og fyrirrennari hans hafði undir höndum, jafnframt því að hann er lögskráður á skipið.

22. gr.

Lögskráningarstjóri skal jafnan, er lögskráning fer fram, rannsaka, hvort farið hefir verið eftir fyrirmælum laga um lögskráningu. Ef ætla má, að lögbrot hafi verið framið, skal hann gera þær ráðstafanir, sem með þarf til þess að ábyrgð verði komið fram fyrir brotið. Nú er lögskráningarstjóri eigi jafnframt lögreglustjóri, og skal hann þá tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra þessa málavexti.

23. gr.

Lögskráningarstjóra er skylt að hafa jafnan nægar birgðir af viðskiptabókum sjómanna, sjóferðabókum og skipshafnarskrám. Ef skipstjóri óskar þess, er lögskráningarstjóra skylt að fylla skjöl þessi út fyrir hann.

Fyrir störf þau, er lögskráningarstjóri innir af höndum samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir viðskiptabækur, sjóferðabækur og skipshafnarskrár, skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi, og renna þau í ríkissjóð. Gjald fyrir sjóferðabók greiðir hlutaðeigandi sjómaður sjálfur. Gjald fyrir aðstoð við reikningsgerð greiðir sá, er hennar óskar, en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanns.

24. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 50—500 króna sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

25. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

26. gr.

58. gr. laga nr. 27, 27. júní 1921, er úr lögum numin.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931.

Ed. 568. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:
9. grein laganna falli burt.

Ed. 569. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir nú íhugað frv. þetta og átt tal um það við bankastjóra Búnaðarbankans. Töldu þeir breytingarnar, sem frv. ráðgerir á lögunum, æskilegar, svo sem þá, að heimilt væri að veita lán til fáeinna nýbýla á ræktuðu landi í sveit, en gerðu alls ekki ráð fyrir, að veitt yrðu lán til býla í útjöðrum kaupstaðanna og að eftir sem áður gengju aðallánin til að endurreisa bæi á byggðum jörðum.

Að fengnum þessum skýringum leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna gat ekki mætt á fundinum og hefir því óbundið atkvæði.

Alþingi, 16. apríl 1930.

Jón Jónsson, form., frsm.	Jónas Kristjánsson, fundaskr.

Nd. 570. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

Frá Sigurði Eggerz.

Við 18. gr. II. g. 10. (Stefán frá Hvítadal).
Fyrir »1200« kemur 2000

Ed. 571. Fjáraukalög

fyrir árið 1928.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

1. gr,

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögum 1928, eru veittar kr. 1252946,49 til útgjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Ráðuneytið o. fl.

			kr.	kr.
Við	1. b.	Til risnu	4000,00	
—	2.	Til utanferða ráðherra	4290,51	
—	4.	Annar kostnaður	21485,08	
—	5.	Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum.	1386,70	
—	6. b.	Til pappírs og prentunar...	3808,90	
	c.	Til kostnaðar við sendingar	1910,48	
—	7.	Til viðhalds og umbóta á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum..	8786,50	
				45668,17

II. Hagstofan.

Við	2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	5833,89	
—	4.	Húsaleiga, hiti, ljós m. m.	325,85	
—	5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður ...	3431,72	
—	6.	Til að gefa út manntalið 1703. ...	199,48	
				9790,94
		Flyt ...		55459,11

			kr.	kr.
		Flutt ...	55459,11	
		III. Utanríkismál o. fl.		
Við	1. d.	Til skrifstofuhalds	1796,54	
—	4.	Kostnaður við sambandslaganefnd...	1163,78	
			2960,32	
				58419,43
		3. gr.		
		Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:		
		A. Dómgæzla og lögreglustjórn:		
Við	4. a.	Laun	1133,88	
—	5. a.	Laun fulltrúa og skrifara..	11437,00	
—	b.	Laun tollvarða	2671,67	
—	d.	Hiti og ljós...	985,76	
—	e.	Innheimtukostnaður	9343,00	
—	6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	4050,00	
—	8.	Landhelgisgæzla...	38786,55	
—	10.	Til hegningarhúsa	299,28	
—	11.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála	65087,22	
			133794,36	
		B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:		
—	1. a.	Burðareyrir	8679,31	
—	b.	Embættisskeyti	19978,82	
—	2.	Brunaábyrgðargjöld o. fl....	11548,55	
—	3.	Til embættiseftirlitsferða	4312,57	
—	4.	Til skattanefndakostnaðar..	8343,98	
—	5.	Eyðublöð o. fl.	24387,94	
			77251,17	
				211045,53
		4. gr.		
		Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:		
		Til læknaskipunar og heilbrigðismála:		
Við	8.	Til geislalækningastofu ríkisins ...	1347,65	
—	11.	Til nuddlækningastofu Jóns Kristjánssonar	1000,00	
—	17.	Geðveikrahælið á Kleppi...	14000,20	
		Flyt	16347,85	269464,96

		kr.	kr.	kr.
	Flutt ...	16347,85	... ...	269464,96
Við 18.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	5321,10		
— 20. a.	Landsspítalinn	45000,00		
— b.	Viðbótarbygging á Kleppi	40000,00		
— j.	Heilbrigðiseftirlit alþýðuskóla... ...	945,10		
			... ...	
				107614,05

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

Til samgöngumála.

A. Póstmál.

Við 2.	Póstflutningur	15048,34	
— 3. a.	Skrifstofukostnaður	2135,03	
			17183,37

B. Vegabætur.

— I. 3.	Ferðakostnaður o. fl....	5611,91		
— 4.	Aðstoðarmenn og mælingar	9444,09		
— 5.	Skrifstofukostnaður	1335,59		
— II. a. 1.	Kjalarnesvegur	6969,98		
— 4.	Norðurárdalsvegur	7745,11		
— 6.	Húnavatnssýsluvegur	2925,86		
— 7.	Vallhólmsvegur	12953,01		
— 8.	Þelamerkurvegur	5669,58		
— 10.	Vopnafjarðarvegur	1739,54		
— 13.	Biskupstungnabraut	6881,42		
— b.	Viðhald og umbætur	99691,82		
— III.	Brúargerðir	129784,35		
— IV.	Slitlag akvega...	20000,00		
— V.	Fjallvegir	5978,39		
— VI. 1.	Til áhalda	3077,10		
— VII. 1.	Til akfærra sýsluvega	9294,60		
— XI.	Gistingarstyrkur	175,68		
				329278,03

C. Samgöngur á sjó.

— 1. a.	Til strandferða	9254,28	
— 2.	Til bátaferða	6800,00	
			16054,28
	Flyt ...	362515,68	377079,01

				kr.	kr.
			Flutt ...	362515,68	377079,01
		D. Hraðskeyta- og talsímasamband.			
Við	I.	Til viðauka símakerfa o. fl.... ...	3261,30		
—	II.	Til nýrra símalagninga	20983,71		
—	III. 2.	Kostnaður af aðalskrifstofu	596,34		
—	3.	Ritsímastöðin í Reykjavík	12945,53		
—	4.	Þráðlausa stöðin í Reykjavík ...	3601,89		
—	5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	11363,70		
—	6.	Áhaldahúsið	230,92		
—	7.	Ritsímastöðin á Akureyri	2063,51		
—	8.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði	2752,58		
—	9.	— - Ísafirði	2893,94		
—	10.	— - Borðeyri	2046,03		
—	11.	— - Hafnarfirði ...	1610,09		
—	13.	— - Siglufirði	3881,49		
—	15.	Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	5200,12		
—	IV.	Eyðublöð o. fl.	5174,31		
—	V.	Viðbót og viðhald stöðvanna	18595,93		
—	VII.	Viðhald landssímanna	35395,60		
		Slysatrygging	871,20		
				133468,19	
		E. Vitamál.			
—	I. 3.	Til skrifstofuhalds	1471,11		
—	4.	Ferðakostnaður m. m.	763,60		
—	II.	Laun vitavarða...	667,83		
—	III.	Rekstrarkostnaður vitanna	6519,30		
—	V. a.	Til vitabygginga	15820,90		
—	b.	Til leiðarljósa	5850,63		
				31093,37	
					527077,24
		6. gr.			
		Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:			
		Til kirkju- og kennslumála.			
		A. Andlega stéttin.			
Við	b. 7.	Til húsabóta á prestssetrum		1805,11	
		B. Kennslumál.			
—	I. i.	Ljós, hiti, ræsting	1500,00		
		Flyt ...	1500,00	1805,11	904156,25

			kr.	kr.	kr.
		Flutt ...	1500,00	1805,11	904156,25
Við	j. 3.	Ýms gjöld	3100,00		
—	II. b.	Nám á sængurkvennastofnun ...	1193,75		
—	III. b. 2.	Eldiviður og ljós	1335,53		
—	3.	Til skólahússins	1197,76		
—	4.	Stundakennsla o. fl.	1302,00		
—	10.	Ýmisleg gjöld	487,28		
—	11.	Verðlaunabækur...	37,95		
—	IV. b. 1.	Auka- og stundakennsla	2585,00		
—	2.	Framhaldsnám	4200,00		
—	3.	Bækur og kennsluáhöld	345,92		
—	4.	Eldiviður og ljós	880,58		
—	6.	a. og b. Dyravarzla	350,00		
—	8.	Til skólahússins...	591,98		
—	9.	Ýmisleg gjöld	2563,99		
—	V. b. 7.	Ýmisleg gjöld	420,29		
—	VI. b. 4.	Ýmisleg gjöld	265,60		
—	VII. b. 1.	Stundakennsla	360,00		
—	2.	Húsnæði	750,00		
—	VIII. 2c. 1.	Verklegt nám	1529,90		
—	3.	Eldiviður og ljós	815,58		
—	4.	Ýmisleg gjöld	81094,67		
—	XI. 1.	Laun	400,00		
—	XIII. 4.	Farkennsla og eftirlit með heimafræðslu	782,50		
—	5.	Til prófdómara við barnapróf .	9392,56		
—	XIV. 1. b.	Aðstoðarkennsla...	700,00		
—	c. 1.	Til búnaðarnáms	50,00		
—	4.	Ýmisleg gjöld	1190,45		
—	3.	Til nýrra héraðsskóla	5000,00		
—	XV. 1.	Til húsmæðraskóla á Staðarfelli	3300,00		
—	XVI.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja	11391,19		
				139114,48	
					140919,59

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmennta og lista.

Við	1. c.	Til aðstoðar	200,00	
—	2. c.	Ýms gjöld	501,80	
—	3. b.	Til aðstoðar	230,00	
		Flyt ...	931,80	1045075,84

			kr.	kr.	kr.
		Flutt ...	931,80	... ...	1045075,84
Við	d.	Til áhalda og aðgerða	500,00		
— 5.	b.	Viðhald og áhöld	300,00		
— 6.		Til kaupstaðarbókasafna...	80,00		
— 32.		Til landskjálftarannsókna	23,75		
— 42.		Ferðastyrkur til útlanda	7734,00		
				... ...	9569,55

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja.

Við 11.		Fjárkláðalækningar	475,95		
— 14.	c.	Til veðurathugana utan Reykjavíkur	1652,74		
—	d.	Til veðurskeyta o. fl.	300,00		
—	f.	Ferðakostnaður yfirmatsmanna	5028,20		
— 18.		Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra	5504,75		
— 23.		Til markaðsleitar erlendis	2735,00		
				... ...	15696,64

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

Til almennrar styrktarstarfsemi.

Við 3.		Styrkur til sjúkrasamlaga...	2004,45		
— 7.		Til slysatryggingar	3070,24		
— 8.		Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis	682,21		
				... ...	5756,90

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld			143501,46

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 25. gr. er veitt:

Væntanleg fjáraukalög	1800,00		
Þingsályktanir...	31546,10		
		... ...	33346,10
	Samtals ...		1252946,49

Ed. 572. Lög

um samþykkt á landsreikningnum 1928.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
I. Tekjur:		
1. Fasteignaskattur	240000.00	259744.32
2. Tekju- og eignarskattur	950000.00	1107172.44
3. Lestagjöld af skipum	40000.00	44215.70
4. Aukatekjur	350000.00	574230.92
5. Erfðafjárskattur	40000.00	38022.76
6. Vitagjöld	300000.00	449340.18
7. Leyfisbréfagjöld	10000.00	15336.35
8. Stimpilgjöld	300000.00	419454.61
9. Skólagjöld	15000.00	29281.62
10. Bifreiðaskattur	30000.00	58117.09
11. Útflutningsgjöld	850000.00	1338387.68
12. Áfengistollur	650000.00	441312.74
13. Tóbakstollur	800000.00	1083429.24
14. Kaffi- og sykurtollur	1000000.00	1218585.34
15. Annað aðflutningsgjald	150000.00	255373.00
16. Vörutollur	1000000.00	1650769.26
17. Verðtollur	850000.00	1667140.22
18. Gjald af brjóstsykur- og konfektgerð	20000.00	106207.47
19. Pósttekjur	475000.00	561093.16
20. Símatekjur	1500000.00	1656259.21
21. Víneinkasalan	450000.00	529553.11
22. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	34600.00	50662.90
23. Tekjur af bönkum og vaxtatekjur	315000.00	166006.13
24. Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld	82000.00	517763.14
25. Tekjur samkv. sérstökum lögum	»	56211.61
26. Eytt af innstæðu	»	116053.25
Samtals	10451600.00	14409723.45

	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.
II. Gjöld:		
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	1385676.00	1536632.13
2. Borðfé Hans Hátignar konungsins	60000.00	60000.00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	219350.00	226787.57
4. Til ríkisstjórnarinnar:		
A. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.	185760.00	237934.83
B. Hagstofan	47500.00	57106.17
C. Utanríkismál o. fl	80500.00	83460.31
5. A. Dómgæzla og lögreglustjórn	696026.00	825388.95
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	144000.00	221251.17
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	876905.00	960996.65
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	471960.00	477506.88
B. Vegabætur	834450.00	1191133.96
C. Samgöngur á sjó	340000.00	356054.28
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	1350900.00	1489469.67
E. Vitamál	228620.00	246649.39
8. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Andlega stéttin	324181.00	297090.80
B. Kennslumál...	1079895.00	1205505.07
9. Til vísinda, bókmennta og lista	198030.00	204826.88
10. Til verklegra fyrirtækja	965055.00	1036323.74
11. Til almennrar styrktarstarfsemi	665800.00	1086816.92
12. Eftirlaun og styrktarfé	189269.97	181812.55
13. Óviss útgjöld	100000.00	243501.46
14. Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000.00	43533.42
15. Eimskipafélag Íslands o. fl.	»	98500.00
16. Greiðslur samkv. lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum...	»	955827.33
17. Lækkun lausra skulda	»	14831.22
18. Aukinn sjóður	»	1070777.90
19. Sjóðmismunur	»	4.20
Samtals ...	10453877.97	14409723.45

Ed. **573. Fjáraukalög**

fyrir árið 1929.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1929, eru veittar samkv. 2.—9. gr. hér á eftir kr. 606118,28.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:	kr.	kr.
Til undirbúnings ríkisprentsmiðju		3374,34

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Til radio-móttökutækja handa Laugarnesspítala..	1079,00	
2.	Húsaleiga dr. Helga Tómassonar frá september 1928 til maí 1929...	1753,63	
3.	Til viðgerðar á húsinu nr. 12 í Kirkjustræti ...	7000,00	
4.	Kostnaður vegna mænusóttar	3000,00	
			12832,63

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

1.	Til umbóta og breytinga á pósthúsinu á Ísafirði	25592,08	
2.	Til póst- og símahúss í Neskaupstað	17041,20	
3.	Til aðgerðar á akbraut að Kristneshælinu	300,00	
			42933,28

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1.	Til aðgerðar á húsum á Bergþórshvoli...	441,86	
2.	Til aðgerða á prestssetrinu í Vallanesi...	3000,00	
3.	Kostnaður við uppfyllingu á kirkjugarði í Rvík	11801,90	
4.	Álag á Presthólakirkju	1500,00	
5.	Styrkur til húsmæðraskóla í Þingeyjarsýslu ...	7000,00	
6.	Aðgerð og breytingar á Menntaskólanum	26000,00	
7.	Aðgerð skólahússins á Eiðum...	10000,00	
8.	Til bændaskólans á Hvanneyri	2280,43	
9.	Styrkur handa Hallgrími Þorbergssyni, til að rannsaka nokkur skólamál í Noregi og Danmörku	1000,00	
10.	Til aðgerðar á Kennaraskólanum	2000,00	
	Flyt ...	65024,19	59140,25

		kr.	kr.
	Flutt ...	65024,19	59140,25
11.	Styrkur til rekstrar Laugarvatnsskóla	3000,00	
12.	Til Laugaskóla: Byggingarstyrkur	5000,00	
13.	Til sama skóla fyrir gólfdúka...	2722,21	
14.	Til Knattspyrnufélags Reykjavíkur, styrkur til umbóta á nýkeyptu húsi félagsins...	2000,00	
			77746,40

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Styrkur til Guðm. Kambans	2400,00	
2.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar, fyrir girðingarefni ... ... d. kr.	1248,90	
3.	Til eirsteypu af ýmsum myndum í listasafni Einars Jónssonar ... ... d. kr.	2800,00	
4.	Styrkur handa söngkór til Danmerkurferðar ...	7500,00	
5.	Styrkur handa glímumönnum til Þýzkalandsfarar	2000,00	
			15948,90

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Til sjómælinga á Húnaflóa	51537,30	
2.	Til húsaleigu, ljósa og hita í teiknistofu húsameistara ríkisins...	4278,97	
3.	Til Skeiðaáveitunnar	6000,00	
4.	Til flugferða	32000,00	
5.	Til trjáplöntunar við ýmsar opinberar byggingar	1982,31	
			95798,58

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1.	Til frú Dómhildar Jóhannsdóttur, ekkju Magnúsar Kristjánssonar ráðherra	1680,00	
2.	Til frú Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar póstmeistara, frá 1. maí	933,32	
3.	Til frú Sigríðar Blöndal, ekkju Björns Blöndals, fyrrv. héraðsl.	420,00	
4.	Til Jakobs Björnssonar, fyrrv. síldarmatsmanns, frá 1. marz til 31. des.	1866,66	
5.	Til Sigurðar Péturssonar, fyrrv. fangavarðar, frá 1. júlí	700,00	
6.	Til frú Halldóru Þórðardóttur, ekkju Gísla Guðmundssonar gerlafræðings, frá 1/10 1928	1030,00	
7.	Til Sig. H. Kvarans, fyrrv. héraðsl., frá 1. júní...	330,71	
	Flyt	6960,69	248634,13

		kr.	kr.
	Flutt	6960,69	248634,13
8.	Til frú Kristbjargar Marteinsdóttur, ekkju Sigurðar Jónssonar ráðherra, frá 1. júní	490,00	
9.	Til frú Guðríðar Helgadóttur, ekkju síra Jóhs. L. L. Jóhannssonar, frá 1. apríl	453,60	
10.	Til ungfrú Sigríðar Magnúsdóttur, hjúkrunarkonu, frá 1. okt.	175,00	
			8079,29

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1.	Kostnaður við för 5. bekkinga Menntaskólans til Hornafjarðar...	2500,00	
2.	Greiðsla til hátíðarnefndar Alþingis til undirbúnings hátíðarinnar...	128126,00	
3.	Til Magnúsar Torfasonar sýslumanns, til utanfarar...	3000,00	
4.	Greiðsla til húsameistara, vegna alþingishátíðarinnar, til flutnings og byggingar húsa á Þingvöllum o. fl.	65690,24	
5.	Ýmislegur kostnaður á Þingvöllum	23546,00	
6.	Greiðsla til vegamálastjóra, til ýmsra aðgerða á Þingvöllum vegna alþingishátíðarinnar...	39576,47	
7.	Kostnaður við vegagerð á Þingvöllum...	10950,00	
8.	Til undirbúnings lögskipaðrar réttritunar	1000,00	
9.	Til útgáfu ríkisgjaldaskýrslna árin 1925 og 1927	6756,00	
10.	Til kostnaðar við kirkjumálanefnd..	7100,00	
11.	Til greiðslu á tunnutolli 1919...	61160,15	
			349404,86
	Samtals...		606118,28

Ed. **574. Lög**

um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

Á 2. gr. vegalaga, nr. 41 1924, eru gerðar þessar breytingar:

I. Við A.

1. Fyrir »Landeyjar, Eyjafjöll« í tölulið 1 kemur: Hvolhrepp inn Fljótshlíð að Teigi yfir Þverá.

2. Aftan við tölulið 4 koma 2 nýir liðir:
   a. Skeiðabraut, frá vegamótum Suðurlandsvegar, norðan Flatholts upp Skeið og Hrunamannahrepp að Brúarhlöðum.
   b. Landbraut, frá þjóðveginum hjá Meiri-Tungu í Holtum upp Land að Múla.
3. Á eftir tölulið 6 kemur nýr liður:
   Hafnarbraut, frá Höfn í Hornafirði á þjóðveginn.

II. Við B.
1. Við tölul. 1. bætist:
   Frá Hnífsdal að Gemlufalli við Dýrafjörð.
2. Við tölul. 2 bætist:
   og frá vegamótum norðan Gljúfurár að Kláffossbrú.
3. Á eftir tölul. 2 kemur nýr liður:
   Laxárdalsvegur, frá Búðardal um Laxárdal og Laxárdalsheiði að vegamótum þjóðvegar utan Borðeyrar.

III. Við C.
1. Í stað orðanna í tölul. 1 »Um Tunguheiði . . . . að Þórshöfn« kemur: Kringum Tjörnes, um Kelduhverfi, Öxarfjörð, Þistilfjörð að Þórshöfn.
2. Aftan við tölul. 2 koma 2 nýir liðir:
   a. Vesturhópsvegur, frá Múlavegi við Neðra-Vatnshorn að Hvolsbraut við suðurenda Vesturhópsvatns.
   b. Skagastrandarvegur, frá Blöndubrú við Blönduós til Skagastrandar.
3. Aftan við tölul. 3 koma 3 nýir liðir:
   a. Hofsósbraut, frá Hofsósi til Hjaltadalsárbrúar.
   b. Eyjafjarðarbraut, frá Akureyri að Saurbæ.
   c. Kópaskersbraut, frá Kópaskersvogi að vegamótum við Brunnárbrú.

IV. Við D.
Á eftir tölulið 4 kemur nýr liður:
Úthéraðsvegur, frá Eyvindarárbrú um Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá að Óshöfn.

Sþ. 575. Þingsályktun

um endurheimt íslenzkra handrita frá Danmörku.

(Afgreidd frá Sþ. 16. apríl).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar samninga við dönsk stjórnarvöld um heimflutning íslenzkra handrita, fornra og nýrra, frá Danmörku, svo sem safns Árna Magnússonar og þeirra handrita, er konungur hefir fengið héðan fyrr á tímum og geymd eru í dönskum söfnum.

Nd. **576. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1931.

I. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 12. gr. 15. o. Nýr liður:
Til Jóns Magdal, upp í tap, sem hann hefir liðið vegna viðskiptabanns, sem afleiðing sóttvarna, í eitt skipti fyrir öll ... 2000

II. Frá *Einari Jónssyni.*
Við 17. gr. 11. (Stórstúkan).
Fyrir »10000« kemur 8000

Ed. **577. Lög**

um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

1. gr.

Til dýpkunar innsiglingar, fullnaðarviðgerðar hafnargarða og nauðsynlegustu mannvirkja innan hafnar í Vestmannaeyjum veitast úr ríkissjóði allt að 110 þús. krónur, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyjakaupstaðar.

Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sé falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **578. Lög**

um skurðgröfur ríkisins og rekstur þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, að kaupa 1 skurðgröfu á ári fyrst um sinn, af þeirri gerð, er henta þykir hér á landi. Heimild þessi nær einnig til þess að láta gera tilraunir um smíði og notkun á skurðgröfum.

2. gr.

Umsjón og starfræksla skurðgrafna þeirra, er ríkið á nú og keyptar verða, skal falin Búnaðarfélagi Íslands, en það skal hafa í sinni þjónustu mann, er hefir sérþekkingu í þeim efnum.

3. gr.

Búnaðarfélagi Íslands skal falið að láta gera mælingar, uppdrætti og áætlanir á þeim svæðum, þar sem áhugi er fyrir slíkum framkvæmdum og telja verður líklegt, að skurðgröfu verði við komið.

4. gr.

Nú hafa uppdrættir og áætlanir verið gerðar á einhverju svæði, og geta þá bændur þar myndað með sér áveitufélög samkv. 42.—44., 46. og 47. gr. vatnalaganna frá 1923, eða landþurkunarfélög samkv. 82. gr. sömu laga, og skal um stofnun þess félagsskapar og starfrækslu að öllu farið eftir fyrirmælum vatnalaganna.

5. gr.

Nú er landþurkunar- eða áveitufélag myndað samkv. 4. gr. Ber því þá réttur til, svo fljótt sem ástæður leyfa, að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu. Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og sér um viðhald þeirra, en umsjónarmaður skurðgrafnanna ræður verkstjóra til þeirra. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um rekstur skurðgrafnanna.

6. gr.

Af kostnaði þeim, er leiðir af starfrækslu skurðgrafnanna, þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og vátrygging, þar sem þess er þörf, greiðir ríkissjóður 1/3, 1/3 heimilast landþurkunar- eða áveitufélögunum að útvega sér að láni, en 1/3 skulu landeigendur leggja fram sjálfir, um leið og verkið er framkvæmt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 579. Lög

um breyting á áfengislögum, nr. 64, 7. maí 1928.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl).

1. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist:

Heimilt er að ákveða í reglum þessum, að brot gegn þeim varði sektum, frá 100 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir lögum þessum.

2. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:
Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld o. s. frv.

3. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist þriðja málsgr., svo hljóðandi:
Hver, sem aflar sér áfengis undir því yfirskini, að hann þurfi á því að halda í lögleyfðum tilgangi, en notar það til nautnar, skal sæta sektum.

4. gr.

a. Fyrsta málsgr. 21. gr. laganna orðist svo:
Láti læknir af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, hvort heldur er handa mönnum eða dýrum, án þess að hafa gengið úr skugga um það með rannsókn, að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, eða hann misbeitir á annan veg lækningaleyfi sínu, til að útvega mönnum áfengi til neyzlu, eða hann brýtur reglur þær, er settar eru eða settar verða til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til nautnar, heldur aðeins til lækninga, skal hann sæta refsingu samkvæmt 38. gr. þessara laga.
b. Síðasta málsgr. 21. gr. falli burt.

5. gr.

Fyrir orðin í 27. gr. laganna »auk sektar skal greiða 40 krónur á hvern lítra þess áfengis, er innflutt er« komi: Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, er innflutt er.

6. gr.

Fyrir orðin í 30. gr. laganna: »Brot gegn 6. gr. varða sektum samkv. 27. gr. 1, og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi«, komi:
Brot gegn 6. gr. varða sektum, 500—5000 krónum, og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, ef áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun.

7. gr.

Fyrri málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:
Brot gegn fyrri málsgr. 11. gr. eða gegn þeim reglum, er settar eru eða settar verða samkv. annari málsgr. sömu greinar, eða gegn þeim öðrum ákvæðum þessara laga, sem banna að veita, gefa, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna, varða sektum frá 500 til 5000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1000 til 10000 krónum.

8. gr.

Síðasta málsgr. 38. gr. laganna falli burt.

9. gr.

Fjórða málsgr. 45. gr. laganna orðist svo:

Brot á þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um meðferð vínanna, varða sektum samkvæmt þessum lögum, og má í reglunum kveða svo á, að refsa skuli fyrir hlutdeild í brotum á reglugerðarákvæðunum.

10. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra inn í meginmál áfengislaga, nr. 64, 7. maí 1928, og gefa þau út þannig breytt.

Ed. 580. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

c-liður 3. gr. laganna orðist þannig: að hann sendi afrit af skattskrá sinni fyrir síðastl. ár um eignir og skuldir, staðfest af skattanefnd.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lán til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi eða landi, sem að nokkru leyti hefir verið ræktað af lántakanda sjálfum síðustu fimm árin, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sé $3^1/_2$% í 50 ár. Lán þessi skulu standa án afborgunar og vaxta fyrstu fimm árin.

Öll önnur lán úr sjóðnum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

3. gr.

a. Í stað orðanna í 1. málsgr. 9. gr. laganna: »4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs« komi: 5% landverðs að viðbættum 4% húsaverðs.
b. Aftan við sömu grein bætist ný málsgr.:

Ef lán er endurgreitt fyrir umsaminn tíma, er lánþega að jafnaði skylt að endurgreiða til sjóðsins þann vaxtamun, sem verið hefði á láninu, ef það hefði verið tekið í veðdeild bankans.

4. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgjaldskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með stofnun þeirra og hafi sjálf yfirumsjón með rekstri þeirra.

5. gr.

Fyrri málsgr. 18. gr. laganna falli burt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 581. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á l. um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Frá Jóni Jónssyni.

Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

a. Aftan við fyrri málsgr. 4. gr. laganna bætist: Þó skal sjóðsstjórninni heimilt að veita lán til þess að reisa allt að 10 slík nýbýli á ári hverju.
b. Síðari málsl. greinarinnar falli niður.

Sþ. 582. Þingsályktun

um sæsímasambandið við útlönd.

(Afgreidd frá Sþ. 16. apríl).

Alþingi ályktar að heimila atvinnumálaráðherra að útvega konungsúrskurð, er heimili, að leyfi h/f Mikla norræna ritsímafélagsins í Kaupmannahöfn til þess að starfrækja sæsímann milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands verði sagt upp á þessu ári, svo að leyfið falli úr gildi 1. janúar 1932.

Nd. 583. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

c-liður 3. gr. laganna orðist þannig: að hann sendi afrit af skattskrá sinni fyrir síðastl. ár um eignir og skuldir, staðfest af skattanefnd.

2. gr.

a. Aftan við fyrri málsgr. 4. gr. laganna bætist: Þó skal sjóðstjórninni heimilt að veita lán til þess að reisa allt að 10 slík nýbýli á ári hverju.
b. Síðari málsl. greinarinnar falli niður.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lán til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi eða landi, sem að nokkru leyti hefir verið ræktað af lántakanda sjálfum síðustu fimm árin, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sé $3^1/_2$% í 50 ár. Lán þessi skulu standa án afborgunar og vaxta fyrstu fimm árin.

Öll önnur lán úr sjóðnum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

a. Í stað orðanna í 1. málsgr. 9. gr. laganna: »4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs« komi: 5% landverðs að viðbættum 4% húsaverðs.
b. Aftan við sömu grein bætist ný málsgr.:

Ef lán er endurgreitt fyrir umsaminn tíma, er lánþega að jafnaði skylt að endurgreiða til sjóðsins þann vaxtamun, sem verið hefði á láninu, ef það hefði verið tekið í veðdeild bankans.

5. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgjaldskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með stofnun þeirra og hafi sjálf yfirumsjón með rekstri þeirra.

6. gr.

Fyrri málsgr. 18. gr. laganna falli burt.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. 584. Þingsályktun

um greiðslu á enska láninu.

(Afgreidd frá Sþ. 16. apríl).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að hægt sé að greiða að fullu enska lánið frá 1921 undir eins og heimilt er samkvæmt lánssamningnum.

Ed. 585. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Sauðárkróki.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til hafnargerðar á Sauðárkróki veitast úr ríkissjóði $^{3}/_{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — gegn $^{3}/_{5}$ hlutum frá hafnarsjóði Sauðárkróks.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að $^{3}/_{5}$ hluta kostnaðar við hafnargerðina, að frádregnum styrk ríkissjóðs, þó ekki yfir 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Sauðárkróks kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Sauðárkróks. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Sauðárkróks.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnar-

nefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps, en 1 af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Sauðárkrókskauptúni eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig í Sauðárkrókshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að 1/2 hlut af hverjum vélbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að 1/4 hlutar af smærri vélbátum en 8 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2 a, b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimiladir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að vikja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. 586. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Dalvík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til hafnargerðar á Dalvík veitast úr ríkissjóði, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin samþykkir, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, $^3/_5$ kostnaðar, allt að kr. 150000, gegn því að frá hafnarsjóði Dalvíkur komi $^2/_5$ kostnaðarins, kr. 150000, og Svarfaðardalshreppi $^1/_5$ kostnaðar, kr. 75000.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast, fyrir hönd ríkissjóðs, allt að $^3/_5$ hluta kostnaðar við hafnargerðina, að frádregnum styrk ríkissjóðs, þó ekki yfir 150000 — hundrað og fimmtíu þúsund — króna lán, er hafnarsjóður Dalvíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa,

að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati þriggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Dalvíkur.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá upptökum hafnargarðsins í fjörunni, innan við Brimnestöng, eftir legu garðsins í austur, og úr enda hans bein lína til lands, í takmarkalínu verzlunarlóðarinnar á Böggvisstaðasandi.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því og uppdráttur, ef með þykir þurfa. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 50—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna, undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir, sem liggja að höfninni og nauðsynleg kynnu að vera til hagnýtingar hennar og fyrir kauptúnið.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, en 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefnd hefir ábyrgð á eigum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki, án leyfis ráðuneytisins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau

mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnarinnar, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í landi þeirra jarða, er að höfninni liggja, og allt að 1/2 hluta lóðargjalda nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðarnotendur þá greiða í hafnarsjóð allt að 1/2 af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig á Dalvíkurhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna, ef þær eru ekki settar í land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 1/2 hlut af hverjum vélbáti, 6 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að 1/4 hlutar af smærri vélbátum en 6 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Heimilt er að innheimta hafnargjöld jafnskjótt og byrjað er á hafnarmannvirkjunum.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarsjóðs samkvæmt tölulið 3, a., b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Það, sem þá kann að vanta, greiðist úr sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps. Öll gjöld til hafnarsjóðs má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhalla.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir þurfa. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. 587. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Akranesi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til hafnargerðar á Akranesi veitast úr ríkissjóði $^{2}/_{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur — gegn $^{3}/_{5}$ frá hafnarsjóði Akraness.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að $^{3}/_{5}$ hluta kostnaðar við hafnargerðina, að frádregnum styrk ríkissjóðs, þó ekki yfir 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund — króna lán, er hafnarsjóður Akraness kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð Borgarfjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Akraness. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Akraness.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Vestriflasartá um Syðriflasarenda í Þjótarsker og þaðan sjónhending á vestanverðan Sólmundarhöfða.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og upp-

dráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, en 2 af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 4 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 3 nefndarmenn skulu eiga heima í Akraneskauptúni eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Akraneshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.

e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að 1 % af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kauptúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölul. 2 a, b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári,

og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. 588. Fjárlög

fyrir árið 1931.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl).

Samhljóða þskj 518.

Sþ. 589. Tillaga

til þingsályktunar um millirikjasamninga.

(Lögð fyrir Alþingi 1930).

Alþingi ályktar að samþykkja gerðardómssamninga þá, er undirritaðir voru á Þingvöllum í dag, milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, hvers um sig, annarsvegar og Íslands hinsvegar.

Greinargerð.

Með ályktun Alþingis 14. maí 1927 var skorað á ríkisstjórnina að taka upp samninga við stjórnir hinna Norðurlandaríkjanna fjögurra um úrslit deilumála, er upp kynnu að koma milli Íslands og einhvers þeirra. Í sömu þingsályktun er lagt svo fyrir, að samningarnir verði gerðir á þeim grundvelli, að hinn fasti dómstóll í Haag dæmi undantekningarlaust um ágreiningsmál, er ríkisstjórnirnar fá eigi jafnað með sér, og að uppsagnarákvæðin verði samskonar sem í tilsvarandi samningum, er hin ríkin fjögur hafa þegar gert með

sér. Ennfremur er það ákvæði í þingsályktuninni, að samningarnir verði gerðir að áskilinni fullgildingu og lagðir fyrir Alþingi áður en fullgilding fari fram. Samkvæmt áskorun þessari hóf ríkisstjórnin undirbúning slíkra samningagerða með hliðsjón af gerðardómssamningum þeim, er hinar Norðurlandaþjóðirnar fjórar höfðu þegar gert með sér. Málaleitan þessari var mjög greiðlega tekið, svo að samningar eru, svo sem kunnugt er, þegar undirritaðir: af Danmerkur hálfu af Th. Stauning forsætisráðherra, af Finnlands hálfu af varaforseta Vaino Pietari Hakkila, af Noregs hálfu af ríkisráði Torgeir Anderssen-Rysst, og af Svíþjóðar hálfu af sænska sendiherranum í Kaupmannahöfn, Ewerlöf, en af Íslands hálfu af forsætisráðherra Íslands.

Samningarnir eru að öllu verulegu samhljóða, svo sem sést af samningseintökum þeim, er fyrir liggja. Formsafbrigðin í íslenzk-danska samningnum eru beinar afleiðingar þess, að samur er þjóðhöfðingi ríkjanna, og skírskotun til íslenzk-dönsku sambandslaganna leiðir einnig af ákvæðum þeirra um ágreining á skilningi þeirra laga. Að öðru leyti eru allir samningarnir hliðstæðir hinum norrænu gerðardómssamningunum, að undanteknum vissum breytingum ákvæðanna um sáttameðferð, til þess að hún megi verða með einfaldara hætti en þeim, er gildir með Norðurlandaþjóðunum samkvæmt sérstökum samningum þeirra utan þátttöku Íslands.

Með samningum þessum er það ákveðið, að skorið skuli úr öllum deilum, réttardeilum sem öðrum, er rísa kynnu milli Íslands og einhvers þessara landa, af gerðardómi, svo fremi, að stjórnirnar hafi eigi fengið þær jafnaðar með sér: Réttardeilur af fasta alþjóðagerðardómnum í Haag, sbr. 1. gr., en aðrar deilur af gerðardómi þar, skipuðum í hvert skipti þá er aðiljar hafa reynt að útkljá deiluna með sáttasemjara eða sérstakri sáttanefnd, er til þess hefir sett verið. Ef til gerðardóms kemur, verða dómendur nefndir samkvæmt ákvæðum Haagsamþykktarinnar 18. okt. 1907, nema annan veg sé um samið, með þeim hætti, að dómendur yrðu valdir úr flokki dómenda fasta alþjóðadómsins, tveir af aðilja hvorum, og dómforseti nefndur af hinum völdu dómendum í sameiningu (sbr. 2.—4. grein).

Uppsagnarákvæði samninganna eru samhljóða ákvæðum hinna norrænu gerðardómssamninganna, þannig að samningarnir gilda um 20 ár frá fullgildingardegi og mega verða framlengdir með þögninni um önnur 20 ára tímabil.

Að öðru leyti er vísað til ákvæða samninganna um efni þeirra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra Íslands hefir konungur veitt samþykki sitt til þess, að samningar þessir verði gerðir og undirritaðir af Íslands hálfu af forsætisráðherra Íslands, að áskilinni fullgildingu, svo sem mælt er fyrir í sjálfum samningunum. Ennfremur hafa sérstakir fulltrúar allra hinna Norðurlandaþjóðanna veitt oss þá sæmd að sækja hingað til þess að undirrita samninga þessa á hinum fornhelga þingstað vorum að Lögbergi við Öxará.

Þar sem samningarnir hafa nú verið undirritaðir, eru þeir lagðir fyrir Alþingi til samþykktar, samkvæmt fyrrnefndri ályktun Alþingis 14. maí 1927.

Sþ.

590. Tillaga

til þingsályktunar um yfirlæknisstöðuna við geðveikrahælið á Kleppi.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

Að gera tafarlaust ráðstafanir til þess, að dr. med. Helgi Tómasson verði aftur settur inn í yfirlæknisstöðuna við geðveikrahælið á Kleppi og að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, er tryggi honum þessa stöðu á sama hátt og embætti, sem konungur veitir.

Greinargerð.

Hinn 30. apríl þ. á. var dr. med. Helga Tómassyni fyrirvaralaust vísað úr yfirlæknisstöðunni við geðveikrahælið nýja á Kleppi með bréflegri skipun frá dómsmálaráðuneytinu. Engar sakir voru tilgreindar, og við afhendingu sjúkrahússins daginn eftir vottaðist það, að yfirlæknirinn hafði staðið prýðilega í stöðu sinni.

Dr. med. Helgi Tómasson lauk prófi í læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn árið 1922. Síðan vann hann samtals rúm 5 ár á ýmsum sjúkrahúsum fyrir geðbilað og taugaveiklað fólk, aðallega í Danmörku. Auk þess vann hann rúmt ár á stóru sjúkrahúsi í Kaupmannahöfn (Bispebjærg Hospital) við almennar lyfjalækningar og handlækningar. Frá þessu tímabili liggja eftir hann ýmsar vísindalegar ritgerðir um efni úr sérfræðigreinum hans (geðsjúkdómum og taugasjúkdómum), og árið 1927 var hann sæmdur doktorsnafnbót við Kaupmannahafnarháskóla fyrir ritgerð um „Blodets Elektrolyter og det vegetative Nervesystem“ og hlaut óvenjulega lofleg ummæli við það tækifæri.

Haustið 1925 samdist svo um milli Helga Tómassonar og þáverandi forsætisráðherra, Jóns heitins Magnússonar, eftir tillögum landlæknis, að Helgi yrði læknir við nýja spítalann á Kleppi, þegar hann væri fullgerður, gegn sömu launakjörum og læknarnir við gamla sjúkrahúsið á Kleppi og heilsuhælið á Vífilsstöðum. Hingað til lands kom dr. Helgi í marz 1928, og tók þá við umsjón með útbúnaði sjúkrahússins, en áður hafði hann aðstoðað landsstjórnina með leiðbeiningum um herbergjaskipun og tilhögun hússins. Sjúkrahúsið tók svo til starfa undir stjórn hans um mánaðamótin marz—apríl 1929.

Dr. Helgi Tómasson hefir þannig menntun í sérfræðigreinum sínum, geð- og taugasjúkdómum, langt umfram alla aðra íslenzka lækna. En einnig á öðrum sviðum læknisfræðinnar skarar hann fram úr, og mun það nokkuð almenn skoðun meðal lækna í Reykjavík, að hann sé sem stendur einn hinna lærðustu lækna vor á meðal, og auk þess gæddur óvenjulega skarpri athugunargáfu og dómgreind.

Nú liggur við borð, að dr. Helgi flytjist alfarinn af landi burt vegna áður-

nefndra aðgerða dómsmálaráðuneytisins. Það er auðvitað eitt af ætlunarverkum hverrar ríkisstjórnar, að beitast fyrir því, að íslenzkir úrvalsmenn gangi fyrir öllum öðrum til starfa í þágu alþjóðar hér á landi. Bæði fyrrverandi og núverandi stjórn hafa viðurkennt þetta í verkinu, m. a. með þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru fyrirfram til þess að tryggja landinu starfskrafta dr. Helga við hið nýja geðveikrahæli. En þá er alveg öfugt að farið, ef eitthvert ráðuneytið gerist til þess að hrekja úrvalsmenn þjóðarinnar úr landi, og verður að krefjast þess af ríkisstjórninni í heild, og þá sérstaklega forsætisráðherranum, að komið sé í veg fyrir þetta.

Málefni þetta þolir ekki bið til næsta reglulegs Alþingis, því að þá mun dr. Helgi verða farinn til útlanda, ef ekkert verður að gert. Verður þetta mál því að fá afgreiðslu nú á þessu þingi, þótt komið sé nálægt þingslitum og hátíðahöld standi yfir, enda mun væntanlega enginn óska eftir því, að Alþingi minnist þessa afmælis síns með því að víkjast undan afgreiðslu aðkallandi nauðsynjamála.

Sþ. 591. Þingsályktun

um milliríkjasamninga.

(Afgreidd frá Sþ. á Þingvöllum 27. júní).

Alþingi ályktar að samþykkja gerðardómssamninga þá, er undirritaðir voru á Þingvöllum í dag, milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, hvers um sig, annarsvegar og Íslands hinsvegar.

Sþ. 592. Nefndaskipun 1930.

1.

Fastanefndir í deildum.

A.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:
Ingvar Pálmason, formaður,
Björn Kristjánsson,
Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

15. febrúar var bætt við í nefndina tveim mönnum, þeim
Jóni Jónssyni og
Jóni Þorlákssyni,
til þess að eiga hlut í meðferð frv. til l. um Íslandsbanka. Sömu menn tóku síðar (11. apríl) að fullu sæti í nefndinni.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912 (11, n. 88.[1])
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
2. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 16, 7. maí 1928 [Laun embættismanna] (63, n. 135).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
3. Frv. til laga um útflutningsgjald af síld (92, n. 254 (minni hl.) og 266 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Jón Baldvinsson.
4. Frv. til laga um Íslandsbanka (94, n. 126 (meiri hl.) og 128 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
5. Frv. til laga um lántöku fyrir ríkissjóð (12, n. 143).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (155, n. 201).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.

---

1) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er um þau mál, er nefndirnar flytja.

7. Frv. til laga um háskólakennara (45, n. 253).
Frsm.: Jón Baldvinsson.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk (205, n. 382 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
9. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 7. maí 1928 [Gengisviðauki] (223, n. 306 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
10. Frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (398).
Nefndarálit kom ekki.
11. Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa og semja frv. til laga um alþýðutryggingar (433, n. 517 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
12. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi (448, n. 504 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
13. Frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki (172, n. 516 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
14. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1928 (465, n. 542).
Frsm.: Jón Baldvinsson.
15. Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1928 (3, n. 543).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

2, Fjárveitinganefnd:

Jón Jónsson, formaður,
Jóhannes Jóhannesson,
Páll Hermannsson, fundaskrifari,
Ingibjörg H. Bjarnason,
Erlingur Friðjónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl. (13, n. 482).
Frsm.: Jón Jónsson.
2. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1931 (350, n. 445).
Frsm.: Páll Hermannsson.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929 (493, n. 548).
Frsm.: Jón Jónsson.

3. Samgöngumálanefnd:

Páll Hermannsson, formaður,
Halldór Steinsson, fundaskrifari,
Jón Jónsson.

Til hennar vísað:

Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 (417, n. 521).
Frsm.: Páll Hermannsson.

4. Landbúnaðarnefnd:

Jón Jónsson, formaður,
Jónas Kristjánsson, fundaskrifari,
Jón Baldvinsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um sveitabanka (5, n. 113).
Frsm.: Jón Jónsson.
2. Frv. til laga um bændaskóla (8, n. 310).
Frsm.: Jón Jónsson.
3. Frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923 [Þurrheyshlöður] (117, n. 255).
Frsm.: Jónas Kristjánsson.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 73, 22. nóv. 1907, um útflutning hrossa (106, n. 401).
Frsm.: Jón Baldvinsson.
5. Frv. til laga um refaveiðar og refarækt (313, n. 400).
Frsm.: Jón Jónsson.
6. Frv. til laga um mat á kjöti til útflutnings (411, n. 481).
Frsm.: Jónas Kristjánsson.
7. Frv. til laga um skurðgröfur ríkisins og rekstur þeirra (442, n. 522 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jónas Kristjánsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
8. Till. til þál. um kaup á sauðnautum (519).
Nefndarálit kom ekki.

5. Sjávarútvegsnefnd:

Ingvar Pálmason, fundaskrifari,
Halldór Steinsson,
Erlingur Friðjónsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um stofnun flugmálasjóðs Íslands (9, n. 76).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
2. Frv. til laga um aukna landhelgisgæzlu (34, n. 246 (meiri hl.) og 281 (minni hl.)).

Frsm. meiri hl.: Halldór Steinsson.
Frsm. minni hl.: Ingvar Pálmason.

3. Frv. til laga um vigt á síld (64, n. 73).
Frsm.: Erlingur Friðjónsson.

4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum (194, n. 222).
Frsm.: Erlingur Friðjónsson.

5. Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði (195, n. 331).
Frsm.: Halldór Steinsson.

6. Frv. til laga um breyting á siglingalögum, nr. 56, 30. nóv. 1914 (4, n. 473).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

7. Frv. til sjómannalaga (377, n. 472).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

8. Frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands (410, n. 486).
Frsm.: Erlingur Friðjónsson.

9. Frv. til laga um fiskveiðasjóðsgjald (393, n. 487).
Frsm.: Erlingur Friðjónsson.

10. Frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki (26, n. 539 (1. minni hl.) og 564 (2. minni hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Halldór Steinsson.
Frsm. 2. minni hl.: Erlingur Friðjónsson.
Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.

11. Frv. til laga um hafnargerð í Dalvík (286, n. 540 (1. minni hl.) og 565 (2. minni hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Halldór Steinsson.
Frsm. 2. minni hl.: Erlingur Friðjónsson.
Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.

12. Frv. til laga um hafnargerð á Akranesi (293, n. 541 (1. minni hl.) og 566 (2. minni hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Halldór Steinsson.
Frsm. 2. minni hl.: Erlingur Friðjónsson.
Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.

13. Frv. til laga um lögskráning sjómanna (426, n. 520).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

14. Frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913 (202, n. 523).
Frsm.: Halldór Steinsson.

6. Menntamálanefnd:

Páll Hermannsson, formaður,
Jón Þorláksson,
Erlingur Friðjónsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um Menntaskóla á Akureyri (14. n. 130).
   Frsm.: Erlingur Friðjónsson.
2. Frv. til laga um Menntaskólann í Reykjavík (15, n. 74).
   Frsm.: Jón Þorláksson.
3. Frv. til laga um gagnfræðaskóla (91, n. 294 (meiri hl.) og 335 (minni hl.))
   Frsm. meiri hl.: Erlingur Friðjónsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Þorláksson.
4. Frv. til laga um rafmagnsdeild við vélstjóraskólann í Reykjavík (42, n. 252).
   Frsm.: Jón Þorláksson.
5. Frv. til laga um fræðslumálastjórn (209, n. 339).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
6. Frv. til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands (276. n. 498).
   Frsm.: Jón Þorláksson.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 14. júní 1929, um héraðsskóla (369, n. 488).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
8. Frv. til laga um bókasöfn prestakalla (460).
   Nefndarálit kom ekki.

7. *Allsherjarnefnd:*
   Ingvar Pálmason, fundaskrifari,
   Jóhannes Jóhannesson,
   Jón Baldvinsson, formaður.

1. Frv. til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús (20).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis [Kjördagar] (17, n. 127 (meiri hl.) og 160 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Jón Baldvinsson.
3. Frv. til laga um fimmtardóm (22, n. 374 (meiri hl.), 381 (minni hl.) og 467 (frh.nál. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Jóhannes Jóhannesson.
4. Frv. til laga um sölu jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs úr jörðinni Nesi í Norðfirði (41, n. 77).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
5. Frv. til laga um ríkisborgararétt (50, n. 96).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
6. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaða (60, n. 95).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
7. Frv. til laga um breyting á áfengislögum, nr. 64, 7. maí 1928 (78, n. 215).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.

8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis [Landskjör 1930] (86, n. 119).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
9. Frv. til laga um sölu lands undan prestssetrinu Borg á Mýrum (75, n. 161).
   Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.
10. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög (115, n. 164).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
11. Frv. til laga um bæjarstjóra á Siglufirði (131, n. 351 (minni hl.) og 373 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Jón Baldvinsson.
12. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 31. maí 1927, um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups (159, n. 211).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
13. Frv. til laga um skráning skipa (158, n. 251).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
14. Frv. til laga um bókhald (185, n. 344).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
15. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi (204, n. 444 (meiri hl.) og 471 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Jóhannes Jóhannesson.
16. Frv. til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Hólma í Reyðarfirði (31, n. 283).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
17. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 73, frá 7. maí 1928, um slysatryggingar (296, n. 345).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
18. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi (300, n. 389).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
19. Frv. til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927 (395).
   Nefndarálit kom ekki.
20. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (396).
   Nefndarálit kom ekki.
21. Frv. til laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra (459).
   Nefndarálit kom ekki.
22. Frv. til laga um kirkjugarða (461).
   Nefndarálit kom ekki.
23. Frv. til laga um kirkjur (462).
   Nefndarálit kom ekki.

24. Frv. til laga um veiting prestakalla (463).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930 (57).
Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.
2. Frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að veita lögfræðikandídat Jóni Emil Ólafssyni embætti á Íslandi (248).
Frsm.: Jón Baldvinsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis [Landskjör 1930] (86).
Frsm.: Ingvar Pálmason.

B.

Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:
Halldór Stefánsson, formaður,
Ólafur Thors,
Sigurður Eggerz,
Hannes Jónsson, fundaskrifarí,
Héðinn Valdimarsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1928 (2, n. 434 (meiri hl.) og 449 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Hannes Jónsson.
Frsm. minni hl.: Sigurður Eggerz.
2. Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1928 (3, n. 435).
Frsm.: Sigurður Eggerz.
3. Frv. til laga um lántöku fyrir ríkissjóð (12, n. 55).
Frsm.: Halldór Stefánsson.
4. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 16, 7. maí 1928 [Laun embættismanna] (10, n. 52).
Frsm.: Hannes Jónsson.
5. Frv. til laga um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða (28, n. 558 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Hannes Jónsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
6. Frv. til laga um verðfesting pappírsgjaldeyris (33, n. 492 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.
Önnur nefndarálit komu ekki í málinu.

7. Frv. til laga um háskólakennara (45, n. 150 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Héðinn Valdimarsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (46, n. 101 (meiri hl.), 123 (minni hl) og 146 (frh.nál. *minni hl.*)).
   Frsm. meiri hl.: Halldór Stefánsson.
   Frsm. minni hl.: Hannes Jónsson.
9. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930 (71, n. 108).
   Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
10. Frv. til laga um Brunabótafélag Íslands (114, n. 210 (minni hl.) og 233 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Eggerz.
   Frsm. minni hl.: Halldór Stefánsson.
11. Frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (65, n. 263 (meiri hl.) og 305 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Halldór Stefánsson.
   Frsm. minni hl.: Héðinn Valdimarsson.
12. Frv. til laga um verðtoll (66, n. 277 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Halldór Stefánsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
13. Frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt (137).
   Nefndarálit kom ekki.
14. Frv. til laga um fasteignaskatt (138).
   Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911 (140).
   Nefndarálit kom ekki.
16. Till. til þál. um fullnaðarskil ríkisstjórnarinnar við Pál J. Torfason fyrir milligöngu hans við enska lánið, er ríkissjóður tók árið 1921 (156).
   Nefndarálit kom ekki.
17. Frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki (172, n. 297 (meiri hl.) og 407 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Halldór Stefánsson.
   Frsm. minni hl.: Sigurður Eggerz.
18. Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa og semja frv. til laga um alþýðutryggingar (154, n. 326 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Héðinn Valdimarsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
19. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum nr. 14, 22. okt. 1912 (11, n. 287 (1. minni hl.) og 321 (2. minni hl.)).

Frsm. 1. minni hl.: Sigurður Eggerz.
Frsm. 2. minni hl.: Hannes Jónsson.
Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.

20. Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi (238, n. 415 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Hannes Jónsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

21. Frv. til myntlaga (47, n. 506 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Halldór Stefánsson.
Önnur nefndarálit komu ekki í málinu.

22. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 19. júlí 1909, um almennan ellistyrk (451).
Nefndarálit kom ekki.

23. Frv. til laga um jöfnunarsjóð ríkisins (390).
Nefndarálit kom ekki.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 7. maí 1928 [Gengisviðauki] (223).
Frsm.: Hannes Jónsson.

2. Frv. til laga um framlenging á gildi laga um verðtoll (420).
Frsm.: Hannes Jónsson.

3. Frv. til laga um innflutningsgjald af benzíni til viðhalds vegum (489).
Frsm.: Ólafur Thors.

2. *Fjárveitinganefnd:*
Ingólfur Bjarnarson, formaður,
Pétur Ottesen,
Jörundur Brynjólfsson,
Jón Sigurðsson,
Bjarni Ásgeirsson, fundaskrifari,
Jón Ólafsson,
Haraldur Guðmundsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1931 (1, n. 245).
Frsm. fyrri hl. (1.—13. gr.): Jörundur Brynjólfsson.
Frsm. síðari hl. (14.—24.): Bjarni Ásgeirsson.

2. Frv. til laga um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl. (13, n. 267 (meiri hl.) og 289 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Ólafsson.
Frsm. minni hl.: Pétur Ottesen.

3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík (212, n. 547 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Haraldur Guðmundsson.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.

4. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929 (361, n. 446).
Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.

3. Samgöngumálanefnd:
Hannes Jónsson, fundaskrifari,
Hákon Kristófersson,
Gunnar Sigurðsson, formaður,
Jón Auðunn Jónsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 (32, n. 346 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Auðunn Jónsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
2. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta leggja járnbraut frá Reykjavík til Ölfusár (36).
Nefndarálit kom ekki.

Frá nefndinni kom:

Nefndarálit um flóabátaferðir (261), og var það tekið til meðferðar við 2. umr. fjárlagafrv.
Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.

4. Landbúnaðarnefnd:
Bernharð Stefánsson,
Jón Sigurðsson, fundaskrifari,
Lárus Helgason, formaður,
Einar Jónsson,
Þorleifur Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um eyðing refa og refarækt (7, n. 147).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 73, 22. nóv. 1907, um útflutning hrossa (25, n. 90).
Frsm.: Jón Sigurðsson.
3. Frv. til ábúðarlaga (110).
Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til laga um ágang búfjár (109).
Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til laga um sveitabanka (134, n. 226).
Frsm.: Þorleifur Jónsson.
6. Frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923 [Stj. Búnaðarfélags Íslands] (136, n. 257).
Frsm.: Lárus Helgason.

7. Frv. til laga um stuðning ríkisins til aðalframræsluskurða (213, n. 372).
Frsm.: Jón Sigurðsson.
8. Frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923 [Þurrheyshlöður] (275, n. 478).
Frsm.: Lárus Helgason.
9. Frv. til laga um lax- og silungsveiði (343).
Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928 (384, n. 479).
Frsm.: Þorleifur Jónsson.
11. Frv. til laga um bændaskóla (431, n. 477).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
12. Frv. til laga um túnyrkju í Nesjum í Hornafirði (355).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um gelding húsdýra (338).
Frsm.: Lárus Helgason.
2. Frv. til laga um mat á kjöti til útflutnings (342).
Frsm.: Lárus Helgason.
3. Till. til þál. um kaup á sauðnautum (519).
Frsm.: Einar Jónsson.

5. *Sjávarútvegsnefnd:*

Sveinn Ólafsson, formaður,
Jóhann Jósefsson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Ólafur Thors,
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á siglingalögum, nr. 56, 30. nóv. 1914 (4, n. 239).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
2. Frv. til sjómannalaga (6, n. 298).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
3. Frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa (16, n. 171 (meiri hl.) og 180 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
Frsm. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
4. Frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki (26, n. 219 (minni hl.) og 236 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.
5. Frv. til laga um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju (29).
Nefndarálit kom ekki.

6. Frv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands (30).
Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til laga um lögskráning sjómanna (54, n. 282).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
8. Till. til þál. um björgunar- og eftirlitsskip við Vestmannaeyjar (37, n. 157 (minni hl.) og 162 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
Frsm. minni hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
9. Frv. til laga um vigt á síld (64, n. 352 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
10. Frv. til laga um hafnargerð í Dalvík (102, n. 217 (minni hl.) og 237 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
Frsm. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
11. Frv. til laga um stofnun flugmálasjóðs Íslands (121, n. 144).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
12. Frv. til laga um hafnargerð á Akranesi (104, n. 218 (minni hl.) og 241 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.
13. Frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands (132, n. 370).
Frsm.: Sveinn Ólafsson.
14. Frv. til laga um fiskveiðasjóðsgjald (133, n. 353).
Frsm.: Sveinn Ólafsson.
15. Frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913 (202, n. 378).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
16. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum (194).
Nefndarálit kom ekki.
17. Frv. til laga um skráning skipa (273, n. 430).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
18. Frv. til laga um aukna landhelgisgæzlu (34, n. 456 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sveinn Ólafsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

Nefndin flutti:

Till. til þál. um miðunaryita (455).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán til útgerðar (116).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

6. Menntamálanefnd:

Ásgeir Ásgeirsson, formaður,
Magnús Jónsson,
Bernharð Stefánsson, fundaskrifari,
Jón Ólafsson,
Sveinn Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um fræðslumálastjórn (19, n. 188).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
2. Frv. til laga um samskóla Reykjavíkur (24).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til laga um rafmagnsdeild við vélstjóraskólann í Reykjavík (42, n. 169).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
4. Frv. til laga um Menntaskólann í Reykjavík (122, n. 515 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Sveinn Ólafsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
5. Frv. til laga um Menntaskóla á Akureyri (178, n. 308 (meiri hl.) og 314 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
   Frsm. minni hl.: Magnús Jónsson.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 14. júní 1929, um héraðsskóla (369, n. 406).
   Frsm.: Sveinn Ólafsson.
7. Frv. til laga um gagnfræðaskóla (356, n. 453).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
8. Frv. til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum (418, n. 501 (minni hl.) og 505 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Ólafsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um kirkjuráð (279).
2. Frv. til laga um utanfararstyrk presta (280).
   Frsm.: Magnús Jónsson.

7. Allsherjarnefnd:

Magnús Torfason,
Magnús Guðmundsson,
Gunnar Sigurðsson, formaður,
Hákon Kristófersson,
Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um sölu lands undan prestssetrinu Borg á Mýrum (18, n. 62).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.
2. Frv. til laga um byggingar á prestssetrum landsins (21).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Hólma í Reyðarfirði (31, n, 177 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gunnar Sigurðsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
4. Frv. til laga um breyting á póstlögum, nr. 5, 7. maí 1921 (48).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til laga um kosning þingmanns fyrir Siglufjarðarkaupstað (51).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur (58, n. 304 (meiri hl.) og 328 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Magnús Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Héðinn Valdimarsson.
7. Frv. til laga um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (80, n. 151 (meiri hl.) og 167 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Héðinn Valdimarsson.
   Frsm. minni hl.: Magnús Guðmundsson.
8. Frv. til laga um sölu jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs úr jörðinni Nesi í Norðfirði (41, n. 166).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.
9. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaða (60, n. 165).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.
10. Frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar (125, n. 170).
    Frsm.: Magnús Torfason.
11. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis [Landskjör 1930] (129, n. 174).
    Frsm.: Magnús Torfason.
12. Till. til þál. um samkomustað Alþingis (145).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 73, frá 7. maí 1928, um slysatryggingar (142, n. 250).
    Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
14. Frv. til laga um átta stunda vinnudag í verksmiðjum (190 n. 348 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Magnús Guðmundsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
15. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa (191).
    Nefndarálit kom ekki.

16. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld (197, n. 258 (meiri hl.) og 265 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Héðinn Valdimarsson.
Frsm. minni hl.: Magnús Guðmundsson.
17. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki (198).
Nefndarálit kom ekki.
18. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28 frá 1915, um kosningar til Alþingis [Kjördagur] (179).
Nefndarálit kom ekki.
19. Frv. til laga um greiðslu verkkaups (224, n. 320).
Frsm.: Magnús Torfason.
20. Frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að veita lögfræðikandidat Jóni Emil Ólafssyni embætti á Íslandi (248, n. 332).
Frsm.: Gunnar Sigurðsson.
21. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi (300, n. 334).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.
22. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað (309).
Nefndarálit kom ekki.
23. Frv. til laga um bókhald (362).
Nefndarálit kom ekki.
24. Frv. til laga um breyting á áfengislögum, nr. 64, 7. maí 1928 (262, n. 443 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Magnús Torfason.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
25. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 24, 15. júní 1926, um bryggjugerð í Borgarnesi (359, n. 507 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Héðinn Valdimarsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

C.
Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.*

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er fjölrituð var og útbýtt meðal þingmanna.

2.

Lausanefnd í neðri deild:

Bankamálanefnd:
Hannes Jónsson,
Magnús Guðmundsson,
Sveinn Ólafsson, formaður,
Ólafur Thors,
Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari.

Nefndin kosin til að íhuga:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl. (57, n. 84 (meiri hl.) og 82 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Héðinn Valdimarsson.
Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.

Til hennar vísað:

Frv. til laga um skiptameðferð á búi Íslandsbanka (68, n. 81 (minni hl.) og 83 (meiri hl.).
Frsm. meiri hl.: Héðinn Valdimarsson.
Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.

Þegar málið kom aftur frá Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka, komu fram frhnál. á þskj. 234 (meiri hl.) og 235 (minni hl.).
Frsm. meiri hl.: Magnús Guðmundsson.
Frsm. minni hl.: Héðinn Valdimarsson.

3.

Nefndir kosnar af sameinuðu þingi.

1. Kjörbréfanefnd:
Sveinn Ólafsson, formaður,
Magnús Guðmundsson,
Gunnar Sigurðsson, fundaskrifari,
Sigurður Eggerz,
Héðinn Valdimarsson.

2. Þingfararkaupsnefnd:
Þorleifur Jónsson,
Halldór Steinsson,
Guðmundur Ólafsson, formaður,
Pétur Ottesen, fundaskrifari,
Bernharð Stefánsson.

3. Utanríkismálanefnd:

Benedikt Sveinsson, formaður,
Sigurður Eggerz,
Ásgeir Ásgeirsson, fundaskrifari,
Jón Þorláksson,
Bjarni Ásgeirsson,
Ólafur Thors,
Héðinn Valdimarsson.

Sþ. **593. Skrá**

um erindi þau, er bárust Alþingi 1930.

— Raðað eftir stafrófsröð. —

Aðalsteinn Sigmundsson, sjá Ríkarður Jónsson.
Akranes, sjá Hafnir 11.
Alexander Jóhannesson, sjá Flugferðir.
Alþingishátíð, undirbúningsnefnd, sjá Listsýning.
Alþýðufræðsla, sjá Stúdentar 2.
Alþýðuskólar. Skólaráð alþýðuskóla Þingeyinga á Laugum sækir um 1200 kr. styrk til byggingar leikfimishúss við skólann. Bréf 3. apríl. (Nd. 247).
Arndís Björnsdóttir, sjá Námsstyrkur 2.
Atvinna við siglingar, sjá Fiskifélag Íslands 2.
Ábyrgðir.

1. Almennur hreppsfundur á Eskifirði skorar á Alþingi að veita ríkisstjórninni ábyrgðarheimild fyrir allt að 100 þús. kr. láni til Samvinnufélags Eskfirðinga til bátakaupa. (Nd. 22).
2. Samvinnufélag Eskfirðinga sækir um ábyrgð fyrir 100 þús. kr. láni til vélbátakaupa. Bréf 17. febr. 4 fskj. (Nd. 135).
3. Samvinnufélag sjómanna á Akureyri sækir um ríkisábyrgð fyrir allt að 150 þús. kr. láni til skipakaupa. Bréf 27. febr. 1 fskj. (Ed. 20).

Sjá ennfr. Hafnir 8 og 15, Raforkustöðvar 3.
Ágúst Sveinsson, sjá Dýralækningar 1.
Árneshreppur, sjá Eftirgjöf 2.
Árni Árnason læknir, sjá Berklavarnir.
Árni Kristjánsson, sjá Námsstyrkur 4 og 8.
Árni Þórarinsson, sjá Eftirlaun 1.
Ásta Magnúsdóttir, sjá Eftirlaun 21.
Átta stunda vinnudagur. Forstjóri síldarverksmiðju ríkisins sendir allshn. Nd. mótmæli gegn frv. til laga um átta stunda vinnudag í verksmiðjum. Símsk. 17. marz. (Nd. 219).

Baldurshagi, sjá Gistihús 2.
Bandalag íslenzkra listamanna sækir um styrk úr ríkissjóði. Bréf í febr. (Nd. 115).
Bankamál.

1. Áskoranir til Alþingis um að láta Íslandsbanka hefja starfsemi sína að nýju: frá verzlunarráði Íslands (Nd. 153). Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda (Nd. 154).
2. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar skorar á Alþingi að láta stofnsetja útibú

frá Landsbankanum á Seyðisfirði, eða aðra peningastofnun, er fullnægt geti eðlilegri veltufjárþörf. Bréf 19. febr. (Nd. 145).

3. Fiskifélag Íslands sendir sjútvn. Nd. nál. sjútvn. síðasta fiskiþings um lánsstofnun fyrir sjávarútveginn og sjóveð. Bréf 12. febr. (Nd. 116).
4. Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps skorar á Alþingi að sjá svo um, að reist verði lánsstofnun á Seyðisfirði, ef Íslandsbanki verður ekki endurreistur í einhverri mynd. Bréf 21. febr. (Nd. 156).

Bannlög. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur skorar á Alþingi að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um bannlögin. Bréf 6. marz. (Nd. 191).

Bátaferðir, sjá Strandferðir.

Benedikt Björnsson skólastjóri sækir um allt að 2500 kr. árlegan styrk næstu 4 ár til ritstarfa. Bréf 9. jan. (Nd. 50).

Benedikt Jónasson, sjá Launamál 1 og 2.

Benzín, sjá Innflutningsgjald af.

Bergsteinn Kristjánsson, sjá Dýralækningar 1.

Berklavarnir. Árni Árnason læknir sækir um 600 kr. styrk til berklarannsókna og tilrauna til berklavarna í Berufjarðarhéraði. Ódags. bréf. 1 fskj. (Nd. 7).

Berufjarðarhérað, sjá Berklavarnir.

Bessastaðahreppur. Hreppsnefnd Bessastaðahrepps fer þess á leit, að veitt verði fé úr ríkissjóði til þess að létta af hreppnum öllum skuldum vegna fátækraframfærslu. Bréf 26. febr. 5 fskj. (Nd. 185).

Bíldudalssókn, sjá Byggingar 3 og 4.

Bjarni Sæmundsson, sjá Fiskifræðingur, Fiskirannsóknir.

Björg Sigurðardóttir sækir um 1000 kr. styrk til þess að halda sýningu á síldarréttum í Reykjavík, og ennfremur um 1000 kr. styrk til framhaldskennslu í síldarmatreiðslu. Ódags. bréf. 7 fskj. (Nd. 92).

Björgunarskip við Vestmannaeyjar. 937 konur í Vestmannaeyjum skora á Alþingi að láta skip með fullkomnum björgunartækjum vera þar á vertíð til björgunarstarfsemi og eftirlits með bátum. Bréf 27. jan. (Nd. 63).

Björn Kristjánsson, sjá Námur.

Björn K. Þórólfsson sækir um 1500 kr. styrk til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Danmörku. Bréf 18. nóv. 1929. (Nd. 3, XXXVII).

Blanda, fiskiræktarfélag, sjá Lax 1.

Blindrakennsla, sjá Þorsteinn Bjarnason.

Blindranám, sjá Námsstyrkur 16.

Bolungarvík, sjá Hafnir 12 og 14.

Borgarnes, sjá Hafnir 2 og 17.

Borgarnesvegur, sjá Vegamál 6.

Borgarstjórinn í Rvík, sjá Háskólinn 3.

Bókasöfn.

1. Bæjarstjórinn á Seyðisfirði fer þess á leit, að bókasafni Austurlands verði veittur 2000 kr. styrkur. Bréf 12. febr. (Ed. 15).

2. Bæjarstjórn Akureyrar fer þess á leit, að veittar verði allt að 35 þús. kr. til byggingar bókhlöðu á Akureyri. Bréf. 28. febr. (Ed. 19).

Bókhald. Fjmrn. sendir fjhn. Nd. álit og tillögur um reikningskil og bókhald ríkisins ásamt sýnishorni af landsreikningi. Bréf 12. marz. (Nd. 106. — Samhljóða erindi Ed. 29).

Bókmenntafélagið. Tillögur forseta Bókmenntafélagsins um fjárveitingar til félagsins árið 1931. Bréf 11. nóv. 1929. (Nd. 3, XXXVI).

Bókverzlunarfræði, sjá Námsstyrkur 12.

Breiðafjarðarbáturinn Norðri, h.f., sjá Strandferðir 4.

Breiðdalshreppur, sjá Símamál 4, Vegamál 2.

Brimbrjótur í Bolungarvík, sjá Hafnir 12 og 14.

Bryggjur, sjá Hafnir og lendingarbætur.

Búnaðarfélag Íslands.

1. Áætlun um tekjur og gjöld Búnaðarfélags Íslands árið 1931, ásamt bréfi Metúsalems Stefánssonar, dags. 16. des. 1929. 9 fskj. (Nd. 3,XL).
2. Búnaðarfélag Íslands sendir fjvn. og mælir með erindi Steindórs Steindórssonar um styrk til rannsókna á íslenzkum mýragróðri. Bréf 5. marz. 1 fskj. (Nd. 192).

Sjá ennfr. Bændaskólar 3.

Búnaðarsamband Austurlands, sjá Húsmæðrafræðsla 5, Raforkustöðvar 4.

Byggingar á prestssetrum.

1. Biskupinn sendir allshn. Nd. umsögn sína um frv. til laga um byggingar á prestssetrum landsins. Bréf 14. febr. (Nd. 127).
2. Sami sendir menntmn. Nd. skýrslu um þá kaupstaði, sem prestum er gert að skyldu að búa í. Bréf 5. marz. (Nd. 187).
3. Helgi Konráðsson prestur sækir um styrk til byggingar prestsseturshúss á Bíldudal. Bréf 13. jan. 1 fskj. (Nd. 117).
4. 150 safnaðarmeðlimir í Bíldudalssókn skora á Alþingi að heimila ríkisstjórninni að veita 20 þús. kr. til byggingar prestsíbúðar á Bíldudal. Bréf 3. marz. (Nd. 221).

Byggingarsjóðir í kaupstöðum. Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar skorar á Alþingi að tvöfalda framlögin til byggingarsjóða í kaupstöðum. Bréf 3. febr. (Nd. 66).

Byrgi í Kelduhverfi. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. Nd. erindi sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, dags. 14. des. 1929, um byggingu íbúðarhúss á þjóðjörðinni Byrgi í Kelduhverfi. Bréf 15. marz. 3 fskj. (Nd. 213. — Samhljóða erindi Nd. 46).

Bæjarfógeti Neskaupstaðar, sjá Launamál 3.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, sjá Byggingarsjóðir, Lofttalstöð.

Bæjarstjórn Reykjavíkur, sjá Fátækralög 1, Íbúðarhús, Stækkun lögsagnarumdæmis.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar, sjá Bankamál 2.

Bændaskólar.

1. Áætlun frá skólastjóra Hólaskóla um útgjöld skólans árið 1931. Símsk. 16. okt. 1929. (Nd. 3, XXII).

2. Áætlun frá skólastjóra Hvanneyrarskóla um útgjöld skólans árið 1931. Bréf 26. okt. 1929. (Nd. 3, XXIII).
3. Búnaðarfélag Íslands sendir landbn. Ed. umsögn sína um frv. til laga um bændaskóla. Bréf 28. febr. (Ed. 17).

Chr. Fr. Nielsen, sjá Markaður.
Cortes, E. R. H., sjá Ríkisborgararéttur.

Dalvík, sjá Hafnir 18.
Daufdumbraskólinn. Tillögur forstöðukonu daufdumbraskólans um fjárveitingar til skólans árið 1931. Bréf 11. okt. 1929. (Nd. 3, XXXI).
Djúpbátur, sjá Strandferðir 1—3.
Dómasöfn, sjá Lögfræðirit.
Dómkirkjan, sjá Kirkur 3.
Draupnir, félagasamband, sjá Helgi Péturss.
Drífandi, verkamannafélag, sjá Sjóveð.
Dýptarmælingar, sjá Hafnir 10.
Dýralækningar.
1. Magnús Þ. Öfjörð, Bergsteinn Kristjánsson, Ágúst Sveinsson, Haraldur Halldórsson og Runólfur Sveinsson sækja um allt að 500 kr. styrk á ári hver, til dýralækninga í Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslu. Bréf 14. des. 1929. 2 fskj. (Nd. 6).
2. Eggert Magnússon sækir um 1000 kr. styrk til dýralækninga og áhaldakaupa. Bréf 20. jan. 2 fskj. (Nd. 111).

Dýraverndunarfélag Íslands.
1. Dýraverndunarfélag Íslands sækir um 3000 kr. styrk. Bréf 11. marz. 2 fskj. (Nd. 201).
2. Sama sendir landbn. Nd. frv. til laga um gelding húsdýra. (Nd. 223).
3. Sama skorar á Alþingi að leyfa ekki útflutning á tveggja vetra tryppum. Bréf 25. marz. (Nd. 240).

Efnarannsóknarstofan. Tillögur frá forstöðumanni efnarannsóknarstofunnar um fjárveitingar til hennar árið 1931. Bréf 14. okt. 1929. (Nd. 3, XLVI).
Eftirgjöf á lánum.
1. Einar Markússon sækir fyrir hönd sonar síns, Einars Markans, um eftirgjöf á 1000 kr. viðlagasjóðsláni frá árinu 1924. Bréf 4. febr. (Nd. 83).
2. Fjmrh. sendir fjvn. Nd. tillögur um endanlega samninga á skuldum Gerðahrepps, Innri-Akraneshrepps, Grunnavíkurhrepps, Árneshrepps, Patreksfjarðarhrepps, Suðurfjarðahrepps og Ostagerðarfélags Önfirðinga við ríkissjóð og viðlagasjóð, ásamt yfirliti yfir hag þeirra. Bréf 5. febr. 6 fskj. (Nd. 270).

Eftirlaun og styrktarfé.
1. Árni Þórarinsson prestur fer þess á leit, að hann fái að halda núver-

andi prestslaunum sínum er hann fær lausn frá embætti. Bréf 28. jan. 2 fskj. (Nd. 89).

2. Biskupinn sendir fjvn. Nd. erindi frá séra Jóni Finnssyni, dags. 22. jan., um viðbót við væntanleg eftirlaun hans. Bréf 28. jan. (Nd. 34).
3. Sami sendir fjvn. Nd. beiðni Þórðar Ólafssonar fyrrv. prófasts, dags. 23. sept. 1929, um 570 kr. viðbót við eftirlaun hans. Bréf 29. jan. (Nd. 49).
4. Sami sendir fjvn. Nd. umsókn séra Páls Stephensens, dags. 30. jan., um 355 kr. viðbót við eftirlaun hans. Bréf 3. febr. (Nd. 60).
5. Carl Axel Möller, fyrrv. stöðvarstjóri, sækir um 600 kr. árlegan ellistyrk. Bréf 2. febr. 1 fskj. (Nd. 150).
6. Fjmrh. sendir fjvn. Ed. bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 8. marz, um viðbótareftirlaun til Sigríðar Þórðardóttur prestsekkju. Bréf 28. marz. (Ed. 34).
7. Guðrún Jónasdóttir ljósmóðir sækir um eftirlaun. Ódags. bréf. 4 fskj. (Nd. 62).
8. Gunnlaugur Indriðason fer þess á leit, að sér verði veittur lífeyrir til framfærslu konu sinni og börnum. Bréf 29. jan. 2 fskj. (Nd. 72).
9. Helgi Hjálmarsson prestur sækir um 675 kr. viðbót við eftirlaun sín. Bréf 22. febr. 3 fskj. (Nd. 162).
10. Hinrik Hansen, Hafnarfirði, sækir um 600 kr. styrk á ári næstu tvö ár. Ódags. bréf. 1 fskj. (Nd. 101).
11. Hrefna Einarsdóttir læknisekkja sækir um 1200 kr. árlegan styrk. Bréf 30. jan. 1 fskj. (Nd. 113).
12. Jón Baldvinsson alþm. fer þess á leit, að Jónínu Marteinsdóttur verði veittar 300 kr. sem viðurkenning fyrir hjúkrunarstörf hennar um langt árabil. Bréf 12. marz. 3 fskj. (Ed. 26).
13. Jón Guðnason fer þess á leit, að Sigurjóni Jónssyni fyrrv. kennara verði veittur 200 kr. árlegur ellistyrkur. Bréf 27. febr. (Nd. 199).
14. Magnús Egilsson, Suðurpól í Reykjavík, fer þess á leit, að Alþingi veiti sér einhverja viðurkenningu fyrir æfistarf sitt. Bréf 19. marz. (Nd. 237).
15. Margrét Jónsdóttir ljósmóðir sækir um allt að 300 kr. eftirlaun. Bréf 6. jan. (Nd. 112).
16. Oddný Sigurbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, sækir um eftirlaun. Bréf 1. febr. 3 fskj. (Nd. 151).
17. Páll Hermannsson alþm. fer þess á leit, að Gróu Jónsdóttur fyrrv. ljósmóður verði veitt eftirlaun. Bréf 27. marz (Ed. 43).
18. Susie Briem sækir um 1200 kr. árlegan ekknastyrk. Bréf 11. febr. (Nd. 110).
19. Sveinn Ólafsson alþm. fer þess á leit, að Þóru Beck verði veittur 500 kr. árlegur styrkur, og ennfremur 100 kr. árlega með hverju barni hennar fram til 16 ára aldurs. Bréf 13. febr. (Nd. 126).
20. Sigríður Guðmundsdóttir, ekkja Böðvars Þorlákssonar póstafgreiðslumanns, sækir um eftirlaun. Bréf 3. febr. 1 fskj. (Ed. 9).

21. Þingmenn Skagfirðinga fara þess á leit, að Ástu Magnúsdóttur, ekkju Tómasar Jóhannssonar kennara, verði veittur 300 kr. styrkur. Bréf 18. febr. (Nd. 141).
22. Þorvaldur Pálsson, fyrrv. héraðslæknir, fer þess á leit, að tekin verði 300 króna fjárveiting til hans upp í fjárlög þessa árs, og ennfremur fjárveiting, er svari til þeirrar fjárhæðar, er hann átti að fá fyrir árin 1920—1928. Ódags. bréf. (Nd. 175).
23. Þóroddur Bjarnason bréfberi sækir um 1500 kr. árlegan ellistyrk. Bréf 2. febr. 1 fskj. (Nd. 58).

Eggert Magnússon, sjá Dýralækningar 2.

Eiðaskóli.

1. Tillögur forstöðumanns Eiðaskóla um fjárveitingar til skólans árið 1931. Bréf 21. nóv. 1929. (Nd. 3, XXIX).
2. Bréf atvmrn. til dómsmrn. um vatnsleiðslu Eiðaskóla, dags. 9. nóv. 1929. 3 fskj. (Nd. 3, XXX).

Eiður Kvaran, sjá Sjúkrastyrkur 1.

Einar G. Einarsson, sjá Hafnir 3.

Einar Guðmundsson, sjá Hreindýr.

Einar M. Jónasson, fyrrv. sýslumaður, fer þess á leit, að sér verði gefinn eftir dómur hæstaréttar frá 30. sept. 1929, eða mál sitt að öðrum kosti rannsakað á sakamálsgrundvelli, og felur jafnframt Alþingi að rétta hlut sinn á viðeigandi hátt. Bréf 20. jan. 3 fskj. (Nd. 61).

Einar Markan, sjá Eftirgjöf 1.

Einar Markússon, sjá Eftirgjöf 1, Lánbeiðnir 1.

Einkasala, sjá Síldareinkasala.

Eiríkur rauði, h.f., sjá Grænlandsför.

Ellefsen, O. T. B., sjá Ríkisborgararéttur.

Elliðaey á Breiðafirði. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. Nd. til umsagnar erindi vitamálastjóra, dags. 18. febr., um kaup á Elliðaey á Breiðafirði. Bréf 22. febr. (Nd. 165).

Elliheimili.

1. Kvenfélagið Kvik á Seyðisfirði sækir um 2500 kr. styrk til elliheimilis þar. Bréf 9. jan. (Nd. 11).
2. Stjórn elliheimilisins Grundar í Reykjavík sækir um 25 þús. kr. styrk til þess að ljúka við byggingu þess. Bréf 9. febr. 1 fskj. (Nd. 103).

Erla Benediktsson; sjá Námsstyrkur 6.

Eskifjörður, sjá Ábyrgðir 1 og 2.

Eyrarbakkaspítali, sjá Sjúkrahús 5.

Eyrarhreppur, sjá Hafnir 13.

Fahning, F. L. D., sjá Ríkisborgararéttur.

Fangahús. Tillögur lögreglustjórans í Reykjavík um fjárveitingar til hegningarhússins þar árið 1931. Bréf 28. okt. 1929. (Nd. 3, IV).

Fanney Jónsdóttir, sjá Námsstyrkur 18.

Fasteignamatsmenn, sjá Launamál 5.
Faxasker, sjá Vitamál 5.
Fátækraframfærsla, sjá Bessastaðahreppur.
Fátækralög.
1. Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að gera ýmsar breytingar á fátækralögum og á lögum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Bréf 3. febr. (Nd. 68).
2. Framkvæmdastjórn mæðrastyrksnefndar skorar á Alþingi að samþykkja frv. til laga um breyting á fátækralögunum og á lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Bréf 30. marz. (Nd. 244).

Fellshreppur, sjá Sjúkrasjóðir.
Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, sjá Bankamál 1.
Félag íslenzkra hjúkrunarkvenna, sjá Námsstyrkur 7.
Fimmtardómur. Álit um frv. til laga um fimmtardóm: frá hæstarétti (Ed. 13), Málaflutningsmannafélagi Íslands (Ed. 14), lagadeild háskólans (Ed. 41).
Finnur Jónsson, sjá Lánbeiðnir 2.
Finnur Sigmundsson, sjá Rímur.
Fiskifélag Íslands.
1. Áætlun um tekjur og gjöld Fiskifélagsins árið 1931, ásamt bréfi forseta félagsins, dags. 15. okt. 1929. (Nd. 3, XLII).
2. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. Nd. erindi Fiskifélags Íslands, dags. 2. sept. 1929, viðvíkjandi breyting á lögum um atvinnu við siglingar. Bréf. 29. jan. (Nd. 48).
3. Fiskifélag Íslands sækir um 90 þús. kr. styrk. Bréf 10. febr. 1 fskj. (Nd. 96).
4. Sama sendir sjútvn. Nd. tillögur, sem samþ. voru á nýafstöðnu fiskiþingi. Bréf 14. febr. (Nd. 128).

Sjá ennfr. Bankamál 3, Landhelgismál, Síldarbræðsla, Síldareinkasala, Vitamál 6.
Fiskifræðingur. Fjhn. Fiskifélags Íslands sendir fjvn. Nd. bréf Bjarna Sæmundssonar, dags. 25. jan., út af störfum væntanlegs fiskifræðings og um samstarf þeirra. Bréf 28. jan. (Nd. 31).
Fiskirannsóknir. Atv. og samgmrn. sendir fjvn. Nd. erindi Bjarna Sæmundssonar, dags. 26. okt. 1929, þar sem hann sækir um 1000 kr. til greiðslu útgjalda við fiskirannsóknir sínar. Bréf 29. jan. (Nd. 43).
Fiskiveiðar við Grænland, sjá Lánbeiðnir 3.
Fiskiveiðasjóður Íslands. Almennur hreppsfundur á Eskifirði skorar á Alþingi að efla Fiskveiðasjóð Íslands sem mest. (Nd. 22).
Flóabátar, sjá Strandferðir.
Flugferðir. Alexander Jóhannesson sendir fjvn. skýrslu um reynslu flugferða á Íslandi 1928—1929. Bréf 15. marz. (Nd. 210).
Framtíðin, menntaskólafélag, sjá Helgi Péturss.
Freygarður Þorvaldsson vélstjóri sækir um allt að 6000 kr. styrk til tilrauna með uppfyndingu sína, sem lýtur að því að spara kolanotkun eimskipa. Bréf 31. des. 1929. 2 fskj. (Nd. 55).

Fréttastofan fer þess á leit, að styrkur hennar verði hækkaður upp í 3500 kr. Bréf 31. jan. 1 fskj. (Nd. 51).

Gagnfræðaskólinn á Akureyri. Bæjarstjórn Akureyrar mótmælir því, að Gagnfræðaskólanum á Akureyri verði breytt í ungmennaskóla. Símsk. 13. marz. (Ed. 28).

Gagnfræðaskóli Reykjavíkur. Skólanefnd Gagnfræðaskóla Reykjavíkur sækir um 4000 kr. styrk handa skólanum. Bréf 15. febr. (Nd. 129).

Geir G. Þormar, sjá Tréskurður 1.

Gelding húsdýra, sjá Dýraverndunarfélag 2.

Gerðahreppur, sjá Eftirgjöf 2.

Gerðardómssamningar, sjá Milliríkjasamningar.

Gistihús og gististaðir.

1. Guðlaugur Þórðarson veitingamaður sækir um allt að 5000 kr. styrk til viðauka og umbóta á veitingahúsi sínu Tryggvaskála við Ölfusá. Bréf 3. febr. (Nd. 64).
2. Þorfinnur Jónsson sækir um allt að 4000 kr. styrk til endurreisnar greiðasöluhúsi sínu Baldurshaga. Bréf 10. febr. (Nd. 172).
3. Þorsteinn Þorsteinsson, Húsafelli, sækir um allt að 7000 kr. styrk til byggingar gistihúss þar. Bréf. 12. febr. 3 fskj. (Nd. 124).

Gísli Jónsson listmálari sækir um 6000 kr. styrk. Bréf 3. febr. (Nd. 86).

Gísli Magnússon, sjá Innflutningsleyfi.

Grindavík, sjá Hafnir 3.

Gróa Jónsdóttir, sjá Eftirlaun 17.

Grund, elliheimili, sjá Elliheimili 2.

Grunnavíkurhreppur, sjá Eftirgjöf 2.

Grænlandsför. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. Nd. umsókn h.f. Eiríks rauða, um uppbót á halla þeim, er félagið varð fyrir vegna leiðangurs þess til Grænlands. Bréf 24. jan. 2 fskj. (Nd. 37).

Grænlandssafn Einars Benediktssonar. Forsrh. sendir fjvn. Nd. bréf Hlínar Johnson, dags. 22. júlí 1929, þar sem ríkisstjórninni er boðið Grænlandssafn Einars skálds Benediktssonar til kaups fyrir 5000 kr. Bréf 27. jan. 2 fskj. (Nd. 33).

Guðfræðinemar, sjá Háskólinn 4.

Guðlaugur Þórðarson, sjá Gistihús 1.

Guðmundur Bárðarson sækir um undanþágu frá kennslustörfum næsta vetur, með fullum launum, svo að hann geti starfað óskiptur að jarðfræðirannsóknum. Bréf 20. marz. 2 fskj. (Nd. 248).

Guðmundur Einarsson myndhöggvari, sjá Leirbrennsla.

Guðmundur Finnbogason sækir um að halda styrk sínum til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga. Bréf 21. okt. 1929. (Nd. 3, XXXIX).

Guðrún Jónasdóttir, sjá Eftirlaun 7.

Guðrún Richter, sjá Æðarvarp.

Gunnar Bjarnason, sjá Námsstyrkur 20.

Gunnar Hallgrímsson, sjá Námsstyrkur 9.

Gunnar Sigurðsson kaupmaður, sjá Hreindýr.
Gunnlaugur Indriðason, sjá Eftirlaun 8.
Guttormur Pálsson, sjá Skógrækt 2.

Hafnir og lendingarbætur.

1. Bernharð Stefánsson alþm. fer þess á leit, að fjvn. Nd. taki til athugunar áskorun þingmálafundar á Siglufirði um allt að 70 þús. kr. fjárveitingu til endurbyggingar á sjóvarnargarði þar. Bréf 20. febr. 1 fskj. (Nd. 167).
2. Bréf atvmrn. til fjmrn. um hafnargerð í Borgarnesi, dags. 10. jan. 2 fskj. (Nd. 3, XLVII).
3. Einar G. Einarsson fer þess á leit, að veittar verði allt að 10 þús. kr. til lendingarbóta í Grindavík. Bréf. 4. febr. 2 fskj. (Nd. 123).
4. Forsrh. sendir fjvn. Nd. bréf vitamálastjóra, dags. 16. des. 1929, um nauðsyn á að kaupa „Linieafsögningsapparat“ til notkunar við sjómælingar. Bréf. 27. jan. 1 fskj. (Nd. 36).
5. Hannes Jónsson alþm. fer þess á leit, að Alþingi veiti 3/5 kostnaðar til byggingar bátabryggju á Hvammstanga. Bréf 17. febr. 2 fskj. (Nd. 147).
6. Hreppsnefnd og hafnarnefnd Húsavíkurhrepps sækja um allt að 100 þús. kr. styrk til bryggjubyggingar á Húsavík. Bréf 11. jan. 5 fskj. (Nd. 30).
7. Sömu nefndir sækja um allt að 125 þús. kr. styrk til bryggjubyggingar á Húsavík, og til vara um 80 þús. kr. Ódags. bréf. 3 fskj. (Nd. 184).
8. Sömu nefndir sækja um allt að 50 þús. kr. lán úr ríkissjóði og ríkisábyrgð fyrir allt að 100 þús. kr. láni til bryggjugerðar á Húsavík, og til vara um ríkisábyrgð fyrir allt að 150 þús. kr. láni. Bréf 4. apríl. 2 fskj. (Nd. 264).
9. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps sækir um styrk til bryggjubyggingar þar, er nemi allt að 2/5 kostnaðar við bryggjuna. Bréf 5. febr. 1 fskj. (Nd. 79).
10. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. Nd. erindi vitamálastjóra, dags. 31. okt. 1929, viðvíkjandi kaupum ríkissjóðs á mælitækjum til dýptarmælinga. Bréf 29. jan. 1 fskj. (Nd. 45).
11. Sama sendir fjvn. Nd. erindi vitamálastjóra, dags. 3. febr., viðvíkjandi hafnargerð á Akranesi. Bréf 11. febr. 3 fskj. (Nd. 120).
12. Sama sendir fjvn. Nd. erindi hreppsnefndar Hólshrepps, dags. 10. jan., um greiðslu styrks til brimbrjótsins í Bolungarvík. Bréf 7. marz. 1 fskj. (Nd. 196).
13. Jón A. Jónsson alþm. sendir fjvn. Nd. erindi hreppsnefndar Eyrarhrepps, dags. 15. marz 1929, um styrk til bryggjugerðar í Hnífsdal. Bréf 13. febr. 4 fskj. (Nd. 121).
14. Sami fer þess á leit, að veittar verði 7500 kr. til endurbóta á brimbrjótnum í Bolungarvík, gegn jafnmiklu tillagi frá Hólshreppi. Bréf 15. marz. 2 fskj. (Nd. 216).
15. Ólafur Thors alþm. sendir fjvn. Nd. erindi hreppsnefndar Keflavíkurhrepps, dags. 26. jan., um að fá greiddan af ríkisfé 1/3 kostnað-

ar við bryggjugerð þar, og ríkisábyrgð fyrir láni til greiðslu á ⅔ hlutum kostnaðarins. Bréf 7. febr. 2 fskj. (Nd. 80).
16. Skjöl, 7 að tölu, er varða skuldaskipti ríkissjóðs og bæjarsjóðs Vestmannaeyja vegna hafnargerðar þar. (Nd. 274).
17. Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu óskar þess, að engar breytingar verði gerðar á hafnarlögum Borgarness fyrr en sýslunefndum hefir gefizt kostur á að láta uppi álit sitt um þær. Símsk. 10. apríl. (Nd. 249).
18. Uppdrættir að hafnargerð í Dalvík, 7 að tölu. (Nd. 273).
19. Vitamálastjóri sendir fjvn. Nd. samrit af reikningi yfir kostnað við lendingarbætur í Þorlákshöfn 1929. Bréf 18. febr. (Nd. 146).
20. Þingmenn Skagfirðinga fara þess á leit, að veitt verði fé til bátabryggju í Haganesvík, ⅗ kostnaðar, eða allt að 5000 kr. Bréf 18. febr. (Nd. 139).
21. Þorlákshafnarnefnd sendir fjvn. Nd. skýrslu um lendingarbætur í Þorlákshöfn. Bréf 18. febr. (Nd. 142).

Haganesvík, sjá Hafnir 20.

Hagstofan. Áætlun hagstofustjóra um útgjöld hagstofunnar árið 1931. Bréf. 31. okt. 1929. (Nd. 3, II).

Halldór Arnórsson, sjá Umbúðasmíði.

Halldór Pálsson, sjá Læknisvitjunarstyrkur.

Halldóra Bjarnadóttir, sjá Heimilisiðnaður 1.

Hallgrímskirkja. Nefnd sú, er gengst fyrir byggingu Hallgrímskirkju í Saurbæ, fer þess á leit, að veittar verði 10 þús. kr. til byggingarinnar. Bréf 15. febr. (Nd. 130).

Hallormsstaður, sjá Húsmæðrafræðsla 1, 5 og 6, Raforkustöðvar 4 og 5, Skógrækt 2.

Haraldur Halldórsson, sjá Dýralækningar 1.

Håkansson, F. A., sjá Ríkisborgararéttur.

Hákon Bjarnason, sjá Námsstyrkur 3.

Háskólabygging, sjá Háskólinn 3.

Háskólinn.
1. Tillögur frá rektor háskólans um fjárveitingar til skólans árið 1931. Bréf 21. okt. 1929. (Nd. 3, XVII).
2. Sami sækir um ýmsar fjárveitingar til skólans. Bréf 21. febr. (Nd. 159).
3. Álit borgarstjórans í Rvík um frv. til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands. Bréf 29. marz. 2 fskj. (Ed. 35).
4. Nemendur guðfræðideildar háskólans sækja um 1200 kr. styrk til söngkennslu við deildina. Bréf 10. febr. (Nd. 109).
5. Níels P. Dungal fer þess á leit, að sér verði tryggð viðunandi kjör við rannsóknarstofu læknadeildar. Bréf 16. febr. 5 fskj. (Nd. 133).

Sjá ennfr. Fimmtardómur.

Hedlund, K. O., sjá Ríkisborgararéttur.

Hegningarhús, sjá Fangahús.

Heimilisiðnaður.
1. Halldóra Bjarnadóttir sendir fjvn. Nd. skýrslu um starfsemi sína fyrir heimilisiðnað á Íslandi. Bréf 7. febr. 10 fskj. (Nd. 104).
2. Inga L. Lárusdóttir sækir um 4500 kr. styrk til þess að safna fyrirmyndum forns listiðnaðar kvenna. Bréf 15. febr. 2 fskj. (Nd. 155).

Helgi Hjálmarsson, sjá Eftirlaun 9.
Helgi Konráðsson, sjá Byggingar 3.
Helgi Pétursson.
Áskoranir um að veita dr. Helga Péturss ríflega heiðurslaun: frá félagasambandinu Draupni (Nd. 169), Framtíðinni, félagi lærdómsdeildar menntaskólans í Reykjavík (Nd. 276), U. M. F. Þórsmörk (Nd. 186).
Heydalur, sjá Vegamál 6.
Hinrik Hansen, sjá Eftirlaun 10.
Hjúkrunarnám, sjá Námsstyrkur 7.
Hjúkrunarstöð fyrir berklasjúklinga, sjá Sjúkrahús 6.
Hlín Johnson, sjá Grænlandssafn.
Hljómsveit Reykjavíkur sækir um 4000 kr. styrk. Bréf 30. nóv. 1929. (Nd. 3, XXXVIII.— Samhljóða erindi Ed. 31).
Hnífsdalur, sjá Hafnir 13.
Hofshreppur, sjá Sjúkrasjóðir.
Hólaskóli, sjá Bændaskólar 1.
Hólmahálsvegur, sjá Vegamál 4.
Hólshreppur, sjá Hafnir 12.
Hrefna Einarsdóttir, sjá Eftirlaun 11.
Hreindýr. Einar Guðmundsson bóndi í Miðdal og Gunnar Sigurðsson kaupmaður sækja um leyfi til þess að flytja hreindýr frá Noregi hingað til landsins. Bréf 4. febr. (Nd. 74).
Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps, sjá Bankamál 4.
Hrunamannahreppur, sjá Vegamál 5.
Húsafell, sjá Gistihús 3.
Húsavík, sjá Hafnir 6—8.
Húsmæðrafræðsla.
1. Áætlun um tekjur og gjöld húsmæðraskólans á Hallormsstað árið 1931, ásamt bréfi frá Sambandi austfirzkra kvenna og Búnaðarsambandi Austurlands, dags. 18. nóv. 1929. (Nd. 3, XXVI).
2. Lárus Helgason alþm. fer þess á leit, að kvenfélagi Hvammshrepps í Vík verði veittar 1500 kr. til húsmæðrafræðslu. Bréf 12. febr. (Nd. 118).
3. Kvenfélagið Ósk á Ísafirði sækir um 12 þús. kr. styrk til húsmæðraskólahalds. Bréf 3. febr. 1 fskj. (Nd. 76).
4. Sama sækir um 20 þús. kr. styrk til skólahússbyggingar. Bréf 3. febr. (Nd. 75).
5. Samband austfirzkra kvenna og Búnaðarsamband Austurlands sækja um allt að 250 þús. kr. styrk til þess að fullgera byggingu húsmæðraskólans á Hallormsstað. Bréf 18. nóv. 1929. (Nd. 3, XXVIII).

6. Sveinn Ólafsson alþm. sækir um 6000 kr. styrk til húsmæðraskólans á Hallormsstað. Bréf 22. febr. (Nd. 168).
Hvalfjarðarbátur, sjá Strandferðir 5.
Hvalfjarðarstrandarhreppur, sjá Símamál 6.
Hvammstangi, sjá Hafnir 5.
Hvanneyrarskóli, sjá Bændaskólar 2.
Hæstiréttur, sjá Fimmtardómur.

Iðja og iðnaður. Atv.- og samgmrn. sendir allshn. Nd. till. um breytingar á lögum nr. 18, frá 31. maí 1927, um iðju og iðnað, ásamt greinargerð frá Iðnráði Reykjavíkur. Bréf 22. febr. (Nd. 171).
Iðnaðarmannafélag Akureyrar sækir um 2500 kr. styrk til iðnskólahalds á Akureyri. Bréf 31. jan. 2 fskj. (Ed. 7).
Iðnaðarmannafélagið í Hafnarfirði sækir um 2000 kr. styrk til kvöldskólahalds fyrir iðnnema. Bréf 7. febr. (Nd. 87).
Iðnráð Reykjavíkur sækir um 2000 kr. styrk. Ódags. bréf. 1 fskj. (Nd. 23). Sjá ennfr. Iðja og iðnaður, Verðtollur.
Iðnskólinn í Reykjavík. Forstöðumaður iðnskólans í Reykjavík sækir um 3000 kr. viðbótarstyrk til þess að halda framhaldsnámskeið fyrir húsagerðarmenn. Bréf 8. febr. (Nd. 102).
Inga L. Lárusdóttir, sjá Heimilisiðnaður 2.
Innflutningsgjald af benzíni.
1. Vegamálastjóri sendir fjvn. Nd. frv. til laga um innflutningsgjald af benzíni til viðhalds vegum. Bréf 13. marz. (Nd. 204).
2. Mótmæli gegn frv. til laga um innflutningsgjald af benzíni frá bifreiðarstjórum og bifreiðaeigendum á þessum stöðum: Akranesi (Nd. 252), Eyrarbakka (Nd. 253), Borgarnesi (Nd. 254), Blönduósi (Nd. 255), Hafnarfirði (Nd. 256), Reykjavík (Nd. 257), Keflavík (Nd. 258), Akureyri og Sauðárkróki (Nd. 260), Ísafirði (Nd. 261), Siglufirði (Nd. 262), Kópaskeri (Nd. 263).

Innflutningsleyfi á kindum. Gísli Magnússon og Sigurður Þórðarson sækja um 6000 kr. styrk til þess að kaupa og flytja inn frá Þýzkalandi nokkrar kindur af Karakul-kyni. Bréf 30. jan. (Nd. 95).
Innri-Akraneshreppur, sjá Eftirgjöf 2.

Íbúðarhús í Reykjavík. Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að beita sér fyrir útvegun lánsfjár til íbúðarhúsabygginga í Reykjavík. Bréf 12. marz. (Nd. 203).
Íslandsbanki, sjá Bankamál 1 og 4.
Íþróttir. Jón Þorsteinsson íþróttakennari sækir um allt að 1800 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sér leikfimi og íþróttastarfsemi meðal nágrannaþjóðanna. Bréf 9. febr. (Nd. 88).

Jakob Guðmundsson, sjá Kirkjur 4.
Jarðfræðirannsóknir, sjá Guðmundur Bárðarson.

Jens Jóhannesson, sjá Námsstyrkur 10.
Jóhann V. Daníelsson, sjá Sjúkrahús 5.
Jóhann Sveinsson, sjá Skólasaga.
Jóhanna Jóhannsdóttir, sjá Námsstyrkur 1.
Jóhannes Hjálmarsson, sjá Lánbeiðnir 3.
Jón Emil Ólafsson lögfræðingur fer þess á leit, að allshn. Ed. leggi fyrir Alþingi frv. til laga um, að honum verði veittur samskonar réttur til embætta á Íslandi og hann hefði lokið embættisprófi hér á landi. Bréf 4. marz. 8 fskj. (Ed. 22).
Jón Finnsson, sjá Eftirlaun 2.
Jón H. Ísleifsson, sjá Launamál 4.
Jón J. Magdal, sjá Skaðabætur.
Jón Sigurðsson, sjá Námsstyrkur 11.
Jón Þorsteinsson, sjá Íþróttir.
Jóna Guðbjartsdóttir, sjá Námsstyrkur 12.
Jónas Lárusson fer þess á leit, að sér verði endurgreiddur 6000 kr. kostnaður við sýningu íslenzkra matvæla í Kaupmannahöfn 1926. Bréf 10. jan. 2 fskj. (Nd. 114).
Jónína Marteinsdóttir, sjá Eftirlaun 12.

Karlakór Reykjavíkur, sjá Námsstyrkur 14.
Keflavík, sjá Hafnir 15.
Kennaraskólinn. Tillögur frá forstöðumanni kennaraskólans um fjárveitingar til skólans árið 1931. Bréf 24. okt. 1929. 1 fskj. (Nd. 3, XX).
Kirkjur og kirkjumál.
1. Tillögur biskups um fjárveitingar til kirkjumála árið 1931. Bréf 5. nóv. 1929. (Nd. 3, XVI).
2. Sami sendir menntmn. Nd. álit sitt um frv. til laga um kirkjuráð. Bréf 24. febr. (Nd. 174).
3. Sóknar- og kirkjubyggingarnefnd dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík ítrekar áskorun sína til Alþingis um fjárveitingu til byggingar nýrrar kirkju í Reykjavík. Bréf 8. marz. (Nd. 193).
4. Þjóðminjavörður beinir til fjvn. Nd. tilmælum um, að Jakobi Guðmundssyni á Húsafelli verði greiddur helmingur kostnaðar við girðingu umhverfis kirkjugarðinn þar. Bréf 5. febr. (Nd. 70).

Kirkjuráð, sjá Kirkjur 2.
Kleppur, sjá Sjúkrahús 1 og 2.
Kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, sjá Fátækralög 1.
Kristinn Bjarnason, sjá Námsstyrkur 13.
Kvenfélag Hvanneyrarhrepps, sjá Húsmæðrafræðsla 2.
Kvenfélagasamband Íslands sækir um allt að 15 þús. kr. styrk til starfsemi þeirrar, er það ætlar að hafa með höndum. Bréf 6. febr. 7 fskj. (Nd. 73).
Kvenfélagið Kvik, sjá Elliheimili 1.
Kvenfélagið Ósk, sjá Húsmæðrafræðsla 3 og 4.

Kvennaskólinn í Reykjavík.

1. Tillögur frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík um fjárveitingar til skólans árið 1931. Bréf 20. nóv. 1929. (Nd. 3, XXIV).
2. Forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík sækir um heimild fyrir 60 þús. kr. láni úr viðlagasjóði, eða ríkisábyrgð fyrir þeirri upphæð. Bréf 28. febr. (Nd. 179).

Lagarfoss, sjá Lax 2.

Landhelgismál. Fiskifélagið sendir sjútvn. Nd. álit og tillögur sjútvn. fiskiþings um landhelgismál. Bréf 17. febr. (Nd. 134).

Landhelgissjóður. Rekstrar- og efnahagsreikningur landhelgissjóðs 1928 ásamt áætlun um rekstrarkostnað íslenzkra varðskipa. (Nd. 272).

Landlæknir, sjá Lækningaleyfi 2.

Landsbankaútibú, sjá Bankamál 2.

Landsbókasafn. Tillögur landsbókavarðar um fjárveitingar til Landsbókasafnsins árið 1931. Bréf 21. okt. 1929. (Nd. 3, XXXII).

Landsreikningur, sjá Bókhald.

Landssímastjóri, sjá Útvarp 1 og 2.

Landssíminn, sjá Símamál.

Laugarnesspítali, sjá Sjúkrahús 3.

Launamál.

1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. Nd. til umsagnar erindi vitamálastjóra, dags. 26. marz, um laun Benedikts Jónassonar aðstoðarverkfræðings. Bréf 5. apríl. 4 fskj. (Nd. 245).
2. Benedikt Jónasson verkfræðingur fer þess á leit, að sér verði greiddar úr ríkissjóði 687,65 kr., sem hann telur sér vangoldnar af launum sínum. Bréf 17. marz. 3 fskj. (Nd. 220).
3. Bæjarstjórn Neskaupstaðar skorar á Alþingi að hækka laun bæjarfógeta Neskaupstaðar. Símsk. 6. marz. (Ed. 23).
4. Jón H. Ísleifsson verkfræðingur fer þess á leit, að laun sín verði hækkuð upp í 6780 kr. Bréf 10. apríl. 1 fskj. (Ed. 44).
5. Undirmatsnefnd við fasteignamat í Norður-Múlasýslu fer þess á leit, að laun fasteignamatsmanna verði hækkuð upp í 12 kr. á dag til jafnaðar. Bréf 13. jan. (Nd. 5).

Sjá ennfr. Vitamál 2.

Lax.

1. Fiskiræktarfélagið Blanda sækir um allt að 1000 kr. styrk á ári næstu 4 ár til kaupa og flutninga á laxaseiðum, og ennfremur um allt að 3000 kr. styrk til þess að rannsaka og lagfæra farveg Blöndu. Bréf 3. febr. (Ed. 11).
2. Halldór Stefánsson og Sveinn Ólafsson alþm. sækja um styrk til þess að gera laxastiga í Lagafoss, ⅗ kostnaðar, allt að 6000 kr. Ódags. bréf (Nd. 202).

Lánbeiðnir.

1. Einar Markússon fer þess á leit, að veitt verði heimild til þess að lána

honum allt að 40 þús. kr. úr lífeyrissjóði embættismanna. Bréf 8. febr. (Nd. 91).
2. Finnur Jónsson málari sækir um 10 þús. kr. lán úr ríkissjóði til þess að byggja vinnustofu. Bréf 14. marz. (Nd. 218).
3. Jóhannes Hjálmarsson sækir um 10 þús. kr. styrk og 40 þús. kr. lán til fiskiveiðatilrauna við Grænland. Bréf 29. jan. 3 fskj. (Nd. 84).
4. Skógræktarstjóri fer þess á leit, að sér verði útvegað 6000 kr. lán. Bréf 26. marz. (Nd. 271).

Sjá ennfr. Hafnir 8, Kvennaskólinn 2.

Lánssjóður stúdenta, sjá Stúdentar 1.

Lánsstofnun, sjá Bankamál 3.

Leikfélag Akureyrar sækir um 3000 kr. styrk. Bréf 10. des. 1929. (Nd. 1).

Leirbrennsla. Guðmundur Einarsson myndhöggvari sækir um 5000 kr. styrk til þess að setja á stofn leirbrennsluverkstæði. Ódags. bréf. (Nd. 38).

Lendingarbætur, sjá Hafnir.

Linieafsögningsapparat, sjá Hafnir 4.

Listsýning. Undirbúningsnefnd alþingishátíðar 1930 sækir um ábyrgðarheimild fyrir 10 þús. kr. láni til byggingar skála undir almenna listsýningu í Reykjavík 1930. Bréf 31. okt. 1929. (Nd. 3, XLVIII).

Ljósmæðraskólinn. Tillögur landlæknis um fjárveitingar til ljósmæðraskólans árið 1931. Bréf 25. okt. 1929. (Nd. 3, XXV).

Ljósmæður. Svarskeyti frá 46 héraðslæknum við fyrirspurn fjhn. Ed. um, hvort ljósmæður vanti í héruðin. Dags. 27.—29. jan. (Ed. 5).

Loðmundarfjarðarhreppur, sjá Læknisvitjunarstyrkur.

Loftskeytatæki á botnvörpuskipum. Landssímastjóri sendir sjútvn. Nd. brtt. við frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum. Bréf 26. febr. (Nd. 266).

Lofttalstöð. Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar skorar á Alþingi að setja nú á þessu ári upp lofttalstöð á Ísafirði og aðra á Horni á Hornströndum. Bréf 11. febr. (Nd. 137).

Lúðvíg Guðmundsson skólastjóri mælir með væntanlegri styrkbeiðni frá Regine Dinse til skólahalds fyrir íslenzkar stúlkur í Þýzkalandi. Bréf 4. marz. 2 fskj. (Nd. 198).

Læknanemar, sjá Lækningaleyfi 1.

Lækningaleyfi.
1. Nemendur læknadeildar háskólans mótmæla frv. til laga um lækningaleyfi. Bréf 7. marz. (Ed. 24).
2. Landlæknir sendir allshn. Ed. álit sitt um frv. til laga um lækningaleyfi. Bréf 12. marz. (Ed. 25).

Læknisbústaðir, sjá Sjúkrahús.

Læknisvitjunarstyrkur.
1. Halldór Pálsson sækir fyrir hönd Loðmundarfjarðarhrepps um styrk til læknisvitjana. Bréf 15. des. 1929. (Ed. 16).
2. Halldór Stefánsson alþm. fer þess á leit, að fjvn. Nd. taki til athug-

unar umsókn Halldórs Pálssonar um læknisvitjunarstyrk. Bréf 28. febr. (Nd. 177).
Lögfræðirit. Málaflutningsmannafélag Íslands sækir um 12—1500 kr. styrk til útgáfu rits um lögfræðileg efni og til útgáfu efnisyfirlits við dómasöfn æðri rétta landsins. Bréf 21. marz. (Nd. 32).
Lögmaðurinn í Reykjavík. Áætlun frá lögmanninum í Reykjavík um skrifstofukostnað við embættið árið 1931. Bréf 12. des. 1929. (Nd. 3, III).
Lögreglustjórinn í Reykjavík. Áætlun frá lögreglustjóranum í Reykjavík um skrifstofukostnað við embættið árið 1931. Bréf 7. des. 1929. (Nd. 3, V).

Magnús Egilsson, sjá Eftirlaun 14.
Magnús Jochumsson mótmælir veitingu póstritaraembættisins. Bréf 28. febr. 2 fskj. (Nd. 180).
Magnús Pétursson, sjá Námsstyrkur 15.
Magnús Þ. Öfjörð, sjá Dýralækningar 1.
Margeir Jónsson sækir um allt að 1500 kr. styrk til fræðistarfa. Bréf 24. jan. 3 fskj. (Nd. 67).
Margrét Jónsdóttir, sjá Eftirlaun 15.
María Markan, sjá Námsstyrkur 5.
Markaður. Chr. Fr. Nielsen fer þess á leit, að sér verði endurgreiddar úr ríkissjóði 5000 kr., sem hann hefir lagt út vegna markaðsleitar. Ódags. bréf. 13 fskj. (Nd. 106).
Matthías Þórðarson, sjá Þjóðsagnir.
Málaflutningsmannafélag Íslands, sjá Fimmtardómur, Lögfræðirit.
Málarasveinafélag Reykjavíkur skorar á Alþingi að veita iðnaðarmönnum sömu réttindi við innheimtu vinnulauna sinna og óbreyttir verkamenn hafa. Bréf 12. marz. (Nd. 209).
Menningarsaga, sjá Sigurður Skúlason.
Menntaskólinn í Reykjavík. Tillögur um fjárveitingar til menntaskólans í Reykjavík árið 1931, frá settum rektor. Bréf 22. okt. 1929. (Nd. 3, XIX).
Milliríkjasamningar. Uppkast að samningum um úrlausn deilumála milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, hvers um sig, annarsvegar og Íslands hinsvegar. (Sþ. 12).
Mjöll. Mjólkurfélagið Mjöll sækir um styrk, eigi minni en 2 kr. á hvern framleiddan kassa mjólkur. Bréf 16. okt. 1929. (Nd. 3, XLV).
Mæðrastyrksnefnd, sjá Fátækralög 2.
Mælitæki, sjá Hafnir 10.
Möller, C. A., sjá Eftirlaun 5.

Námstyrkur.
1. Aðalsteinn Kristinsson fer þess á leit, að Jóhönnu Jóhannsdóttur verði veittur 1000 kr. styrkur til söngnáms. Ódags. bréf. 4 fskj. (Nd. 250).
2. Arndís Björnsdóttir sækir um 2000 kr. styrk til leiklistarnáms erlendis. Bréf 7. febr. 2 fskj. (Nd. 85).

3. Ágúst H. Bjarnason sækir um 1200 kr. styrk handa Hákoni syni sínum til skógræktarnáms. Bréf 24. jan. (Nd. 24).
4. Árni Kristjánsson sækir um 3000 kr. styrk til framhaldsnáms í pianóleik. Bréf 6. jan. 2 fskj. (Nd. 138).
5. Einar Markússon sækir um 2000 kr. styrk handa dóttur sinni, Maríu Markan, til lokanáms í sönglist. Bréf 4. febr. 2 fskj. (Nd. 82).
6. Erla Benediktsson sækir um 3000 kr. styrk til hljómlistarnáms í París. Bréf 19. febr. 1 fskj. (Nd. 148).
7. Félag íslenzkra hjúkrunarkvenna sækir um 1500 kr. styrk til þess að styrkja hjúkrunarnema sína til náms. Bréf 7. febr. (Nd. 108).
8. Forsrh. beinir til fjvn. Ed. meðmælum Anders Rachlew með styrkbeiðni Árna Kristjánssonar pianóleikara. Bréf 26. marz. (Ed. 33).
9. Gunnar Hallgrímsson, Ísafirði, sækir um 3000 kr. utanfararstyrk til þess að fullnuma sig í fiðluleik. Bréf 30. jan. 1 fskj. (Nd. 78).
10. Jens Jóhannesson læknir sækir um allt að 1500 kr. utanfararstyrk til framhaldsnáms í læknisfræði. Bréf 23. des. 1929. (Nd. 53).
11. Jón Sigurðsson sækir um 1200 kr. styrk til framhaldsnáms í verkfræði. Bréf 8. febr. 4 fskj. (Nd. 98).
12. Jóna Guðbjartsdóttir sækir um allt að 2500 kr. styrk til framhaldsnáms í bókverzlunarfræði. Ódags. bréf. 3 fskj. (Nd. 41).
13. Jónas Kristjánsson alþm. fer þess á leit, að Kristni Bjarnarsyni cand. med. verði veittur 3000 kr. styrkur til framhaldsnáms í læknisfræði. Bréf 28. marz. (Ed. 45).
14. Karlakór Reykjavíkur sækir um 1000 kr. styrk til söngnáms. Bréf 20. febr. 2 fskj. (Nd. 149).
15. Magnús Pétursson kennari á Akureyri sækir um 1200 kr. utanfararstyrk. Bréf 2. febr. 2 fskj. (Nd. 65).
16. Páll Sveinsson kennari, Hafnarfirði, sækir um 1200 kr. styrk handa systur sinni, Sigurbjörgu Sveinsdóttur, til blindranáms. Bréf 7. febr. (Nd. 81).
17. Sigrún Magnúsdóttir sækir um 2400 kr. styrk til leiklistarnáms við leikskóla konunglega leikhússins í Khöfn. Bréf 20. jan. 3 fskj. (Nd. 77).
18. Sigurður Einarsson fer þess á leit, að Fanneyju Jónsdóttur verði veittur 1000 kr. styrkur til þess að ljúka teiknikennaranámi. Bréf 19. febr. (Nd. 144).
19. Sigurður Skagfield sækir um 3000 kr. náms- og ferðastyrk til Ítalíu. Bréf 10. febr. (Nd. 99).
20. Sigurður Thoroddsen fer þess á leit, að Gunnari Bjarnasyni verði veittur 1500 kr. styrkur til lokanáms í vélaverkfræði. Bréf 8. marz. 1 fskj. (Nd. 200).
21. Snorri Arinbjarnar sækir um 1000 kr. styrk til framhaldsnáms við listaskólann í Oslo. Bréf 29. marz. 1 fskj. (Nd. 242).
22. Unnur Jónsdóttir íþróttakennari sækir um 1500 kr. utanfararstyrk til íþróttanáms. Bréf 13. febr. 3 fskj. (Nd. 178).

23. Þórður Kristleifsson sækir um 1500 kr. utanfararstyrk til söngfræði- og söngkennslunáms. Bréf 8. febr. 5 fskj. (Nd. 100).

Námur. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. Nd. erindi Björns Kristjánssonar alþm., dags. 10. sept. 1929, þar sem hann sækir um 10 þús. kr. styrk til námurannsókna og býður ríkinu námuréttindi sín til kaups fyrir 25 þús. kr. Bréf 29. jan. 2 fskj. (Nd. 42).

Náttúrufræðifélagið. Hið íslenzka Náttúrufræðifélag sækir um 3400 kr. styrk. Bréf 1. nóv. 1929. (Nd. 3, XXXV).

Niels P. Dungal, sjá Háskólinn 5.

Nielsen, C. F., sjá Markaður.

Normann, A. V., sjá Ríkisborgararéttur.

Norðri, Breiðafjarðarbátur, sjá Strandferðir 4.

Nudd- og gigtlækningastofa. Þóra Havsteen sækir um allt að 5000 kr. styrk til þess að setja á stofn nudd- og gigtlækningastofu á Akureyri. Bréf 11. marz. 4 fskj. (Ed. 30).

Oddný Sigurbjörg Guðmundsdóttir, sjá Eftirlaun 16.

Oddur Oddsson sækir um allt að 1500 kr. styrk til ritstarfa. Bréf 31. jan. (Nd. 59).

Ostagerðarfélag Önfirðinga, sjá Eftirgjöf 2.

Patreksfjarðarhreppur, sjá Eftirgjöf 2.

Páll Haraldsson, sjá Tréskurður 2.

Páll Stephensen, sjá Eftirlaun 4.

Páll Sveinsson, sjá Námsstyrkur 16.

Pálmi Einarsson, sjá Ræktunarmál.

Pétur Ottesen, sjá Strandferðir 5.

Póstlagabreyting, sjá Póstmál 2.

Póstmál.

1. Áætlun aðalpóstmeistara um gjöld við póststjórnina árið 1931. Bréf 21. okt. 1929. (Nd. 3, X).
2. Póstmálastjóri sendir allshn. Nd. álit sitt um frv. til laga um breyting á póstlögum. Ódags. bréf. (Nd. 125).

Póstritaraembætti, sjá Magnús Jochumson.

Prestssetur, sjá Byggingar á.

Raforkustöðvar.

1. Bernharð Stefánsson alþm. beinir til fjvn. Nd. áskorun þingmálafundar á Siglufirði um að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast 800 þús. kr. lán til virkjunar á Skeiðsfossi. Bréf 3. marz. 2 fskj. (Nd. 183).
2. Jón A. Jónsson alþm. óskar meðmæla fjvn. Nd. með því, að ríkissjóður ábyrgist ⅘ hluta kostnaðar við byggingu rafstöðvar í Súðavíkurhreppi. Bréf 13. marz. 5 fskj. (Nd. 205).
3. Oddviti Seyðisfjarðarhrepps sækir um ríkissjóðsábyrgð fyrir allt

að 50 þús. kr. láni til virkjunar á Söðlastaðaá. Bréf 17. des. 1929. 1 fskj. (Nd. 39).
4. Samband austfirzkra kvenna og Búnaðarsamband Austurlands sækja um allt að 15 þús. kr. styrk til þess að byggja rafstöð á Hallormsstað. Bréf 18. nóv. 1929. (Nd. 3, XXVII).
5. Sveinn Ólafsson alþm. fer þess á leit, að veittar verði 12 þús. kr. til rafstöðvarbyggingar við húsmæðraskólann á Hallormsstað. Bréf 22. febr. 2 fskj. (Nd. 168).
6. Þingmenn Skagfirðinga fara þess á leit, að tekin verði upp í fjárlög fyrir árið 1931 75 þús. kr. fjárveiting til virkjunar Reykjafoss í Skagafirði. Bréf 2. marz. 5 fskj. (Nd. 182).

Rauðakrossdeild Akureyrar, sjá Sjúkrahús 6.
Regine Dinse, sjá Lúðvig Guðmundsson.
Reykjafoss í Skagafirði, sjá Raforkustöðvar 6.
Ríkarður Jónsson og Aðalsteinn Sigmundsson sækja um 1500 kr. styrk til útgáfu bókar með myndum af listaverkum Ríkarðs. Bréf 20. marz. 1 fskj. (Nd. 246).
Ríkisborgararéttur. Umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt frá E. R. H. Cortes (Ed. 18), O. T. B. Ellefsen (Nd. 170), F. L. D. Fahning (Nd. 170), F. A. Håkanson (Ed. 8), K. O. Hedlund (Ed. 10), A. V. Normann (Ed. 8), J. S. Sjursen (Ed. 8), P. J. A. Steffensen (Ed. 8), H. E. Svendsaas (Ed. 18), B. Westerlund (Ed. 10), E. J. O. Westlund (Nd. 170).
Ríkislán. Skrá yfir vexti og afborganir fastra lána 1931. (Nd. 3, I).
Rímur. Finnur Sigmundsson mag art. sækir um 2000 kr. styrk til þess að semja skrá yfir íslenzkar rímur og kanna sögu þeirra. Bréf 18. marz. 1 fskj. (Ed. 39).
Runólfur Sveinsson, sjá Dýralækningar 1.
Ræktunarmál. Álit Pálma Einarssonar jarðyrkjuráðunauts um nauðsyn á auknum ræktunarframkvæmdum í Eskifjarðarkauptúni. Bréf 8. okt. 1929. (Nd. 52).

Samband austfirzkra kvenna, sjá Húsmæðrafræðsla 5, Raforkustöðvar 4.
Samband norðlenzkra kvenna sækir um 500 kr. styrk. Bréf 8. jan. (Nd. 9).
Samband sunnlenzkra kvenna sækir um 1000 kr. styrk. Bréf 25. jan. (Nd. 105).
Samvinnufélag Eskfirðinga, sjá Ábyrgðir 1 og 2.
Samvinnufélag sjómanna á Akureyri, sjá Ábyrgðir 3.
Sandgræðsla. Áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til sandgræðslu árið 1931, ásamt bréfi Sig. Sigurðssonar 3. des. 1929. (Nd. 3, XLI).
Sauðanes við Siglufjörð, sjá Vitamál 4.
Seyðisfjarðarhreppur, sjá Bankamál 4, Raforkustöðvar 3.
Sigfús Sigfússon, sjá Þjóðsagnir.
Siglufjörður, sjá Hafnir 1.
Sigríður Guðmundsdóttir, sjá Eftirlaun 20.
Sigríður Þórðardóttir, sjá Eftirlaun 6.
Sigrún Magnúsdóttir, sjá Námsstyrkur 17.

Sigurbjörg Sveinsdóttir, sjá Námsstyrkur 16.
Sigurður H. Kvaran, sjá Sjúkrastyrkur 1.
Sigurður Skagfield, sjá Námsstyrkur 19.
Sigurður Skúlason sækir um 2000 kr. til þess að halda áfram rannsóknum í menningarsögu þjóðarinnar. Bréf 18. jan. 1 fskj. (Nd. 26).
Sigurður Þórðarson, sjá Innflutningsleyfi.
Sigurjón Jónsson, sjá Eftirlaun 13.
Sigurlinni Pétursson, sjá Tréskurður 2.
Síldarbræðsluverksmiðja á Austurlandi.
1. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. Nd. til umsagnar útdrátt úr gerðabók bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar um síldarbræðsluverksmiðju á Austurlandi. Bréf 21. marz. 2 fskj. (Nd. 265).
2. Fiskifélagið sendir sjútvn. Nd. álit sjútvn. síðasta fiskiþings um síldarbræðslustöð á Austurlandi. Bréf 23. febr. (Nd. 160).

Síldareinkasala. Fiskifélagið sendir sjútvn. Nd. álit sjútvn. síðasta fiskiþings um aukið starfsfé handa síldareinkasölunni og endurskoðun á reikningum hennar. Bréf 22. febr. (Nd. 161).
Síldarmatreiðsla, sjá Björg Sigurðardóttir.
Símamál.
1. Áætlun um tekjur og gjöld landssímans árið 1931, ásamt bréfi landssímastjóra 6. nóv. 1929. 1 fskj. (Nd. 3, XIII).
2. Bréf landssímastjóra, dags. 7. des. 1929, ásamt 2 skrám yfir starfsmenn landssímans, laun þeirra o. fl. (Nd. 3, XIV).
3. Hákon Kristófersson alþm. fer þess á leit, að veittar verði 9—10 þús. kr. til símalagningar frá Bíldudal til Selárdals í Barðastrandarsýslu. Bréf 18. febr. (Nd. 143).
4. Hreppsnefnd Breiðdalshrepps fer þess á leit, að lögð verði símalína frá Selnesi að Eydölum. Bréf 31. des. 1929. (Nd. 12).
5. Jón A. Jónsson alþm. fer þess á leit, að veittar verði 12500 kr. til lagningar símalínu frá Sandeyri á Snæfjallaströnd til Staðar í Grunnavík. Bréf 20. febr. 1 fskj. (Nd. 152).
6. Oddviti Hvalfjarðarstrandarhrepps fer þess á leit, að símalína verði lögð frá Kalastaðakoti að Þyrli með símastöð í Saurbæ. Bréf 1. marz. (Nd. 189).

Símaverkfræðingur, sjá Útvarp 2.
Sjómannafélag Vestmannaeyja, sjá Sjóveð.
Sjóvarnargarður á Siglufirði, sjá Hafnir 1.
Sjóveð. Mótmæli gegn afnámi sjóveðs háseta í skipum: frá Sjómannafélagi Vestmannaeyja (Nd. 157), Verkamannafélaginu Drífanda í Vestmannaeyjum (Nd. 158). Sjá ennfr. Bankamál 3.
Sjursen, J. S., sjá Ríkisborgararéttur.
Sjúkrahús og læknisbústaðir.
1. Áætlun um útgjöld geðveikrahælisins á Kleppi árið 1931, ásamt bréfi forstöðumanns 24. okt. 1929. (Nd. 3, VII).

2. Áætlun um rekstrarkostnað nýja spítalans á Kleppi árið 1931, ásamt bréfi forstöðumanns 24. okt. 1929 (Nd. 3, VIII).
3. Tillögur forstöðumanns Laugarnesspítala um rekstrarkostnað spítalans 1931. Bréf 25. okt. 1929. (Nd. 3, VI).
4. Tillögur forstöðumanns Vífilsstaðahælis um rekstrarkostnað hælisins 1931. Bréf 28. okt. 1929. (Nd. 3, IX).
5. Jóhann V. Daníelsson fer þess á leit, að veittar verði 9000 kr. til greiðslu víxilskulda og annara skulda, er hvíla á byggingarnefnd spítalans á Eyrarbakka vegna byggingar spítalans þar. Bréf 8. febr. (Nd. 197).
6. Rauðakrossdeild Akureyrar sækir um 1000 kr. styrk til starfrækslu hjúkrunarstöðvar fyrir berklasjúklinga o. fl. Bréf 1. jan. 1 fskj. (Nd. 57).

Sjúkrasjóðir. Þingmenn Skagfirðinga sækja um 300 kr. styrk til sjúkrasjóðs Fellshrepps, og ennfremur um 400 kr. styrk til sjúkrasjóðs Hofshrepps. Bréf 28. febr. (Nd. 176).

Sjúkrastyrkur.

1. Sigurður H. Kvaran sækir um 2000 kr. sjúkrastyrk handa Eiði syni sínum. Ódags. bréf. 1 fskj. (Nd. 25).
2. Unnur Vilhjálmsdóttir sækir um 1000 kr. sjúkrastyrk. Bréf 17. marz. (Nd. 269).

Skaðabætur. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir fjvn. Ed. beiðni Jóns J. Magdals í Engidal, dags. 14. jan., um skaðabætur fyrir atvinnuhnekki vegna sóttvarnarráðstafana. Bréf 1. apríl. 3 fskj. (Ed. 37).

Skaftártunguvegur, sjá Vegamál 3.

Skattþegnasamband Íslands, sjá Tekjuskattur.

Skáksamband Íslands sækir um 2000—2500 kr. styrk. Bréf 15. marz. (Nd. 214).

Skáldastyrkur, sjá Sveinbjörn Björnsson.

Skeiðahreppur. Oddviti Skeiðahrepps fer þess á leit, að bændum í Skeiðahreppi, sem urðu fyrir tjóni af vatnavöxtum, verði veittur 6000 kr. styrkur. Bréf 9. apríl. 1 fskj. (Nd. 259).

Skeiðavegur, sjá Vegamál 5.

Skeiðsfoss, sjá Raforkustöðvar 1.

Skipaskoðunarstjóri, sjá Skrifstofufé 2.

Skipulag kauptúna og sjávarþorpa. Skipulagsnefndin sendir allshn. Nd. álit sitt um frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa. Bréf 12. marz. (Nd. 207).

Skógarströnd, sjá Vegamál 6.

Skógrækt.

1. Áætlun skógræktarstjóra um fjárveitingar til skógræktar árið 1931, ásamt bréfi, dags. 22. okt. 1929. 1 fskj. (Nd. 3, XLIV).
2. Guttormur Pálsson, skógarvörður á Hallormsstað, sækir um 1500 kr. styrk til greiðslu kostnaðar við húsabætur þar. Bréf 8. febr. (Nd. 188).

Sjá ennfr. Námsstyrkur 3.

Skógræktarstjóri, sjá Lánbeiðnir 4.
Skólasaga. Jóhann Sveinsson frá Flögu sækir um 2000 kr. styrk til þess að semja kennslubók í almennri skólasögu. Bréf 20. marz. 1 fskj. (Ed. 38).
Skrifstofufé.
1. Skrá um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta 1928 og 1929 (Nd. 163).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. Nd. til umsagnar erindi skipaskoðunarstjóra, dags. 28. jan., um skrifstofukostnað hans. Bréf 29. jan. 1 fskj. (Nd. 44).

Skúli Markússon sækir um 1000 kr. styrk til útgáfu bókar um jarðelda á Íslandi. Bréf 31. jan. (Nd. 56).
Snjóbílar. Vegamálastjóri fer þess á leit, að fjvn. Nd. beri fram till. um 40 þús. kr. fjárveitingu til kaupa á 2 nýjum snjóbílum. Bréf 14. marz. (Nd. 208).
Snorri Arinbjarnar, sjá Námsstyrkur 21.
Soffía Stefánsdóttir, sjá Tréskurður 3.
Starfsmenn landssímans, sjá Símamál 2.
Steffensen, P. J. A., sjá Ríkisborgararéttur.
Steindór Steindórsson, sjá Búnaðarfélag 2.
Stórstúka Íslands fer þess á leit, að styrkur hennar verði hækkaður um 2000 kr. Bréf 1. apríl. (Ed. 46).
Strandferðir.
1. Atv.- og samgmrn. sendir samgmn. Nd. erindi bæjarfógetans á Ísafirði, dags. 17. sept. 1929, um hækkun á styrk til Djúpbátsins. Bréf 29. jan. (Nd. 47).
2. Sama sendir samgmn. Nd. erindi h.f. Djúpbátsins, dags. 15. febr., um hækkun á styrk til bátsins. Bréf 15. marz. 3 fskj. (Nd. 212).
3. H.f. Djúpbáturinn sækir um 30 þús. kr. styrk til kaupa á nýjum báti til póstferða. Bréf 15. febr. 3 fskj. (Nd. 140).
4. H.f. Breiðafjarðarbáturinn Norðri sækir um 10 þús. kr. árlegan styrk til vöru- og fólksflutninga, og ennfremur um 1000 kr. styrk til vélakaupa. Bréf 25. febr. 3 fskj. (Nd. 267).
5. Pétur Ottesen alþm. sendir samgmn. Nd. skýrslu um ferðir Hvalfjarðarbátsins síðastl. ár og mælir með því, að honum verði veittur sami styrkur framvegis og verið hefir. Bréf 5. marz. 1 fskj. (Nd. 268).
6. Atv.- og samgmrn. sendir samgmn. Nd. ýms skjöl varðandi útgerð strandferðabáta. Bréf 13. febr. (Nd. 275).

Stundakennsla. Stjórn Stundakennarafélags Reykjavíkur fer þess á leit, að fjvn. Nd. mæli með hækkun á ríkistillagi til stundakennslu í skólum í Reykjavík um 5%. Bréf 4. marz. (Nd. 190).
Stúdentar.
1. Bréf stjórnar Lánssjóðs stúdenta, dags. 22. nóv. 1929, um fjárveitingar til sjóðsins 1931. (Nd. 3, XVIII).

2. Fræðslunefnd Stúdentafélags Reykjavíkur sækir um 1500 kr. styrk til alþýðufræðslu. Bréf 2. apríl. (Ed: 36).
3. Stúdentaráð háskólans sækir um 1800 kr. styrk til Upplýsingaskrifstofu stúdentaráðsins. Bréf 8. marz. 4 fskj. (Nd. 194).

Stýrimannaskólinn.
1. Tillögur um fjárveitingar til stýrimannaskólans árið 1931, frá forstöðumanni. Bréf 27. okt. 1929. (Nd. 3, XXI).
2. Forstöðumaður stýrimannaskólans sækir um 20 þús. kr. styrk til kaupa á kennsluáhöldum handa skólanum. Bréf 8. febr. (Nd. 90).

Stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að samþ. frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Bréf 24. marz. (Nd. 239).

Suðurfjarðahreppur, sjá Eftirgjöf 2.
Suðurlandsvegur, sjá Vegamál 7.
Susie Briem, sjá Eftirlaun 18.
Súðavíkurhreppur, sjá Raforkustöðvar 2.
Sveinbjörn Björnsson sækir um 500 kr. skáldastyrk. Bréf 12. marz. (Ed. 27).
Svendsaas, H. E., sjá Ríkisborgararéttur.
Sörlastaðaá, sjá Raforkustöðvar 3.

Tekjuskattur og eignarskattur. Skattþegnasamband Íslands sendir fjhn. Ed. álit sitt um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt. Bréf 8. apríl. (Ed. 40).

Tréskurður.
1. Geir G. Þormar myndskeri á Akureyri sækir um 800 kr. styrk til þess að halda uppi kennslu í íslenzkri tréskurðarlist á Norður- og Austurlandi. Bréf 12. jan. (Nd. 10).
2. Sigurlinni Pétursson og Páll Haraldsson sækja um 5500 kr. styrk til stofnunar vinnustofu fyrir þjóðlega muni. Bréf 10. febr. (Nd. 107).
3. Soffía Stefánsdóttir sækir um styrk til þess að halda uppi kennslu í tréskurði og dráttlist. Bréf 6. marz. 1 fskj. (Nd. 195).

Tryggvaskáli, sjá Gistihús 1.

Umbúðasmíði. Halldór Arnórsson sækir um 3000 kr. árlegan styrk til umbúðasmíða. Bréf 6. febr. (Nd. 94).
Undirbúningsnefnd alþingishátíðar 1930, sjá Listasýning.
Unnur Jónsdóttir, sjá Námsstyrkur 22.
Unnur Vilhjálmsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 2.
Upplýsingaskrifstofa, sjá Stúdentar 3.

Útflutningur hrossa, sjá Dýraverndunarfélag 3.

Útvarp.
1. Áætlun um tekjur og gjöld Útvarpsstöðvar Íslands árið 1931, ásamt bréfi landssímastjóra 9. nóv. 1929. (Nd. 3, XII).

2. Álit um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi: frá útvarpsráði (Nd. 234), símaverkfræðingi (Nd. 235), landssímastjóra (Nd. 238), útvarpsstjóra (Nd. 243).

Útvarpsráð, sjá Útvarp 2.
Útvarpsstjóri, sjá Útvarp 2.

Varðskip, sjá Landhelgissjóður.
Veðurstofan.

1. Tillögur forstöðumanns veðurstofunnar um fjárveitingar til hennar árið 1931. Bréf 12. okt. 1929. (Nd. 3, XLIII).
2. Sami sendir fjvn. Nd. athugasemdir við fjárveitingar til veðurstofunnar. Bréf 15. marz. (Nd. 211).
3. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. Nd. skjöl, 5 að tölu, viðvíkjandi auknum veðurfregnum. Bréf 10. marz. (Nd. 217).

Vegamál.

1. Tillögur um fjárveitingar til vegamála árið 1931, ásamt bréfi vegamálastjóra 4. des. 1929. (Nd. 3, XI).
2. Hreppsnefnd Breiðdalshrepps sækir um allt að 6000 kr. styrk til til þess að gera bílfæran veg um sveitina. Bréf 31. des. 1929. 1 fskj. (Nd. 13).
3. Lárus Helgason alþm. fer þess á leit, að veittar verði 35 þús. kr. til vegarins um Skaftártungu. Bréf 6. febr. (Nd. 119).
4. Sveinn Ólafsson alþm. fer þess á leit, að veittar verði 10 þús. kr. til Hólmahálsvegar. Bréf 29. jan. 1 fskj. (Nd. 40).
5. 45 búendur í Hrunamannahreppi skora á Alþingi að taka framhaldsveg af Skeiðaveginum upp Hrunamannahrepp í tölu flutningabrauta. Bréf 20. jan. (Nd. 27).
6. 56 búendur í Skógarstrandarhreppi skora á Alþingi að láta rannsaka vegarstæði af Borgarnesveginum um Heydal að Skógarströnd. Bréf 23. des. 1929. (Nd. 29).
7. 105 kjósendur í Ölfushreppi skora á Alþingi að láta leggja öruggan bílveg frá Reykjavík austur yfir fjall nálægt þeim stað, sem mælt hefir verið fyrir járnbrautarlagningu. Bréf í jan. (Nd. 93).

Verðtollur. Iðnráð Reykjavíkur sendir Alþingi brtt. við frv. til laga um verðtoll. Bréf 21. febr. 1 fskj. (Nd. 166).

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, sjá Bannlög.
Verzlunarráð Íslands, sjá Bankamál 1.
Vestmannaeyjar, sjá Hafnir 16.
Vinnulaun, sjá Málarasveinafélag Reykjavíkur.
Vitamál.

1. Bréf frá vitamálastjóra, dags. 10. okt. 1929, ásamt tillögum um fjárveitingar til vitamála 1931. (Nd. 3, XV).
2. Sami sendir fjvn. Nd. athugasemdir um launakjör fastra starfsmanna við vita- og hafnarmál ríkisins. Bréf 15. marz. (Nd. 215).
3. Sami sendir fjvn. Nd. samrit af bréfi sínu til atv.- og samgmrn.

um væntanleg skrifstofuherbergi fyrir vitamálaskrifstofuna í skrifstofuhúsi ríkisins. Bréf 22. marz. 1 fskj. (Nd. 236).
4. Sami sendir fjvn. Nd. álit og tillögur um vitabyggingu á Sauðanesi við Siglufjörð. Bréf 1. marz. (Nd. 181).
5. Sami sendir sjútvn. Nd. álit sitt um vitabyggingu á Faxaskeri eða Þrídröngum við Vestmannaeyjar. Bréf 18. marz. (Nd. 222).
6. Fiskifélagið sendir fjvn. álit og tillögur sjútvn. síðasta fiskiþings um vitamál. Bréf 22. febr. (Nd. 164).

Vífilsstaðahæli, sjá Sjúkrahús 4.

Vísindafélag Íslands. Forsrh. sendir fjvn. Nd. umsókn Vísindafélags Íslands, dags. 13. nóv. 1929, um 1000 kr. styrk til félagsins. Bréf 27. jan. (Nd. 35).

Vopnafjörður, sjá Hafnir 9.

Westerlund, B., sjá Ríkisborgararéttur.

Westlund, E. J. O., sjá Ríkisborgararéttur.

Þingmálafundargerðir.
Af Akureyri, ein, 11. jan. (Ed. 21).
Úr Árnessýslu, fjórar, 17. des. (Nd. 54), 4. des., 12. jan. (Nd. 18).
Úr Austur-Húavatnssýslu, ein, 10. jan. 1 fskj. (Ed. 6).
Úr Eyjafjarðarsýslu, ein, 31. jan. (Nd. 69).
Úr Norður-Ísafjarðarsýslu (Ágrip af fundargerð 3. þing- og héraðsmálafundar í N.-Ísf.) (Nd. 136).
Úr Norður-Múlasýslu, tvær, 16. des. (Nd. 8), 28. des. (Nd. 173).
Úr Suður-Múlasýslu, tvær, 6. jan. (Nd. 19), 7. jan. (Nd. 17).
Úr Norður-Þingeyjarsýslu, ein, 6. jan. (Nd. 20).
Úr Rangárvallasýslu, tvær, 11. og 13. jan. 1 fskj. (Nd. 32).
Úr Vestmannaeyjum, ein, 3. jan. (Nd. 28).

Þjóðaratkvæðagreiðsla, sjá Bannlög.

Þjóðjarðasala. Atv.- og samgmrn. sendir skjöl, 23 að tölu, er varða sölu þjóðjarða þeirra, sem ráðuneytið hefir selt árið 1929. Bréf 10. marz. (Sþ. 9).

Þjóðminjasafnið. Tillögur þjóðminjavarðar um fjárveitingar til þjóðminjasafnsins árið 1931. Bréf 24. okt. 1929. (Nd. 3, XXXIV).

Þjóðsagnir. Matthías Þórðarson þjóðminjavörður fer þess á leit, að veittar verði 1500 kr. til útgáfu þjóðsagna Sigfúss Sigfússonar. Bréf 5. febr. (Nd. 71).

Þjóðskjalasafnið. Tillögur þjóðskjalavarðar um fjárveitingar til þjóðskjalasafnsins árið 1931. Bréf 22. okt. 1929. (Nd. 3, XXXIII).

Þorfinnur Jónsson, sjá Gistihús 2.

Þorlákshöfn, sjá Hafnir 19 og 21.

Þorsteinn Bjarnason sækir um 2500 styrk til þess að veita blindum mönnum tilsögn í handiðn. Bréf 7. febr. 3 fskj. (Nd. 97).

Þorsteinn Þorsteinsson, sjá Gistihús 3.

Þorvaldur Pálsson, sjá Eftirlaun 22.
Þóra Beck, sjá Eftirlaun 19.
Þóra Havsteen, sjá Nudd- og gigtlækningastofa.
Þórður Kristleifsson, sjá Námsstyrkur 23.
Þórður Ólafsson, sjá Eftirlaun 3.
Þóroddur Bjarnason, sjá Eftirlaun 23.
Þórsmörk, U. M. F., sjá Helgi Pétursson.
Þrídrangar, sjá Vitamál 5.

Æðarvarp. Guðrún Richter sækir um allt að 2000 kr. styrk til æðarvarpsræktunar í Skoreyjum á Breiðafirði. Bréf 9. febr. (Nd. 132).

Ölfushreppur, sjá Vegamál 7.